	Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	44 890	
	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	56 834	
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	28 414	
	Ása Ásmundsdóttir	71 044	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	56 834	
	Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	56 834	
	Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	89 780	
	Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	42 325	
	Benedikt Gíslason	140 080	
	Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	55 217	
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	56 834	
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Bjarni Þorsteinsson	37 887	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
	Björgúlfur Ólafsson	69 023	
	Björn Björnsson, bókbindari	54 945	
	Björn Einarsson	119 105	
	Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	71 095	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	71 044	
	Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	169 496	
	Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	55 217	
	Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	65 934	
	Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	112 827	
	Einar Eiríksson	47 361	
	Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	47 361	
	Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	37 887	
	Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	55 217	
	Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	47 361	

	Kr.	Kr.
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	70 638	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	67 115	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	56 834	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	37 887	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	94 721	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	71 044	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæzlu ..	56 834	
Gísli Sigurðsson	47 361	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	34 340	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Guðbrandur Benediktsson	46 015	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	28 414	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	28 414	
Guðjón Pétursson	76 955	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	30 155	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	37 887	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..	28 414	
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	56 834	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi .	90 343	
Guðmundur Jónsson	108 891	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	28 414	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	37 887	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	56 834	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	48 078	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	70 542	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	28 414	
Hálfdán Björnsson	56 834	
Halldór Hansen, læknir	107 406	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	122 312	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	28 414	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
Helgi Ágústsson	94 721	
Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins	56 433	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	47 361	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	28 414	
Helgi Jónsson fyrrv. fiskmatsmaður	47 455	
Helgi Kjartansson	46 015	
Helgi Tryggvason, bókbindari	56 834	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	56 834	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Hermann Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	94 911	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	54 945	

	Kr.	Kr.
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	56 834	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	54 945	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	41 098	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	94 721	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	63 239	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Ingibjörg Pétursdóttir	121 675	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	51 385	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	37 887	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	257 580	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	56 433	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	56 834	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	47 361	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	55 217	
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	127 258	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	56 834	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	28 414	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	38 461	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	54 945	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	56 834	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	94 721	
Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	56 433	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	28 414	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	28 414	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 209	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	71 095	
Júliana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	140 080	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	28 414	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	27 609	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	37 887	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Klara Guðmundsdóttir	71 044	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Kristín Ingileifsdóttir	83 251	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Kristinn E. Andrésson, rithöfundur	89 780	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 887	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	55 398	
Kristján Albertsson, rithöfundur	90 343	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	73 687	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	56 834	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	28 414	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	37 887	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Magnús Magnússon, rithöfundur	56 834	

	Kr.	Kr.
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	106 736	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	56 834	
María Markan, óperusöngkona	90 343	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	28 414	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	61 814	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	28 414	
Oddný Wíum	28 414	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	37 947	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	47 361	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	38 461	
Ólafur Guðmundsson	56 834	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	102 625	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	28 414	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	44 890	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	47 428	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	101 759	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	42 625	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	71 044	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	37 887	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	38 461	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	47 361	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	104 171	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	51 385	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	55 217	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigurður Greipsson	114 030	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	37 887	
Sigurður Nordal, prófessor	114 335	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	28 414	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	56 433	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
Sigurlás Nikulásson	112 664	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	27 609	
Skúli Skúlason frá Odda	136 364	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	41 209	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	28 414	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	69 023	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	28 414	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	28 414	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	61 814	

	Kr.	Kr.
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	28 414	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	47 361	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	28 414	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	56 834	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	42 625	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Þórður Benediktsson	138 043	
Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	82 418	
Þorleifur Jónsson	108 891	
Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðarfélags Íslands	94 911	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	56 834	
Samtals		12 230 778

09 384 Ekkjur:

Aðalbjörg Sigurðardóttir	70 609
Agnethe Kamban	119 906
Ágústa Högnadóttir	27 023
Ágústa Sigurðardóttir	46 356
Anna Jakobína Árnadóttir	27 023
Anna Ólafsdóttir	30 172
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	37 083
Árný Stígsdóttir	27 811
Arnþrúður Daníelsdóttir	30 172
Áslaug Nielsen	67 558
Ásta Jónsdóttir	158 007
Ásta Ólafsdóttir	55 628
Ástríður Eggertsdóttir	46 356
Ástríður Magnúsdóttir	27 811
Björg Þórðardóttir	47 057
Bryndís Þórarinsdóttir	62 975
Dagbjört Guðjónsdóttir	44 212
Dóra Þórarinsdóttir	67 558
Elín Einarsdóttir	83 441
Elínborg Bogadóttir	67 224
Elísabet Jónsdóttir	27 811
Elísabet Kemp	60 502
Eufemía Ólafsdóttir	115 891
Fjóla Kristjánsdóttir	44 212
Fríða Hlíðdal	200 958
Guðbjörg Erlendsdóttir	55 628
Guðbjörg Guðmundsdóttir	60 502
Guðfinna Blöndal	111 252
Guðný Halldórsdóttir	55 628
Guðný Sigurðardóttir	46 356

	Kr.	Kr.
Guðný Vigfúsdóttir	55 628	
Guðrún Jóhannesdóttir	27 811	
Guðrún P. Jónsdóttir	70 609	
Guðrún Pálsdóttir	64 897	
Guðrún Ragúels	27 811	
Halldóra Eiríksdóttir	68 059	
Halldóra Eiríksdóttir	69 044	
Halldóra Þórðardóttir	35 309	
Helga Friðbjarnardóttir	55 628	
Helga Pétursdóttir	69 536	
Helga Þ. Smári	94 151	
Hildur Blöndal	176 447	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	69 536	
Hlíf Magnúsdóttir	55 236	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	55 628	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	77 832	
Hróðný Einarsdóttir	150 642	
Hulda Þ. Björnæs	55 706	
Hulda Davíðsdóttir	67 224	
Indíana Sturludóttir	69 536	
Ingibjörg Björnsdóttir	36 725	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	83 441	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	69 536	
Ingibjörg Högnadóttir	27 811	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	83 441	
Ingibjörg Karlsdóttir	115 230	
Ingunn Hlíðar	44 212	
Ingveldur Ólafsdóttir	27 811	
Jakobína Thorarensen	46 356	
Jóhanna Vigfúsdóttir	27 811	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	50 695	
Jónína Ásmundsdóttir	27 023	
Jónína Gissurardóttir	67 501	
Jónína Kristjánsdóttir	69 536	
Jórunn Guðjónsdóttir	68 059	
Karen Louise Jónsson	69 536	
Katrín Ingibergsdóttir	67 224	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	27 811	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	43 937	
Kristín Helgadóttir	27 023	
Kristín Pálmadóttir	55 628	
Kristín Pálsdóttir	46 356	
Kristjana Þorvarðardóttir	33 612	
Kristólína Kragh	27 811	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	37 083	
Lára Svansdóttir	27 811	
Lára M. Vigfúsdóttir	92 711	
Lelia Stefánsson	139 065	
Lilja H. Arndal	92 711	
Lilja Jörundsdóttir	55 628	
Lilja Steinsen	162 243	
Lydia Einarsson	115 891	
Mabel Sigurjónsson	92 711	

	Kr.	Kr.
Magdalena Ásgeirsdóttir	27 811	
Málfríður Bjarnadóttir	27 811	
Margrét Árnadóttir	69 536	
Margrét Björnsdóttir	35 371	
Margrét Eyjólfsdóttir	55 628	
Margrét Guðbrandsdóttir	83 441	
Margrét Jónasdóttir	115 891	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	112 588	
Margrét L. Lárusdóttir	27 811	
Marta Oddsdóttir	27 811	
Melitta Urbancic	44 212	
Ólafía Finnbogadóttir	27 811	
Olga E. Jónsson	52 474	
Ólöf Bjarnadóttir	73 466	
Ragnheiður Konráðsdóttir	46 356	
Rósa Guðnadóttir	68 059	
Sesselja Benediktsdóttir	53 779	
Sigríður Árnadóttir	166 879	
Sigríður Árnadóttir	68 059	
Sigríður Gísladóttir	27 811	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	89 515	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	29 515	
Sigrún Guðmundsdóttir	107 559	
Sigrún Thorarensen	37 083	
Sigurbjörg Jónsdóttir	28 035	
Sigurlaug Jónsdóttir	69 536	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	52 474	
Steinunn P. Eyjólfsson	31 282	
Steinunn Tómasdóttir	46 356	
Steinþóra Einarsdóttir	67 224	
Svanborg Jónsdóttir	27 063	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	46 356	
Sveindís Hansdóttir	27 811	
Tove Engilberts	150 642	
Valgerður Helgadóttir	46 422	
Valgerður Ólafsdóttir	41 984	
Vigdís Guðmundsdóttir	55 628	
Þóra Magnúsdóttir	37 083	
Þóra Sigfúsdóttir	27 811	
Þóra Sigurðardóttir	27 811	
Þorbjörg Kjartansdóttir	69 536	
Þorbjörg Leifs	55 628	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	41 720	
Þórhildur Sveinsdóttir	27 811	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	337 120	
Samtals		8 190 582

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 felur í sér verulega breytingu frá fyrri fjárlögum, sem er fólgin í því, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar er felld inn í fjárlagafrumvarpið. Ráðgert hafði verið að reyna að afgreiða framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1973 jafnhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, en af því gat ekki orðið á síðasta Alþingi. Hins vegar var það að athuguðu máli nú talið eðlilegt og hagkvæmt að fella þessa tvo meginþætti ríkisbúskaparins saman í eina heild við gerð þessa fjárlagafrumvarps. Tvennt veldur þessari ákvörðun. Annars vegar, að með þessu móti gefst betri heildaryfirsýn yfir ríkisbúskapinn, þar sem auk reksturs eru nú fjárfestingar á vegum ríkisins komnar saman í eina heild, og hins vegar, að með þessari ákvörðun er afgreiðsla fjármála, er varða ríkisbúskapinn, lögð fyrir Alþingi á þann hátt, að á vegum fjárveitinganefndar verður unnið að málinu, sem er mjög mikils virði, og leiða mun til meiri festu í meðferð ríkisfjármála en áður hefur verið. En eins og meðferð málsins hefur verið á Alþingi á undanförnum árum, hafa fjárhagsnefndir deilda fjallað um framkvæmdaáætlunina, en fjárveitinganefnd um fjárlagafrumvarpið. Ber brýna nauðsyn til, að þetta hvort tveggja fari saman. Þessi atriði réðu því ákvörðun ríkisstjórnarinnar um þessa breytingu við undirbúning fjárlagafrumvarpsins að þessu sinni.

Þá hefur við gerð þessa fjárlagafrumvarps verið haldið lengra á þeirri braut, sem fylgt hefur verið við gerð síðustu tveggja fjárlaga, að fjármagna ríkisframkvæmdir með samtíma tekjum. Nú hefur tekizt að ná þessu marki að verulegu leyti. Að öðru leyti má segja, að fjárlagafrumvarp þetta fylgi fastar eftir en verið hefur þeim umbótum á sviði félagslegrar uppbyggingar, sem ríkisstjórnin hefur þó unnið verulega að, og svo hitt, að með því er hafinn nýr áfangi í framkvæmd byggðastefnu þeirrar, sem ríkisstjórnin markaði við upphaf valdatöku sinnar. Með ákvörðun um lagasetningu á síðasta Alþingi um að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna, svo sem Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóð og sjóði iðnaðarins, með hækkuðu ríkisframlagi, verða veruleg þáttaskil í starfsemi þessara sjóða. En þetta hefur í för með sér útgjaldaaukningu fjárlaga nú, sem nemur 351 m.kr. Sama er að segja um lög eins og hafnalögin, lögin um heilbrigðisþjónustu o. fl. Báðar þessar lagasetningar munu valda verulegum breytingum í uppbyggingu á sviði atvinnu og félagslegrar aðstöðu landsbyggðarinnar.

Þá kemur nú einnig til veruleg aukning á sviði samgöngumála í flugvallagerð, en á því hefur verið mikil þörf að auka þar verulega við. Að þessu sinni kemur einnig til nýr þáttur á sviði félagslegrar uppbyggingar á vegum ríkisins, sem var ákveðinn með lögunum um aðstoð við byggingu dvalarheimilis aldraðra og dagvistunarheimila fyrir börn.

Uppsetning þessa fjárlagafrumvarps er nokkuð breytt frá því sem verið hefur við gerð fyrri fjárlaga. Veldur þar mestu um sambandið á milli fjárlagagerðarinnar og framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar, sem áður er getið. Í öðru lagi er með þessu fjárlagafrumvarpi reynt að ná sem beztu samræmi milli fjárlaga og ríkisreiknings og veita frekari upplýsingar í fjárlögum heldur en áður hefur verið, til þess að auðvelda háttvirtum alþingismönnum og öðrum, sem hafa áhuga á fjárlagagerð og fjármálum ríkisins, að gera sér grein fyrir, hvernig fjárlagagerðin er unnin. Síðar meir á svo samanburður milli ára að vera auðveldari.

Þetta fjárlagafrumvarp er ekki undantekning frá þeirri meginreglu síðustu ára og áratuga, að fjárlög hækki frá yfirstandandi ári, enda aukast verkefni ríkisins og þátttaka ríkisins á sviði félagsmála ár frá ári. Og jafnan er mikið sótt um að gera enn meira að því er varðar þátttöku ríkisins bæði í framkvæmd félagslegrar löggjafar og einnig á sviði verklegra framkvæmda. Hækkun ríkisútgjaldanna skv. fjárlagafrumvarpinu leiðir fyrst og fremst af þessu, en ekki af beinum auknum rekstrarkostnaði ríkissjóðs nema þá sem afleiðing af verðhækkunum og öðru al-

mennu efnahagsástandi. Þó að sjálfsögðu sé í þessu fjárlagafrumvarpi, eins og verið hefur, um einhverja útfærslu í ríkiskerfinu að ræða, svo sem mannafjölgun í kennarastétt og víðar, má þó segja með öruggri vissu, að þar sé ekki lengra gengið en brýn nauðsyn ber til.

Í stórum dráttum sundurliðast hækkanir fjárlagafrumvarpsins á þennan veg: Til almannatrygginga er hækkunin 1890 m.kr. Launahækkanir eru 1190 m.kr., og er þar fyrst og fremst um að ræða hækkun vegna verðlagsvísitölu launa og svo það, að nú kemur launahækkunin, sem gekk í gildi 1. marz sl., til útgjalda allt árið 1974. Í þriðja lagi er svo um að ræða hækkanir, sem verða vegna lagasetninga, sem settar voru á síðasta Alþingi, og nema um 574 m.kr. Þá kemur hækkun til framkvæmda án lagabreytinga eins og við flugvallagerð, og hækkun vegna þess að framkvæmdaáætlunin er nú tekin með inn í rekstrarútgjöld fjárlaga, sem er 690 m.kr. Samtals eru þessar hækkanir um 4400 m.kr, sem er mestur hlutinn af þeim hækkunum, sem eru innifaldar í fjárlagafrumvarpinu. Hins vegar skal það tekið fram í sambandi við opinberar framkvæmdir á árinu 1974, að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Mun frekar verða gerð grein fyrir því í fjárlagaræðu, þegar frumvarpið verður kynnt á Alþingi.

Í sambandi við útgjöld fjárlaganna skal tekið fram, að enn á ný er gerð tilraun til þess að halda í við útgjöld vegna niðurgreiðslna. Miðað er við það, að þær verði ekki auknar tölulega frá því sem þær verða á yfirstandandi ári og jafnvel heldur dregið úr þeim. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir sem æskilegu takmarki, að í greiðslum til lækkunar á vöruverði eigi að miða við að greiða niður kostnaðinn, sem verður frá framleiðanda til neytanda. Því miður hefur ekki verið hægt að sækja að þessu marki með eðlilegum hraða vegna verðlagsþróunar á undanförnum árum. En nú er gerð tilraun til þess að fara að keppa ákveðið að þessu marki og ná því í áföngum.

Lögin um almannatryggingar eru í endurskoðun. Einn þáttur þeirrar endurskoðunar er sambandið á milli fjölskyldubóta og persónufrádráttar vegna barna til skatts. Getur þessi endurskoðun leitt til breytingar á beinum útgjöldum ríkisins til fjölskyldubóta, en einnig þá til breytingar á skatttekjum ríkissjóðs vegna aukins persónufrádráttar eða skattalækkunar vegna barnafjölda.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún er miðuð við gildandi lög að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir hækkun söluskatts og tekið er tillit til tekjutaps, sem vitað er um, að leiðir af þegar gerðum viðskiptasamningum við EFTA og Efnahagsbandalagið, en vitað er, að þær breytingar, sem nú er unnið að í tekjuöflun ríkissjóðs, muni leiða til meira tollatekjutaps ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í tekjuáætluninni.

Þess ber að geta, að endurskoðun á lögum um tekjuöflun ríkisins er nú það vel á veg komin, að gert er ráð fyrir, að ný lög verði sett á þessu þingi. Enda þótt heildartekjurnar lækki ekki frá því sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir, mun þetta hins vegar geta leitt til breytts hlutfalls milli óbeinna og beinna skatta og einnig til breytingar á óbeinum sköttum innbyrðis í kerfinu, sem leiðir af tollalækkuninni og þeim samningum, sem áður er getið, og þeim óbeinu áhrifum, sem þeir kunna að hafa, m. a. til lækkunar á aðflutningsgjöldum vegna íslenzks iðnaðar.

Skal nú gerð grein fyrir höfuðþáttum fjárlagafrumvarpsins og einstökum greinum þess.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1973

Breytt framsetning frumvarpsins.

Tvær meginbreytingar eru gerðar á framsetningu frumvarpsins að þessu sinni og eiga báðar að nokkru rætur að rekja til þeirrar ákvörðunar að fella framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar inn í fjárlög.

Í fyrsta lagi er greiðsluyfirlit ríkissjóðs skv. 1. gr. sett upp með nokkuð öðrum hætti en verið hefur, en sú breyting hefur þó engin áhrif á niðurstöðu yfirlitsins. Þetta yfirlit hefur fram að þessu verið í eins samþjöppuðu formi og frekast er unnt, en eðlilegra má telja, að yfirlitið, sem sýna á fjárlögin í hnotskurn, gefi nokkru meiri upplýsingar en verið hefur. Því hefur verið horfið að nokkru meiri sundurliðun. Þannig er heildartekjum nú skipt í beina skatta og óbeina, og gjöldum í rekstrarliði annars vegar og framkvæmdaliði hins vegar. Síðan er rekstrarliðum skipt í tvennt, samneyzlu og neyzlu- og rekstrartilfærslur að frádregnum ýmsum tekjum, sem stofnanir hafa af starfsemi sinni. Með samneyzlu er átt við kaup ríkisins sjálfs á vöru og þjónustu, sem eyðist við notkun, ef svo má að orði kveða. Er hér um að ræða launaútgjöld ríkisstofnana, sem ekki vinna að framkvæmdum, önnur rekstrargjöld, viðhald og vexti. Með neyzlu- og rekstrartilfærslum er átt við útgjöld, sem ríkið notar ekki við eigin rekstur, en veitir öðrum í formi styrkja og framlaga, og ætla má, að notuð séu af viðtakendum til neyzlu eða rekstrar. Má þar nefna tryggingabætur, niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Hliðstæð skipting er gerð á framkvæmdaliðum, annars vegar í fjárfestingar og hins vegar í fjármagnstilfærslur. Fjárfesting er kaup á vörum og þjónustu, er skapa varanleg verðmæti. Er þar helzt um að ræða hvers konar byggingar og tækjakaup ríkisins sjálfs, sem fram koma í A-hluta fjárlaga. Fjármagnstilfærslur eru hliðstæð útgjöld í formi styrkja og framlaga til ríkisaðila í B-hluta fjárlaganna, til sveitarfélaga og til einstaklinga og samtaka. Þá er gerð meiri sundurliðun á lánahreyfingum en verið hefur, og koma nú á innhlið þeirra lántökur til framkvæmda auk innheimtra afborgana. Á úthlið lánahreyfinga bætast lánveitingar til ríkisaðila og annarra, sem standa eiga undir endurgreiðslu lánanna sjálfir, eins og nánar er vikið að hér á eftir.

Í öðru lagi hefur framsetningu greiðsluyfirlitsins verið breytt þannig, að fram kemur, hversu mikill hluti skatttekna ríkissjóðs fer til eiginlegs rekstrar ríkisins og neyzlu- og rekstrartilfærslna, og hversu mikið þá er eftir til að standa undir fjárfestingu og fjármagnstilfærslum. Er sú upphæð kölluð afgangur rekstrarliða og nemur 6 823.6 m.kr. í þessu fjárlagafrumvarpi. Þá kemur einnig fram, að gjöld umfram tekjur eru 93.8 m.kr. Þetta er ekki sambærilegt við rekstrarafkomu fyrri ára, þar sem hluti framkvæmdaáætlunar hefur nú verið færður á rekstrargjöld. Er þar um að ræða 690 m.kr., og yrði því sambærileg tala við fyrri ár rekstrarafgangur að fjárhæð 596.2 m.kr. Þá leiðir yfirlitið í ljós, að jöfnuður á lánahreyfingum er hagstæður um 197.5 m.kr., þannig að heildargreiðsluafgangur verður 103.7 m.kr. Er sú tala sambærileg við greiðsluafkomu fyrri ára, eins og fyrr er getið. Til frekari glöggvunar fer hér á eftir yfirlit, er sýnir greiðsluafkomu ríkissjóðs 1973 gerða upp á sama hátt og nú er gert í 1. gr. frumvarpsins. Er þá miðað við fjárlög 1973 og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir það ár. Gjöld framkvæmdaáætlunarinnar eru í samræmi við 10. gr. laga nr. 8/1973 að frádregnu framlagi til Framkvæmdasjóðs Íslands, en að viðbættum 100.0 m.kr. skv. heimild í 7. gr. sömu laga, sem ákveðið hefur verið að nota vegna framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins. Því er samtals um að ræða 1 118.0 m.kr. vegna framkvæmdaáætlunarinnar.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs 1973, samkvæmt fjárlögum og framkvæmdaáætlun.

		Millj. kr.	
1.	Tekjur:		
	Beinir skattar	5 634.1	
	Óbeinir skattar	16 336.2	21 970.3
0.	Gjöld:		
	Samneyzla	6 707.7	
	Neyzlu- og rekstrartilfærslur	10 073.7	
	÷ Sértekjur	220.0	16 561.4
	Afgangur rekstrarliða		5 408.9
	Fjárfesting	2 023.4	
	Fjármagnstilfærslur	3 351.4	5 374.8
	Tekjur umfram gjöld		34.1
4.	Lánahreyfingar inn:		
	Endurgr. eldri spariskírteina	350.0	
	Verðbréfaútgáfa	430.0	
	Erlend lán	338.0	
	Innh. afborganir lána	36.6	1 154.6
3.	Lánahreyfingar út:		
	Lán til framkvæmda ríkisaðila	490.0	
	Endurlán til sveitarfélaga	149.0	
	Afborganir lána	525.3	1 164.3
	Halli á lánahreyfingum		9.7
	Greiðsluafgangur		24.4

Eins og fram hefur komið eru nú framkvæmdaliðir, sem verið hafa á framkvæmdaáætlun, teknir á fjárlagafrumvarpið og einnig lántökur til þeirra. Þessi háttur hefur í för með sér nýmæli við framsetningu fjárlagafrumvarpsins, er lýtur að því, hvernig fara skuli með framkvæmdaliði, sem fjármagnaðir eru með lánsfé, en um slíkt hefur ekki fyrr verið að ræða í frumvarpinu, heldur hafa þar komið til sérstök lög, svo sem kunnugt er. Þeirri meginreglu hefur verið beitt að færa framkvæmdaliði, sem fjármagna á með lántökum, á lánahreyfingar út, ef gert er ráð fyrir, að viðkomandi fyrirtæki eða stofnanir standi undir endurgreiðslu lánsfjárins með eigin tekjum. Á hinn bóginn eru slíkir framkvæmdaliðir færðir á gjaldahlið rekstrarreiknings, ef ríkissjóður á sjálfur að standa undir endurgreiðslum. Lántökur vegna þessa koma svo að sjálfsögðu á innhlið lánahreyfinga. Eftirfarandi yfirlit sýnir, hvernig framkvæmdafé fjármagnað með lántökum skiptist á rekstrarreikning og lánahreyfingar út í millj. kr.:

Rekstrargjöld		690
Skeiðarársandsvegur	300	
Hraðbrautir	100	
Hafnir	290	
Lánahreyfingar út		885
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	389	
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	50	
Rafvæðing í sveitum	110	
Stofnlína S.V.N.-land	200	
Endurlán v/Kópavogsvegar	80	
Endurlán v/hafnaframkvæmda sveitarfélaga	56	
		1 575

Nánari grein er gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum annars vegar í athugasemdum við lánahreyfingar út og hins vegar við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir.

Loks skal vakin athygli á því, að bætt hefur verið við tveimur töflum í kaflann um sérstök yfirlit hér á eftir. Í annarri, nr. 6, eru sýndar framkvæmdafjárveitingar ríkisins 1974 ásamt samanburði við fjárlög og framkvæmdaáætlun 1973. Framkvæmdafjárveitingar eru þar skýrgreindar nokkuð vítt, eins og taflan ber með sér, þar sem auk hreinna framlaga til verklegra framkvæmda eru einnig teknar með fjárveitingar, sem ætlaðar eru til að standa á beinan eða óbeinan hátt undir framkvæmdum, þ. e. fjárfestingarstyrkir, framlög til fjárfestingasjóða, lánagreiðslna og endurlána. Á það skal sérstaklega bent, að vatnsorku- og jarðhitarannsóknir eru í þessu frumvarpi taldar til rekstrarútgjalda, en ekki framkvæmda, svo sem verið hefur að hluta í fyrri skýrslum um þetta efni. Þannig var lánsfjáröflun til þessara verkefna, 56.0 m.kr. í framkvæmdaáætlun 1973, talin til framkvæmda, en í samanburðinum í 6. töflu er svo ekki. Hin taflan, nr. 7, sýnir verklegar framkvæmdir úr A- og B-hluta fjárlagafrumvarpsins, skipt í helztu framkvæmdaliði, og er þar einnig frá því greint, að hve miklu leyti staðið er undir hinum einstöku framkvæmdaflokkum með eigin fé viðkomandi fyrirtækja, með fjárveitingum eða með lántökum.

Meginforsendur frumvarpsins.

Að því er varðar útgjaldahlið frumvarpsins eru helztu forsendur þær, að miðað er við kauplag og verðlag eins og það er í september 1973. Kaupgreiðsluvísitalan er því 139.54 stig. Í fjárlögum 1973 er miðað við kaupgreiðsluvísitölu 122.5 stig, og er hækkun launakostnaðar í formi verðlagsuppbóta þannig 13.9%. Þá kemur grunnkaupshækkunin frá marz 1973 nú á allt árið, og veldur það 1.2% hækkun launaliðar. Heildarhækkun á launalið vegna grunnlaunahækkunar og verðlagsuppbóta er því 15.3%. Við áætlun annarra kostnaðarliða hefur verið höfð hliðsjón af því, að þær verðlagsvísitölur, sem mestu máli skipta, hafa hækkað um 20—25% frá gerð síðasta fjárlagafrumvarps. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir lækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslna, eins og vikið er að annars staðar.

Við áætlun tekna eru notaðar sömu kauplags- og verðlagsforsendur og gilda við gjaldaáætlun. Þá er gert ráð fyrir, að almenn innlend verðmætaráðstöfun aukist um nær 10% í peningum og innflutningur um 9%. Miðað er við, að skattvísitala verði ákveðin 154 stig, sem er 20% hækkun frá 1973. Loks er gert ráð fyrir sérráðstöfunum til nokkurrar lækkunar tolla vegna aðildarsamnings við EFTA og viðskiptasamnings við Efnahagsbandalagið og hækkun söluskatts um tvö prósentustig. Nánar er gerð grein fyrir forsendum tekjuáætlunarinnar hér á eftir.

Gjaldahlið.

Gjöld á rekstrarreikningi eru samtals 27 437.3 m.kr., en voru 21 457.2 m.kr. í fjárlögum 1973. Hækkunin nemur því 5 980.1 m.kr. eða 27.9%. Af þessari hækkun eru 333.8 m.kr. vegna markaðra tekjustofna, og er hækkun þeirra 11.8%. Ef þessir tekjustofnar eru frátaldir, verður hækkun eiginlegra rekstrargjalda ríkissjóðs 5 646.2 m.kr. eða 30.3%. Við þennan samanburð ber að hafa í huga, að hluta þeirra gjalda, sem áður hafa verið á framkvæmdaáætlun, er nú bætt við rekstrarútgjöldin, en þar er um 690 m.kr. að ræða. Er því raunhæfara, að eiginleg rekstrargjöld aukist um 4 956.2 m.kr., eða 26.6%. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á rekstrarútgjöldum fjárlaga 1973 og fjárlagafrumvarps 1974:

	Fjárlög '73 þús. kr.	Frumvarp '74 þús. kr.	Hækkun þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	21 457 234	27 437 259	5 980 025	27.9
Markaðir tekjustofnar	2 821 092	3 154 878	333 786	11.8
Útgjöld án markaðra tekjustofna	18 636 142	24 282 381	5 646 239	30.3

Eins og fyrr segir nemur raunveruleg hækkun án færslu gjaldaliða af framkvæmdaáætlun 690.0 m.kr. lægri tölu en sýnd er á yfirlitinu, þ. e. 4 956.2 m.kr. eða 26.6%, og skiptist hækkunin í meginatriðum þannig:

	M.kr.
Almannatryggingar	1 758.1
Laun	1 214.1
Niðurgreiðslur	212.0
Fiskveiðasjóður	175.0
Lánasjóður ísl. námsmanna	133.0
Sérstakar hafnaframkvæmdir	104.0
Almenn hafnarmannvirki og lendingarbætur	93.2
Stofnlánadeild landbúnaðarins	91.0
Bygging sjúkrahúsa, læknabústaða o. þ. h.	72.4
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	72.0
Vaxtagreiðslur	65.6
Dagvistunarheimili	55.0
Jarðræktarframlög	50.7
Orkustofnun án launa	50.5
Iðnrekstrarsjóður	50.0
Annað, nettó	759.6
Samtals	4 956.2

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg hækkun helztu útgjaldaflokka frá fjárlögum 1973 eftir meginskiptingu í fjárlögum að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum.

		Hækkun í prósentum frá fjárlögum 1973
0 10	Laun	26.4
0 20	Önnur rekstrargjöld	20.2
0 27	Viðhald	13.7
0 70	Vextir	19.1
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	37.5
0 90	Yfirfærslur:	
91	Til fyrirtækja í B-hluta	27.2
92	Til sveitarfélaga	51.6
93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	28.0
94	Til einstaklinga og samtaka	21.9
	Heildarhækkun	27.8

Hlutfallsleg hækkun útgjalda frá fjárlögum 1973 eftir hagrænu eðli er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1973	
Kaup á vörum og þjónustu		26.7
Samneyzla	23.9	
Fjárfesting	37.5	
Tilfærslur		28.5
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	24.5	
Fjármagnstilfærslur	40.9	
Heildarhækkun		27.8

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður í megindráttum skýrt frá breytingum útgjalda frá fjárlögum 1973 og sérstaklega greint frá breytingum markaðra tekjustofna. Aftar er að finna skýringar á einstökum liðum frumvarpsins í smáatriðum.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Framlög til málefna í þessum flokki hækka um samtals 32.8 m.kr. Mest verður hækkunin á kostnaði við Alþingi, 27.7 m.kr., m. a. vegna hækkunar á framlagi í lífeyrissjóð alþingismanna, en þó mest vegna verðlagsuppbóta á laun og annarra verðlagshækkana. Annar kostnaður við æðstu stjórn eykst um 5.1 m.kr., einkum vegna verðlags, en auk þess fjölgar hæstaréttardómurum um einn skv. nýjum lögum.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar, sem heyra undir forsætisráðuneytið, breytast þannig frá fjárlögum 1973 í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	÷0.3	—
Annað	9.3	1.9
Samtals	9.0	1.9

Yfirstjórn. Hér kemur fram 0.3 m.kr. lækkun vegna þess m. a., að 3.0 m.kr. fjárveiting til breytinga á skrifstofuhúsnæði stjórnarráðsins fellur niður, og viðhaldskostnaður ráðherrabústaðar lækkar um 1.1 m.kr. Á hinn bóginn er tekin inn fjárveiting til byggingar nýs ráðherrabústaðar á Þingvöllum, 4.0 m.kr., en að öðru leyti lækkar kostnaður um 0.2 m.kr., einkum vegna lækkunar á ferðakostnaði.

Annað. Framlög á þessum málefnaflokki hækka um 9.3 m.kr., þar af til Byggðasjóðs (álgjald) 1.9 m.kr., til Þingvallanefndar 1.3 m.kr., og afgangur hækkunarinnar, 6.1 m.kr., stafar að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

02 Menntamálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	26.6	—
Fræðslumál	840.8	1.8
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	64.4	16.1
Samtals	931.8	17.9

Yfirstjórn. Hækkun nemur 26.6 m.kr., þar af aðalskrifstofa ráðuneytisins 16.0 m.kr. Kemur þar til nokkur fjölgun starfsfólks, einkum vegna skólarannsókna og iðnfræðslumála auk annars kostnaðar við iðnfræðslumálin, en helztu orsakir hækkunarinnar eru þó verðlagshækkanir. Þá hækkar kostnaður við endurskoðun námsefnis um 3.8 m.kr., við kennaranámskeið um 3.4 m.kr. og við framkvæmd sundskyldu í skólum um 2.7 m.kr. Önnur viðfangsefni hækka um samtals 0.7 m.kr.

Fræðslumál. Hækkunin á þessum málefnaflokki, 840.8 m.kr., kemur einkum fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar 341.7 m.kr., þar af byggingar 21.8 m.kr., Lánasjóður ísl. námsmanna 133.0 m.kr., menntaskólar 86.9 m.kr., þar af byggingar 21.2 m.kr., Háskóli Íslands 75.6 m.kr., dagvistunarheimili, rekstur og byggingar skv. nýjum lögum 55.0 m.kr., og framlag til jöfnunar á námskostnaði hækkar um 25.0 m.kr. Aðrir fræðslumálaliðir hækka um samtals 121.8 m.kr.,

þar af einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands, sem er markaður tekjustofn, 1.8 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Þessir liðir hækka um samtals 64.4 m.kr., þar af Þjóðleikhús 19.0 m.kr., Þjóðarbókhlaða 5.0 m.kr. og aðrir liðir 24.3 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 16.1 m.kr., þar af aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum 8.0 m.kr., skemmtanaskattur 6.0 m.kr., miðagjald til Menningarsjóðs 1.6 m.kr. og gjald af seldum vindlingum 0.5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. '73
Yfirstjórn	11.2
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	8.1
Sendiráð	16.0
Alþjóðastofnanir	3.8
Samtals	39.1

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 11.2 m.kr., stafar 1.1 m.kr. af nýráðningum, 5.6 m.kr. af launa- og verðlagshækkunum að mestu, 2.8 m.kr. af þátttöku í alþjóðaráðstefnum, og aðrir liðir hækka um samtals 1.7 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkunin, 8.1 m.kr., stafar öll af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Sendiráð. Af heildarhækkuninni, 16.0 m.kr., eru 7.9 m.kr. vegna launakostnaðar, og eru orsakir þeirrar hækkunar grunnlauna-, verðlags- og gengishækkanir, eins og nánar er vikið að síðar. Aðrar hækkanir stafa fyrst og fremst af verðlags- og gengishækkunum.

Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga nemur 3.8 m.kr., og er helztu hækkana getið í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4.7	—
Búnaðarmál	292.1	0.7
Önnur mál	17.8	—
Samtals	314.6	0.7

Yfirstjórn. Framlag til jarðeigna ríkisins hækkar um 3.3 m.kr., launa- og verðlagshækkanir nema 1.4 m.kr., og verður heildarhækkun þannig 4.7 m.kr.

Búnaðarmál. Af heildarhækkuninni á framlögum til búnaðarmála, 292.1 m.kr., eru þessar helztar: Stofnlánadeild landbúnaðarins 91.0 m.kr. skv. nýjum lögum, uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 72.0 m.kr., jarðræktarframlög 50.7 m.kr. og framræsla 25.0 m.kr., hvort tveggja að hluta vegna flýtingar á greiðslum úr ríkissjóði, Skógrækt ríkisins 11.2 m.kr. og Rannsóknastofnun landbúnaðarins 9.8 m.kr. Aðrir liðir hækka um samtals 31.7 m.kr, og markaður tekjustofn, gjald af seldum vindlingum til Landgræðslusjóðs, hækkar um 0.7 m.kr.

Önnur mál. Hér er um að ræða búnaðarskólana og Garðyrkjuskólann að Reykjum. Af heildarhækkuninni, 17.8 m.kr., eru 6.1 m.kr. vegna byggingarframkvæmda á Hvanneyri, en að öðru leyti skýrist kostnaðaraukningin af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

05 **Sjávarútvegsráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.4	—
Útvegsmál	250.5	9.3
Önnur mál	2.3	—
Samtals	255.2	9.3

Útvegsmál. Samkvæmt nýjum lögum hækkar framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands um 175.0 m.kr., kostnaður við Hafrannsóknastofnunina eykst um 43.0 m.kr., framlag til Aflatryggingasjóðs hækkar um 15.2 m.kr. og aðrir liðir hækka um samtals 8.0 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 9.3 m.kr., þar af ferskfiskmatsgjald 5.8 m.kr. og hluti af útflutningsgjaldi 3.5 m.kr.

06 **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. '73
Yfirstjórn	2.8
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	319.4
Þjóðkirkjan	25.6
Samtals	347.8

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um samtals 319.4 m.kr. Mest hækkar kostnaður við Landhelgisgæzlu, 121.1 m.kr., og kemur þar m. a. til kostnaður við leiguskip og smíði nýs varðskips. Kostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta hækkar um samtals 73.0 m.kr. Fyrir utan eðlilegar launa- og verðlagshækkanir kemur þar til aukning kostnaðar vegna yfirtöku á sýslusamlögum, og á stofn verður sett embætti lögreglustjóra í Hafnahreppi. Kostnaður við embætti lögreglustjórans í Reykjavík eykst um 51.2 m.kr. sökum verðlagshækkana, við sakadómaraembætti um 17.3 m.kr., og ýmis kostnaður við fangamál hækkar um 10.3 m.kr., einkum vegna aukins framlags til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla skv. nýjum lögum. Aðrir liðir á þessum málefnaflokki hækka um samtals 46.5 m.kr.

Þjóðkirkjan. Hækkunin, 25.6 m.kr., á einkum rætur að rekja til launa- og verðlagshækkana, en auk þess verður nokkur hækkun á framlögum til bygginga.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.4	—
Húsnæðismál	95.3	58.0
Önnur félagsmál	33.8	1.6
Samtals	131.5	59.6

Húsnæðismál. Hækkunin, 95.3 m.kr., er annars vegar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, 58.3 m.kr., og til Byggingasjóðs verkamanna 37.0 m.kr. Fyrrtalda hækkunin kemur þannig fram, að launaskattur hækkar um 37.2 m.kr., byggingasjóðsgjöld um 20.8 m.kr. og ríkissjóðsframlag vegna rekstrarkostnaðar um 0.3 m.kr. Síðarnefnda hækkunin er í formi beins ríkissjóðsframlags.

Önnur félagsmál. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 33.8 m.kr., þar af landakaup kaupstaða og kauptúna 10.0 m.kr. skv. nýjum lögum, vatnsveitur skv.

lögum 10.0 m.kr., og ýmsir aðrir liðir hækka um samtals 12.2 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 1.6 m.kr., þ. e. skipulagsgjald 4.2 m.kr., hluti af vörugjaldi til Styrktarsjóðs vangefinna 2.0 m.kr. og gjald af seldum vindlingum til SVFÍ 0.5 m.kr., en erfðafjárskattur lækkar um 5.0 m.kr. og gjald af seldum eldspýtum 0.1 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4.4	—
Tryggingamál	1 889.6	131.5
Heilbrigðismál	132.9	0.7
Önnur mál	5.1	—
Samtals	2 032.0	132.2

Tryggingamál. Heildarhækkun framlaga til tryggingamála, 1.889.6 m.kr., skiptist þannig, að hrein ríkissjóðsframlög til lífeyristrygginga hækka um 671.5 m.kr., til sjúkratrygginga um 1.063.4 m.kr. og til atvinnuleysistrygginga um 23.2 m.kr. Þá hækka lífeyristryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 114.9 m.kr., slysatryggingaiðgjöld um 5.0 m.kr. og atvinnuleysistryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 11.6 m.kr.

Heilbrigðismál. Af hækkuninni, 132.9 m.kr., eru 57.4 m.kr. vegna byggingar sjúkrahúsa og læknabústaða, 15.0 m.kr. vegna byggingar elliheimila skv. nýjum lögum, 24.0 m.kr. vegna héraðslækna og heilsugæzlustöðva, og á öðrum liðum verður samtals 35.8 m.kr. hækkun. Markaðir tekjustofnar hækka um 0.7 m.kr., þ. e. gjald af seldum vindlingum til Krabbameinsfélags Íslands 0.5 m.kr., samúðarskeyti landssímans 0.1 m.kr. og sérlyfjagjald ásamt gjaldi af eyðublöðum heillaskeyta samtals 0.1 m.kr.

Önnur mál. Hækkun er 5.1 m.kr., þar af til Þroskaþjálfaskólans, sem er nýr liður á fjárlögum, 3.4 m.kr., og aðrar hækkanir nema samtals 1.7 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.4	—
Toll- og skattheimta	57.0	2.8
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	27.1	—
Önnur mál	199.9	—
Samtals	286.4	2.8

Yfirstjórn. Sú 2.4 m.kr. hækkun, sem hér kemur fram, er minni en vera ætti vegna þess, að kostnaður við fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem nam 6.8 m.kr. í fjárlögum 1973, er nú sýndur undir sérstöku ráðuneytisnúmeri, 1 15.

Toll- og skattheimta. Kostnaðaraukningin á þessum málefnaflokki, 57.0 m.kr., skiptist þannig í megindráttum, að 25.1 m.kr. er vegna skattstofa, 15.8 m.kr. vegna tollstjórans í Reykjavík, 6.0 m.kr. eru færðar sérstaklega sem kostnaður við ríkisskattanefnd og skattsektanefnd, og aðrir liðir hækka um samtals 7.3 m.kr. Tollstöðvagjald, sem er markaður tekjustofn, hækkar um 2.8 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Þessi flokkur hækkar um 27.1 m.kr. Þar af hækka uppbætur um 23.7 m.kr., og aðrar hækkanir nema 3.4 m.kr.

Önnur mál. Skipting hækkunarinnar á þessum málefnaflokki, 199.9 m.kr., er sem hér segir: Óviss útgjöld 94.5 m.kr., og eru þar m. a. hafðar í huga væntanlegar verðlagsuppbætur á laun, vextir 65.6 m.kr., lífeyrissjóður bænda 16.1 m.kr., lífeyrissjóður verkalýðsfélaganna 10.0 m.kr., orlofsheimili BSRB 6.7 m.kr., Ríkisábyrgðasjóður 4.0 m.kr. og aðrir liðir samtals 8.0 m.kr., en framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða, 5.0 m.kr. í fjárlögum 1973, er fært undir ráðuneytisnúmer 1 15.

10 **Samgönguráðuneytið.** Málefnaflokkar samgönguráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.4	—
Vegamál	513.3	101.7
Önnur samgöngumál	606.7	1.2
Samtals 1	121.4	102.9

Vegamál. Meginorsök þeirrar 513.3 m.kr. hækkunar, sem hér kemur fram, er fólgin í því, að á rekstrargjöld frumvarpsins eru nú færðar framkvæmdir, sem fjármagnaðar verða með lántökum, en slíkar framkvæmdir voru áður á framkvæmdaáætlun. Er hér um að ræða 400.0 m.kr. Að öðru leyti er hækkunin vegna fastra tekjustofna, 106.2 m.kr., framlag ríkissjóðs skv. vegáætlun hækkar um 12.0 m.kr., en frá dregst afborgun o. fl., 4.9 m.kr.

Önnur samgöngumál. Helztu skýringar á hækkuninni, sem verður á þessum málefnaflokki, 606.7 m.kr., eru þessar: Framlög til landshafna hækka um 229.5 m.kr., þar af 225.0 m.kr. vegna Þorlákshafnar í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum og 4.5 m.kr. vegna endurgreiðslu landshafnalána. Kostnaður við sérstakar hafnaframkvæmdir í Grindavík og Höfn í Hornafirði af framangreindum orsökum nemur 169.0 m.kr., til byggingar annarra hafnarmannvirkja 93.2 m.kr., til flugmála 91.3 m.kr., til strandferða 16.1 m.kr., og aðrir liðir hækka um 6.4 m.kr. nettó. Markaðir tekjustofnar hækka um 1.2 m.kr., þ. e. skipaskoðunargjald 1.3 m.kr., sérleyfisgjald 0.3 m.kr., en vitagjald lækkar um 0.4 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum iðnaðarráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1973	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.3	—
Iðnaðarmál	103.5	3.2
Orkumál	126.5	3.3
Samtals	232.3	6.5

Iðnaðarmál. Framlög til iðnaðarmála hækka um 103.5 m.kr., þar af til Iðnrekstrarsjóðs 50.0 m.kr. og til Iðnlánasjóðs 35.0 m.kr., hvort tveggja samkvæmt nýjum lögum. Þá nemur framlag til Gutenberg vegna kaupa á prentsmiðju 15.0 m.kr., framlag til gosefnarannsókna hækkar um 4.0 m.kr. og til iðnþróunaráætlunar 3.0 m.kr. Aðrir liðir hækka um 4.3 m.kr. Á móti fellur niður framlag til Iðnþróunarsjóðs, 11.0 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 3.2 m.kr., þ. e. byggingariðnaðarsjóðsgjald 2.5 m.kr. og iðnaðargjald 0.7 m.kr.

Orkumál. Af hækkuninni, 126.5 m.kr., eru 83.3 m.kr. vegna raforku- og jarðhitarannsókna á vegum Orkustofnunar. Er nú hætt að fjármagna slíkar rannsóknir með lántökum á framkvæmdaáætlun, svo sem verið hefur á undanförnum árum, og koma í staðinn beinar fjárveitingar. Lánsfjáröflun til þessara mála árið 1973 er

56.0 m.kr., þannig að hækkunin er í raun 27.3 m.kr. Framlög til Orkusjóðs hækka um 41.2 m.kr., einkum vegna endurgreiðslu lána, fjárveiting til rafvæðingar í sveitum hækkar um 1.0 m.kr., en niður fellur fjárveiting til jarðvarmaveitna, sem var 1.3 m.kr. í fjárlögum 1973. Rafmagnseftirlitsgjald, sem er markaður tekjustofn, hækkar um 3.3 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. '73
Yfirstjórn	2.3
Niðurgreiðslur	212.0
Annað	3.3
Samtals	217.6

Niðurgreiðslur. Hækkunin, 212.0 m.kr., miðast við það, að nokkur lækkun verði gerð á niðurgreiðslum frá því stigi, sem þær voru á 1. september 1973.

13 **Hagstofa Íslands.** Hækkunin, 2.7 m.kr., stafar fyrst og fremst af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

14 **Ríkisendurskoðun.** Auk launa- og verðlagshækkana á hækkunin, 5.6 m.kr., rætur að rekja til nýráðninga vegna yfirtöku á endurskoðun sýslusamlaga.

15 **Fjárlaga- og hagsýslustofnun.** Stofnunin er nú í fyrsta skipti sýnd í fjárlagafrumvarpi sem sérstakt ráðuneyti, og er heildarkostnaðurinn 20.3 m.kr., þar af 5.0 m.kr. til endurnýjunar ríkisbifreiða og 6.0 m.kr. vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu við hagsýsluverkefni. Hækkunin frá fjárlögum 1973 er að öðru leyti 2.5 m.kr., sem skýrist að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1974 er gerð í hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og er reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1973 á grundvelli þjóðhagsspár þess árs, og hins vegar á þjóðhagshorfum ársins 1974, eins og þær voru metnar í ágúst sl. Meginforsenda tekjuáætlunarinnar að því er varðar kauplag er sú, að reiknað er með óbreyttu kauplagi, eins og það var 1. september sl. eftir hækkun kaupgreiðsluvísitölu í 139,54 stig, en allir áfangar gildandi kjarasamninga eru nú komnir til framkvæmda. Á sama hátt er reiknað með óbreyttu verðlagi, eins og það var í septemberbyrjun að öðru leyti en því, að tekið er tillit til áhrifa fyrirhugaðra breytinga á niðurgreiðslum og söluskatti, en jafnframt er hér miðað við, að viðlagagjald af söluskattsstofni falli niður 1. marz nk. Þær kauplags- og verðlagsforsendur, sem notaðar hafa verið við gerð tekjuáætlunar, eru hinar sömu og gilda um útgjaldahlið frumvarpsins, þ. e. í aðalatriðum kauplag og verðlag í september 1973. Eru þetta sambærilegar forsendur og notaðar hafa verið undanfarin ár við upphaflega áætlun fjárlagafrumvarps, en þær hafa síðan verið teknar til endurskoðunar við endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Á þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðhagshorfur næsta árs, sem hér hefur verið getið, er spáð rúmlega 3% magnaukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar, þ. e. einkaneyzlu, samneyzlu og almennrar fjármunamyndunar og nær 10% aukningu í peningum. Á grundvelli þessarar spár um aukningu inn-

lendrar eftirspurnar má búast við 4—5% magnaukningu almenns vöruinnflutnings eða nær 9% aukningu í peningum, ef gert er ráð fyrir, að innflutningsverðlag í byrjun september 1973 sé um 4% hærra í krónum talið en að meðaltali í ár. Þessar tvær stærðir, almenn verðmætaráðstöfun og vöruinnflutningur, ráða mestu um stærstu stofna óbeinna skatta, söluskatt og tolla.

Auk framangreindra forsendna um breytingar kauplags, verðlags, innlendrar eftirspurnar og vöruinnflutnings, eru aðrar helztu forsendur tekjuáætlunarinnar þær, að reiknað er með gildandi skattalögum óbreyttum út árið 1974 að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir hækkun söluskatts um 2 prósentustig frá 1. jan. nk. Þetta felur m. a. í sér, að launaskattur verði áfram 2½%, en gildandi lög um hinn sérstaka 1.5% launaskatt renna út um næstu áramót. Í forsendum um breytingu kaupmáttar ráðstöfunartekna á næsta ári er ekki reiknað með innheimtu viðlagagjalds umfram það, sem lög kveða á um, en afnám viðlagagjalds hefur í för með sér nær 2% aukningu kaupmáttar. Þá er gert ráð fyrir þeim tollalækkunum, sem leiðir beint af aðildinni að EFTA og samningum við EBE. Samkvæmt lögum skal ákveða skattvísitölu í fjárlögum hverju sinni. Áætlun um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1974 er miðuð við, að skattvísitala verði 154 stig (1972=100), en það er 20% hækkun frá gildandi skattvísitölu á árinu 1973. Nú er áætlað, að brúttótekjur einstaklinga hækki að meðaltali um 23—24% á árinu 1973, og er álagning tekjuskatts á næsta ári miðuð við þessa hækkun meðalbrúttótekna. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli áranna 1972 og 1973 er nú áætluð 19—20%.

Eins og venja hefur verið á undanförnum árum, sýna allar tekjutölurnar áætlaða innheimtu á almanaksárinu, en ekki álagningu, en á þessu tvennu getur verið verulegur munur. Á þetta fyrst og fremst við um tekju- og eignarskatta, en áætlanir um innheimtu þessara skatta eru byggðar á tölum ríkisbókhalds um samhengi álagningar og innheimtu á árinu 1972 og fram á mitt ár 1973.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 27 343.4 m.kr., en voru 21 970.3 m.kr. á fjárlögum ársins 1973. Hækkun tekna er þannig 5 373 m.kr. eða 24.5%, eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

	Fjárlög 1973	Frumvarp 1974
Almennar tekjur	19 117.5	24 150.7
Markaðar tekjur	2 852.8	3 192.7
Heildartekjur	21 970.3	27 343.4

Persónuskattar. Hækkun persónuskatta nemur í heild 131.6 m.kr. Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 114.9 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar bóta lífeyristrygginga frá samþykkt síðustu fjárlaga. Slysatryggingaiðgjöld hækka um 5.1 m.kr. og iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 11.6 m.kr.

Eignarskattar. Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 373.5 m.kr. eða 39.9 m.kr. hærri en á fjárlögum 1973. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 51.3 m.kr., aðallega vegna mun meiri álagningar í ár en reiknað var með, og einnig má búast við frekari hækkun á næsta ári með tilliti til verðbreytinga. Eignarskattur félaga lækkar um 6.8 m.kr., en álagning í ár reyndist um 12.0 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun, og er hér gert ráð fyrir óbreyttri álagningu á næsta ári. Áætlun um eignarskatt einstaklinga og félaga er miðuð við óbreyttan skattstiga og óbreytt fasteignamat til eignarskatts, en hækkun fasteignamats um 20% á árinu 1972 gildir aðeins fyrir álagningu fasteignaskatts. Byggingasjóðsgjald af eignarskatti hækkar um 0.4 m.kr. Loks lækkar erfðafjárskattur um 5.0 m.kr.

Tekjuskattur. Innheimtur tekjuskattur einstaklinga og félaga er áætlaður 6.380.2 m.kr. (byggingasjóðsgjald innifalið), sem er 1.776.6 m.kr. hærri upphæð en á fjárlög-

um ársins 1973. Tekjuskattur einstaklinga er 5.560.0 m.kr. (án byggingasjóðsgjalds) eða 1.444.0 m.kr. hærri en 1973, en álagning er áætluð um 6.040.0 m.kr. (4.630.0 m. kr. í ár). Þessi áætlun er miðuð við 23—24% hækkun meðaltekna einstaklinga til skatts á árinu 1973, 2% fjölgun framteljenda og skattvísitölu 154 (1972=100). Tekjuskattur félaga er áætlaður 757.0 m.kr. (innheimta) eða 315.0 m.kr. hærri en á fjárlögum 1973, en álagning í ár varð rúmlega tvöfalt hærri en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun eða um 730.0 m.kr. í stað 347.0 m.kr. Á grundvelli lauslegra áætlana um afkomu nokkurra atvinnugreina á árinu 1973 er spáð 800.0 m.kr. álagningu á næsta ári, fyrst og fremst með tilliti til batnandi afkomu sjávarútvegs, en töluverð óvissa ríkir enn um afkomu ýmissa atvinnugreina, aðallega þjónustugreina. Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti hækkar um 17.6 m.kr. frá fjárlögum 1973. Áætlun um innheimtu tekju- og eignarskatts á árinu 1974 felur bæði í sér innheimtu af álagningu ársins og af áætluðum eftirstöðvum í ársbyrjun, en innheimtuforsendur eru samkvæmt reynslu ársins 1972 og fyrri árshelmings 1973.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna hækkar um 730.0 m.kr. frá síðustu fjárlögum og munar þar mest um hækkun almennra tolltekna, 522.3 m.kr. eða 9½%. Þessi hækkun stafar að nokkru leyti af því, að búast má við nokkru meiri tolltekjum í ríkissjóð í ár en fjárlagaáætlun segir til um, en aðallega er hækkunin í samræmi við spána um nær 9% verðmætisaukningu vöruinnflutnings á næsta ári. Um næstu áramót kemur til framkvæmda annar áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við EBE, og mun af því leiða nokkurt tolltekjutap. Að öðru leyti er hér ekki reiknað með öðrum breytingum á tollskrá, og miðað er við sama tollhlutfall — án tollalækkana — og áætlað er í ár. Leyfisgjald af bifreiðum var 235.0 m.kr. á fjárlögum ársins 1973, en ljóst er, að tekjur af þessu gjaldi verða mun hærri og sennilega yfir 300.0 m.kr. Á næsta ári er spáð svipuðum bílainnflutningi og í ár, en búizt er við nokkurri verðhækkun á bílum erlendis. Á grundvelli þessa er spáð 326.0 m.kr. tekjum af leyfisgjaldi á næsta ári, sem er 91.0 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1973. Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald hækka samtals um 99.0 m.kr. frá síðustu fjárlögum. Þar af hækkar gúmmígjald um 20.0 m.kr. vegna mun meiri bílainnflutnings í ár en spáð var, og bensíngjald hækkar um 79.0 m.kr., m. a. vegna þess, að hækkun gjaldsins um síðustu áramót innheimtist nú fyrir heilt ár. Önnur gjöld af innflutningi hækka um 17.7 m.kr.

Skattar af framleiðslu lækka í heild um 11.1 m.kr. vegna minni innheimtu vörugjalds í ár en reiknað var með í fjárlagaáætlun, eða 13.0 m.kr. Álgjald er áætlað 55.2 m.kr. eða 1.9 m.kr. hærra en á fjárlögum 1973.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun tekna í þessum flokki er 2.547.7 m.kr. miðað við fjárlagaáætlun 1973. Meginhluti þessarar hækkunar, 2.130.7 m.kr., er hluti ríkissjóðs af söluskatti. Tekjum af söluskatti á næsta ári er spáð á grundvelli endurskoðaðrar innheimtuáætlunar fyrir árið í ár, en vegna meiri veltuaukningar má búast við, að innheimtur söluskattur í ríkissjóð verði töluvert hærri en í fjárlagaáætlun. Samkvæmt forsendum um aukningu almennrar eftirspurnar á næsta ári er spáð nær 10% hækkun álagningarstofns söluskatts. Að auki er svo gert ráð fyrir hækkun almenns söluskatts úr 11% í 13% frá næstu áramótum, en tekjuaukning ríkissjóðs vegna þessa er hér áætluð 1.200.0 m.kr. á næsta ári. Launaskattur hækkar um 93.0 m.kr. frá síðustu fjárlögum, en þar var ekki gert ráð fyrir niðurfellingu launaskatts af tekjum sjómanna á fiskiskipum, sem lögfest var í apríl sl. Hækkun frá áætlaðri innheimtu 1973 er þannig mun meiri eða um 145.0 m.kr., að nokkru leyti vegna mun hærra launastigs á árinu 1973 en 1972 — hluti af skattinum er greiddur eftir á af launum liðins árs —, en einnig á grundvelli forsendna um launabreytingu milli áranna 1973 og 1974. Miðað er við sömu reglur um álagn-

ingu launaskatts og giltu á árinu 1973, þ. e. 2½% launaskatt. Söluhagnaður Á.T.V.R. hækkar um 305.0 m.kr. frá fjárlögum 1973. Tekjuaukningu á næsta ári er eingöngu spáð á forsendum um magnaukningu neyzlu áfengis og tóbaks. Aðrar tekjur í þessum flokki hækka um 19.0 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar. Tekjur í þessum flokki hækka um 133.1 m.kr. Kemur þessi hækkun aðallega fram í þremur liðum, stimpilgjaldi og þinglýsingum, sem hækka samtals um 78.0 m.kr. og tekjum af sölu erlends gjaldeyris, sem hækka um 36.0 m.kr., en allir þessir tekjuliðir munu verða töluvert hærri á árinu 1973 en áætlað var í fjárlögum. Aðrir liðir í þessum flokki hækka um 19.1 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið lækka um 16.2 m.kr. frá síðustu fjárlögum vegna minni greiðslu flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í ríkissjóð, 21.6 m.kr., sökum aukinnar fjárfestingar fyrirtækisins, en greiðsla í ríkissjóð miðast við tekjur að frádregnum útgjöldum til fjárfestingar. Tekjur af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli eru áætlaðar 4.5 m.kr. hærri en í ár. Afgjöld af ríkisjörðum hækka um 0.9 m.kr.

Ýmsar tekjur eru 41.6 m.kr. hærri, fyrst og fremst vegna aukinna vaxtatekna þegar á árinu 1973.

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974 og samanburður við tekjuáætlun fjárlaga 1973.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.

	Fjárlög 1973	Fjárlaga-frumvarp 1974
1. Persónuskattar	697	828
2. Eignarskattar[1])	333	373
3. Tekjuskattur[1])	4.604	6.380
a. Einstaklingar	4.157	5.616
b. Félög	447	764
4. Gjöld af innflutningi	6.803	7.533
a. Almenn aðflutningsgjöld	5.515	6.037
b. Bensín- og gúmmígjald	941	1.040
c. Annað	347	456
5. Skattar af framleiðslu	220	209
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu	8.139	10.687
a. Söluskattur	5.020	7.150
b. Launaskattur	952	1.045
c. Á.T.V.R.	2.075	2.380
d. Annað	92	112
7. Aðrir óbeinir skattar	952	1.086
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	121	104
9. Ýmsar tekjur	101	143
Samtals	21.970	27.343

1) Byggingasjóðsgjald innifalið.

Lánahreyfingar.

Mikil breyting verður á færslum á lánahreyfingar frá því sem verið hefur vegna samruna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar við fjárlög, og hefur þegar verið gerð nokkur grein fyrir því máli. Þess skal getið, að gert er ráð fyrir heimildum til að taka innlend lán til framkvæmda á 6. gr. frumvarpsins, en heimilda til að taka erlend lán þarf að leita með sérstakri lagasetningu. Verður lagt fram frumvarp þess efnis á haustþinginu, og mun það einnig fela í sér ákvæði varðandi skattívilnanir o. fl. á hliðstæðan hátt og verið hefur í lögum um lántökur vegna framkvæmdaáætlunar á undanförnum árum. Hér á eftir verður vikið nánar að einstökum liðum lánahreyfinga, og kemur það að nokkru í stað greinargerðar þeirrar, sem verið hefur með frumvarpi vegna framkvæmdaáætlunarinnar á undanförnum árum.

Lánahreyfingar út.

Hér eru, sem fyrr segir, færðir þeir framkvæmdaliðir fjármagnaðir með lánum, sem gert er ráð fyrir að viðkomandi stofnanir og fyrirtæki standi undir með eigin tekjum. Samtals nema þeir 885.0 m.kr., þar af er 136.0 m.kr. endurlán til sveitarfélaga. Þá nema afborganir lána 528.4 m.kr., og er niðurstöðutala úthliðar 1 413.3 m.kr. Er um eftirtalda framkvæmdaliði að ræða:

Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir. Ráðgert er að verja 389.0 m.kr. til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitnanna, sem er 490.0 m.kr. hærra en 1973. Helztu verkefnin, sem unnið verður að, eru framhald virkjunarframkvæmda við Lagarfoss 55.0 m.kr. og Mjólkárvirkjun 110.0 m.kr. og bygging stofnlína og aðveitustöðva 143.7 m.kr. Eru þar stærstar framkvæmdir lagning línu frá Andakíl að Vegamótum ásamt aðalspennistöð 64.7 m.kr. og lína Lagarfoss—Eiðar og Eiðar—Egilsstaðir ásamt aðalspennistöð 39.0 m.kr. Kostnaður við aðrar stofnlínur og aðveitustöðvar er áætlaður 40.0 m.kr. Þá er kostnaður við innanbæjarkerfi áætlaður 45.0 m.kr. og ýmsar aðrar framkvæmdir auk tækjakaupa 45.3 m.kr. Á móti koma tekjur af heimtaugargjöldum 10.0 m.kr.

Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána. Gert er ráð fyrir 50.0 m.kr. fjárútvegun til lengingar lána Rafmagnsveitna ríkisins vegna rekstrarörðugleika fyrirtækisins. Er það 40.0 m.kr. hærri fjárhæð en aflað var á framkvæmdaáætlun 1973 í sama skyni.

Rafvæðing í sveitum. Framlag til rafvæðingar í sveitum verður samtals 161.0 m.kr., þar af 51.0 m.kr. bein fjárveiting og 110.0 m.kr. af lánsfjáröflun. Er það í heild 1.0 m.kr. hærra en 1973, en með því mun rafvæðingaráætlun þessari lokið.

Stofnlína S.V.N.-land. Lánsfjáröflun til þessarar línu er áætluð 200.0 m.kr. Er nú unnið að rannsókn svonefndrar byggðalínu, og eru frekari upplýsingar væntanlegar síðar við fjárlagameðferð á Alþingi.

Kópavogsvegur. Til endurlána vegna þessarar framkvæmdar eru áætlaðar 80.0 m.kr., á grundvelli samkomulags frá 1966 milli Kópavogskaupstaðar og ríkisins.

Hafnir. Hér er um að ræða 56.0 m.kr. lánsfjárútvegun til Grindavíkur og Hafnar í Hornafirði vegna hafnagerða þar í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Er það hluti sveitarfélaganna í framkvæmdakostnaði (25%), þ. e. 50.0 m.kr. vegna Grindavíkurhafnar og 6.0 m.kr. vegna Hafnar í Hornafirði.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum lána í fjárlögum 1973 og frumvarpi 1974 í þús. kr.:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '73	Frumvarp '74	Mism.
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	765	3 065	2 300
04 231	Skógrækt ríkisins	352	306	÷46
04 241	Landnám ríkisins	793	978	185
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	575	577	2
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 429	3 429	
	Tækniskólinn	287	287	
	Kennaraháskóli Íslands	814	814	
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	
	Héraðsskólinn Reykholti	36	34	÷2
	Bændaskólinn Hvanneyri	8	7	÷1
	Landspítalinn	6 482	6 107	÷375
	Lögreglustöðin í Reykjavík	3 533	3 723	190
	Skattstofa Suðurlands	7	5	÷2
	Seðlabankinn v/Skjaldbreiðareignar	800	800	
	Seðlabankinn v/Vonarstrætis 12	350	350	
	Seðlabankinn v/skólabygginga í Reykjavík	5 000	5 000	
	Seðlabankinn v/áburðarsölu	5 200	5 200	
	Seðlabankinn v/yfirdráttarskuldar	258 582	250 000	÷8 582
	Seðlabankinn v/framl. til Atvinnumn. ríkisins	14 300	14 300	
	Seðlabankinn v/hækkunar á framl. til Alþjóðab.	5 991	5 991	
	Tryggingast. v/húsnæðis f. geðsjúklinga	150	150	
	Brunabótafélag v/Seyðisfjarðarhúsa	14	14	
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v/Kjarvalshúss	75	75	
	Prestakallasjóður	67	67	
	Spariskírteinalán v/stofnframl. til Landsv.	4 556	9 556	5 000
	PL-480 v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	2 006	2 655	649
	Landsb. v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	
	Landsb. Ísl. Selfossi v/prestsseturs í Vík	86	86	
	Sparisj. Reykjavíkur v/biskupsbústaðar	35	35	
	Sparisj. Reykjavíkur v/Vonarstrætis 8	40	30	÷10
	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v/prestsseturs í Vík	5	4	÷1
	Lífeyrissj. verzlunarm. v/Vonarstrætis 8	16	16	
	Framkvsj. v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju	4 346	5 080	734
	Veðd. Landsb. v/prestsseturs á Húsavík	2	2	
	Veðd. Landsb. v/prestsseturs á Blönduósi	4	4	
	Veðd. Landsb. v/prestsseturs í Hveragerði	8	8	
	Ferðamálasjóður	61	61	
	Handhafalán v/eignakönnunar	374	100	÷274
	Handhafalán v/Skjaldbreiðareignar	750	750	
	Handhafalán v/Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	
	Handhafalán v/Vonarstrætis 12	352	351	÷1
	Lán v/hlutabréfakaupa í Áburðarverksm.	5 838	5 702	÷136
	Handhafalán v/Tjarnargötu 3	318	318	
	Handhafalán v/Vonarstrætis 8	850	850	
	Handhafalán v/biskupsbústaðar	358	359	1
	Handhafalán v/prestsseturs á Húsavík	100	100	
	Handhafalán v/prestsseturs í Hveragerði	32	32	
	Handhafalán v/prestsseturs á Blönduósi	94	—	÷94
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v/Kjarvalshúss	315	315	

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '73	Frumvarp '74	Mism.
	Export-Import Bank v/framlags til stækkunar Kísiliðjunnar	9 791	8 830	÷961
	Handhafalán v/dýralæknabústaða	200	200	
	Framkv.sj. v/framlags til Kísiliðju	2 000	—	÷2 000
	Lán vegna I.D.A.	1 320	1 320	
	Spariskírteinal. v/perlusteinsvinnslurannsókna	250	250	
	Handhafalán v/embættisbústaðar bæjarfógetans á Akranesi	550	—	÷550
	Landsb. Íslands v/skrifst.húsnæðis embættis sýslumanns á Hvolsvelli	450	450	
	Seðlabanki Ísl. v/kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæzlu	6 658	6 004	÷654
	Scandinavian Bank Ltd. v/endurbóta á v.s. Þór	10 574	9 536	÷1 038
	Seðlabanki Íslands v/þyrlukaupa	10 114	9 121	÷993
	Bygging prestssetra	500	500	
	Lán v/ kaupa á Laugarásv. 71 f. Kleppsspítala	538	532	÷6
	Lán v/kaupa á Tunguhálsi 2 fyrir þvottahús ríkisspítalanna	1 487	152	÷1 335
	Lán v/kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands	2 186	556	÷1 630
	Scandinavian Bank Ltd. v/Landsvirkjunar, sbr. l. nr. 37/1971	7 833	7 064	÷769
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	534	603	69
	Sendiráðið í Osló	91	49	÷42
	Sendiráðið í Stokkhólmi	1 590	883	÷707
	Sendiráðið í Washington	286	276	÷10
	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	284	185	÷99
	Sendinefnd Íslands hjá EFTA	9	897	888
	Vegagerð v/Reykjanesbrautar	46 027	52 869	6 842
	Vegagerð v/Ólafsvíkurvegar	713	713	
	Vegagerð v/Siglufjarðarvegar	2 893	2 892	÷1
	Vegagerð v/Ólafsfjarðarvegar	766	766	
	Vegagerð v/Suðurlandsvegar	442	442	
	Vegagerð v/Kísilvegar	2 458	2 458	
	Vegagerð v/Vestfjarðaáætlunar	8 611	9 472	861
	Vegagerð v/Suðurfjarðavegar	159	160	1
	Vegagerð v/Austurlandsáætlunar (spskt.)		2 164	2 164
	Vegagerð í Laugardal og Ólafsfjarðarmúla	2 240	2 882	642
	Vegagerð v/Djúpárvegar	1 250	1 250	
	Vegagerð v/þjóðgarðsvegar á Þingvöllum	375	375	
	Vegagerð v/Heydalsvegar	500	500	
	Vegagerð v/Norðurlandsvegar	2 000	1 999	÷1
	Erl. handhafalán '71 hl. Vegagerðar	4 406	3 974	÷432
	Vegagerð v/Þjórsárdalsvegar	1 111	1 111	
	Lán '72 og '73 skv. vegáætlun (Austurl. og Norðurl.) o. fl.	17 500	54 100	36 600
	Vegag., lán í Seðlabanka	3 500	3 500	
	Lán v/byggingar strandferðaskipa	38 636	—	÷38 636
	Lán v/sjó- og jarðefnarannsókna	1 514	1 214	÷300
	Lán v/saltvinnslurannsókna	—	500	500
	Iðnþróunarsjóður	—	100	100
	Lán v/framkvæmdaáætlunar 1971	—	1 210	1 210
	Lán v/framkv. að Keldnaholti	—	200	200
	Lán v/Listasafns Íslands	—	883	883

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '73	Frumvarp '74	Mism.
	Lán v/prestsseturs í Búðardal	—	5	5
	Lán v/prestsseturs í Þykkvabæ	—	28	28
10 656	Landmælingar	200	2 962	2 762
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	788	
	Samtals	525 305	528 433	3 128

Lánahreyfingar inn.

Á lánahreyfingar inn eru nú annars vegar færðar lántökur vegna framkvæmda og hins vegar innheimtar afborganir veittra lána. Lántökur til framkvæmda eru samtals 1.575.0 m.kr., en þar af fara 136.0 m.kr. til endurlána vegna framkvæmda sveitarfélaga. Innheimtar afborganir eru áætlaðar 35.9 m.kr., og er niðurstöðutala innhliðar lánahreyfinga því 1610.9 m.kr.

Áætlað er, að af endurgreiðslum eldri spariskírteinalána verði 555.0 m.kr. til ráðstöfunar árið 1974. Árið 1973 voru þessar endurgreiðslur áætlaðar 350.0 m.kr., þannig að hækkunin er 205.0 m.kr., sem raunar verður að telja í hæsta lagi. Ráðgert er að bjóða út ný spariskírteinalán að fjárhæð 400.0 m.kr., og er það 200.0 m.kr. hækkun frá 1973, vegna opinberra framkvæmda. Þá er sala happdrættisskuldabréfa vegna Skeiðarársandsvegar áætluð 300.0 m.kr., og er það 70.0 m.kr. hækkun frá fyrirliggjandi heimildum árið 1973, en nú hefur verið ákveðið að leita heimildar til að auka útgáfuna í ár um 100.0 m.kr., þannig að unnt verði að ljúka framkvæmdum við veginn árið 1974. Samtals er því ný verðbréfaútgáfa vegna opinberra framkvæmda 700.0 m.kr., og er það 270.0 m.kr. hækkun frá 1973. Ráðgert vörukaupalán frá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnt P.L. 480 lán, er áætlað 50.0 m.kr., sem er óbreytt fjárhæð frá 1973, og loks nemur lántaka hjá Alþjóðabankanum í Washington til hafnaframkvæmda í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum 270.0 m.kr., en það er 60% af framkvæmdakostnaði ársins, sbr. skýringar við lið 1 10 333 Hafnamál.

Innheimtar afborganir af veittum lánum eru áætlaðar samtals 35.9 m.kr. eða 0.7 m.kr. lægri en 1973, og sundurliðast þannig í þús. kr.:

INN:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '73	Frumvarp '74	Mism.
4	Atvinnujöfnunarsjóður	14 300	14 300	
—	Landsvirkjun v/aðflutningsgjalda	3 375	3 375	
—	Bifreiðakaupalán	3 586	4 230	644
—	Hampiðjan h/f v/Heyrnl.sk.	2 000	2 000	
—	RARIK	3 733	3 733	
—	Ýmsar afborganir	9 582	8 275	÷1 307
		36 576	35 913	÷663

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verða breytingar á einstökum gjaldaliðum skýrðar nánar en í athugasemdunum við ráðuneyti og málefnaflokka hér að framan. Þess hefur þegar verið getið, að verðlagsuppbætur á laun og verðhækkun á flestum öðrum kostnaðarliðum eiga ríkan þátt í þeirri heildarhækkun, sem verður á gjaldahlið frumvarpsins. Þar sem hækkun gjaldaliða stafar að mestu eða öllu af þeim orsökum, þykir ekki ástæða til að ræða það sérstaklega. Megináherzlan í

eftirfarandi athugasemdum verður því lögð á aðrar orsakir en verðlagsuppbætur og almennar verðlagshækkanir.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 **Alþingi.** Kostnaður við Alþingi hækkar um samtals 27 733 þús. kr., sem stafar annars vegar af hækkun framlags til lífeyrissjóðs alþingismanna um 11 457 þús. kr. eða 78.6%, og hins vegar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, 16 276 þús. kr. eða 12.8%. Hækkun framlags til lífeyrissjóðsins umfram almenna launahækkun á rætur að rekja til þess, að ákveðið hefur verið að stuðla að sjóðsmyndun, sem ella hefði orðið mjög hægfara, sökum mikilla kvaða um útgreiðslur úr sjóðnum.

401 **Hæstiréttur.** Á þennan fjárlagalið eru einungis færð laun hæstaréttardómara. Hækka þau í fyrsta lagi vegna þess, að dómurum fjölgar um einn skv. nýsettum lögum, 1 621 þús. kr., og í öðru lagi vegna almennra verðlagsuppbóta á laun, 1 319 þús. kr. Er heildarhækkunin þannig 2 940 þús. kr.

01 Forsætisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hér kemur fram lækkun um 282 þús. kr., sem skýrist þannig: Niður fellur framlag til breytinga á skrifstofuhúsnæði stjórnarráðsins, 3 000 þús. kr., viðhald á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað lækkar um 1 088 þús. kr., þar sem umfangsmiklum breytingum er nú lokið á þessum eignum, og ferðakostnaður er áætlaður 987 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1973. Á móti er í fyrsta lagi tekin inn fjárveiting til byggingar nýs ráðherrabústaðar á Þingvöllum, sem byggja á við gamla Þingvallabæinn, og nemur hún 4 000 þús. kr. Heildarkostnaður er áætlaður 6 500 þús. kr., og er fyrirliggjandi bótafé vegna bústaðarins, sem brann, 2 500 þús. kr. Í öðru lagi nema eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 793 þús. kr.

171 **Framlag til Byggðasjóðs** hækkar um 1 900 þús. kr. og verður samtals 155 200 þús. kr. Fast ríkissjóðsframlag nemur 100 000 þús. kr. og hluti sjóðsins af álgjaldi 55 200 þús. kr. Hækka tekjur af gjaldinu um 1 900 þús. kr. frá fjárlögum 1973.

902 **Þingvallanefnd.** Framlag hækkar um 1 308 þús. kr., þar af um 1 000 þús. kr. vegna ýmissa framkvæmda á Þingvöllum, þ. á m. hreinlætismiðstöðvar.

02 Menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst í heild um 26 617 þús. kr., sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: **Yfirstjórn** hækkar um 16 031 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa vegna iðnfræðslumála og fulltrúa í háskóla- og alþjóðadeild, og auk þess tveggja sérfræðinga í hlutastarf við skólarannsóknir, en kostnaður við þessar ráðningar nemur samtals 2 311 þús. kr. Verðlagsuppbætur á laun nema 5 510 þús. kr. Nýir kostnaðarliðir eru 1 000 þús. kr. til námsskrárgerðar við iðnfræðslu, 2 000 þús. kr. til ýmissa styrkveitinga, sem viðgengizt hafa, en ekki hafa verið áætlaðir sérstaklega í fjárlögum fyrr, og loks nemur hækkun annars rekstrarkostnaðar 5 210 þús. kr. Viðfangsefnið **námsstjórar** hækkar um 427 þús. kr. vegna verðlags. **Endurskoðun námsefnis** hækkar um 3 817 þús. kr., bæði vegna verðlags og aukins vinnumagns. Kostnaður við **kennaranámskeið** hækkar um 3 374 þús. kr., eða 32%, og kemur þar til fjölgun námskeiða auk almennra verðlagshækkana. Kostnaður við **námskeið menntaskólakennara** eykst um 161 þús. kr. og **námsflokka** um 61 þús. kr. Framlag til **framkvæmdar sundskyldu í skólum** hækkar um 2 746 þús. kr. eða 19%.

201 **Háskóli Íslands.** Kostnaður við háskólann eykst um samtals 75 594 þús. kr., eða 25.4%. Að verulegum hluta á sú aukning rætur að rekja til launa- og verð-

lagshækkana, en að auki koma þar til bæði fjölgun nemenda og ný kennslusvið, einkum í verkfræði- og raunvísindadeild. Þá er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsfólks við yfirstjórn háskólans, og loks veldur tilkoma nýs og aukins húsnæðis hækkun kostnaðar.

Yfirstjórn. Kostnaður eykst um samtals 7 207 þús. kr., sem skiptist þannig, að gert er ráð fyrir nýrri stöðu við yfirstjórn auk gjaldkera, samtals 1 535 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun hækka um 2 131 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 3 541 þús. kr. að nokkru vegna tilfærslu kostnaðarliða af öðrum viðfangsefnum, en einkum vegna aukinnar skýrsluvélaþjónustu. **Guðfræðideild.** Kostnaður hækkar um 932 þús. kr., eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. **Læknadeild.** Kostn. við deildina hækkar um 12 741 þús. kr., þar af nýráðningar 2 719 þús. kr., og er þar um að ræða prófessor í taugasjúkdómum, dósent í bæklunarlækningum, 4 dósenta í hlutastarfi í lyflæknis- og handlæknisfræði og aðjúnkt í verklegri lífeðlisfræði, en niður fellur hlutastaða dósents í taugasjúkdómum. Önnur launagjöld hækka um 8 846 þús. kr. Er þar meðtalin stundakennsla, sem var 10 000 þús. kr. í sérstökum lið fyrir háskólann í heild í fjárlögum 1973, en dreifist nú á einstakar deildir og sýnir þeim mun meiri hækkun við samanburð launaliða einstakra deilda í fjárlögum 1973. Önnur rekstrargjöld í læknadeild hækka um 1 176 þús. kr. **Tannlæknadeild.** Hækkun nemur 1 756 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, kostnaður við lyfjafræði lyfsala um 1 420 þús. kr. og við lagadeild um 1 837 þús. kr. af sömu orsökum. **Viðskiptadeild.** Kostnaður eykst um 2 234 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu aðjúnkts í reikningshaldi, 36 þús. kr., en að öðru leyti er að mestu um að ræða eðlilegar verðlagsuppbætur á laun, auk þess sem til kemur færsla af sameiginlegum stundakennslulið (sbr. athugasemdir við læknadeild). **Heimspekideild.** Hækkun nemur 12 074 þús. kr., þar af nýráðningar 754 þús. kr. og aðrar launahækkanir, þ. m. t. stundakennsla, 9 151 þús. kr. Nýráðningar eru lektor í sálarfræði í heimspekiskor og lektor í nútímasögu í sagnfræðiskor. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 169 þús. kr., og stafar það m. a. af því, að kostnaður við útgáfustarfsemi er færður af launalið í fjárlögum 1973. Samtals er kostnaður við útgáfustarfsemi deildarinnar 2 500 þús. kr., sem skiptist þannig, að 1 700 þús. kr. eru í málfræðiskor, 400 þús. kr. í bókmenntaskor og 400 þús. kr. í sagnfræðiskor. **Verkfræðideild.** Samtals hækkar kostnaður við verkfræðideild um 24 593 þús. kr. Sökum nýrra kennslusviða og fjölgunar nemenda er allmikið um nýráðningar eða sem hér segir: Aðjúnkt í eðlisfræðiskor, prófessor í bæjarverkfræði, dósent í vélaverkfræði, 2 aðjúnktar í byggingarverkfræði og 2 aðjúnktar í rafmagnsverkfræði í verkfræðiskor, prófessor í bergfræði og dósent í jarðeðlisfræði í jarðfræðiskor. Samtals nema þessar nýráðningar 3 310 þús. kr. Verðlagsuppbætur á laun ásamt tilfærslu stundakennslu nema 20 141 þús. kr., og önnur rekstrargjöld hækka um 1 142 þús. kr. **Bókasafn.** Kostnaður eykst um 2 094 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu bókavarðar frá miðju ári 1974, 293 þús. kr., eðlilegar launahækkanir nema 1 478 þús. kr., aukning bókakaupafjár er 500 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 177 þús. kr. vegna tilfærslu á yfirstjórn. **Íþróttakennsla** hækkar um 606 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, og kostnaður við **rekstur fasteigna** um 6 526 þús. kr. af sömu ástæðum og vegna aukins húsnæðis. **Sameiginleg útgjöld** hækka um samtals 3 231 þús. kr., þar af prófkostnaður 1 707 þús. kr., ferða- og dvalarkostnaður erlendra gistikennara, sem fluttur er af þjóðfélagsfræðikennslu, nemur 500 þús. kr., rannsóknarleyfi háskólakennara 372 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta, og aðrir sameiginlegir útgjaldaliðir hækka um samtals 652 þús. kr. Kostnaður við **þjóðfélagsfræðikennslu** hækkar um 1 313 þús. kr., sem kemur þannig fram, að verðlagsuppbætur á laun og tilfærsla stundakennslu nema 1 595 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 282 þús. kr., einkum vegna tilfærslu kostnaðar vegna

erlendra gistikennara yfir á sameiginleg útgjöld. Liðurinn **hækkun á launum stundakennara,** 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1973, fellur nú niður sem sérstakur liður og hefur verið dreift á einstakar deildir, svo sem fyrr segir, og liðurinn **alþjóðleg ráðstefna um íslenzkar fornsögur,** 100 þús. kr. í fjárlögum 1973, fellur niður. Framlag til **byggingarframkvæmda og tækjakaupa** hækkar um 7 700 þús. kr. Ríkissjóðsframlagið nemur þannig 53 000 þús. kr., og gert er ráð fyrir, að framlag frá Happdrætti Háskóla Íslands verði 90 000 þús. kr., þannig að samtals verða til ráðstöfunar 143 000 þús. kr. Meginverkefnin árið 1974 eru bygging 2. áfanga verkfræði- og raunvísindahúss 80 000 þús. kr., bygging tannlæknadeildarhúss 20 000 þús. kr., tækjakaup 23 000 þús. kr., viðhald fasteigna og lóða 12 000 þús. kr., og til undirbúnings læknadeildarhúsa, nýs kennsluhúss, skipulagningar og húsgagna og búnaðar er ætlað að verja samtals 8 000 þús. kr.

202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Gert er ráð fyrir ráðningu læknaritara 390 þús. kr., aðrar launahækkanir nema 2 895 þús. kr., og rekstrarkostnaður hækkar að öðru leyti um 2 457 þús. kr. Á móti þessu hækka tekjur um 3 473 þús. kr., þannig að framlag ríkissjóðs hækkar um 2 269 þús. kr.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Launakostnaður hækkar um 6 306 þús. kr., þar af verðlagsuppbætur 4 850 þús. kr. og nýráðningar 1 456 þús. kr., og er þar um að ræða skrifstofustúlku á jarðvísindastofu og tvo forritara í reiknistofu. Aðrar hækkanir rekstrarkostnaðar eru samtals 3 117 þús. kr., að mestu vegna verðlagshækkana. Tekjur hækka um 1 564 þús. kr., þannig að aukning ríkissjóðsframlags nemur 7 859 þús. kr.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 1 279 þús. kr., sem skýrist að fullu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum. Það skal sérstaklega tekið fram, að sú 10 000 þús. kr. fjárveiting til landgrunnsrannsókna, sem hér um ræðir, er til að ljúka rannsóknunum, en til þess að slíkt væri unnt, varð að veita heimild fyrir nokkurri umframgreiðslu á árinu 1973 til þessara verkefna.

276 **Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag hækkar um 2 314 þús. kr. og verður 16 034 þús. kr. Af þessu fé renna 15 034 þús. kr. til endurgreiðslu lána og 1 000 þús. kr. til lóðarlögunar á Keldnaholti. Tekjur sjóðsins eru annars vegar einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands 15 500 þús. kr. og hins vegar beint ríkissjóðsframlag 534 þús. kr.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Kostnaður eykst um 4 282 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu ritara í hálft starf 158 þús. kr., en aðrar launahækkanir nema 3 882 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta. Önnur rekstrargjöld hækka um 742 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 500 þús. kr. Slíkur kostnaður, þ. e. tækjakaup, er nú á sameiginlegum lið fyrir menntaskólana.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Á þessum lið kemur fram 6 822 þús. kr. lækkun ríkissjóðsframlags, sem skýrist þannig, að eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 2 178 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 9 000 þús. kr. og verður 11 000 þús. kr. Verður því annars vegar varið til að ljúka kennsluhúsi, 6 000 þús. kr., og til byggingar kennarabústaðar, 5 000 þús. kr.

305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, sem samtals nema 8 734 þús. kr., hækkar framlag til byggingar nýs menntaskólahúss um 13 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr., en í fjárlögum 1973 var 2 000 þús. kr. fjárveiting til undirbúnings. Ekki liggja fyrir á þessu stigi endanlegar áætlanir um fyrirhugaða byggingu, en gera má ráð fyrir, að verklegar framkvæmdir hefjist að einhverju leyti árið 1974.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Framlag hækkar í heild um 24 113 þús. kr., þar af rekstur 6 413 þús. kr. og byggingar 17 700 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar m. a. af því, að við bætist einn árgangur nemenda. Framkvæmdaframlag nemur samtals 44 700 þús. kr. og miðast við það að halda áfram byggingu 2. áfanga,

sem er mötuneyti og heimavistir, þannig að honum verði lokið árið 1975, en kostnaður það ár við áfangann er áætlaður 14 300 þús. kr.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Þessi skóli tekur til starfa sem slíkur haustið 1973, og er kostnaður árið 1974 áætlaður 9 766 þús. kr. Er þar ekki meðtalinn kostnaður við ýmiss konar stofnbúnað, sem kemur til greiðslu haustið 1973 ásamt rekstrarkostnaði til áramóta.

310 **Menntaskólar almennt.** Hækkun nemur samtals 7 257 þús. kr., og skiptist hún þannig: Menntaskólakennsla utan menntaskóla 2 763 þús. kr., tækjakaup 2 300 þús. kr., viðhald 1 646 þús. kr. og aðrir liðir 548 þús. kr.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið verður 4 738 þús. kr., sem kemur þannig fram, að eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 7 738 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 3 000 þús. kr., og verður 22 000 þús. kr. Er hér um að ræða lúkningu íþróttahúss, sem þó hafði verið áætlað að unnt væri að ljúka með fjárveitingu 1973, sbr. athugasemdir í fjárlagafrumvarpi þess árs, en verðlagshækkanir og vanáætlanir af öðrum sökum hafa leitt til þess, að enn vantar framangreinda fjárhæð.

422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Kostnaður eykst um 12 018 þús. kr., þar af verðlagsuppbætur á laun 1 647 þús. kr., ráðning fulltrúa 560 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður, einkum útgáfukostnaður, 9 811 þús. kr. Sá kostnaður er í tengslum við starfsemi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins.

516 **Iðnskólar almennt.** Hér er um að ræða framlag til byggingar iðnskóla, og hækkar það um 3 000 þús. kr. í 30 000 þús. kr.

517 **Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Hækkun nemur í heild 3 220 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. til tækjakaupa og 1 220 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Framlag hækkar um 5 528 þús. kr., þar af ráðning tveggja kennara, sem stundað hafa framhaldsnám erlendis á ríkisstyrk, 1 044 þús. kr., aðrar launahækkanir vegna verðlags 4 697 þús. kr., og ýmis annar rekstrarkostnaður 987 þús. kr., en á móti hækka tekjur um 1 200 þús. kr.

522 **Hjúkrunarskóli við Borgarspítalann.** Heildarhækkun kostnaðar er 4 991 þús. kr., sem er verulega umfram launa- og verðlagshækkanir, en stafar einkum af því, að gert er ráð fyrir, að nemendafjöldi rösklega tvöfaldist á skólaárinu.

523 **Fósturskóli Íslands.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, og er heildarkostnaður árið 1974 áætlaður 7 719 þús. kr. Með lögum nr. 10/1973 var ákveðið, að ríkissjóður tæki við rekstri þessa skóla.

553 **Húsmæðraskólar almennt.** Á liðnum kemur fram 4 380 þús. kr. lækkun, þar sem framlag til byggingar húsmæðraskóla er lækkað um 5 000 þús. kr., en á móti er viðhaldsfé hækkað um 620 þús. kr.

571 **Sjómannaskólahúsið.** Hækkun nemur 10 652 þús. kr., þar af rekstur 1 052 þús. kr. og byggingarframlag 9 600 þús. kr. Byggingarframlagið verður í heild 26 600 þús. kr. og miðast við það að byggja fyrirhugað tækjahús skólans á árunum 1974—1976 með sem jöfnustum kostnaði á hverju ári, en heildarkostnaður skv. frumáætlun er um 80 000 þús. kr. að meðtöldum búnaði.

581 **Verzlunarskólar.** Framlag hækkar um samtals 9 166 þús. kr., þar af Verzlunarskóli Íslands 7 800 þús. kr., Samvinnuskólinn 1 200 þús. kr. og Bréfaskóli SÍS og ASÍ 166 þús. kr.

582 **Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.** Kostnaður ríkissjóðs hækkar um 2 030 þús. kr., sem stafar að mestu af því, að með lögum nr. 1/1973 var skólinn gerður að ríkisskóla.

608 **Héraðsskólar almennt.** Á liðnum verður 7 585 þús. kr. hækkun, þar af 1 555 þús. kr. vegna viðhalds og 6 030 þús. kr. vegna bygginga, og verða byggingarframlög því samtals 55 100 þús. kr. Er skipting milli einstakra skóla þessi:

	Þús. kr.
Reykholt	25 200
Núpur	4 800
Reykjanes	12 800
Reykir	4 800
Eiðar	4 000
Skógar	700
Laugarvatn	2 800
	55 100

Í Reykholti er gert ráð fyrir framhaldi þeirra bygginga, sem nú er unnið að skv. verksamningi, og að þeim áfanga ljúki árið 1975. Á Núpi er um að ræða greiðslur skulda, sem safnazt hafa nokkuð óreglulega á undanförnum árum, en með þessari fjárveitingu eiga þau mál að vera komin á hreint. Á Reykjanesi er fyrirhugað að halda áfram byggingu kennsluhúss, sem væntanlega verður lokið 1975. Á Reykjum er gert ráð fyrir að hefja byggingu kennsluhúss og miðast fjárveitingin við lúkningu á þremur árum. Á Eiðum eru ráðgerðar ýmsar minni háttar framkvæmdir auk skuldagreiðslna. Í Skógum er gert ráð fyrir byggingu skólastjórabústaðar, en á Laugarvatni er um að ræða ýmsar minni háttar framkvæmdir og skuldagreiðslur.

701—716 **Barna- og gagnfræðastigsskólar.** Launakostnaður á þessum liðum hækkar í heild um 217 490 þús. kr. eða 20.1%, þar af 15.3 prósentustig vegna verðlagsuppbóta og 4.8 stig vegna magnaukningar, og kemur þar bæði til almenn fjölgun og hlutfallsleg aukning kennslu 6 ára barna og í framhaldsdeildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 544 þús. kr., eða 24.1%. Heildaraukning kostnaðar á þessum liðum er þannig 228 034 þús. kr.

761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar, almennt.** Heildarhækkun á þessum lið er 117 076 þús. kr., og skiptist sú hækkun á einstök viðfangsefni sem hér segir: Viðhaldskostnaður 20 961 þús. kr., eða 27.9%, aksturskostnaður vegna skólasóknar 14 429 þús. kr., ráðskonu- og aðstoðarstúlknalaun við heimavistir 10 078 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 7 850 þús. kr., greiðslur fyrir forfallakennslu og aðrar forfallagreiðslur 6 720 þús. kr., varzla í heimavist 6 050 þús. kr., 2% af útgjöldum skv. 19. gr. skólakostnaðarlaga (49/1967) 5 937 þús. kr., kennsla afbrigðilegra barna 5 304 þús. kr., yfirvinnuþóknun skólastjóra 1 799 þús. kr. og laun kennara, sem orlof fá, 1 542 þús. kr. Þá eru teknir upp tveir nýir liðir, til brunavarna 5 000 þús. kr. og kostnaður vegna nýrra námsskrárákvæða 2 234 þús. kr., og loks er hér færður kostnaður vegna kennslu barna úr Vestmannaeyjum 29 172 þús. kr., sem er í raun 4 033 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1973.

762 **Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Hækkun þessara framlaga nemur 21 772 þús. kr. Framlög skv. eldri lögum (41/1955) lækka um 5 273 þús. kr., þannig að fjárveitingar skv. nýju skólakostnaðarlögunum hækka í raun um 27 045 þús. kr. Greiðslur þessar miðast við fjögurra ára framkvæmdatímabil skv. l. nr. 30/1973.

769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Á þessum lið kemur fram 18 186 þús. kr. lækkun, þar sem byggingarframkvæmdum verður lokið á árinu, en byggingaframlag lækkar um 18 590 þús. kr., og verður 5 850 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar í heild um 404 þús. kr., og er hækkunin ekki meiri vegna þess m. a., að leigukostnaður fellur niður og mikil lækkun verður á aksturskostnaði vegna nemenda.

803 **Dagvistunarheimili.** Fjárveiting á þessum lið nemur 55 000 þús. kr., en samkvæmt lögum nr. 29/1973 skal ríkið taka þátt í rekstri og byggingu dagvistunarheimila. Af framangreindri fjárhæð eru 45 000 þús. kr. vegna rekstrar, og 10.000 þús. kr. eru ætlaðar til bygginga.

871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Framlag hækkar um 5 618 þús. kr., þar af ráðning tveggja gæzlumanna og sálfræðings í hálft starf 1 248 þús. kr., hækkanir vegna verðlags 2 270 þús. kr., og tekið er inn 2 100 þús. kr. framlag til kaupa á húsi til skammtímavistunar unglinga. (Framlag til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur, sem var 300 þús. kr. í fjárlögum 1973, lið 1 02 802, er nú fellt niður).

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Ríkissjóðsframlagið hækkar um 133 000 þús. kr., og samkvæmt frumvarpinu hækka lántökur í bönkum um 30 400 þús. kr. Eigið fé sjóðsins gefur af sér mjög óverulegar tekjur sökum vægra lánaskilmála, og er aukning eigin tekna einungis áætluð 800 þús. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins eykst um 162 000 þús. kr. frá fjárlögum 1973, þegar tillit hefur verið tekið til innstæðu frá fyrra ári, endurgreiðslu lána og rekstrarkostnaðar. Er þetta í samræmi við áætlun sjóðsstjórnar að öðru leyti en því, að svonefnd námsaðstoð, þ. e. hluti reiknaðrar umframfjárþarfar, sem mætt er með lánveitingum úr sjóðnum, er óbreytt frá fyrra ári.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Þessi framlög hækka um 2 409 þús. kr., þar af til félagsstofnunar stúdenta 2 000 þús. kr., til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum 200 þús. kr., til Menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr., og aðrir liðir hækka um 109 þús. kr.

884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Framlag eykst um 25 000 þús. kr. og verður samtals 75 000 þús. kr.

931 **Náttúruverndarráð.** Kostnaður við ráðið hækkar um 3 555 þús. kr., þar af framlag til friðlýsingarsjóðs 2 572 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

975 **Vísindasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Er stöðugt unnið að undirbúningi málsins, en verkleg framkvæmd hefst vart fyrr en seint á árinu 1974.

981 **Almenningsbókasöfn.** Liðurinn hækkar um 589 þús. kr., þar af 300 þús. kr. til að koma á fót skráningarmiðstöð, 273 þús. kr. til húsabóta og 16 þús. kr. til styrkja.

982 **Listir, framlög.** Hækkun nemur í heild 19 485 þús. kr., þar af eru 16 125 þús. kr. fluttar af lið 999, ýmislegt. Er þar um að ræða framlög til íslenzkra rithöfunda o. s. frv. 12 000 þús. kr., Leikfélags Reykjavíkur 4 000 þús. kr., Bandalags ísl. listamanna 75 þús. kr. og Rithöfundasambands Íslands 50 þús. kr. Þá hækka liðirnir Tónlistarskólinn í Reykjavík 953 þús. kr., aðrir tónlistarskólar 3 331 þús. kr. og Barnamúsikskólinn 351 þús. kr. Eftirtaldir liðir falla niður: Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar 400 þús. kr., Tónlistarfélög Mosfellssveitar, Árnessýslu og Hafnarfjarðar 375 þús. kr. og sýningarskáli á Miklatúni 500 þús. kr.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Þessi liður lækkar um 530 þús. kr., þar sem framlag til norrænnar rannsóknastofnunar í fræðilegum atómvísindum verður hluti af framlagi til norræns menningarmálasamstarfs á næsta lið.

984 **Norræn samvinna.** Framlag hækkar um 3 349 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Upp er tekinn nýr liður, „Til samstarfs á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun“ 5 360 þús. kr., en inn í hann falla nokkrir sérliðir á fjárlögum 1973, þ. e. framkvæmd samnings milli Norðurlanda um samstarf á sviði menningarmála 1 219 þús. kr., til Menningarsjóðs Norðurlanda 632 þús. kr., til rekstrar Norræna hússins í Reykjavík 103 þús. kr., til norræna læknakennslusambandsins 82 þús. kr. auk fyrrgreindra 530 þús. kr., sbr. aths. við næsta lið á undan. Loks hækkar framlag til norrænnar tölfræðistofnunar um 25 þús. kr. Framlag Íslands til samnorrænu fjárhagsáætlunarinnar á sviði

menningarmála er 1% af heildaráætluninni, sem er 34 800 þús. danskar krónur, og skiptist þannig í þús. danskra kr.:

Norræna menningarmálaskrifstofan	3 210
Vísindamálefni	11 520
Fræðslumál	5 180
Almenn menningarmál	3 490
Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting	5 300
Menningarsjóður Norðurlanda	5 000
	33 700
Vegna væntanlegra launahækkana	1 100
	34 800

986 **Íþróttasjóður.** Framlag hækkar um 1 900 þús. kr. vegna byggingar íþróttamannvirkja.

999 **Ýmislegt.** Á þessum lið kemur fram 17 635 þús. kr. lækkun, er skýrist þannig: Á lið 982, listir, framlög, eru fluttar 16 125 þús. kr., sbr. skýringar við þann lið, og niður falla liðirnir dagheimili, byggingastyrkir (nú á lið 803), 1 150 þús. kr., flugskóli Helga Jónssonar 200 þús. kr., heimildarkvikmynd um atvinnuþróun á Suðurlandi 100 þús. kr. og til Haralds Ágústssonar til kaupa á skurðarhníf 60 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um samtals 11 357 þús. kr. Nýráðningar, þ. e. fulltrúi og ritari, nema 1 050 þús. kr., flutningar fulltrúa úr varnarmáladeild 821 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun 2 485 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður færður á yfirstjórn 3 167 þús. kr. Þá hækkar kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 2 804 þús. kr., vegna samninga við erlend ríki 504 þús. kr., vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 222 þús. kr., vegna kjörræðismanna 202 þús. kr., og aðrir liðir hækka um samtals 102 þús. kr.

301—312 **Sendiráðin.** Heildarhækkun á kostnaði við sendiráðin nemur 15 978 þús. kr., þar af launakostnaður 7 914 þús. kr. Er þar um að ræða eftirfarandi orsakir: Grunnkaupshækkunin frá marz 1973 kemur nú á allt árið og veldur 1.2% hækkun. Þá er tekið tillit til verðlagshækkana á næstliðnum 12 mánuðum í hverju landi um sig og loks til þeirra gengisbreytinga, sem orðið hafa. Nánar skiptist aukning launakostnaðar sem hér segir í þús. kr.:

Grunnlaun	249
Verðlag	3 251
Laun erl. starfsfólks (gengis- og grunnlaunahækkanir)	3 118
Gengishækkanir (á laun íslenzks starfsfólks)	1 296
Samtals	7 914

Orsakir hinnar hlutfallslega miklu aukningar á launum erlends starfsfólks eru m. a. þær, að gert er ráð fyrir launum ræðismanns og viðskiptafulltrúa við sendiráðið í New York 765 þús. kr. og ráðningu bílstjóra við sendiráðið í Osló 685 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 080 þús. kr., eða 13.7%, og viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður um samtals 3 984 þús. kr., m. a. vegna bifreiðakaupa, en ákveðið hefur verið, að ríkið eignist allar bifreiðar sendiráðanna, og munu nú fjórar vera í eigu sendiherranna sjálfra.

401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana hækka um samtals 3 851 þús. kr., og eru helztu hækkunarliðirnir þessir: Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóð-

anna 1 000 þús. kr., NATO 852 þús. kr., EFTA 850 þús. kr., Evrópuráðið 356 þús. kr., OECD 338 þús. kr., og á ýmsum öðrum liðum verður 455 þús. kr. nettóhækkun.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

171 **Jarðeignir ríkisins, framlög.** Hækkun á þessum lið verður 3 258 þús. kr., og nema þá heildarframlög ríkissjóðs 10 000 þús. kr.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Kostnaður hækkar um 5 528 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu ráðunauts í minkarækt í fullt starf og er viðbótarkostnaður 493 þús. kr., en önnur kostnaðaraukning stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag hækkar um 5 105 þús. kr., og skýrist sú hækkun þannig: Framlag til grænfóðurverksmiðja hækkar um 4 600 þús. kr., og inn er tekið framlag vegna Inn-Djúpsáætlunar 5 000 þús. kr., en kostnaður við yfirstjórn lækkar um 495 þús. kr., og niður falla liðirnir til skipulagningar, byggingar gróðurhúsa og varmaveitna, samtals 4 000 þús. kr.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið nemur 1 849 þús. kr., þar af 598 þús. kr. vegna ráðningar fiskifræðings, verðlagsuppbætur á laun eru 874 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 717 þús. kr., inn er tekin 400 þús. kr. fjárveiting vegna áætlaðra bóta til veiðibænda vegna missis veiðiaðstöðu, en framlag til laxeldisstöðvar í Kollafirði lækkar um 740 þús. kr.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Kostnaður hækkar um 5 007 þús. kr., þar af framlag til byggingar dýralæknabústaða 2 000 þús. kr., kostnaður við júgurbólgurannsóknir eykst um 446 þús. kr., við eftirlit með sláturhúsum 300 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

286 **Landbúnaður, framlög.** Landbúnaðarframlög hækka um samtals 245 927 þús. kr., eða sem hér segir: Stofnlánadeild landbúnaðarins skv. lögum nr. 68/1973 91 000 þús. kr. (þ. e. fastaframlag 21 000 þús. kr. og mótframlag 70 000 þús. kr.), útflutningsuppbætur 72 000 þús. kr., jarðræktarframlög 50 724 þús. kr., þar af 15 000 þús. kr. vegna flýtingar greiðslna, samkvæmt ósk Búnaðarfélags Íslands, að greiðslur eigi sér stað á sama ári og verk eru framkvæmd. Framræsla hækkar um 25 000 þús. kr., þar af 17 300 þús. kr. vegna flýtingar greiðslna, til búfjárræktar um 5 203 þús. kr. og til veðdeildar Búnaðarbankans framlög um 2 000 þús. kr.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Liðurinn hækkar um 11 457 þús. kr., þar af byggingarframlag um 6 050 þús. kr. og verður samtals 21 300 þús. kr. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða að mestu. Með fyrrgreindu byggingarframlagi verður haldið áfram byggingu heimavistar- og mötuneytishúss, og auk þess er ráðgerð bygging skólastjórabústaðar.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

202 **Hafrannsóknastofnunin.** Kostnaður eykst um 42 958 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu þriggja sérfræðinga, 1 872 þús. kr., og vegna tilkomu nýs skips hækkar launakostnaður um 3 750 þús. kr. Að öðru leyti hækkar launaliður um 22 442 þús. kr., eða 29.0%. Er það mun meiri hækkun en leiðir af verðlagsuppbótum, og kemur hún einkum fram á launakostnaði skipanna. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 165 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. vegna útibús, sem ráðgert er að koma á fót, en að öðru leyti stafar hækkun liðarins af verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 2 129 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður til tækjakaupa um 2 600 þús. kr.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Liðurinn hækkar um 6 239 þús. kr., þar af 776 þús. kr. vegna ráðningar tveggja rannsóknarmanna, 633 þús. kr. vegna launa á fyrirhuguðu útibúi og 3 540 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun.

Launaliður hækkar þannig um 4 949 þús. kr., en aðrar kostnaðarhækkanir nema 2 265 þús. kr., þar af 1 357 þús. kr. vegna nýs útibús. Á móti hækka tekjur um 975 þús. kr.

274 **Aflatryggingasjóður.** Framlag ríkissjóðs á móti útflutningsgjaldi hækkar um 15 188 þús. kr. og verður 51 563 þús. kr. Framlag ríkissjóðs til almennrar deildar togaraflotans er 2 500 þús. kr., þannig að framlag úr ríkissjóði verður í heild 54 063 þús. kr. Til viðbótar þessu hefur sjóðurinn tekjur af útflutningsgjöldum, sem eru áætluð 453 800 þús. kr., þar af 247 500 þús. kr. til áhafnadeildar. Heildartekjur sjóðsins eru þannig áætlaðar 507 863 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 175 409 þús. kr. Munar þar mest um áhrif nýrra laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 55/1973, er kveða á um mótframlag ríkissjóðs móti útflutningsgjaldi, og er það áætlað 175 000 þús. kr. á árinu 1974. Þá er tekinn upp liður vegna athugunar á notkun svartolíu í dísilskipum, 500 þús. kr., kostnaður vegna hollustuhátta í fiskiðnaði hækkar um 247 þús. kr., vegna veiðieftirlits o. fl. um 122 þús. kr., en kostnaður vegna eftirlits með hvalvinnslustöðvum lækkar um 460 þús. kr.

06 *Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.*

203 **Borgardómaraembætti.** Gert er ráð fyrir ráðningu ritara við embættið, og er kostnaður 355 þús. kr. Önnur kostnaðaraukning stafar af verðlagshækkunum.

205 **Sakadómaraembætti.** Heildarhækkun útgjalda er 12 246 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en vegna nýrra laga (nr. 38/1973) um fangelsi og vinnuhæli tekur Reykjavíkurborg ekki lengur þátt í rekstri hegningarhússins við Skólavörðustíg. Fellur því niður tekjuliður, sem var 5 088 þús. kr. í fjárlögum 1973, þannig að framlag ríkissjóðs eykst í heild um 17 334 þús. kr.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Framlag á fjárlögum hækkar um 5 130 þús. kr. og verður 8 280 þús. kr., en með því á byggingunni að vera fullokið. Árið 1973 var fjárveiting 3 150 þús. kr. auk 19 000 þús. kr. á framkvæmdaáætlun.

211 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta, sameiginlegur kostnaður.** Á liðnum verður 6 025 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Kostnaður vegna prentunar sameiginlegra kvittana hækkar um 96 þús. kr., og inn eru tekin tvö ný viðfangsefni, bókhaldsvélar, 1 400 þús. kr., og rekstur sjúkrasamlaga, 4 529 þús. kr. Er þar um að ræða kostnað, sem ekki hefur enn verið skipt á einstök sýslumannsembætti.

212—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarkostnaður við þessi embætti hækkar um 66 942 þús. kr., þar af laun 47 787 þús. kr., annar rekstrarkostnaður 12 306 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 6 849 þús. kr. Af hækkuninni á launalið stafa 5 193 þús. kr. af nýráðningum, einkum vegna yfirtöku á rekstri sjúkrasamlaga. Þannig er gert ráð fyrir einum starfsmanni vegna sýslusamlaga við hvert embættanna á Patreksfirði, Blönduósi, Akureyri, Hvolsvelli og Vík í Mýrdal auk manns í hálft starf fyrir A.-Skaftafellssýslu, eða samtals 5½ starf vegna héraðssamlaga. Þá er gert ráð fyrir fjölgun um löglærðan fulltrúa, ritara og skrifstofumann í Keflavík vegna stækkunar umdæmisins, lögreglustjóra og ritara í Hafnahreppi, sem er nýtt embætti skv. lögum nr. 15/1973, en á móti fellur niður staða löglærðs fulltrúa og ritara í hálfu starfi í Vík í Mýrdal. Loks er fjölgað um einn lögregluþjón á Ólafsfirði. Verðlagsuppbætur á laun og flokkatilfærslur nema 42 594 þús. kr., eða 17.1%. Hækkun annars rekstrarkostnaðar 12 306 þús. kr., eða 21.2%, er vegna verðlagshækkana. Af hækkun gjaldf. stofnkostn., 6 849 þús. kr., eru 3 460 þús. kr. til nýs embættisbústaðar á Höfn í Hornafirði og 1 150 þús. kr. til lögreglustöðvar þar. Þá eru 900 þús. kr. til innréttinga nýs húsnæðis fyrir embætti bæjarfógeta á Akra-

nesi og 2 500 þús. kr. til lögreglustöðvar þar. Framlag til skrifstofuhúsnæðis í Keflavík hækkar um 920 þús. kr. Loks fellur niður framlag til lögreglustöðvar í Bolungarvík, 2 000 þús. kr., og á öðrum liðum verður 81 þús. kr. nettólækkun.

1	07	999	33	Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra
1	07	975		Styrktarsjóður vangefinna
1	02	984	09	Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum
1	02	881	05	Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga
1	02	881	09	Styrkur til útgáfustarfa
1	02	507		Stýrimannaskólinn í Reykjavík

1	02	582		Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum
1	06	301	12	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar
1	02	999	39	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum
1	02	999	63	Sumarskóli í Edinborg
1	02	983	04	Surtseyjarfélagið
1	07	399		Sveitarfélög, framlög
1	02	999	23	Sviffflugfélag Íslands
1	06	225		Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri
1	06	236		Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði
1	06	226		Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík
1	06	218		Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði
1	06	222		Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki
1	06	227		Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði
1	06	221		Sýslumaðurinn, Blönduósi
1	06	213		Sýslumaðurinn, Borgarnesi
1	06	215		Sýslumaðurinn, Búðardal
1	06	229		Sýslumaðurinn, Eskifirði
1	06	219		Sýslumaðurinn, Hólmavík
1	06	232		Sýslumaðurinn, Hvolsvelli
1	06	216		Sýslumaðurinn, Patreksfirði
1	06	234		Sýslumaðurinn, Selfossi
1	06	214		Sýslumaðurinn, Stykkishólmi
1	06	231		Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal
1	02	999	08	Sædýrasafnið í Hafnarfirði
1	11	235	03	Sölustofnun lagmetisiðnaðarins
1	06	301	10	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar
1	02	999	20	Taflfélag Reykjavíkur
1	08	481	04	Templarahöllin, byggingarstyrkur
1	07	999	17	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis
1	02	101	11	Til fyrrverandi barnakennara
1	02	883		Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla
1	02	202		Tilraunastöð háskólans á Keldum
1	02	999	11	Tímaritið Veðrið
1	07	999	06	Tjaldanesheimilið
1	09	999	07	Togaralán, framlag
1	05	299	05	Togarar, rekstrarhalli
1	09	282		Tollamál, sameiginlegur kostnaður
1	03	201	02	Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli
1	09	263		Tollgæzla utan Reykjavíkur
1	09	261	03	Tollgæzlan í Reykjavík
1	09	261		Tollstjórinn í Reykjavík
1	09	281		Tollstöðvar, framlag
1	02	982	02	Tónlistarskólar, aðrir
1	02	982	01	Tónlistarskólinn í Reykjavík
1	02	982	04	Tónlistarstarfsemi
1	08	271		Tryggingastofnun ríkisins
1	11	299	07	Tækniaðstoð S. þ., mótframlag
1	05	299	08	Tækniaðstoð til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði
1	02	501		Tækniskóli Íslands
1	07	999	28	Umbúðasmiði vegna fatlaðra
1	06	255		Umferðarráð

1	02	101	12	Unglingafræðsla
1	02	988	04	Ungmennafélag Íslands
1	09	381		Uppbætur á lífeyri
1	04	286	13	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir
1	02	871		Upptökuheimilið í Kópavogi
1	06	301	07	Utanfarir presta
1	03	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa
1	11	235	02	Útflutningsmiðstöð iðnaðarins
1	02	989	06	Útgáfa handbóka um skólaíþróttir
1	06	281	06	Útgáfa norræns dómasafns
1	06	301	24	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan
1	09	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum
1	06	301	20	Útihús á prestssetrum
1	06	206	02	Útlendingaeftirlit
1	03	102		Varnarmáladeild
1	03	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar
1	07	399	02	Vatnsveitur skv. lögum
1	04	286	11	Veðdeild Búnaðarbankans
1	10	652		Veðurstofan
1	10	211		Vegagerð
1	05	299	09	Veiðieftirlit
1	04	246		Veiðimálaskrifstofan
1	04	205		Veiðistjóri
1	11	371	06	Verðjöfnunargjald til Orkusjóðs
1	04	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða
1	05	221		Verðlagsráð sjávarútvegsins
1	12	902		Verðlagsskrifstofan
1	05	299	10	Verðuppbætur á línufisk
1	11	204		Verkstjórnarnámskeið
1	08	471	04	Vernd
1	02	802		Vernd barna og ungmenna
1	02	581		Verzlunarskólar
1	02	581	01	Verzlunarskóli Íslands
1	06	301	05	Vestur-íslenzkar kirkjur
1	02	506		Vélskóli Íslands
1	02	987		Viðeyjarstofa, endurbætur
1	05	299	11	Viðgerðarþjónusta á fiskleitartækjum
1	11	299	12	Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað
1	12	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa
1	06	243		Vinnuhælið á Kvíabryggju
1	06	242		Vinnuhælið á Litla-Hrauni
1	07	981		Vinnumál
1	07	399	07	Vinnumiðlun
1	02	801		Vistheimilið Breiðavík
1	10	331		Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa
1	10	332	05	Vitabyggingar
1	10	332		Vitamál
1	10	332	02	Vitar, rekstur
1	02	983	03	Vísinda- og fræðimenn
1	02	975		Vísindasjóður
1	12	999		Vörusýningar erlendis

1	07	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið
1	08	399		Ýmis heilbrigðismál
1	02	989		Ýmis íþróttamál
1	09	991		Ýmis lán ríkissjóðs
1	04	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála
1	02	399		Ýmis utanríkismál
1	02	983		Ýmis vísindaleg starfsemi
1	09	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið
1	02	999		Ýmislegt, menntamálaráðuneytið
1	05	299		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
1	02	999	40	Zontaklúbbur Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi
1	02	999	41	Þjóðdansafélagið
1	01	931	02	Þjóðgarðar
1	01	902		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
1	01	101	04	Þjóðhátíðin 1974
1	06	301		Þjóðkirkjan
1	02	973		Þjóðleikhúsið, framlög
1	02	902		Þjóðminjasafn Íslands
1	02	903		Þjóðskjalasafn Íslands
1	13	102		Þjóðskráin
1	08	502		Þroskaþjálfaskólinn
1	02	322		Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans
1	02	988		Æskulýðsmál
1	02	988	08	Æskulýðsnefnd A-Húnavatnssýslu
1	02	988	10	Æskulýðsnefnd Eyjafjarðarsýslu
1	02	988	09	Æskulýðsnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
1	02	988	02	Æskulýðsráð ríkisins
1	02	988	06	Æskulýðssamband Íslands
1	06	301	11	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan
1	06	284	03	Öleftirlit
1	06	261		Öryggiseftirlit ríkisins

B-HLUTI

2	05	274	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins
2	09	931	Arnarhvoll
2	08	273	Atvinnuleysistryggingasjóður
2	04	221	Áburðarverksmiðja ríkisins
2	09	101	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins
2	10	211	Áhaldahús vegagerðarinnar
2	07	972	Bjargráðasjóður Íslands
2	09	932	Borgartún 7
2	02	981	Bókaútgáfa Menningarsjóðs
2	08	911	Brunabótafélag Íslands
2	01	171	Byggðasjóður
2	05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

2 05 271 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips .....
2 02 977 Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu .....
2 02 276 Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna .....
2 07 271 Byggingasjóður ríkisins .....
2 07 272 Byggingasjóður verkamanna .....
2 04 502 Bændaskólabúið á Hólum .....
2 04 501 Bændaskólabúið á Hvanneyri .....

2 07 971 Erfðafjársjóður .....

2 10 673 Ferðaskrifstofa ríkisins .....
2 05 211 Fiskimálasjóður .....
2 10 471 Flugmálastjórn .....
2 03 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli .....
2 04 236 Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti .....
2 03 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli .....
2 08 372 Fæðingardeild Landspítalans .....

2 04 503 Garðyrkjuskólabúið á Reykjum .....
2 08 471 Gæzluvistarsjóður .....

2 10 332 Hafnabótasjóður .....
2 02 201 Happdrætti Háskóla Íslands .....
2 02 211 Háskólabíó .....

2 09 103 Innkaupastofnun ríkisins .....

2 11 331 Jarðboranir ríkisins .....
2 04 172 Jarðeignasjóður ríkisins .....
2 04 171 Jarðeignir ríkisins .....
2 11 332 Jarðvarmaveitur ríkisins .....

2 06 371 Kirkjubyggingasjóður .....
2 06 372 Kirkjugarðasjóður .....
2 08 373 Kleppsspítalinn .....
2 08 376 Kópavogshælið .....
2 08 375 Kristneshælið .....
2 06 373 Kristnisjóður .....

2 11 234 Lagmetisiðjan Siglósíld .....
2 07 372 Landakaup kaupstaða og kauptúna .....
2 04 271 Landgræðslusjóður .....
2 06 251 Landhelgissjóður .....
2 10 334 Landshöfn, Keflavík, Njarðvík .....
2 10 335 Landshöfn, Rifi .....
2 10 333 Landshöfn, Þorlákshöfn .....
2 08 371 Landspítalinn .....
2 11 232 Landssmiðjan .....
2 11 311 Landsvirkjun .....
2 11 312 Laxárvirkjun .....
2 04 246 Laxeldisstöð í Kollafirði .....
2 02 872 Lánasjóður íslenzkra námsmanna .....
2 07 371 Lánasjóður sveitarfélaga .....

2	09	102	Lyfjaverzlun ríkisins
2	08	377	Læknishéraðasjóður
2	06	101	Lögbirtingablaðið
2	02	976	Menningarsjóður
2	08	378	Námslán læknastúdenta
2	11	371	Orkusjóður
2	10	101	Póstur og sími
2	11	321	Rafmagnsveitur ríkisins
2	09	971	Ríkisábyrgðasjóður
2	11	233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
2	02	422	Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð
2	02	971	Ríkisútvarp, hljóðvarp
2	02	972	Ríkisútvarp, sjónvarp
2	03	121	Sala varnarliðseigna
2	02	679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
2	11	231	Sementsverksmiðja ríkisins
2	10	672	Sérleyfissjóður
2	02	974	Sinfóníuhljómsveit
2	05	221	Síldarverksmiðjur ríkisins
2	10	321	Skipaútgerð ríkisins
2	04	237	Stórólfsvallabúið
2	07	974	Styrktarsjóður fatlaðra
2	07	975	Styrktarsjóður vangefinna
2	04	206	Tilraunabúið á Hesti
2	04	208	Tilraunastöðin á Akureyri
2	04	207	Tilraunastöðin á Reykhólum
2	04	211	Tilraunastöðin á Sámsstöðum
2	04	209	Tilraunastöðin á Skriðuklaustri
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar
2	08	271	Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar
2	05	223	Tunnuverksmiðjur ríkisins
2	10	671	Umferðarmiðstöð
2	02	871	Upptökuheimilið í Kópavogi
2	08	421	Vistheimilið í Gunnarsholti
2	10	331	Vitamálastjórn, áhaldahús
2	08	331	Vífilsstaðabúið
2	08	374	Vífilsstaðaspítali
2	02	975	Vísindasjóður
2	09	939	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs
2	02	973	Þjóðleikhús
2	08	311	Þvottahús ríkisspítala

Efnisyfirlit.

		Bls.
A-hluti:	Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	1
	Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	1
	Rekstrarreikningur	2
	Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	8
	Æðsta stjórn ríkisins	8
	Forsætisráðuneytið	9
	Menntamálaráðuneytið	11
	Utanríkisráðuneytið	31
	Landbúnaðarráðuneytið	36
	Sjávarútvegsráðuneytið	42
	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	45
	Félagsmálaráðuneytið	58
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	61
	Fjármálaráðuneytið	66
	Samgönguráðuneytið	71
	Iðnaðarráðuneytið	75
	Viðskiptaráðuneytið	78
	Hagstofa Íslands	78
	Ríkisendurskoðun	79
	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	79
B-hluti:	Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	80
Heimildir		116
Sérstök yfirlit		119
1.	Heildarútgjöld eftir tegundum útgjalda, A-hluti	119
2.	Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta	119
3.	Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda	120
4.	Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli	120
5.	Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum	121
6.	Framkvæmdaframlög 1973 og 1974	122
7.	Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps 1974 og fjáröflun til þeirra	123
8.	Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekjustofnum	124
9.	Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtakendum	126
10.	Hlutfallsleg skipting tekna eftir tegundum skatta og gjalda	127
11.	Skipting á lögbundnum og ólögbundnum eftirlaunum og styrktarfé	128

Bls.
Athugasemdir 135
Yfirlit og samanburður við fjárlög 1973. Breytt framsetning frumvarpsins 137
Gjaldahlið 139
Tekjuhlið 146
Lánahreyfingar 150
Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins 153

Fylgiskjöl: I. Talnalykill 171

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð 174

Ed. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávik frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykkta, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973

2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr. eru:

1) Lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, sbr. og lög nr. 84/1943.
2) Lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, dags. 26. jan. 1966, og lög nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 14/1897.
3) Lög nr. 108/1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
4) Skipulagslög nr. 19/1964.
4) Lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál.
6) Orkulög nr. 58/1967.
7) Lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávik frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykkta, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávik frá ákvæðum í tölulíðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávik frá ákvæðum 5. tölulíðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, en frávik frá ákvæðum 6. tölulíðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskráinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess, að sett verði bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar. Ákveðið hefur verið að kaupa til landsins verksmiðjugerð timburhús til þess að mæta húsnæðisþörf Vestmannaeyinga, og eru þau hús keypt fyrir fé, er hin Norðlöndin hafa lagt fram. Nú er ljóst, að gerð húsa þessara samræmist ekki að öllu leyti ákvæðum íslenzkrar byggingarlöggjafar, en jafnframt er ljóst, að það, sem á milli ber, skipti ekki meginmáli, enda um að ræða hús, er standast strangar kröfur grannþjóða okkar og í samræmi við byggingarlöggjöf þeirra. Þá er og ljóst, að bygging þessara húsa fer fram með öðrum hætti en gildandi lög mæla fyrir og íslenzkar byggingarvenjur gera ráð fyrir.

Fyrir því þykir nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög, þannig að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við íslenzka löggjöf og ekki verði ónauðsynlegar tafir á framkvæmdum. Ástæðulaust þykir að ætlast til þess að hlutaðeigandi sveitarstjórnir geri almennar breytingar á sínum samþykktum og reglugerðum, enda einungis að því stefnt, að umrædd ákvæði gildi um þau hús, sem reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávik frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykkta, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973.

2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr. eru:

1) Lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, sbr. og lög nr. 84/1943.
2) Lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðn-

um Ísafirði, dags. 26. jan. 1866, og lögum nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 14/1897.
3) Lög nr. 108/1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
4) Skipulagslög nr. 19/1964.
5) Lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál.
6) Orkulög nr. 58/1967.
7) Lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávik frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykkta, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávik frá ákvæðum í tölulíðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávik frá ákvæðum 5. tölulíðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, en frávik frá ákvæðum 6. tölulíðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Hagrannsóknastofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar.

2. gr.

Meðal verkefna Hagrannsóknastofnunarinnar eru þessi:
1) Að færa þjóðhagsreikninga.
2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyzlu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess

skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.

4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.

5) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

3. gr.

Skylt er að veita Hagrannsóknastofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Hagrannsóknastofnun skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

4. gr.

Hagrannsóknastofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 60/1964 um breyting á lögum nr. 97/1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965 um Laxárvirkjun og Orkulögum nr. 58/1967.

5. gr.

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Hagrannsóknastofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

6. gr.

II. kafli laga nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins falli niður svo og önnur málsgrein 38. gr. sömu laga og önnur ákvæði þeirra, er varða hagrannsóknadeild og starfsemi hennar.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hagrannsóknastofnunarinnar má setja með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins var hagrannsóknadeild stofnunarinnar ákveðin sérstaða, að því leyti sem segir í 6. gr. laganna, að hún „heyrir beint undir ríkisstjórnina". Ástæðurnar til þess að marka deildinni þessa sérstöðu eru einkum tvær. Annars vegar er talið æskilegt, að almenn hagrannsóknastarfsemi hafi svo óháða stöðu sem kostur er. Hins vegar er sú staðreynd, að verkefni deildarinnar, einkum það að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, ráðuneyti við ríkisstjórnina í efnahagsmálum og almenn upplýsingaþjónusta á sviði efnahagsmála, eru afar umfangsmikil og falla að miklu leyti í sjálfstæðan farveg, sem er óháður annarri starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Reynslan, sem fengizt hefur á þeim tíma, sem Framkvæmdastofnunin hefur starfað, hefur staðfest nauðsyn sjálfstæðrar stöðu starfs hagrannsóknadeildar. Því virðist nú eðlilegt

að halda lengra í þá átt, sem mörkuð var fyrir stöðu deildarinnar í lögum um Framkvæmdastofnun. Í þeim tilgangi er þetta frumvarp um sérstaka Hagrannsóknastofnun flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Í þessum greinum eru verkefni og staða stofnunarinnar ákveðin. Ákvæðin um verkefni eru hér nokkru ýtarlegri en hliðstæð ákvæði í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins og áður Efnahagsstofnun, einkum eru hér skýrari ákvæði um birtingu skýrslna, auk þess sem almennt þjónustuhlutverk stofnunarinnar við aðila vinnumarkaðarins er hér beinlínis tekið fram.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða sams konar ákvæði og er að finna í fyrri löggjöf um þetta efni. Ákvæðið um byggingarskýrslur er nauðsynlegt vegna skýrslna um fjárfestingar- og byggingarstarfsemi.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ákveðin verkefni, sem falin voru Efnahagsstofnuninni og síðar Framkvæmdastofnun ríkisins, flytjist til Hagrannsóknastofnunar.

Þessi verkefni eru:

1. Skv. 1. mgr., 2. gr. laga nr. 60/1964: Oddamannsstarf í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins.
2. Skv. 1. mgr., 11. gr. laga nr. 59/1965, 8. gr. laga nr. 60/1965 og 4. gr. og 1. mgr. 62. gr. laga nr. 58/1967: Umsagnar- og tillöguhlutverk um rafmagnsverð Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og sæti í Tækninefnd Orkustofnunar.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að kostnaður af rekstri stofnunarinnar verði borinn sameiginlega af Ríkissjóði og Seðlabanka Íslands, og að þeir geri með sér samning um fjármál stofnunarinnar. Í þessum samningi yrði kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og samþykkt þeirra af hálfu kostnaðaraðila svo og önnur fjárhagsmálefni stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Þessi grein felur í sér tillögu um samræmingu á ákvæðum laga nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins og ákvæðum þessa frumvarps.

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um stofnun sjóminjasafns.

Flm.: Gils Guðmundsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar, í samráði við þjóðminjavörð, undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Skal leita eftir samvinnu við Hafnarfjarðarbæ um hentugt landssvæði fyrir slíkt safn, svo og um byggingu þess og rekstur.

Greinargerð.

Allir þeir, sem sótt hafa heim erlendar þjóðir og haft þar einhver kynni af safnamálum, geta borið um það, að sjóminja- og siglingasöfn af ýmsum toga skipa þar veglegt rúm og eru flestum söfnum vinsælli og fjölsóttari. Meðal þeirra þjóða, sem stundað hafa sjóhernað að marki, ber mikið á alls kyns minjum af því tagi. Gamlar

og grónar siglingaþjóðir gera sér allt far um að bregða upp myndum af kaupförum frá ýmsum tímum og búnaði þeirra. Loks er að nefna þær þjóðir, sem lagt hafa mikla stund á fiskveiðar um aldir. Þar bera sjóminjasöfnin þess að sjálfsögðu merki, fiskibátar, búnaður þeirra, veiðarfæri og annað, er sjávarútveg varðar, skipa þar mikið rúm.

Allar Norðurlandaþjóðir, að Íslendingum einum undanteknum, hafa komið sér upp veglegum sjóminjasöfnum. Þeir, sem gengið hafa um „bátahöll" frænda okkar Færeyinga í Þórshöfn, kynnt sér, hversu hinar ýmsu bátategundir þeirra eru vel varðveittar, og skoðað að öðru leyti sérlega snyrtilegt og vandað sjóminjasafn, sem þar getur að líta, hljóta að spyrja sjálfa sig: Hversu lengi á það til að ganga, að stórmerkar og óbætanlegar sjóminjar, sem spegla flestu betur lífsbaráttu genginna kynslóða, skuli hér á landi verða eyðingunni að bráð, vegna þess að við höfum ekki hirt um að varðveita þær, — ekki komið því í verk að efna til sæmilega myndarlegs safns, sem hýst gæti slíka gripi? Öllu lengur má ekki svo til ganga, að látið sé undir höfuð leggjast af opinberri hálfu að stíga fyrstu krefin í þá átt, að við Íslendingar eignumst myndarlegt safn sjóminja, svo sem hæfir þjóð, sem í ríkara mæli en flestar aðrar hefur lifað á fiskveiðum um aldir. Einkum þarf að bregðast skjótt við til að safna og forða frá eyðileggingu bátum, skipum og margvíslegum minjum öðrum um sjósókn forfeðra okkar og siglingar. En jafnframt ber að hafa í huga, að slíkar minjar þurfa hið skjótasta að verða aðgengilegar á safni, sem á að geta orðið mikilvægt upprennandi kynslóðum og sýnt þeim flestu betur, hvernig forfeður þeirra og formæður fóru að til að geta lifað. Nú er og vaknaður verulegur áhugi á því að koma upp safni af þessum toga, og ætti vissulega að því að hyggja, hvort ekki megi finna þeim áhuga farveg, er leiði til framkvæmda, í góðri samvinnu við ríkisvaldið, sem að hyggju flutningsmanna þessarar tillögu á að hafa forustu um málið. Áhugamenn, einstaklingar og félög, geta lagt máli þessu mikið lið, hjálpað til við söfnun, vakið almennan skilning á gildi slíks safns o. s. frv. En að því er byggingarframkvæmdir og rekstur snertir þarf ríkisvaldið að koma til, ef til vill í samvinnu við bæjarfélag, sem kynni að vilja leggja fram hentugt landrými og veita málinu stuðning á ýmsan annan hátt.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli, að meðal Hafnfirðinga er kominn upp verulegur áhugi á því, að sjóminjasafn geti risið upp þar, t. d. á Hvaleyri eða á Hvaleyrarholti, eða þá vestast í bæjarlandinu, skammt þaðan sem dvalarheimili sjómanna á að rísa, þar sem að margra dómi væri einkar hentugur staður fyrir slíkt safn. Yrði þá væntanlega gerður samningur milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar um stofnun og rekstur safnsins.

Hugmyndin að íslensku sjóminjasafni er nú orðin a. m. k. 75 ára gömul. Árið 1898 var efnt til fiskveiðasýningar mikillar í Björgvin í Noregi. Tveir Íslendingar sóttu sýningu þessa, Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur og Jón Þórarinsson skólastjóri í Flensborg, síðar fræðslumálastjóri. Áður en Jón Þórarinsson fór utan, átti hann til við útgerðarmenn í höfuðstaðnum um, að þeir legðu nokkurt fé af mörkum til þess að kaupa á sýningunni ýmsa muni, sem gætu orðið stofn að **fiskveiðasafni**, eins og hann komst að orði, þ. e. safni veiðarfæra og annarra áhalda, er að veiðiskap lúta. Var það hugmynd Jóns, að íslenskum veiðiáhöldum yrði síðan bætt við, „svo að sjómenn ættu þar kost á að sjá bæði útlend og innlend áhöld, bera þau saman og reyna þau, sem þeir þekkja ekki áður". Undirtektir útgerðarmanna urðu heldur daufar, en á leiðinni til Björgvinjar kom Jón við í Kaupmannahöfn, og þar afhenti íslenskur kaupmaður honum 300 krónur til þess að kaupa muni. Keypti Jón eitthvað, en ekki er okkur kunnugt, hvað af þeim munum hefur orðið. Hitt er víst, að hugmyndin um sjóminjasafn varð í þetta skipti að engu.

Nú liðu mörg ár, og enginn hreyfði þessu máli. En árið 1922 ritar Sveinbjörn Egilsson ritstjóri Ægis merka grein um málið. Birti hann og síðar fleiri hvatningargreinar í blaði sínu um þetta efni, og hann verður fyrstur manna til að nota orðið **sjóminjasafn.**

Þá skal þess getið, að á árunum 1923—1927 skrifaði Kristján Bergsson, formaður Fiskifélags Íslands, greinar um **fiskminjasafn.** Var þar um sömu hugmyndina að ræða og hjá Sveinbirni. Ætlaðist Kristján Bergsson til þess, þegar hús Fiskifélags Íslands var reist árið 1930, að efri hæðin yrði notuð fyrir slíkt safn. Af því varð þó ekki, og olli því bæði fjárskortur og almennt skilningsleysi á gildi sjóminjasafns. Fiskifélagið eignaðist að vísu nokkra muni, sem því voru gefnir, en húsnæðið var tekið til annarra nota.

Nú leið og beið, þar til stofnað var til samtaka um sjómannadag, sem hátíðlegur skyldi haldinn einu sinni ár hvert. Gekkst Sjómannadagsráð fyrir því, að í sambandi við sjómannadaginn 1939 var komið upp sjávarútvegssýningu í Listamannaskálanum, hinni fyrstu, sem haldin hefur verið hér á landi. Þarna var komið fyrir þeim munum, sem til voru í vörslu Þjóðminjasafns og Fiskifélags, en jafnframt hafði gripum á sýninguna verið safnað víða að og nokkur líkön gerð gagngert til að sýna að þessu sinni. Sýning þessi stóð lengi og var fjölsótt. Þótti undirbúningur allur hafa tekist vel, miðað við aðstæður.

Í sambandi við sýningu þessa birtust greinar í blöðum um nauðsyn þess að koma upp sjóminjasafni. Á vegum Sjómannadagsráðs var og kosin sérstök sjóminjasafnsnefnd sumarið 1939, og lagði hún eftirfarandi tillögu fyrir fund í Sjómannadagsráði um haustið:

„Vegna hinnar ágætu reynslu í sambandi við sýningu sjómanna í sumar og hins almenna áhuga, sem þá vaknaði fyrir sjóminjasafni, og góðar undirtektir ríkisstjórnarinnar, telur fulltrúaráð sjómannadagsins, að samtökin um sjómannadaginn eigi m. a. að nota til þess að koma á stofn slíku sjóminjasafni, og samþykkir því að fela ráðsstjórninni að að ganga frá ákveðnum tillögum um stofnun sjóminjasafns í samráði við ríkisstjórnina og með opinberum stuðningi og leggja þær tillögur fyrir næsta aðalfund."

Þessi samþykkt var síðan send ríkisstjórninni og lagt til, að veittar væru á fjárlögum í þessu skyni 8 þúsund krónur. Niðurstaðan varð sú, að tekin var upp á fjárlög 3500 kr. fjárveiting til kaupa á sjóminjum, og stóð svo í nokkur ár. Þetta fé mun hafa runnið til Þjóðminjasafnsins.

Enn er þess að geta, að Lúðvík Kristjánsson rithöfundur skrifaði oftar en einu sinni um sjóminjasafn í Ægi, og fyrri flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu skrifaði um málið í Sjómannablaðið Víking, auk þess sem hann flutti um það sérstakt útvarpserindi haustið 1946.

En brýningar þessar báru lítinn árangur. Þó komst málið inn í Alþingi, þar sem Hermann Guðmundsson flutti árið 1947 þingsályktunartillögu þess efnis, að ríkisstjórninni yrði falið að hefja undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu. Síðan hefur verið ótrúlega hljótt um mál þetta, þar til nú hin síðustu missiri, að um það hafa spunnist umræður, einkum í Hafnarfirði, þar sem vaknaður er mikill áhugi á framgangi málsins.

Í Alþýðublaði Hafnarfjarðar, jólablaðinu 1972, birtir ritstjórinn, Ólafur Þ. Kristjánsson fyrrverandi skólastjóri, viðtöl við 9 menn um íslenskt sjóminjasafn, sem hugsanlega yrði valinn staður í Hafnarfirði. Er í viðtölum þessum að finna mikinn fróðleik um mál þetta. Þar er rætt við Hafnfirðingana Kristin Ó. Guðmundsson bæjarstjóra, Gunnar H. Ágústsson hafnarstjóra, Jón Kr. Gunnarsson forstöðumann Sædýrasafnsins, Þorberg Ólafsson framkvæmdastjóra Bátalóns, Gísla Sigurðsson varðstjóra og fræðimann og Lúðvík Kristjánsson rithöfund. Þá eru þar og viðtöl við Þór Magnússon þjóðminjavörð, Indriða G. Þorsteinsson rithöfund og Gunnar M. Jónasson arkitekt, en hinn síðastnefndi hafði að prófverkefni gerð sjóminjasafns á Íslandi. Verða hér á eftir sem fylgiskjöl birtir kaflar úr þrem þessara viðtala, þar sem þar er brugðið skæru ljósi á það viðfangsefni, sem hér er um að ræða, og færð glögg rök að því, hversu mikilvægu hlutverki gott og vandað sjóminjasafn hefur að gegna. Þá kemur og ljóslega fram í viðtölum þessum, að með hverju árinu sem líður án þess að hafist sé handa hverfa menningarsöguleg verðmæti í glatkistuna

og sumir þeir bátar, sem reynt er að varðveita, liggja undir stórskemmdum. Færu þeir forgörðum, yrði í mörgum tilvikum um tjón að ræða, sem ekki yrði bætt, hversu fegnir sem menn vildu.

Fylgiskjal I.

Úr viðtali við Þór Magnússon þjóðminjavörð.

Þarf ekki slíkt safn töluvert húsrými?

Jú, að sjálfsögðu. Safnið verður að vera aðgengilegt. Það verður að vera hægt að skoða það, sem er verið að sýna. Hver hlutur verður að njóta sín, það má ekki láta þá kaffæra hvern annan. Það sést víða í söfnum, að þau eru yfirhlaðin, offyllt; ekki síst sést þetta erlendis í gömlum söfnum. En auðvitað þarf safnið jafnframt öðru að vera heimildasafn. Séu margir hlutir til sömu tegundar, á að koma flestum þeirra fyrir í geymslu, og þá geta þeir, sem eru að rannsaka þau efni, fengið aðgang að þeim þar.

Þið hafið sjóminjadeild hér í Þjóðminjasafni?

Það er talsvert til, sem þar á heima. Það var einu sinni sjóminjasýning hér í bænum, 1939 held ég að það hafi verið, og þá var miklu safnað saman, veiðarfærum og myndum og fleiru. Það var ætlunin að stofna sjóminjasafn upp úr því, en tíminn var ekki kominn, eða botninn datt úr því af einhverjum ástæðum, og þá var horfið að því ráði að láta Þjóðminjasafnið fá allt safnið. Það er uppistaðan í sjóminjasafninu hér. En hér vantar algerlega húspláss fyrir slíkt. Sumir hlutanna, sem þar eiga að vera og þurfa að vera, eru stórir og fyrirferðarmiklir. En það er töluvert til hér.

Er ekki orðið erfitt að fá ýmsa gamla muni?

Jú. Ég held, að sumt hér niðri sé algerlega ófáanlegt, það séu seinustu eintökin, sem við höfum náð í, til dæmis skinnklæðin gömlu (en brókarkvísl urðum við að láta smíða) og Drangeyjarflekarnir; þeir voru eyðilagðir, þegar veiði með þeim var bönnuð, og líklega eru engir þeirra til nú nema okkar og þeir, sem eru í safninu í Glaumbæ í Skagafirði.

Hvernig er með opnu bátana?

Það eru seinustu forvöð að ná í þá marga, og sjálfsagt engin leið með suma. Bátarnir voru með ýmsu lagi og af ýmsum stærðum. Það voru bátar með Engeyjarlagi, sem tók við af Faxaflóalaginu gamla, svo var breiðfirskt bátalag og Bolungarvíkurlag, og selabyttur norðanlands voru með sérstöku lagi. Hér syðra var brimsandalagið, og á Eyrarbakka var Steinslag, kennt við smiðinn, sem fyrstur smíðaði bát með því lagi; það er eitt skip til með því lagi. Það var ströndin, straumarnir, sjólagið, sem kenndi mönnum, að ákveðið bátalag hentaði hverjum landshluta, og stundum hafa einstakir smiðir breytt til, eins og Steinn gerði. Ég vil endilega, að reynt sé að varðveita að minnsta kosti einn bát með hverju lagi. Þjóðminjasafnið á dálítið af bátum. Það á bát með Engeyjarlagi og annan með Steinslagi, hann er geymdur á Eyrarbakka. Nýlega keyptum við bát vestan úr Dýrafirði, það er báturinn, sem Hannes sýslumaður Hafstein fór á fram í enska togarann 1899 og frægt er orðið, hann er nánast með breiðfirsku lagi. Gamlan bát höfum við fengið úr Æðey, hundrað ára gamlan eða svo. Við eigum líka hákarlaskipið Ófeig, en það er varðveitt í safninu á Reykjum í Hrútafirði. Bát eigum við austan úr Hornafirði, reyndar ekki nema svo sem 30 ára gamlan, en með gömlu lagi. Svo eigum við ágætt skip með brimsandalagi, en það er til marks um húsnæðisvandræðin hjá okkur, að það er geymt í helli austur í Pétursey. Þá stendur okkur til boða skip með breiðfirsku lagi og bátur með Suðurnesjalagi og annar

með færeysku lagi. Ýmislegt fleira er hægt að fá. Og ég vil leggja mikla áherslu á það, sem ég sagði áðan, að varðveittur sé a. m. k. einn bátur með hverju lagi, helst sögulega merkur, og bátar af ýmsum stærðum. Varðveisla þessara báta er fyrir öllu, þótt ekki sé hægt að hafa þá alla til sýnis.

Geta ekki líkön og myndir komið að gagni?

Vissulega geta þau það og gera, þegar annað er ekki fyrir hendi. En eftirlíking er aldrei sama og hluturinn sjálfur. Kemur aldrei fyllilega í hans stað. Það veitir ekki sömu ánægju að skoða eftirlíkingu og hinn raunverulega hlut sjálfan. Upprunalega hlutnum fylgir eitthvað af sögu og lífi þeirra manna, sem með hann hafa farið. Við eigum til að mynda gott, lítið líkan af Ófeigi hér niðri. En það vekur allt aðrar tilfinningar að horfa á Ófeig sjálfan norður á Reykjum.

Ég veit, að þetta er satt. Ég hef sjálfur horft á Ófeig.

Við eigum líkön af nokkrum stærri skipum í safninu. Þau eru góð, svo langt sem þau ná. En það væri allt annað að hafa skipin sjálf, geta gengið um sömu fjalirnar og skipshöfn eftir skipshöfn starfaði á og átti þar svo að segja annað heimili. En stór skip er að vísu erfitt að geyma í safni. Þó væri gaman að geta einhvers staðar geymt lítinn dekkbát. Enginn af gömlu kútterunum er lengur til á landinu, en líklega væri hægt að fá einn slíkan frá Færeyjum. Og fleiri tegundir skipa væri æskilegt að geta varðveitt. Þær gegndu sínu hlutverki í atvinnusögu þjóðarinnar, tóku þátt í þróun hennar, þótt nú sé hlutverki þeirra lokið.

Hvernig er með vélar úr skipum, er mikið af þeim varðveitt?

Ekki mikið. Söfnun frá vélaöldinni hefur orðið út undan. Safnmönnum hættir stundum við að gefa ekki gaum að hlutum, sem eru á hverju strái í kringum þá, en svo standa þeir uppi einn dag og sjá, að það, sem nóg var til af áður, svo að þeir héldu að ekkert lægi á að safna því, er nú gersamlega horfið og hvergi að fá. Við höfum þó reynt að ná í vélar. Við eigum vél frá fyrstu árum vélaaldarinnar, næstfyrsta bátamótorinn, sem fluttist til landsins, Möllerup-mótor, keyptan til Ísafjarðar, en var seinna í Bolungarvík, aldrei notaður í bát, heldur í landi, kom hingað 1902, nr. 91 frá verksmiðjunni í Danmörku. Svo eigum við líka Alphavél frá 1913, hún kom frá Seyðisfirði, en slíkar vélar voru mikið notaðar hér. Þeir voru þungir þessir gömlu steinolíuhreyflar, vél, sem vó um 200 kílógrömm, var ekki nema tveggja hestafla. Og allt voru þetta glóðarhausvélar.

Og í vor tókst mér að bjarga stórri gufuvél úr Sigríði frá Siglufirði. Þetta var línuveiðari, mikið aflaskip á árunum milli heimsstyrjaldanna, og frá þeim tíma er vélin. Seinna var sett ný vél í Sigríði, og þá skipti hún um nafn, var nefnd Særún og höfð til flutninga milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Vélin úr Sigríði er óskemmd og fyllilega gangfær.

Og smærri hlutir?

Það gegnir sama máli um þá. Þeir hverfa áður en nokkur veit af. Gömlu veiðarfærin, sem notuð voru á opnu bátunum, tækin við hákarlaveiðar á opnum bátum og þilskipum og margt annað er ekki lengur til. Og alltaf eru áhöld og tæki að rýma fyrir öðrum nýrri. Það er hlutverk sjóminjasafns að tína slíka hluti saman, varðveita þá og sýna, hvernig þeir voru notaðir.

Þú ætlar sjóminjasafni mikið starf?

Já. Mikið starf og nauðsynlegt. Hjá því verður ekki komist. Kannske er ekkert eins brýnt og að bjarga bátunum og skipunum frá algerri tortímingu. Það má ekki láta þau liggja í óhirðu og grotna niður þangað til orðið er um seinan að varðveita þau. Það á að reyna að hrifsa góð sýnishorn, góða fulltrúa hverrar tegundar. Og það mega helst engar eyður vera í þróunarsögunni. En málefninu verður að sinna, sinna því bæði fljótt og vel. Til þess þarf sterkan aðila. Þar verður hið opinbera að koma til. Áhugamenn, einstaklingar eða félög, geta gert mikið gagn, hjálpað til við söfnunina, vakið almennan skilning á málefninu og ýmislegt fleira.

Fylgiskjal II.

Viðtal við Gunnar M. Jónasson arkitekt.

Gunnar M. Jónasson, forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, stundaði nám í Helsingfors í Finnlandi og lauk þar prófi árið 1966. Prófverkefni hans var gerð sjóminjasafns á Íslandi.

Hafa skoðanir þínar á gerð og hlutverki sjóminjasafns breyst síðan þú laukst prófverkefninu 1966?

Þær hafa mótast vegna margvíslegra upplýsinga, sem ég hef fengið síðan um slík söfn frá forstöðumönnum þeirra nokkuð víða, en þeir hafa tekið fyrirspurnum mínum einstaklega vel, og eins vegna þess, sem ég hef sjálfur séð í söfnum. En hugmyndir mínar um, hvað eigi að vera í svona safni og til hvers það eigi að vera, hafa ekki breyst í meginatriðum. Ég myndi sjálfsagt teikna safnhúsið sjálft öðruvísi núna, þykjast geta komið ýmsu betur fyrir.

Hvað á í stórum dráttum að vera í svona safni?

Það á í fyrsta lagi að varðveita muni, sem tilheyra sjóferðum, veiðum á sjó og verkun afla, hverju nafni sem þeir nefnast, þar með talin bátar og skip. Í öðru lagi á þar að vera safn bóka og mynda um sömu efni og alls konar skjöl og skilríki, til dæmis loggbækur skipa, og enn fremur spjaldskrá yfir öll skip, ný og gömul, og upplýsingar um feril þeirra eftir föngum. Svo ætti að vera þar hljóðasafn, geymt á hljómplötum eða segulböndum, það er safn ýmiss konar hljóða, sem efnið snerta, svo sem hljóðs í skipsbjöllum og vélum, fyrirskipana (á stærri skipum) og þar fram eftir götunum. Og þessu yrði öllu að vera á þann veg fyrir komið, að menn gætu haft not af því. Til dæmis að taka þyrfti að vera vinnustofa í sambandi við bókasafnið og myndasafnið og hljóðasafnið. Auðvitað þyrfti safnið að eiga meira en það gæti haft í sýningarsölum. Sumt gætu byggðasöfn úti um landið varðveitt og haft til sýnis.

Og til hvers á safnið að vera?

Það á fyrst og fremst að fræða, vekja, auka skilning. Það á að sýna hlutina eins og þeir voru, ekki einungis hið gamla, sem nú er horfið eða að hverfa, heldur einnig hið nýja. Þar er oft hægt að koma við eftirlíkingum í smækkaðri mynd. Þarna á til dæmis að sjást, hvernig botnvarpa lítur út og hvernig hún vinnur. Til þess mætti nota vélræn líkön. Ég sá til að mynda í Japan í safni, að þar mátti styðja á hnapp, og þá fór togarinn af stað og byrjaði að draga vörpuna. Þetta er lifandi kennsla, þetta er eftirsóknarvert fyrir hvern mann. Aðalatriðið er, að safnið verði lifandi, sé mynd af lífi og starfsháttum þjóðarinnar, ekki síst af því, sem er að gerast í kringum okkur.

Og fyrirkomulag safnsins?

Ég held, að öllum komi saman um, að sjóminjasafn eigi að vera sérstök bygging. Það á að standa við sjó, og það ætti að vera hægt hér á Íslandi, þótt þröngt sé orðið um strandrými til þess í Reykjavík. Samgöngur þurfa að vera greiðar til safnsins, bílastæði rúmgóð og reglulegar strætisvagnaferðir. Umhverfið á að hafa eitthvað við sig, ef unnt er, vera tengt sögulegum atburðum eða sérkennilegu landslagi eða fögru og víðu útsýni. Og í safnhúsinu þarf að vera veitingasalur, þar sem safngestir geta fengið sér kaffi eða svaladrykk.

En rekstur og stjórn safnsins?

Það verður að vera opinber stofnun; ég held, að annað sé vonlaust. Stjórn safnsins þarf að vera í höndum manna, sem eru reyndir í fjármálum og stjórnarstörfum; þeir þurfa að hafa þekkingu á safnmálum og sjóferðasögu, bera skyn á kennsluaðferðir og sjálfsnám og kunna að ná almenningi til samstarfs. En ein-

stakir áhugamenn eða félög þeirra geta að sjálfsögðu komið að miklu gagni, geta jafnvel hrundið málinu á stað. Áhugamenn geta bæði stuðlað að söfnun muna og varðveislu þeirra, þar til safnið kann að geta tekið við þeim. Þeir geta líka vakið skilning almennings á málinu, fengið menn til að átta sig á, að safnið sé nauðsyn og hljóti að kosta fé, meira en næst inn með aðgangseyri, og að kunnáttumenn þurfi að sjá um lokamyndun safnsins, og síðast en ekki síst, að almenningur eigi að nota sjóminjasafn sem mest og best sér til fróðleiks og menningar.

Þarf ekki töluvert átak til að koma svona safni á fót?

Alveg efalaust. En það þarf til allra hluta, sem nokkurs eru verðir. Og hér þarf tafarlaust að hefjast handa. Við erum þegar orðnir of seinir, um það tjóar ekki að tala. Og það verður að byrja vel og veglega. Það er auðvitað hægt að koma safninu upp í áföngum. En fyrsti áfangi verður að vera svo myndarlega úr garði gerður, að mönnum sé einhver akkur í að sækja safnið, það sanni tilverurétt sinn strax í byrjun. Þetta er það, sem þarf að gera.

Fylgiskjal III.

Úr viðtali við Lúðvík Kristjánsson rithöfund.

Það eru margir bátar, sem þarf að bjarga, — og það **fljótt.** Það sem mest kallar að, er að gera upp og varðveita þessar fáu gerðir báta, sem til eru. Enginn veit, hve snögglega ævi þeirra getur annars endað. Það var bátur til norður á Máná á Tjörnesi, hafði verið notaður til vöðuselaveiða, ekki selabytta, heldur stærri bátur. Hann var geymdur niðri á sjávarbakka. Ég lét mæla hann upp og teikna sumarið 1967. Veturinn eftir tók hann upp í stórviðri, og hann fauk niður fyrir bakkann og mölbrotnaði. Eins var bátur vestur í Stykkishólmi, fyrsti báturinn, sem einn kunnasti skipasmiður þar, Rögnvaldur Lárusson, hafði smíðað. Ég lét mæla hann upp og sagði svo við eigandann, að hann skyldi nú varðveita bátinn vel. Sumarið eftir var ég þar á ferð, og þá sagði hann við mig, að það hefði nú farið laglega með bátinn, sér hefði verið skipað að hreinsa hann burt af lóðinni, þar sem hann var, svo að hann lét flytja hann á bíl upp í nýræktina sína, og þar hafði honum verið sturtað af bílnum og hann farið í spón. Mér finnst, að það fé, sem talað er um að leggja í smíð á sögualdarknerri, væri betur notað til þess að draga saman og bjarga bátum og skipum, sem enginn veit hvenær hverfa með öllu, áður en það er um seinan, ef það fengist til slíks. Knörrinn ber ekki undan úr þessu, og mætti því huga að honum síðar.

Erum við ekki þegar búnir að missa af ýmsum gripum?

Mörgum. Ég get sagt þér það til marks um, hvað daufir og seinir við höfum verið í þessum efnum, miklu daufari en frændþjóðir okkar, að í Noregi var með öllu hætt að nota segl úr vaðmáli árið 1815, en þó eiga Norðmenn tvö vaðmálssegl heil í söfnum. Hér á landi voru vaðmálssegl í notkun fram undir 1890 — og svo-kölluð tvist-í-tvistsegl miklu lengur, en af þessum seglum eigum við nú hvergi til svo mikið sem lófastóra bót.

En eiga ekki byggðasöfnin eitthvað til af bátum og öðrum sjóminjum?

Það má heita, að eitthvað sé til af sjóminjum í þeim flestum, en mismunandi. Einna mest er til á Ísafirði, miðað við stærð, en einnig allmikið í Vestmannaeyjum, á Akranesi og Reykjum og í Hafnafirði. Eins er safn Egils Ólafssonar á Hnjóti í Örlygshöfn við Patreksfjörð furðumikið, og þar eru til gripir, sem hvergi eru annars staðar. Og sums staðar eru til bátar. Ófeigur er í safninu á Reykjum og Pétursey í safninu í Skógum, og enn fremur er bátur í safninu í

Vestmannaeyjum, á Eyrarbakka, í Hafnarfirði, á Akranesi og á Ísafirði. Slíkir gripir eiga að vera í byggðasöfnunum áfram. En sérstakt sjóminjasafn á ekki að vera nema eitt í landinu. Yrði það til dæmis hér í Hafnarfirði, eins og nú er talað um, ætti bærinn og Þjóðminjasafnið eða ríkið í sameiningu að sjá um það. Og þá er það mikil nauðsyn að því sé í upphafi ætluð nægilega stór lóð til þess að taka við hugsanlegum vexti þess síðar.

Þú nefnir Hafnarfjörð?

Já. Hafnarfjörður á sérstaka stöðu í útgerðarsögu þjóðarinnar. Þar verður furðumargt fyrr en annars staðar. Í Hafnarfirði stóð vagga þorsknetjaveiðanna; þær hófust hér 1753. Í Hafnarfirði stóð einnig vagga íslenskra þilskipasmíða; þær hófust ekki svo nefnandi sé fyrr en með Bjarna Sívertsen. Siglingar íslenskra skipa milli landa hófust ekki heldur á nýjan leik að neinu ráði fyrr en með Bjarna, og þá frá Hafnarfirði. Í Hafnarfirði hófst fyrsta íslenska togaraútgerðin, Coot-útgerðin. Og í Hafnarfirði er elsta starfandi útgerðarfyrirtæki á landinu, útgerð Einars Þorgilssonar, stofnuð 1906. Á þá ekki vel við, að Sjóminjasafn Íslands verði í Hafnarfirði?

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um aukinn stuðning við varanlega gatnagerð í þéttbýli og rykbindingu þjóðvega.

Flm.: Helgi F. Seljan, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar í stað róttækar ráðstafanir til þess að auðvelda sveitarfélögum að standa að varanlegri gatnagerð.

Stefnt verði að gerð 5 ára framkvæmdaáætlunar á sviði varanlegrar gatnagerðar, sem taki til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa og fleiri.

Í þessu skyni skal m. a. leitað eftirtalinna leiða:

1. Ríkið útvegi sveitarfélögum lánsfé til framkvæmdanna.
   Á framkvæmdaáætlun ríkisins hvert ár skal vera ákveðin upphæð til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli. Fé þetta skal lánað sveitarfélögum með hagstæðum kjörum.
2. Hlutur sveitarfélaga af bensínskatti verði aukinn svo, að hið svokallaða þéttbýlisvegafé tvöfaldist.
   Einnig verði endurskoðaðar reglur um úthlutun fjárins og fólksfjöldatakmörk þeirra sveitarfélaga, sem fjárins njóta.
3. Ríkið taki á sig stóraukna hlutdeild í rykbindingu þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún.
   Jafnhliða þessu skal gert verulegt átak í því af hálfu ríkisins að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um bæjarhlöð bænda og gegnum ræktunarlönd.

Greinargerð.

Ástæðurnar fyrir flutningi þessarar tillögu eru margþættar.

Eitt helsta verkefni fjölmargra sveitarfélaga er varanleg gatnagerð, þar sem ýmist er um að ræða steyptar götur, malbikaðar eða lagðar olíumöl. Sveitarfélögin eiga hins vegar víðast hvar í erfiðleikum við að leysa þetta stóra og viðamikla verkefni af hendi svo fljótt sem krafa er gerð til af hálfu íbúanna. Og fyrir þeirri kröfu liggja auðsæjar og eðlilegar ástæður.

Hér er um að ræða eitt mesta framfaramál sveitarfélaganna, með tilkomu varanlegra gatna er um hreina gerbyltingu að ræða. Breytingin á svipmóti og öllu ytra útliti staðanna er undraverð.

Inn í þetta fléttast óneitanlega heilbrigðis- og umhverfisvernd. Í rigningartíð hafa gömlu, óhæfu göturnar verið eintóm forarleðja, í þurrviðri sumarsins hefur þessi for breyst í mikla rykmekki. Aukið hreinlæti, aukin hollusta fylgja í kjölfar varanlegrar gatnagerðar.

Og ekki má gleyma því, hvert jafnréttismál hér er á ferð. Hingað til hefur nær eingöngu verið um að ræða einkarétt þeirra, sem á fjölmennustu stöðunum búa, að hafa viðunandi götur.

Sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið á, nær mjög að jafnast með stórátaki hinna fjölmörgu minni sveitarfélaga, sem nú telja þetta eitt höfuðverkefni sitt. En þar er komið að því vandamáli, sem er aðaltilefni þessarar tillögu, hvernig sveitarfélögin fái ráðið við þetta verkefni fjárhagslega.

Til þess að auðvelda sveitarfélögunum að ráða fram úr þeim örðugleikum, sem við þeim blasa vegna stórframkvæmda á þessu sviði, þarf að leita nýrra leiða til úrbóta, og á það er bent í tillögunni, auk þess sem fleiri leiðir má eflaust finna. Nauðsyn skipulagðrar áætlunar er undirstrikuð sem eðlileg forsenda þess stórátaks, sem framundan er.

Eðlilegt hlýtur að teljast að miða hér við 5 ára áætlun um framkvæmdir og í kjölfar hennar nauðsynlega fjármögnun framkvæmdanna. Þá fjármögnun má eflaust hugsa sér með ýmsu móti, en í tillögunni eru settar fram nokkrar hugmyndir.

Það hlýtur að teljast sjálfsagt, að ríkisvaldið hafi forgöngu um að auðvelda sveitarfélögunum aðgang að fjármagni með hagstæðum kjörum, auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem Lánasjóður sveitarfélaga veitir. Til að freista þess að tryggja það er lagt til, að á framkvæmdaáætlun sé árlega varið ákveðinni upphæð í þessu skyni. Þessa upphæð mætti eins hugsa sér að einhverju leyti sem beint framlag ríkissjóðs til framkvæmdanna.

Þá er lagt til, að hlutur sveitarfélaga í bensínskattinum verði aukinn, enda hlýtur það að teljast sanngirnismál.

Þéttbýlisvegaféð er langt frá því að vera fullnægjandi framlag af ríkisins hálfu, þegar um er að ræða svo umfangsmiklar framkvæmdir sem hér eru á döfinni. Nú gildir íbúafjöldinn einn um skiptingu þéttbýlisvegafjárins. Með tilliti til sérstöðu Reykjavíkur væri ekki óeðlilegt, að hlutur hennar yrði minnkaður næstu 5 ár svo og fleiri þeirra sveitarfélaga, sem lengst eru hér komin í framkvæmdum. Einnig þarf að taka aukið tillit til allrar aðstöðu, lengdar á gatnakerfi og umferðarþunga í þeim sveitarfélögum, þar sem þjóðvegir liggja í gegn. Þar verður reyndar, eins og lagt er til í tölulið 3 í tillögunni, að koma til algerlega breytt fyrirkomulag, þar sem ríkið hlýtur að axla þyngsta byrði.

Það mælir engin sanngirni með því, að sveitarfélag kosti nær algerlega varanlegt slitlag á þjóðvegi, sem liggja oft eftir endilöngum þéttbýlisstöðunum. Þetta viðgengst nú í dag, en verður að gerbreytast. Skv. núgildandi lögum njóta sveitarfélög með minna en 300 íbúa ekki framlags af þéttbýlisvegafé. Hér er lagt til, að þetta mark færist niður í 200 íbúa, en mætti þó gjarnan miða við aðra tölu eða jafnvel alla þéttbýlisstaði. Hér er tvímælalaust um sanngirnismál að ræða.

Að lokum er í tillögunni vikið að þeirri brýnu nauðsyn, sem á því er að rykbinda á einhvern hátt þá hluta þjóðveganna, sem liggja um bæjarhlöð og ræktunarlönd og þar sem umferð er einhver að ráði. Það er ekki nóg, að bændur og fólk þeirra standi í rykmekki við heyskapinn, heldur fylgir rykið heyinu heim í hlöðu, og þannig glímir bóndinn við þetta vandamál yfir veturinn einnig. Hér þarf einnig úr að bæta, þótt eflaust sýnist mörgum, að hér sé fram á mikið farið. Þar sem það er unnt þarf að rykbinda slíka vegarkafla, og mætti einnig í því efni hugsa sér áætlun til fimm ára að hrinda því nauðsynlegasta í framkvæmd.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni og röksemdum fyrir henni í framsögu.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um öryggismál Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson.

Þar eð tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni:

1) **að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og**
2) **að rannsaka, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.**

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu tillögu þessa á síðasta þingi. Hlaut hún vinsamlegar undirtektir og var vísað til utanríkismálanefndar, en hlaut þó ekki lokaafgreiðslu. Þar eð öryggismál þjóðarinnar verða mjög í sviðsljósi á þessu þingi, hefur þótt rétt að endurflytja tillöguna til þess að vekja enn athygli á þeim hugmyndum, sem í henni felast.

Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Þingsályktunartillaga þessi er flutt í framhaldi af ályktun um öryggismál Íslands, sem 34. þing Alþýðuflokksins gerði 22. október 1972. Er hún frábrugðin ályktunum fyrri flokksþinga, enda þótt meginstefna Alþýðuflokksins á þessu sviði sé óbreytt. Ályktun flokksþingsins var á þessa lund:

„Tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, en um þessi sund fara kjarnorkukafbátar risaveldanna. Öryggi Íslands hefur verið og mun verða best tryggt með aðild að varnarsamtökum, en vopnað varnarlið hefur verið hér aðallega til eftirlits og aðvörunar.

Þessar breytingar valda því, að rannsaka þarf, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við öryggisbandalag það, sem landið hverju sinni er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Rannsaka verður, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.

Slík lausn væri skynsamleg miðlun milli þeirra sjónarmiða, að varnarliðið geti horfið úr landinu, án þess að eitthvað komi í þess stað, og hins, að varnarliðið hljóti að dveljast í landinu um ófyrirsjáanlega framtíð.“

Þróun varnarmálanna.

Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949, byggðist það á þeirri hugmynd, að yrði eitt þátttökuríkja fyrir árás, væru hin skuldbundin til að koma því til hjálpar. Þetta var hefðbundið form varnarbandalaga, og mörg slík komu til framkvæmda 1914 og 1939.

Í þessum anda ræddu forgöngumenn bandalagsins við fulltrúa Íslendinga og veittu þeim fyrirheit um, að varnarliðs yrði ekki þörf á Íslandi á friðartímum. Þeir

töldu, að brytist ófriður út, mundi nægja sams konar aðstaða og Bandamenn höfðu haft hér á landi í síðustu styrjöld.

Fljótlega heyrðust raddir um, að þessi gamla bandalagshugmynd væri úrelt, þar sem nútíma hertækni mundi ekki veita ríkjum svigrúm til að fara hvert öðru til hjálpar, ef til árásar kæmi. Þetta sannaðist áþreifanlega í Kóreustyrjöldinni, og var þá tekið til að gerbreyta eðli Atlantshafsbandalagsins. Komið var á fót sameiginlegu varnarkerfi og herstjórn, sem átti að vera við öllu búin, og sendur her til Grænlands, Íslands og Azoreyja.

Þegar skoðuð er þessi þróun mála, verður ljóst, að vegna breyttra aðstæðna er ekki raunhæft að krefjast þess, að Atlantshafsbandalagið standi við þau fyrirheit, sem gefin voru 1949. Íslendingar verða að meta öryggismál sín sjálfir eftir aðstæðum hverju sinni og móta sér stefnu eftir þeim, eins og raunar hefur verið gert.

Varnarliðið, sem kom til Íslands vorið 1951, var skipað um 5 000 mönnum úr landher og flugher Bandaríkjanna. Reistar voru fjórar ratsjárstöðvar á landshornum og komið fyrir sveit orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli. Deildir landhersins voru vopnaðar til að verja landið gegn hugsanlegri innrás og höguðu sér samkvæmt því í tíðum skotæfingum.

Augljóst er, að þessi varnarskipan var ekki fyrir Ísland eitt, heldur hluti af keðju stöðva, hinni svonefnd Dew-línu, frá Alaska, yfir norðanvert Kanada, Grænland, Ísland, Færeyjar og til Bretlands. Þetta varnarkerfi byggðist á þeirri skoðun, að nýr ófriður kynni að brjótast út á þann hátt, að flugvélar og flugskeyti með kjarnorkuvopn kæmu svífandi yfir norðurhvel í átt til Bandaríkjanna.

Þessar hugmyndir voru ríkjandi á árum kalda stríðsins og viðbúnaði hagað eftir því með þeirri tækni, sem þá var til fullkomnust. Um 1960 tóku viðhorf að breytast. Kafbátar búnir kjarnorkuflugskeytum komu til sögunnar, og það var ljóst, að þrátefli kjarnorkuvopna gæti haldist lengi, en búast mætti við, að annað valdatafl héldi áfram.

Sumarið 1961 var gerð mikil breyting á varnarliðinu. Landherinn var kallaður heim, en í hans stað voru eftirlitsflugsveitir bandarískra flotans fluttar frá Nýfundnalandi til Íslands. Flotaforingjar tóku við stjórn varnarliðsins af flugforingjum. Fækkað var í liðinu úr 5 000 í rúm 3 000, og ratsjárstöðvar urðu aðeins tvær. Vopnaburður í Keflavík minnkaði til muna, en meginstarf varnarliðsins varð eftirlitsflug um sundin milli Grænlands, Íslands og Færeyja.

Þýðing Íslands nú á tímum.

Í margar aldir hafa Engilsaxar, fyrst Bretar, en síðan Bandaríkjamenn, haft alger yfirráð á Atlantshafi og raunar öllum höfum. Þetta hefur haft víðtæk áhrif á mannkynssöguna, þar á meðal örlög Íslendinga.

Á síðustu árum hafa Sovétríkin ráðist í stórfellda uppbyggingu Rauða flotans. Sovésku herskipin eru af nær öllum gerðum og hin fullkomnustu. Þau sigla í vaxandi fjölda um heimsins höf og sýna fána sinn í höfnum allra meginlanda.

Rauði flotinn skiptist í fjóra hluta, og hefur hinn stærsti og öflugasti þeirra, Norðurflotinn, heimkynni í höfnum á Kolaskaga. Þessi floti hefur stækkað og umsvif hans aukist með hverju ári.

Breska stofnunin „The International Institute for Strategic Studies“ segir í yfirliti um hermál árið 1971, að hlutverk sovéska flotans á Noregshafi (milli Grænlands, Íslands, Noregs og Svalbarða) sé eftirfarandi: (1) Að vinna gegn Polaris- og Poseidonkjarnorkukafbátum Bandaríkjanna; (2) Að stöðva bandarísk flugvélamóðurskip á þessu svæði, áður en þau gætu gert árás; (3) Að tryggja sovésk yfirráð á þessu hafi; (4) Að tryggja sovéskum kjarnorkukafbátum leið suður í Atlantshaf að ströndum Bandaríkjanna; (5) Að rjúfa samgönguleiðir og siglingar Atlantshafsbandalagsins; (6) Að veita flotastyrk við sovéskar hernaðaraðgerðir á landi á þessu svæði; (7) Að sýna sovéskt vald og draga úr trú á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins á öryggi aðildarríkja þess í Norður-Evrópu (Noregs, Danmerkur og Íslands).

Norskir sérfræðingar við utanríkismálastofnunina í Osló hafa komist að þeirri niðurstöðu, að Sovétríkin telji nú tvímælalaust, að framvarnarlína þeirra á Norður-Atlantshafi sé milli Íslands og Færeyja. Þeir segja: „Varnarlína svo framarlega með Noreg að baki gefur til kynna, að Rússar í flotaaðgerðum sínum líti í vaxandi mæli svo á, að Noregshaf sé **Mare Sovjeticum.**“

Áðurnefnd stofnun í London kemst að svipaðri niðurstöðu, en dregur þessa viðbótarályktun: „Á sama hátt eru sundin milli Grænlands, Íslands og Bretlands fremsta lína í vörnum meginlands Norður-Ameríku.“

Margir fleiri aðilar hafa látið í ljós sömu skoðanir á hernaðarstöðu Íslands í dag, en rökstudd andmæli hafa verið lítil sem engin. Ísland hefur nú á dögum aðra og að ýmsu leyti meiri hernaðarlega þýðingu en áður.

Enda þótt sambúð stórvelda haldi áfram að batna og líkur á heimsófriði að minnka, bendir ekkert til þess, að vígbúnaðarkapphlaupið á hafinu verði stöðvað í náinni framtíð. Er því með öllu óraunhæft, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað komi í staðinn. Ef óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, hljóta Íslendingar að athuga vandlega, hvort þeir geta tekið það hlutverk að sér og þar með rekstur varnarstöðvanna.

Reynist þetta við nánari athugun fært, er ástæða til að ætla, að ríkisstjórnir Íslands muni í fyrirsjáanlegri framtíð jafnan eiga frekari kosta völ til að tryggja öryggi þjóðarinnar, ef ástand alþjóðamála breytist til hins verra og hætta á ófriði eykst á ný.

Hugsanleg þátttaka Íslendinga.

Meðan hlutverk varnarliðsins var að mestu vopnaburður, kom ekki til mála, að Íslendingar tækju við því. Nú krefst meginhlutverk varnarliðsins, eftirlitsflugið, ekki vopnaburðar. Þess vegna er varpað fram þeirri spurningu, hvort ekki nægi að hafa hér vopnlausa eftirlitsstöð, en Íslendingar taki að sér eftirlitið. Landhelgisgæslan eða annar aðili mundi koma á fót eftirlits- og björgunarsveit, sem gæti fylgst vandlega með öllum siglingum, fiskveiðum og annarri hagnýtingu á auðæfum hafsins, hættum á mengun og öðru, er máli skiptir. Á nokkrum árum mundu Íslendingar taka alveg við rekstri og stjórn varnarliðsstöðvanna. Meðan Atlantshafsbandalagið starfar og Íslendingar eru í því, hlyti þessi starfsemi að verða í nánum tengslum við það. Í framtíðinni kemst vonandi á afvopnun eða víðtæk takmörkun vopnabúnaðar undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Ísland gæti gegnt mikilvægu hlutverki í því eftirliti.

Að sjálfsögðu er á þessu stigi fjölmörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál. Hugmyndum þeim, sem fram komu á flokksþingi Alþýðuflokksins, er varpað fram til athugunar og íhugunar. Einmitt nú, þegar boðaðar hafa verið viðræður við Bandaríkjastjórn um varnir landsins í byrjun næsta árs, virðist slík athugun vera tímabær.“

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á lögum um tollskrá o. fl., nr. 1/1970.

Flm.: Bjarni Guðnason.

1. gr.

Niður falli 14. tl. 3. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu, er lagt til að fella niður úr tollskrárlögum heimildarákvæði, er hljóðar svo: „Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins."

Í reglugerð um bifreiðamál ríkisins (Stjórnartíðindi B, nr. 6/1970) segir svo í 10. gr.:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er hann lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota."

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir tveimur leiðum fyrir ráðherra til að komast yfir bíl. Það segir sig sjálft, að sú fyrri er ekki farin, því að hin síðari: að ráðherra kaupi sjálfur bílinn, er ólíkt hagstæðari fjárhagslega fyrir hann.

Taka má dæmi: Ráðherra kaupir Mercedes Benz (250). Hann kostar nú um þrettán hundruð og tuttugu þúsund krónur. Aðflutningsgjald og söluskattur, sem gefin eru eftir, nema um sjö hundruð og fimm þúsund krónum.

Jafnframt þessu fær ráðherra lán að upphæð þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur til 10 ára, sem endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Það þarf vart að taka fram, að ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað bílsins, bensín, viðgerðir og annað.

Að sjálfsögðu þurfa ráðherrar bíla, en fyrri tilhögunin í 10. gr. fyrrgreindrar reglugerðar ætti ein að gilda, eins og tíðkast alls staðar með lýðræðisþjóðum.

Varðandi sendiráðsmenn segir svo í 11. gr. reglugerðarinnar.:

„Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið, er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á sjö ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt, að utanríkisráðuneytið mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar, sem flytja heim, njóta framangreindra hlunninda án tímatakmarkana.

Bifreið, sem hefur verið innflutt þannig, má ekki selja fyrr en að þremur árum liðnum frá heimflutningi, nema aðflutningsgjöld séu greidd."

Engin skynsamleg rök eru fyrir því, að starfsmenn utanríkisþjónustunnar eigi að njóta forréttinda umfram aðrar starfsstéttir, þótt þeir dveljist erlendis um þriggja ára skeið eða lengur. Kjör starfsmanna utanríkisþjónustunnar, er erlendis búa, eru síst lakari en annarra sambærilegra starfsstétta, enda mikil ásókn að komast til starfa í utanríkisþjónustinni.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um skólakerfi.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir að hálfu eða meira af almannafé, mynda samfellt skólakerfi, sé eigi annað tekið fram í lögum.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þrjú stig:

1) skyldunámsstig, 2) framhaldsskólastig, 3) háskólastig. Á skyldunámsstigi er grunnskólinn. Á framhaldsskólastigi eru almennir framhaldsskólar, þar á meðal fjölbrautaskólar og menntaskólar, svo og sérskólar. Á háskólastigi er háskóli og hliðstæðir skólar.

3. gr.

Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.

4. gr.

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því, sem þörf krefur. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms. Um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

5. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf eða jafngildi þess samkvæmt því sem lög um háskóla ákveða. Menntamálaráðuneytið getur að fengnu áliti háskólaráðs ákveðið önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist.

Háskóli Íslands greinist í þær deildir, sem ákveðið er í lögum hans og reglugerð. Um aðra skóla á háskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meirihluta af almannafé, eru skólagjöld háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Í öllu starfi skóla skal þess gætt, að konur og karlar njóti jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

8. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar eftir því sem lög kveða nánar á um.

9. gr.

Nú getur nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, og skal þá menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd fræðslu, skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra. Falla samtímis úr gildi lög nr. 22/1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Er það lagt fram á ný óbreytt.

Frá hendi grunnskólanefndar fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Frumvarp þetta er upphaflega samið af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946) á grundvelli athugunar, sem fram hafði farið í menntamálaráðuneytinu. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður; Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins; Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla; Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri; Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina, og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson, skólameistari, sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í nefndinni, eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, uppeldisfræðingur, og var hún ritari nefndarinnar.

Frumvarpið hefur verið endursamið af nefnd, sem Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra, skipaði hinn 3. júní 1972 til þess að endurskoða frumvörp til laga um skólakerfi og grunnskóla. Í nefndina, sem kölluð hefur verið grunnskólanefnd, voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri, Ingólfur A. Þorkelsson, kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, Kristján Ingólfsson, kennari við Barna- og unglingaskólann að Hallormsstað og Páll Líndal, borgarlögmaður í Reykjavík og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Með nefndinni hefur starfað Indriði H. Þorláksson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Séu greinar þessa frumvarps til laga um skólakerfi bornar saman við eldra frumvarpið, sem fræðslulaganefndin frá 4. júlí 1969 samdi, kemur í ljós, að 3.—4. gr. og 10.—11. gr. eru óbreyttar (og samsvara 3.—4. og 9.—10. gr. eldra frumvarps). 7. gr. er ný, 1.—2. gr., 5.—6. gr. og 8. gr. eru nokkuð breyttar, en 9. gr. er bæði breytt og aukin.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22 10. apríl 1946, var samfelldu skólakerfi komið á hérlendis. Það merkir, að nemandi flyzt snurðulaust af einu skólastigi á annað, þó oft með tilskilinni lágmarksframmistöðu, og að einstakir skólar hafa ekki inntökupróf. Þetta var mikil réttarbót fyrir nemendur og jafnaði aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis. Þetta er og meginstefna þessa frumvarps.

Þá er í greininni gert ráð fyrir, að skólar geti notið verulegs styrks af almannafé, eða allt að helmingi kostnaðar, en verið þó undanþegnir ákvæðum laganna um samfellt skólakerfi. Ákvæði frumvarpsins koma þó engan veginn í veg fyrir, að hægt sé að setja slíkum skólum ákveðin skilyrði, svo sem um námsskrá, þar sem styrkurinn getur verið slíkum skilyrðum háður.

Samkvæmt niðurlagi greinarinnar er hægt að ákveða með lögum, án þess að brjóta í bága við lög um skólakerfi, að skóli geti verið styrktur að hálfu eða meira af almannafé, en þó verið undanþeginn lagaákvæðum um samfellt skólakerfi. Var þetta ákvæði einkum sett með tilliti til lýðskóla, svo og námsflokka og annarra hliðstæðra stofnana, er veita fullorðnum menntun.

Um 2. gr.

Með þessari grein er gerð sú breyting frá gildandi lögum, að barnafræðslustig og gagnfræðastig eru sameinuð í óskipt skyldunámsstig með grunnskóla, sbr. athugasemdir við 3. gr. Í stað menntaskóla- og sérskólastigs gildandi laga kemur framhaldsskólastig, og er þar m. a. gert ráð fyrir fjölbrautaskólum (eða sameinuðum framhaldsskólum), sem ljóst er að gerð verður tilraun með á næstu árum.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein verður grunnskóli hins íslenzka skólakerfis níu ára skyldunámsskóli, er veitir almenna undirbúningsmenntun og býr nemendur undir nám á framhaldsskólastigi. Þetta felur í sér tvær meginbreytingar, annars vegar lengingu skólaskyldu úr átta árum í níu, og hins vegar er felldur niður 4. bekkur gagnfræðastigsins sem sérstakur bekkur.

Samkvæmt núgildandi lögum er skólaskylda átta ár og lýkur með unglingaprófi. Það próf veitir mjög takmörkuð réttindi til framhaldsnáms. Mun algengara er og í dreifbýli en í þéttbýli, að nemendur staðnæmist á menntabrautinni við unglingapróf eða jafnvel fyrr, m. a. sakir skerts framboðs á menntun. Þessar ástæður og fleiri skapa misrétti, sem skólakerfið verður að jafna.

Um allmargra ára skeið hefur 4. bekkur gagnfræðastigs gegnt fremur litlu og óljósu hlutverki sem hlekkur í skólakerfinu, og stafar þetta m. a. af inntökuskilyrðum margra framhaldsskóla. Þykir því rétt að leggja þennan bekk niður sem slíkan, en efla í þess stað námsaðgreiningu í 7.—9. bekk grunnskóla, og yrði það vitaskuld þáttur í þeirri námsaðgreiningu, að ýmsir nemendur lykju grunnskólanámi á lengri tíma en aðrir.

Á móti þeirri styttingu barna- og gagnfræðanáms, sem brotthvarf 4. bekkjar gagnfræðastigs veldur, kemur til nokkur kennsluaukning í neðri bekkjum, vegna lengds skólaárs og bættrar nýtingar skólaársins, eins og nánar er um fjallað í V. kafla frumvarps til laga um grunnskóla. Ætti að mega ætla, að hinn nýi skyldunámsskóli muni að jafnaði, með samræmdri námsskrá og breytingum á innra starfi skólans, skila nemendum frá sér allmiklu betur búnum undir framhaldsnám en 3. bekkur gagnfræðaskólanna gerir nú, og beztu nemendum svo, að þriggja ára viðbótarnám í menntaskóla nægi til undirbúnings háskólanámi.

Um 4. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að allir þeir, sem lokið hafa námi í grunnskóla, eigi kost á framhaldsnámi við sitt hæfi á framhaldsskólastigi. Er þar í stórum dráttum um þrenns konar nám að ræða, en ótiltekinn fjölda námsbrauta innan hvers um sig:

1. tveggja ára nám til undirbúnings undir störf eða undir nám í ákveðnum sérskólum;
2. þriggja til fjögurra ára nám til undirbúnings námi á háskólastigi eða til almennrar menntunar;
3. nám í ýmsum sérskólum, sem veita sérmenntun til ákveðinna starfa.

Um 5. gr.

Á háskólastigi teljast í frumvarpi þessu Háskóli Íslands og þeir skólar aðrir, sem gera sams konar kröfur til inngöngu og hann, þ. á m. Kennaraháskóli Íslands.

Rétt er að vekja athygli á því, að með aukinni fjölbreytni í menntaskólanámi og öðru námi á sambærilegu skólastigi, hefur stúdentsprófshugtakið þegar víkkað. Mun þessi þróun óefað halda áfram, ekki síst fyrir tilverknað fjölbrautaskóla og annarrar samræmingar náms á framhaldsskólastigi, sem nú er í vændum.

Um 6. gr.

Sjálfsagt þykir að halda því fyrirkomulagi, að kennsla sé veitt ókeypis í öllum skólum, sem reknir eru og kostaðir af opinberum aðilum, þ. e. ríki og sveitarfélög-

um. Nemendur geta þó þurft að greiða ýmsan kostnað, svo sem efnisgjöld til handavinnu o. fl., og húsnæðis- og fæðiskostnað í heimavistum.

Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meirihluta af almannafé, þykir rétt, að skólagjöld séu háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 7. gr.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram, þótt sjálfsagt sé, að konur og karlar skuli, bæði sem kennarar og sem nemendur, njóta í hvívetna fyllsta jafnréttis. Lýtur þetta m. a. að gerð námsskrár, sem ætlazt er til að veiti stúlkum og piltum sömu tækifæri til náms, eftir því sem nemendur kjósa, án venjubundinnar skiptingar eftir kynjum, t. d. í verklegu námi. Piltar eiga t. d. að eiga þess kost að læra matreiðslu og stúlkur smíðar, svo að dæmi séu nefnd. Frjáls verkaskipting milli karla og kvenna í þjóðfélaginu eftir því sem aðilum hentar, án tillits til venjubundinna verkefna, ryður sér æ meir til rúms með breyttum þjóðfélagsháttum, og ber skólunum að taka tillit til þeirrar þróunar.

Um 8. gr.

Í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, hlýtur opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum, að bera afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu ungmenna til menntunar. Þessi skylda mun vera almennt viðurkennd með þjóðinni og kjörnum leiðtogum hennar, og hafa t. d. ýmsar ráðstafanir verið gerðar að undanförnu til að bæta hér um, og má í því sambandi nefna lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, en samkvæmt þeim lögum veitir ríkissjóður námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misjöfnum fjárhagsbyrðum.

Eðlilegt virðist, að lög um skólakerfi kveði á um skyldur opinberra aðila í þessu efni, en önnur sérstök lög eru hins vegar nauðsynleg til að afmarka skyldurnar nánar, sbr. áðurgreint dæmi.

Sá vandi, sem hér um ræðir, er vissulega ærið flókinn og fjölhliða, og þarf mjög að huga að könnun hans í víðtæku þjóðfélagslegu samhengi. Er vert að vara við þeirri skoðun, að þetta samfélagslega vandamál eigi sér einfalda lausn.

Um 9. gr.

Líta má á þessa grein sem framhald og nánari útfærslu 8. gr., að því er varðar grunnskólanám. Það eru réttindi og skylda hvers ungmennis að sækja grunnskólann allan. Það er því í rauninni sjálfsagt, að enginn verði þar utangátta vegna efnahags framfærenda. Í þessu sambandi þykir rétt, að fræðslustjóra sé ætlað að kanna ástæður þeirra nemenda, sem í hlut eiga, en ríkissjóður annist styrkveitingu einn, þar sem líklegt er, að mörgum efnalitlum foreldrum félli þungt að þurfa aðstoð úr sveitarsjóði, þar sem slíkt kynni að vera talið bera keim af því að „þiggja af sveit".

Eigi sömu framfærsluforeldrar fleiri en tvö börn, sem dveljast samtímis í heimavist grunnskólans í hlutaðeigandi skólahverfi, eru fjárhagsbyrðar heimilisins, einkum vegna fæðiskostnaðar barnanna, mjög þungbærar. Þykir því rétt, að í slíkum tilvikum hlaupi ríkissjóður undir bagga. Má áætla, að hér verði um 300 nemendur að ræða og að árleg útgjöld ríkissjóðs af þessum sökum geti numið u. þ. b. 6 milljónum króna.

Um 10. gr.

Eðlileg ákvæði, sem eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Svo fljótt sem unnt er, skulu lög þessi koma til framkvæmda, og eigi síðar en 10 árum frá gildistöku þeirra. Lögin teljast að fullu komin til framkvæmda, þegar sú regla er orðin almenn í landinu, að nemendur ljúki skyldunámi samkvæmt

þeim. Framkvæmd laganna kallar á heildarendurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins. Jafnframt er brýn nauðsyn lagasetningar um lýðskóla, kvöldskóla, námsflokka, námskeið, bréfaskóla og aðra framhalds- og endurmenntun fyrir fullorðna".

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er níu ára skóli, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla.

Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7, 8 og 9 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 42. gr. um starfstíma skóla. Skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að

hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekizt á hendur eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. og 42. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutazt til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjáragsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstafsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

a) **börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 78. gr., og**
b) **börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti, sem undanþágan kveður á um.**

8. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

II. KAFLI

Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skulu vera:

1. **Samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.**
2. **Grunnskólaráð, sbr. 66. grein.**

   Nefndir og ráð skv. 1. og 2. lið skulu skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. **Reykjavíkurumdæmi,** sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. **Reykjanesumdæmi,** sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Kópavogskaupstað.
3. **Vesturlandsumdæmi,** sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
4. **Vestfjarðaumdæmi,** sem tekur yfir Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. **Norðurlandsumdæmi vestra,** sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6. **Norðurlandsumdæmi eystra,** sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. **Austurlandsumdæmi,** sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. **Suðurlandsumdæmi,** sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

11. gr.

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Í Reykjavík kýs borgarstjórn Reykjavíkur fræðsluráð og fer hún með hlutverk landshlutasamtaka samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð utan Reykjavíkur skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

12. gr.

Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.

4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.
5. Það sér um að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.
6. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til eins árs. Að þeim tíma liðnum má skipa hann í starfið.

Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum umdæmisins og þörfum þess, og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a. m. k. þrjú ár.

Heimilt er að greiða settum fræðslustjóra laun sem slíkum um þriggja mánaða skeið, áður en hann tekur við starfi, enda sé þeim tíma varið til undirbúnings undir starfið, skv. nánari ákvörðunum menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Sá, sem settur er fræðslustjóri, skal fá launalaust leyfi frá starfi sínu í þágu ríkis eða sveitarfélags, sem hann kann að hafa á hendi, allt að einu ári.

14. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál í skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo sem grunnskólum, iðnfræðsluskólum og húsmæðraskólum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 56. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 70. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvitaháttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

15. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

16. gr.

Skólahverfi er sú eining, er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

a) Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans, án samvinnu við önnur sveitarfélög.
b) Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1) ef það skiptist landfræðilega milli a. m. k. tveggja skólahverfa
2) ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Útibú frá aðalskóla, sbr. 4. og 79. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana, sem rekin eru skv. 53. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögu um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áherzla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

17. gr.

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum), sbr. 18. grein.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir, eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra eftir því sem hún telur haganlegt.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setja skólafulltrúa erindisbréf. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf, er kveður nánar á um störf þeirra.

18. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a) Í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri, fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið þar sem skólinn er

staðsettur kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn, í skólanefnd.

b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.

c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.

d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði þá atkvæði jöfn skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

Nú telur sveitarstjórn (skólanefnd), að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

20. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem ásamt skólastjóra, fer með stjórn skólans í umboði fastra kennara. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og má þá vísa málinu til skólanefndar og fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, unz úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar a. m. k. einu sinni í mánuði, en þó eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef um heimavistarskóla er að ræða.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

21. gr.

Nú æskir skólastjóri, og/eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið. Skal þá skólastjóri boða til foreldrafundar.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir.

Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

22. gr.

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

23. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft, sem ástæða þykir til;
b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a) íbúafjölda,
b) útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
c) þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d) kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a) og b) við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það eftir því sem um semst kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd uppdrætti. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

25. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, bókasafni, aðstöðu til heilsugæzlu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess, er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir, má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra skólahúsnæðis skal að því stefnt, að þar verði aðstaða fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað, að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

26. gr.

Skólanefnd ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Menntamálaráðuneytið skal á a. m. k. þriggja ára fresti efna til almennrar samkeppni um uppdrætti að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Ráðuneytinu til aðstoðar við ákvörðun listskreytinga skólamannvirkja skal vera tveggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá Bandalagi ísl. listamanna, og einum frá því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem hlut á að máli hverju sinni, nema það eða þau feli Sambandi íslenzkra sveitarfélaga að tilnefna fulltrúa í sinn stað til að fara með umboð sitt.

28. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt 82. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Samband ísl. sveitarfélaga, sbr. 9. gr., árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðshalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

IV. KAFLI

Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

30. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann, sem lokið hefur kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla. Ákveða má þó í reglugerð, að skipun í skólastjórastarf við grunnskóla verði háð því skilyrði, að umsækjandi hafi aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn, sbr. 40. gr., enda verði námskeið um stjórnun skóla haldið eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra, er gegnt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku laga þessara.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum umsögnum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.

31. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara til 5 ára í senn. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu yfirkennara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr. séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðaða við stærð skóla.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

Yfirkennari er ríkisstarfsmaður og tekur laun samkvæmt launakerfi þeirra.

32. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum umsögnum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra, sbr. 35. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla, sbr. þó 77. gr.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

33. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins, sem auglýsir stöðuna.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar, og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður, fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt, sem unnt er.

34. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar, að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar, skólaráðskonu við heimavistarskóla, þar sem eru 30 nemendur eða fleiri samtímis í heimavist. Eftir tveggja ára setningartímabil við sama skóla, á skólaráðskona rétt á skipun í starf sitt, ef skólanefnd og skólastjóri mæla með því. Heimilt er ráðuneytinu að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvenna.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stundakennara, forfallakennara, skólaráðskonu við grunnskóla með færri nemendum samtímis en 30, svo og annað starfsfólk mötuneytis.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Sveitarstjórn ræður einnig annað starfsfólk grunnskóla en það sem tilgreint er í 1. og 2. mgr.

Heimilt er að binda ráðningu starfsfólks þess, sem um getur í 2. og 3. mgr. við tiltekinn starfstíma. Slíkt haggar þó ekki ráðningarkjörum þeirra, sem eru í föstu starfi, þegar lög þessi öðlast gildi.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum

að tilkynna það þeim aðila er réði hann til starfans eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum, eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

35. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkv. lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því, sem við á.

36. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar starfsskylda hans um 1/6, og er hann nær 60 ára aldri minnkar starfsskylda hans enn um 1/6 af fullri starfsskyldu.

Til þess að öðlast framangreindan afslátt þarf 20 ára kennsluferil.

37. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því, sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis, til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun og réttindi kennara.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild í grunnskóla skal skólastjóri velja aðalkennara. Hann fylgist með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

39. gr.

Heimilt er fræðslustjóra, innan þeirra marka, sem um getur í 88. gr., að fela kennara fagnámsstjórn, þ. e. umsjón með kennslu í námsgrein innan fræðsluumdæmisins. Ráðningartími er allt að þrjú ár, og má endurnýja hann.

40. gr.

Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 41. gr., verja árlega af hálfu ríkisins fjárhæð, sem svarar til a. m. k. eins hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um endurmenntun kennara.

41. gr.

Nú hefur kennari gengt embætti í 5 ár, sem settur eða skipaður, og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en sem nemur tveggja ára embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

V. KAFLI

Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

42. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir. Skal skólaárið að jafnaði hefjast 1. september og ljúka 31. maí. Í skólahverfum, þar sem helmingur nemenda eða meira verður að aka til og frá skóla eða dveljast í heimavist, er skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, heimilt að stytta árlegan starfstíma skóla allt að eftirtöldum lágmarkstíma:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
b) í 4.—6. bekk í 7½ mánuð,
c) í 7.—9. bekk í 8¼ mánuð.

Í öðrum skólahverfum, er eiga við örðugar umhverfisaðstæður að búa, er tálma 9 mánaða skólaári, getur menntamálaráðuneytið að ósk skólanefndar heimilað styttingu árlegs skólatíma allt að því lágmarki, sem að framan greinir, enda liggi fyrir umsögn skólastjóra og kennarafulltrúa og meðmæli fræðsluráðs og fræðslustjóra.

Hafi stytting árlegs skólatíma verið heimiluð, gildir heimildin, meðan forsendur hennar eru óbreyttar. Sé slíkt frávik frá 9 mánaða skólaári heimilað, lækkar árlegt kennslumagn hlutaðeigandi grunnskóla í samræmi við það, nema til komi heimild fræðslustjóra að lengja vikulegan kennslutíma.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku, skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð getur, ef skólanefnd æskir, heimilað að kennt sé einungis 5 daga vikunnar, og skal þá lengja daglegan og/eða árlegan starfstíma skólans, sem nemur

fækkun daga, svo að nemendur fái á skólaárinu jafnmikla kennslu, hvort sem kennt er 5 eða 6 daga vikunnar.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 5 daga skólaviku skulu starfsdagar teljast vera 177, og skal þá eigi færri en 167 dögum varið til kennslu og prófa, en allt að 10 dögum til annarra þarfa skólans.

Í grunnskólum, er búa við skemmri árlegan skólatíma en 9 mánuði, skal ætla 10 starfsdaga til annarra þarfa skólans. Gildir þetta, hvort sem um er að ræða 5 eða 6 daga skólaviku.

Skólastjóri og kennararáð (skólastjóri og kennarafundur í smærri skólum) ákvarða, hversu ráðstafa skuli þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa. Skal sú ákvörðun birt nemendum og kennurum við upphaf skólaárs, ásamt skrá um, á hvaða daga lögboðin leyfi falla á skólaárinu. Heimilt er þó að víkja frá þeirri skrá hvað starfsdaga varðar, teljist það nauðsynlegt að dómi framangreindra aðila. Sé heimildin til að verja þessum dögum til annarra þarfa en kennslu og prófa ekki nýtt að fullu, fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

Geti grunnskóli ekki fullnægt ákvarðaðri starfsdagaskyldu sinni á reglulegum starfstíma, skal starfstíminn framlengdur, unz fullum starfsdagafjölda er náð, þó eigi um lengri tíma en eina viku. Telst skólaári þá lokið.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

43. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla setur menntamálaráðuneytið skólunum aðalnámsskrá, þar sem m. a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

a) þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenzkar bókmenntir;
b) undirstöðukennslu í stærðfræði;
c) þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum;
d) fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði;
e) kennslu í kristnum fræðum og fræðslu um önnur helztu trúarbrögð, almenna siðfræði og háttvísi.
f) kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði;
g) kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu, og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir;
h) kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt;
i) kennslu í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum;
j) ýmsar valgreinar í efstu bekkjum grunnskóla, þ. á m. verklegt nám.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár, sbr. þó 45. gr.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nauðsynlegt er, að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 48. gr.,

svo og um nám í skólum, þar sem miðað er við skertan árlegan starfstíma, sbr. 42. gr.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 51. og 52. gr.

Skólarannsóknadeild ráðuneytisins hefur námsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

44. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 80. gr.

Í félagsstarfi skal m. a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Heimilt er skólastjórum að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega þennan þátt skólastarfsins, og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu varið var tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sér um að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

45. gr.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a) í 1. bekk, 880 mínútur;
b) í 2. bekk, 960 mínútur;
c) í 3. bekk, 1080 mínútur;
d) í 4. bekk, 1280 mínútur;
e) í 5. bekk, 1360 mínútur;
f) í 6. bekk, 1400 mínútur;
g) í 7. bekk, 1480—1520 mínútur;
h) í 8. bekk, 1480—1560 mínútur;
i) í 9. bekk, 1440—1560 mínútur.

Í 1.—6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt, að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

46. gr.

Leyfisdagar í grunnskóla skulu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar, vera sem hér segir: 1. desember, jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá og með laugardegi fyrir páskadag til og með þriðjudegi næstum eftir páska, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og laugardagur fyrir hvítasunnu.

47. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 51. og 52. gr., skal við það miðað að jafnaði, að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28, né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 43. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þá er og heimilt, þegar kennarar í aldursflokki eða námsgrein vinna saman í gengi, að leysa að nokkru upp bekkja- og deildaskipan og kenna nemendum saman í ýmist smærri eða stærri hópum, enda hafi sú tilhögun eigi áhrif til breytinga á heildarkennslumagni.

48. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur 1.—6. bekkjar eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu ekki vera fleiri en þrír aldursflokkar saman í bekkjardeild; þó skal heimilt að hafa 1.—4. bekk saman í deild. Hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild skal að jafnaði vera þessi:

a) 12, ef aldursflokkar eru fjórir;
b) 17, ef aldursflokkar eru þrír;
c) 22, ef aldursflokkar eru tveir.

Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum. Slíkar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í lögum, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

49. gr.

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 15, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

50. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 52., 53. og 78. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur vorskóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrr en 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sálfræðideildar haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðara hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla. Getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flutzt á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

51. gr.

Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 53. gr. Kennslan fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

52. gr.

Kennslu samkvæmt 51. gr. skulu njóta:

a) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
c) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
d) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám.

53. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a) og b)-lið 52. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkvæmt þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðideildar um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c), d) og e)-lið 52. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðideild, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

54. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin, skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

55. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu.

Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

Nú ber viðleitni kennara, skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri leggur þá málið fyrir sálfræðideild þá, sem í hlut á, og tekur hún við meðferð málsins, sbr. 69. gr.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

56. gr.

Telji skólastjóri, að kennari, eða kennari, að skólastjóri hafi gerzt brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, getur hann vísað málinu til skólanefndar, sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra, ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri, að aðgerðir í málinu þoli enga bið, og getur hann þá gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna, að skólastjóri eða kennari hafi gerzt brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI
Námsmat.

57. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það, hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 43. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

58. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 59. gr. Kennarar skulu gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðar í spjaldskrá skólans og prófskýrslur og veittar nemendum og foreldrum.

59. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum, þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

60. gr.

Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Enn fremur skal hann fá skírteini, er veiti þá vitneskju um námsferil hans, er nemandanum er nauðsyn á vegna framhaldsnáms eða starfs, þar á meðal um námsbraut hans og valgreinar í 8. og 9. bekk, svo og námsárangur hans í einstökum greinum, þ. e. dóm kennara og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa, sbr. 59. og 62. gr.

61. gr.

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga samkvæmt 58. eða 59. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það, sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

62. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans, er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði.

Þá getur ráðuneytið, er það telur þörf á, skipað slíkan eftirlitsmann, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um, hvernig fylgzt verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

VIII. KAFLI
Skólarannsóknir o. fl.

63. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, skólarannsóknadeild, er hefur með höndum m. a. gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem deildin hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

64. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar í einstökum greinum, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum. Þó skal eigi varið til námsstjórnar lægri fjárhæð en sem nemur sjö námsstjóralaunum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn skólarannsóknadeildar, og ræður menntamálaráðuneytið þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.

Laun og annar kostnaður við starf námsstjóra greiðist úr ríkissjóði. Þeir skulu njóta launakjara samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins. Opinberir starfsmenn, sem veljast til námsstjórnar, fá launalaust leyfi, meðan þeir gegna námsstjórn. Heimilt er ráðuneytinu að greiða þeim laun og gera þeim á annan hátt kleift að verja allt að sex mánuðum í undirbúning, áður en starf þeirra hefst, enda sé þeim tíma eingöngu varið í því skyni.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um námsstjórn.

65. gr.

Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfs samkvæmt 63. gr., skal varið árlega úr ríkissjóði a. m. k. 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.

66. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn 10 manna ráð, er nefnist grunnskólaráð. Í ráðinu skulu eiga sæti eftirtaldir aðilar:

a) einn fulltrúi fyrir menntamálaráðuneytið og skal það vera deildarstjóri skólarannsóknadeildar þess, og er hann jafnframt formaður ráðsins;
b) fjórir fulltrúar kennara á grunnskólastigi, einn tilnefndur af Félagi háskólamenntaðra kennara, einn af Landssambandi framhaldsskólakennara og tveir af hálfu Sambands íslenzkra barnakennara, og skal annar þeirra valinn úr hópi kennara við skóla í strjálbýli;
c) einn fulltrúi kennara á framhaldsskólastigi, tilnefndur af Félagi menntaskólakennara;
d) einn fulltrúi starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skólanna, tilnefndur af forstöðumönnum sálfræðideilda;
e) einn fulltrúi fyrir Ríkisútgáfu námsbóka;
f) einn fulltrúi fyrir Kennaraháskóla Íslands;
g) einn fulltrúi fyrir Háskóla Íslands.

Grunnskólaráð er ráðgefandi í kennslufræðilegum málefnum grunnskóla og skilar tillögum sínum til menntamálaráðuneytisins. Verði atkvæði í ráðinu jöfn ræður atkvæði formanns.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf og kveður á um starfstilhögun þess og starfssvið.

67. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Sé kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. lögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrirfram.

IX. KAFLI

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

68. gr.

Fræðsluráð skal, svo fljótt, sem aðstæður leyfa, koma upp deild í fræðsluskrifstofu, sem annast ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.

Heimilt er fræðsluráðum tveimur eða fleiri að sameinast um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

Nú telur ráðuneytið, að óhæfilegur dráttur verði á stofnun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í fræðsluumdæmi, og er þá fræðsluráði skylt að hefjast handa um slíkt innan frests, sem ráðuneytið ákveður.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum. Skal við það miðað í áætluninni, að sem fyrst verði ráðnir þeir starfsmenn a. m. k., sem hér greinir:

a) í 1.—6. bekk, einn sálfræðingur í fullu starfi, félagsráðgjafi í hálfu starfi og sérkennari í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur;
b) í 7.—9. bekk, einn sálfræðingur í fullu starfi og félagsráðgjafi í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur og einn skólaráðgjafi fyrir hverja 500 nemendur.

Heimilt er og að ráða ráðgefandi lækni við sálfræðideild. Fræðsluráð ræður starfsmenn sálfræðiþjónustu, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Sálfræðingar, félagsráðgjafar og skólaráðgjafar gegna störfum, sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

69. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er:

a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;
b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;
c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;
d) að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);
e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;
f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;
g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda.

70. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta lýtur stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, og skal hún vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu. Skólaráðgjafar eru starfsmenn sálfræðideildar, sem skipuleggur störf þeirra í samráði við skólastjóra, en hafa aðsetur í skólunum.

Forstöðumaður sálfræðideildar hefur sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur á hann rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum og/eða kennurum.

71. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í skólum.

72. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

73. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, svo sem hér greinir:

a) skólasálfræðingar skulu hafa lokið háskólanámi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði;
b) félagsráðgjafar skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf;
c) skólaráðgjafar skulu annaðhvort hafa lokið kennaraprófi og framhaldsnámi í uppeldisfræði og skyldum greinum eða hafa lokið BA-prófi í sálar- og uppeldisfræði, hvort tveggja auk viðbótarnáms og/eða starfsþjálfunar, er nánar verði kveðið á um í reglugerð;
d) sérkennarar skulu hafa lokið kennaraprófi og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda.

Forstöðumenn sálfræðideilda skulu vera skólasálfræðingar og hafa a. m. k. þriggja ára starfsreynslu að loknu almennu námi til þess að hljóta skipun í starf. Þeir skulu og vera færir um að leiðbeina byrjendum í starfi.

74. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna. Skal að því stefnt, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta tengist sem bezt almennu skólastarfi.

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráða.

X. KAFLI
Bókasöfn.

75. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera bókasafn og lesstofa fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasafn og skólabókasafn, ef forráðamenn beggja safna telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að koma upp deildum í skólabókasöfnum fyrir hljómplötur og hljómbönd til notkunar í skólanum og til útleigu innan skólahverfisins.

Þeir, sem lokið hafa námi í bókasafnsfræðum og jafnframt öðlazt kennsluréttindi á grunnskólastigi, skulu sitja fyrir öðrum um störf skólabókavarða.

Nánari ákvæði um skólabókasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, starfslið og starfshætti setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XI. KAFLI
Heilsuvernd.

76. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum og reglugerð nr. 214/1958 með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

XII. KAFLI
Forskóli.

77. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

Kennsla óskólaskyldra barna umfram það, sem segir í grein þessari, er háð leyfi fræðslustjóra. Nánari ákvæði má setja í reglugerð.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

78. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 77. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

XIV. KAFLI
Fjármál.

79. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum, er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi, sem ákveðið hefur verið skv. 16. gr.

Fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir, eða endurgreiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda, er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

Hámarksfjölda kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

Séu nemendur samtímis í grunnskóla:

a) allt að 20, verði kennslustundir á hvern nemanda 3,
b) 21—100, verði kennslustundir 20, og að auki 2 á hvern nemanda,
c) 101—350, verði kennslustundir 60, og að auki 1.6 á hvern nemanda,
d) fleiri en 350, verði kennslustundir 130, og að auki 1.4 á hvern nemanda.

Sé meðaltal kennslutíma í bekkjardeildum grunnskóla annað en meðaltal kennslutíma samkvæmt hámarki 45. greinar, breytist hámark kennslustundafjölda, sbr. a—d lið hér að framan, í réttu hlutfalli við það frávik.

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma, sem ákveðinn er í 45. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

Sé víxlkennsla (skiptikennsla) bekkja viðhöfð um tiltekinn tíma í skólahverfi og árlegur námstími af þeim sökum skertur, má vikulegur kennslutími þeirra nemenda vera allt að 15% lengri en ákvæði 45. gr. mæla fyrir um.

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 3.—9. bekk, sem reiknað er með hér að framan, eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

Auk þess sem talið er hér að framan, greiðir ríkissjóður að fullu kennslustundir vegna sundkennslu, viðurkenndrar sjúkrakennslu og forfallakennslu.

Verði kennslu samkvæmt námsskrá, svo og nauðsynlegri hjálparkennslu, eigi komið fyrir innan þeirra marka, sem tilgreind eru hér að framan, sakir óhentugrar stærðar aldursárganga eða af öðrum gildum ástæðum, skal bæta við stundafjöldann því sem til þarf. Slík viðbót er hverju sinni háð samþykki fræðslustjóra, sem í hlut á, og menntamálaráðuneytisins.

Fullnoti grunnskóli ekki hámark kennslustunda þeirra, er honum ber samkvæmt lögum þessum, getur skólastjóri varið allt að 75% mismunarins, þó mest 1% af hámarki kennslustundafjölda skólans, til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans.

Sé rekið útibú frá skóla, sbr. 4. gr., skulu því og aðalskóla, hvoru í sínu lagi, ætlaðar kennslustundir.

Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 80. greinar, eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

80. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum þann launakostnað við grunnskóla, sem hér greinir:

a) Stundafjölda til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjölda samkvæmt 79. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.

   Stundafjölda samkvæmt þessum staflið skal varið til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra vegna stjórnunar skóla, eins og hún verður ákveðin og til almennra skrifstofustarfa að hámarki andvirði þess stundafjölda, sem umfram lækkun á kennsluskyldu er, og skal þá miðað við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

b) Fjárhæð, er varið skal til starfa við bókasöfn og kennslutæki. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, miðast við klukkustundafjölda, er svarar til 6% af kennslustundum, skv. 79. gr., og dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

c) Fjárhæð, er varið skal til starfa að félagslífi nemenda. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, skal annars vegar miða við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi og hins vegar við:

   1) 5 klukkustundir, og að auki 3.7 klukkustundir á hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700;
   2) 4.4 klukkustundir á hverja 100 nemendur, séu nemendur samtals í skólahverfinu 700 eða fleiri.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda samkvæmt staflið a) til stjórnunarstarfa og enn fremur um störf samkvæmt stafliðum b) og c), þar sem

m. a. verði kveðið á um skiptingu þeirra á aldursflokka nemenda og tekið tillit til félagslegrar sérstöðu heimavistarskóla. Reglugerðin kveði einnig á um hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

Sé kennsluskylda kennara lækkuð að hluta, til þess að hann sinni störfum, sem ríkissjóður greiðir ákveðna hámarksfjárhæð til, skal sú fjárhæð lækka um sama hluta af árslaunum kennarans, og skal lækkun kennsluskyldu hans metin til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Lækkun kennsluskyldu eða greiðsla vegna stjórnunar heimavista er ekki innifalin í stundafjölda samkvæmt a-lið.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda til stjórnunarstarfa og störf samkvæmt stafliðum b) og c) þar sem m. a. sé ákveðið hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

81. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum laun stjórnskipaðra prófdómara, sbr. þó 62. gr., aukagreiðslur til kennara, er leiða af kjarasamningum ríkisins við kennara, svo og launakostnað vegna umsjónar og mötuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri samkvæmt samningum og þeim reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

82. gr.

Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bókakosts greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil.

Ríkissjóður greiðir hluta í aksturskostnaði grunnskólanemenda eða öðrum kostnaði, sem komið getur í hans stað samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað, að þátttaka ríkissjóðs sé 50% þar sem unnt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreið, en ella allt að 85%, eða ákveðið framlag á nemanda, til greiðslu á akstri eða kostnaði við annað fyrirkomulag, sem komið getur í stað aksturs.

Heilbrigðisþjónustu greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

83. gr.

Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum.

Hreinar tekjur af eignum skóla greiðast í ríkissjóð í því hlutfalli, sem stofnkostnaður var greiddur.

84. gr.

Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 53. gr. um kennslu í sárstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

85. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans, er telst vera frá 1. júlí til 30. júní. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag, sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, sem það ákveður.

86. gr.

Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á. Mánaðargreiðslur skulu miðast við árlega rekstraráætlun samkvæmt 85. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlunina. Þegar fyrir liggur uppgjör þessa kostnaðar í lok almanaksárs og rekstrarárs skóla í samræmi við samþykkta rekstraráætlun, skal það endurskoðað og leiðréttingar gerðar eftir því sem efni standa til.

Menntamálaráðuneytið skal hafa tekið afstöðu til rekstraráætlunar skólaárs þess, sem í hönd fer, og tilkynnt hana sveitarstjórn eigi síðar en 1. júlí ár hvert, enda hafi áætlunargerð farið fram samkv. 85. gr.

Um endurnýjun og viðhald lausafjármuna skal sveitarstjórn (skólanefnd) gera áætlun til menntamálaráðuneytisins, og skal hún komin í hendur þess eigi síðar en 1. maí. Ráðuneytið tekur afstöðu til hennar fyrir 15. júní.

Viðhaldskostnaður, sbr. 28. gr., svo og kostnaður við endurnýjun tækja og búnaðar, greiðist árlega eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum. Heimilt er ráðuneytinu þó að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Þar sem fleiri en einn grunnskóli er í skólahverfi, ráðstafar skólanefnd samanlögðu viðhaldsfé þeirra.

87. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, og skulu því afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar. Heimilt er ráðuneytinu að fela fræðslustjóra að annast þessi störf í umboði sínu.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu með samþykki fræðslustjóra.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

88. gr.

Af launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu skal eftirfarandi greiðast úr ríkissjóði:

a) Föst laun fræðslustjóra.
b) Árlegt framlag, er að hámarki miðist við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur komi 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.
c) Allt að 12 kennarastundir á viku á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins, sem fræðslustjóra er heimilt að verja til námseftirlits og leiðbeininga, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Það er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, hvaða kennurum er falið að gegna þessum störfum.
d) Helmingur kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sem stofnað er til með samþykki menntamálaráðuneytisins.
e) Helmingur húsaleigu, án ljóss og hita, fyrir starfsemi fræðsluskrifstofu, sem samþykkt hefur verið af menntamálaráðuneytinu.
f) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu felst m. a. sá hluti, er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirlit með þeim. Kostnaður við fræðsluskrifstofu greiðist af báðum aðilum mánaðarlega, samkvæmt áætlun, sem gera skal árlega.

Að öðru leyti en að framan greinir tekur ríkissjóður ekki þátt í launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu.

89. gr.

Af stofnkostnaði nýs húsnæðis og búnaðar fyrir fræðsluskrifstofur greiðir ríkissjóður í upphafi byggingarframkvæmda, eða við kaup húsnæðis, kr. 2 000 000.00, sem miðaðar eru við vísitölu byggingarkostnaðar við samþykkt laganna og breytast í samræmi við hana. Af þeim kostnaði, sem þá er eftir, greiðir ríkissjóður helming og hlutaðeigandi landshlutasamtök helming. Um byggingar þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 49/1967 um skólakostnað, eftir því sem við getur átt.

Viðhald húsnæðis greiðist að jöfnu af aðilum.

XV. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

90. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

91. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt, sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir.

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanám.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað að því er tekur til 16.—23. og 25.—26. gr., að því er rekstur grunnskóla varðar, svo og 28. gr. að því er tekur til samstarfsnefndar.

Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í febrúar 1973 var frumvarp til laga um grunnskóla lagt fyrir Alþingi. Því var vísað til menntamálanefndar neðri deildar, en nefndarálit kom eigi. Áður en frv. var lagt fram, hafði grunnskólanefnd, að ákvörðun menntamálaráðherra, haldið 12 opinbera kynningarfundi um frumvarpið (og einnig um frumvarp til laga um skólakerfi). Hafði frumvörpunum verið breytt verulega í framhaldi af umræðum á fundunum, sbr. það sem segir um þetta á bls. 138. Síðan hélt grunnskólanefnd fleiri kynningarfundi um frumvörpin og vann að breytingum í samræmi við það, sem fram kom og rétt þótti að taka til greina. Sendi nefndin menntamálaráðherra breytingartillögur sínar með bréfi, dagsettu 20. marz 1973, sem ráðherrann féllst á fyrir sitt leyti, og sendi áfram til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis með bréfi sama dag. Hafa breytingar þessar nú verið felldar inn í frumvarpið, en til þess að auðveldara sé að átta sig á, í hverju breytingarnar eru fólgnar, eru bréfin birt sem fylgiskjal (IV) og er þar að finna greinargerð og rökstuðning fyrir breytingunum.

Þess má geta, að til viðbótar þeim kynningarfundum, sem skýrt er frá á bls. 136—138, hélt grunnskólanefnd fundi sem hér segir: á Selfossi 8. og 26. febrúar, í Reykjavík 15. s. m., í Hafnarfirði 16. s. m., í Keflavík 19. s. m., og í Vík í Mýrdal 11. marz.

Hér fer á eftir greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu frá hendi grunnskólanefndar (ásamt fylgiskjölum), með þeim skýringum, sem leiða af breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu samkvæmt tillögum nefndarinnar:

Hinn 27. janúar 1971 voru lögð fram í neðri deild Alþingis sem stjórnarfrumvörp frumvarp til laga um skólakerfi og frumvarp til laga um grunnskóla. Bæði þessi lagafrumvörp voru samin af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946). Í nefndinni, sem frumvörpin samdi, og kölluð hefur verið fræðslulaganefnd, áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina til viðbótar og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson, menntaskólakennari sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í henni eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu og dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, og var hún ritari nefndarinnar.

Lagafrumvörp þessi urðu eigi útrædd á þinginu (91. löggjafarþingi), en allmiklar umræður urðu um þau við fyrstu umræðu og var meginstefnu frumvarpanna yfirleitt vel tekið. Var þeim vísað til menntamálanefndar neðri deildar, en nefndarálit kom ekki og frumvörpin komu aldrei til annarrar umræðu. Ein breytingartillaga kom fram (frá Gísla Guðmundssyni) um að í báðum frumvörpunum kæmi hvarvetna orðið þjóðskóli í stað orðsins grunnskóli, en það var eitt af nöfnum þeim, sem fræðslulaganefnd hafði rætt um sem hugsanlegt heiti á skyldunámsskólum, samanber bls. 22 í greinargerð grunnskólafrumvarpsins frá 1971.

Kosningar til Alþingis fóru fram sumarið 1971 og í kjölfar þeirra stjórnarskipti. Með bréfi dagsettu 3. júní 1972 skipaði menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, **nefnd til þess að endurskoða frumvörpin og skyldi nefndin við endurskoðun grunnskólafrumvarpsins meðal annars hafa í huga eftirfarandi:**

„a) hvort heppilegt kynni að vera að stytta frumvarpið og kveða á um sumt í reglugerð, sem nú er í frumvarpinu,

b) hvort ekki sé rétt að setja samræmdari ákvæði en nú eru í frumvarpinu um ráðningu fræðslustjóra í Reykjavík og öðrum landshlutum, og athuga önnur ákvæði frumvarpsins, sem eru mismunandi fyrir Reykjavík og önnur byggðarlög,

c) hvort unnt sé og heppilegt að taka í skólastarfinu sérstakt tillit til árstíðabundinnar vinnu í strjálbýli, svo sem vor- og hauststarfa í sveitum".

Nefndinni var falið að leitast við að ljúka verkefni sínu svo tímanlega, að unnt yrði að leggja lagafrumvörpin endurskoðuð fyrir Alþingi á árinu 1972.

Í nefndina, sem kölluð hefur verið grunnskólanefnd, voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri, Ingólfur A. Þorkelsson, B.A., kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, Kristján Ingólfsson, kennari við Barna- og unglingaskólann að Hallormsstað og Páll Líndal, borgarlögmaður í Reykjavík og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Með nefndinni hefur starfað Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 7. júní 1972, en fundatalan er nú komin hátt á sjötta tuginn.

Þegar í upphafi starfs síns kynnti nefndin sér þær umsagnir, er borizt höfðu um frumvörp til laga um skólakerfi og grunnskóla. Þá birti nefndin í fjölmiðlum hinn 18. júlí s. l. auglýsingu til allra þeirra einstaklinga og samtaka, er kynnu að vilja gera breytingartillögur við frumvörpin, meðan þau væru í endurskoðun, eða fyrir 20. ágúst. Er útdráttur úr öllum þeim umsögnum, sem borizt hafa um frumvörpin tvö, bæði áður en þessi nefnd var skipuð, og eins á s. l. sumri, birtur hér með sem fylgiskjal I.

Ekki er öld liðin, síðan fyrst voru sett í lög á Íslandi ákvæði um kennslu barna. Árið 1880 voru sett lög um „uppfræðing barna í skrift og reikningi," en þá var og í gildi konungsbréf frá 1790 um lestur barna og fræðslu þeirra, þar sem svo var kveðið á, að hvert barn skyldi hefja lestrarnám fyrir fimm ára aldur, og varðaði sektum að láta það dragast til sjö ára aldurs. Konungsbréfið frá 1790 og lögin frá 1880 giltu til ársins 1907, en þá voru samþykkt á Alþingi hin fyrstu fræðslulög og skólaskyldu komið á. Fræðslulögin hafa síðan verið endurskoðuð þrisvar sinnum, þ. e. árin 1926, 1936 og 1946. Gildandi fræðslulög eru því liðlega aldarfjórðungs gömul. Með þeim var hið merka spor stigið að samræma skólakerfið þannig, að lokapróf hvers stigs væri jafnframt inntökupróf á næsta stig fyrir ofan. Sú er og stefna þessa lagafrumvarps, en það víkur í nokkrum meginatriðum frá lögunum frá 1946, eins og nánar verður tilgreint hér á eftir.

Vafasamt er að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna, og í framhaldi af þeirri grunnskólalöggjöf, sem samþykkt kann að verða, þarf síðan að endurskoða allt framhalds- og sérskólakerfið. Verk- og tæknimenntunin er t. d. eitt af því sem skiptir afar miklu máli, og ber brýna nauðsyn til að endurskoða iðnfræðslukerfið allt, gera verk- og tæknimenntun að samfelldu skólakerfi, þar sem menn geti stöðvazt á ýmsum stigum — með ýmiss konar starfsréttindi, en einnig haldið áfram til æðstu mennta á þessu sviði, ef hugurinn stefnir í þá átt. Á sviði verk- og tæknináms á ekki að vera nein lokuð leið fremur en á öðrum menntabrautum. Verknám þarf að njóta sömu virðingar og bóknám.

Grunnskólafrumvarp það, sem nú er lagt fram, hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem var hið fyrra frumvarp. Samt er enn sem fyrr miðað við það meginatriði, að skólaskylda skuli hér vera níu ár, eða á aldrinum 7—16 ára. Forsendur fyrir lengingu þessari fundust nefndinni vera ótvíræðar. Við athugun kemur í ljós, að um 82% unglinga stunduðu nám í 3. bekk gagnfræðastigs skólaárið 1968/69, sbr. fylgiskjal II, en þetta hundraðshlutfall hefur hækkað lítillega síðan. 3. bekkur gagnfræðastigs er sami bekkur og kemur til með að verða 9. og efsti bekkur grunnskóla. Próf úr þeim bekk er og mun verða, ef af samþykkt frumvarpsins verður, skilyrði fyrir inngöngu í aðra skóla skólakerfisins, bæði verklega og bóklega. Hlýtur því hugurinn að beinast að þeim allt að 18% íslenzkra unglinga, er ekki sækja skóla

á þessum aldri. Við athugun kemur í ljós, að hlutfallslegur meirihluti þeirra er búsettur í dreifbýli, ýmist sveitum eða smærri sjávarþorpum, þar sem þessi bekkur er ekki fyrir hendi. Af því m. a. dregur nefndin þá ályktun, að hér þurfi að gera þjóðfélagslegt átak til úrbóta.

Í sambandi við skólasókn barna í dreifbýli skal einnig á það bent, að sums staðar er enn sá háttur á til sveita, að börn hefji ekki skólagöngu fyrr en 9 eða jafnvel 10 ára gömul, og þá e. t. v. einungis hálfan veturinn. Þetta hvort tveggja veldur óréttlæti og misræmi. Þau börn, er njóta styttri skóla en almennt gerist og e. t. v. ekki nema í hluta námsgreina, alast að þessu leyti upp við önnur og lakari skilyrði en meirihluti jafnaldra þeirra. Þau eru því verr í stakk búin til að mæta framtíðinni. Breytir hér engu um, þótt greindum börnum, er nema við þessi skilyrði, reynist flestir vegir færir í námi. Hér ber að huga að heildinni; hér má enginn verða úti.

Ýmsir draga í efa nauðsyn svo langrar skólagöngu, sem hér um ræðir, og benda á, að hingað til hafi margur einstaklingurinn komizt vel af með minna. Því er til að svara, að félagsleg þróun í nútíma þjóðfélagi er ör. Sú þróun kallar á sérmenntað fólk á æ fleiri sviðum. Grunnskólanum er ætlað að verða stofn allrar framhaldsmenntunar. Hann á að veita uppvaxandi Íslendingum hina almennu undirstöðumenntun, og að grunnskólaprófi loknu er ráð fyrir því gert, að allir nemendur eigi rétt til framhaldsnáms á einhverju sviði.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, að meðal margs, sem við þarf til að byggðarlög verði jafnbyggileg eða byggilegri en þau eru nú, eru fjórir þættir einna veigamestir: atvinnumál, heilbrigðismál, menntamál og samgöngumál, og hvernig þessum málum er skipað. Ef menntamálum er þannig háttað, að annaðhvort eiga foreldrar ekki kost á því að mennta börn sín, eða þá með því móti einu að senda þau á unga aldri til langdvalar fjarri heimilinu, þá munu margir án efa heldur kjósa að flytjast til þeirra staða, sem betri skilyrði bjóða að þessu leyti. Það er því — auk þess að vera meginmál fyrir hvern einstakling, hvaða menntunarskilyrði honum eru búin — einnig og ekki síður höfuðatriði fyrir áframhaldandi byggð úti um landið, að skólamálum sé skipað þannig, að nemendur fái tilskilda menntun og að hún sé veitt í þeirri nálægð við heimilin, að þau þurfi ekki að sjá af börnum sínum til langdvalar á fjarlægum stöðum.

Það hefur lengi verið ljóst, að nemendur í dreifbýli búa við mun erfiðari aðstöðu til að afla sér menntunar en nemendur í þéttbýli. Erfiðleikar dreifbýlisnemenda varðandi námsaðstöðu taka ekki einungis til nemenda, sem komnir eru af skyldunámsstigi, heldur einnig skyldunámsnemenda. Að því er varðar nemendur ofan skyldunámsstigs hafa á seinni árum verið gerðar margháttaðar ráðstafanir til að jafna þessa aðstöðu, svo sem með námsstyrkjum og námslánum Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, „dreifbýlisstyrkjum“ svonefndum, sem veittir hafa verið í fjárlögum 1970, 1971 og 1972, samanlagt öll þrjú árin 50 millj. kr., og með löggjöf nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Til framkvæmda á þeim lögum eru ætlaðar 50 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973. Þessar ráðstafanir eru að sjálfsögðu til mikilla bóta, en að því er skyldunámsstigið varðar verður þó aldrei náð æskilegri aðstöðujöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis, nema dreifbýlisnemendur eigi kost jafngóðrar kennslu í álíka langan tíma og þéttbýlisbörn, og það á þann hátt, að hvorki þau né heimili þeirra líði við þá skólaskipan, sem þessu á að þjóna.

Nefndin hefur því leitazt við að móta ákvæði frumvarpsins á þann veg, að unnt verði að koma þeim í framkvæmd við þær erfiðu aðstæður til skólahalds, sem víða eru í dreifbýli á Íslandi. Var í því sambandi sú reynsla höfð til hliðsjónar, sem fengizt hefur af tillögum menntamálaráðuneytisins um endurskipulagningu skólahalds víða um land, en þær tillögur eru nú til athugunar hjá hlutaðeigandi aðilum eða að nokkru komnar til framkvæmda, svo sem í Skagafirði, þar sem fyrst var hafizt handa. Ber að skoða ýmis ákvæði frumvarpsins í þessu ljósi, svo sem um útibú frá aðalskóla fyrir yngstu nemendur, nýskipan skólahverfa og samvinnu sveitarfélaga um skólahald.

Engin leið er að gera hér í inngangi nein viðhlítandi skil þeim fjölmörgu nýmælum, sem þetta frumvarp felur í sér, sé það borið saman við gildandi lög eða eldra frumvarp til laga um grunnskóla. Þó skulu hér, auk áðurgreindra grundvallaratriða um lengda skólaskyldu og skólatíma, tínd til nokkur nýmæli, og er þá miðað við nýjungar frá gildandi lögum, sé annað ekki sérstaklega tekið fram:

1) Nokkur hluti af valdi menntamálaráðuneytisins verði fluttur út í átta fræðsluumdæmi, þar sem fræðslustjórar starfi. Er og gert ráð fyrir því, að hin nýju landshlutasamtök sveitarfélaga gegni talsverðu hlutverki í ytra stjórnkerfi grunnskóla, m. a. með því að kjósa fræðsluráð.
2) Fastir kennarar grunnskóla kjósi úr sínum hópi fulltrúa til samstarfs og fundarsetu með fræðsluráðum og skólanefndum.
3) Stefnt verði að því, að nemendur grunnskóla geti undirbúið sig undir næsta skóladag í húsnæði skólans.
4) Í grunnskólum, sem rétt eiga á 10 föstum kennurum, auk skólastjóra, ráði menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra.
5) Skólaráðskonur við heimavistarskóla verði gerðar að föstum ríkisstarfsmönnum, þegar um tiltekna stærð heimavista er að ræða.
6) Heimilt verði að veita kennara orlof að loknum fimm ára embættisferli í stað 10 ára ferils samkvæmt gildandi lögum.
7) Hámarksstarfstími grunnskóla verði níu mánuðir á ári, en heimilt að stytta starfstíma í 7—8½ mánuð. Er þetta síðartalda atriði breytt frá því, sem eldra grunnskólafrumvarp tiltók.
8) Viðvíkjandi vikulegum kennslutíma er farinn nokkur millivegur milli núgildandi laga og námsskrár annars vegar og eldra grunnskólafrumvarps hins vegar.
9) Ríkið komi á fót samkvæmt 10 ára áætlun og starfræki sérstaka skóla eða stofnanir fyrir þau börn, sem ekki geta stundað nám í almennum grunnskóla.
10) Sérstakur kafli er um námsmat, þ. e. próf og einkunnagjöf, og felur hann í sér ýmis nýmæli.
11) Ákvæði eru um skólarannsóknir og lágmarksfjárveitingar til slíkra rannsóknarstarfa.
12) Gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög komi í sameiningu upp ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla.
13) Skólabókasöfn verði við alla grunnskóla sem fastur þáttur í stofnbúnaði og starfi skólanna.
14) Veigamiklar breytingar eru gerðar varðandi fjármál skóla, þ. á m. þessar:
    (i) Hugtakið „reiknaðar stundir“ er fellt niður og fjárveitingar til kennslu og annarra starfa aðgreindar.
    (ii) Greiðsluskylda ríkissjóðs er miðuð við það, að unnt sé að framkvæma að fullu kennslu samkvæmt námsskrá, sé skólaskipan og kennslufyrirkomulag með þeim hætti, sem hagfelldastan má telja á hverjum stað.
    (iii) Fjárframlög til starfa við bókasöfn og til félagsstarfsemi í grunnskóla eru stóraukin frá því, sem nú er á barna- og gagnfræðastigi.
    (iv) Þá eru og ákvæði um þátttöku ríkis og sveitarfélaga í stofnkostnaði og rekstri fræðsluskrifstofa.

Frumvarp þetta hefur raunar verið í smíðum síðan 4. júlí 1969. Hafa margir lagt þar hönd að verki, bæði nefndirnar og starfsmenn þeirra, svo og þeir einstaklingar og samtök úr öllum landshlutum, er sendu umsagnir um fyrra frumvarpið og urðu þannig að miklu liði við endurskoðunina.

Grunnskólamálið kemur nú til Alþingis í annað sinn. Breytingar á gildandi lögum eru orðnar aðkallandi og biðin dýr.

Það er meira en hending, að nágrannaþjóðir Íslendinga á Norðurlöndum hafa allar unnið að þessu sama verkefni að undanförnu. Öllu fremur er það sama þörfin, sem kallað hefur að. Sem dæmi má nefna, að Norðmenn gengu endanlega frá nýjum grunnskólalögum árið 1969, þar er skólaskyldan nú níu ár. Danir vinna nú að nýrri grunnskólalöggjöf, og gera ráð fyrir 9 eða jafnvel 10 ára skólaskyldu.

Eitt er líkt, en annað ólíkt í þessum efnum hjá nágrannaþjóðum vorum. Aðstæður og þjóðareinkenni móta hverja löggjöf. Meginstefnan er þó alls staðar sú sama, allar setja þessar þjóðir manngildið og mannlega velferð samfara heill þjóðarinnar öðru ofar.

Þessi er einnig meginstefna grunnskólafrumvarpsins. Það miðar að því að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun, á þann hátt, að sem bezt jafnvægi megi skapast milli hefðgróinna verðmæta og örrar framvindu samfélagslegra og tæknilegra breytinga.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stundum er rætt um skólaskyldu eða fræðsluskyldu. Þrátt fyrir góðan vilja, er mikil hætta á, að mismunandi fjárhagsgeta sveitarfélaga valdi því, að börn og unglingar fái misjafna aðstöðu til náms, ef ekki er kveðið skýrt á um skólaskyldu og skilyrði öll, sem skapa þarf til þess að unglingarnir nái tilskilinni menntun á aldrinum 7—16 ára. Höfuðvandinn í þessu efni er að skapa sambærileg skilyrði í þéttbýli og dreifbýli. Þarf að hafa ríkt í huga, að verði börnum og unglingum ekki sköpuð sömu skilyrði hvarvetna á landinu, eru líkur fyrir því, að menn neyðist til að flytjast frá þeim svæðum, sem vanhaldin eru í þessum efnum og þangað, sem betri skilyrði bjóðast. Þjóðfélaginu er brýn nauðsyn að hæfileikar hvers einstaklings nýtist sem bezt, og einstaklingarnir eiga sjálfir rétt á þeirri menntun, sem hugur þeirra og hæfileikar hneigjast til. Í þessu sambandi skiptir miklu máli að sköpuð sé aðstaða fyrir seinfæra nemendur að fara með þeim námshraða, sem hæfileikar þeirra leyfa, og að þeir njóti nægilegrar námsaðstoðar. Það ber að hafa í huga þegar á þessu stigi, að í framhaldi af grunnskólalöggjöf þarf að endurskoða löggjöf framhaldsskólanna í landinu og opna námsleiðir einnig fyrir þá, sem seinfærir eru í námi. Ein rökin fyrir því, að skólaskylda sé aukin, eru þau, að Íslendingar verða að kappkosta að standa að minnsta kosti jafnfætis og helzt framar skyldum menningarþjóðum hvað menntun snertir. Danir hafa haft skemmsta skólaskyldu Norðurlandaþjóða að undanförnu, ekki nema 7 ár, en hafa nú nýverið lengt skólaskyldu sína í 9 ár og ræða um að lengja hana í 10 ár. Í hinum Norðurlandaríkjunum er skólaskylda 9 ár. Þetta segir þó ekki alla söguna, því að árlegur starfstími skóla eða fræðsla nemenda er í öllum hinum Norðurlandaríkjunum miklu lengri en á Íslandi. Eðlilegt virðist, að skólaskylda leiði til menntunar, sem þarf til inngöngu í þá skóla, sem við taka að grunnskólanámi loknu, þótt nemendur notfæri sér ekki allir þá þegar og sumir aldrei möguleika til framhaldsmenntunar. Ef um fræðsluskyldu væri að ræða í stað skólaskyldu, þ. e. skyldu til að skapa námsaðstöðu, en ekki skyldu til að notfæra sér hana, nema að ákveðnu marki, væri hætta á, að unglingar hyrfu frá námi einu eða tveimur árum áður en náð væri því prófstigi, sem veitir aðgang að framhaldsskólum. Slíkt hefur reynzt mörgum erfitt þegar þeir síðar æskja að halda áfram námi.

Um 2. gr.

Þessi grein er stefnumarkandi og byggist á þrem meginatriðum:

1. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun,
2. að efla skilning nemendanna á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, og
3. að binda ekki starf skólans við fræðsluna eina, heldur í æ ríkara mæli að stuðla að alhliða þroska nemandans.

1. Skólinn býr nemendurna undir að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Af því leiðir, að þróun þess hlýtur að hafa áhrif á starfshætti skólans.

   Samskipti nemenda í námi og starfi þurfa að mótast af lýðræðislegu samstarfi.

   Skólinn getur ekki rækt hlutverk sitt svo að vel sé, nema hann sé sífellt vakandi fyrir breyttum þjóðfélagsháttum.

   Síðan gildandi fræðslulög voru sett 1946, hefur framvindan í heiminum verið mjög ör og íslenzkt þjóðfélag tekið stakkaskiptum. Breyttir þjóðfélagshættir valda því, að ekki er lengur unnt að búa sig undir ævistarf í eitt skipti fyrir öll. Þessi þróun kallar því á bætta menntun þegnanna og sífellda endurmenntun, ekki sízt vegna þess, að vísindalegar rannsóknir draga nýja þekkingu svo ört fram í dagsljósið, að viðtekin þekking úreldist ört.

   Þróunin mun sífellt verða örari; þess vegna þarf skólinn að gera nemandann færan um að tileinka sér nýja þekkingu og bregðast við nýjum aðstæðum.
2. **Af augljósum ástæðum hlýtur það m. a. að vera hlutverk skólans að varðveita menningararf íslenzku þjóðarinnar, — tungu, bókmenntir og sögu, svo og sérkenni íslenzks samfélags. Varðveizla þessara menningarverðmæta er skylda þjóðarinnar. Þau hafa framar öllu öðru skapað okkur virðingu og viðurkenningu annarra þjóða og aukið heilbrigðan þjóðarmetnað. En jafnframt ber að forðast þröngsýn þjóðernissjónarmið og minnast þess, að íslenzk menning á sér víða rætur. Hún er ekki og hefur aldrei verið einangrað fyrirbæri. Við höfum lært margt af öðrum þjóðum og munum halda áfram að gera það.**
3. **Heill og þroski mannsins er takmark í sjálfu sér. Starf skólans er því ekki bundið við það eitt að veita þekkingu, heldur skal það í æ ríkara mæli stuðla að alhliða þroska hvers nemanda. Með „alhliða“ er átt við vitrænan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska.**

Skólinn verður að leggja mikla áherzlu á að venja nemendur við hlutlægni og gagnrýnið, en jákvætt hugarfar, svo að þeir geti tekið málefnalega afstöðu. Sérstaklega ber að varast að innræta nemendum ákveðnar skoðanir, t. d. í stjórnmálum. Þetta merkir þó ekki, að skólinn eigi að leiða hjá sér umræður og fræðslu um ágreiningsmál, heldur ber honum að kynna þau og veita nemendum tækifæri til að fjalla um þau á óhlutdrægan hátt.

Í þessari grein er lögð áherzla á að efla beri skilning nemenda á mannlegum kjörum og umhverfi. Er hér bæði átt við félagslegt umhverfi og náttúru landsins, sem er í sífelldri hættu vegna mengunar, gróðureyðingar og ofveiði. Það er því æskilegt að skólinn veki nemendur til skilnings á skynsamlegri náttúruvernd.

Í greininni er lögð áherzla á skyldur einstaklinganna við samfélagið. Mönnum hættir við að gleyma því, að réttindi og skyldur eiga jafnan að haldast í hendur. Með orðinu „samfélag“ er átt við hvorttveggja í senn, íslenzkt samfélag og mannlegt samfélag yfirleitt.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er jafnan talað um grunnskólann sem ein stofnun væri. Með því er lögð áherzla á, að þetta er samfelldur skóli öll níu árin, en hins vegar er, eins og greinin ber með sér, ekki gert ráð fyrir, að hver skólastofnun þurfi að hafa alla níu bekkina, þótt svo verði vitaskuld stundum. Hugsanlegt er að skipta á ýmsa vegu, en aldrei ætti einn bekkur að vera sér í skóla. Þar með er líka komið í veg fyrir, að skipti verði milli 8. og 9. bekkjar, sem væri mjög óheppilegt. Hugsanlegar skiptingar eru t. d.:

1.—6. bekkur,	7.—9. bekkur,	
1.—7. —	8.—9. —	
1.—3. —	4.—9. —	
1.—3. —	4.—6. —	7.—9. bekkur,
1.—4. —	5.—7. —	8.—9. —

Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er staðfest sú stefna, sem fylgt hefur verið í vaxandi mæli á undanförnum árum, að aka nemendum í strjálbýli til og frá skóla daglega, þar sem vegalengdir, vegir og veðurfar gera það kleift.

Þessi leið hefur það fram yfir heimavistardvölina, að hún rýfur síður hin tilfinningalegu og félagslegu fjölskyldubönd.

En nú leyfir hvorki íslenzkt veðurfar né byggðaskipan, að tækni óbreyttri, að daglegur akstur nemenda til og frá skóla verði að allsherjarreglu í strjálbýli. Því verður skólahald víða að miðast við heimavistardvöl nemenda. Þar sem svo hagar til verður þó að telja æskilegt að gefa nemendum kost á að dveljast heima um helgar, svo sem gert er víða. Gildi eðlilegra fjölskyldubanda verður ekki ofmetið, hvorki fyrir einstaklinginn né þjóðfélagið og hætta er á að þau bresti, ef barnið dvelst tímunum saman á mótunaraldri fjarri heimili sínu.

Örðugt er fyrir 7—9 ára börn að dveljast löngum stundum frá heimili sínu og þá ekki síður fyrir heimilin að sjá af þeim.

Í skólahverfum, sem búa við heimavistir, er börnum á þessum aldri ætlað að dveljast þar sem öðrum. Þessi skólahverfi eru oft of víðáttumikil og örðug að náttúrufari til þess að þar sé unnt að halda uppi daglegum akstri með nemendur. Mögulegt væri hins vegar að aka yngstu börnunum innan hinna ýmsu sveitarfélaga skólahverfisins og halda þar uppi kennslu fyrir 7—8 ára eða 7—9 ára börn í félagsheimilum eða samkomuhúsum þeirra. Með þessu yrði aksturinn styttri en ef aka þyrfti úr hverri sveit skólahverfisins á einn stað til aðalskólans. Hér er rætt um 7—9 ára börn, og orsakast það einkum af því, að hér er um tilfinningalega séð mjög viðkvæman aldur að ræða og einnig liggja kennsluástæður til grundvallar. Strax um 10 ára aldur fer kennsla að verða fjölþættari og þá nauðsynlegt að skipta í deildir eftir árgöngum, en það yrði vart unnt, ef halda ætti skóla fyrir hverja hinna fámennu sveita fyrir sig.

Útibú þau, sem svo eru nefnd í frumvarpinu, yrðu stjórnunar- og skipulagslega hluti aðalgrunnskóla (heimavistarskóla) byggðarlagsins.

Bæði á fundum um grunnskólafrumvarpið og eins í umsögnum hefur verið að því vikið, að rétt muni að láta heimildina um útibú frá aðalskólum ná til fleiri árganga en 7 og 8 ára. Grunnskólanefnd mælir með því, að bætt verði við einu ári, þannig að heimildin nái yfir aldursskeiðið 7—9 ára eða 3 fyrstu skólaárin.

Nefndin getur hinsvegar ekki mælt með því, að 10 ára börn njóti skólavistar í útibúum. Búast má við því, að mörg útibúanna verði fámenn og örðugt um aðgreiningu aldursflokka, ef ekki ómögulegt. Á 11. aldursári er námsaðgreining orðin það mikil, að hæpið er að árangur kennslu verði að gagni, nema um aldursaðgreiningu verði að ræða í náminu.

Um 5. gr.

Grein þessi er viðurkenning á því, að sums staðar geti tekið lengri tíma að brúa bilið milli þess ástands, sem nú ríkir í skólamálum, og hins er þetta frumvarp stefnir að.

Greinin á hins vegar að tryggja, að ekkert sveitarfélag geti skotið sér undan skyldum í þessum efnum, nema um sinn og því er í greininni ákvæði þess efnis, að menntamálaráðuneytið geti hlutazt til um, að sveitarfélög geri úrbætur í skólamálum sínum, séu framkvæmdir ekki í samræmi við lögin. Vanrækslan kann að stafa af fjárskorti sveitarfélags, sem ekki er unnt að ráða bót á á skömmum tíma. Eins kann það að koma fyrir, að fjárhagsgeta sveitarfélags leyfi ekki þann byggingarhraða, sem eðlilegur er og hagkvæmur.

Ákvæðum síðustu mgr. er ætlað að ráða nokkra bót á þessum síðasttöldu atriðum, þannig að greiðsluþyrði sveitarfélaganna verði dreift á fleiri ár. Við ákvörðun lánakjara má tryggja það, að ríkissjóður verði skaðlaus af þessum viðskiptum, þegar horft er til langs tíma. Útgjaldaauki ríkissjóðs af þessum sökum gæti orðið nokkur fyrstu árin, en er tímar líða verður hér um að ræða tilfærslu

lánsfjár milli sveitarfélaga. Eðlilegt er, að Samband ísl. sveitarfélaga geti haft áhrif á ráðstöfun fjárins með aðild að samningu reglugerðar og úthlutun lána samkvæmt henni.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að lögin komist sem allra fyrst til framkvæmda innan þess ramma, sem markaður er í 91. grein, og að framkvæmdatími verði sem jafnastur um land allt.

Um 6. gr.

Nú á tímum verður það að teljast til almennra mannréttinda að eiga kost á að sækja skóla og njóta þar fræðslu.

Samkvæmt frumvarpinu er það almenn regla, að börn njóti fræðslu grunnskólans um 9 ára skeið.

Óviðunandi er því, að skammsýn sjónarmið einstaklings fái því ráðið, að barn eða unglingur fái ekki að neyta þessa réttar síns. Jafnframt er það og skylda nemandans við sjálfan sig og þjóðfélagið, að hann notfæri sér þennan rétt.

Um 7. gr.

Vísast til umsagnar um 5. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman öllum helztu ákvæðum um stjórn grunnskóla.

Meginsjónarmið, sem tekið er upp nú í frv. er það, að hinum ungu og upprennandi landhlutasamtökum sveitarfélaga verði veitt allmikið vald í skólamálum landshlutans. Að vísu hafa þessi samtök ekki fengið formlega réttarstöðu samkvæmt lögum, en ætla verður, að samþykkt verði lög um það efni á þessu þingi. Hefur þessum samtökum vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum, og virðist sú stefna njóta almenns fylgis, að þau verði efld og taki í vaxandi mæli við ýmiss konar verkefnum, er varða landhlutann í heild. Hafa mjög ákveðnar óskir komið fram um slíkt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fleiri samtökum sveitarfélaga. Ætti þetta að stuðla að æskilegri valddreifingu og eðlilegri þróun umdæmaskiptingar í landinu. Telur grunnskólanefnd rétt að stuðla að þessari þróun.

Um 9. gr.

Um nokkurt skeið hefur starfað sérstök samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga samkvæmt 28. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og hefur hún fjallað um ýmis málefni varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Mun það einmæli þeirra, sem til þekkja, að nefnd þessi hafi unnið mjög gott starf og fyrir tilstuðlan hennar hafi verið afstýrt ýmiss konar ágreiningsmálum, er upp kynnu að hafa komið og ýmis ágreiningsefni verið leyst með góðu samkomulagi. Ákvæðum skólakostnaðarlaga er því haldið að öðru leyti en því að lögbundin er tala nefndarmanna, tveir frá hvorum aðila.

Um grunnskólaráð vísast til athugasemda við 66. gr. frv.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að hvert kjördæmi verði fræðsluumdæmi. Í fyrstu var miðað við umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, og töldu þeir, sem undirbjuggu frumvarpið, að með því væri verið að framfylgja óskum landshlutasamtakanna í heild og þá ekki síst vilja Norðlendinga sjálfra, en á kynningarfundum norðanlands um frumvarpið að undanförnu hefur komið í ljós vilji fyrir þeirri skipan, sem hér er ráðgerð. Við frumvarpsgerðina hefur það eitt vakað fyrir að haga þessu í samræmi við hagkvæmni og eðlileg landshlutasjónarmið.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera sérstakt fræðsluráð og sérstök fræðsluskrifstofa.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um skipun fræðsluráða og starfshætti.

Lagt er til, að fræðsluráð verði skipað 5 eða 7 mönnum samkvæmt ákvörðun þeirra landshlutasamtaka sveitarfélaga, er fræðsluráðið kjósa. Talið var æskilegt að hafa fræðsluráðin ekki fjölmenn, þar sem slíkt gæti orðið heldur þungt í vöfum. Ákvæði greinarinnar um, að landshlutasamtök geti ákveðið að hafa fræðsluráðsmenn 7 að tölu, helgast einkum af því, að í sumum landshlutum er atkvæðaafl kaupstaða og kauptúna slíkt, að hætta gæti orðið á, að fulltrúar sveita fengju ekki mann kjörinn í 5 manna fræðsluráð.

Um kosningu fræðsluráðs færi eftir þeim lögum og samþykktum, sem gert er ráð fyrir, að sett verði um stjórn og starfshætti landshlutasamtaka.

Í greininni er gert ráð fyrir, að samkvæmt ákvæðum er sett verði í reglugerð, eigi framkvæmdastjóri landshlutasamtaka rétt til setu á fræðsluráðsfundum. Þykir það rétt til þess að tryggja sem bezt tengsl milli landshlutasamtaka og fræðsluráðs og samræmi í vinnubrögðum innan landshlutans. Þá er og gert ráð fyrir því m. a., að skólastjórar og fulltrúar kennara eigi rétt til setu á fundum fræðsluráðs. Þetta ákvæði, sem er í samræmi við almenna þróun á ýmsum sviðum þjóðlífsins, girðir að sjálfsögðu ekki fyrir, að kennarar megi kjósa skólastjóra sem fulltrúa sína hjá fræðsluráðum.

Rétt er að vekja athygli á ákvæði um, að fræðsluráð gangist a. m. k. árlega fyrir fundum með skólastjórum og skólanefndarformönnum í umdæminu. Telja verður, að slíkir fundir geti orðið mjög gagnlegir, m. a. vegna samræmingar á ýmsum sviðum skólastarfs og til kynningar á nýjungum.

Samkvæmt frv. kjósa fræðsluráð sér sjálf formann, og er það í samræmi við ákvæði gildandi laga. Jafnframt skal á það minnt, að í frv. er, eins og í eldri gerð þess, lagt til, að skólanefndir kjósi sér sjálfar formann, en þeir eru nú skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

Um 12. gr.

Í þessari grein er lýst í meginatriðum verkefnum fræðsluráða, og þykir sérstök ástæða til að benda á 1. lið, þar sem fram kemur, að fræðsluráð starfar jöfnum höndum í umboði menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Um 13. gr.

Nefndin gat ekki orðið sammála um 1. og 2. málsgrein 13. greinar.

Meirihlutinn (Birgir Thorlacius, Andri Ísaksson, Ingólfur A. Þorkelsson og Kristján Ingólfsson), lítur svo á, að hér sé um að ræða menn, sem eiga að fara með hluta af valdi menntamálaráðuneytisins. Því komi ekki til greina, að fræðslustjórarnir séu settir eða skipaðir af öðrum en menntamálaráðuneytinu. Í annan stað yrðu fræðslustjórarnir yfirmenn skóla fræðsluumdæmisins innan vissra marka laganna og þar einnig óeðlilegt, að til kæmi annar setningar- og skipunaraðili þeirra en skólastjóra og kennara.

Stofnun fræðslustjóraembætta og myndun fræðsluskrifstofa færir hinum ýmsu landshlutum nýtt vald heim í hérað með stjórnskipuðum fræðslustjórum og fræðsluráði, kjörnu af umdæmisvaldi sveitarfélaganna. Ef fræðslustjórar yrðu ráðnir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og þannig starfsmenn þeirra, væri hætt við misræmi í framkvæmd fræðslumála innan hinna ýmsu fræðsluumdæma.

Minnihlutinn (Páll Líndal) lagði til, að raunverulegt vald til ráðningar fræðslustjóra yrði í höndum heimamanna, annaðhvort þannig að ráðherra skipaði fræðslustjóra eftir tillögum fræðsluráðs eða fræðsluráð réði fræðslustjóra, en sú ráðning væri háð staðfestingu ráðherra. Minnihlutinn færði þau rök fyrir tillögu sinni, að eðlilegast væri að stjórn fræðslumála hvers umdæmis væri sem mest í höndum heimamanna sjálfra, þótt yfirstjórn, þar með samræming á starfi fræðslustjóra, væri að sjálfsögðu í höndum ráðuneytisins. Gæti það leitt til vandræða, ef fræðslustjóri væri í

andstöðu við fræðsluráðið og þá aðila aðra, sem hann þyrfti einkum að hafa samstarf við. Þá væri óeðlilegt, að inn í kerfið kæmi einn maður valinn af ráðherra, en aðrir starfsmenn fræðsluskrifstofu væru ráðnir af fræðsluráði, sbr. 15. gr. Þá er og gert ráð fyrir, að fræðsluskrifstofa geti tekið að sér verkefni fyrir landshlutasamtökin, sbr. sömu grein. Allt þetta styddi þá skoðun, að fræðslustjórinn væri ráðinn af sömu aðilum og færu með stjórn fræðslumála í umdæminu. Með þeim skilyrðum, sem gerð eru um embættisgengi fræðslustjóra ætti einnig að vera tryggt, að fullkomlega hæfir menn yrðu ráðnir til starfa.

Í nefndinni varð einnig ágreiningur um embættisgengi fræðslustjóra.

Fræðslustjórar munu gegna mikilli ábyrgðarstöðu í fræðslukerfi. Þess vegna er nauðsynlegt, að menntun þeirra og reynsla sé sem mest og bezt. Ákvæðin um embættisgengi þeirra þurfa einnig að vera skýr og ótvíræð.

Meirihluti nefndarinnar (A. Í., I. A. Þ., Kr. I) taldi þrjá þætti í starfi fræðslustjóra mikilvægasta. Ber þar fyrst og fremst að nefna kennslufræðilega menntun, þá stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og að lokum þekkingu á skólamálum hlutaðeigandi fræðsluumdæmis og þörfum þess.

Meirihlutinn leggur einnig áherzlu á reynslu í skólastarfi og þótti hæfilegt að miða við þrjú ár sem lágmark.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um embættisgengi er kennurum, en einkum skólastjórum, veittur forgangsréttur til fræðslustjórastarfs að öðru jöfnu.

Augljóst er, að reynsla í skólastarfinu sjálfu, ásamt kennslufræðilegri menntun, er hér þung á metunum. Skólastjórar hafa hvort tveggja í senn kennslufræðilega menntun og reynslu í stjórn skóla. Margir þeirra hafa kennt og stjórnað skóla árum saman. Þeir vita því manna bezt, hvað skóli og starf innan hans er. Skólastjórar og kennarar verða, sökum starfs síns, að kynna sér allrækilega fræðslu- og skólamál og hafa þess vegna meiri yfirsýn yfir þau en flestir aðrir menn. Það fer því ekki milli mála, að þeir eru manna bezt undir það búnir að gegna starfi fræðslustjóra.

Það styður og skoðun meirihlutans, að alls staðar á Norðurlöndum er krafizt kennaraprófs og/eða kennarareynslu til þess að verða skipaður fræðslustjóri.

Í greininni er miðað við stjórnunarreynslu innan fræðslukerfisins, en ekki einungis innan skóla. Fráleitt er að útiloka vel menntaða starfsmenn, sem unnið hafa að fræðslumálum, einkum stjórnun, annars staðar en í skólunum, t. d. í menntamálaráðuneytinu.

Meirihlutinn vill, sbr. það sem fyrr segir, síður en svo gera lítið úr stjórnunarþættinum. Hann er og mikilvægur, enda er lögð á hann þung áherzla í 30. gr. frumvarpsins og greinargerð með henni, en þar er gert ráð fyrir, að stjórnun verði felld inn í kennaramenntunina sem einn þáttur hennar. Kennarar verða því vel í stakk búnir hvað þetta snertir í framtíðinni.

Með orðunum „er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar“ er m. a. átt við, hve mikil og góð kennslufræðileg menntun umsækjanda er. Það er skoðun meirihlutans, að aukin menntun á þessu sviði skuli veita umsækjanda vissan forgang til starfsins.

Minnihlutinn (B.Th. og P.L.) var hlynntur því að setja hér ákvæði um, að við val í starf fræðslustjóra skyldu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hefðu rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla. Með þeim hætti væri kennslufræðileg menntun og starfsreynsla viðurkennd, en jafnframt væri slíkt ákvæði rýmra en það, sem meirihlutinn samþykkti. Væri æskilegt að taka hlutfallslega meira tillit til almennrar stjórnsýslureynslu umsækjenda, þegar ráðið væri í fræðslustjórastarf, heldur en gert væri með ákvæði meirihlutans.

Um 14. gr.

Í þessari grein er greint í stórum dráttum frá verkefnum fræðslustjóra, en nánari grein er gerð fyrir störfunum á öðrum stöðum í frv.

Rétt er að benda á ákvæði í 1. mgr. um skyldur fræðslustjóra til búsetu á þeim stað, þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni.

Um 15. gr.

Þar sem sú skipun fræðslumála, sem stefnt er að, gengur í þá átt, að einstök fræðsluumdæmi fái töluvert mikla sjálfsstjórn, þykir rétt að landshlutasamtökin ráði sjálf mestu um það, hvar fræðsluskrifstofa umdæmisins verði. Eins og fram kemur í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að fræðsluskrifstofa geti tekið að sér tiltekin verkefni, m. a. fyrir landshlutasamtökin gegn fullri greiðslu. Virðist því eðlilegast, að fræðsluskrifstofum sé valinn staður, þar sem eru aðalbækistöðvar landshlutasamtakanna, en það er að sjálfsögðu á valdi samtakanna sjálfra. Með því móti ætti að fást betri nýting starfskrafta, húsakosts og tækja.

Rétt er að benda á það, að fræðsluráð ræður starfsfólk fræðsluskrifstofu.

Hin fyrirhuguðu fræðsluumdæmi eru hvert öðru ólík hvað innri aðstæður varðar. Má í því sambandi benda á mörg og fjölmenn byggðarlög á Reykjanesi, sérstöðu kaupstaða o. s. frv. Þykir rétt, að landshlutasamtök og menntamálaráðuneyti hafi heimild til þess að fela einstökum starfsdeildum, er samtökin starfrækja, meðferð skólamála á tilteknu svæði, undir stjórn fræðsluráðs og fræðslustjóra, sbr. lokaákvæði 3. mgr.

Um 16. gr.

Í frumvarpi þessu er skólahverfi sú félagseining, er stendur að byggingu og rekstri grunnskóla. Hér getur verið um að ræða eitt sveitarfélag, sem stendur að rekstri grunnskóla, eða ákveðins hluta hans, án meðaðildar annarra sveitarfélaga — eða tvö eða fleiri sveitarfélög, og/eða hluta sveitarfélaga, sem mynda með sér félag um byggingu og rekstur skóla — skólahverfis.

Upprunalega var skólahverfið sveitarfélagið, og stóð það þá eitt að skólarekstrinum. Þá voru samgöngur örðugri og því erfiðara um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði en nú. Síðustu áratugi hefur þetta breytzt. Skólahverfi hafa sameinazt um stofnun og rekstur skóla, sem þjóna mörgum sveitarfélögum og þannig myndazt ný skólahverfi. Við blasir sú þróun, að einstök sveitarfélög reki ein sér hluta grunnskóla og séu á því stigi sjálfstæð skólahverfi, en sameinist síðan í öðru skólahverfi með fleiri sveitarfélögum um aðra hluta grunnskólans. Ætla má, að til þess geti komið, að sveitarfélag, sem nær yfir mikið landflæmi kjósi e. t. v. að skipta sér milli skólahverfa, og tengjast þá á báða bóga nágrannasveitarfélögum.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að útibú frá aðalskóla, sbr. 4. gr., eru ekki hugsuð sem sjálfstæð skólahverfi, heldur tilheyri þau skólahverfi aðalskólans. Hinsvegar er ráð fyrir því gert, að þau verði sjálfstæð við útreikning kennslustunda, sbr. 79. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun það hafa í för með sér breytingu á mörkum núverandi skólahverfa. Ber m. a. að hafa í huga, að sjá þarf öllum 16 ára unglingum fyrir skólavist. Skipan skólahverfa er ekki vandalaust verk. Þar þarf margs að gæta. Gæta þarf þess að raska ekki byggðafestu í hinum ýmsu sveitarfélögum, en jafnframt að tryggja nemendum sem bezta skóla og gæta fyllstu hagsýni.

Menntamálaráðuneytið á frumkvæði að skiptingu landsins í skólahverfi, en ákvörðun tekur það að höfðu samráði við fræðsluráð það, sem í hlut á, og fleiri aðila, svo sem tíðkazt hefur. Ef samkomulag næst ekki, sker ráðuneytið úr.

Um 17. gr.

Í þessari grein er að finna skýringu á því, hvernig háttað skuli stjórn skólahverfis grunnskóla. Ráðgert er að orðið skólanefnd verið notað í öllum skólahverfum, nema í Reykjavík, þar sem fræðsluráð landshlutans (Reykjavíkurborgar) fari með hlutverk skólanefndar. Falli því niður heitið „fræðsluráð“ í kaupstöðum.

Kjörtímabil skólanefnda verði hið sama og sveitarstjórna. Önnur málsgrein felur það í sér að sveitarfélag sé eitt skólahverfi, þótt það sakir fjölmennis þurfi að reka tvo eða fleiri grunnskóla. Það kýs því einungis eina skólanefnd, sem fjallar um málefni allra skólanna sameiginlega.

Þriðja málsgreinin felur í sér rétt einnar skólanefndar, eða fleiri skólanefnda sameiginlega til að ráða sér skólafulltrúa til að annast daglega stjórn og sýslan

þeirra mála, er undir skólanefnd heyra. Sveitarfélögin sjálf greiði kostnað við störf skólafulltrúa. Skólanefndir setji þeim erindisbréf. Menntamálaráðuneytið setji skólanefndum erindisbréf.

Um 18. gr.

Ef til vill þurfa stafliðir a—d ekki útskýringar við. Þó þykir rétt að taka eftirfarandi dæmi, einfaldrar gerðar um c-lið:

Fámennt sveitarfélag heldur grunnskóla til og með 4. bekk heima í sveitarfélaginu, án samvinnu við önnur sveitarfélög. Það er þá skólahverfi og kýs eigin skólanefnd fyrir skóla sinn.

Að afloknum 4. bekk gerist það hinsvegar aðili að skólahverfi með nágrannasveitarfélagi og sendir þangað í skóla nemendur sína í 5.—9. bekk. Sveitarfélagið, sem fyrir er, stendur hinsvegar eitt að skólahaldi 1.—4. bekkjar þessa grunnskóla, þar eð félagsskapur sveitarfélaganna nær einungis til 5.—9. bekkjar. Því má eðlilegt telja, að það sveitarfélag, sem aðild á að öllum bekkjum skólans eigi einnig meiri hlutdeild í skólanefnd þeirri er sér um málefni hans.

Hér er um ójafna aðild árganga að ræða.

Með þátttöku fleiri sveitarfélaga gæti aðildin orðið enn ójafnari, þ. e. m. a. ef aðkomusveitarfélögin hæfu ekki öll þátttöku í skólahverfinu með sömu árgöngum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun fræðsluskrifstofa í hinum 8 fræðsluumdæmum landsins. Þar sitji fræðslustjórar, fulltrúar ríkisvaldsins í fræðsluumdæmunum, sbr. 14. gr. Skólanefndarformenn hafa hingað til verið skipaðir af ríkisvaldinu, og hefur mátt líta á þá sem fulltrúa þess. Með tilkomu fræðslustjóra þykir eðlilegt að skólanefnd kjósi sér sjálf formann eins og nú er um formenn fræðsluráða.

Nýmæli er það, að gert er ráð fyrir fulltrúum kennara, er starfi með skólanefnd, og sitji fundi hennar með málfrelsi og tillögurétti og samskonar ákvæði er um fundarsetu skólastjóra. Má vænta, að þátttaka beggja þessara aðila efli skólanefndina sem vettvang kennslufræðilegra umræðna.

Að sjálfsögðu er ætlazt til, að sá háttur haldist, að skólastjórar hafi málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Orðalag grunnskólafrumvarpsins hefur valdið misskilningi og þykir því rétt að taka af öll tvímæli.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer með hlutverk skólanefndar í Reykjavík. Sakir fjölda skóla þar hefur ekki komizt þar á sú venja, að skólastjórar sitji fundi fræðsluráðs, enda yrði þá sá vettvangur í stærra lagi. Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að þrem sinnum á skólaári haldi Fræðsluráð Reykjavíkur fundi með öllum skólastjórum grunnskóla í fræðsluumdæminu, og má ætla, að þeir fundir gætu orðið báðum aðilum að drjúgu gagni, ekki sízt sem tengiliðir og upplýsingagjafar.

Varðandi kennarafulltrúa í Reykjavík, sem vera skulu þrír, er nefndin þeirrar skoðunar, að einn skuli valinn af grunnskólakennurum innan Sambands íslenzkra barnakennara, annar af þeim, sem eru innan vébanda Landssambands framhaldsskólakennara, en hinn þriðji úr hópi grunnskólakennara innan Félags háskólamenntaðra kennara.

Um 19. gr.

Hér er því slegið föstu, að sveitarstjórn eigi frumkvæði að byggingu skólahúss, stækkun eða verulegum endurbótum. Ef sveitarstjórn dregur framkvæmdir, þannig að óviðunandi er, getur ráðuneytið í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr.

Um 20. gr.

Ákvæðið í upphafi greinarinnar er í samræmi við ákvæði 32. gr. gildandi laga um gagnfræðanám, en upphafsorð þeirrar greinar eru þessi: „Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla".

Nefndin varð sammála um, að breyta ekki þessu ákvæði, aðild kennara að stjórn skóla væri réttmæt, enda tækju þeir á sig þá ábyrgð, sem af slíkri aðild leiddi. Kennarar finna tvímælalaust til meiri ábyrgðar gagnvart skólanum, séu þeir með í ráðum um stjórn hans.

Nefndin taldi, að kennarafundur í stórum skólum væri allt of þungur í vöfum. Er því lagt til að þriggja manna kennararáð fari þar með umboð kennaranna. Það var samdóma álit nefndarinnar, að skólastjóri og enginn annar aðili færi með daglega stjórn skóla. Þar af leiðir, að ákvörðun skólastjóra gildir, unz úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, ef skólastjóra og kennararáð greinir á um meðferð tiltekins máls.

Á fundum og ráðstefnum hefur gætt nokkurrar óánægju yfir því, að lokaúrskurður í hugsanlegu deilumáli milli skólastjóra og kennararáðs (kennarafundar) skuli skv. fyrri gerð frv. eiga að vera í höndum fræðslustjóra. Að gefnu þessu tilefni telur nefndin rétt að breyta orðinu „lokaúrskurð“ í úrskurð.

Samkvæmt þessari grein bera kennarar ábyrgð á stjórn skóla. Sökum þessarar staðreyndar m. a. taldi nefndin sjálfsagt að skylda kennara til að sækja kennarafundi.

Um 21. gr.

Vaxandi áherzla er lögð á samstarf foreldra nemenda við skólann og að foreldrar fylgist betur með skólastarfinu en nú er. Slíku má haga með ýmsum hætti, t. d. með stofnun foreldrafélaga eins og stundum hefur verið gert. Rétt þykir að tryggja það, að foreldrar, sem börn eiga í skóla, geti stofnað foreldrafélag í framangreindum tilgangi. Ekki þykja efni til að binda starfshætti slíkra félaga í lögum.

Þar sem foreldrafélag er starfandi við grunnskóla á fulltrúi þess að eiga rétt til setu á kennarafundi með málfrelsi og tillögurétti. Slíkt ætti að geta orðið til þess að auka skilning og samstarf milli skóla og foreldra og gagnkvæman stuðning.

Um 22. gr.

Æskilegt þykir, að nemendur eigi þess kost að hafa áhrif á málefni skólans. Slíkt er til þess fundið að auka ábyrgðartilfinningu nemenda og áhuga þeirra á gengi skólans. Ekki þykir ástæða til að binda í lögum starfshætti nemendaráða.

Miklar umræður eiga sér stað bæði hér og erlendis um stöðu nemenda í stjórnkerfi skóla. Á fundum um grunnskólafrumvarpið hafa komið fram mjög deildar meiningar um þetta. Þykir sumum, að hér eigi nemendur hvergi nærri að koma, en aðrir leggja hinsvegar til, að í nemendaráði eigi sæti nemendur allt frá 7 ára aldri. Grunnskólanefnd telur, að hér muni bezt að fara bil beggja, gera ráð fyrir nemendaráðum í 7.—9. bekk og ætla jafnframt formanni þess nemendaráðs setu á fundum kennararáðs, svo og á kennarafundum. Slíkt ætti að geta verið þroskandi fyrir nemendur og til þess fallið að auka samstarf skólastjóra, kennara og nemenda.

Um 23. gr.

Skóli verður ekki haldinn án viðunandi húsnæðis. Mismunandi aðstæður kalla hins vegar á mismunandi gerð og búnað húsnæðis. Í greininni er tillit tekið til þriggja mismunandi skólasóknaraðstæðna hér á landi, þ. e. heimangöngu, heimanaksturs og heimavistar. Hver þeirra hefur sína sérstöðu. Hins vegar hagar víða svo til, að sami skóli verður að þjóna öllum þessum aðstæðum. Þar eru nemendur úr grennd, sem ganga heiman og heim, aðrir búa fjarri, en þó ekki lengra en svo, að þeim er unnt að aka. Loks eru þeir nemendur skólahverfisins, er búa svo fjarri, að þeir þurfa að dveljast í heimavist.

Bygging skólahúsnæðis krefst mikillar fjárfestingar og þarf að gæta hvors tveggja, að byggingarnar þjóni tilgangi sínum og að hagsýni sé gætt í gerð og framkvæmdum. Hér er eins og í skólakostnaðarlögum nr. 49/1967 gert ráð fyrir framkvæmdaáætlunum, bæði 10 ára áætlun og áætlun fyrir eitt ár í senn er feli í sér hvar þörfin er brýnust.

Þá er í greininni það nýmæli, að ráðuneytið ákveði heiti skólastaða, að fengnum tillögum heimamanna og umsögn örnefnanefndar, en örnefnanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn. Er menningaratriði, að skólasetrum séu valin smekkleg nöfn og eðlilegt að leita álits örnefnanefndar í þessu sambandi.

Um 24. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein fjalla um skiptingu stofnkostnaðar milli sveitarfélaga, er standa saman að skólahverfi. Þær skjóta þó ekki loku fyrir að þau semji á frjálsan hátt sín í milli. Sé það hinsvegar ekki gert, skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr.

Miðað er við, að kostnaðarhluta sveitarfélaga í skólabyggingunni sé skipt niður í 3 eða 4 jafnstóra þætti, þrjá, sé aðild allra sveitarfélaganna að skólahaldinu jöfn, annars í 4 þætti.

Með jafnri aðild er átt við, að nemendur allra sveitarfélaganna sæki alla bekki skólans. Ójöfn aðild sveitarfélags er það hins vegar, ef nemendur þess sækja einungis hluta af bekkjum skólans. Innan sérhvers þáttar skal hlutur hvers sveitarfélags reiknaður út eftir þeirri forsendu, sem þar er gefin, og þurfa þær vart skýringa við.

Ábendingar hafa komið fram um, að réttari viðmiðun, skv. b)-lið sé „útsvarsskyldar tekjur" en „tekjur" (sbr. fyrri gerð frv.) vegna mismunandi álagningarreglna í sveitarfélögum. Eru þær ábendingar teknar til greina.

Þess skal getið um lið b-, að þar var talið réttara að leggja til grundvallar meðaltal barnafjölda sveitarfélags, eða hluta þess, sem nær yfir 15 yngstu árganga á gildandi manntali.

Liður d- kemur einungis inn í dæmið sé um ójafna aðild að ræða.

Ákvæðum 3. og 4. mgr. greinarinnar er ætlað að auðvelda sveitarfélögum nauðsynlegar breytingar á mörkum skólahverfa, þegar svo ber undir. Í þeim felst, að ríkissjóður leysi út hluta sveitarfélags, er breytir um aðild að skólahverfi, í skólabyggingu þeirri, er það hverfur frá, en semji um endursölu síðar, ef nýtt sveitarfélag gerist aðili.

Á sama hátt skal sveitarfélag, er bætist í skólahverfi, þar sem fyrir eru sveitarfélög, sem þegar hafa byggt skólahúsnæði, kaupa sér hlutfallslega aðild.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið aðstoði við samningsgerð slíka, sem hér er um fjallað, sé þess óskað, og skeri úr um ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Síðasta mgr. greinarinnar skapar möguleika fyrir hin ýmsu sveitarfélög, er þess kynnu að æskja, til að tengja byggingu, er þjónar almennri félagsmálastarfsemi í byggðarlaginu, starfsemi grunnskóla, enda sé byggingin samþykkt af menntamálaráðuneytinu og greidd af viðkomandi sveitarsjóði.

Um 25. gr.

Hér er lagt til, að skilgreint verði með lögum hvað annað en beint kennslurými skuli vera í skólahúsi. Efni þessarar greinar er að finna í reglum um útreikning á húsnæðisþörf skóla, útgefnum af menntamálaráðuneytinu 6. júní 1969, en nefndin telur ástæðu til að aðalatriði þeirra reglna verði lögfest.

Nefndin telur, að stefna beri að því, að starf hvers grunnskóla eða hluta grunnskóla geti að sem mestu leyti farið fram í einni og sömu byggingu. Hins vegar geta aðstæður verið þannig, að notað verði annað húsnæði fyrir ákveðnar sérgreinar, svo sem íþróttir.

Vekja ber sérstaka athygli á því, að hér er gert ráð fyrir, að við gerð nýs skólahúsnæðis, svo og endurbætur eldra skólahúsnæðis, skuli að því stefnt að skapa aðstöðu fyrir nemendur í skólabyggingunni til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar. Með þessu er að nokkru leyti mörkuð ný stefna í íslenzkum skólamálum. Ástæður, er hér liggja til grundvallar, eru m. a. sífelld fjölgun þeirra heimila, þar sem báðir foreldrarnir vinna utan heimilis, mismunandi aðstæður nemenda til heimanáms og að æskilegt er, að nemendur geti leitað til kennara í sambandi við undirbúning undir næsta skóladag.

Nám er vinna. Æskilegt er, að nemendur fái lokið meginvinnu sinni í skólanum. Það geti þeir síðan haldið heim að afloknum vinnudegi eins og aðrir þeir, er vinna utan heimilis, án þess að þurfa að sinna mikilli heimavinnu. Tækist að koma þessu í framkvæmd, þá ætti það að geta leitt til aukinnar fjölskyldusamheldni

í þjóðfélaginu, þar eð sá mismunur yrði úr sögunni, að hluti fjölskyldunnar, nemendurnir, sitji við vinnu, meðan aðrir njóta hvíldar að afloknum vinnudegi utan heimilis, og heimilisfólkið þess í stað átt samverustundir.

Aðstæður barna og unglinga til náms á heimilum eru mjög misjafnar. Sumir búa við húsnæðisþrengsli og hafa lítið næði til heimanáms, en aðrir hafa einkaherbergi, þar sem þeir geta í ró unnið að verkefnum sínum.

Meðal annars vegna þessa aðstöðumunar er vafasamt að skylda nemendur til þess að ljúka í skólahúsinu undirbúningi sínum undir næsta skóladag. Engu að síður ber nauðsyn til að aðstaða til þeirrar vinnu verði sköpuð og að því stuðlað, að hún verði notuð af þeim, er hennar þarfnast. Nánar yrði ákveðið í reglugerð um skipulag þessa náms. Hér er um kostnaðarsama framkvæmd að ræða, meðan skólar eru tví- og jafnvel þrísetnir. Við nýskipan þessa lengist verutími nemandans í skólanum að mun og því æskilegt, að þar verði unnt að framreiða einfaldar máltíðir, en til slíks þarf vissa aðstöðu, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Að beiðni nefndarinnar gerði Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt, deildarstjóri byggingardeildar menntamálaráðuneytisins, athugun á 6 skólahúsum í landinu, mismunandi að aldri, gerð og stærð. Efalaust er talan 6 of lág til að mega kallast óyggjandi úrtak, en niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess, að aðstaða til slíks undirbúningsnáms í skólanum mundi að jafnaði kosta 20—25 þús. kr. á nemanda. miðað við núverandi verðgildi peninga.

Af þessu er ljóst, að taka mun sinn tíma að koma þessu máli í framkvæmd, en nauðsynlegt er að taka það föstum tökum, þar sem það myndi leiða til betri og jákvæðari námsvinnu og ætti einnig að treysta fjölskylduböndin.

Síðasta málsgrein greinarinnar fjallar um heimavistir við grunnskóla og lýsir því markmiði, að heimavistir skuli minna sem mest á heimili, enda kemur heimavistin um sinn í stað þess heimilis, sem nemandinn hverfur frá. Mörgum er skólavistin tilfinnanleg breyting og skiptir miklu, að í heimavist gæti þeirrar hlýju og umhyggju, sem einkennir farsæl heimili.

Ástæða þótti til að setja um það ákvæði, að þannig skuli frá heimavistum gengið, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í sambandi við svefnálmu yngri nemenda. Ef þessa er ekki gætt, getur afleiðingin orðið sú, að eftir að svefnvistum er lokað að kvöldi, hafi nemendur litla möguleika á að ná til fullorðins manns fyrr en aftur er lokið upp dyrum að morgni. Slíkt er með öllu óverjandi.

Um 26. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er samsvarandi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, en þó að því leyti frábrugðin, að hér er það skólanefnd, sem í samráði við sveitarstjórn ákveður hverjir annast skuli hönnun bygginga í stað þess að í umræddri 6. gr. er það eingöngu lagt í hendur sveitarstjórnar.

Skólanefndir eru kjörnar af sveitarstjórnum. Vald þeirra er markað í lögum, reglugerðum og erindisbréfum. Hafa þær að mörgu leyti meira sjálfstæði til starfa en venja er um nefndir, kjörnar af sveitarstjórnum, að öðru leyti en hvað fjárráð varðar.

Rétt þykir, að skólanefnd sé, ásamt hlutaðeigandi sveitarstjórn, frumkvæðisaðili um gerð skólahúsnæðis, þar sem gera má ráð fyrir að í skólanefnd eigi þeir sæti, sem hafi meiri áhuga og þekkingu á skólamálum en almennt gerist. Æskilegt er, að samstarf skólanefndar og sveitarstjórnar sé sem nánast í þessum efnum. Verði þessir aðilar hins vegar ekki á eitt sáttir um þau atriði, sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar, hlýtur sveitarstjórn, sem handhafi fjármálavalds í sveitarfélaginu, að ráða.

Í síðari málsgrein er nýmæli. Þar er ákveðið, að á þriggja ára fresti a. m. k. efni menntamálaráðuneytið til almennrar samkeppni um uppdrætti að skólamannvirkjum miðaða við breytilegar tegundir og stærðir skóla og ólíkar aðstæður, þ. e. hvort um er að ræða heimavistar-, heimanaksturs- eða heimangönguskóla, eða allar þessar tegundir skóla. Einnig myndi þetta taka til íþróttahúsa, sundlauga, leikvalla o. fl.

Virðist einsætt, að reyna að tryggja, að skólamálum nýtist sem bezt þekking og hugkvæmni arkitekta og að sífellt sé leitazt við að bæta gerð skólahúsa með bætta vinnuaðstöðu nemenda og kennara fyrir augum og hagsýni í meðferð þeirra miklu fjármuna, sem til bygginga og rekstrar skóla er varið.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru hin sömu og í 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og í 6. gr. reglugerðar nr. 159/1969, um stofnkostnað skóla. Listskreytingarákvæði þessi voru nýmæli í lögum, þótt áður hefði verið varið nokkru fé til þess að skreyta skólabyggingar og til listaverkakaupa í skóla, og má benda á mosaikmyndir í Kennaraskólahúsinu við Stakkahlíð, myndskreytingar í Austurbæjarbarnaskóla og Melaskóla.

Síðan skólakostnaðarlögin tóku gildi hafa verið ákveðnar listskreytingar í gagnfræðaskólabyggingu á Húsavík og skólabyggingu að Laugalandi á Þelamörk, og enn fremur í samkomusal Menntaskólans við Hamrahlíð og í samkomusal, sem í smíðum er við Menntaskólann að Laugarvatni. Þótt menntaskólarnir séu hreinir ríkisskólar og ákvæði skólakostnaðarlaga gildi því ekki um þá, þá hefur samt verið tekið mið af þessum ákvæðum. Telja má víst, að allar nýjar skólabyggingar verði listskreyttar með einum eða öðrum hætti. Fyrr á árum voru ýmis málverk í eigu ríkisins lánuð skólum víðsvegar um landið, en var síðan safnað saman í Listasafninu. Væri mjög mikil þörf á því, að safnið efndi til farandsýninga meðal skólanna, þannig að sem flestum nemendum gæfist kostur á að kynnast íslenzkri myndlist af eigin sjón meira en nú er.

2. mgr. þessarar greinar er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir einum fulltrúa frá Bandalagi íslenzkra listamanna og einum frá því sveitarfélagi, sem hlut á að máli, til þess að vera með í ráðum, þegar menntamálaráðuneytið ákveður listskreytingu skólamannvirkja.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Fyrst og fremst er skólamannvirkjum ætlað að þjóna skólahaldi. Skólastarfið hlýtur því ætíð að sitja fyrir um afnot af húsakynnum, sem reist eru skóla til handa. Því er og eðlilegast, að dagleg umsjón og umráð skólahúsnæðis sé í höndum skólastjóra og skólanefndar.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er æskilegt, að dýr húsakynni séu vel nýtt, og því oft á tíðum hagkvæmt að skólamannvirki séu til afnota fyrir hina ýmsu almennu félagsstarfsemi utan skólatímans. Því er í greininni heimilað að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til slíkra nota, enda brjóti slíkt hvorki í bága við skólahald, að dómi skólanefndar, né námskeið og annað, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða.

Framkvæmd á orlofi húsmæðra heyrir að vísu ekki undir menntamálaráðuneytið, en skólahús hafa verið lánuð eða leigð til þessara nota að undanförnu og er eðlilegt, að svo verði áfram, þar sem hér er um að ræða framkvæmd mjög þýðingarmikils máls.

Skólahús hafa að undanförnu verið notuð að sumarlagi til gisti- og veitingarekstrar, ýmist á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins eða heimaaðila. Fer vel á því að nota skólahúsin þannig þegar hlé er á skólastarfi og ferðamannastraumur mestur. Nokkrar tekjur koma í hlut skólanna vegna þessa rekstrar. Við byggingu heimavistarskóla er nú yfirleitt tekið tillit til þess, að húsin nýtist til gistirekstrar á sumrum.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um embættisgengi skólastjóra. Ákvæði um það eru ekki í gildandi lögum. Hins vegar er það viðtekin venja, a. m. k. á barnaskólastigi, að enginn er skipaður í skólastjórastarf, nema hann hafi lokið kennaraprófi. Æskilegt er, að skólastjóri hafi aflað sér menntunar í skólastjórn. Stefna ber að því, að þau stjórnunarfræði verði hluti af námsefni kennaranema í Kennaraháskóla Íslands

og Háskóla Íslands. Nefndin leggur til, að fyrst verði komið á námskeiðum í stjórnun skóla fyrir starfandi kennara og skólastjóra.

Um 31. gr.

Starfsheiti aðstoðarskólastjóra í eldri gerð frv. er breytt í yfirkennari í samræmi við tillögur, sem fram hafa komið. Yfirkennari skal vera ríkisstarfsmaður. Yfirkennarar eru nú starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Þeir eru starfsmenn ríkis sem kennarar, en sveitarfélags sem staðgenglar skólastjóra. Eðlilegast virðist, að yfirkennari sé ráðinn af menntamálaráðuneytinu. Hann er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans og á þar af leiðandi að vinna í umboði menntamálaráðuneytisins eins og skólastjóri. Samvinna skólastjóra og yfirkennara þarf að vera góð og náin, en verði misbrestur á, horfir til vandræða í starfi skólans. Sé samvinna þessara aðila ekki sem skyldi, er betra að yfirkennari sé ráðinn til ákveðins tíma, en ekki skipaður. Æskilegt er, að yfirkennari hafi með höndum einhverja kennslu, svo að hann losni ekki um of úr tengslum við kennslustarfið. Ekki er talið rétt að láta skóla vera skólastjóralausan lengur en tvo mánuði, án þess að starfinu sé formlega ráðstafað.

Til þess að taka af öll tvímæli er og talið rétt að taka fram, að verði umsagnaraðilar, — skólanefnd, skólastjóri og kennararáð, — sammála um að mæla með tilteknum umsækjanda, sé menntamálaráðuneytinu skylt að ráða hann. Þess skal getið, að samkvæmt frumvarpinu hefur staða yfirkennara (aðstoðarskólastjóra) þá sérstöðu, að hámarksráðningartími er fimm ár.

Um 32. gr.

Hinn 9. desember 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja tillögur í frumvarpsformi um menntun og réttindi kennara við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla. Nefndin hefur skilað áliti og gerði tillögur um menntun og réttindi kennara í bóklegum greinum við barna- og gagnfræðaskóla (grunnskóla), framhaldsdeildir gagnfræðaskóla og menntaskóla. Síðan var nefndinni falið að gera hliðstæðar tillögur um sérgreinakennara við áðurnefnd skólastig, auk tillagna um menntun og réttindi kennara við sérskóla. Hefur nefndin skilað þeim tillögum.

Núgildandi lög um menntun og réttindi kennara, einkum á gagnfræðastigi, eru um sumt óljós og úrelt orðin og ný löggjöf tímabær.

Með frumvarpi til laga um grunnskóla eru tvö skólastig sameinuð í eitt. Sami undirbúningur hentar ekki öllum kennurum grunnskólans. Verður að líkindum um tvo meginhópa að ræða: Kennara yngri nemenda og kennara eldri nemenda, sem yrðu margir hverjir sérgreinakennarar. Ólíkur undirbúningur táknar ekki mismikinn undirbúning, enda verði kennarar ekki bundnir af aldri nemenda svo sem nú er við skil barna- og unglingafræðslu. Fagkennsla í einstökum greinum kæmi óefað fyrr en nú. Nemendum er nú gerður óleikur með hinum skörpu skilum og gjörbreyttu kennsluháttum, sem verða, er þeir færast úr barnaskóla í 1. bekk gagnfræðastigs.

Nefndin taldi rétt að bæta við þessa grein ákvæði um réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðaskóla, þegar lög þessi öðlast gildi. Þeir kennarar við umrædda skóla, sem hafa réttindi samkvæmt lögum, halda þeim að sjálfsögðu þótt ný skipan taki gildi.

Um 33. gr.

Í þessari grein er nýmæli varðandi skipun og setningu í skólastjóra- og kennarastöður og hert á þeim ákvæðum, sem voru í fyrra frumvarpi í þessa átt. Menntamálaráðuneytið leggur áherzlu á, að setning og skipun í stöður þessar geti farið fram snemma, og helzt eigi síðar en 1. júlí ár hvert, og að skólastjóri eða kennari tilkynni aðilum fyrir 1. febrúar, ef hann hyggst ekki starfa áfram næsta skólaár. Í fyrra grunnskólafrumvarpi er tekið fram í greinargerð, að æskilegt væri, ef unnt yrði að ljúka ráðningum kennara næsta vetrar áður en sumarleyfi skólanna hefjast. Kennararáðningar hafa að undanförnu oft verið tafsamar vegna skorts á kennurum og stund-

um er erfitt fyrir skólanefndarmenn að koma saman til fundar um mesta annatímann. Loks er það svo, að ýmsir kennarar hafa hug á kennarastöðum í Reykjavík og öðrum stærri bæjum og vilja því ekki binda sig annars staðar, fyrr en sýnt er, hvernig stöðum er ráðstafað í þéttbýlinu. Þarf því að hraða sérstaklega veitingu kennarastarfa í bæjunum. En hér er um að ræða fyrirkomulag, sem ætti að verða til bóta fyrir alla aðila. Nauðsynlegt er fyrir skólastjóra og skólanefnd að vita í tæka tíð, hverjir verða áfram við störf. Væri mjög æskilegt, að um stöðuveitingar hefði verið fjallað heima í héraði í maímánuði ár hvert, svo að menntamálaráðuneytið gæti sett eða skipað í störfin í júnímánuði.

Í fljótu bragði virðist vera einn galli á þessari skipan. Hann er sá, að ekki er unnt að afgreiða umsóknir frá kennaranemum á umræddum tíma, sökum þess að þeir ljúka ekki prófi fyrr en í ofanverðum maímánuði eða öndverðum júnímánuði. En lokaafgreiðslu í ráðuneytinu á þessum umsóknum mætti fresta, en ljúka afgreiðslu annarra umsókna á þeim tíma, er áður getur. Skólanefndir gætu haft ýmislegt til leiðsagnar, þegar þær fjalla um og afgreiða umsóknir kennaranema, m. a. eftirfarandi atriði:

1. prófskírteini nemandans frá fyrra ári,
2. umsögn aðalkennara og æfingakennara,
3. vitnisburð um skólasókn.

Skólanefndir gætu miðað umsögn sína og meðmæli við þessar upplýsingar og afgreitt umsóknir kennaranema um leið og annarra umsækjenda, en lokaafgreiðsla færi síðan fram í ráðuneytinu, er skírteini um burtfararpróf lægju fyrir.

Um 34. gr.

Til að forðast misskilning er rétt, að í upphafi 1. mgr. standi „setur eða skipar“, en í fyrri gerð frv. stóð „skipar“.

Jafnframt telur nefndin rétt að kveða skýrar að orði varðandi umsagnarrétt skólastjóra um ráðningu skólaráðskonu. Þá leggur nefndin til, að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvenna. Hlutverk skólaráðskvenna er mikilvægt, og því rétt, að þessi heimild sé fyrir hendi.

Fyrsta málsgrein er nýmæli, að því leyti, að hún gerir ráð fyrir, að ráðskonur við heimavistarskóla á grunnskólastigi, þar sem 30 nemendur eða fleiri eru samtímis í heimavist, verði fastir starfsmenn ríkisins og geti á sama hátt og kennarar og skólastjórar heimavistarskóla hlotið skipun í störf sín að aflokinni tveggja ára setningu, enda liggi fyrir meðmæli skólanefndar og skólastjóra. Miðað við stærð skóla nú, mundi verða um 17—19 skóla að ræða, sem ættu rétt á að fá skólaráðskonu ráðna með þessum hætti.

Við fámennari heimavistarskóla ráði skólastjóri ráðskonu með samþykki skólanefndar.

Störf ráðskonu og starfsfólks í mötuneyti eru þýðingarmikil. Gengi skólastarfsins veltur ekki síður á því, sem þar er unnið, en því sem annað starfsfólk stofnunarinnar leysir af hendi. Eftir því sem heimavistarskóli er fjölmennari, þeim mun yfirgripsmeira verður og starf ráðskonu, frágangur allur að vori tímafrekari og þörf á að hefjast fyrr handa að hausti. Starf skólaráðskonu er öðrum þræði hagsýslu- og skipulagsstarf, sem vel þarf að vanda til. Samkvæmt 2. mgr. ber skólastjóra að ráða með samþykki skólanefndar það starfsfólk, sem þar er talið, og greiðir ríkissjóður laun þess.

Sveitarstjórn ræður húsvörð, að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er að binda ráðningu starfsfólks þess, sem um getur í 2. og 3. mgr., við tiltekinn starfstíma. Ýmsir þeir, er nú gegna þessu starfi, munu ráðnir til lengri tíma. Ákvæði greinarinnar haggar ekki þeirri ráðningu.

Sveitarstjórn ræður einnig lausráðið starfsfólk, annað en það, sem um er getið í 2. mgr. Líklegt er, að þar sem mörg sveitarfélög standa að sama skólahverfi, feli sveitarstjórnirnar skólanefnd umræddar mannaráðningar.

Síðasta málsgrein felur í sér nýmæli. Samkvæmt henni skal lausráðið starfsfólk

tilkynna skólastjóra fyrir 1. júní, ef það ætlar ekki að starfa við skólann næsta skólaár. Hið sama skal og skólastjóri gera, hafi hann ekki hug á að endurráða sama eða sömu starfsmenn. Segi hvorki starfsmaður starfi sínu lausu, né skólastjóri honum upp starfi fyrir 1. júní, telst starfsmaður endurráðinn næsta skólaár.

Um 35. gr.

Ástæðulaust mun að fara mörgum orðum um þessa grein, þar eð hún skýrir sig að mestu sjálf. Þó er rétt að geta ástæðna fyrir ákvæðum um lengri aðdraganda að skipun í störf við heimavistarskóla en annarsstaðar tíðkast. Forsendan er sú, að við heimavistarskóla reynir ekki eingöngu á kennarahæfileika, heldur einnig marga aðra þætti í hinu nána sambýli nemenda og kennara.

Heimangöngukennarinn heldur heim að afloknum skóladegi, meðan heimavistarkennarinn heldur meira eða minna áfram að hrærast innan um sína nemendur.

Ætla verður að kennari við heimavistarskóla þurfi lengri tíma en eitt ár til að taka endanlega ákvörðun um veru sína við skólann, auk þess sem eðlilegt má telja að skólinn fái af sömu orsökum að reyna hann lengur áður en skipun kemur til.

Um 36. gr.

Um langt skeið hefur starfsskylda kennara verið minnkuð, er þeir ná 55 ára aldri og 60 ára aldri, vegna þess að kennsla er talin slítandi mörgum öðrum störfum fremur. Í fyrri gerð grunnskólafrumvarps (23. gr.), er talað um kennsluskyldu, en ekki starfsskyldu. Að undanförnu hefur borið á því, að afsláttur af kennsluskyldu hafi verið túlkaður þannig, að slíkum afslætti ætti að fylgja tilsvarandi aukning starfa á öðrum sviðum. Þetta er nýr skilningur og ekki í samræmi við þá hugsun, sem býr að baki umræddum aldursafslætti. Til þess að girða fyrir misskilning eða rangtúlkun þessa ákvæðis, er hér notað orðið starfsskylda í stað kennsluskylda. Jafnframt er afslátturinn bundinn því skilyrði, að sá, sem í hlut á, eigi að baki 20 ára kennsluferil, því að það sem afslættinum veldur, er langt starf við kennslu, en ekki aldurinn einn. Þegar starfsskylda er minnkuð á þennan hátt, er það gert til þess að kennarinn hafi betra tóm til að rækja kennslustarfið, en ekki ætlazt til, að hann bæti á sig annarri vinnu, sem afslættinum nemur, hvorki við skóla sinn né annars staðar.

Um 37. gr.

Lögð er áherzla á, að skólar séu reknir með föstum kennurum að svo miklu leyti sem unnt er, en á ráðningu stundakennara sé litið sem bráðabirgðalausn. Stundakennarar margir hafa kennsluna að aukastarfi og helga aðalstarfinu krafta sína fyrst og fremst.

Um menntun og réttindi kennara þarf að fjalla í sérstökum lögum.

Sjálfsagt er, að eftirlit og dagleg umsjón með nemendum í heimavistum grunnskóla sé í höndum sérmenntaðs starfsfólks. Stundum hefur verið reynt að fá ódýran og ósérhæfðan vinnukraft til að annast þessi umsjónarstörf. Slíkt er varhugavert af augljósum ástæðum.

Frumvarpið miðar við þá almennu reglu, að skólastjóri við heimavistarskóla fari jafnframt með yfirstjórn heimavistar. Á fundum hefur verið bent á, að vandkvæði geti verið á því fyrir skólastjóra að sinna einnig yfirstjórn heimavistar. Þykir því rétt, að heimilt sé að ráða sérstakan heimavistarstjóra.

Hentugt virðist í vissum tilfellum að geta ráðið sama kennara að fleiri en einum skóla. Einkum á það við um kennara í sérgreinum, sem ekki fylla vinnuskyldu kennara við lítinn skóla, svo sem í tónlist og leikfimi, en einnig í öðrum greinum.

Er skv. greininni heimilt að ráða kennara, sem ferðast á milli skóla til þess að anna þessari kennslu. Er hér ekki um aukna kennslu að ræða, þar sem störf þessara kennara falla undir stundafjölda viðkomandi skóla.

Um 38. gr.

Þessi grein staðfestir fyrirkomulag, sem nú er í öllum barna- og gagnfræðaskólum. Þegar sami kennari kennir flestar eða allar greinar í einni deild, kemur af

sjálfu sér, að hann fylgist náið með hverjum nemanda og að til hans leita þeir með vandamál sín. Öðru máli gegnir þegar kennslan er að mestu í höndum sérgreinakennara. Kennari, sem aðeins kennir eina eða tvær námsgreinar í deild, sem hann er aðalkennari í, þarf að eyða nokkrum tíma og fyrirhöfn í að fylgjast með gengi nemenda sinna, ef aðalkennarastarfið á að vera meira en nafnið eitt. Væri ekki óeðlilegt að á móti kæmi kennslufrádráttur, t. d. ein stund á viku, og mætti þá benda nemendum og foreldrum á ákveðinn viðtalstíma kennarans.

Starf aðalkennara er mjög mikilvægt og ekki síður en kennslan sjálf. Hlutverk kennara er vissulega að kenna hópi nemenda, en það má aldrei gleymast, að hópurinn er hverju sinni safn einstaklinga, og aðalkennara ber að fylgjast með einstaklingunum, hverjum og einum. Hann hefur oft öðrum kennurum fremur tök á að beita uppeldisáhrifum sínum til að styrkja æskilegt atferli og breyta því, sem miður fer, og þarf að kunna þar til verka. Hann hefur samband við foreldra, og má t. d. benda á, að oft er það aðalkennari, sem fyrst tekur eftir ýmsum ágöllum, sem baga barnið, en bæta má úr, svo sem sjóngöllum, skapgerðargöllum o. fl.

Um 39. gr.

Hér er það nýmæli, að endurráða megi fagnámsstjóra, er hann hefur haft umsjón með kennslu í einni námsgrein í allt að þrjú ár. Sjálfsagt er að heimila endurráðningu í slíkt starf. Það er fráleitt að mega ekki endurráða vel hæfan starfsmann. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 40. gr.

Breyttir þjóðfélagshættir, breyttar kennsluaðferðir, ný námsskrá og nútímauppeldisfræði gera síauknar kröfur til skóla og kennara. Sú tíð er liðin, er menn gátu lært undir ævistarf sitt í eitt skipti fyrir öll og starfið hélzt óbreytt í mannsaldur eða mannsaldra. Þetta hefur í för með sér, að kennarar þurfa að kenna nemendum sínum með þetta í huga, kenna þeim t. d. að leysa vandamál almennt, en ekki bara eitthvert ákveðið vandamál, og keppa að því að gera nemendur víðsýna og sveigjanlega, áhugasama um nýjungar, en jafnframt gagnrýna. Þetta breytta grundvallarsjónarmið krefst þess, að kennarinn sjálfur hafi fyrrgreind viðhorf, en kennarinn getur ekki fremur en aðrir búið sig undir ævistarfið í eitt skipti fyrir öll.

Þörf fyrir endurmenntun kennara hefur komið glögglega í ljós á síðustu árum, þegar námsefni einstakra greina hefur verið endurskoðað og þar með kallað á nýja kunnáttu og nýja tækni hjá kennurum. Kennarar hafa fundið þessa þörf sjálfir og sótt vel þau endurmenntunarnámskeið, sem haldin hafa verið að undanförnu. Þarf að leggja mikla áherzlu á endurmenntunina.

Virðist eðlilegt að ætla ákveðinn hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla til endurmenntunar á þessu skólastigi. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 næmi sá hundraðshluti, sem tiltekinn er í gr., þ. e. 1%, um 11 millj. kr.

Um 41. gr.

Þessi grein er samhljóða 32. gr. fyrra frumvarps, nema hvað nú er gert ráð fyrir, að sami kennari geti á embættisferli sínum fengið samanlagt tvenn árslaun til orlofs í stað 1½ og bætt er inn heimild til birtingar orlofsskýrslna.

Greinin felur í sér nokkrar breytingar á ákvæðum gildandi laga og miða þær að því að rýmka fyrri ákvæði og gera þau víðtækari. Helztu breytingar eru:

a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil, en skv. frv. 5. Ungir kennarar hafa oft mikinn áhuga, en lítið bolmagn til að afla sér framhaldsmenntunar að gagni, sem þó er ekki sízt nauðsynlegt nú á tímum umfangsmikilla breytinga á námsferli og kennslu. Þykir því ekki rétt að útiloka þá, enda búnir að fá allmikla starfsreynslu eftir fimm ár.

b) Eldra ákvæði um, að enginn kennari geti fengið orlof nema einu sinni (þ. e. full laun í eins árs orlofi), er rýmkað þannig, að gert er ráð fyrir að orlof, sem nemur tveggja ára embættislaunum kennara verði hámark, eins og fyrr segir.
c) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
d) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt, nema til samfellds náms.
e) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess, að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
f) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir, að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar.
g) Við ákvæðið um skyldu kennara til að rita menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf og nám á orlofstímanum er bætt heimild til ráðuneytisins til þess að birta slíkar skýrslur. Er þetta gert annars vegar í því skyni að tryggja, að umræddur fróðleikur nái til sem flestra, og hins vegar til aukins aðhalds.

Fjárveiting til orlofs kennara yrði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, svo sem verið hefur.

Um 42. gr.

Skólatími á Íslandi hefur jafnan verið stuttur og styttri en í flestum nágrannalöndum. Á þetta einkum við um árlegan starfsviknafjölda skóla, bæði námsviknafjölda nemenda og vinnuviknafjölda kennara. Sé gert ráð fyrir því, að almennur starfstími þeirra barna- og gagnfræðaskóla á Íslandi, sem nú hafa lengst skólaár, sé 8¾ mánuðir (þ.e. frá 1. september til 31. maí, að frádreginni einni viku við upphaf eða lok starfstímans), og þetta borið saman við grunnskóla eða sambærilega skóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á skólaárinu 1972—73, kemur eftirfarandi í ljós:

a) Danmörk. Starfstími frá 7. ágúst til 23. júní, þ. e. nálega 10½ mánuður.
b) Noregur. Starfstími frá u. þ. b. 20. ágúst til u. þ. b. 20. júní, þ. e. nálega 10 mánuðir.
c) Svíþjóð. Starfstími frá u. þ. b. 15. ágúst til u. þ. b. 15. júní, þ. e. nálega 10 mánuðir.

Af þessu má sjá, að íslenzka skólaárið, eins og það er nú lengst, er meira en mánuði styttra en tíðkast í þessum nágrannalöndum vorum.

Segja má, að ein afleiðing þessa ástands sé sú, að námstími til stúdentsprófs er hérlendis 13 ár, en 12 ár annars staðar á Norðurlöndum og raunar einnig í fjölmörgum löndum öðrum, og er þetta atriði meðal ástæðna þess, að grunnskólanefnd leggur mikla áherzlu á að tryggja, að starfstími íslenzkra grunnskóla samsvari að jafnaði fullum og vel nýttum níu mánuðum. Jafnframt var sú stefna tekin að auka ekki starfstíma grunnskóla frá hámarki þess, sem verið hefur samkvæmt núgildandi lögum um fræðslu barna og gagnfræðanám, þ. e. níu mánuðum, en starfstími barnaskóla í kaupstöðum er (með einni undantekningu) miðaður við, að því marki sé nokkurn veginn náð.

Telja má það eitt mikilvægasta atriði frv., að með því er numin brott úr lögum heimild til skipti- eða víxlkennslu í heimavistar- eða heimangönguskólum í sveitum, þannig að hvert barn fái kennslu í aðeins 3½—4 mánuði á ári, sbr. 39. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna. Grunnskólanefnd taldi slíkt kerfi ekki vera réttlætanlegt lengur. Meginrökin fyrir þessari stefnu — og raunar þeirri almennu stefnu, að skólaár skuli alls staðar vera sem næst níu mánuðum — voru fyrst og fremst þau, að hið skerta skólaár var talið skapa verulegar hættur á misrétti eftir búsetu, einkum með tilliti til framhaldsnáms að loknu skyldunámi. Afar örðugt er að vísu að koma við öruggri, hlutlægri rannsókn á þessum vanda, m. a. vegna þess að þau börn úr dreifbýli, sem þreyta þau próf er nú er krafizt til langflestra framhaldsnámsbrauta (landspróf miðskóla eða gagnfræðapróf), eru talsvert færri hlutfallslega en félagar þeirra úr þéttbýli. Af þessum sökum er ekki unnt að bera námsárangur þessara tveggja nemendahópa saman af neinu öryggi, nema fyrir liggi frekari upplýsingar, t. d. um námsgetu nemendanna, en slík örugg vitneskja er ekki fyrir hendi. Hins vegar gerði nefndin í þessu sambandi könnun á hlutfallslegri skólasókn eftir þétt-

býlisstigum og kjördæmum, og eru niðurstöður hennar birtar í fylgiskjali II. hér á eftir.

Annað atriði, sem er meðal forsendna þess, að nefndin ákvað að setja í frv. níu mánaða skólaár sem almenna reglu, er það, að nefndin taldi ekki rétt að gera ráð fyrir að á níu skyldunámsárum færi fram mun minna nám á Íslandi en í nálægum löndum, einkum Norðurlöndunum, sem Íslendingar hafa margháttaða og vaxandi samvinnu við á ýmsum sviðum mennta- og menningarmála. Íslenzkir námsmenn sækja t. a. m. margvíslegt nám til nágrannalandanna, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, og sýnist fráleitt að mynda íslenzkt skólakerfi og starfrækja skóla þess án nokkurs tillits til þess, sem krafizt er í helztu nágrannalöndum.

Viðvíkjandi lágmarksnámstíma grunnskóla taldi nefndin hins vegar rétt að taka tillit til sérstakra aðstæðna og almennra óska frá vissum skólahverfum, að svo miklu leyti sem slíkt virtist ekki skapa hættu á námstöfum, sem torvelt yrði að bæta úr eða vinna upp. Hér er einkum um að ræða óskir, sem tengdar eru árstíðabundnum atvinnuháttum og aðstæðum heimilanna allvíða í sveitum, svo og samgönguörðugleikum á veturna sums staðar í dreifbýli. Í samræmi við þetta eru í frv. m. a. ákvæði um, að skólanefnd geti í samráði við fræðsluráð og fræðslustjóra, ákveðið styttingu árlegs starfstíma grunnskóla í 7—8¼ mánuð.

Algert lágmark yrði samkv. þessu sjö mánuðir, og yrði sá tími heimill einvörðungu í 1.—3. bekk. Síðan hækkar lágmarkið samkvæmt ákvæðum gr. upp í 7½ mánuð í 4.—6. bekk, en er hæst í 7.—9. bekk, þar sem 8½ mánuður yrði lágmarksstarfstími. Voru meginrökin fyrir þessari stighækkun lágmarksstarfstímans þau, að annars tími. Voru meginrökin fyrir þessari stighækkun lágmarksstarfstímans þau, að annars vegar var talið fært að fara lægst varðandi 1.—3. bekk, m. a. vegna þess hve sveitabörn virðast mörg standa hlutfallslega vel að vígi á sviði móðurmáls og átthagafræði, og hins vegar þau, að eftir því sem ofar dregur í grunnskólanámi er viðbúið, að í æ fleiri námsgreinum komi til mikið af þess háttar námsþáttum, að fyrra nám sé ófrávíkjanleg forsenda síðara náms. Jafnframt ber að geta þess, að því nær sem dregur að lokum grunnskólanáms, þeim mun bagalegri verður skertur námstími, eigi að vera unnt að skapa nokkurn veginn jöfn tækifæri til að hefja nám í skólum framhaldsskólastigsins.

Rétt er að taka það fram, að umrædd heimild til að miða starfstíma grunnskóla við 7—8¼ mánuð er ekki hugsuð sem undanþága um tiltekið árabil, heldur sem almenn heimild til slíks skólahalds með minnkuðu kennslumagni, svo lengi sem skólanefnd og fræðsluráð telja aðstæður slíkar, að þetta sé rétt. Segja má því, að hér sé um að ræða almenna viðurkenningu á rétti skólahverfa til að vera „öðruvísi" varðandi starfstíma skóla, innan strangrar reglu um fast lágmark, sem ekki verði hvikað frá, eftir að lög um grunnskóla hafa komið til framkvæmda.

Þá eru í gr. ákvæði um starfsdagafjölda skóla á hverju skólaári og skiptingu þeirra milli ákveðins lágmarks til kennslu og prófa annars vegar og hámarks til annarra þarfa skólans hins vegar. Miða þessi ákvæði að bættri nýtingu skólaársins, og svo er einnig um ákvæði 46. og 61. gr., um leyfisdaga í grunnskóla og um starfsdagafjölda ætlaðan til prófa, sem lögð eru fyrir heila árganga.

Heimiluð er ýmist 5 eða 6 daga skólavika, og verði á valdi skólanefnda og fræðsluráða að ákveða það með tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju byggðarlagi og hins aukna daglega álags á nemendur og húsnæði, sem 5 daga kennsluvika hefur í för með sér. Í eldri gerð frv. var meginreglan 6 daga skólavika. Ástæður þess, að í vaxandi mæli er þrýst á um fimm daga kennsluviku, virðast fyrst og fremst vera þær, að æ fleiri starfsstéttir vinna nú ekki á laugardögum. Hefur þetta með öðru þegar leitt til þess, því miður, að erfiðleikar hafa orðið í allmörgum skólum vegna slæmrar skólasóknar nemenda á laugardögum. Hætturnar við fimm daga kennsluviku virðast aftur á móti ekki sízt vera þær, að með því fyrirkomulagi verði of mikið vinnuálag á nemendur á starfsdegi hverjum, þar sem ekki er talið koma til greina að stytta námstíma eða minnka kennslumagn frá því, sem er í

sex daga viku, enda væri slíkt fráleitt frá sjónarmiði náms og kennslu, þar sem engin ástæða er til að ætla, að hver kennslustund í fimm daga viku leiði til meira náms að jafnaði en í sex daga viku. Í fimm daga viku eykst þannig meðalkennslustundafjöldi hvers starfsdags um 20%, en í reynd um nokkuð lægri hlutfallstölu vegna venju um styttri kennslutíma á laugardögum. Auk vinnuálagsins á nemendur, sem þetta skapar, verður ekki auðvelt fyrir íslenzka grunnskóla að koma kennslunni fyrir með þessum hætti sakir yfirálags á kennslurými, sem ekki verður verulega úr bætt nema á löngum tíma.

Ljóst er, að nefna má mýmörg rök með og á móti bæði sex og fimm daga kennsluviku. Hér verða þau þó ekki rædd frekar, en bent skal samt á það til íhugunar, að í Frakklandi hefur um áratuga skeið verið við lýði kerfi, sem vel hefur líkað, en það er fimm daga kennsluvika með leyfi á fimmtudögum. Telja margir þetta heppilegt kerfi, t. d. með tilliti til nauðsynlegrar hvíldar og vegna ýmissa annarra þarfa skólans, þ. á m. félagslífs og menningarstarfs, sem ekki er hluti af reglulegri kennslu. — Þá má og geta þess til upplýsingar, að í Danmörku og Svíþjóð hafa nú (1972/3), allir grunnskólar eða sambærilegir skólar fimm daga kennsluviku, en í Noregi miða hins vegar um 90% allra skólahverfa við sex daga kennsluviku.

Ákvæði gr. um starfsdagafjölda í grunnskóla eru þannig, að um er að ræða 210 daga á skólaári miðað við sex daga kennsluviku, en 177 miðað við fimm daga viku, er skiptist í fyrra tilvikinu í a. m. k. 195 daga til kennslu og prófa og allt að 15 til annarra þarfa skólans, en í síðara tilvikinu í a. m. k. 167, auk allt að 10 dögum. Eru þessar tölur við það miðaðar, að á hverju níu mánaða skólaári nýtist að fullu 35 starfsvikur í skólum með sex daga viku, og þar af fari 2½ vika í aðrar þarfir skóla en kennslu og próf. Í skólum með fimm daga viku fullnýtast samkvæmt þessu 35 starfsvikur og tveir dagar að auki; þar af fari tvær vikur í „aðrar þarfir skólans". Þegar rætt er um daga „til annarra þarfa skólans" í þessu sambandi, er m. a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, skóla- og skíðaferðadaga, foreldradaga, þrjá til fimm fundardaga kennara, einkum í byrjun skólaárs, svo og daga vegna sérstakra aðstæðna í skólahverfi og e. t. v. laugardaga í septembermánuði í skólum, sem hafa sex daga kennsluviku.

Skólastjóri og kennarar hvers skóla ráði hvernig varið sé þeim 10—15 dögum, sem til ráðstöfunar eru til annars en kennslu og prófa. Framlenging starfstíma skóla, sem ekki getur hafið starf í tæka tíð, verði takmörkuð við eina viku, og að heimild til sumarskólahalds nái til fyrstu 6 skólaáranna.

Varðandi leyfisdaga þótti rétt, að við upphaf skólaárs yrði tilbúið skólaalmanak, þar sem slíkir dagar og aðrir þeir dagar skólaársins, sem víkja frá venjulegri önn skóladags, yrðu nákvæmlega tilgreindir.

Í sumum byggðarlögum eru snjóþyngsli og aðrir samgönguerfiðleikar svo miklir á veturna, að heimanakstur skólabarna er þá útilokaður með öllu. Þar sem ekki er talið heppilegt, að börn séu langdvölum fjarri foreldrum sínum í heimavist, getur í slíkum tilvikum komið til greina, að hluti námsins í 1.—6. bekk grunnskóla fari í þess stað fram í sumarskóla. Því er í lok gr. sett ákvæði, er heimilar fræðsluráði að ákveða, að allt að fjórðungi námsskyldu barna í þessum bekkjum sé fullnægt með sumarskóla, ef skólanefnd æskir þess. Verði slík heimild notuð, er líklegt, að u. þ. b. sex vikna sumarskóli, í tveimur eða þremur áföngum, gæti talizt heppilegt hámark fyrir hvert barn.

Um 43. gr.

Þessi grein fjallar um námsskrá grunnskóla og þau meginatriði námsefnis, sem nánar verði útfærð í námsskránni og skylt að kenna í grunnskóla.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal menntamálaráðuneytið setja grunnskólum aðalnámsskrá. Slík aðalnámsskrá yrði kennurum og skólastjórum leiðarvísir um uppeldisstefnu, kennsluskipan og kennslufræði. (Með hugtakinu kennslufræði er hér einkum átt við uppeldisfræði hagnýtta í þágu kennsluaðferða og kennsluáætlana, en jafnframt skarast hugtakið yfir á svið námsefnis og námsmats). Auk þess að

vera skólunum leiðarvísir um fyrrgreindar undirstöður skólastarfs yrði aðalnámsskrá einnig reglugerð um, hvaða námsgreinar skuli kenndar í hverjum bekk grunnskóla og hvaða meginatriði hverrar námsgreinar, svo og um skiptingu kennslustunda milli námsgreina, stærðir nemendahópa við kennslu tiltekinna námsþátta o. fl., sbr. einnig 45. og 47. gr.

Gert er ráð fyrir því í niðurlagi greinarinnar, að skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins muni stöðugt vinna að athugun og endurskoðun námsskrár fyrir grunnskóla, sbr. 63.—64. gr., og að ráðuneytið gefi aðalnámsskrá út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Þá eru talin upp í greininni 10 námssvið, er skylt verði að kenna í grunnskóla. Ekki virðist ástæða til ýtarlegra skýringa á þeim ákvæðum; þau skýra sig að mestu sjálf. Vert er þó að benda á það, að námssviðin eru mörg hver nokkru breiðari en hefðbundnar námsgreinar skyldunámsstigs (sjá t. d. liði c, d, f og g). Er þetta til marks um þá stefnu að sameina skyld námssvið í allstórar, fjölhliða heildir, enda telur nefndin það æskilegt og árangursvænlegt að efnissvið námsskrárinnar verði sem bezt tengd, þegar unnið er að undirbúningi og framkvæmd kennslu. — Þá má og bæta því við, að með orðunum heimilisfræði og heimilisrækt er átt við það námssvið, sem í núgildandi „Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri“ (útg. 1960) er nefnt matreiðsla og hússtjórn, og höfðar heimilisfræði fyrst og fremst til bóklega þáttarins, en heimilisrækt til hins verkræna og viðhorfatengda uppeldis. — Loks skal þess getið, að nokkur hugmynd um síðasttalda námssvið greinarinnar, valgreinar í efstu bekkjum grunnskóla, er gefin í athugasemdum við 45. gr. Ljóst er þó, að hinir minnstu grunnskólar munu ekki geta boðið fram í 8.—9. bekk allar þær valgreinar, sem þar eru nefndar.

Kafli er í greininni, sem hljóðar svo: „Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.“ Þessi mikilvægu ákvæði fela í sér mörkun grundvallarstefnu um jafnrétti nemenda í grunnskóla og aðlögun skólastarfsins að þörfum einstaklingsins. Sem dæmi um inntak þessarar stefnumörkunar skulu nefnd eftirtalin þrjú grundvallaratriði:

1) Í grunnskóla skal reynt að veita drengjum og stúlkum sem jöfnust tækifæri til náms, þannig t. d. að við gerð aðalnámsskrár og í kennslunni sjálfri sé öðru hvoru kyninu ekki bægt frá áhugaverðum og mikilvægum námssviðum, t. d. í handíðum eða heimilisrækt.
2) Námshæfileikar og röðun nemenda í bekkjardeildir. Grunnskólanefnd telur, að sú áratugagamla hefð að raða jafnöldrum í mismunandi bekkjardeildir eftir fyrra námsárangri eða öðru mati á námsstigi/námsgetu, sé talsvert varhugaverð, einkum sakir þess að hún geti leitt til misréttis, þ. e. misjafnra námstækifæra, sem mest bitni að líkindum á miðlungs- og seinfærum nemendum, en geti einnig í vissum tilvikum bitnað á „góðum“ nemendum. Slíkt röðunarkerfi hefur og alls staðar, þar sem það hefur verið vísindalega rannsakað erlendis, reynzt hafa allháa fylgni við stéttaskiptingu hlutaðeigandi samfélags, þannig t. d. að kerfið er að jafnaði óhagstætt börnum handverksmanna, jafnvel þótt slíkt sé vitaskuld ekki meðvituð ætlun með beitingu þess. Er líklegt, að svipuð niðurstaða kæmi út hérlendis, jafnvel þótt munurinn kynni að verða nokkru minni. Þá er ástæða til að ætla, að umrætt röðunarkerfi sé tæpast sérlega heppilegt með tilliti til almennrar þjóðfélagslegrar samheldni og mótunar samfélagslegra viðhorfa með nemendum.

   Af fyrrgreindum sökum taldi nefndin, að ættu ákvæði 2. gr. frv. og jafnréttishugsjón frv. yfirleitt að geta orðið virkar máttarstoðir grunnskólastarfs, þyrfti m. a. að draga eins mikið úr umræddri námsgeturöðun í bekkjardeildir og fært þykir frá kennslufræðilegu sjónarmiði. Yrðu þá sett vegvísandi ákvæði um þetta atriði í aðalnámsskrá grunnskóla. Hins vegar er rétt að benda á það,

að hér er ekki vert að hrapa að neinu. Mýmörg kennslufræðileg vandkvæði koma upp við breytta röðun í bekkjardeildir, og skapa þarf heppileg skilyrði til lausnar þeim, áður en þess er að vænta, að ný og félagslega sanngjarnari skipan geti orðið almenn í landinu.

3) Loks miðar þessi kafli, einkum niðurlag hans, að því, að námsaðgreining (differentiation) verði eitt af grundvallaratriðunum í starfi grunnskóla. Annars vegar felur þetta í sér þá almennu kvöð, að skólinn skuli jafnan leitast við eftir föngum að laga uppeldisstarf sitt að þörfum hvers einstaklings, — að sönnu þungbær kvöð í framkvæmd, en jafnframt ófrávíkjanlegt stefnumark samkvæmt markmiðsgrein frv. Hins vegar miða þessi ákvæði umrædds kafla að því, að nám á unglingastigi grunnskóla, einkum í 8.—9. bekk, skuli eftir því sem kostur er greinast í samræmi við „mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda." Hér verður um að ræða valfrelsi námsgreina, svo og mismunandi áherzlur og/eða misþunga námsskrá í ýmsum skyldunámsgreinum. Meðal slíkra námsgreina verða að líkindum stærðfræði og raungreinar, svo og vissir móðurmálsþættir. Er að því stefnt, að allir grunnskólar geti boðið fram a. m. k. tvær „meginlínur" eða deildir samkvæmt þessu í 8.—9. bekk og helzt að einhverju leyti einnig í 7. bekk. En slíkt kerfi þarf að vera eftir föngum frjálst og sveigjanlegt, eigi ekki að koma til talsverð hætta á misrétti í nýju gervi, sbr. ofanritað.

Þá er sagt í greininni, að í aðalnámsskrá grunnskóla skuli sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nemendur á mismunandi aldri eru saman í deild, svo og um nám í skólum, sem búa við skertan árlegan starfstíma, sbr. 42. gr. Í fyrra tilvikinu er reynt að tryggja, að sérstök vandkvæði við kennslu í fámennum skólum verði athuguð og tekið eðlilegt tillit til þeirra við gerð aðalnámsskrár, m. a. við setningu ákvæða um stundaskrá. Í síðara tilvikinu er einkum um það að ræða, að reynt verði að tilgreina „kjarnanámsskrá" í sem flestum námsgreinum, og geti skólar með skertu skólaári þá miðað kennsluna sérstaklega við þann kjarna.

Loks er í greininni ákvæði um, að sérstakar námsskrár skuli setja fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu samkvæmt 51. og 52. gr.

Um 44. gr.

Efni greinarinnar er að nokkru nýmæli í íslenzkri fræðslulöggjöf. Að vísu gengur reglugerð um skólarekstrarkostnað frá 28. janúar 1971 nokkuð í sömu átt, en hún er sett samkvæmt gildandi lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, og heimilar að varið sé allt að 2% reiknaðra stunda í skólum á gagnfræðastigi til félagsstarfa, án þess að nánar sé skilgreint. Hér er hins vegar ráð fyrir því gert, að fé sé lagt til félagsmála á grunnskólastigi öllu, svo í yngri árgöngum sem hjá þeim eldri, eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð. Miða ákvæði greinarinnar að því, að félagsstarf verði órjúfanlegur hluti grunnskólauppeldis, sbr. 2. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir, að skólastjórum sé heimilt að fela einum eða fleiri kennurum við grunnskóla þann, er þeir stjórna, að annast mál þessi sérstaklega. Slíkt verður þó að sjálfsögðu að meta hverju sinni og miða við aðstæður.

Ákvæðið um skýrsluskyldu skólanna er af tvíþættum toga spunnið. Er annar sá, að af slíkum skýrslum má lærdóm draga, en hinn, að eðlilega verður ríkisvaldið að fylgjast með hversu varið er því fé, er til þessa rennur.

Þá er í niðurlagi greinarinnar kveðið á um, að menntamálaráðuneytið gangist fyrir námsskeiðum fyrir þá kennara, er með mál þessi fara í skólum og að það sömuleiðis gefi út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

Að öðru leyti vísast til c-liðar 80. greinar um kostnað þann, er af félagsmálum í grunnskólum leiðir, og umsagnar um hann.

Fræðileg könnun á félagslífi í íslenzkum skólum hefur ekki verið gerð. Hana þarf að gera til að öðlast sem traustastan grundvöll að skynsamlegri stefnumörkun á þessu sviði.

Um 45. gr.

Í þessari grein er nákvæmlega tilgreint, hver vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skuli vera sem næst. Í þeim ákvæðum felst nokkur aukning kennslutímans frá því, sem nú er (skólaárið 1972/73) í 1.—5. bekk, en jafnframt svolítil lækkun frá núverandi tímafjölda í 7.—9. bekk. Þá er ákvæði um það í greininni, til þess ætlað að tryggja hæfilegan sveigjanleika, að skólastjóri geti með samþykki fræðslustjóra lengt eða stytt vikulegan kennslutíma nemenda um allt að eina kennslustund, þ. e. 40 mínútur; þó sé þetta innan ákvæða 79. gr. um hámarksfjölda kennslustunda og þess jafnframt gætt, að samanlagður kennslustundafjöldi sérhvers nemanda á skólaferli hans innan grunnskólastigs verði sem næst ákvæðum greinarinnar.

Það yrði afar langt mál, ef rekja ætti hér þær umfangsmiklu athuganir, sem liggja að baki ákvæðum greinarinnar um kennslutíma, en þær athuganir eru m. a. þáttur í undirbúningi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins að nýrri námsskrá fyrir skyldunámsstigið, en að þessu verkefni hefur verið unnið í deildinni að meira eða minna leyti undanfarin fimm ár. Því verða þau verk ekki rakin hér, en í þess stað verða birt og skýrð tvenns konar yfirlit. Felur hið fyrra í sér samanburð við hliðstæð ákvæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en hið síðara gefur nokkra vísbendingu um hugsanlega skiptingu kennslutíma þess, sem greinin tiltekur, milli námssviða 42. gr.

1. yfirlit.

Til hliðsjónar og samanburðar verður hér birt tafla yfir fjölda vikustunda og skiptingu þeirra á bekki grunnskóla eða sambærilegra skóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, eftir því sem næst verður komizt, svo og um þau íslenzku ákvæði, sem nú eru í gildi (skólaárið 1972/73), og loks ákvæði grunnskólafrv. Því miður reyndist ekki unnt að taka með í reikninginn upplýsingar frá Finnlandi, þar sem ekki tókst að fá þaðan í tæka tíð nægilega örugga vitneskju. Þó virðist ljóst, að vikulegur kennslutími í Finnlandi er með því hæsta, sem gerist á Norðurlöndum, en skólaárið mun hins vegar vera styttra þar en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Þegar niðurstöðutölur töflunnar eru bornar saman (þ. e. dálkurinn „Alls í mínútum"), þarf að taka það með í reikninginn, að skólaárið er — og verður samkvæmt 42. gr. þessa frv. — styttra hérlendis en í nágrannalöndunum þremur. T. d. eru starfsdagar dönsku skyldunámsskólanna 203 á yfirstandandi skólaári (1972/73) miðað við fimm daga kennsluviku, en verða 177 hér samkvæmt frv.

Fjöldi og lengd vikulegra kennslustunda á grunnskólastigi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi.

Land	Viðmiðunarlengd kennslust.	Bekkir grunnskóla 1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	Alls í mínútum
Danmörk (1971)	50 mín.	15	18	22	25	28	30	30	30	30	11 400
Noregur[1]) (1971)	45 mín.	16	16	19	25	25	28	30	30	30	9 855[2])
Svíþjóð (1969)	40 mín.	20	24	30	34	35	35	35	35	35	11 320
Ísland (1972/73)	40 mín.	21	22	24	31	33	35	38	39	40	11 320
Ísland[3]) (skv. frv.)	40 mín.	22	24	27	32	34	35	37.5	38	37.5	11 480

Skýringar:

1) Barnastigsákvæðin í Noregi eru hér miðuð við fyrirmæli námsskrár um lágmarkstíma. Hámarkstíminn er 3 st./v. hærri í hverjum bekk, frá 1.—6. bekkjar.
2) Sé miðað við hámarkstíma, sbr. 1), verður talan 10665 mínútur.
3) Í 7.—9. bekk er miðað við áætlað meðaltal kennslutíma.

Heimildir:

1. *Danmörk:* Notat om et grundlag for gennemførelse af en reform af de grundlæggende skoleuddannelser.
Folkeskolens læseplansudvalg 1971.
2. *Noregur:* Mønsterplan for grunnskolen.
Midlertidig utgave 1971.
Aschehoug 1971.
3. *Svíþjóð:* Läroplan för grunnskolan.
Allmän del.
Skolöverstyrelsen 1969.
4. *Ísland:* Viðmiðun um skiptingu stundaskrár skyldunámsbekkja skólaárið 1972/73.
Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1972.

2. yfirlit.

Eftirfarandi tafla gefur í meginatriðum vísbendingu um það, hvernig mætti hugsa sér skiptingu þess vikulega kennslutíma, sem tiltekinn er í greininni, milli námssviða 42. gr. Vísbending þessi er hugsuð sem slík, þ. e. aðeins til upplýsingar, en táknar vitaskuld ekki, að teknar hafi verið neinar endanlegar ákvarðanir. Við gerð töflunnar hefur eftir föngum verið tekið tillit til ýmissa draga að áætlunum um námsskrá skyldunámsstigs, sem unnið hefur verið að í skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

Hugsanleg skipting kennslustunda milli námssviða. (Tölurnar tákna vikulegar kennslustundir (st./v.), 40 mínútna langar).

Námssvið	Bekkir grunnskóla									Alls
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
a. Móðurmál	10	10	10	8	7	6	5	5	6	67
b. Stærðfræði	4	4	4	5	5	5	5	5	5	42
c. List og hagleikur	4	5	5	6	6	6	5	4	3	44
d. Samfélagsgreinar	3	3	4	3	3	3	5	5	4	33
e. Kristin fræði			2	2	2	2	1			9
f. Raungreinar				3	4	4	4	4	3	22
g. Erlend tungumál				3	4	6	6	6	4	29
h. Heimilisfræði[1]							1 (—3)	1 (—4)	1 (—5)	3 (—12)
i. Íþróttir[2]	1	2	2	2	3	3	3	3	3	22
j. Valgreinar[3]							2	4—5	7—9	13—16
k. Frjálst							0—1	0—1	0—1	0—3
Vikulegar kennslustundir alls	22	24	27	32	34	35	37—38	37—39	36—39	284—290
Vikulegur kennslutími í mín.	880	960	1080	1280	1360	1400	1480—1520	1480—1560	1440—1560	1136—1160

Skýringar:

1) Gert er ráð fyrir því, að heimilisfræði verði sem skyldunámsgrein kennd í námskeiðs- eða annaformi, og nemi sú kennsla að jafnaði einni vikustund á sérhvern nemanda yfir skólaárið í heild í 7.—9. bekk. Auk þess verði um að ræða viðbótarnám í greininni, 2 st./v. í 7. bekk, 3 st./v. 8. bekk og 4 st./v. í 9. bekk, sbr. tölurnar, sem tilgreindar eru innan sviga. Yrði þetta valnám meðal þess, sem boðið yrði fram undir j-lið, sjá skýringar 3) b. hér að neðan.
2) Sundkennsla er ekki meðtalin í tilgreindum íþróttatímum.
3) Meðal hugsanlegra valgreina í 7.—9. bekk grunnskóla má telja eftirfarandi:
   a. Nýjar greinar, einkum í 8. og 9. bekk:
   Bókfærsla, verzlunarfræði, matvælatækni, véltækni, búfræði, sjómannafræði, leiklist o. fl.
   b. Viðbótarnám í list- og verknámsgreinum í 7.—9. bekk, þ. á m. í tónmennt, myndlist, hannyrðum, tré- og málmsmíði, svo og heimilisfræðum.
   c. Viðbótarnám í öllum bóknámsgreinum og vélritun í 8. og einkum 9. bekk. (Skyldunám í vélritun í 9. bekk, 1 st./v., er í töflunni talið með móðurmálskennslu).

Um lengd kennslustunda þótti eigi rétt að setja önnur mörk en lágmark, er tryggja á sæmilega nýtingu tímans til kennslu, og hámark til að verja nemendur gegn þreytu og tryggja þeim og kennurum nægilega tíðar hvíldir. Gera verður ráð fyrir því, að framvegis fari lengd kennslustunda fyrst og fremst eftir ákvörðun skólastjóra og kennara, og grundvallist slík ákvörðun — innan lögskipaðra marka — aðallega á eðli og rökum þess námsefnis, sem fengizt er við hverju sinni. — Þess skal getið, að meginrökin fyrir því, að ákveðið var að miða meðallengd kennslustunda í grunnskóla við 40 mínútur (en ekki 45 mínútur t. d.), voru annars vegar þau, að talið var að á því skólastigi, sem hér er um að ræða, nýttust fremur stuttar kennslustundir að jafnaði betur en langar, og hins vegar var álitið hagkvæmt, með tilliti til sveigjanleika, t. d. mislangra kennslustunda eftir eðli námsefnis, að um yrði að ræða 20 mínútna grunneiningar, sem yrðu ýmist einar sér, einkum í yngri bekkjum, eða tengdar saman í 40, 60 eða 80 mínútna samfelldar kennslustundir.

Mjög erfitt er að koma við hlutlægri rannsókn á því, hver sé heppilegust lengd frímínútna á hverju aldursstigi, og virðist ekki liggja fyrir nokkur fræðileg niðurstaða um það, hver reglan ætti að vera um þetta efni, enda í hæsta máta ólíklegt, að öllum börnum muni henta bezt hið sama, jafnvel þótt þau séu á svipuðum aldri. Nefndin reyndi af þessum sökum að finna skynsamlega heildarreglu til viðmiðunar, en gerði ráð fyrir, að síðan réðu skólastjórar — innan heildarmarkanna — skiptingu stundahléstímans og lengd einstakra frímínútna í hverjum aldursflokki. Viðmiðunin 15 mínútna stundahlé á móti hverjum 100 mínútum í kennslu jafngildir því, að 9 mínútur komi á hvern kenndan klukkutíma, eða því, að á hverja 40 mínútna kennslustund, sem ekki er síðasta kennslustund skóladags, komi rúmlega 7 mínútna stundahlé. Þess skal getið, að eiginlegt stundahlé, þ. e. hinn raunverulegi tími milli þess, að kennslu lýkur og kennsla hefst, er jafnan nokkru lengri en kennsluhléið er samkvæmt stundatöflu og skólabjöllu, þar sem það tekur auðvitað nokkurn tíma að komast úr kennslustofunni og í hana aftur o. s. frv.

Um 46. gr.

Samkvæmt þessum ákvæðum fækkar leyfisdögum í grunnskóla talsvert frá því, sem nú er, og á þetta einkum við um 1.—6. bekk. Jólaleyfi verður svipað því, sem það er nú í gagnfræða- og framhaldsskólum, en um viku skemmra en í barnaskólum nú. Páskaleyfi styttist um einn dag í 7.—9. bekk, en um þrjá daga í 1.—6. bekk. Hin svonefndu mánaðarleyfi leggjast niður samkvæmt ákvæðum gr., svo og leyfi á öskudag. Um aðra leyfisdaga eru ákvæðin svipuð og núgildandi reglur.

Tilgangurinn með fækkun leyfisdaga er bætt nýting skólaársins. Nefndin taldi, að umrædd fækkun og sú kennsluaukning í 1.—6. bekk, sem felst í 45. gr., ætti ekki að skapa hættu á of miklu vinnuálagi á nemendur. Í því sambandi er vert að benda á þá 15 (eða 10) daga á skólaárinu, sem verja má til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa, sbr. 42. gr.

Um 47. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að í framtíðinni muni smátt og smátt verða dregið úr hinu hefðbundna bekkjarkennslufyrirkomulagi og í þess stað muni aukast, að bekkjardeildir verði sameinaðar í stærri hópa eða skipt í smærri hópa til kennslu, allt eftir rökum námsefnisins og þroskastigi nemenda, sbr. 2. og 3. mgr. þessarar gr., þar sem slík tilhögun er heimiluð.

Þrátt fyrir umrædda þróun verður að ætla, að hið hefðbundna fyrirkomulag verði enn um sinn allmjög ríkjandi í landinu, og valda þessu m. a. kennsluvenjur og skólahúsnæði. Því þótti eðlilegt að tiltaka hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild til að koma í veg fyrir óeðlilega mikinn fjölda. Öll önnur Norðurlandaríki hafa einhver slík ákvæði í fræðslulögum sínum, eða reglugerðum, og miða almennu reglurnar þessu aðlútandi við 24 nemendur lægst (í 8.—10. bekk í Danmörku), en 32 hæst (í öllum bekkjum grunnskóla í Finnlandi). Í Noregi er miðað við, að „eigi skuli vera fleiri en 30 nemendur í einni bekkjardeild“, sbr. 1. tölulið 5. gr. norsku grunnskólalaganna frá 13. júní 1969. Grunnskólanefnd ákvað að miða við það, að eftir að frá hefðu verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í

almennum bekkjum (deildum) grunnskóla, skyldi meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla að jafnaði ekki fara yfir 28, né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild að jafnaði yfir 30.

Vert er að geta þess, að nefndin taldi útilokað að miða hér við lægri tölur. Annars vegar verða dæmigerðar bekkjarstærðir jafnan nokkru lægri í reynd en slíkar hámarksreglur tiltaka, enda eru meðalstærðir bekkjardeilda sennilega hvergi í heiminum minni en á Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Svíþjóð. Hins vegar benda erlendar rannsóknir til þess, að mjög óvíst sé, hvort eins náið samband sé á milli bekkjarstærðar og námsárangurs og ýmsir aðilar hafa talið. Allmargar rannsóknir benda raunar til þess, að hér sé um sáralítið samband að ræða, a. m. k. innan þeirra stærðarmarka, sem hefðbundnar bekkjardeildir norrænna grunnskóla venjulega falla í (sjá t. d. Marklund, Sixten: Skolklassens storlek och struktur. Studier rörande elevernas kunskaper i relation till klassens storlek och homogenitet. Stockholm: Almqvist & Wiksell, 1962). Jafnvel þótt þetta atriði hafi enn ekki verið fullrannsakað í íslenzku umhverfi, virðist vel mega draga þá ályktun af hinum erlendu rannsóknarniðurstöðum, að sú dýra skipulagsaðgerð að minnka meðalfjölda nemenda í bekkjardeildum grunnskóla í íslenzku þéttbýli um t. d. 2—3 nemendur frá því, sem nú er, sé sýnu ólíklegri til að bæta kennslu og námsárangur að marki en t. a. m. skipting bekkjardeilda í tvo hópa, þegar vissir námsþættir eru kenndir. Slíkar skiptireglur telur nefndin mjög brýnt að athuga í sambandi við gerð nýrrar aðalnámsskrár, og er 2. mgr. ætlað að tryggja menntamálaráðuneytinu möguleika til að heimila skólum slíkt, sbr. einnig síðustu mgr. 79. gr. Er ekki ólíklegt, að þetta atriði verði talið koma að einhverju marki til greina í öllum bekkjum grunnskóla, en sennilega mest í 1.—2. bekk og 8.—9. bekk.

Þá skal það að lokum nefnt, að meginrökin fyrir því að nefndin taldi þó rétt að fara ekki hærra en í hámarkstölur gr., þ. e. 28 og 30, voru annars vegar þau, að slík regla ætti að geta dregið úr misrétti milli kennara varðandi starfsaðstæður, og svo hitt, að með því að æskilegt er talið að draga úr röðun nemenda í bekkjardeildir eftir námsárangri eða mati á námsgetu, sbr. 43. gr., verður jafnframt að viðurkenna, að slík kennsla með mjög breytilegri námsgetu innan sömu bekkjardeildar hlýtur að verða afar örðug í mjög stórum deildum.

Um 48. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að á einstökum stöðum í strjálbýli verði áfram við lýði litlir skólar, þar sem tveimur eða jafnvel fleiri aldursárgöngum nemenda 1.—6. bekkjar verði kennt saman. Einkum mun slík tilhögun að líkindum verða höfð á kennslu 7—10 ára barna eða þ. u. b. Af augljósum ástæðum verður kennsla í slíkum tilvikum erfiðari en ella, og taldi nefndin því rétt að kveða á um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild í umræddum skólum.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar verður kennsla fjögurra aldursárganga saman aðeins heimil í því undantekningartilviki, að 12 eða færri börn í 1.—4. bekk séu saman í skóla. Að öðru leyti er við það miðað, að hámarksfjöldi nemenda sé 17, ef þrír aldursflokkar eru saman, en 22, ef tveir aldursflokkar eru saman. Eru þessar reglur svipaðar t. d. norsku ákvæðunum, en í grunnskólalögunum norsku segir (sbr. 2. tölulið 5. gr. þeirra), að í engu tilviki skuli nemendafjöldi vera meiri en „12, þegar fjórir aldursflokkar eða fleiri eru í deildinni, 18, þegar þrír aldursflokkar eru í deildinni, og 24, þegar tveir aldursflokkar eru í deildinni".

Loks segir í greininni, að fræðslustjóri geti aukið, þegar sérstaklega stendur á, tilgreindan nemendafjölda um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, enda komi þá tilsvarandi aukið kennslumagn skólanum til góða.

Um 49. gr.

Fyrri mgr. greinarinnar fjallar um það, að í 7.—9. bekk grunnskóla skuli deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja. Þegar komið er upp í 7. bekk, er námsefnið orðið með þeim hætti í flestum greinum, að mjög óheppilegt verður að telja, að tveimur aldursárgöngum sé kennt saman að staðaldri. Af þessum sökum þótti þetta nauðsynlegt ákvæði.

Síðari mgr. setur það lágmark, að meðalfjöldi nemenda í deild megi ekki vera minni en 15, til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi. Þetta atriði er hliðstætt ákvæði í lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, en þar segir í upphafi 59. gr.: „Eigi skal starfrækja miðskóla né gagnfræðaskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í árgeild að jafnaði.“ Reglu þessari hefur þó ekki verið stranglega framfylgt, enda er raunar viss undanþáguheimild veitt í framhaldi sömu lagagreinar.

Rökin fyrir því, að nefndin ákvað að halda fastri lágmarkstölu, 15 nemendum, varðandi starfrækslu 8.—9. bekkjar grunnskóla, en setja ekki ákvæði um slíkt viðvíkjandi 7. bekk, voru fyrst og fremst þau, sem hér greinir:

a) Mörg fámenn skólahverfi, þ. á m. kauptún, sækja það mjög fast að fá að halda nemendum heima fram yfir 6. bekk grunnskóla, jafnvel þótt nemendafjöldi í árgeild sé innan við 15 manns að jafnaði. Þótti rétt að koma til móts við þessar óskir, að því er 7. bekk varðar, enda virðist það oft vera heppilegt fyrirkomulag í dreifbýli, að skóli tiltölulega fámenns byggðarlags sameinist ekki öðrum grunnskóla fyrr en að loknu fermingarári nemenda, sem samsvarar 7. bekk.
b) Nefndin leggur mjög ríka áherzlu á það, að í efstu bekkjum grunnskóla skapist möguleikar á námsaðgreiningu og valfrelsi um ýmsar námsgreinar, verklegar sem bóklegar, sbr. 43. gr. Verður að líta á 15 nemenda meðalfjölda í bekk (árgeild) sem algert lágmark, eigi nokkuð að vera unnt að framfylgja þessari meginstefnu í 8.—9. bekk grunnskóla.

Um 50. gr.

Grein þessi ákveður það sem aðalreglu, að skólaskylda barns hefjist við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára, og er þetta óbreytt frá núgildandi reglum. Hitt er nýmæli, að greinin tiltekur að börn, sem verða sex ára gömul á fyrri hluta árs, geti hafið grunnskólanám það ár, og að barn, sem verður sjö ára á seinni hluta árs, geti frestað námi um ár, hvort tveggja að því tilskildu, að forráðamenn barnsins sæki um eða samþykki slíkt og sálfræðiþjónusta skólans mæli með því. Jafnframt gerir greinin ráð fyrir því, að heimilt verði í undantekningartilvikum að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksárs, hefji grunnskólanám það ár, enda er þess þá krafizt, að sálfræðiþjónusta skólans og skólalæknir mæli með slíku hvor fyrir sitt leyti.

Umrædd heimildarákvæði um flýtingu og seinkun nemenda eru sett til þess að auðvelda það, að grunnskóli geti betur en ella komið til móts við mismunandi aldursþroska og námshæfileika nemenda.

Um 51. gr.

Grein þessi er í samræmi við 2. gr. frv. og þá almennu stefnu, að hvert barn fái kennslu í samræmi við þroska sinn og hæfileika. Reynt er að marka skýrar í þesu frv. en í eldri gerð þess verkaskiptingu milli grunnskóla og sérstofnana fyrir afbrigðilega nemendur.

Skipan kennslunnar er ætlað að fari eftir því, á hve háu stigi vanfærni einstaklinganna er. Frá félagslegu sjónarmiði telur nefndin rétt, að eins mörg hinna svokölluðu afbrigðilegu barna og unnt er séu í almennum grunnskólum. Yrði þar ýmist um að ræða einstaklingslega sérkennslu, sérkennslu í hópum eða sérbekkjum. Þeim börnum, sem afbrigðilegust eru, verður að ætla dvalarstað til náms og þroska í sérdeildum á vegum grunnskóla sbr. 84. gr., eða sérstofnunum skv. 53. gr.

Þorsteinn Sigurðsson, sérkennslufulltrúi við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, hefur tekið saman heildaráætlun um fjölda afbrigðilegra barna og þörf á sérkennurum. Sérkennsluþörf innan grunnskólans miðast við 40 600 nemendur á grunnskólastigi. Þar er þó einnig gert ráð fyrir 4 511 nemendum í forskóla (6 ára börn). Enn fremur er reiknað með því, að nemendur í sérbekkjum séu einu ári lengur í skóla en almennt gerist.

Niðurstöður Þorsteins birtast hér í eftirfarandi töflu:

Tafla I. Sérkennsluþörf innan grunnskólans (miðað við 40600 nem. í skyldunámi og 4511 nem. í 6 ára b.):

Tegund sérkennslu:	% af nemenda-fjölda	Fjöldi nemenda	Fjöldi sér-kennara	Athugasemdir:
1. Sérbekkir:*				* Hjá nemendum í sérbekkjum er reiknað með 1 árs lengri skólavist en almennt er, skv. heimild.
a) heyrnardaufrabekkir ...	0.06	27	5	7—16 ára.
b) athugunarbekkir	0.1	45	7	7—16 ára; bekkir fyrir nem. með hegðunarafbrigði.
c) þroskabekkir/lesbekkir .	5.0	677	36	7— 9 ára; meðaltal í b. 13 nem. og 20 vikut.
d) hjálparbekkir		1 579	100	10—16 ára; meðaltal í bekk 13 nem. og 24 vikut.
Samtals	5.16	2 328	148	
2. Stuðningskennsla:				
a) heyrnardaufrakennsla ..	0.1	45	1	6—15 ára. Talkennarar í d) lið eiga hlut að kennslu.
b) sjóndapurrakennsla	0.05	23	1	6—15 ára. Kennarinn kenndi einnig við Blindraskólann.
c) handleiðsla (miljöklinik)	1.0	406	42	7—15 ára; 3 vikustundir á nem.
d) talkennsla	2.8	1 263	16	6—15 ára; 1 vikustund á nem.
e) leshjálp	6.0	2 436	68	7—15 ára; 1 vikustund á nem.
f) sjúkrakennsla	0.29	120	5	7—15 ára; 4 vikustundir á nem. Nemendaskipti að jafnaði 3svar á vetri.
Samtals	10.24	4 293	133	
Samtals 1 og 2	15.40	6 621	281	

Athugasemdir við 1.

a) Lesbekkir. Þeir eru ætlaðir 7—8 ára börnum, sem eru af ýmsum ástæðum mjög seinfær í lestrarnámi.

b) Athugunarbekkir. Þar er gert ráð fyrir að séu börn með svo mikla aðlögunarörðugleika, að þeim nýtist ekki námsvist í venjulegum bekk, jafnvel þótt stuðningskennsla og handleiðsla komi til.

c) Þroskabekkir eru hugsaðir fyrir 7 ára börn, sem ekki hafa náð þeim almenna þroska, að þau ráði við venjulegt námsefni.

d) Hjálparbekkir eru ætlaðir tornæmum nemendum á aldrinum 9—16 ára, sem ekki nýtist skólavist í venjulegum bekkjum, þótt stuðningskennsla komi til.

Skólakerfið sem heild verður að bjóða upp á margvísleg form sérkennslu. Sérbekkjum af ýmsu tagi verður einvörðungu komið á í fjölmennustu skólahverfum. Yrðu þar byggðar heimavistir eða komið upp fóstrunarkerfi. Mætti koma þangað börnum frá fámennari skólahverfum, sem nauðsynlega þyrftu slíka vist.

Að öðru leyti yrði að leysa vanda hinna fámennari skólahverfa heima fyrir með stuðningskennslu.

Athugasemdir við 2.

c) Handleiðsla (miljöklinik). Börn með hegðunarafbrigði og minniháttar geðræn vandkvæði þurfa að eiga kost á handleiðslu sérhæfðra kennara og sálfræðings og/eða barnageðlæknis. Þessi handleiðsla fer fram í sérstaklega útbúinni vistarveru í svokölluðu athvarfi (miljöklinik). Þetta starf þarf að byrja snemma, þar sem varnarþátturinn er veigamestur.

f) Sjúkrakennsla. Hér er átt við kennslu sjúkra barna, sem fram fer í heimahúsum.

Um 52. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Hér er í framhaldi af 52. gr. reynt að marka skýrar verkaskiptingu milli grunnskóla og sérdeilda á vegum hans annars vegar og sérstofnana fyrir afbrigðilega nemendur hins vegar. Hin almenna regla er sú, að þau börn, sem getið er um í a- og

b-lið 52. gr., stundi nám í slíkum sérstofnunum, en þau, sem fjallað er um í c-, d- og e-lið umræddrar greinar, njóti sérkennslu í almennum grunnskóla eða sérdeild á vegum hans. Undantekningar frá þessari almennu reglu geta vissulega komið til, og verða slík tilvik þá metin af sálfræðideild.

Ákvæði er um, að sérhvert fræðsluumdæmi í landinu skuli eiga aðgang að þeim sérstofnunum fyrir afbrigðilega nemendur, sem fjallað er um í greininni.

Nefndinni þótti að yfirveguðu máli rétt, að allur kostnaður við sérstofnanir þessar, bæði stofnkostnaður, svo og rekstrarkostnaður, annar en daggjöld þau, sem greidd yrðu af almannatryggingum, yrði greiddur úr ríkissjóði. Þá skoðun sína byggir nefndin m. a. á því, að engar hindranir megi vera í vegi fyrir staðsetningu þeirra, og óhugsandi sé að byggja allar tegundir sérstofnana innan hvers fræðsluumdæmis. Þetta þýðir þó ekki, að eitt fræðsluumdæmi eigi öðrum fremur að sitja þar í fyrirrúmi.

Skoðun nefndarinnar er sú, að nemandinn sjálfur, heill hans og þroski, verði hér sem endranær að sitja í fyrirrúmi. Því beri að haga uppbyggingunni þannig, að hinar einstöku sérstofnanir verði þess megnugar að veita nemendum sínum þær sérhæfðu kennsluaðstæður, sem nauðsyn ber til, en jafnframt sé tryggt, að kostur sé á vandaðri greiningar- og ráðgjafarþjónustu.

Hafa skal jafnframt í huga smæð þjóðarinnar, en hún veldur því m. a., að um margar stofnanir sömu tegundar verður vart að ræða.

Á hinn bóginn er eðlilegt að samvinna sé milli sérstofnana um vissa þætti starfsins og jafnvel sameiginleg not mjög sérhæfðs búnaðar og starfskrafta.

Þorsteinn Sigurðsson, sérkennslufulltrúi, hefur tekið saman áætlun þá, um sérkennsluþörf utan grunnskóla, sem hér fer á eftir. Auk kennslu og meðferðar barna á grunnskólaaldri er gert ráð fyrir nokkurri þjónustu við forskólabörn, svo og ráðgjöf við foreldra þeirra, kennslu og meðferð unglinga ofan skólaskyldu og fullorðins fólks.

Tafla II. Sérkennsluþörf utan grunnskólans.

Tegund sérkennslu:	Fjöldi nemenda	Fjöldi sérkennara	Athugasemdir:
1. Börn með skerta heyrn:			
a) Forskólastarf og ráðgjöf innan skóla	30	3	0—3 ára 0.14%; 4—6 ára 0.06% (nem. sem fara í heyrnarb.).
b) Heyrnleysingjaskóli	43	11	4—16 ára 0.08%.
2. Börn með skerta sjón:			
a) Blindraskóli	5	1	0.01% 6—16 ára. Ráðgjöf innan skólaaldurs að nokkru talin með í töflu II, 2. lið b).
3. Börn með skerta hreyfifærni:			
a) Forskóli hreyfihamlaðra	50	10	2—6 ára; 0.22%.
b) Hreyfihamlaðraskóli	50	13	7—16 ára; 0.11%.
4. Börn með skerta aðlögunarhæfni og geðheilsu:			
a) Vistheimili og upptökuheimili	72	16	7—15 ára; 0.18%.
b) Geðsjúkrahús og taugahæli	40	8	7—15 ára; 0.09%.
5. Börn með skerta greind:			
a) Fávitastofnanir	270	22	4—19 ára; 0.4%.
b) Vanvitaskólar	406	40	7—15 ára; 1.0%.
c) Starfsnámsskóli	60	9	16—20 ára.
6. Börn með skerta mál/talfærni:			
a) Talkennslustöð	70	5	Ráðgjöf og meðferð fyrir fólk á öllum aldri með alvarlega mál- og talgalla.
b) Skóli málhamlaðra	20	5	4—16 ára.
7. Sjúk börn á spítölum:			
Sjúkraiðja og sjúkrakennsla	70	6	3—16 ára; 0.11%.
Samtals	**1 186**	**149**	

Til samanburðar við þörfina skal hér birt yfirlit yfir sérkennslu veturinn 1972—73, sem Þorsteinn Sigurðsson tók saman:

Tafla III. Yfirlit yfir sérkennslu veturinn 1972—1973.

Tegund sérkennslu:	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara	Þar af sérmenntaðir	Athugasemdir:
I. Börn með skerta heyrn:				
1. a) Stuðningskennsla nem. í venjul. b.	6			[1] Tveir kennarar ljúka sérnámi vorið 1973.
b) Heyrnardaufrabekkur	4	1	1[1]	[1] 7 eldri nem. njóta stuðningskennslu á kvöldin vegna framhaldsnáms.
2. Heyrnleysingjaskólinn	57+7[1]	13+3[2]	8[3]	[2] 3 fóstrur aðstoða við kennsluna.
I. Samtals	67+7	14+3	9	[3] Tveir kennarar til viðbótar eru hálfnaðir í sérnámi.
II. Börn með skerta sjón:				
1. Blindraskólinn	3	1	1	Rekinn af Blindravinafélaginu með ríkisstyrk, til húsa í Laugarnesskóla.
II. Samtals	3	1	1	
III. Börn með skerta hreyfifærni:				
1. Leikskóli Styrktarfél. lam. og fatl.	25[1]	2		[1] Börnin eru á aldrinum 3—6 ára, þau eru í tveim hópum, 8 saman í senn. Skipt er um nemendur eftir atvikum á nokkurra mánaða fresti.
2. Skóli S.L.F. í Reykjadal	22	3	1	
III. Samtals	47	5	1	
IV. Fjölfötluð börn				
1. Skóli í Stakkholti	7	2+2[1]	1	[1] Tvær fóstrur aðstoða við kennsluna.
IV. Samtals	7	2+2	1	
V. Börn með skerta aðlögunarhæfni og skerta geðheilsu:				
1. Miljöklinik (Kópavogsskólar)	10	1	1	
2. Heimavistarskólinn Jaðri	16	3½		
3. Heimavistarskólinn Hlaðgerðark.	14	3	1	
4. Vistheimilið að Breiðuvík	2[1]	1		[1] Fleiri nemendur væntanlegir.
5. Upptökuheimili Kópavogi	6[1]	2		[1] Dvalartími venjul. 2—6 mán.
6. Geðdeild Barnasp. Hringsins	10	1	1	
V. Samtals	58	11½	3	
VI. Börn með skerta greind:				
1. Fávitastofnanir:				
a) Kópavogshælið	75	6	2	a) Vistmenn eru samt. 177. 2 eru yngri en 4 ára, 50 eru 4—19 ára og 125 eru 20 ára og eldri.
b) Sólheimar	25	2		b) Vistmenn eru 40 talsins, 12 eru á aldr. 4—19 ára, 28 eru eldri.
c) Skálatún	26	3½		c) Vistmenn eru samt. 53, 33 eru 4—19 ára, 20 eru 20 ára eða eldri.
d) Tjaldanes	24	2		d) 24 vistmenn, þar af 5 tvítugir og eldri.
e) Sólborg	34	3⅔	1	e) Vistmenn eru samtals 54.
f) Lyngás	32	3	1	f) Vistmenn eru samtals 49, þar af eru 8 yngri en 4ra ára.
g) Bjarkarás	30	2½		g) Vistmenn eru 30 talsins, 10 undir tvítugsaldri.
Samtals	246	22⅔	4	
2. Vanvitaskólar:				
a) Höfðaskólinn í Reykjavík	120	16	6	
b) Vanvitaskóli Kópavogs	16	1	1	
Samtals	136	17	7	
3. Hjálparbekkir í alm. skólum:				
a) Reykjavík	261	17/24[1]	11	[1] Hér er um 22 bekki að ræða og 24 bóknámskennara. Vikul. tímafj. er ca. 20 að meðaltali. Heildartímafj. bekkjanna í bókl. kennslu er ca. 480 á viku, þ. e. a. s. 17 kennarastöður.
b) Utan Reykjavíkur ca.	140[1]	9/15[2]	6	[1] [2] Hreinar ágizkunartölur.
Samtals	**401**	**26/39**	**17**	
VI. Samtals	**783**	**26/78⅔**	**28**	

Tafla III. Yfirlit yfir sérkennslu veturinn 1972—1973. (Frh.)

Tegund sérkennslu:	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara	Þar af sérmenntaðir	Athugasemdir:
VII. Börn með lestrarörðugleika:				
1. Lesklinik og stuðningskennsla:				
a) Reykjavík ..... ca.	500	10/43[1])	10	[1]) Tímafjöldinn í byrjun skólaárs var 360 á viku, eða sem svarar 10 kennurum. Þessa kennslu önnuðust 43 kennarar, þar af 10 með sérm.
b) Utan Reykjavíkur ..... ca.	500[1])	10/70[2])	6	[1]) [2]) Hreinar ágizkunartölur.
VII. Samtals	1 000	20/113	16	
VIII. Börn með mál- og talgalla:				
a) Reykjavík	199[1])	$2^2/_3$	3	[1]) Tölurnar eru frá skólaárinu 1971–72.
b) Kópavogur	74[1])	1	1	[1]) Tölurnar eru frá skólaárinu 1971–72.
c) Garðahreppur	20[1])	$^1/_3$		[1]) Tölurnar eru frá skólaárinu 1971–72.
VIII. Samtals	293	4	4	
IX. Sjúk börn:				
1. Barnasp. Hringsins	50[1])	2	1	[1]) Áætlaðar tölur í þessum lið.
2. Sjúkrakennsla í heimahúsum	75[1])	2		
IX. Samtals	125	4	1	
I.—IX. Samtals	67+2323	$66+218^1/_3$	64	

Um 54. gr.

Greinin er sett til þess að tryggja, að nemendum verði ekki á starfstíma skóla íþyngt svo með vinnu utan skólans, að þeir fái ekki hvílzt sem skyldi og skorti orku til þess að rækja nám sitt svo, að námsgeta þeirra megi njóta sín og góður námsárangur náist. Sjá einnig 41. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 40. gr. reglugerðar nr. 105/1970 skv. þeim lögum.

Um 55. gr.

Í skóla verður að ríkja sú regla, er leiðir til almenns vinnufriðar. Af því leiðir, að skólinn verður að geta gert sínar ráðstafanir, þegar í hlut eiga einstaklingar, sem ekki virða þá reglu. Varast skyldi þó að halda uppi aga í skóla á kostnað þess, að „aðgát skal höfð í nærveru sálar". Skólastarfið krefst umburðarlyndis. Verði nemanda eitthvað á, sem brýtur í bága við reglur og anda skólastarfsins, er nauðsynlegt að leita orsakanna fyrir þeirri breytni, og bæta úr eftir megni.

Bætt er við nýrri mgr. um, að reglugerð skuli sett, er nánar kveði á um framkvæmd þessarar lagagreinar. Er þetta gert í samræmi við ýmsar ábendingar.

Um 56. gr.

Hér er um að ræða nýjung í íslenzkri skólalöggjöf. Greinin þarf vart skýringa við, en vísast þó til laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Um 57. gr.

Hugtakið námsmat er hér notað sem samheiti yfir mat á námi og námsárangri, þ. e. yfir próf og einkunnagjöf í víðtækum skilningi.

Í samræmi við tilgang slíks námsmats má skipta því í tvo aðalflokka:

a) Leiðsagnarnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita kennara og nemanda sem tíðasta vitneskju um það, hvernig námið gengur, í því skyni að beina námi og kennsluaðferð í þá átt, sem vænlegasta má telja til góðs árangurs. Sem dæmi

um leiðsagnarnámsmat mætti nefna tíð, örstutt skyndipróf, sem nemandi getur oft leiðrétt sjálfur samkvæmt ábendingum kennara. Einnig mætti nefna æfingar í lok stuttra kafla í kennslubókum, og ræður þá frammistaða nemandans í hlutaðeigandi æfingu gjarnan því, hvort hann les kaflann aftur eða heldur áfram með næsta kafla.

b) Yfirlitsnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita vitneskju um námsárangur nemenda í stórum námsáfanga, t. d. hálfs eða heils vetrar, í tiltekinni námsgrein. Einkunnagjöf yfirlitsnámsmats miðast venjulega við það, hversu miklum hluta heildarprófs nemandinn er talinn hafa valdið, ellegar þá við það, hver staða nemandans er talin vera í samanburði við aðra nemendur í sínum aldursflokki (svokölluð „relatíf" einkunnagjöf). Yfirlitsnámsmat er venjulega, en þó ekki nauðsynlega, miðað við sérstök lokapróf, og er námsáfanginn, sem um ræðir, venjulega ein önn, eitt kennslumisseri eða eitt skólaár.

Rétt er að geta þess, að engin skörp skil eru milli leiðsagnarnámsmats og yfirlitsnámsmats. Unnt er að beita námsmati svo, að það feli í sér nokkuð af hvoru tveggja.

Greinin miðar að því, að í grunnskóla framtíðarinnar verði sú breyting frá núverandi starfsvenjum, að leiðsagnarnámsmat aukist á kostnað yfirlitsnámsmats. Einkum eru það ákvæðin um náin tengsl markmiðssetningar og námsmats, og órjúfanlegt samband námsmats við nám og kennslu, sem ásamt lokasetningu greinarinnar, lýsa stefnu að þessu marki.

Þess skal getið, að fyrir liggur nefndarálit um „Próf í barna- og gagnfræðaskólum", er prófkerfisnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins samdi og út kom í febrúar 1972. Nefndarálit þetta felur í sér tillögur að nánari útfærslu á svipuðu prófkerfi og 57.—62. gr. frv. miða að.

Um 58. gr.

Nefndin taldi, að námsmat í grunnskóla, bæði leiðsagnar- og yfirlitsnámsmat, ætti fyrst og fremst að vera í höndum kennaranna sjálfra. Jafnframt var talið æskilegt, að matið tæki til fleiri sviða en almennt hefur tíðkazt í skólum hérlendis.

Um 59. gr.

Greinin miðar að því, að bráður bugur verði undinn að því að útvega skólum samræmd könnunarpróf og stöðluð próf, ásamt sérfræðilegum leiðbeiningum um námsmat. Aðaltilgangur slíkra aðgerða er að auðvelda skólunum sjálfum, þ. e. kennurum og skólastjóra, að meta árangur skólastarfsins og finna, hvar skórinn kreppir í starfi skólans. Einnig mætti hafa samræmd og stöðluð próf til hliðsjónar, þegar einkunnir eru gefnar í yfirlitsnámsmati.

Vert er að benda á það, að stöðlun prófa er afar tímafrekt og vandasamt verk, og verður í því efni að gera ráð fyrir löngum undirbúningstíma. Stöðlun prófs í einhverri grein hefst með söfnun fjölda prófatriða, sem síðan eru lögð fyrir úrtak nemenda, sem eru valdir samkvæmt tilteknum fræðilegum reglum, til að vera fulltrúar stærri nemendahóps, t. d. aldursárgangs í grunnskóla. Að lokinni þessari forprófun eru síðan valin nokkur prófatriði, sem talin eru mæla vel kunnáttu, skilning o. s. frv., í samræmi við markmið námsins. Nánar tiltekið eru valin atriði, sem greina vel á milli kunnáttu og kunnáttuleysis, skilnings og skilningsleysis o. s. frv., og einnig er gætt að því, að atriðin séu mismunandi þung og raðað á skynsamlega stigbundinn hátt eftir þyngd. Jafnframt er þess gætt, að prófatriðin taki í eðlilegum hlutföllum yfir allt það, sem markmiðsskilgreining námsins tiltekur. Loks eru samdar bráðabirgðareglur um einkunnagjöf. Þetta próf er síðan lagt fyrir allan nemendahópinn, sem prófa á, t. d. heilan aldursárgang. Þá er venjan að meta fyrst úrlausnir tiltekins úrtaks nemenda, fyrst og fremst til að athuga, hvort prófið „komi út" á svipaðan hátt og búizt var við eða ekki. Ef hið síðara verður reyndin, þarf að breyta bráðabirgðareglunum um einkunnagjöf, en að öðrum kosti má nota þær

óbreyttar. Að öllum þessum undirbúningi loknum eru úrlausnirnar í heild loks metnar og niðurstöður prófsins reiknaðar út og skráðar.

Kosturinn við stöðluð próf er sá, að þau „mæla“ yfirleitt mun betur en önnur próf sakir þess, að beztu prófatriðin hafa verið valin úr fjölda prófatriða samkvæmt forkönnun. Jafnframt vita menn nokkurn veginn nákvæmlega hvað þau mæla, vegna þess að prófatriðin eru gaumgæfilega valin með hliðsjón af skilgreindum kennslumarkmiðum. Í þriðja lagi geta menn vitað nákvæmlega, hvað hver einkunn merkir. Einkunnin 10 gæti t. d. verið skilgreind svo: „Umræddur nemandi er meðal hæstu 3% nemenda síns aldursflokks í námsgreininni“. (Þetta væri „relatíf“ einkunnagjöf). Væri einkunnagjöfin „absolút“, mætti t. d. skilgreina einkunnina 9, sem hér segir: „Frammistaða umræddrs nemanda er á því bili, að hann skilar 85—94% réttum svörum á prófi, sem er nákvæmlega sniðið eftir kennslumarkmiðum námsgreinarinnar í tilteknum bekk grunnskóla“. Í fjórða lagi eru stöðluð próf afar auðveld í úrvinnslu, ef fyrrgreindur undirbúningur hefur verið nægur og skynsamlegur.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, eru að sönnu mjög eftirsóknarverður ávinningur. Ljóst er þó jafnframt, að ávinningurinn kostar mikla fyrirhöfn, og því er sagt í greininni, að „svo fljótt sem við verður komið“, skuli menntamálaráðuneytið leggja skólunum til stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði.

Það er miklu minna verk og viðráðanlegra að samræma úrvinnslu prófa, sbr. það, sem að ofan var sagt um einkunnagjöf, en að staðla próf. Má búast við því, að slík samræming gæti komið til mjög fljótlega, eftir að tekin yrði ákvörðun um að taka umrædd vinnubrögð upp, t. d. einu eða tveimur árum síðar.

Nefndin taldi eðlilegt, að samræmd eða stöðluð próf á vegum menntamálaráðuneytisins yrðu miðuð við það, að námsárangur yrði metinn í hverjum þriggja ára áfanga innan grunnskólastigsins eða þar um bil, samkvæmt nánari ákvæðum, er sett yrðu í reglugerð.

59. gr. frv. markar, í stuttu máli sagt, þá stefnu, að nýjar, réttmætari, áreiðanlegri og handhægari aðferðir við námsmat verði teknar upp, svo fljótt sem auðið er, í stað núverandi aðferða, sem óneitanlega skortir æðimikið á um réttmæti, áreiðanleika og einfaldleika í úrvinnslu.

Um 60. gr.

Eðlilegt þótti, að sérhver nemandi fengi við lok grunnskólanáms skírteini, er vottaði, að hann hefði fullnægt þeirri skyldu gagnvart þjóðfélaginu og sjálfum sér að ljúka lögboðnu skyldunámi. Jafnframt var talið nauðsynlegt til upplýsingar, að nemandinn fengi skírteini, er veitti vitneskju um námsferil hans, þ. á m. námsbraut og námsárangur. Í gr. er gert ráð fyrir því m. a., að einkunnir á þeim samræmdu eða stöðluðu prófum, sem haldin verða í 9. bekk grunnskóla, sbr. 59. gr., verði sérstaklega tilfærðar á viðeigandi námsskírteini.

Um 61. gr.

Nefndin taldi reynsluna hafa sýnt, að nauðsynlegt væri að tiltaka í lögum þann hámarkstíma, sem ætla mætti til almennra yfirlitsprófa á hverju skólaári. Jafnframt því sem gr. felur í sér fasta reglu um hámarksdagafjölda til þessara þarfa, eru ákvæði hennar einnig þáttur í þeirri stefnu, að kennsla, nám og próf skuli vera sem nátengdust.

Um 62. gr.

Þær breyttu aðferðir við námsmat, sem fjallað er um í VII. kafla frv., leiða til þess, að stórlega mun draga úr störfum prófdómara í íslenzkum skólum, enda eru þau störf orðin óhóflega dýr, sýnu dýrari en umdeild gagnsemi þeirra virðist réttlæta. Hins vegar taldi nefndin ekki fært að leggja störf prófdómara alveg niður með tilkomu breytts prófkerfis. Er því í gr. gert ráð fyrir því, að prófdómarar verði skólunum til eftirlits og aðstoðar við yfirlitsnámsmat í lokabekk grunnskóla. Jafnframt eru í gr. heimildarákvæði um, að skipa megi eftirlitsmann að grunnskóla, þar sem kennslu lýkur með 7. bekk skyldunáms eða fyrr, til starfa við námsmat í lokabekk

skólans, og geta annars vegar skólastjóri og skólanefnd og hins vegar menntamálaráðuneytið haft frumkvæði að slíkri ráðstöfun. Þá taldi nefndin og nauðsynlegt, að sérstakir trúnaðarmenn fylgdust með framkvæmd samræmdra eða staðlaðra ríkisprófa í grunnskólum.

Loks er í gr. ákvæði um, að sett skuli reglugerð um námsmat fyrir alla nemendur á skólaskyldualdri.

Um 63. gr.

Í júlímánuði 1966 var stofnað til vísis að skólarannsóknum í menntamálaráðuneytinu og rúmum tveimur árum síðar, í ágúst 1968, voru rannsóknirnar gerðar að sérstakri deild í ráðuneytinu, skólarannsóknadeild. Greinin gerir ráð fyrir því, að deildin starfi áfram, og tiltekur meginverkefni hennar í stórum dráttum. Verkefnin eru tilgreind í samræmi við það, sem deildin hefur hingað til fengizt við, auk þess sem bætt er við atriðum, einkum viðvíkjandi gerð staðlaðra prófa og tillögugerð um nýjungar í kennaranámi, sem æskilegt var talið, að deildin fengist einnig við.

Um 64. gr.

Meðal þeirra verkefna skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, sem tiltekin eru í 63. gr., er viðbúið, að endurskoðun námsskrár, námsmarkmiða og námsefnis muni vega langþyngst á metunum, a. m. k. nokkur fyrstu árin eftir að lög um grunnskóla yrðu samþykkt. Í sambandi við þetta starf er augljós og brýn þörf fyrir umfangsmikla og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum.

Endurskoðun námsefnis á vegum skólarannsóknadeildar hófst síðsumars 1967 varðandi eðlis- og efnafræði, og síðan hefur verið hafin endurskoðun líffræði (náttúrufræði), stærðfræði, dönsku, samfélagsfræða (þ. á m. sögu), íslenzku og tónmenntar, og nú (í október 1972) eru starfandi nefndir til að undirbúa endurskoðun námsefnis í myndið (myndlist og handíðum) og ensku. Áformað er, að í ársbyrjun 1973 verði hafin undirbúningsvinna að endurskoðun allra annarra námsgreina grunnskóla. Gangi umrætt nýjungastarf vel, má ætla, að unnt verði að gefa nýja aðalnámsskrá fyrir grunnskóla út í fyrsta sinn vorið 1974, sbr. 43. gr.

Sú endurskoðun námsefnis, sem hér um ræðir, er í öllum greinum víðtæk og í mörgum róttæk. Jafnan þarfnast endurskoðunin góðrar heildarstjórnar í sérhverri námsgrein og verulegrar endurmenntunar kennara, sbr. 40. gr. Af þessum sökum taldi nefndin nauðsynlegt að gera ráð fyrir eigi minna en sjö fullum námsstjóralaunum til þessara starfa á vegum menntamálaráðuneytisins, en oftast yrði störfunum að líkindum skipt á fleiri menn en sjö — t. d. á 10 aðila eða þ. u. b. — og yrðu þá sumir ekki í fullu námsstjórastarfi. Þá þótti hæfilegt að ráða námsstjóra eigi lengur en til fjögurra ára í senn. Kemur þar til hvort tveggja, að þörf fyrir námsstjórn í einstakri námsgrein er talin nokkuð breytileg, og hitt, að sanngjarnt verður að telja að nýir menn geti fengið tækifæri til að vinna að námsstjórn. Hins vegar var álitið, að tveggja eða þriggja ára starfstímabil gæti í ýmsum tilvikum reynzt fullstutt fyrir námsstjóra, þar sem talsverðan tíma getur tekið að koma slíku starfi í það horf, að rækilega nýtist skólum.

Hér verður á eftir birt til skýringar og hliðsjónar bráðabirgðayfirlit yfir vinnuþörf vegna þeirra námsefnisverkefna fyrir grunnskólastig (barna- og gagnfræðastig), sem þegar hafa verið tekin á fasta starfsáætlun skólarannsóknadeildar. Þörfin er metin í „mannmánuðum“ (mannmánuður = starf, sem nemur því, að einn maður yrði mánuð að vinna það að fullu).

Ljóst er af yfirlitstöflunni, að um mjög mikla vinnu er að ræða, og eru þó aðeins taldar greinar, sem komnar eru á fasta starfsáætlun. Ráðgert er og, að ásamt yfirmanni hverrar námsefnisáætlunar (námsstjóra) vinni starfshópur að verkinu, þannig að margir aðilar munu leggja hönd á plóg varðandi hverja námsgrein. Af þessu ætti að verða skiljanlegt, hver þörfin er fyrir góða og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum hér á landi næstu árin.

Bráðabirgðayfirlit yfir endurskoðun námsefnis í nokkrum námsgreinum fram til ársins 1980. Tölurnar tákna mannmánuði[1]).

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	
1. Eðlis- og efnafræði	16	20								36
2. Líffræði	34	29	12							75
3. Stærðfræði, barnastig	6	8	24	26	11					75
Stærðfræði, gagnfræðastig	14.5	18	18	12	8					70.5
4. Danska	15	13	12.5	2.5	2	2	1	5		53
5. Samfélagsfræði (þ. á m. saga)	30	38	65	68.5	48	21	8			278.5
6. Íslenzka, barnastig	10	10	11	17	19	15	12	11	4	109
Íslenzka, gagnfræðastig	10	11	11	11	15	6	9	4		77
7. Tónmennt[2])	4	16.5	26	30	31	18	18	5		148.5
Samtals	139.5	163.5	179.5	167	134	62	48	25	4	922.5

1) Skýring: Miðað er við: a) fjárveitingu 1972; b) tillögu að fjárveitingu í fjárlögum 1973; c) frá og með 1974: framkvæmdaáætlun hverrar greinar.
2) Tónmennt: Tölur eru ekki endanlegar, þar sem framkvæmdaáætlun er enn til athugunar.

Um 65. gr.

Nefndin taldi eðlilegt að miða fjárveitingu til rannsóknarstarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála við ákveðið hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs til skólamála. Með því yrði tryggt, að auknu skólastarfi fylgdu efldar skólarannsóknir, en slíkt hlýtur að teljast mjög augljós nauðsyn.

Viðmiðunin, sem hlutfallið tekur til, er takmarkað við þau skólastig, sem ætla má, að starf skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins muni bundið við næstu árin. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1973 nemur 1% heildarútgjalda ríkissjóðs til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla (þ. e. barna- og gagnfræðaskóla) og framhaldsskóla um 25 millj. króna. Ætti að nægja að benda á endurskoðun námsskrár og námsefnis, sem nú er höfuðverkefni skólarannsóknadeildar, sbr. greinargerð og töflu við 64. gr. hér að framan, til að gefa vísbendingu um það, að sízt yrði hér um of háa fjárhæð að ræða.

Í 65. gr. er loks ákvæði um, að menntamálaráðuneytið skuli ákveða árlega skiptingu fjárins.

Um 66. gr.

Þar sem stofnun grunnskóla á Íslandi yrði afar djúptæk og umfangsmikil breyting frá núverandi skólaháttum, þótti rétt að fara að dæmi Norðmanna (sbr. norsku grunnskólalögin) og setja í frv. ákvæði um grunnskólaráð, er yrði menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um kennslufræðileg málefni grunnskólans. Þeir 10 menn, sem gr. áformar að taki sæti í ráðinu, eru fulltrúar þeirra aðila, sem ætla má að hin umfangsmikla nýjung muni hvíla þyngst á: kennara, kennara menntastofnana, Ríkisútgáfu námsbóka, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, sbr. 63. gr.

Í Noregi hefur grunnskólaráðið skrifstofu, sem hefur m. a. yfirumsjón með prófum í grunnskóla og gefur út skýrslur um þau. Ekki er fyrirhugað, að svo verði um grunnskólaráð það, sem 66. gr. fjallar um, heldur verði þar um að ræða ráðgjafarhóp, sem annars vegar fengi ýmsar skýrslur og upplýsingar frá menntamálaráðuneytinu og hins vegar vitneskju, viðhorf og tillögur frá öðrum aðilum ráðsins. Ekki virðist það heppilegt starfsform fyrir slíkt ráð að halda mjög oft fundi. Fremur kemur til álita að halda fáar, afar vel undirbúnar ráðstefnur, t. d. tvær á ári.

Meginrökin fyrir því að setja í lög ákvæði um grunnskólaráð eru þau, að slíkt myndi tryggja þeim aðilum, sem getið er um í b)—g)-liðum gr. fastan ráðgjafar-

sess um framkvæmd þeirrar umfangsmiklu nýjungar að koma á grunnskóla í landinu. Ættu þessir aðilar þannig að geta haft meiri áhrif á þróun mála en ella og ráðuneytið nánara samstarf við stofnanir þeirra og samtök en annars væri að vænta.

Um 67. gr.

Þessi grein er nýjung. Rök hennar eru þau, að ýmsar kennslutilraunir, sem æskilegar eru taldar, geta verið svo umfangsmiklar og/eða róttækar, að því er varðar skipulagningu, kennsluaðferðir, námsefni o. fl., að þær fá ekki „notið sín" nema því aðeins, að undanþágur séu veittar frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi þau atriði, sem tiltekin eru í greininni. Sem dæmi um slíka kennslutilraun mætti nefna áætlanir Reykjavíkurborgar um sameinaðan framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) að loknu skyldunámi. Ekki er ósennilegt, að ýmsir aðrir aðilar kynnu að æskja þess síðar að notfæra sér slík heimildarákvæði um tilraunaskóla, t. d. Kennaraháskóli Íslands (vegna Æfinga- og tilraunaskólans), svo og ýmis sveitarfélög, þar sem mikill áhugi ríkir á skólamálum.

Sanngjarnt þótti, að yrði um viðbótarkostnað að ræða við slíkan tilraunaskóla, þá yrði viðhöfð sú helmingaskipting kostnaðar, sem tiltekin er í síðari mgr. þessarar greinar.

Um 68. gr.

Nauðsyn þess að setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla fyrir landið allt er orðin svo brýn, að um hana verður ekki lengur deilt. Nú eru liðin 13 ár, síðan fyrsta sálfræðideild skóla á Íslandi var stofnuð. Það var haustið 1960, er slíkri deild var komið á fót við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Síðan hefur aðeins verið komið upp til viðbótar einum vísi að slíkri deild, í Reykjaneskjördæmi. Starfsmenn þessara tveggja deilda eru (1973): í Reykjavík fjórir sálfræðingar í fullu starfi, einn sálfræðingur í hálfu starfi, einn kennari í hálfu starfi og ein skrifstofustúlka í fullu starfi, í Reykjaneskjördæmi einn sálfræðingur í fullu starfi, einn sálfræðingur í hálfu starfi og einn kennari í hálfu starfi. Alls er hér því um átta störf að ræða miðað við full störf. Eftirspurn eftir þjónustu þessara deilda hefur verið svo mikil, að þær hafa orðið að takmarka störf sín að langmestu leyti við barnafræðslustigið, enda þótt þörfin fyrir sálfræðiþjónustu sé sízt minni á gagnfræðastiginu. Utan fyrrgreindra svæða hefur ekki verið um að ræða aðra sálfræðiþjónustu en þá, að einstakir reyndir sálfræðingar hafa farið nokkrar ferðir til að rannsaka og leiðbeina um meðferð allra erfiðustu tilvikanna. Þótt ferðir þessar hafi vissulega gert sitt gagn, hefur þetta samt að vonum verið gersamlega ófullnægjandi þjónusta miðað við þörfina, enda hafa foreldrar og skólamenn úti á landi árum saman óskað eftir sálfræðiþjónustu fyrir skólana, og hafa ýmsar bænaskrár og samþykktir verið gerðar, er að þessu hníga. Loks hafa landssamtök kennara, einkum barnakennara, sýnt málinu mikinn áhuga.

Í frv. er lögð áherzla á, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta verði fyrir allt grunnskólastigið, og mjög mikilvægt talið, að unglingabekkir verði þar ekki settir skör lægra en 1.—6. bekkur. Hins vegar er þess að gæta, að þjónustustörf og starfsmannafjöldi er miðaður við grunnskólastigið eitt. Eðlilegt verður hins vegar að telja, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla muni síðar færa út kvíarnar og sinna einnig forskóla- og framhaldsskólastigi. Af þessum sökum verður enn augljósara en ella, hve starfsmannafjöldinn, sem tiltekinn er í gr., er miðaður við algert lágmark.

IX. kafli frv., þ. e. 68.—74. gr., er tekinn upp lítt breyttur frá eldra grunnskólafrv. (96.—102. gr.), en þau ákvæði voru að mestu miðuð við álit sérstakrar undirnefndar, sem þeir Jónas Pálsson sálfræðingur, Kristinn Björnsson sálfræðingur, Stefán Ól. Jónsson fulltrúi og Þorsteinn Sigurðsson talkennari störfuðu í.

Um skipulag og stjórnun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt frv. er það að segja, að miðað er við að þetta verði sameiginlegt fyrirtæki ríkis og

sveitarfélaga með helmingaskiptingu kostnaðar. Gert er ráð fyrir því, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta verði veitt úti í fræðsluumdæmunum, en ekki bundin að mestu við sálfræðimiðstöð í Reykjavík. Því fela ákvæði gr. í sér, að fræðsluráð komi upp sérstakri sálfræðideild í fræðsluskrifstofu umdæmisins, svo fljótt sem aðstæður leyfa. Tvö eða fleiri fræðsluumdæmi geti þó sameinazt um þessa þjónustu, ef aðilum þykir henta og menntamálaráðuneytið samþykkir. Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu verði ráðnir af fræðsluráðum, og teljist þeir starfsmenn fræðsluskrifstofu umdæmisins.

Gert er ráð fyrir því í gr., að menntamálaráðuneytið geri í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu við grunnskóla. Eðlilegt er, að slík áætlun verði gerð til allt að 10 ára, þ. e. miðuð við þann frest, sem ætlaður er til fullrar framkvæmdar grunnskólalaga, sbr. 91. gr. Sé litið til tímabilsins 1973—1983 virðist ljóst, að fyrstu þrjú árin eða svo verður ekki unnt að framkvæma ákvæði frv. nema að takmörkuðu leyti, einkum sakir skorts á fullmenntuðun starfsmönnum. Á þessum upphafsárum áætlunarinnar — og raunar nokkru lengur — sýnist ljóst, að menntun starfsmanna verður eitt helzta forgangsverkefnið. Á árunum 1976—1980 ætti hins vegar að mega vænta þess, að lágmarksákvæði áætlunarinnar gætu öll komið til framkvæmda.

Innan ramma heildaráætlunar er gert ráð fyrir því, að fræðsluráð hafi frumkvæði að ráðningu starfsmanna og öðru, er miðar að því að koma ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í gagnið, en verði hins vegar óhæfilegur dráttur á framkvæmd áætlunarinnar af hálfu fræðsluráðs, geti menntamálaráðuneytið krafizt úrbóta. Þá er ákvæði um það í gr., að sálfræðingar, félagsráðgjafar og skólaráðgjafar skuli fyrst gegna störfum sem settir eða ráðnir í tvö ár, en eigi síðan rétt á ákvörðun um skipun í stöðu.

Um starfsmenn er það að segja, að gert er ráð fyrir sálfræðingum, félagsráðgjöfum, skólaráðgjöfum og sérkennurum, auk ráðgefandi lækna. Talið er æskilegt, að starfsmenn þessir skipuleggi og tengi störf sín sem mest í formi hópvinnu („team work"), þar sem verkaskipting gæti orðið nokkuð breytileg eftir eðli og umfangi viðfangsefna.

Við ákvörðun nemendafjölda fyrir hvern sálfræðing var höfð hliðsjón af norskri fyrirmynd, en í Noregi er miðað við 3000 nemendur á sálfræðing í þéttbýli, en lægri tölu í strjálbýli. Rétt þótti að setja töluna við 2500 nemendur hér með tilliti til þess, að hér er aðstaða sízt auðveldari en í Noregi og minna um aðrar stofnanir, er vinna að sálgæzlu ungmenna og létt geta starf sálfræðiþjónustu skólanna. Í Noregi er gert ráð fyrir félagsráðgjafa í hálfu starfi á móti hverjum sálfræðingi, og er hið sama gert hér. Auk þess er hér, varðandi 1.—6. bekk, gert ráð fyrir sérkennara í hálfu starfi. Er þetta gert vegna þeirrar stefnu í sálfræðiþjónustu, sem nú er víðast ríkjandi, að slík þjónusta eigi að vera áhrifaaðili í sjálfu skólastarfinu og annast leiðsögn og upplýsingamiðlun úti í skólunum. Með tilliti til þessa þótti eðlilegt að bæta við starfsmanni, og var þá talið eðlilegt, að um yrði að ræða mann með sérstaka reynslu í skólastarfi.

Fyrir 7.—9. bekk verður eðli starfsins nokkuð annað en fyrir yngri bekki grunnskóla. Nú kemur m. a. til greina bein ráðgjöf til nemenda um starfsaðferðir við nám, um ýmis persónuleg og geðræn vandkvæði, sem mörg eru ný af nálinni; auk þess leiðbeiningar um náms- og starfsval o. fl. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að gera ráð fyrir meira starfsliði fyrir 7.—9. bekk en fyrir yngri bekki, miðað við nemendafjölda, og þá í nokkuð öðru formi. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir skólaráðgjafa fyrir hverja 500 nemendur í 7.—9. bekk, og starfi slíkir ráðgjafar í skólunum sjálfum, sbr. 70. gr. Þetta er í samræmi við það, sem nú mun gert ráð fyrir í menntaskólum, en sízt mun minni þörf á skólaráðgjöfum á unglingastigi grunnskóla. Auk þessa er gert ráð fyrir því, að einn sálfræðingur við sálfræðideild komi á hverja 2500 nemendur 7.—9. bekkjar, og er þetta sama hlutfall og fyrir yngri bekki. Áformað er, að sálfræðiþjónustan

verði skólaráðgjöfunum til stuðnings, og yrði það þá verkefni sálfræðideildar að taka að sér afar vandasöm mál, sem örðugt er að vinna að í skólunum sjálfum. Ekki er gert ráð fyrir sérkennurum sem starfsmönnum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir 7.—9. bekk, þar eð skólaráðgjafar mundu m. a. taka að sér störf tengiliðar sálfræðiþjónustu og skóla á því stigi.

Nokkur ráðgefandi læknisþjónusta er nauðsynleg við sálfræðideildir. Þykir víða hæfilegt, að sérfróður barna- eða geðlæknir starfi í tvo tíma á viku á móti hverjum sálfræðingi. Því var sett í frv. heimildarákvæði um læknisþjónustu við sálfræðideildir.

Samkvæmt ofangreindu er við það miðað, að lágmarksþjónustu fyrir grunnskóla á ráðgjafar- og sálfræðisviðinu hafi verið náð, er ráðnir hafa verið eftirtaldir starfsmenn, auk ráðgefandi lækna, og þeim sköpuð viðhlítandi vinnuaðstaða: 16 sálfræðingar, 8 félagsráðgjafar, 6 sérkennarar og 27 skólaráðgjafar. Þessi 57 störf, sem ráðið yrði í smátt og smátt á tímabili heildaráætlunar um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla, myndu skiptast eftir umdæmum sem hér greinir:

Fræðsluumdæmi:	Áætlaður fjöldi nemenda í grunnskóla	Áætlaður fjöldi starfa við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu				
		Sál-fræðingar	Félags-ráðgjafar	Sér-kennarar	Skóla-ráðgjafar	Samtals
Reykjavík	14 200	5.5	3.0	2.0	9.5	20
Reykjanesumdæmi	8 350	3.5	1.5	1.0	5.5	11.5
Vesturlandsumdæmi	2 750	1.0	0.5	0.5	2.0	4
Vestfjarðaumdæmi	2 050	1.0	0.5	0.5	1.5	3.5
Norðurlandsumdæmi vestra	1 900	1.0	0.5	0.5	1.5	3.5
Norðurlandsumdæmi eystra	4 350	1.5	1.0	0.5	3.0	6.0
Austurlandsumdæmi	2 350	1.0	0.5	0.5	1.5	3.5
Suðurlandsumdæmi	3 700	1.5	0.5	0.5	2.5	5.0
Samtals	39 650	16.0	8.0	6.0	27.0	57.0

Þá taldi nefndin eðlilegt, að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu yrði greiddur að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum. Litið er á þessa þjónustu sem virkan, óaðskiljanlegan hluta skilvirks grunnskólastarfs, og hlýtur ríkið því að taka þátt í henni sem slíkri. Jafnframt verður ríkið að taka þátt í þeirri aðstöðujöfnun, sem felst í dreifingu þjónustunnar um landið allt. Á hinn bóginn er hér um að ræða þjónustu, sem mjög er tengd skyldum sveitarfélaga varðandi félagslegan stuðning við íbúa sína, enda hafa sveitarfélög verið forgönguaðilar um að koma á vísi að þessari sérfræðilegu þjónustu í landinu. Þá geta þarfir sveitarfélaga og fræðsluumdæma fyrir störf ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla verið að vissu marki af misjöfnum toga spunnar, eftir aðstæðum og sérstökum vandkvæðum á hverjum stað.

Loks er vert að benda á það, að eigi sveitarfélög að geta staðið undir sínum hluta stofn- og rekstrarkostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, verður að tryggja þeim tekjustofna til þess.

Um 69. gr.

Nauðsynlegt var talið að skilgreina í lögum hlutverk ráðgjafar og sálfræðiþjónustu. Með ákvæðum gr. er annars vegar miðað að sérfræðilegu hlutverki, sem yrði nátengt almennu skólastarfi, þ. á m. námsstjórn (sjá einkum a-, b- og f-lið, svo og g-lið), og hins vegar að rannsókn, meðferð og leiðbeiningum um meðferð ýmissa afbrigða í sambandi við námsörðugleika og geðræn vandkvæði nemenda (sjá einkum c-, d- og e-lið).

Að öðru leyti þarfnast gr. ekki skýringa.

Um 70. gr.

Hér er gert ráð fyrir því um stjórnun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, að þjónustan verði starfrækt sem sérstök deild í fræðsluskrifstofu og lúti sem slík stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, en yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, sbr. 71. gr.

Skólaráðgjafar verði starfsmenn sálfræðideildar, sem skipuleggur störf þeirra í samráði við skólastjóra, en hafi aðsetur og starfi að mestu í skólunum sjálfum. Þar sem skólar eru fámennir, yrði hver skólaráðgjafi að hafa umsjá með allmörgum skólum, en í þeim grunnskólum, þar sem nemendur 7.—9. bekkjar eru fjölmennastir, yrði um að ræða fullt starf fyrir a. m. k. einn skólaráðgjafa. Með umræddri tilhögun er þess vænzt, að sem bezt skilyrði geti skapazt fyrir virk og náin tengsl milli starfs sálfræðideilda og skóla.

Um 71. gr.

Eðlilegt er, að yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé í höndum þess aðila, er hefur yfirumsjón grunnskóla með höndum, þ. e. menntamálaráðuneytisins.

Heimildarákvæði er í gr. um, að ráðuneytið geti falið tiltekinni stofnun, t. d. sálfræðideild, að annast fræðilega leiðbeiningarstarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í landinu. Það er afar mikilvægt að tryggja, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé hvarvetna í landinu reist á traustum, fræðilegum grunni og þekkingu og er eðlilegt, að reyndustu sérfræðingum á þessu sviði verði falið að annast slíka umsjón, eftirlit, leiðbeiningar og framhaldsþjálfun. — Verði frv. að lögum, yrði sú breyting á rekstri Sálfræðideildar skóla í Reykjavík, að hún yrði sameiginlegt fyrirtæki ríkis og Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði 68.—74. gr. Virðist þá ekki óeðlilegt, að þeirri deild yrði, m. a. sakir reynslu og starfsumfangs, falið fyrrgreint aðstoðar- og umsjónarhlutverk.

Um 72. gr.

Þörfin fyrir aukna starfsfræðslu á gagnfræða- og framhaldsskólastigi hefur komið glöggt í ljós undanfarin ár, og er eftirspurn eftir slíkri þjónustu nú mun meiri en svo, að menntamálaráðuneytið geti fullnægt henni að nokkru marki. Því ákvað nefndin að setja í frv. sérstök ákvæði um starfsfræðslu og starfsvalsleiðbeiningu. Þótti eðlilegt, að þessi þjónusta yrði á vegum menntamálaráðuneytisins. Hér er um að ræða upplýsinga- og leiðbeiningarstarfsemi, sem sérfróður maður um skólakerfi og atvinnulíf þarf að sjá um, m. a. með því að sjá skólaráðgjöfum og öðrum, er á þurfa að halda, fyrir handbókum og ýmsum þeim upplýsingum öðrum, sem nefndar eru í greininni.

Um 73. gr.

Tryggja verður, að starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla hafi trausta og haldgóða menntun. Um skólasálfræðinga, þ. e. sálfræðinga við deildir þjónustunnar, virðist eðlilegt, að krafizt verði sem lágmarks norræns kandidatsprófs í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði, eða jafngildis þess frá háskólum í öðrum löndum ásamt einhverri sérhæfingu í skólasálfræði á síðustu árum námsins. Menntun félagsráðgjafa mun hafa færzt í nokkuð fastar skorður undanfarin ár, a. m. k. á Norðurlöndum, þar sem gert er ráð fyrir u. þ. b. þriggja ára menntun, að loknu stúdentsprófi eða sambærilegu undirbúningsnámi. Örðugra er að segja til um heppilega menntun skólaráðgjafa. Starf þeirra yrði nýtt á Íslandi, og í nágrannalöndum gilda mjög mismunandi reglur um menntun þeirra og starfsþjálfun. Miðað er við, að starf skólaráðgjafa verði aðallega á eftirtöldum þremur sviðum: a) ráðgjöf til nemenda vegna persónulegra vandkvæða, b) ráðgjöf til nemenda og kennara vegna náms, námstækni og námsörðugleika nemenda, c) ráðgjöf til nemenda um val framtíðarnáms og/eða starfs. Á þessum grundvelli þótti eðlilegt að miða menntunarkröfur til skólaráðgjafa við annaðhvort kennarapróf og framhaldsnám í uppeldisfræði og skyldum greinum eða BA-próf í sálar- og uppeldisfræði, hvort tveggja með viðbótarnámi og starfsþjálfun, sem tilgreint yrði í reglugerð. Yrði þá t. d. undirbúningur undir staflið c) hér að framan að líkindum tryggður með viðbótarnámi. Þá er við það miðað í greininni, að sérkennarar í þjónustu sálfræðideilda

hafi lokið kennaraprófi og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda.

Gert er ráð fyrir því, að menntamálaráðuneytið muni hafa samvinnu við þau starfsgreinafélög, sem hlut eiga að máli, með því að leita umsagnar Sálfræðingafélags Íslands um menntun umsækjenda um störf skólasálfræðinga og skólaráðgjafa, Stéttarfélags íslenzkra félagsráðgjafa um menntun umsækjenda um félagsráðgjafastarf, en Félags íslenzkra sérkennara um menntun umsækjenda um starf sérkennara.

Sett eru ákvæði um menntun sérkennara við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í samræmi við tillögur Félags íslenzkra sérkennara.

Auk þess, sem að ofan er greint, er ákvæði í gr. um starfsreynslu skólasálfræðinga, sem eru forstöðumenn sálfræðideilda og er þriggja ára reynsla talin vera hæfilegt lágmark til þess að hljóta skipun í starf. Það verður að teljast mjög mikilvægt, að forstöðumenn deilda hafi nægilega reynslu við skólasálfræðistörf til að geta leiðbeint nýliðum í starfi.

Um 74. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um menntun starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og um framkvæmd og verksvið þjónustunnar almennt. Í sambandi við framkvæmd og verksvið er það m. a. mjög brýn nauðsyn að kveða á um verkaskiptingu og samstarf ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla við sálfræði- og geðverndardeildir heilbrigðisstofnana. Einnig þarf slík reglugerð að miða að því, að störf þjónustunnar tengist sem bezt almennu skólastarfi, þ. á m. námsaðgreiningu (differentiation), námsmati og námsstjórn, og að samvinna við skólastjóra og kennara verði náin. Í þessu sambandi má einnig drepa á það, sem er framkvæmdaatriði fremur en reglugerðaratriði, að e. t. v. gæti komið til álita, að sálfræðideildir skóla, einkum hinar minni, hefðu starfsaðstöðu að öllu leyti í einhverjum grunnskóla þess sveitarfélags, þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er staðsett.

Þá er loks í gr. ákvæði um, að menntamálaráðuneytið setji starfsmönnum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu erindisbréf, þar sem tilgreint yrði starfssvið og verkefni, að fengnum tillögum ráðningaraðila, þ. e. fræðsluráða.

Um 75. gr.

Í gildandi löggjöf er ekki lögð nægilega mikil áherzla á efling skólabókasafna. Hins vegar má öllum vera ljóst, að með gerbreyttum kennsluháttum, sem miða að því fyrst og fremst að kenna nemendum sjálfum að afla sér þekkingar, hlýtur bókasafn að verða eitt helzta starfstæki skólans. Vegna þess skorts á bókasafni, húsnæði og bókakosti, sem margir skólar landsins búa nú við, verður kostnaðarsamt og tekur sinn tíma að bæta hér úr. Gert er ráð fyrir að víða í smærri byggðarlögum hafi hreppsbókasafn og skólabókasafn samvinnu eða verði sameinuð og verða þá í flestum tilfellum í skólahúsinu.

Ákvæði er um það í greininni, að þeir skuli sitja fyrir öðrum um störf skólabókavarða, sem lokið hafa námi í bókasafnsfræðum og jafnframt öðlast kennsluréttindi á grunnskólastigi. Eigi mun unnt, nema við stærstu söfn, að ráða sérmenntaða bókaverði, en að því ber að stefna strax og bókasöfnin eflast. Myndi einhver af kennurum hinna minni skóla verða umsjármaður bókasafnsins, en fá þyrfti sérmenntaða bókaverði til leiðbeiningar um skipulag og skráningu þeirra skólabókasafna, sem ekki væru af þeirri stærð, að sérmenntaður bókavörður ynni við þau sem fastur starfsmaður.

Við gerð skólahúsa þarf að taka fullt tillit til þess mikilsverða þáttar sem skólabókasöfn þurfa að vera í skólastarfinu. Einnig væri æskilegt að söfn þessi gætu haft til afnota fyrir skólann, og einnig til útleigu, hljómplötur og segulbönd. Efling skólabókasafna verður meðal brýnustu verkefna þegar lögin koma til framkvæmda og jafnframt kostnaðarsöm. Í sumum skólum hefur þegar verið komið upp góðri aðstöðu fyrir bókasafn.

Um greiðslu kostnaðar fer eftir ákvæðum 80. og 82. gr.

Um 76. gr.

Rétt þótti að setja í frv. til laga um grunnskóla ákvæði um heilsuvernd í slíkum skólum, enda þótt gert sé ráð fyrir því, að sérstök lög og reglugerð muni áfram gilda um þetta atriði. Það er afar mikilvægt, að þeir aðilar, sem annast og stjórna heilsuvernd í skólum, hafi samráð og gott samstarf um verksvið sitt við fræðslustjóra og skólastjóra. Aðaltilgangurinn með greininni er að tryggja slíka samvinnu. Sjá einnig 14. gr.

Um 77. gr.

Gr. er svipuð 54. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, en þó öllu ítarlegri. Hún gerir ráð fyrir því, að forskólar verði í tengslum við grunnskóla og lúti sömu stjórn, að kennsluna annist að jafnaði barnakennarar með kennarapróf, og hafa þeir kennarar forgangsrétt til starfsins, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara. Þá er athyglisvert það nýmæli, að samkvæmt gr. verður heimilt að ráða fóstrur til starfa í forskólum. Var þetta ákvæði sett vegna þess, að eftirsóknarvert var talið, að menntun, starfsþjálfun og uppeldisviðhorf barnakennara og fóstra mættust í forskólakennslu, og virðist í því sambandi æskilegt annars vegar að tengja menntun barnakennara og fóstra, og hins vegar að gera tilraunir með skipulega hópvinnu í uppeldisstarfi beggja starfsgreina í forskólum.

Eftirspurn eftir forskólakennslu, einkum fyrir sex ára börn, hefur farið mjög vaxandi hérlendis á undanförnum árum, sérstaklega í þéttbýli. Hafa allmörg sveitarfélög boðið fram almenna kennslu fyrir þennan aldursflokk síðan haustið 1970. Þannig stunduðu alls 2678 sex ára börn nám í forskólabekk barnaskóla eða einkaskóla á skólaárinu (1971/72) samkvæmt skólahaldsskýrslum, þar af voru 2255 í kaupstöðum. Þá hóf einn einkaskóli í Reykjavík tilraun með forskólakennslu fimm ára barna haustið 1972, og komust mun færri börn að en sótt var um fyrir. Af þeim ástæðum ætti að vera ljós nauðsyn þess að setja í lög um grunnskóla skýr heimildarákvæði um forskólakennslu, er tengd yrði starfi grunnskólans eftir föngum. Samkvæmt greininni greiðist rekstrarkostnaður við forskólahald á sama hátt og við almenna grunnskóla.

Loks taldi grunnskólanefnd, að svokölluð „tímakennsla“ óskólaskyldra barna væri í allmörgum tilvikum varhugaverð og hefði tvísýn áhrif á nám barnanna síðar meir, ekki sízt vegna þess að slík kennsla er oft í höndum einstaklinga, sem ekki hafa lært til kennslustarfa. Því var sett í frv. ákvæði um það, að slík kennsla skyldi háð leyfi fræðslustjóra.

Bætt hefur verið í frv. ákvæði er tekur af allan vafa um greiðsluskyldu ríkisins vegna forskólahalds.

Um 78. gr.

Þessi gr. er efnislega í samræmi við 53. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, að öðru leyti en því, að bætt er við ákvæði um, að menntamálaráðuneytið geti viðurkennt forskóla, sem eru einkaskólar, enda hefur slíkt í reynd verið gert í mörg ár. Sjá einnig 77. gr.

Um 79. gr.

79.—87. gr. frv. komi í stað 16.—23., 25. og 26. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, sem með gildistöku þessara ákvæða mundu falla úr gildi að því er grunnskóla varðar. Að vísu er ekki um verulegar breytingar á öllum þessum greinum að ræða, en nefndin taldi nauðsynlegt, að hafa þennan hátt á, m. a. með tilliti til þess, að lagaákvæði þessi varða velflest sveitarfélög landsins og fleiri aðila mjög og því æskilegt að öll lagaákvæði um rekstrarkostnað grunnskóla sé að finna á einum stað.

79. gr. kemur að mestu leyti í stað 19. greinar laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Veigamiklar breytingar eru gerðar á formi og efni.

Horfið er frá notkun hugtaksins „reiknaðar stundir“, sem í gildandi skólakostnaðarlögum er notað sem samnefnari fyrir flestar starfsstundir við skólahald.

Bæði er það, að ýmsum hefur reynzt þetta hugtak torskilið, og eins hitt, að nefndin taldi fulla ástæðu til að sundurgreina kennslustundir og stundir til annarra starfa nánar en gert hefur verið.

Í þessari grein er eingöngu fjallað um þær stundir, sem varið skal til kennslu, en öðrum störfum, sem ríkissjóður leggur fé til, gerð skil í 80. gr.

Sú meginbreyting er gerð frá 19. gr. laga nr. 49/1967, að greiðsluskylda ríkissjóðs er nú ekki miðuð jafn fast og áður við ákveðið hámark stundafjölda, heldur litið svo á, að ríkissjóði beri að greiða alla þá kennslu, sem leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi, sem ákveðið hefur verið á hverjum stað, þ. e. þeirri tegund skóla, fjölda nemenda, fjölda aldursárganga, deildaskiptingu og öllum þeim atriðum, sem áhrif hafa á nýtingu kennslumagnsins. Líta ber svo á, að ríkissjóði beri skylda til þess að greiða alla kennslu, sem nauðsynleg telst, svo að viðunandi sé, eftir að skólastarfið á hverju svæði og hverjum stað hefur verið skipulagt á þann veg sem hagkvæmastur verður talinn með tilliti til allra aðstæðna.

Ákvæði 2. mgr. og eftirfarandi málsgreina frv. um hámark kennslustunda á viku, ber því að skýra með tilliti til ákvæða 1. málsgreinar um greiðsluskyldu ríkissjóðs og líta á hámarksákvæðin sem ákvæði til viðmiðunar, aðhalds og eftirlits fyrir þá aðila, sem innan hvers skólahverfis skipuleggja kennsluna og viðmiðunar fyrir ráðuneytið við mat á kennslufyrirkomulagi, sem krefst eftirlits af þess hálfu, þegar ekki er unnt að halda kennslumagni innan marka hámarksákvæðanna. Kemur þá til mats á þeim ástæðum, sem valda, og úrskurðar í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar og heimild síðar í henni um frávik frá hámarksákvæðunum.

Við ákvörðun hámarksákvæðanna var lögð til grundvallar kennslumagnsþörf í mismunandi tegundum skóla, þar sem m. a. var gengið út frá eftirfarandi forsendum:

1. Meðalfjölda í aldursárgangi nemenda á skólasvæðinu.
2. Fjölda aldursárganga, er sækja skólann, sem getur verið misjafnt eftir aðstæðum.
3. Kennslumagni á hvern bekk í samræmi við þau ákvæði frumvarpsins, er að því lúta.
4. Samkennslu aldursárganga, þar sem þeir eru fámennir, innan þeirra marka, sem frumvarpið setur, og jafnframt miðað við, að samkennsla verði að jafnaði ekki í 5. bekk eða ofar í grunnskóla.
5. Viðbót við kennslumagn, sbr. tölulið 3, vegna verklegrar kennslu, allt að 3 stundir til jafnaðar á 3.—9. bekk grunnskóla, þar sem árgangar eru svo stórir, að skipting þeirra við þessa kennslu, umfram bekkjarskiptingu, er nauðsynleg.
6. Til viðbótar kennslustundum samkvæmt tölulið 3 og 5, er gert ráð fyrir hjálpar- og stuðningskennslu, er nemur 4 stundum á viku á hverja fullskipaða bekkjardeild, en er að öðru leyti breytileg eftir nemendafjölda, bekkjarstærð og því, hvort um samkennslu árganga er að ræða eða ekki.
7. Gert er ráð fyrir, að með valgreinakennslu á 8. og 9. námsári, verði nemendur, er sitja hverja kennslustund, að jafnaði nokkru færri en í almennri bekkjarkennslu.

Þegar tekið er tillit til framangreindra atriða, ræður fjöldi aldursárganga, er sækja skóla, mestu um kennslustundaþörfina. Sá fjöldi getur verið misjafn eftir aðstæðum, en ræðst í höfuðatriðum af fjölda í aldursárgangi og möguleikum til samvinnu við aðra um efri bekki skólans, sem háð er staðháttum, fjarlægðum og vegasambandi á hverjum stað. Einkum er miðað við þessar tegundir skóla:

a) Skóla fyrir 1. og 2. aldursárgang sem útibú frá aðalskóla.
b) Skóla fyrir 1.—4. aldursárgang, þar sem unnt er að aka daglega 5—11 nemendum til jafnaðar úr hverjum aldursárgangi, í undantekningartilfellum færri.
c) Skóla fyrir 1.—7. aldursárgang, þar sem unnt er að ná saman með akstri og/eða heimavist (einkum fyrir nemendur á 5.—7. námsári) um 10 nemendum í aldurs-

árgangi eða fleiri, í undantekningartilfellum færri. Skóli af þessari tegund gæti einnig verið þunnskipaðri í neðri bekkjum eða hliðstætt við staflið b).

d) Skóla fyrir 1.—9. árgang, þar sem miðað er fyrst og fremst við það, að á 8. og 9. námsári sé unnt að skipta hvorum aldursárgangi í bekkjardeildir með tilliti til þeirrar námsaðgreiningar, sem gert er ráð fyrir að verði á þessum námsáfanga grunnskólans. Þar sem víða, m. a. í minni kaupstöðum, verður ekki hægt að uppfylla þessi skilyrði, er gert ráð fyrir námsaðgreiningu með þeim hætti, að hluti námsefnisins verði sameiginlegur kjarni fyrir alla, í öðrum hluta námsefnis verði árgangi skipt í bekkjardeildir og í þriðja hluta, einkum í valgreinum, verði bekkjarskipan leyst upp og kennsla verði sameiginleg fyrir stærri eða smærri hópa úr báðum aldursárgöngum. Skóli af þessari tegund gæti einnig verið þunnskipaðri í neðri bekkjunum eða hliðstætt við stafliði b) og c).

Ljóst má vera, að skólaskipan sem þessi getur leitt til fjölmargra tilbrigða, allt eftir stærð og öðrum aðstæðum þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga. Eins kunna aðstæður að vera þannig, að skólaskipan utan þessa ramma sé nauðsynleg. Almenn viðmiðunarregla eins og ákvæði um hámarksstundafjölda, getur ekki náð til slíkra undantekninga, og verða þær því að metast hverju sinni.

Ákvæði stafliða a—d í þessari grein eru við það miðuð, að þau veiti framangreindum tegundum skóla nægilegt kennslumagn, þegar nemendafjöldinn er jafn, eða meiri en sá lágmarksfjöldi, sem eðlilegt virðist að miða við, og unnt á að vera að ná með því samstarfi sveitarfélaga, sem farið hefur vaxandi að undanförnu. Hjá því verður þó ekki komizt, að sum skólahverfi munu ekki ná þeim stærðum, sem við er miðað, einkum þar sem byggð er dreifðust, eða í smáum kauptúnum, sem þó hafa þann nemendafjölda, að annað en að ætla þeim skóla fyrir allt að 7 aldursárganga væri óréttlætanlegt með tilliti til félagslegra aðstæðna, svo og óhagkvæmt, þar sem ella yrði heimavist að koma í stað heimangöngu. Gagnvart slíkum aðstæðum verður að beita undanþáguheimild greinarinnar (5. mgr. a. n.)

Í fjölmennari skólahverfum, með allt að fjórskiptum aldursárgöngum er fjöldi bekkjardeilda áætlaður og þá miðað við, að fjöldi bekkjardeilda væri innan þeirra marka, sem sett eru í 47. grein frumvarpsins. Er þá og tekið tillit til þeirrar óhagkvæmni, sem verður í skólahverfum þessum, þegar aldursárgangar ná þeirri stærð, að bæta verður við bekkjardeild.

Í stærstu skólahverfunum, þar sem margir skólar eru fyrir hvert aldursstig, gætir þessara áhrifa hins vegar í litlum mæli, og er þar miðað við, að til jafnaðar séu 24—25 nemendur í hverri deild, þegar með eru taldar hjálpardeildir. Sá fjöldi í deild er óbreyttur frá því sem nú er í skólum þessum. Þrátt fyrir, að heyrzt hafa raddir í þá átt, að lækka beri þessa tölu, taldi nefndin ekki rétt að gera það. Ekki hafa verið gerðar hér á landi athuganir á því, hvort árangur kennslu sé til muna betri í fámennum deildum en fjölmennum, (innan þeirra marka, sem hér um ræðir, þ. e. 20—30 nemendur), en erlendar athuganir, m. a. í hinum Norðurlandaríkjunum og í Englandi, hafa ekki getað leitt slíkan mun í ljós, þegar beitt er sambærilegum kennsluaðferðum.

Breyting í þá átt, að lækka meðaltal nemenda í deild, hefur mjög mikil áhrif á kennslulaunakostnað og húsnæðisþörf, eða um 4—5% til hækkunar fyrir lækkun meðaltals í deildum um einn nemanda. Í þeim skólahverfum, sem hér skipta máli, myndi launakostnaður því vaxa um ca. 20 millj. kr. á ári fyrir lækkun meðaltals um einn nemanda, auk þess sem það myndi auka á húsnæðisvanda, þar sem skólar eru þegar margsetnir.

Í ljósi framangreindra atriða og þess, að fjölmörg nauðsynleg, en kostnaðarsöm verkefni í skólamálum bíða úrlausnar, taldi nefndin rétt, að þau hefðu forgang umfram lækkun meðalfjölda í bekkjardeildum.

Í stafliðum a—d í þessari grein er miðað við, að kennslumagn á hvern nemanda sé svo sem hámark 45. gr. gerir ráð fyrir, eða um 32.22 stundir að meðaltali

á bekkjardeild. Þar sem skólar víkja frá því meðaltali, t. d. skóli sem eingöngu hefur 1.—4. árgang, eða skóli, sem hefur eingöngu eldri deildir, breytist stundafjöldinn til lækkunar eða hækkunar í hlutfalli við það frávik. Næst á þann hátt jöfnuður milli skóla með ólíka bekkjarskipan.

Þegar reiknað er út meðaltal kennslutíma á nemanda í bekkjardeildum skóla í því skyni að finna það frávik, sem um er rætt í síðustu málsgrein, skal einungis telja kennslustundir í þeim greinum, sem námsskrá kveður á um, og ekki fleiri en heimilaðar eru skv. 45. gr. laganna. Sé í skólahverfi haldið uppi kennslu umfram það, er ríkissjóði ekki skylt að greiða þá kennslu. Auk kennslustunda má þó í þessu sambandi telja sem venjulega kennslustund allt að eina stund á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla, sem varið er til hópnáms í bókasafni. Er þá miðað við, að hér sé ekki einfaldlega um yfirsetu í lesstofu að ræða, sem greiðist af fjárveitingu samkvæmt 80. gr., heldur raunverulegt verkefni fyrir kennara, er sé nemendum til leiðbeiningar og aðstoðar og skipuleggi starf þetta sem lið í kennslunni.

Þá er og heimilt að lengja vikulegan kennslutíma um allt að 15% fyrir þá nemendur, sem eru í víxlkennslu (skiptikennslu), þ. e. fyrst og fremst í heimavistarskólum, þar sem á skiptist dvöl í skóla og á heimili, og fær skólinn þá aukið kennslumagn í samræmi við það. Hins vegar er sú breyting gerð frá gildandi skólakostnaðarlögum, að ekki er heimilað aukið álag á nemendur á þeirri forsendu, að árlegur starfstími skólans sé skemmri en 9 mánuðir, sbr. 42. gr.

Gert er ráð fyrir, að fullskipuðum bekkjardeildum sé skipt í tvennt í kennslu verklegra greina í samtals 21 stund á viku í 3.—9. bekk grunnskóla, sem veldur því, að 2.33 stundir til jafnaðar á hvern hinna 9. bekkja grunnskólans bætast við þann kennslutíma, sem ákveðinn er í 45. grein. Er ætlað fyrir þessari viðbót í hámarksstundafjölda þeim, sem tiltekinn er í stafliðum a—d þessarar greinar. Sé nauðsynlegt, að skipta bekkjum meir en hér greinir, vegna sérstakra aðstæðna eða í samræmi við ákvæði 47. greinar, 2. málsgreinar, bætist sá stundafjöldi, sem af því leiðir, við hámarksstundafjöldann.

Auk þeirra kennslustunda, sem fjallað hefur verið um, greiðir ríkissjóður kennslulaun fyrir sundkennslu, sem ekki er talin með í kennslutíma skv. 45. gr., sjúkrakennslu, sem skipulögð er af viðkomandi skólahverfi, og forfallakennslu, og er það í engu breyting frá núgildandi ákvæðum.

Ákvæði um frávik frá hámarksákvæðum (5. mgr. a. n.) hafa þegar verið skýrð. Athygli skal þó vakin á því, að í skólakostnaðarlögum er um heimild að ræða, en hér um skyldu í þeim tilfellum, að samþykkt hafi verið af menntamálaráðuneytinu skólaskipan og kennslufyrirkomulag, sem ekki gerir kleift að halda uppi fullri kennslu samkvæmt námsskrá innan hámarksákvæðanna.

Í 4. mgr. a. n. er ákvæði, sem heimilar skólastjórum að ráðstafa eftir eigin mati til kennslu eða annarra þarfa skólans, ¾ hlutum þess stundafjölda, sem á kann að vanta að fullnotaður sé hámarksstundafjöldinn, en þó mest 1% af honum. Er ákvæði þetta hugsað sem örvun til skólastjóra til alúðar og ráðdeildar við skipulagningu skólastarfs.

Í lok umsagnar um 80. gr. verður með nokkrum dæmum gerð nánari grein fyrir útreikningi stundafjölda.

Hámark stundafjölda samkvæmt þessari grein er miðað við heildarfjölda nemenda í skólahverfinu öllu. Þar sem fleiri en ein skólastofnun á grunnskólastigi starfar innan skólahverfisins skiptist stundafjöldinn milli þeirra. Viðauki, sem hér er gerður við 2. málsgrein eldri gerðar frumvarpsins lýtur að því að taka af allan vafa um, hver annast skuli skiptingu stundafjöldans milli skólanna.

Breyting er einnig gerð á 3. málsgrein til þess, að ekki ríki sá misskilningur, að ákvæði stafliða a) til d) séu bindandi og ófrávíkjanleg.

Um 80. gr.

Í þessari grein er fjallað um þann launakostnað, sem ríkissjóður greiðir fyrir reglubundin störf í grunnskóla, önnur en kennslu. Er þar um að ræða stjórnun, störf við bókasöfn og kennslutæki, svo og störf að félagslífi nemenda.

Í skólakostnaðarlögunum er gert ráð fyrir þessum störfum innan kvótans fyrir reiknaðar stundir.

Hér er þessum störfum haldið utan kennslustundakvótans og til þeirra ætlaður ákveðinn stundafjöldi, er miðast við hámark kennslustundafjöldans eða við fjölda nemenda.

Þessi stundafjöldi kemur til greiðslu úr ríkissjóði á tvennan hátt. Annars vegar sem lækkun kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara vegna stjórnunarstarfa og leggst þá reikningslega að jöfnu klukkustund samkvæmt kvótanum og kennslustund til lækkunar kennsluskyldu, án þess þó, að þar með sé nokkuð sagt um mat á þeim starfstíma, sem koma skal í stað kennslustundar, ef ekki er um kennslu að ræða. Hins vegar greiðir ríkissjóður til sveitarfélaga allt að þeirri fjárhæð, sem fæst með því að margfalda kvótana (stjórnun að frádreginni lækkun kennsluskyldu) með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Sveitarfélögum eða skólum er þá heimilt, að ráðstafa þeirri fjárhæð til hinna tilgreindu starfa með því starfsfyrirkomulagi og þeim starfskröftum, sem bezt verður talið á hverjum stað. Skólastjóri og sveitarstjórnir gera grein fyrir ráðstöfun fjárins í sinni árlegu fjárhagsáætlun og þarf hún að hljóta samþykki ráðuneytisins, enda sé hún í samræmi við reglugerð, sem setja skal um störf samkvæmt þessari grein. Með þessum hætti ætti að skapast meiri sveigjanleiki í framkvæmdum og verða auðveldara að tengja þessi störf innan skólans skyldri starfsemi, sem e. t. v. er rekin á viðkomandi stað. Ekki er gert ráð fyrir, að störfin séu ætíð í höndum starfsmanna skólans, þ. e. fyrst og fremst kennara, heldur er einnig unnt að fela aðilum utan skólans að annast þau eða hluta þeirra, t. d. almenningsbókasöfnum bókasafnsstörfin og félagsstörfin þeim aðila, sem annast almenna æskulýðsstarfsemi í bæjar- eða sveitarfélaginu, ef einhver er.

Sú vinna, sem ætluð er til stjórnunar, er að mestu miðuð við núverandi ástand. Lækkun kennsluskyldu skólastjóra er nú 5.2% af reiknuðum stundum allt að 400 stundum á mánuði, en 1.5% eftir það. Auk þess hafa flestir stærri skólar yfirkennara með hálfa kennsluskyldu og greiða laun fyrir skrifstofustörf. Ákvæði a)liðar þessarar greinar frv. eru í knappasta lagi fyrir stærri skóla. Nefndin taldi því rétt að breyta greininni í það horf, að öllum skólum sé ætlaður stundafjöldi til stjórnunarstarfa, er nemi 7% af hámarki kennslustundafjölda skv. 79. gr. Á það skal þó bent, að eftir sem áður fá litlir skólar hlutfallslega fleiri stundir til stjórnunarstarfa en stórir skólar, en því valda ákvæði 79. gr. Breyting þessi mun auka launakostnað um 2.5—3 millj. kr. á ári.

Hér er gert ráð fyrir stighækkandi stundakvóta, sem skóli hafi til ráðstöfunar til skrifstofustarfa, þegar frá hefur verið dregin lækkun kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara, en hann má ráða þegar fjöldi kennara er 10 eða fleiri. Eðlilegt virðist, að það sé nokkuð á valdi skólans, hve miklum hluta kvótans verður varið til lækkunar á kennsluskyldu og hve miklu til skrifstofustarfa, en setja þarf í reglugerð ákvæði um hámark og lágmark í þeim efnum og önnur atriði, er framkvæmd þessara starfa snerta.

Þær fjárhæðir, sem frv. ætlar til starfa við bókasöfn og félagsstörf, fela í sér miklar breytingar frá því sem er. Hvað störf við bókasöfn varðar, er nú ekki í lögum tilgreind sérstök skuldbinding ríkissjóðs, en skólum er heimilt að nota hluta reiknaðra stunda í því skyni, ef slíkt rúmast innan kvótans, og hefur það verið gert, þó í mismiklum mæli sé. Hér er skólunum hins vegar tryggt fjármagn til þeirra starfa, óháð því, hvort þeir fullnota kennslumagnskvótann eða ekki.

Fjárhæð til greiðslu á störfum við bókasafn er miðuð við kennslumagnskvótann og fá því hinir smærri skólar að þessu leyti fjárhæð á nemanda umfram stærri skóla í sama hlutfalli og kennslumagn.

Sú fjárhæð, sem hér er um fjallað, nær eingöngu til daglegra starfa við bókasafn, svo sem útlána, skráningar, eftirlits í lesstofum o. s. frv. Annar þáttur bókasafnsstarfa, sem er leiðbeining um notkun bókasafns við nám, sbr. umsögn um 79. gr., og hinn þriðji, þ. e. sérfræðileg þjónusta vegna skipulagningar bókasafna, er eðlilegt, að verði unnin af eða á vegum hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu og fjárframlög til þeirra starfa innifalin í framlögum til þeirra.

Fjárhæð til félagsstarfa er aftur á móti miðuð við nemendafjölda og er mismunandi eftir stærð skóla. Ræður því sú skoðun nefndarinnar, að sérstök þörf sé á slíkri starfsemi í hinum smærri skólum úti um land, þar sem nemendur eru í heimavistum og aðild heimilanna í uppeldinu hlýtur því að vera takmörkuð, einnig þar sem nemendur eru í heimanakstri og félagsleg þátttaka þeirra takmörkuð og loks þar sem um heimangöngu nemenda er að ræða, einkum í kauptúnum, þar sem „sjoppan“ er tíðast eina athvarf nemenda til samveru, er æskilegt að skólinn geti orðið það í ríkara mæli.

Þar sem hér er um allverulegar fjárhæðir að ræða, er nauðsyn að sett verði í reglugerð ákvæði, er tryggi sem bezt nýtingu þessara fjármuna. Án þess er hætta á, að litið verði á þetta sem dulbúnar launahækkanir til kennara og ekki náist þau starfsmarkmið, sem í frumvarpinu eru sett. Þá þarf og í hinni árlegu starfsáætlun skólans að gera grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi á þessu sviði á þann hátt, að hlutlægu mati verði við komið, og sé hún ekki fullnægjandi, falla þessar greiðslur að sjálfsögðu niður.

Þá skal og reglugerðin kveða á um, hvenær ákvæði þessi skuli koma til fullra framkvæmda, sem er eðlilegt, þar sem aðstæður í skólum og undirbúningur starfsliðs skóla eru ekki allsstaðar þannig, að búast megi strax við fullum árangri af þessum störfum. Skólabókasöfn eru víðast af skornum skammti og reynsla kennara í notkun þeirra við kennslu því lítil. Annars staðar í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að uppbyggingu skólabókasafna verði dreift á 10 ára tímabil og virðist eðlilegt, að miða fulla framkvæmd d) liðar þessarar greinar við sama tíma.

Svipað má segja um félagsstörf. Þar skortir mjög á um aðstöðu í skólunum, undirbúning leiðbeinenda og verkefni, sem hæfa. Á því sviði þarf að gera átak og rétt að full framkvæmd c) liðar miðist við það, hversu hratt vinnst á þeim vettvangi.

Önnur ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringa og fer hér á eftir yfirlit yfir þá vinnu, sem skólum af ýmsum stærðum er ætluð samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við hliðstæð ákvæði gildandi skólakostnaðarlaga.

Í útreikningi stundafjölda skv. ákvæðum frumvarpsins er miðað við kennslumagn á deild í samræmi við 45. grein frumvarpsins og þá aldursárganga, sem lagðir eru til grundvallar í hverjum stærðarflokki. Er hér miðað við eftirfarandi meðaltal á deild:

1.—4. ár	27	st.
1.—6. ár	30	—
1.—7. ár	30.3	—
1.—9. ár	32.2	—

Þá er skipting stunda til stjórnunar áætluð þannig, að lækkun kennsluskyldu skólastjóra er höfð sem næst því sem nú er, og lækkun kennsluskyldu yfirkennara, eftir að þeir koma til greina, er miðuð við um helming þess stundafjölda, sem til ráðstöfunar er, umfram lækkun kennsluskyldu skólastjóra, en þó mest sem svarar til hálfrar kennsluskyldu. Aðrar forsendur útreikninga liggja ljóst fyrir.

Samanburður við gildandi skólakostnaðarlög er nokkrum annmörkum háður. Þar verður m. a. að taka til greina breytingu á kennslutíma, sem er mjög misjafn

eftir aldri nemenda, og deildaskipan skólans. Gengið er út frá, að kennslustundafjöldi, sem ákvæði skólakostnaðarlaga miðast við, sé annars vegar miðaður við „Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri“ frá 16. sept. 1960, svo langt sem hún nær, og hins vegar við þann kennslutíma, sem var í skólum um það leyti, sem lögin tóku gildi. Á það einkum við gagnfræðastigið, en þar ná ákvæði námsskrár einungis til 1. og 2. bekkjar og eru þess utan óljós að því er tímafjölda varðar. Hér er miðað við það, að að baki hámarksákvæða skólakostnaðarlaganna liggi þessi kennslutími:

Í barnaskólum 1.—6. ár, 26 stundir á deild á viku og er þá miðað við lágmark námsskrár, í gagnfræðastigsskólum 7. ár, 36 stundir (40 mín., er svara til 32 st., 45 mín.), sem er nærri lágmarksákvæðum námsskrár, í gagnfræðastigsskólum með 3 eða fleiri aldursárganga, 38 stundir, sem er miðað við meðalkennslu í gagnfræðaskólum í Reykjavík skólaárið 1968—69.

Fjöldi reiknaðra stunda samkvæmt skólakostnaðarlögunum er síðan hækkaður hlutfallslega við þá vikulegu kennslutíma, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og samanburðurinn á því að gefa nokkuð góða mynd af fyrirhugaðri starfsaukningu þegar sami kennslutími er í bæði skipti lagður til grundvallar.

Aukningin er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða rýmri stundakvóta til þess að anna sömu kennslu, þ. e. minnka samkennslu og auka deildaskiptingu, sem einkum kemur fram í smærri skólum, og hins vegar aukið starfsmagn til annarra starfa en kennslu og er sú aukning einnig hlutfallslega mest í smáum skólahverfum, þar sem slíkir möguleikar voru vart fyrir hendi. Í stóru skólahverfunum á ekki að vera um að ræða aukningu af fyrrnefndu ástæðunum, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir breytingum á deildaskipan, en hækkun á að öllu leyti að stafa af viðbót til starfa við bókasöfn og félagsmál.

Í tveimur stærstu flokkunum kemur þessi starfsaukning þó ekki fram sem skyldi. Ástæðan er sú, að í skólahverfum þessum er nú hluta af reiknuðum stundum varið til starfa, svo sem starfa á fræðsluskrifstofu, námseftirlits og leiðbeininga, sjúkrakennslu o. fl., sem samkvæmt frumvarpinu á ekki að greiða af þeim stundafjölda, sem í töflunum er fjallað um. Samkvæmt áætlun fyrir skólana í Reykjavík fyrir yfirstandandi skólaár er gert ráð fyrir því, að u. þ. b. 4% reiknaðra stunda fari til þessara nota. Þegar það er tekið til greina, er breytingin í þessum skólahverfum um 3—7% til hækkunar, miðað við sama kennslumagn.

Störf á viku samkvæmt 79. og 80. gr.

Nem. í skólahverfi	Árg. í skóla	Fjöldi deilda	Hámark st. fj. skv. 79. grein.	Stjórnun: Lækkun kennslu skyldu	Fjárhæð	Bókasafn kr.	Félagsst. kr.
20	1.—4.	2	50	4	210	630	1 205
25	1.—4.	2	59	4	210	743	1 244
40	1.—4.	2—3	84	4	439	1 058	1 361
40	1.—6.	3—4	93	4	527	1 134	1 361
60	1.—7.	5	132	6	680	1 663	1 516
100	1.—7.	7	207	10	943	2 608	1 827
150	1.—7.	7	282	14	1 205	3 553	2 216
200	1.—7.	8—10	357	17	1 678	4 498	2 604
200	1.—9.	9	380	20+ 3	756	4 788	2 604
250	1.—7.	14	433	21+ 5	905	5 456	2 993
250	1.—9.	11—13	460	22+ 5	1 092	5 796	2 993
350	1.—9.	18	620	24+ 7	1 562	7 812	3 770
500	1.—9.	18	830	27+13	2 407	10 458	4 935
700	1.—9.	27	1 110	46+14	1 852	16 317	6 468
1000	1.—9.	36—40	1 530	53+26	3 330	22 491	9 240
2000	1.—9.	ca. 80	2 930	106+52	4 969	43 071	18 480
15000	1.—9.	ca. 600	21 130	660+378	57 132	310 611	138 600

Samanburður.

Nem. í skólahv.	Reikn.[1]) st. skv. l. 49/1967	Reikn.[2]) st. skv. frumvarpi
20	38	62
25	45	71
40[3])	69	98
40[3])	89	108
60	134	152
100	207	236
150	288	321
200[4])	363	407
200[4])	396	433
250[4])	430	493
250[4])	476	524
350	610	700
500	843	936
700	1 136	1 261
1000	1 619	1 739
2000	3 238	3 334[5])
15000	24 261	24 043[5])

1) Hækkað með tilliti til lengingar á vikulegum kennslutíma.
2) Fjárhæðir umreiknaðar í stundir miðað við stundakennaralaun.
3) Annars vegar í skóla með 1.—4. aldursárgang og hins vegar í skóla með 1.—6. aldursárgang.
4) Annars vegar í skóla með 1.—7. aldursárgang og hins vegar í skóla með 1.—9. aldursárgang.
5) Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við aðrar, þar sem hluta af reiknuðum stundum í skólahverfum af þessari stærð var ráðstafað til verkefna, sem ekki eru talin með í kvóta samkv. frumvarpinu, en greiðist á annan hátt úr ríkissjóði, t. d. framlag til fræðsluskrifstofu, námsstjórn, sjúkrakennsla o. fl. Hækkun ætti því að vera ca. 4% meiri en taflan sýnir, þegar það er tekið til greina.

Um 81. gr.

Efnislega eru ákvæði þessarar greinar óbreytt tekin úr skólakostnaðarlögum, að því undanskildu, að farið er með laun vegna gæzlu og mötuneytis nemenda, sem eru í heimanakstri, á sama hátt og um heimavistir væri að ræða. Er það til samræmis við það, sem þegar er fyrir hendi og nauðsynlegt hefur verið að framkvæma.

Um 82. gr.

Efnislega er hér ákvæðið um skólabókasöfn nýjung, sem ekki þarfnast frekari skýringa, og ákvæði um aksturskostnað eru hér nákvæmari en í skólakostnaðarlögunum og í samræmi við reglugerð samkvæmt þeim, nr. 26 frá 28. janúar 1971.

Í samræmi við ákvæði 37. gr. er hér gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ferða- og dvalarkostnað vegna þeirra kennara, sem þar er fjallað um.

Um 83. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.

Um 84. gr.

Hér er m. a. átt við skóla eða sérdeildir fyrir nemendur, sem búa við sérlega erfiðar heimilisástæður, sækja illa skóla eða eiga örðugt með reglulegt grunnskólanám af öðrum skyldum sökum. Sérdeildir eða skólar af þessu tagi, sem að jafnaði yrðu heimavistarskólar, teljast til hins almenna grunnskóla, og yrði eftir föngum stefnt að því, að nám í þeim gæti verið tímabundin ráðstöfun.

Kennslumagn þessara skóla ákveðist í reglugerð eins og nú er og taki sú reglugerð einnig til starfshátta og fyrirkomulags þessara skóla.

Um 85. gr.

Í grein þessari er það nýmæli, að starfsáætlun skólans skuli miða við tímabilið 1. júlí til 30. júní. Er það tímabil að vísu hvorki í samræmi við reikningsár skólanna né fjárlagaár, en ekki þarf það að valda örðugleikum. Þetta tímabil er hins vegar hentugra með tilliti til þess, að hvert skólaár um sig er hið eðlilega skipulagningar- og áætlunartímabil og einnig vegna þess, að gert er ráð fyrir í frv., að greiðsluháttum verði breytt í það horf, að hlutdeild ríkissjóðs í rekstri skóla verði að mestu greidd mánaðarlega samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, en endanlegt uppgjör framkvæmt árlega.

Þá er og það nýmæli, að áætlanir úr hverju fræðsluumdæmi fara um hendur fræðslustjóra sem gerir heildaráætlun fyrir svæðið og sendir menntamálaráðuneytinu.

Um 86. gr.

Í grein þessari er kveðið á um greiðslumáta og greiðslutíma þess kostnaðar, sem í hlut ríkissjóðs kemur. Nýmæli er það, að hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skuli inntur af hendi mánaðarlega samkvæmt áætlun, sem gera skal í upphafi skólaárs og ná þá ákvæði um mánaðarlega endurgreiðslu, ef þetta verður samþykkt, til alls rekstrarkostnaðar, í stað þess að nú eru eingöngu kennslulaun og laun vegna mötuneytis og heimavista greidd með þeim hætti. Um fyrra atriðið, þ. e. greiðslur samkvæmt áætlun, þarf ekki að fjölyrða. Þetta fyrirkomulag er nú þegar að nokkru í framkvæmd og hefur í för með sér hagræði og vinnusparnað, auk þess sem það á að tryggja, að sá aðili, sem fjármál og reikningshald skóla annast, fái til rekstrarins fjármagn úr ríkissjóði jafnóðum og á þarf að halda.

Síðara atriðið, þ. e. mánaðarleg endurgreiðsla á hluta ríkissjóðs í rekstrarkostnaði, öðrum en launum vegna kennslu og heimavista, er veigamikil breyting. Hér er fyrst og fremst um að ræða aksturskostnað og kostnað af heilbrigðisþjónustu. Aksturskostnaður er orðinn mikill liður í skólaútgjöldum hjá ýmsum sveitarfélögum, bæði þar sem daglega er ekið til skóla og vegna aksturs til og frá heimavistum um helgar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 er þessi kostnaður áætlaður um 44 millj. kr. vegna ársins 1972, að því er ríkissjóð varðar. Kostnaður þessi skiptist þó afar misjafnt á einstök sveitarfélög, þar sem fjöldi þeirra hefur engan slíkan kostnað, en hjá öðrum nemur hann hundruðum þúsunda á ári og veldur það þeim miklum örðugleikum að fá ekki endurgreiðslu úr ríkissjóði fyrr en við ársreikningsskil. Fyrir ríkissjóð hefði þessi breyting í för með sér, að greiðslum yrði flýtt til jafnaðar um hálft ár og útgjöld ríkissjóðs því á fyrsta ári breytingarinnar u. þ. b. helmingi hærri vegna þessa en ella. Eftir það yrðu útgjaldaáhrif breytingarinnar lítil.

Skv. frumvarpinu skal ríkissjóður endurgreiða sveitarfélögum sinn hluta viðhaldskostnaðar árlega eftir á. Æskilegt væri að greiða þennan kostnað jafnóðum, en framkvæmdaörðugleikar eru á því. En þau ár, sem mikill viðhaldskostnaður fellur á einstök sveitarfélög, er æskilegt að heimila ráðuneytinu endurgreiðslu kostnaðarins fyrr en ella.

Um 87. gr.

Efni þessarar greinar er að mestu óbreytt frá 25. og 26. grein skólakostnaðarlaga. Menntamálaráðuneytið fer nú með fjármálaeftirlit skóla og er ætlað að svo verði framvegis og gert ráð fyrir, að unnt sé að fela það verk þeim fræðslustjóra, sem í hlut á.

Um 88. gr.

Grein þessi kveður á um framlag ríkissjóðs til rekstrar fræðsluskrifstofu. Meginforsenda ákvæðanna er sú, að ríkissjóður greiði að fullu föst laun fræðslustjóra, en annan kostnað að hálfu á móti hlutaðeigandi sveitarfélögum. Framlag ríkissjóðs getur þó ekki farið yfir ákveðið hámark, sem miðað er við nemendafjölda, þegar um er að ræða almennan skrifstofukostnað og námseftirlit og háð samþykki mennta-

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérlega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

Við 7. gr.

1. mgr. orðist svo:

Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

Við 11. gr.

Upphaf 1. mgr. orðist svo: Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu.

Upphaf 3. mgr. orðist svo: Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, o. s. frv.

Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, þannig:

Fræðsluráð utan Reykjavíkur skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Við 12. gr. Á eftir 4. lið komi nýr 5. liður, svofelldur. Það sér um að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið eftir því sem fært þykir.

Núv. 5. liður verði 6. liður.

Við 14. gr. Á eftir orðunum í 1. mgr. „þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er" komi:: eða í næsta nágrenni.

8. tl. sömu greinar orðist þannig: Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni o. s. frv.

Við 15. gr. Síðasta mgr. orðist svo: Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

Við 16. gr. Síðasta mgr. orðist svo: Menntamálaráðuneytið leggur tillögu um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áherzla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

Við 18. gr.

3. mgr. a.n. orðist svo: Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Við 20. gr. Í 3. mgr. komi: úrskurð í stað „lokaúrskurð".

Í 5. mgr. falli brott orðið „almenns".

Við 21. gr. Í stað orðanna „fylgjast með skólastarfinu" komi: styðja skólastarfið.

Við greinina bætist ný mgr., svohljóðandi: Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

Við 22. gr. Við bætist ný mgr.: Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.

Við 24. gr. b-liður orðist svo: útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár.

Við 25. gr., 2. mgr. Í stað orðanna: „til að búa sig undir kennslustundir næsta skóladags" komi: til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

Við 28. gr. Á eftir orðunum „að mati fræðslustjóra" komi: og skólastjóra.

Við 31. gr. Í stað starfsheitisins „aðstoðarskólastjóri" komi allsstaðar í greininni: yfirkennari. Þá bætist við 3. mgr.: Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Við 32. gr. Í fyrri málsgrein bætist við á eftir orðinu „umsögnum": skólastjóra. Þá bætist við ný lokamálsgrein, svofelld: Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

Við 34. gr.

Við 1. mgr. bætist: Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri skólastjóra og skólanefndar, skólaráðskonu við heimavistarskóla, þar sem eru 30 nemendur eða fleiri samtímis í heimavist. Eftir tveggja ára setningartímabil við sama skóla á skólaráðskona rétt á skipun í starf sitt, ef skólanefnd og skólastjóri mæla með því. Heimilt er ráðuneytinu að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvenna.

Við 37. gr.

Við 1. mgr. bætist: Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis, til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki ef fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

3. málsgrein orðist svo:

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Við 39. gr.

Í stað niðurlagsorða greinarinnar „sem má endurnýja“ komi: og má endurnýja hann.

Við 41. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo: Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár sem settur eða skipaður og óskar að hverfa frá störfum o. s. frv.

Við 42. gr.

Greinin orðist svo:

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir. Skal skólaárið að jafnaði hefjast 1. september og ljúka 31. maí. Í skólahverfum, þar sem helmingur nemenda eða meira verður að aka til og frá skóla eða dveljast í heimavist, er skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, heimilt að stytta árlegan starfstíma skóla allt að eftirtöldum lágmarkstíma:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
b) í 4.—6. bekk í 7½ mánuð,
c) í 7.—9. bekk í 8¼ mánuð.

Í öðrum skólahverfum, er eiga við örðugar umhverfisaðstæður að búa, er tálma 9 mánaða skólaári, getur menntamálaráðuneytið að ósk skólanefndar heimilað styttingu árlegs skólatíma allt að því lágmarki, sem að framan greinir, enda liggi fyrir umsögn skólastjóra og kennarafulltrúa og meðmæli fræðsluráðs og fræðslustjóra.

Hafi stytting árlegs skólatíma verið heimiluð, gildir heimildin, meðan forsendur hennar eru óbreyttar. Sé slíkt frávik frá 9 mánaða skólaári heimilað, lækkar árlegt kennslumagn hlutaðeigandi grunnskóla í samræmi við það, nema til komi heimild fræðslustjóra að lengja vikulegan kennslutíma.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku, skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð getur, ef skólanefnd æskir, heimilað að kennt sé einungis 5 daga vikunnar, og skal þá lengja daglegan og/eða árlegan starfstíma skólans, sem nemur fækkun daga, svo að nemendur fái á skólaárinu jafnmikla kennslu, hvort sem kennt er 5 eða 6 daga vikunnar.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 5 daga skólaviku skulu starfsdagar teljast vera 177, og skal þá eigi færri en 167 dögum varið til kennslu og prófa, en allt að 10 dögum til annarra þarfa skólans.

Í grunnskólum, er búa við skemmri árlegan skólatíma en 9 mánuði, skal ætla 10 starfsdaga til annarra þarfa skólans. Gildir þetta, hvort sem um er að ræða 5 eða 6 daga skólaviku.

Skólastjóri og kennararáð (skólastjóri og kennarafundur í smærri skólum) ákvarða, hversu ráðstafa skuli þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa. Skal sú ákvörðun birt nemendum og kennurum við upphaf skólaárs, ásamt skrá um, á hvaða daga lögboðin leyfi falla á skólaárinu. Heimilt er þó að víkja frá þeirri skrá hvað starfsdaga varðar, teljist það nauðsynlegt að dómi framangreindra aðila. Sé heimildin til að verja þessum dögum til annarra þarfa en kennslu og prófa ekki nýtt að fullu, fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

Geti grunnskóli ekki fullnægt ákvarðaðri starfsdagaskyldu sinni á reglulegum starfstíma, skal starfstíminn framlengdur, unz fullum starfsdagafjölda er náð, þó eigi um lengri tíma en eina viku. Telst skólaári þá lokið.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

Við 51. gr. Greinin orðist svo:

Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á stérstofnun samkvæmt 53. gr. Kennslan fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynnna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

Við 52. gr.

Kennslu samkvæmt 51. gr. skulu njóta:

a) börn, sem að dómi sérfræðideildar og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
c) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
d) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám.

Við 53. gr.

Greinin orðist svo:

Þeim börnum, sem um getur í a) og b)-lið 52. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkvæmt þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðideildar um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c), d) og e)-lið 52. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðideild, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

Við 55 gr.

Tilvísun í málsgreinar er röng; á að vera skv. 3. mgr. (ekki 2. mgr.) og skv. 4. mgr. (ekki 3. mgr.). Við gr. bætist ný mgr.: Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

Við 59. gr.: Brott falli í lok fyrri málsgreinar orðin: „þ. e. í 3., 6. og 9. bekk grunnskóla".

Við 68. gr.

4. mgr., a-liður, orðist svo:

a) í 1.—6. bekk, einn sálfræðingur í fullu starfi, félagsráðgjafi í hálfu starfi og sérkennari í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur;

Við 73. gr. Greinin orðist svo:

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, svo sem hér greinir:

a) skólasálfræðingar skulu hafa lokið háskólanámi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði;
b) félagsráðgjafar skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf;
c) skólaráðgjafar skulu annaðhvort hafa lokið kennaraprófi og framhaldsnámi í uppeldisfræði og skyldum greinum eða hafa lokið BA-prófi í sálar- og uppeldisfræði, hvort tveggja auk viðbótarnáms og/eða starfsþjálfunar, er nánar verði kveðið á um í reglugerð;
d) sérkennarar skulu hafa lokið kennaraprófi og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda.

Forstöðumenn sálfræðideilda skulu vera skólasálfræðingar og hafa a. m. k. þriggja ára starfsreynslu að loknu almennu námi til þess að hljóta skipun í starf. Þeir skulu og vera færir um að leiðbeina byrjendum í starfi.

Við 75. gr.

Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., svofelld:

Þeir, sem lokið hafa námi í bókasafnsfræðum og jafnframt öðlazt kennsluréttindi á grunnskólastigi, skulu sitja fyrir öðrum um störf skólabókavarða.

Við 77. gr.

Á eftir fyrstu setningu greinarinnar komi: Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla.

Við 79. gr.

Við aðra málsgrein bætist:

og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

3. málsgrein orðist svo:

Hámarksfjölda kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

Við 80. gr.

a) Stundafjölda til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjölda skv. 79. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.

Við 82. grein bætist ný málsgrein:

Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

Við 84. gr.

Greinin orðist svo:

Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 53. gr. um kennslu í sérstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

Við 86. gr.

Við næst síðustu mgr. bætist: Heimilt er ráðuneytinu þó að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Við 88. gr.

Á eftir stafliðunum a)—e) komi ný málsgrein svohljóðandi:

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Við bætist nýr liður:

f) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Við 91. gr.

Við fyrri málsgrein greinarinnar bætist: Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Um 4. gr.

Bæði á fundum um grunnskólafrumvarpið og eins í umsögnum hefur verið að því vikið, að rétt muni að láta heimildina um útibú frá aðalskólum ná til fleiri árganga en 7 og 8 ára. Grunnskólanefnd mælir með því, að bætt verði við einu ári, þannig að heimildin nái yfir aldursskeiðið 7—9 ára eða þrjú fyrstu skólaárin.

Nefndin getur hinsvegar ekki mælt með því, að 10 ára börn njóti skólavistar í útibúum. Búast má við því, að mörg útibúanna verði fámenn, og örðugt um aðgreiningu aldursflokka, ef ekki ómögulegt. Á 11. aldursári er námsaðgreining orðin það mikil, að hæpið er að árangur kennslu verði að gagni, nema um aldursaðgreiningu verði að ræða í náminu.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis, að menntamálaráðuneytið geti hlutazt til um, að sveitarfélög geri úrbætur í skólamálum sínum, séu framkvæmdir ekki í samræmi við lögin. Vanrækslan kann að stafa af fjárskorti sveitarfélags, sem ekki er unnt að ráða bót á á skömmum tíma. Eins kann það að koma fyrir, að fjárhagsgeta sveitarfélags leyfi ekki þann byggingarhraða, sem eðlilegur er og hagkvæmur.

Ákvæðum þessum er ætlað að ráða nokkra bót á þessu, þannig að greiðslubyrði sveitarfélaganna verði dreift á fleiri ár. Við ákvörðun lánakjara má tryggja það, að ríkissjóður verði skaðlaus af þessum viðskiptum, þegar horft er til langs tíma. Útgjaldaauki ríkissjóðs af þessum sökum gæti orðið nokkur fyrstu árin, en er tímar líða verður hér um að ræða tilfærslu lánsfjár milli sveitarfélaga.

Eðlilegt er, að Samband íslenzkra sveitarfélaga geti haft áhrif á ráðstöfun fjárins með aðild að samningu reglugerðar og úthlutun lána samkvæmt henni.

Um 11. gr.

1) Ábendingar hafa komið fram um, að rétt sé að fjölga í fræðsluráðum upp í 7 manns. Á viðræðufundi, er grunnskólanefndarmenn áttu með allsherjarnefnd á Búnaðarþingi, voru þau rök m. a. færð fyrir þessu, að í sumum landshlutaumdæmum væri atkvæðaafl kaupstaða og kauptúna mikið, og ástæða til að óttast, að fulltrúar sveita fengju ekki mann kjörinn í 5 manna fræðsluráð. Telur nefndin rétt, að landshlutasamtök ráði, hvort fræðsluráð eru skipuð 5 eða 7 mönnum.
2) Hér er gert ráð fyrir fundarsetu skólastjóra, er sitji fundi fræðsluráða vegna starfa sinna. Það girðir þó að sjálfsögðu ekki fyrir, að kennarar megi kjósa skólastjóra sem fulltrúa sína hjá fræðsluráðum.
3) Ábendingar hafa komið fram um, að rétt sé að fræðsluráð gangist árlega fyrir fundum með skólastjórum og skólanefndarformönnum í umdæminu. Nefndin telur, að slíkir fundir gætu orðið mjög gagnlegir, m. a. vegna samræmingar á ýmsum sviðum skólastarfs og til kynningar á nýjungum.

Um 15. gr.

Hin fyrirhuguðu fræðsluumdæmi eru hvert öðru ólík, hvað innri aðstæður varðar. Má í því sambandi benda á mörg og fjölmenn byggðarlög á Reykjanesi, sérstöðu kaupstaða o. s. frv. Þykir rétt, að landshlutasamtök og menntamálaráðuneyti hafi heimild til þess að fela einstökum starfsdeildum, er þau starfrækja, meðferð skólamála á tilteknu svæði, undir stjórn fræðsluráðs og fræðslustjóra.

Um 18. gr.

Að sjálfsögðu er ætlazt til, að sá háttur haldist, að skólastjórar hafi málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Orðalag grunnskólafrumvarpsins hefur valdið misskilningi, og þykir því rétt að taka af öll tvímæli.

Um 20. gr.

Á fundum og ráðstefnum hefur gætt nokkurrar óánægju yfir því, að lokaúrskurður í hugsanlegu deilumáli milli skólastjóra og kennararáðs (kennarafundar) skuli eiga að vera í höndum fræðslustjóra. Að gefnu tilefni telur nefndin rétt að breyta orðinu „lokaúrskurð“ í úrskurð.

Um 21. gr.

Þar sem foreldrafélag er starfandi við grunnskóla, á fulltrúi þess að eiga rétt til setu á kennarafundi með málfrelsi og tillögurétti. Slíkt ætti að geta orðið til þess að auka skilning og samstarf milli skóla og foreldra og gagnkvæman stuðning.

Um 22. gr.

Miklar umræður eiga sér stað bæði hér og erlendis um stöðu nemenda í stjórnkerfi skóla. Á fundum um grunnskólafrumvarpið hafa komið fram mjög deildar meiningar um þetta. Þykir sumum, að hér eigi nemendur hvergi nærri að koma, en aðrir leggja hins vegar til, að í nemendaráði eigi sæti nemendur allt frá 7 ára aldri. Grunnskólanefnd telur, að hér muni bezt að fara bil beggja, gera ráð fyrir nemendaráðum í 7.—9. bekk og ætla jafnframt formanni þess nemendaráðs setu á fundum kennararáðs, svo og á kennarafundum. Slíkt ætti að geta verið þroskandi fyrir nemendur og til þess fallið að auka samstarf skólastjóra, kennara og nemenda.

Um 24. gr.

Ábendingar hafa komið fram um, að réttari viðmiðun, skv. b)-lið sé „útsvarsskyldar tekjur“, en „tekjur“ vegna mismunandi álagningarreglna í sveitarfélögum. Eru þær ábendingar teknar til greina.

Um 25. gr.

Réttara þykir að orða greinina þannig, að aðstaða verði til náms utan kennslustunda heldur en til undirbúnings kennslustunda næsta skóladags.

Ábendingar hafa komið fram um að setja beri ákvæði í frv. um aðstöðu í skólahúsum til þess að neyta þar málsverðar. Nefndin telur rétt að breyta frv. í þessa átt.

Um 31. gr.

Starfsheiti aðstoðarskólastjóra er breytt í „yfirkennari“ í samræmi við fram komnar tillögur.

Til þess að taka af öll tvímæli er og talið rétt að taka fram, að verði umsagnaraðilar, — skólanefnd, skólastjóri og kennararáð, — sammála um að mæla með tilteknum umsækjanda, sé menntamálaráðinu skylt að ráða hann. Þess skal getið, að samkvæmt frumvarpinu hefur staða yfirkennara (aðstoðarskólastjóra) þá sérstöðu, að hámarksráðningartími er fimm ár.

Um 32. gr.

Nefndin taldi rétt að bæta við þessa grein ákvæði um réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðaskóla, þegar lög þessi öðlast gildi. Þeir kennarar við umrædda skóla, sem hafa réttindi samkvæmt lögum, halda þeim að sjálfsögðu, þótt ný skipan taki gildi.

Um 34. gr.

Til að forðast misskilning er rétt, að í upphafi 1. málsgreinar standi „setur eða skipar".

Jafnframt telur nefndin rétt að kveða skýrar að orði varðandi umsagnarrétt skólastjóra um ráðningu skólaráðskonu. Þá leggur nefndin til, að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvenna. Hlutverk skólaráðskvenna er mikilvægt, og því rétt, að þessi heimild sé fyrir hendi.

Um 37. gr.

Frumvarpið gengur út frá þeirri almennu reglu, að skólastjóri við heimavistarskóla fari jafnframt með yfirstjórn heimavistar.

Á fundum hefur verið bent á, að vandkvæði geti verið á því fyrir skólastjóra að sinna einnig yfirstjórn heimavistar. Þykir því rétt, að heimilt sé að ráða sérstakan heimavistarstjóra.

Hentugt virðist í vissum tilfellum að geta ráðið sama kennara að fleiri en einum skóla. Einkum á það við um kennara í sérgreinum, sem ekki fylla vinnuskyldu kennara við litinn skóla, svo sem í tónlist og leikfimi, en einnig í öðrum greinum.

Samkvæmt breytingartillögunni er heimilt að ráða kennara, sem ferðast á milli skóla til þess að anna þessari kennslu. Er hér ekki um aukna kennslu að ræða, þar sem störf þessara kennara falla undir stundafjölda viðkomandi skóla.

Um 42. gr.

Þessi grein grunnskólafrumvarpsins hefur nokkuð verið til umræðu á fundum, sem um það hafa verið haldnir.

Leggur nefndin til, að á henni verði gerðar breytingar. Nefndin telur þó ekki unnt að víkja frá því meginatriði, að reglulegur starfstími grunnskóla verði 9 mánuðir, þar sem því verður við komið, og að frávik verði ekki meiri en svo, að tryggt sé, að það skaði sem minnst námsferil nemanda. Eftir athuganir á því, hvaða lágmarkstíma þurfi að ætla til að anna kjarnanámskrá, telur nefndin ekki fært að færa árlegan kennslutíma neðar en hér er lagt til eða í 68¼ mánuð á 9 árum skyldunámsins á móti 81 mánuði í skóla með fullum starfstíma. Er lækkunin gerð til þess að koma til móts við óskir þar að lútandi. Frekari breytingar í þá átt telur nefndin ekki unnt að gera án þess, að yfirgefin sé sú jafnréttisstefna, sem frumvarpið að öðru leyti miðast við.

Þá telur nefndin rétt, að heimiluð verði ýmist 5 eða 6 daga skólavika, og verði á valdi skólanefnda og fræðsluráða að ákveða það með tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju byggðarlagi og hins aukna daglega álags á nemendur og húsnæði, sem 5 daga kennsluvika hefur í för með sér.

Þá gerir nefndin um það tillögu, að skólastjóri og kennarar hvers skóla ráði, hvernig varið sé þeim 10—15 dögum, sem til ráðstöfunar eru til annars en kennslu og prófa. Einnig gerir nefndin tillögu um, að framlenging starfstíma skóla, sem ekki getur hafið starf í tæka tíð, verði takmörkuð við eina viku, og að heimild til sumarskólahalds nái til fyrstu 6 skólaáranna.

Um 51.—53. gr.

Hér er reynt að marka skýrar verkaskiptingu milli grunnskólans og sérstofnana fyrir afbrigðilega nemendur. Aðalreglan er sú, að sem allra flestir nemendur sæki grunnskóla, en starf grunnskólans verði lagað að þörfum þessara nemenda eftir því, sem hentast þykir og unnt er. Sálfræðideild metur vafatilvik, sem upp kunna að koma.

Um 55. gr.

Bætt er við nýrri mgr. um, að reglugerð skuli sett, er nánar kveði á um framkvæmd þessarar lagagreinar. Er þetta gert í samræmi við ýmsar ábendingar.

Um 59. gr.

Nefndin telur eðlilegt, að orðið verði við fram komnum tillögum um að fella niður lokaorð 1. málsgreinar: „þ. e. í 3., 6. og 9. bekk grunnskóla“, enda verði fjallað um þetta atriði í reglugerð.

Um 68. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu til samræmis við breytingar á 73. gr.: orðið „sérkennari“ er notað í stað „sérfróður kennari“. Geta má þess, að samtök umræddra kennara nota fyrrgreinda starfsheitið.

Um 73. gr.

Greinin hefur verið alveg umrituð m. t. t. skýrari framsetningar. Þá eru og gerðar eftirfarandi efnisbreytingar:

1) Um menntun skólaráðgjafa er því bætt við, að auk ákvæðanna, sem fyrir voru í greininni, geti verið um að ræða aðila, sem hafa kennarapróf og framhaldsnám í uppeldisgreinum, er reglugerð verði sett um, sbr. 74. gr.
2) Sett eru ákvæði um menntun sérkennara við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, og eru þau í samræmi við tillögur Félags íslenzkra sérkennara.
3) Ákvæði um 5 ára starfsreynslu forstöðumanna sálfræðideilda er breytt í „þriggja ára starfsreynslu“, þar sem fyrra ákvæðið var talið mundu þrengja um of kosti deildanna, einkum þeirra, sem eru úti á landi, til að ráða sér slíka starfsmenn.

Um 77. gr.

Breytingin miðar að því að taka af allan vafa um greiðsluskyldu ríkisins vegna forskólahalds.

Um 79. gr.

Hámark stundafjölda samkvæmt þessari grein er miðað við heildarfjölda nemenda í skólahverfinu öllu. Þar sem fleiri en ein skólastofnun á grunnskólastigi starfar innan skólahverfisins, skiptist stundafjöldinn milli þeirra. Viðauki við 2. málsgrein frumvarpsins lýtur að því að taka af allan vafa um, hver annast skuli skiptingu stundafjöldans milli skólanna.

Breyting á 3. málsgrein er til þess gerð, að ekki ríki sá misskilningur, að ákvæði stafliða a) til d) séu bindandi og ófrávíkjanleg, sbr. 1. og 10. málsgrein.

Um 80. gr.

Við athugun þótti nefndinni rétt að fallast á þá skoðun, að ákvæði a)-liðar þessarar greinar mundu vera í knappasta lagi fyrir stærri skóla. Nefndin telur því rétt að breyta greininni í það horf, að öllum skólum sé ætlaður stundafjöldi til stjórnunarstarfa, er nema 7% af hámarki kennslustundafjölda skv. 79. gr. Á það skal þó bent, að eftir sem áður fá litlir skólar hlutfallslega fleiri stundir til stjórnunarstarfa en stórir skólar, en því valda ákvæði 79. gr. Breyting þessi mun auka launakostnað um 2.5—3 millj. kr. á ári.

Um 82. gr.

Í samræmi við breytingartillögu við 37. gr. er hér gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ferða- og dvalarkostnað vegna þeirra kennara, sem breytingartillagan fjallar um.

Um 84. gr.

Ákvæðin í upphafi eru færð til samræmis við ákvæði 51. og 53. gr. Þá var og horfið að því, að kennslumagn þessara skóla skyldi ákveðið í reglugerð, svo sem nú er, og sú reglugerð taki einnig til starfshátta og fyrirkomulags þessara skóla.

Um 86. gr.

Skv. frumvarpinu skal ríkissjóður endurgreiða sveitarfélögum sinn hluta viðhaldskostnaðar árlega eftir á. Æskilegt væri að greiða þennan kostnað jafnóðum, en framkvæmdaörðugleikar eru á því. En þau ár, sem mikill viðhaldskostnaður fellur á einstök sveitarfélög, er æskilegt að heimila ráðuneytinu endurgreiðslu kostnaðarins fyrr en ella.

Um 88. gr.

Í breytingartillögu við 15. gr. er gert ráð fyrir, að heimilt sé að fela starfsdeildum innan landshlutasamtakanna að annast hluta af starfsemi fræðsluskrifstofu. Breyting á þessari grein kveður á um, að sú heimild breyti í engu fjárframlögum ríkissjóðs til rekstrar fræðsluskrifstofu.

Nefndinni þótti og ástæða til að taka tillit til mismunandi aðstæðna í fræðsluumdæmum að því, er ferðakostnað varðar.

Um 91. gr.

Til þess að marka ákveðna stefnu um framkvæmdartíma lengdrar skólaskyldu er bætt við ákvæði um, að hún skuli koma til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna. Voru 6 ár hér talin vera hæfilegur undirbúningstími.

Þess skal getið, að nefndarmenn eru á einu máli um framangreindar breytingartillögur.

Virðingarfyllst,

Birgir Thorlacius,
formaður.

Sþ. 10. Fyrirspurnir. [10. mál]

I. Til menntamálaráðherra um almenningsbókasöfn.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hvað líður endurskoðun laga um almenningsbókasöfn?
2. Hvenær má vænta þess, að frumvarp um málið verði lagt fyrir Alþingi?

II. Til fjármálaráðherra um laxveiðileyfi.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hafa einhverjar ríkisstofnanir leyfi til þess samkvæmt lögum eða reglugerðum að kaupa laxveiðileyfi handa starfsmönnum sínum eða þeirra gestum?

III. Til samgönguráðherra um bætur til bænda vegna vegagerðar.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hve mikið er ógreitt af bótum til bænda vegna girðingakostnaðar og ýmiss konar jarðrasks, sem orsakast hefur af framkvæmdum Vegagerðar ríkisins?

IV. Til menntamálaráðherra um reglur fyrir umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hverjir fjölluðu um það samkomulag, sem í bréfi menntamálaráðuneytisins til skólastjóra, dags. 8. marz 1973, segir, að orðið hafi „um að láta reglur skólaársins 1971/1972 fyrir umsjónar- og eftirlitsstörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi gilda einnig skólaárið 1972/1973“?

V. Til forsætisráðherra um Seðlabanka Íslands.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hver er stjórnarfarsleg staða Seðlabankans gagnvart ráðherra?
2. Þar sem ráðherra fer með „yfirstjórn“ bankans, verður þá ekki að telja það í samræmi við lög, að bankinn þurfi að fá heimild ráðherra, þegar hann ræðst í byggingarframkvæmdir, sem munu að öllum líkindum kosta um 500 milljónir króna?
3. Hefði ráðherra bankamála ekki tök á því, sbr. 24. gr. l. nr. 10/1961, að stöðva byggingarframkvæmdir Seðlabankans við Arnarhól, ef honum byði svo við að horfa?

VI. Til fjármálaráðherra um endurskoðun skattalaga.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hvað líður störfum skattanefndar og endurskoðun skattalaganna?
2. Eru fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skattheimtu ríkissjóðs og þá hverjar?
3. Hvenær má búast við því, að á komist staðgreiðslukerfi skatta?

VII. Til forsætisráðherra um störf Alþingis.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Telur forsætisráðherra það í samræmi við stjórnskipun Íslands, að Alþingi sé frá störfum sex mánuði á ári?
2. Telur forsætisráðherra, að Alþingi geti sinnt því eftirlitshlutverki, sem því er ætlað, með svo stuttu þinghaldi?

VIII. Til félagsmálaráðherra um innflutning júgóslavneskra verkamanna.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Er fyrirhugað að flytja inn júgóslavneska verkamenn í sambandi við Sigölduvirkjun?
2. Ef svo er, hversu margir verða þeir?
3. Hafa viðkomandi verkalýðsfélög veitt heimild til þess?

IX. Til utanríkisráðherra varðandi landhelgismál.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hversu mörg ríki hafa á einn eða annan hátt viðurkennt 50 sjómílna landhelgi Íslands? Hver eru þau og á hvern hátt hefur viðurkenning átt sér stað?
2. Hefur utanríkisráðuneytið leitað eftir viðurkenningu annarra ríkja á 50 sjómílna landhelgi? Hvaða árangurs er að vænta af því starfi?
3. Mun utanríkisráðherra hlutast til um, að lögð verði greinargerð af Íslands hálfu fyrir Alþjóðadómstólinn, eins og Íslandi stendur til boða að gera fyrir 15. janúar 1974? Hefur sérstakri nefnd eða fræðimönnum verið falið það starf?

Ed. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt niðurlagsákvæði laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, falli þau úr gildi 1. júlí n. k. Á s. l. vori var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, en Alþingi gafst ekki tími til að afgreiða frumvarpið. Er nauðsynlegt að veita Alþingi tíma til að ljúka þessari lagasetningu, en jafnframt óhjákvæmilegt, að á meðan séu í gildi lagareglur um þetta efni. Ber því brýna nauðsyn til að lengja gildistíma núgildandi laga til n. k. áramóta.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um útfærslu fiskveiðilandhelgi Íslands í 200 sjómílur.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Auður Auðuns, Ellert B. Schram, Friðjón Þórðarson, Geir Hallgrímsson, Guðlaugur Gíslason, Gunnar Gíslason, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, Jón Árnason, Lárus Jónsson, Magnús Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að fiskveiðilandhelgi Íslands verði stækkuð þannig, að hún verði 200 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 1974.

Þar sem skemmra er milli Íslands og annarra landa en 400 sjómílur, skal í samræmi við alþjóðlegar venjur miðað við miðlínur milli landa.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leggja fyrir þingið frumvarp um þær breytingar á lögum, sem nauðsynlegar eru vegna útfærslu í 200 sjómílur.

Alþingi leggur nú sem fyrr áherslu á nauðsyn þess, að settar séu strangar reglur um verndun fiskistofna til þess að tryggja sem best hagnýtingu þeirra og koma í veg fyrir ofveiði og að þeim reglum verði fylgt eftir með festu.

Greinargerð.

Síðan Alþingi samþykkti 15. febrúar 1972 útfærslu íslenskrar fiskveiðilandhelgi í 50 sjómílur, hefur þróunin um víðáttu landhelgi verið afar ör. Þegar undirbúningsfundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk í ágústmánuði 1973, var það mat hinna fróðustu manna, að meiri hluti ríkja heims væri orðinn fylgjandi 200 mílna efnahags- eða auðlindalögsögu, en slík lögsaga felur meðal annars í sér fiskveiðilögsögu. Rétt til að sækja ráðstefnuna hafa um 150 þjóðir, en gert er ráð fyrir, að milli 130 og 140 þeirra muni taka þátt í henni. Eftir könnun á viðhorfi ríkja er talið, að 80 ríki hið fæsta og allt að 100 ríkjum muni styðja 200 mílur.

Eftir þann áfanga fyrir rúmu ári, er fært var út í 50 mílur, er það brýn nauðsyn að færa fiskveiðilandhelgina sem fyrst langt út fyrir þau mörk, svo að hún nái yfir allt landgrunnið. Mörg verðmæt fiskimið liggja á landgrunninu utan 50 sjómílna. Er okkur því nauðsynlegt að ráða vernd og veiðum langt út fyrir 50 mílur.

Það hefur verið stefna Íslendinga að fá yfirráð yfir öllu landgrunninu út að ystu mörkum þess. Til þess að ná þessu markmiði er nú sigurvænlegast að styðja

200 mílna stefnuna og framkvæma hana. Þær þjóðir, sem vilja víðáttumikla landhelgi, en hafa mismunandi stórt landgrunn, virðast geta sameinast um 200 mílur. Þar sem við mundum með þeirri leið fá þau fiskimið, sem mestu skipta, og 200 mílurnar ná yfir landgrunnið og sums staðar lengra, samræmist það fyllilega íslenskum hagsmunum að taka upp þá stefnu.

Fyrirhugað er, að hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna verði haldin á næsta ári. Sumir spá því, að henni muni ekki ljúka fyrr en eftir 2—3 ár eða jafnvel síðar. Tvo þriðju atkvæða þarf til, að ályktun verði bindandi fyrir alla, en auk þess þurfa allmörg ríki að fullgilda hana, til þess að alþjóðasamningur komist á, er gildi sem alþjóðalög. Um slíka niðurstöðu er mikil óvissa, og hætta á, að langur tími líði, uns það gæti legið fyrir. Eftir því getur íslenska þjóðin ekki beðið. Til þess er allt of mikið í húfi. Nægilega traustur grundvöllur liggur þegar fyrir undir útfærslu í 200 mílur á næsta ári. Hér skulu nefnd helstu rök:

1. Lífsnauðsyn íslensku þjóðarinnar á að vernda þau fiskimið, sem tilvera hennar byggist á.
2. Sú viðurkennda þjóðréttarregla, að strandríki eigi allar auðlindir í hafsbotni á landgrunni sínu, — og full rök liggja til þess, að hið sama skuli gilda um verðmæti í sjónum yfir hafsbotninum.
3. Samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 18. desember 1972 um, að strandríki skuli eiga rétt til náttúruauðæfa í hafinu yfir landgrunninu.
4. Vitneskjan um, að meiri hluti þjóða heims styður 200 mílna efnahags- og auðlindalögsögu.

Þar sem skipta þarf hafsvæðum eða hafsbotni milli landa, er það alþjóðleg regla að miða við miðlínur milli landanna. Til Grænlands eru um 160 sjómílur og til Færeyja um 210 sjómílur.

Landgrunnslögunum, nr. 44 frá 1948, þarf að breyta til samræmis við þá stefnu, sem hér er mörkuð, og gerir tillagan ráð fyrir því, að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa þá lagabreytingu og leggja fyrir Alþingi.

Verndun og friðun fiskistofna er okkur Íslendingum lífsnauðsyn. Það þarf að gera stærra átak í þeim efnum en gert hefur verið til þess að tryggja sem best skynsamlega hagnýtingu fiskistofnanna. Með tillögunni er lögð áhersla á, að svo verði gert. Að því er snertir skilning á málstað okkar með öðrum þjóðum og stuðning við hann frá þeirra hendi, eru öflugar friðunaraðgerðir grundvallaratriði.

Það er eindregin ósk og von flm. þessarar þáltill. að till. fái stuðning frá öllum stjórnmálaflokkum og að samstaða náist á þingi og með þjóðinni um þetta stórmál.

Á fundi þingflokks og miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins 30. ágúst s. l. var gerð svohljóðandi ályktun um þetta mál:

„Þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins ályktar:

Það hefur verið yfirlýst stefna Sjálfstæðisflokksins, að fiskveiðilögsaga Íslands eigi að ná yfir allt landgrunnið út að ystu mörkum þess með öllum fiskimiðum umhverfis landið. Útfærslan í 50 mílur er áfangi á þeirri leið.

Á síðasta landsfundi flokksins, í maímánuði 1973, var landgrunnsstefnan enn ítrekuð og samþykkt, að fulltrúum Íslands á hafréttarráðstefnunni verði falið að vinna ötullega að fullri viðurkenningu ríkja heims á rétti strandríkis til að stjórna og nytja lífræn auðæfi landgrunnshafsins allt að 200 mílum.

Á undirbúningsfundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem nú er nýlokið, hefur það komið í ljós, að 200 mílna efnahagslögsaga nýtur fylgis meiri hluta þátttökuríkja.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, telja þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins nauðsyn á nýrri ákvörðun af hálfu Íslendinga um víðáttu fiskveiðilögsögunnar, áður en sjálf hafréttarráðstefnan hefst, og lýsa yfir eindregnum stuðningi við 200 mílna fiskveiðilögsögu, en miðað verði við miðlínu milli landa, þar sem vegalengd er minni en 400 mílur.

Þingflokkur og miðstjórn telja rétt, að fiskveiðilögsagan verði færð út í 200 mílur eigi síðar en fyrir árslok 1974.

Sjálfstæðisflokkurinn óskar nú sem fyrr þjóðareiningar um landhelgismálið og mun leita samstöðu á Alþingi um útfærsluna í 200 mílur.“

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um útbreiðslu sjónvarps.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ingvar Gíslason, Jónas Jónsson, Stefán Valgeirsson, Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera þriggja ára áætlun um útbreiðslu sjónvarps með byggingu endurvarpsstöðva eða aðstoð við einstök býli, þar sem ekki næst sending frá slíkum endurvarpsstöðvum, en unnt er að skapa móttökuskilyrði með öðrum hætti. Skal að því stefnt, að öll býli, sem telja má að notið geti sjónvarpsútsendinga með viðráðanlegum stofnkostnaði, hafi fengið þá aðstöðu að framkvæmdatímabilinu loknu.

Til framkvæmda samkvæmt áætlun þessari skal aflað fjármagns þannig, að þær geti hafist á árinu 1974.

Greinargerð.

Í svari við fyrirspurn, sem lögð var fram á síðasta þingi, kom fram, að 471 býli bjuggu í lok ársins 1972 við slæm eða ónothæf skilyrði til móttöku sjónvarpsútsendinga. Á síðasta þingi var einnig upplýst, að 82 býli í Vestfjarðakjördæmi voru án sjónvarpsmóttöku í lok ársins 1972 og 27 bjuggu við ónothæf skilyrði, eða samtals 109 býli. Í Austfjarðakjördæmi voru 73 býli án skilyrða til móttöku, en 43 með ónothæf skilyrði, eða samtals 116 býli. Í Norðurlandskjördæmi vestra mun fjöldinn vera svipaður, en færri í öðrum kjördæmum, einkum á Suðurlandi og að sjálfsögðu á Suðvesturlandi, þar sem nánast allir munu geta notið sjónvarps.

Samkvæmt upplýsingum Landssímans hefur nánast ekkert verið unnið að útbreiðslu sjónvarps á þessu ári. Ekki hefur verið unnið að framkvæmdum samkvæmt framkvæmdaáætlun þeirri, sem Landssíminn hafði gert. Er kennt um fjárskorti Ríkisútvarpsins. Þó hafa orðið smávægilegar breytingar. Á síðastliðnum vetri var komið upp bráðabirgðaaðstöðu til endurvarps sjónvarps fyrir hluta af Árneshreppi í Strandasýslu, og á þessu hausti má gera ráð fyrir því, að bæir á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu fái skilyrði til móttöku sjónvarps. Við þetta getur ofangreind tala lækkað um 12—15 býli. Aftur á móti munu nokkur býli vantalin í ofangreindum fjölda. Niðurstaðan verður því sú, að lítil sem engin breyting hefur orðið frá þessari talningu.

Sá fjöldi íbúa landsins, sem ekki fær notið sjónvarps, er ekki mikill. Það er aðeins um 1 af hundraði landsmanna. Þetta er hins vegar yfirleitt sá hluti íbúanna, sem býr í hinum afskekktustu byggðum, er í mörgum tilfellum innilokaður vikum, ef ekki mánuðum saman, vegna snjóa, býr við erfiðustu skilyrði að ýmsu öðru leyti, t. d. með tilliti til heilbrigðisþjónustu, menntamála o. fl., og telja má, að örugglega eigi örðugast með aðgang að listum, fræðslu og skemmtunum ýmiss konar, m. a. þeim, sem kostaðar eru af opinberu fé. Þetta eru með öðrum orðum yfirleitt þeir íbúar landsins, sem segja má að hafi einna mesta þörf fyrir sjónvarpið. Það mundi skapa þessu fólki ómetanlegan aðgang að ýmiss konar fræðslu, listum og skemmtun, sem það fær annars ekki notið, og ný tengsl við umheiminn.

Að sjálfsögðu á að líta á það sem skyldu þjóðarinnar allrar að skapa landsmönnum, hvar sem þeir búa, sem líkust lífskjör. Að ýmsu leyti er útilokað að

tryggja algjöran jöfnuð lífskjara. Sjónvarpið er hins vegar bæði ákaflega mikilvægur þáttur í nútíma lífskjörum og auk þess vel viðráðanlegt fyrir þjóðina að veita landsmönnum, nánast því öllum, aðstöðu til afnota sjónvarps.

Landssíminn hefur ekki gert áætlun um kostnað við útbreiðslu sjónvarps til allra þeirra býla, sem þess njóta ekki í dag. Á síðasta þingi komu þó fram ýmsar upplýsingar um þetta. Hæstvirtur félagsmálaráðherra sagði í svari við fyrrnefndri fyrirspurn, að Landssíminn áætlaði, að einstök endurvarpsstöð kostaði a. m. k. 1,5 millj. kr. Miðað við 150 endurvarpsstöðvar yrði kostnaðurinn því 225 millj. kr. Annar háttvirtur þingmaður fullyrti, að kostnaðurinn væri um 1 millj. kr. fyrir hverja endurvarpsstöð að meðaltali, eða samtals um 150 millj. kr. Þess ber þó að gæta, að iðulega má leysa vandamál einstakra bæja með því að leggja kapal með mögnurum að sjónvarpsloftneti, sem er staðsett í nokkurri fjarðlægð. Efnis- og uppsetningarkostnaður fyrir rúmlega 2 km leiðslu hefur nýlega verið áætlaður um 180 þús. kr. Kapallinn þyrfti að leggjast í jörðu, en gröftur er ekki meðtalinn í þessari upphæð. Líklega yrði heildarkostnaðurinn einhvers staðar á milli ofangreindra upphæða og óumdeilanlega vel viðráðanlegur.

Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að gerð verði þriggja ára framkvæmdaáætlun um útbreiðslu sjónvarpsmóttöku í dreifbýli. Þetta er þýðingarmikið til þess að menn fái að vita, hvenær þeir mega gera ráð fyrir því, að þeim verði sköpuð slík aðstaða.

Í þessari framkvæmdaáætlun þarf bæði að gera ráð fyrir byggingu endurvarpsstöðva og lagningu kapla að fjarlægum loftnetum, þar sem endurvarpsstöðvum verður ekki við komið. Í mörgum tilfellum má jafnvel telja líklegt, að því yrði tekið fegins hendi að fá afhent efni og tæknilega aðstoð gegn því, að heimamenn sæju sjálfir um gröft og frágang.

Ljóst er, að tekjur Ríkisútvarpsins af þessum viðbótarnotendum eru hverfandi miðað við kostnað. Ekki virðist þó ástæða til að fjölyrða um það. Sú sjálfsagða skylda að skapa íbúum landsins sem líkust lífskjör verður ekki metin til fjár. Hins vegar sýnir sú reynsla, sem fengin er, að Ríkisútvarpinu er ekki kleift að standa straum af umræddum framkvæmdum af eigin tekjum og þeim fjárframlögum, sem tíðkast hafa. Því er nauðsynlegt að afla fjármagns í þessu skyni umfram það, sem nú er.

Sjónvarpið er orðinn æði mikilvægur þáttur í lífskjörum manna, enda leggja þeir landsmenn, sem ekki fá notið sjónvarps, á það ríka áherslu, að úr því verði bætt. Aðstaða til sjónvarpsmóttöku getur einnig vafalaust haft töluverð áhrif á þróun byggðar á viðkomandi svæðum.

Það er von flutningsmanna, að Alþingi líti á það sem sjálfsagða skyldu þjóðarinnar að veita sem allra flestum landsmönnum aðgang að þessum eftirsóttu lífsgæðum. Jafnframt er því treyst, að tillaga þessi fái fljóta afgreiðslu, þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu 1974, enda munu fyrirliggjandi hjá Landssímanum nægar áætlanir á þessu sviði fyrir það ár og þriggja ára framkvæmdaáætlun ætti að geta orðið tilbúin mjög fljótlega.

Sþ. 14. Fyrirspurn [14. mál]

til menntamálaráðherra um dreifingu sjónvarps og tekjustofna sjónvarps.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvað hefur miðað með dreifingu sjónvarps á yfirstandandi ári?
2. Hver hafa orðið aðflutningsgjöld af innflutningi sjónvarpstækja síðustu 5 ár, og hvað er áætlað, að þau verði á yfirstandandi ári og því næsta?
3. Eru áform uppi um aðrar tekjuöflunarleiðir, til þess að unnt verði að ljúka dreifingu sjónvarps til allra landsmanna innan eðlilega langs tíma?

Nd. **15. Frumvarp til laga** [15. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. apríl 1967, orkulögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram, skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði, en óvissa ríkir um. Með þau svæði, sem óvissa ríkir um, skal farið sem háhitasvæði, þar til rannsókn leiðir annað í ljós.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins, að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna, sem renni í Orkusjóð.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 5 ára frá gildistöku laganna.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt uppdráttum og öðrum þeim upplýsingum um fyrirhugað jarðhitaver, sem ráðherra krefst. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþingi til meðferðar.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans, nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar, ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós, að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum eða öðrum náttúrulegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir, ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði, sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 3. mgr.

3. gr.

15. gr. orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

4. gr.

Upphaf 16. gr. orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ...

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um, hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

6. gr.

Á eftir staflið d. í 1. mgr. 68. gr. komi ný setning, svo hljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 10. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp sama efnis var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Frumvarpið er nú flutt að nýju með þeim breytingum, að sérstakt ákvæði er í 2. mgr. 2. gr. um sveitarfélög og í 5. mgr. 2. gr. kemur orðið „verðmæti“ í staðinn fyrir „kostnaðarverð“. Athugasemdum við frumvarpið hefur verið breytt í samræmi við þessar efnisbreytingar.

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Sveitarfélög, sem eignazt hafa land á háhitasvæði við gildistöku laganna, skulu hafa forgangsrétt til nýtingar háhitans á því landi í fimm ár og vera undanþegin gjaldi fyrir vinnsluna, ef þau sækja um vinnsluleyfi á forgangsréttartímabilinu.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk, að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður bezt hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið, að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki eru í íslenzkum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeiganda niður á við, en talið hefur verið, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignarréttur, bls. 46.)

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri, sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru. Skv. lögunum er landeiganda rétt að hagnýta sér hveri og laugar, eins og honum þykir bezt henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögunum, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða lofsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verði aðskilið, þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögunum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera eða laugarvatns.

Í lögunum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- og afnotarétt á jarðhita á landareign sinni með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, l. nr. 38 frá 1940, l. nr. 101 frá 1940, l. nr. 114 frá 1943 um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, l. nr. 40 frá 1948, 47. gr. l. nr. 102 frá 1962, l. nr. 36 frá 1961, l. nr. 55 frá 1961, l. nr. 28 frá 1963 og l. nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Líndal með nefnd-

inni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frumvarpsins fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson „Um eignar- og umráðarétt jarðhita".

Í frumvarpi þessu var svo hljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar."

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né hinu næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, III. kafla, voru l. nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. l. nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir, að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi þannig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar, bæði á þann hátt að ákveða, að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum og í jarðhitalöndum eins og Nýja Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita, sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgisku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer i Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ýtarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til, að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins

um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.

Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er, að það er þjóðarheill fyrir beztu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram til þessa.

Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði, sem þarf til víðtækra rannsókna á háhitasvæðum, til borunar og vinnslu jarðhitans.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar, er ekki við því að búast, að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur og að verða einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum, sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeiganda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti, sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, bera honum fullar bætur fyrir.

II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt, að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í fimm háhitasvæði hefur fundizt yfir 200° C hiti á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til, að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV—NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið, að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):
Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40° C).
Mýrdalsjökull (undir jökli, íblöndunar jarðhitavatns verður vart í ám).
Tindafjallajökull (einungis laugar um 50° C).
Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).
Nauthagi (einungis laugar allt að 68° C).
Kaldakvísl (einungis laugar og hverir, minna en 100° C).
Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborði).

Auk þess er líklegt, að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundizt merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðunum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn, sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sótzt eftir henni. Helzt hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verði óvissa um umráðarétt á jarðhita, sem unnin er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.


Um 1. mgr. Í grein þessari er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði, sem víst er, að eru háhitasvæði. Þau jarðhitasvæði, sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.


Um 2. mgr. Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgrein, tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð.

Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar og er því eðlilegt, að þau séu látin fylgja með jarðhitanum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

Um 3. mgr. Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið, að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjaness, Svartsengis, Krísuvíkur, Hengils, Námafjalls, Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að mestu lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því, sem fé er veitt til.

Um 4. og 5. mgr. Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum, og heldur ekki réttur til hvera og annars náttúrulegs jarð-


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Þekkt og líkleg háhita
Kerlingarfjöll
Prestahnúkur
Geysir
Hengill
Reykjanes
Tindfjöll


ði á Íslandi
Þeistareykir
Krafla
Námafjall
Fremrinámur
Hrúthálsar
Askja
Vonarskarð
Kverkfjöll
Kaldakvísl
Grímsvötn
SKÝRINGAR:
Gosbelti
Háhitasvæði
0
50
100 km
B-Ým. Tnr. 342_Fnr. 10933

hita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helzt smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Landeiganda er samkvæmt lögum þessum óheimilt að bora eftir jarðhita í háhitasvæði.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. Meginstefna þessa ákvæðis er, að Alþingi ákveði með löggjöf, hvernig skipa skal hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa og gegn spjöllum á umhverfi svo og önnur skilyrði, sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það, sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu, sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Þess eru dæmi, að sveitarfélög eigi land á háhitasvæðum og hafi látið framkvæma rannsóknir á þeim með vinnslu fyrir augum eða byrjað vinnslu á háhitasvæðum og má vænta þess, að þau verði látin njóta þess, er ákvarðanir verða teknar um nýtingu háhitasvæða og við ákvörðun gjalds.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða, sem setja skal í leyfi.

Grundvallarsjónarmið við nýtingu háhitasvæða er, að aðeins einn aðili hafi á hendi vinnslu varmans á hverju svæði. Leyfi Alþingis þarf til slíkrar vinnslu. Hvert háhitasvæði er sérstakt rennsliskerfi og vinnsla á einum stað hefur meiri og minni áhrif á kerfið í heild. Árekstrarhættu væri boðið heim með því að leyfa fleiri óháðum aðilum að vinna varma úr sama háhitasvæðinu. Þó er gert ráð fyrir, að ábúendur og aðrir, sem búa í nágrenni háhitasvæða, kunni að óska eftir leyfi til borunar vegna minni háttar nýtingar og getur ráðherra veitt slíkt leyfi. Þessi minni háttar nýting mun ekki hafa áhrif á jarðhitasvæðin, en líklegt er, að stórfelld varmavinnsla á svæðinu gæti valdið truflun á henni. Leyfi til minni háttar nýtingar yrðu því að vera háð því skilyrði, að hún víki, ef hagsmunir hennar og meginnýtingar svæðisins fara ekki saman. Hámarksrennsli, sem minni háttar nýting mætti draga úr svæðinu á hverjum stað, er 50 kg/sek., en það er svipað rennsli og búast mætti mest við úr einni borholu.

Eðlilegt er, að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs, sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundraðshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola, sem notaðar eru til vinnslu varmans.

Um 2. mgr. Með ákvæði þessu er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna. Ákvæði þetta hefur í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en fimm ár eru liðin frá gildistöku laganna og fram er komið hversu víðtæks vinnsluleyfis sveitarfélag óskar, en með ákvæði þessu er komið til móts við þau sveitarfélög, sem keypt hafa land á háhitasvæði með nýtingu háhitans í huga. Þá er sveitarfélögunum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verður ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu, sem þau ákveða og sækja um á næstu fimm árum eftir gildistöku lag-

anna. Ekki þykir fært að veita sveitarfélögum ótakmarkaða undanþágu frá lögunum eða ótímabundinn forgangsrétt til vinnsluleyfis, þar eð slíkt mundi leiða til þess, að sá hluti háhitasvæðis, sem ekki er í eigu sveitarfélags, verður ekki skipulagður til hlítar vegna óvissu um framtíðaraðgerðir sveitarfélags.

Um 3. mgr. Upplýsingar, sem ráðherra þarf að krefjast, eru m. a., að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja, að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað, að Orkustofnun geti fylgzt með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

Um 4. mgr. Gert er ráð fyrir því, að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

Um 5. mgr. Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- og sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði, með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlun og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhola en frá árinu 1965.

Um 6. mgr. Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveri eða annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði. svo og þeir, sem byrjað hafa vinnslu jarðhita á háhitasvæði.

Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heita grunnvatnsins. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs, svo að hverir þorna, eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði, sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufustreymi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi, þar sem minni varmi berst að neðan.

Um 3. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um, að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknar að henni lokinni.

Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði og komi fullt endurgjald fyrir.

Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að Orkustofnun geti fylgzt með öllum borunum á meira dýpi en 100 metra. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynnri borholum kemur helzt til greina, þegar borað er rétt við hveri í þeim tilgangi að auðvelda beizlun þess vatns, sem í hverunum er.

Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr., að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð, er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna skal vera: Lög um rétt manna til starfsheitis.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, sem verða 10., 11., 12. og 13. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

10. gr.

Rétt til að kalla sig auglýsingateiknara hafa þeir einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

11. gr.

Engum má veita leyfi það, sem ræðir um í 10. gr., nema hann hafi lokið tilskildum prófum frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða sambærilegum lista- eða listiðnaðarskóla erlendis, sem nýtur viðurkenningar Myndlista- og handíðaskóla Íslands, og að auki fengið starfsþjálfun eða stundað framhaldsnám hjá viðurkenndum teiknara eða viðurkenndum skóla að mati Myndlista- og handíðaskóla Íslands og stéttarfélags auglýsingateiknara í a. m. k. tvö ár. Að fengnum meðmælum stéttarfélags auglýsingateiknara, má þó veita þeim undanþágu frá tveggja ára starfsþjálfun eða framhaldsnámi, sem stundað hafa störf teiknara í fimm ár samfleytt fyrir gildistöku laga þessara.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig auglýsingateiknara.

12. gr.

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði (möbel- og interiörarkitekt), hafa þeir einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

13. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um getur í 12. gr., nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla, sem stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt til að lögfest verði og fjallar um breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, er flutt að tilmælum Félags íslenzkra teiknara — FÍT — og Félags húsgagnaarkitekta — FHA —.

Rétt þykir að rifja í stuttu máli upp feril þessarar löggjafar, sem hér er lagt til að taki til fleiri aðila en áður var.

Sérstök lög um rétt verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga til starfsheitis voru sett 13. júní 1937, nr. 24. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 44 3. apríl 1963, og var aðalbreytingin á þann veg, að starfsheitið „iðnfræðingur" var fellt niður og heitið „tæknifræðingur" tekið upp í staðinn. Á næstu árum kom í ljós, að vissir agnúar voru á að láta það starfsheiti gilda fyrir þá, sem lokið höfðu prófi frá t. d. Byggeteknisk Højskole og hliðstæðum skólum. Var því horfið að því ráði, að breyta lögunum á ný og tekið inn starfsheitið byggingafræðingur og ný og núgildandi lög þess efnis gefin út, nr. 73 9. október 1968.

Ætla má, að frumrök fyrir lagasetningu á þessu sviði, hafi verið tvíþætt, þ. e. skyldug viðurkenning valdhafa á ákveðinni þekkingu og hæfni þess, sem starfsheitið ber, og hins vegar fyrirbyggjandi, að aðrir lítt menntaðir og próflausir menn nytu ekki ríkari réttar en þeim bæri, vegna skorts á skýlausum lagaákvæðum, og gætu á þann hátt stundað störf, sem í raun réttri tilheyrðu öðrum með staðbetri þekkingu, og hefur án efa verið höfð hliðsjón af að tryggja með þessu öryggi viðsemjenda þessara aðila betur en ella hefði verið.

Allkunnugt er, að nú á tímum er sú þróun ríkjandi í menningarlöndum, að sérhæfni og sérþekkingar er krafizt í æ ríkari mæli, enda jafnan talið tryggja að öðru jöfnu, aukin afköst og betri þjónustu, sem og vöru. Af sjálfu leiðir, að slíkar sérkröfur kalla á dýrkeyptara nám, bæði að því er tekur til kostnaðar og lengdar námstíma. Er því sízt að ófyrirsynju að þeim, sem hafa aflað sér slíkar sérþekkingar, sé mikið í mun, að þeir hafi erindi sem erfiði og þar á meðal að þjóðfélagið virði framlag þeirra og framtak, m. a. með því að veita þeim opinbera viðurkenningu í mynd starfs- og stéttarheita, til að tryggja rétt þeirra gegn hugsanlegum ágangi annarra, sem ekki hafa til brunns að bera svo ítarlega þekkingu og sérhæfni, sem hér er krafizt. Menntunarkröfur þær, sem samkvæmt frumvarpi þessu eru gerðar til manna til að fá leyfi til að kallast auglýsingateiknarar og húsgagna- og innanhússhönnuðir, má telja hliðstæðar þeim, sem t. d. tæknifræðingar og byggingafræðingar verða að uppfylla.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til, að í fyrirsögn sé felld niður upptalning starfsheita, sem kann að lengjast er tímar líða, og lögin nefnd lög um rétt manna til starfsheitis.

Um 2. gr.

Um 10. og 11. gr.: Með starfsheitinu „auglýsingateiknari" er átt við þann, sem hefur öðlast fullnægjandi menntun og starfsþjálfun til þess að stunda í atvinnuskyni m. a. eftirtalin störf: Auglýsingagerð, gerð merkja, bréfhausa, leturs, umbúða, svo og hönnun bóka, blaða, tímarita, bæklinga o. þ. h. Á erlendum málum er þetta starfsheiti nefnt „tegner" eða „reklamtegner" (danska), „reklametegner" (norska), „tecknare" eða „reklamtecknare" (sænska), „graphic designer" (enska), „grafikdesigner" (þýzka), og „graphiste" (franska). Þeir skólar, sem átt er við í frumvarpinu og kenna auglýsingateikningu, sem jöfnum höndum má kalla list eða iðn, eru auglýsingadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en erlendis í sömu röð og hér að ofan: Kunsthandværker og kunstindustriskolen í Danmörku, Statens Handverks- og kunstindustriskole í Noregi, Konstfackskolan í Svíþjóð, Arts and Crafts Schools

í Bretlandi, Kunstgewerbeschule í Þýzkalandi og Ecole d'arts decorative í Frakklandi.

Við Myndlista- og handíðaskóla Íslands er auglýsingateikning tveggja ára forskólanám og tveggja ára framhaldsnám, sem lýkur með prófi. Lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands nr. 38/1965, eru nú í endurskoðun, en óvíst er hvenær henni verður lokið. Telja auglýsingateiknarar sér brýna nauðsyn að fá sem allra fyrst lögvernd starfsheitis síns. Þar sem getið er um stéttarfélag auglýsingateiknara, er átt við Félag íslenzkra teiknara, FÍT. Félagið er þátttakandi í norrænum samtökum starfsfélaga, N.T. (Nordiske tegnere), svo og alþjóðasamtökunum ICOGRADA (International council of graphic design association). Af sjálfu leiðir, að verði frumvarp þetta samþykkt óbreytt sem lög, verður FÍT að breyta nafni sínu til samræmis við ákvæði 10. og 11. gr. sbr. orðin „stéttarfélag auglýsingateiknara", enda væru ella ákvæði þessara lagagreina óvirk.

Um 12. og 13. grein: Með starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður er átt við þá, sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim, sem á erlendum málum nefnast: interior designer (enska), Möbel og interiörarkitekt (danska), innenarchitekt (þýzka). Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, skammstafað — FHA —, hefur starfað hérlendis frá 1955 og er aðili að IFI — International Federation of Interior Designers. Námi félaga í FHA er svo háttað: 1) fjögurra ára iðnnám (sveinspróf), 2) þriggja ára starf í iðngrein sinni (meistarapróf), 3) fjögurra ára nám í viðurkenndum listiðnaðarskólum (deildir fyrir húsgagna- og innanhússhönnuði).

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, — FHA —, hafði eindregið í hug á að starfsheiti félagsmanna skyldi samkvæmt lögum þessum vera húsgagna- og innanhússarkitekt, en m. a. vegna ákvæðinnar andstöðu Arkitektafélags Íslands gegn því starfsheiti, hefur FHA fallið frá því og breytt í húsgagna- og innanhússhönnuður, en telja sér hins vegar nauðsynlegt, að nafnsins möbel- og interiörarkitekt sé getið á erlendu máli innan sviga, þar eð sú skýring gefi til kynna starfssvið hliðstæðra starfshópa, t. d. í Danmörku. Er þetta og í samræmi við önnur ákvæði laganna.

Af sjálfu leiðir, að verði frumvarp þetta samþykkt óbreytt sem lög, verður FHA að breyta nafni sínu til samræmis við ákvæði 12. og 13. gr., sbr. orðin „stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða", enda væru ella ákvæði þessara lagagreina óvirk.

Um 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um heykögglaverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, stofnun heykögglaverksmiðja samkvæmt lögum þessum, svo og stærð og stað.

Heykögglaverksmiðja er föst heyþurrkunarstöð, sem hraðþurrkar gras og grænfóður og skilar köggluðu fóðri með eigi meiri rakainnihaldi en 10%. Hver verksmiðja skal eigi hafa minni eimingargetu en 2.5 tonn á klst.

2. gr.

Stofnfjárframlög ríkssjóðs til heykögglaverksmiðja skulu ákveðin í fjárlögum.

3. gr.

Heykögglaverksmiðjur ríkisins lúta yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Ein stjórn skal vera fyrir þær heykögglaverksmiðjur, sem ríkið á og rekur. Í stjórninni skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun. Til meiri háttar skuldbindinga þarf undirskrift tveggja stjórnarmanna.

Verksmiðjustjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra með samþykki ráðherra.

4. gr.

Stjórn heykögglaverksmiðjanna ræður verksmiðjustjóra fyrir hverja verksmiðju, sem annast daglega stjórn verksmiðjunnar. Stjórnin setur verksmiðjustjórum erindisbréf, sem kveður á um starfsskyldur þeirra.

5. gr.

Hver verksmiðja skal hafa sér bókhald, sem endurskoðað er af ríkisendurskoðun.

6. gr.

Landbúnaðarráðhera ákveður verð á framleiðsluvöru verksmiðjanna, svo og söluskilmála, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Verðið skal miðað við, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þar á meðal vöxtum og afskriftum af fjármagnskostnaði. Ávallt skal hafa hliðsjón af verði á innfluttu kjarnfóðri.

7. gr.

Stofni ríkið nýja heykögglaverksmiðju, skal stjórnin láta gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun og leggur hana fyrir landbúnaðarráðherra.

8. gr.

Lög þessi ná til heykögglaverksmiðja, sem nú þegar eru í eigu ríkisins.

9. gr.

Heykögglaverksmiðjur ríkisins skulu undanþegnar öllum sköttum og opinberum gjöldum nema fasteignagjöldum og landsútsvari, samkvæmt b-lið 11. gr. laga nr. 8, 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur heykögglaverksmiðja ríkisins og gæðamat framleiðslunnar getur landbúnaðarráðherra sett með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt fellur úr gildi X. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með frumvarpinu þá var eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði 29. sept. 1972 til að endurskoða lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum og önnur skyld lagaákvæði, eftir því sem nefndin teldi við þurfa.

Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fyrir Alþingi frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og frumvarp til jarðalaga, og koma þessi frumvörp, ef að lögum verða, í stað laga n. 45/1971.

X. kafli laga nr. 45/1971 fjallar um byggingar og rekstur grænfóðurverksmiðja, og er í frumvarpinu í höfuðdráttum fylgt stefnu gildandi laga. Málum ríkisrekinna atvinnustofnana er skipað með sérstökum lögum fyrir hverja stofnun, og virðist rétt, að sami háttur sé á hafður um þessar verksmiðjur, sem í frumvarpinu eru nefndar heykögglaverksmiðjur til samræmis við ríkjandi málvenju.

Árið 1948 var fyrst framleitt heymjöl hér á landi. Það var á Sámsstöðum í Fljótshlíð, og stóð Klemenz Kr. Kristjánsson fyrir þeirri tilraun. Mjöl var framleitt fram til ársins 1960, nema árið 1955. Það sumar, sem var mikið rigningasumar, lá framleiðslan niðri. Á þessum 12 árum voru alls framleidd 360 tonn af mjöli. Þetta mjöl var notað í fóðurblöndur, aðallega fyrir svín og hænsn.

Um 1960 fara 3 aðilar að hugsa sér til hreyfings um framleiðslu mjöls og köggla. Það voru þessir: Samband ísl. samvinnufélaga, þeir bræður Páll og Jón Ólafssynir í Brautarholti á Kjalarnesi og landbúnaðarráðuneytið. Sambandið reisti sína verksmiðju á Stórólfsvelli, og tók hún til starfa árið 1961. Þar var fyrst notaður bandþurrkari, með lág hitakerfi, hitastig um 140 C, en árið 1964 var tekinn í notkun þar sívalningsþurrkari með eimingargetu 2.5 tonn á/klst. Hitastig í sívalningsþurrkurum er yfirleitt ca. 1000 C inngangshiti og ca. 120 C útgangshiti.

Árið 1970 seldi Sambandið Landnámi ríkisins verksmiðjuna, og voru þá keypt viðbótartæki til kögglagerðar og verksmiðjunni breytt, þannig að nú er bæði hægt að framleiða þar mjöl og köggla. Einnig er hægt að nota þurr efni til íblöndunar. Kögglaframleiðsla hófst hjá Stórólfsvallarbúinu sumarið 1971. Framleiðsla Stórólfsvallarbúsins hefur verið þessi:

1962	404	tonn mjöl
1963	396	— —
1964	684	— —
1965	510	— —
1966	815	— —
1967	95	— —
1968	530	— —
1969	237	— —
1970	270	— —
1971	817	— kögglar
1972	1360	— —

Alls 3941 tonn mjöl og 2177 tonn kögglar.

Þegar ríkið tók við rekstri Stórólfsvallarbúsins vorið 1970, var fyrirtækinu sett 3ja manna stjórn, og er Stórólfsvallarbúið síðan rekið sem sérstakt ríkisfyrirtæki.

Árið 1963 hófst rekstur í Brautarholti. Þar hefur til þessa verið notaður bandþurrkari, en nú hafa þeir keypt sívalningsþurrkara með eimingargetu 2.5 tonn á/klst., ásamt tilheyrandi tækjum til kögglagerðar.

Alls voru framleidd 2150 tonn af mjöli í Brautarholti frá 1963 til og með 1971. Árið 1972 voru framleidd 220 tonn af mjöli og 201 tonn af kögglum í Brautarholti.

Á vegum landbúnaðarráðuneytisins hófst mjölframleiðsla í Gunnarsholti á Rangárvöllum árið 1964, um hana sér sérstakt ríkisfyrirtæki, Fóður- og fræframleiðslan, sem er undir stjórn þriggja manna.

Í Gunnarsholti er sívalningsþurrkari með eimingargetu 2.5 tonn á/klst. og tilheyrandi vélar til kögglagerðar. Á árunum 1961 til 1967 var all veruleg kornrækt á vegum Fóður- og fræframleiðslunnar í Gunnarsholti.

Framleiðsla verksmiðjunnar í Gunnarsholti hefur verið sem hér segir:

1964	56 tonn mjöl og	51 tonn kögglar
1965	91 — — —	111 — —
1966	132 — — —	84 — —
1967		514 — —
1968		560 — —
1969		788 — —
1970		801 — —
1971		1265 — —
1972		1168 — —
Alls	279 tonn mjöl	5342 tonn kögglar

Fram til þessa hafa því alls verið framleidd hérlendis 6950 tonn af heymjöli og 7720 tonn af heykögglum.

Árið 1972 var sett upp verksmiðja í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Þar er sívalningsþurrkari með eimingargetu 2.8 tonn/klst. og tilheyrandi tæki til kögglagerðar. Þessi verksmiðja er rekin á vegum hlutafélags, er heitir Fóðuriðjan h/f. Í þessari verksmiðju er einnig gert ráð fyrir að þurrka þang og framleiða þangmjöl og jafnvel þangköggla, svo og að gera tilraun með að framleiða köggla úr blöndu af þangmjöli og heymjöli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mörkuð sú stefna, að landbúnaðarráðherra ákveði stofnun heykögglaverksmiðja í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, í samræmi við hlutverk hennar samkv. 1. gr. laga nr. 93/1971. Í greinni er skýrgreining á því, hvað átt er við með heykögglaverksmiðju, en það eru aðeins fastar stöðvar, sem skila fóðrinu með minna rakainnihaldi en 10%. Hins vegar taka lög þessi ekki til hraðþurrkunarstöðva, sem ýmist eru fastar eða færanlegar og kögglafóðrið oft í grófara ástandi, eða skila því ómöluðu og með meira rakainnihaldi, eða allt að 15%.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni ákveður fjárveitingarvaldið stofnframlög til heykögglaverksmiðja ríkisins hverju sinni í fjárlögum.

Um 3. gr.

Í 55. gr. laga nr. 45/1971 er ákveðið, að hver verksmiðja skuli hafa þriggja manna stjórn. 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir þeirri breytingu, að ein stjórn skuli vera fyrir allar heykögglaverksmiðjur ríkisins. Þessi skipan á að tryggja hagkvæmari rekstur.

Um 4. og 5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra ákveði söluverð heykögglaframleiðslu hverrar verksmiðju, og er það lagt í vald ráðherra að ákveða, hvort söluverðið skuli ákvarðast af afkomu hverrar verksmiðju fyrir sig, eða sama meðalverð skuli gilda fyrir þær allar, miðað við vörugæði.

Um 7.—11. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um vinnu framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf á vetrarvertíð.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Eggert G. Þorsteinsson,
Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort unnt reynist að haga árlegum kennslutíma í framhaldsskólum í verstöðvum á Suðvesturlandi og annars staðar, þar sem skortur er á mannafla til framleiðslustarfa á vetrarvertíð, þannig, að elstu nemendurnir, sem áhuga hefðu á að sinna framleiðslustörfum í mars og apríl, gætu fengið sig lausa frá skólanámi þann tíma. Verði við það miðað, að námstími þeirra flytjist til á árinu, sem því nemur.

Þessi athugun fari fram með það fyrir augum, að reynt verði að leysa úr þeim vanda, sem sjávarútvegurinn hefur átt við að etja yfir helstu vertíðarmánuðina vegna skorts á vinnuafli.

Jafnframt verði leitast við, að fjölbrautaskólar geti hið allra fyrsta boðið nemendum upp á námsbrautir, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskveiðar og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra.

Greinargerð.

Það er alkunna, að miklum erfiðleikum hefur verið bundið að fá nægjanlegt vinnuafl til framleiðslustarfa við fiskveiðar og vinnslu sjávarafla í sjávarplássum á Suðvesturlandi á hávetrarvertíð hin síðari ár. Til þess ráðs hefur verið gripið á stundum að gefa nemendum í framhaldsskólum frí frá námi dag og dag til að vinna við uppskipun og fiskverkun og með því reynt að bjarga verðmætum frá skemmdum, þegar þannig hefur staðið á. Þótt slík aðstoð hafi komið að góðu gagni, hefur það hvergi nærri verið fullnægjandi til að leysa þann vanda, sem við hefur verið að etja í þessum efnum árlega, einkum síðari hluta mars og í aprílmánuði. Auk þess hafa skólafrí, sem þannig hafa verið gefin með litlum fyrirvara, í för með sér vissa röskun á skólanámi og skólastarfi yfirleitt, sem teljast verður óheppileg að ýmsu leyti. Þess vegna væri æskilegt að reyna að finna hagkvæmari lausn á þessu máli, sem kæmi að betri notum og viðkomandi aðilar gætu betur sætt sig við og yrði á þann veg, að elstu skólanemendurnir í framhaldsskólum, sem það vilja, gætu hlaupið undir bagga með framleiðslustarfseminni í sjávarplássum, þar sem skortur er á vinnuafli á hávetrarvertíð, án þess að veruleg truflun verði á námi þeirra og óhagræði hljótist af fyrir kennara og skólastarfsemina. En það má þó ekki verða til þess að minnka skólanám þeirra nemenda, sem hér um ræðir. Því er lagt til, að námstími þeirra flytjist til á árinu, sem því nemur, sem þeir yrðu frá námi í mars og apríl.

Lögð er áhersla á, að reynt verði að finna lausn á vandamáli þessu í fullu samráði við kennara og skólastjóra framhaldsskóla.

Þensluástand er ríkjandi í efnahagskerfi landsmanna um þessar mundir, og mikil eftirspurn er eftir vinnuafli til nauðsynlegra og ónauðsynlegra framkvæmda. Útlit er því fyrir skort á fólki til framleiðslustarfa við fiskveiðar og úrvinnslu fiskafla á næstu vertíð, ef ekkert verður að gert. Því er brýn nauðsyn, að þetta mál verði tekið föstum tökum og þess freistað að finna úrlausn, m. a. eftir þeim leiðum, sem hér hefur verið bent á.

Þá er drepið á nauðsyn þess í tillögunni, að fljótlega gefist nemendum kostur á að velja námsbrautir í fjölbrautaskólum, þar sem virk þátttaka í sjálfri framleiðslustarfseminni er veigamikill þáttur í skólanáminu. Óþarft ætti að vera að hafa mörg orð um, hversu knýjandi það er, að þær námsleiðir, sem hér um ræðir, séu á boðstólum og áhugi og virðing fyrir að vinna að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar vaxi og eflist meðal unga fólksins í landinu.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um sjónvarp á sveitabæi.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Steinþór Gestsson, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin afli sérstaks fjármagns í þessu skyni, og stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi greinargerð ásamt fylgiskjali, svo hljóðandi:

Óþarft er að fara orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. En ekki er víst, að allir geri sér grein fyrir, að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er þéttbýlinu, er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fásinni og einangrun er mest, hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir, að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til að stuðla að byggðajafnvægi. Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar, ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. Svo er einmitt ástatt í dag í mesta strjálbýlinu. Þannig hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, en þvert á móti aukið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Við svo búið má ekki standa.

Þar sem skórinn kreppir nú að í þessum efnum, eru þeir sveitabæir víðs vegar um landið, sem dreifikerfi sjónvarpsins nær ekki til. Samkvæmt yfirliti, sem Landssíminn hefur gert, voru í febrúar s. l. 472 sveitabæir, sem nutu ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Þessum sveitabæjum var raðað saman til að sýna, hverjir þeirra gætu hugsanlega verið saman um endurvarpsstöð. Út frá þessari röðun má gera sér nokkra grein fyrir þeim fjölda endurvarpsstöðva, sem þarf til að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband og þar með ljúka sjónvarpsvæðingu landsins. Gerði Landssíminn eftirfarandi töflu um þetta efni:

Fjöldi sveitabæja pr. endurvarpsstöð	Fjöldi stöðva (svæða)	Fjöldi sveitabæja samtals	Eftirstöðvar Fjöldi sveitabæja
16	1	16	456
14	3	42	414
13	1	13	401
11	2	22	379
9	2	18	361
8	4	32	329
7	7	49	280
6	4	24	256
5	7	35	221
4	16	64	157
3	9	27	130
2	35	70	60
1	60	60	0
	151	472	

Tafla þessi sýnir niðurstöður af athugunum Landssímans, en samkvæmt henni mun þurfa um 150 endurvarpsstöðvar, til þess að allir sveitabæir í landinu verði í sjónvarpssambandi og þessi þjónusta nái til allra landsmanna. Síðan þetta yfirlit var gert, hafa nokkrir sveitabæir komist í sjónvarpssamband. Samt sem áður má hafa niðurstöður þessarar athugunar til hliðsjónar, þegar metið er, hve umfangsmikið það verkefni er að búa þeim sveitabæjum sjónvarpsaðstöðu, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga, að í bréfi til Ríkisútvarpsins hefur Landssíminn látið þess getið um þá áætlun sína, að um 150 endurvarpsstöðvar þurfi, að „að líkindum yrði þessi tala nokkuð hærri í raun, þar eð sumar endurvarpsstöðvarnar mundu verða að staðsetjast þar, sem sjónvarpsmerki eru ekki fyrir hendi, og þyrfti því tengistöð til viðbótar."

Þegar framangreind athugun Landssímans var gerð, var gert ráð fyrir, að hver endurvarpsstöð mundi kosta að meðaltali um 1 millj. kr., eða heildarkostnaður þessa verks verði um 150 millj. kr. Þó að hér sé um grófa áætlun að ræða og síðan hafi tilkomið tvær gengislækkanir, gefur þetta samt til kynna umfang þess verkefnis, sem hér er um að ræða.

Þess er enginn kostur, að Ríkisútvarpið geti ráðið við framkvæmd þessa, nema sérstakt fjármagn komi til. Ríkisútvarpinu er ætlað að standa undir stofnkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins með tolltekjum af sjónvarpstækjum. Þessar tolltekjur eru áætlaðar fyrir árið 1973 20 millj. kr. Á þessu ári þarf 35—40 millj. kr. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins og nema nú rúmum 100 millj. kr. Augljóst er, að núverandi tekjustofn kemur ekki að haldi við að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem enn liggja óbættir hjá garði.

Ekki hefur Ríkisútvarpið aðra sjóði til að grípa til í þessu skyni. Þannig er nú séð fyrir þörfum þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar. Er skemmst að minnast meðferðarinnar á Ríkisútvarpinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. Sú afgreiðsla þýddi um 110 millj. kr. rekstrarhalla Ríkisútvarpsins á þessu ári, ef ekki verður úr bætt, auk þess sem stofnunin situr með um 20 millj. kr. rekstrarhalla frá árinu 1972 og kostnaðarauka af síðustu gengislækkun.

Það er heldur engin leið í þessu efni að ætla Ríkisútvarpinu að taka lán til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Raunar er hér svo háttað, að engum venjulegum arðsemissjónarmiðum verður komið við. Ef gengið er út frá áætlunum þeim, sem áður greinir, má gera ráð fyrir, að það kosti að minnsta kosti 320 þús. kr. að meðaltali að koma sjónvarpinu á hvern bæ. Tekjur sjónvarpsins af hverjum bæ nema um 10 þús. kr. í tolltekjur af einu sjónvarpstæki, og afnotagjaldið er nú 3 100 kr. Af þessum tekjum verður ekki staðið undir stofnkostnaði við að koma þeim bæjum í sjónvarpssamband, er ekki njóta þess nú. Af þessum tekjum þarf auk þess að standa undir rekstrarkostnaði endurvarpsstöðvanna, sem til þessa þurfa, og hafa verður í huga, að tæki þessara stöðva verður að afskrifa á 10 árum.

Með skírskotun til framanritaðs er hér lagt til, að sérstaks fjármagns, er verði óafturkræft framlag, verði aflað til að standa undir stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar að koma í nothæft sjónvarpssamband innan tveggja ára öllum sveitabæjum, er ekki njóta þess nú. Hér er um að ræða verkefni sérstaks eðlis, sem varðar jafnvægi í byggð landsins.

Ekki mun af veita, þótt aflað sé fjármagns sérstaklega til þessara hluta, þar sem Ríkisútvarpsins bíður nú mikið átak við að koma upp örbylgjukerfi fyrir flutning dagskrár til aðalstöðva í sjónvarpskerfinu í stað endurvarpskerfisins, sem nú er. Auk þess má nefna það brýna verkefni við dreifikerfið að bæta sjónvarpsskilyrði á fiskimiðunum umhverfis landið.

Til frekari skýringar er hér fylgiskjal, sem sýnir skiptingu eftir kjördæmum á því verkefni að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, er ekki njóta nú stjórnvarpsskilyrða. Er þetta yfirlit gert af framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.

Fylgiskjal.

YFIRLIT

yfir:

1) Skiptingu þeirra sveitabæja eftir landshlutum, sem enn hafa ekki skilyrði til sjónvarpsmóttöku.
2) Fjölda sjónvarpsstöðva, sem þarf til að koma sjónvarpi til þessara bæja, ásamt upplýsingum um, hversu mörgum hver þeirra þjónar.

	Bær með ófullnægjandi skilyrði			Tala stöðva, sem hver um sig koma sjónvarpi á													
	Engin	Ónothæf	Alls	1 bæ	2 bæi	3 bæi	4 bæi	5 bæi	6 bæi	7 bæi	8 bæi	9 bæi	11 bæi	13 bæi	14 bæi	16 bæi	Stöðv. alls
Reykjanes	3	–	3	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	3
Vesturland	17	22	39	10	7	1	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	21
Vestfirðir	27	82	109	17	11	4	3	2	1	2	2	–	–	–	–	–	42
Norðurland vestra	19	94	113	11	4	2	3	1	2	2	2	2	1	–	–	–	30
Norðurland eystra	14	52	66	3	4	–	4	2	–	–	–	–	1	–	1	–	16
Austfirðir	42	73	115	10	7	2	2	–	2	2	1	–	–	1	1	1	29
Suðurland	8	17	25	4	2	–	–	2	–	1	–	–	–	–	–	–	9
	130	340	470	58	35	9	16	7	5	7	5	2	2	1	2	1	150

Sþ. 20. Fyrirspurn [20. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsnám hjúkrunarkvenna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið fyrirhugaðar til að tryggja hjúkrunarkonum framhaldsnám við Háskóla Íslands?

Nd. 21. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 29. apríl 1967, orkulögum.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

1. Við 1. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:
   Sveitarfélög skulu eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landareign er í eign sveitarfélagsins, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara.
2. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins falli niður.

Sþ. 22. Fyrirspurn [21. mál]

til samgönguráðherra um rannsókn á brúarstæðum yfir Dýrafjörð og Önundarfjörð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Er lokið rannsókn á brúarstæðum yfir Dýrafjörð og Önundarfjörð, sem veitt var fjármagn til á árunum 1972 og 1973 samkvæmt vegáætlun fyrir árin 1972—75?
2. Ef rannsókn er lokið, hver er niðurstaða hennar?
3. Ef rannsókn er ekki lokið, hvar er hún á vegi stödd?

Nd. 23. Frumvarp til laga [22. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við uppbyggingu Norðurlandsvegar.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Gunnar Gíslason, Lárus Jónsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 800 milljónir króna til sölu innanlands á næstu árum.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru á handhafa og falla í gjalddaga eigi síðar en að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Af skuldabréfunum eru ýmist greiddir vextir eða vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

4. gr.

Skuldabréfin eru verðtryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

5. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd útboðsins, vaxta- og vinningskjör, flokkun bréfanna og útdráttardaga. Skal við ákvörðun kjaranna hafa hliðsjón af almennum vaxtakjörum á hverjum tíma.

6. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf skv. lögum þessum.

7. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið til að greiða kostnað af uppbyggingu Norðurlandsvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna vaxandi bifreiðaumferðar finna landsmenn allir nú fyrir því, hve ófullkomið vegakerfi landsins er. Þrátt fyrir miklar vegaframkvæmdir s. l. áratug eru allir sammála um nauðsyn þess, að þær þurfi enn að auka og afla til þeirra meira fjár. Þegar ákvörðun var tekin um gerð vegar á Skeiðarársandi, var jafnframt ákveðið að efna til útboðs happdrættisskuldabréfa. Framkvæmdum á Skeiðarársandi lýkur á næsta ári, og þá er eðlilegt, að við taki nýtt stórátak við vegagerð, og rétt að nota þá fjáröflunarleið, sem felst í útgáfu happdrættisskuldabréfa.

Fullnaðaruppbygging vegarins milli Akureyrar og Reykjavíkur er álíka kostnaðarsöm framkvæmd og vegagerðin á Skeiðarársandi. Um það bil 200 km af þessari leið hafa ekki verið endurbyggðir á síðari árum, og má sá vegur víða heita nær ónýtur miðað við þann umferðarþunga, sem á honum hvílir nú. Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra er meðalkostnaður við uppbyggingu hvers kílómetra milli 3 og 5 milljónir króna, þannig að heildarkostnaður við þessa framkvæmd yrði væntanlega ekki fjarri 800 milljónum miðað við núgildandi verðlag. Þar að auki er kostnaður við endurbyggingu brúa um 250 millj. kr., en sá kostnaður fengist væntanlega greiddur með fé skv. Norðurlandsáætlun.

Eðlilegt væri að ljúka þessum framkvæmdum á 3—4 árum og hefjast þá handa við enn aðrar stórframkvæmdir í vegamálum, einmitt með því að hagnýta happdrættisskuldabréf. En fjáröflun með þessum hætti til meiri háttar vegaframkvæmda gerir það að verkum, að meira fjármagn verður til annarra aðkallandi framkvæmda í vegamálum.

Góður vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur kemur ekki einungis norðlenskum byggðum að gagni, heldur einnig Vesturlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum — og auðvitað landinu öllu, því að Sunnlendingar hagnýta veg þennan að sjálfsögðu og gera í vaxandi mæli, eftir því sem bílaeign vex og vegurinn batnar.

Samhliða þessum vegaframkvæmdum og í framhaldi af þeim verður svo að sjálfsögðu hafist handa um lagningu bundins slitlags á þennan veg, væntanlega að mestu leyti olíumalar. En kostnaður við lagningu hennar á allan veginn milli Akureyrar og Reykjavíkur nemur allmiklu hærri upphæð en þeirri, sem þarf til að ljúka uppbyggingu vegarins.

Eðlilegt er, að meira fjármagns sé aflað til opinberra framkvæmda með lántökum hjá almenningi en hingað til hefur tíðkast. Ríkisvaldið slær þá ekki eignarhaldi á fé manna, heldur tekur það að láni. Skattheimta verður þannig léttbærari, og eignir alþýðu verða meiri en ella. Vegamálin eru það svið opinberra framkvæmda, sem almenningur hefur einna mestan áhuga á. Þess vegna er auðveldast að afla fjár til þessara framkvæmda með skuldabréfaútgáfu. Ef útgáfa þeirra bréfa, sem hér er gert ráð fyrir, gengur vel, má hefja ný útboð vegna annarra vegaframkvæmda.

Í frumvarpinu er ekki ákveðið, hvaða kjör skuli fylgja bréfunum, heldur skuli það ákveðið með reglugerð. Ekki er heldur útilokað, að samhliða happdrættisvinningum verði um að ræða vexti af bréfunum, sem þá yrðu að sjálfsögðu lágir. Hins vegar verða kjörin í heild að miðast við almenn vaxtakjör á hverjum tíma og vera með þeim hætti, að almennan áhuga veki.

Sþ. 24. Fyrirspurnir. [23. mál]

I. Til menntamálaráðherra um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 3. apríl s. l. um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja vilja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu?

II. Til samgönguráðherra um vegagerð í Mánárskriðum.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni.

Hvað líður gerð kostnaðaráætlunar við vegagerð í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi, sem ríkisstjórninni var með þingsályktun á síðasta þingi falið að láta gera?

Nd. 25. Frumvarp til laga [24. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson, Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Seltjarnaneshreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Seltjarnarneshrepp og heitir Seltjarnarneskaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Um valdssvið bæjarfógeta í Seltjarnarneskaupstað og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Seltjarnaneshrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Seltjarnarneskaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingar þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Með beiðni hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps um, að þingmenn kjördæmisins flyttu frumvarp um kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarneshrepp, fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps samþykkti á fundi sínum 13. september og 4. október s. l. að láta fara fram athugun á hagkvæmni þess að gera Seltjarnarneshrepp að kaupstað.

Sveitarstjóra og lögfræðingi hreppsins var falið að gera skýrslu um málið og draga þar fram kosti þess og galla.

Þar sem vitað var, að slíkar athuganir stóðu yfir hjá öðrum sveitarfélögum og enn fremur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, var í samráði við hreppsnefnd beðið eftir niðurstöðum þessara athugana.

Þau fylgiskjöl, sem send eru með þessari greinargerð, eru:

Nr. 1. Greinargerð Sambands ísl. sveitarfélaga um stöðu hreppa og bæja í stjórnkerfinu.
— 2. „Frumvarp til laga“ um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.
— 3. Greiðslur til sýslu 1968—1971.
— 4. Listi yfir greiðslur frá sýslu sama tíma — uppgjör sýslu- og sýsluvegasjóðs. —
— 5. Hugsanleg innh. bæjarfógetaembættis á Seltjarnarnesi og hugleiðing um innh. Gjaldheimtu ríkis og bæja, sem starfrækt yrði af sveitarstjórnarskrifstofunni.
— 6. Fulltrúaráðsfundur Samb. ísl. sveitarfélaga, er haldinn var 28.—29. mars s. l., fjallaði um mismun á stöðu sveitarfélaganna, og fylgir álit fundarins hér í ljósriti.
— 7. Sjúkrasamlag Seltjarnarness yrði sett hér upp aftur, og virðist það vera veruleg þjónustuaukning frá því, sem núgildandi lög gera ráð fyrir.

Full ástæða virðist að benda á, hve staða sveitarfélagsins yrði sterkari út á við, ef hér kæmi bæjarfélag, sem hefði þá innan sinna landamerkja alla þá starfsemi, sem bæjarfélag veitir þegnum sínum.

Engin fullgild rök er hægt að færa fyrir því, að íbúar sveitarfélags, sem telur sig geta boðið íbúum sínum alla þá þjónustu, er sveitarfélögunum er ætlað að veita, séu ekki aðnjótandi allrar þeirrar þjónustu, er ríkið lætur íbúum bæjarfélaga í té.

Ekki þykir ástæða til sérstakrar greinar um lagalega stöðu sveitarfélagsins eftir breytinguna, þar sem slíkt kemur mjög vel fram í yfirliti Samb. ísl. sveitarfélaga.

Seltjarnarnes yrði eftir sem áður hluti Reykjaneskjördæmis, þannig að engin röskun yrði á kjördæmaskipan.

Sveitarstjóri Seltjarnarneshrepps.
S. Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Seltjn., 15. júní 1973.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps samþykkti á fundi sínum 8. júní s. l. tillögu um breytingu á stöðu sveitarfélagsins.

Tillagan ásamt fylgiskjölum er send yður með þessu bréfi.

Eins og fram kemur í tillögunni, mun verða óskað eftir því, að þingmenn Reykjaneskjördæmis flytji málið, þegar þing kemur saman í haust.

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps mun síðar í sumar óska eftir fundi með þingmönnum um málið.

Virðingarfyllst,

Sveitarstjóri Seltjarnarneshrepps.

S. Sigurðsson.

Til alþingismanna Reykjaneskjördæmis.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um byggingu skips til Vestmannaeyjaferða.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Steinþór Gestsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða nú þegar að láta byggja nýtt skip til Vestmannaeyjaferða og leita tilboða í smíði þess á grundvelli tillögu stjórnskipaðrar nefndar um samgöngumál Vestmanneyinga, sem fram kemur í álitsgjörð nefndarinnar til samgönguráðuneytisins.

Greinargerð.

Þingmenn Suðurlandskjördæmis fluttu á Alþingi 1972 tillögu til þingsályktunar um samgöngumál Vestmanneyinga. Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar til fyrirgreiðslu og skilaði nefndin eftirfarandi áliti, sem dagsett er 22. mars það ár:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa 5 manna nefnd, er gera skal tillögu um það, með hverjum hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði best tryggðar. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Skipaútgerð ríkisins, einn af flugmálastjóra og einn af samgönguráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar."

Tillagan var samþykkt með samhljóða atkvæðum á fundi sameinaðs Alþingis hinn 18. apríl 1972, og skipaði samgönguráðherra nefndina í samræmi við ályktun Alþingis með bréfi dags. 24. maí sama ár. Nefndin starfaði þá um sumarið og haustið að athugun málsins og skilaði samgönguráðuneytinu áliti sínu með bréfi dags. 1. des. 1972, og er tillaga nefndarinnar varðandi samgöngur á sjó milli Vestmannaeyja og meginlandsins svohljóðandi:

„Að athuguðum þeim skjölum og upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, og með hliðsjón af félagslegum og vistfræðilegum atriðum málsins, samþykkir nefndin að leggja til, að nýtt skip verði byggt fyrir Vestmannaeyjaferðir, til farþega- og vöruflutninga og jafnframt sérhæft til bifreiðaflutninga, en telur það hins vegar vera ákvörðunarefni réttra stjórnvalda að taka afstöðu til þess, hvenær það verður gert."

Með álitsgjörð nefndarinnar til samgönguráðuneytisins fylgdi teikning og útboðslýsing á skipi, sem nefndin taldi að henta mundi til siglinga milli lands og Eyja og uppfylla þær kröfur, sem fram eru settar í álitsgjörð nefndarinnar um búnað skipsins og flutningsgetu.

Má því segja, að málið sé komið á lokastig hvað undirbúning varðar. Aðeins er eftir að taka ákvörðun um byggingu skipsins og leita tilboða í smíði þess, eins og tillaga sú, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir.

Í greinargerð með tillögu þeirri um samgöngumál Vestmanneyinga, sem flutt var á Alþingi 1972, og í framsöguræðu fyrir till. var gerð ítarleg grein fyrir nauðsyn á byggingu á nýju skipi til Vestmannaeyjaferða og því ekki ástæða til að endurtaka þau rök hér. Aðeins skal á það bent og það undirstrikað, að þörfin fyrir nýtt skip til ferða milli lands og Eyja hefur aldrei verið brýnni en nú í dag, og eru allir, sem til þekkja, sammála um, að uppbygging Vestmannaeyja eftir eldgosið á Heimaey velti beinlínis mjög á því, hversu fljótt og vel daglegum ferðum verði komið á sjóleiðis milli lands og Eyja. Þetta er ekkert óeðlilegt, þegar athugaðar eru þær kröfur, sem önnur byggðarlög í námunda við þéttbýlissvæðið við Faxaflóa gera í sambandi við samgöngumál. Má þar til dæmis nefna Akranes, sem er í beinu vegasambandi við Faxaflóasvæðið. Þaðan eru þrjár daglegar ferðir til Reykjavíkur, og vart hefur komið til álits að fækka þessum ferðum, hvað þá að leggja þær niður, enda hlyti slíkt að teljast með öllu óeðlilegt. Ein örugg ferð daglega sjóleiðis með skipi, sem uppfyllir þær kröfur til farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga, sem fram koma í tillögu hinnar stjórnskipuðu nefndar um samgöngumál Vestmanneyinga, hlýtur að vera alger lágmarkskrafa þess fólks, sem nú og í framtíðinni kemur til með að búa í Vestmannaeyjum.

Þegar rætt er um að byggja nýtt skip til Vestmannaeyjaferða, hlýtur jafnhliða að verða að skoða fjárhagshlið málsins, því að hér er vissulega um allkostnaðarsama framkvæmd að ræða.

Sýnist þar tvennt koma til greina:

Annars vegar, að tekið verði lán fyrir verulegum hluta af byggingarkostnaðinum, sem síðan yrði greiddur niður, eftir því sem fé yrði veitt til á fjárlögum, og þá reiknað með að dreifa byggingarkostnaðinum á tiltekið árabil. Hins vegar að nota hluta þeirra frjálsu framlaga, sem Viðlagasjóði hafa borist til uppbyggingar Vestmannaeyja, til greiðslu byggingarkostnaðar skipsins. Væri slíkt ekkert óeðlilegt, þar sem ávallt hefur verið að því stefnt, að skipið yrði eign Vestmanneyinga og því stjórnað frá Eyjum.

Upplýsingar liggja fyrir um, að til greiðslu kostnaðar vegna náttúruhamfaranna í Eyjum og til fullra bóta til Vestmanneyinga samkvæmt reglugerðinni um Viðlagasjóð og lögunum um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna á Heimaey þurfi ekki að fullu að nota það fé, sem borist hefur til Vestmannaeyjasöfnunarinnar frá ríkisstjórnum Norðurlandanna og fleiri aðilum og Viðlagasjóður hefur veitt móttöku. Er hér á nokkur mismunur, og væri það vissulega í fullu samræmi við óskir gefenda, að framlög þeirra yrðu notuð til uppbyggingar í Eyjum, þannig að byggð mætti sem fyrst rísa þar á ný og blómgast í framtíðinni. En telja verður frumskilyrði fyrir, að svo megi verða, að samgöngumálum Vestmanneyinga verði komið í svo gott horf sem frekast er kostur á. Fé þetta er að vísu í bili fast í fjárfestingum, sem Viðlagasjóður hefur ráðist í hér á þéttbýlissvæðinu og víðar til að bæta aðstöðu Vestmanneyinga, meðan þeir neyddust eða neyðast til að dveljast utan heimabyggðar sinnar, og er þar einkum um að ræða fjárfestingu sjóðsins í sambandi við hin innfluttu hús frá Norðurlöndum og stutt lán til sveitarfélaga vegna niðursetningar húsa og til annarra opinberra aðila. Mun fé þetta fljótlega skila sér aftur, þegar Vestmanneyingar þurfa ekki lengur að nota húsin og þau verða seld og aðilar þeir, sem fengið hafa lán hjá Viðlagasjóði, endurgreiða þau.

Er hér um möguleika að ræða, sem flm. telja að skoða beri til hlítar, ef það mætti verða til að leysa þetta mjög svo aðkallandi mál Vestmanneyinga á sem fljótvirkastan og bestan hátt.

Nd. **27. Frumvarp til laga** [26. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Rétt á hver maður á að kynna sér skjöl í máli, sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvaldi, með þeim undantekningum, er um getur í 2. gr.

Í beiðni skal tilgreina málið, sem skjölin varða, og hlutaðeigandi óskar að kynna sér.

2. gr.

Eftirtalin skjöl eru undanþegin upplýsingaskyldu:

1. Fundargerðir ríkisráðs og fundargerðir ráðherrafunda og skjöl, sem stjórnvöld hafa samið fyrir slíka fundi.
2. Skjöl um utanríkismál, er varða stjórnmál, fjárhagsmálefni og varnarmál.
3. Skjöl, sem fela í sér upplýsingar um einhver málefni, er varða öryggi ríkisins, samskipti við erlend ríki, alþjóðlegar stofnanir eða varnir landsins.
4. Skjöl um starfsemi ríkisins eða sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum eða ráðningarmálum.
5. Tillögur, uppköst, álitsgerðir og önnur vinnuskjöl, útdrættir eða skýrslur, sem stjórnvaldið sjálft hefur samið eða án lagaskyldu útvegað til afnota við afgreiðslu hjá því sjálfu. Slík skjöl skulu þó ekki vera undanþegin upplýsingaskyldu, ef í þeim felst grundvöllur rökstuðnings fyrir ákvörðun eða afgreiðslu, sbr. og 5. grein hér á eftir.
6. Bréfaskipti milli ráðuneyta um lagasetningu, þ. á m. varðandi fjárveitingar.
7. Bréfaskipti milli aðila innan sama stjórnvalds.
8. Bréfaskipti milli sveitarstjórnar og deilda, nefnda, eða stjórnaraðila hennar, eða milli þeirra innbyrðis.
9. Bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmálum eða við könnun á því, hvort höfða skuli dómsmál.
10. Úrlausnir prófverkefna, samkeppnispróf o. þ. h.
11. Skjöl, sem geyma upplýsingar um tæknibúnað eða tækniaðferðir og rekstrarhag og viðskiptastöðu, sem með hliðsjón af samkeppnisaðstöðu er nauðsynlegt, að leynt skuli fara, vegna tillits til þess aðila, er upplýsingar varða.
12. Skjöl í málum, er varða ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu. Þó nær undanþágan ekki til upplýsinga um nöfn umsækjenda.
13. Tilkynningar, skýrslur eða önnur skjöl í tilefni af broti á gildandi löggjöf.
14. Skjöl, sem samin eru í sambandi við fjárhagsáætlun ríkisins eða langtíma fjárhagsáætlanir.
15. Skjöl, sem varða eða snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, nema sá, sem í hlut á, fallist á, að menn kynni sér skjalið.
16. Skjöl, sem lögum samkvæmt eða samkvæmt ákvæðum, sem stoð eiga í lögum, eru bundin þagnarskyldu, eða til verndar annarra hagsmuna, sem leynt eiga að fara vegna sérstakra aðstæðna.

3. gr.

Hugtakið stjórnvald nær í lögum þessum til ráðuneytanna og þeirra ríkisstofnana, yfirvalda, stjórna, ráða og nefnda, er undir þau heyra, svo og annarra hliðstæðra stofnana ríkisins.

Með stjórnvöldum sveitarfélaga er í þessu sambandi átt við yfirvöld, stjórnir, ráð, nefndir, endurskoðendur, þing og fulltrúasamkomur á vegum sveitarfélaga ásamt stjórnsýslustofnunum, er undir aðila þessa heyrir.

4. gr.

Opinber skjöl eru öll skjöl í vörzlu stjórnvalda ríkisins og sveitarfélaga, hvort sem þau hafa borizt viðkomandi stjórnvaldi eða verið samin á vegum þess.

Hugtakið skjal tekur einnig til uppdrátta, teikninga og mynda.

5. gr.

Minnisgreinar eða aðrar skýrslur, sem samdar eru á vegum stjórnvalds einungis í því skyni að leggja mál eða erindi fyrir, eða undirbúa það til ákvörðunar, skulu eigi teljast opinber skjöl, svo framarlega að skýrslan hafi ekki verið tekin til geymslu, eftir að málið eða erindið hafði hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

6. gr.

Skjal skal teljast hafa borizt stjórnvaldi, þegar það hefur verið afhent stjórnvaldinu eða starfsmanni, sem ber að veita skjalinu viðtöku eða með öðrum hætti sinnir máli eða erindi, sem skjalið varðar.

Dagbækur, bréfabækur, málaskrár eða aðrar þess háttar skrár skulu teljast til orðnar, þegar þær hafa verið fullbúnar til skráningar eða innfærslu. Fundargerðir og sambærilegar greinargerðir skulu teljast til orðnar, þegar viðkomandi stjórnvald hefur staðfest þær eða frá þeim hefur verið gengið með öðrum hætti. Önnur skjöl, sem varða tiltekið mál eða erindi skulu teljast til orðin, þegar þau hafa verið formlega afgreidd eða — ef afgreiðsla fer ekki fram, þegar málið eða erindið hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

7. gr.

Samkeppnisrit, tilboð eða önnur þess háttar skjöl, sem samkvæmt auglýsingu skulu afhent í innsigluðu umslagi, skulu eigi teljast hafa borizt, fyrr en kominn er sá tími, sem ákveðinn hefur verið til opnunar.

8. gr.

Stjórnvaldsúrskurðir, sem samkvæmt lögum, er um þá gilda, skulu upp kveðnir eða afgreiddir, svo og fundagerðir og sambærilegar greinargerðir, er slíka úrskurði varða, skulu þá fyrst teljast til orðnir, þegar viðkomandi úrskurður hefur verið kveðinn upp eða afgreiddur.

Fundagerðir frá stjórnskipuðum nefndum eða stjórnvöldum sveitarfélaga í máli, sem viðkomandi stjórnvöld fjalla um einungis til reifunar, skulu þá fyrst teljast til orðnar, þegar mál það, er fundagerðin tekur til, hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

9. gr.

Opinbert skjal, sem eigi ber að halda leyndu, skal, þegar til þess er mælzt, þegar í stað eða svo skjótt sem unnt er, afhent án gjalds þeim, sem óskar að fá það í hendur, til lestrar eða afritunar á staðnum. Einnig skal honum heimilt að fá afrit eða ljósrit af skjalinu gegn fastákveðnu gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákvarðar. Eigi skal þó skylt að afhenda skjal á staðnum, ef verulegir örðugleikar eru á því. Stjórnvaldi skal eigi skylt að láta í afhendingarskyni gera eftirrit af uppdrætti, teikningum eða mynd, ef erfiðleikar eru á því og unnt er að fá aðgang að skjalinu á staðnum.

10. gr.

Skjal, sem halda ber leyndu einungis að hluta, skal engu að síður afhent á staðnum, ef því verður við komið með þeim hætti, að það, sem leynt á að fara, verði ekki uppvíst. Verði því ekki við komið, skal þeim, sem kynna vill sér skjalið, heimilt að fá afrit eða ljósrit af því að undanskildum þeim hluta, er halda ber leyndum.

11. gr.

Tilmæli um að fá í hendur opinbert skjal skal beina til þess stjórnvalds, er skjalið er varðveitt hjá, og skal stjórnvaldið fjalla um tilmælin.

Hafi umsjá skjalsins samkvæmt starfsreglum eða gefnum fyrirmælum verið falin tilteknum starfsmanni, ber honum að taka sjálfur ákvörðun varðandi afhendingu skjalsins. Þó ber honum að hlíta í þeim efnum reglum, sem stjórnvaldið hefur sett, svo og þegar vafi þykir á leika, skjóta málinu til úrskurðar stjórnvaldsins, ef slíku verður við komið án trafala. Synji starfsmaðurinn um afhendingu skjalsins skal málinu, ef umsækjandi óskar þess, skotið til stjórnvaldsins.

12. gr.

Hafi stjórnvald synjað tilmælum um afhendingu opinbers skjals og telji umsækjandi, að sá úrskurður eigi ekki stoð í lögum, skal honum heimilt eftir nánari reglum að kæra úrskurðinn til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan stjórnvaldið, sem synjaði afhendingu skjalsins.

Úrskurður ráðherra á þessu sviði er fullnaðarúrskurður.

Úrskurður stjórnvalds sveitarfélaga verður að lokum kærður til félagsmálaráðherra.

13. gr.

Óski aðili að kæra úrskurð stjórnvalds, á hann rétt á að fá vitneskju um, hversu með skuli fara.

Meðferð máls eða erindis varðandi afhendingu opinbers skjals skal ávallt hraða. Afgreiðsla skal látin kæranda í té án gjalds.

14. gr.

Hafi stjórnvald undir höndum opinbert skjal, sem halda ber leyndu, og telji stjórnvaldið að gera beri sérstakar ráðstafanir til að tryggja, að eigi komi til óheimillar afhendingar, er stjórnvaldinu rétt að setja á skjalið áritun þess efnis, að um leyniskjal sé að ræða. Þess háttar áritun skal greina lagaákvæði það, sem leynd skjalsins er reist á, dagsetning áritunarinnar og hvaða stjórnvald hafi hlutazt til um áritunina.

15. gr.

Að því er varðar sérstakar tegundir skjala, sem mjög miklu skiptir öryggi ríkisins, að haldið sé leyndum, getur forseti Íslands mælt svo fyrir, að ákveðið stjórnvald skuli fjalla um tilmæli varðandi afhendingu þeirra. Hafi slík ákvæði verið sett, skal í áritun á skjöl, er þau ákvæði taka til, auk þeirra atriða, sem um getur í 14. gr., tilgreina stjórnvald það, sem samkvæmt ákvæðunum er bært að fjalla um tilmæli varðandi afhendingu skjalanna. Tilmælum, sem beint er til annars stjórnvalds varðandi afhendingu skjals, sem þannig hefur verið áritað, skal án tafar að beiðni umsækjanda vísað til þess stjórnvalds, sem bært er að fjalla um málið.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974.

Lögin taka ekki til skjala, sem stjórnvöld hafa útbúið eða borizt hafa þeim í hendur fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem lagt var fram á síðasta Alþingi, er að stofni til samið af Jóni P. Emils, hæstaréttarlögmanni, að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis, með hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda á þessu sviði, en ráðuneytið hefur í samráði við hann gert nokkrar breytingar á frumvarpinu og aukið við greinargerðina.

Á Alþingi hinn 19. maí 1972 var samþykkt svolátandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða".

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu voru þeir Þórarinn Þórarinsson og Ingvar Gíslason.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni segir m. a. svo:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á, að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig, að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana".

Tillögunni var á Alþingi vísað til nefndar, sem lagði til, að hún yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Á Alþingi urðu litlar umræður um tillöguna, áður en hún var samþykkt einróma.

Í Danmörku voru sett lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda hinn 10. júní 1970 og Noregi um sama efni hinn 19. júní 1970. Í Svíþjóð er í gildi II. kafli prentfrelsislaga um aðgang að opinberum skjölum og lög um takmarkaðan rétt til að fá afhent skjöl, en þeim lögum var síðast breytt árið 1971. Er í frumvarpi þessu stuðzt við hin norrænu lög.

Í íslenzkri löggjöf eru svo sem kunnugt er engin almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Rétt er að hafa í huga, þegar rætt er í frumvarpi þessu um upplýsingaskyldu, að þar er um að ræða samstæðu við hið skandinaviska hugtak „offentlighet", þ. e. að eitthvað skuli vera opinbert eða aðgengilegt fyrir almenning. Þessi samstæða er efnisleg, þótt hún sé ekki málfarsleg. — Í íslenzkri löggjöf eru að sjálfsögðu dreifð ákvæði um þagnarskyldu og leyndarskyldu, og einnig ýmis ákvæði um, að tilteknar athafnir eða upplýsingar skuli vera opinberar eða aðgengilegar. Um þagnarskylduna má fyrst og fremst vísa til ákvæða í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954) svo og til almennra refsiákvæða í almennum hegningarlögum um brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Hefur þess gætt, að talið væri, að af slíkum almennum ákvæðum megi draga ályktanir um almennar leyndarreglur íslenzkrar löggjafar, sem er þó fjarri lagi. Þessi ákvæði vísa til leyndarskyldu, þegar hún er fyrir hendi samkvæmt eðli máls, eða beinum lagaákvæðum, en í því felst engin almenn regla um, að upplýsingar um athafnir stjórnvalda skuli ekki veita. — Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenzka stjórnkerfi. Í stórum dráttum má þó leiða getum að því, að upp og ofan sé í framkvæmd að allverulegu leyti svokölluð „partsoffentlighet", þ. e. upplýsingaskylda gagnvart aðila um málefni, er varða hann persónulega, en skýra mynd af þessu er ekki unnt að fá án könnunar, sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek. Hitt er og ljóst, að slík framkvæmd hlýtur að vera talsvert á reiki, þegar engar lagareglur setja henni úrlausnarmörk. Umræða um efnið hefur verið mjög takmörkuð og þá að sjálfsögðu mjög lauslega um það fjallað. Verður því að viðurkenna, að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið, sem öruggt sé, að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess. Liggur þá óneitanlega beinast við, að hentað geti líkar lagareglur hér á landi á þessu sviði og í þeim löndum, sem okkar stjórnkerfi er mótað eftir, þ. e. Danmörku og að nokkru leyti Noregi, en sú leið hefur verið valin, svo sem áður segir. Nokkuð hefur og verið stuðzt við sænskar lagareglur. Eins og áður var sagt, eru nýlega sett lög um þetta efni í Danmörku og Noregi, þ. e. 1970, og er það í báðum löndunum fyrsta lagasetning um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, en í Danmörku hafði 1964 skrefið verið stigið til hálfs, með lagasetn-

ingu um upplýsingaskyldu gagnvart aðila. Svíþjóð, og raunar Finnland með líkum hætti sem oftar, hefur haft almenna upplýsingaskyldu samkvæmt stjórnskipun sinni í meira en 200 ár. Svo sem kunnugt er má segja, að lagakerfi Svíþjóðar og Finnlands sé byggt upp að ýmsu leyti með ólíkum hætti því dansk-norska og þar með því íslenzka. — Það er því ástæða til að taka fram, að í ofangreindum frjálsara aðgangi að upplýsingum frá stjórnvöldum felst ekki endilega betri trygging réttinda borgaranna gagnvart valdi stjórnkerfisins, og felst þetta í og með í stjórnlagakerfinu, sem í Danmörk og Noregi (svo og Íslandi) byggir á hinni beinu ráðherraábyrgð „ministerialsystem", sem ekki er uppbyggð með sama hætti í Svíþjóð—Finnlandi. Ekki er tilefni til að rekja þau atriði hér frædilega. — Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og greinargerðir margra nefnda, allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár, þ. e. frá því að stjórnfrelsi fyrst var innleitt. Er þar að finna mjög fróðlegar upplýsingar um sjónarmið, sem vegast á, vandamál sem til úrlausnar koma við slíka lagasetningu og um framkvæmd löggjafarinnar, þegar hún er komin á.

Um 1. gr.

Þegar setja á lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda og játa þannig rétt borgarans til að fá sem gleggsta mynd af því, sem er að gerast í stjórnsýslunni, er rétt að gera sér í upphafi grein fyrir, að þessi réttur er takmörkunum háður, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Þessar takmarkanir byggjast á viðhorfinu til opinberra hagsmuna og hagsmuna einstaklinganna. Spurningin er því sú, hvort gera á upplýsingaskylduna að aðalreglu, en takmarkanirnar verði undantekningar. Eða hvort leyndin á opinberum skjölum eigi að vera aðalreglan, en upplýsingaskyldan heyri til undantekninga.

Öll norrænu lögin hafa valið fyrri kostinn, og er þeirri stefnu fylgt í frumvarpi þessu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hverjum manni sé heimilt að fá aðgang að opinberum skjölum.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru taldar upp í 16 liðum undantekningar frá þeirri reglu, að upplýsingaskyldan eigi við. Eru undantekningarnar af mismunandi toga spunnar. Segja má, að þessar takmarkanir á almennri upplýsingaskyldu séu nauðsynlegar vegna öryggis ríkisins og sambands þess við erlend ríki eða sakir starfsemi stjórnvalds til könnunar, eftirlits og annarrar umsjónar eða til að koma í veg fyrir lagabrot eða koma lögum yfir afbrot eða til verndar réttmætum fjárhagslegum hagsmunum ríkisins, samfélaga og einstaklinga, með tilliti til friðhelgi einkalífsins, persónulegs öryggis, velsæmis og siðsemi. Undantekningar þær, sem hér eru taldar í 16 töluliðum eiga sér allar hliðstæður í hinum nýju dönsku og norsku lögum og mjög margar í hvortveggja lögunum.

1. töluliður. Sjálfsagt þykir að undanskilja upplýsingaskyldu fundagerðir ríkisráðsins og ráðherrafunda. Hið sama gildir um skjöl, sem samin hafa verið af stjórnvöldum til afnota fyrir slíka fundi.

2. töluliður. Utanríkismál eru undanþegin upplýsingaskyldu, þegar þau varða stjórnmál, fjármál og varnarmál. Hér myndu helzt koma til greina skjöl í vörzlu utanríkisráðuneytisins.

3. töluliður. Hér er um að tefla öryggismál ríkisins, samskipti við erlend ríki og varnarmál, sem af eðlilegum ástæðum þykir rétt að leynt fari. Oft myndu málefni undir þessum lið einnig falla undir 2. tölulið.

4. töluliður. Þessi töluliður tekur til starfsemi ríkis og sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum og ráðningarmálum. Er augljóst að ekki gætu stjórnvöld gætt með skaplegum hætti almannahagsmuna á þessum sviðum, ef skylt væri að veita aðgang að þeim á hverjum tíma.

5. töluliður. Hér er um að ræða skýrslur og önnur vinnuskjöl, sem stjórnvald hefur samið til afnota við afgreiðslu hjá því sjálfu. Eru þessar undantekningar að danskri og norskri fyrirmynd, en þó þykir rétt að gera hér fyrirvara, með hliðsjón af sænskum reglum, sem ganga enn lengra í að heimila aðgang að slíkum skjölum.

6., 7. og 8. töluliðir. Þessum ákvæðum er ætlað að vernda það sérstaka trúnaðarsamband, sem er milli slíkra nátengdra aðila, sem hér ræðir um.

9. töluliður. Það er talið mundu hindra aðila í að skiptast á skoðunum um lögfræðileg vafaatriði um þessi efni, ef ekki væri unnt að halda trúnaðarleynd um þau.

10. töluliður. Efni þau, sem hér ræðir um, snerta málefni svo nátengd einkahögum manna, að rétt þykir, að norskri fyrirmynd, að undanþiggja þau upplýsingaskyldu.

11. töluliður. Þessi töluliður hefur að geyma upplýsingar um tæknibúnað og tækniaðferðir, rekstrarhag og viðskiptastöðu, en vegna samkeppnisaðstöðu er talið nauðsynlegt, að málefni þessi fari leynt. Þarna getur verið réttmætt, að sá aðili, sem hagsmuna á að gæta, geti sagt til um, hvort leyft verði að veita upplýsingar um atriði, sem snert geta viðskiptalega einkahagsmuni.

12. töluliður. Ráðning og stöðuhækkun í opinberri þjónustu á að fara leynt. Þó nær leyndin ekki til nafna umsækjenda í opinbera þjónustu. Er það í samræmi við norsku lögin. Í dönsku lögunum, sem og var í norska frumvarpinu, er ekki upplýsingaskylda um nöfn umsækjenda.

13. töluliður. Rétt þykir, að undirbúningur undir rannsókn og málsmeðferð út af broti á gildandi löggjöf fari leynt.

14. töluliður. Þessi töluliður er settur vegna samningar fjárhagsáætlunar ríkisins eða langtíma fjárhagsáætlunar, og talið rétt, að þessi málefni geti farið leynt. Mat á útgjaldatillögum og áætlanir á undirbúningsstigi eru illa fallnar fyrir upplýsingaskyldu, m. a. vegna heildarsamhengis.

15. töluliður. Hér er um að tefla mikilvæga hagsmuni einstaklinga. Koma þar til greina bæði persónuleg og fjárhagsleg málefni. Gert er ráð fyrir, að sá, sem í hlut á, geti fallizt á, að menn kynni sér skjöl út af þessum málefnum.

16. töluliður. Þessi töluliður fjallar um skjöl, sem lögum samkvæmt eru bundin þagnarskyldu. Einnig er talað um vernd annarra hagsmuna, sem leynt eiga að fara vegna sérstakra aðstæðna.

Um 3. gr.

Í þessari grein er hugtakið **stjórnvald** skilgreint. Er sú skilgreining allrúm.

Í 2. mgr. er stjórnvald sveitarfélaga skilgreint, en lögin ná einnig til sveitarfélaga, eins og frumvarpið ber með sér.

Um 4. gr.

Hér er hugtakið **opinbert skjal** skilgreint. Það tekur einnig til uppdrátta, teikninga og mynda.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða undantekningartilfelli frá því, að skjal teljist opinbert skjal. Þessa grein verður einnig að túlka í samhengi við 5. tölulið 2. greinar.

Um 6. gr.

1. mgr. fjallar um það, hvenær skjal hafi borizt stjórnvaldi.

2. mgr. greinir frá því, hvenær tiltekin skjöl hafa orðið til.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er greint frá því, með hvaða hætti aðili fær aðgang að skjölum. Í fyrsta lagi skal honum afhent skjal, sem eigi ber að halda leyndu, til lestrar eða afritunar á staðnum án gjalds. Í öðru lagi getur aðili fengið afrit eða ljósrit af skjali gegn ákveðnu gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákvarðar. Stjórnvaldi er þó ekki skylt að láta gera eftirrit af uppdrætti, teikningum eða myndum, ef erfiðleikar eru á því og unnt er að fá aðgang að skjölunum á staðnum.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um það atvik, þegar skjali ber að halda leyndu að hluta.

Um 11. gr.

Hér er það tekið fram, að tilmælum um að fá í hendur opinbert skjal skuli beint til þess stjórnvalds, sem skjalið er varðveitt hjá, og skal það stjórnvald fjalla um tilmælin. Þá er um það rætt, ef tilteknum starfsmanni hefur verið falin umsjá skjalsins, og málsskot á ákvörðun starfsmannsins til stjórnvalds.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða málsskot á synjun stjórnvalds á tilmælum um afhendingu skjals. Í stuttu máli eru reglurnar þær að kæra má úrskurð stjórnvalds til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan, allt þar til ráðherrastigi er náð. Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður, sem ekki verður borinn undir dómstóla.

Hliðstæðar reglur gilda um stjórnvöld sveitarfélaga. Úrskurðir á þessu sviði verða þar að lokum kærðir til félagsmálaráðherra.

Um 13. gr.

Um meðferð kærumála á þessu sviði hvílir upplýsingaskylda á stjórnvaldi gagnvart þeim, sem í hlut á. Afgreiðsla kærumálaskjala skal látin kæranda í té án gjalds. Málsmeðferð skal hraðað.

Um 14. gr.

Ef stjórnvald álítur, að hætta sé á, að til óheimillar afhendingar komi á skjali, sem leynt á að fara, þá ber stjórnvaldinu að setja á skjalið áritun þess efnis, að um leyniskjal sé að ræða. Í árituninni skal greina lagaákvæði það, sem leynd skjalsins er reist á, svo og dagsetningu áritunarinnar og hvaða stjórnvald hafi hlutazt til um áritunina.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um sérstakar tegundir skjala, sem mjög miklu skiptir öryggi ríkisins, að haldið sé leyndum. Í þessu tilviki getur forseti Íslands mælt svo fyrir, að ákveðið stjórnvald skuli fjalla um tilmæli varðandi afhendingu þeirra. Í reynd myndi ráðherra fara hér með heimild forseta í umboði hans.

Í áritun á slík skjöl skal greina það stjórnvald, sem bært er að fjalla um tilmæli varðandi afhendingu skjalanna.

Um 16. gr.

Rétt þykir, að lög þessi öðlist ekki gildi strax við birtingu þeirra. Hér er sett tímamarkið 1. okt. 1974. Þetta tímamark gæti breytzt, eftir því, hvernig um afgreiðslu frumvarpsins fer, og verður að ætla rúman tíma til undirbúnings gildistöku laganna.

Rétt þykir einnig, að lögin verki ekki aftur fyrir sig, þannig að þau taki ekki til skjala, sem stjórnvöld hafa samið eða borizt hafa þeim í hendur fyrir gildistöku laganna.

Ed. **28. Frumvarp til laga** [27. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Undirfyrirsagnir I. og II. í 8. kapítula B. falli niður.

2. gr.

82. gr. orðist þannig:

Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga, sbr. þó 83. gr. 3. mgr.:

1. Útfararkostnaður hins framliðna eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.
2. Skiptakostnaður, þó ekki skiptagjöld í ríkissjóð.
3. Kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd.

3. gr.

83. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingarréttindum í búinu.

Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingarréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar, en afgangur rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra rétthafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Kröfur skv. 82. gr. 2. og 3. liðum ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignarréttindi.

4. gr.

84. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga síðasta árið fyrir andlátið.
2. Bótakröfur vegna uppsagnar vinnusamnings eftir upphaf skipta eða á síðasta árinu fyrir upphaf skipta.
3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
4. Kröfur eftir 1.—3. tölul. fyrir lengri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað þeirra vegna gegn hinum látna eða félagi, þar sem hann ber ótakmarkaða ábyrgð, innan árs frá gjalddaga og dómur hefur gengið á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.
5. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæzlu fengið í sínar vörzlur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.
6. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.
7. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

5. gr.

85. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til að greiða allar aðrar skuldir þess að réttri tiltölu við upphæð hverrar skuldar, sbr. þó 86. gr.

6. gr.

86. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—85. gr., skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr.
2. Kröfur um refsingar eða refsikennd viðurlög, þ. á m. skattsektir, ef slíkar kröfur verða heimtar úr búinu, svo og kröfur um févíti einkaréttarlegs eðlis, nema í þeim mæli, sem í þeim felast skaðabætur.
3. Gjafakröfur.

7. gr.

87. gr. orðist þannig:

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi í búinu skv. 82.—86. gr., nema um sé að ræða kröfu skv. 84. gr. 6. tölul., sem opinber aðili hefur eignazt. Nú greiðir samskuldari bús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur búinu með sama hætti og kröfuna, sem greidd var, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingarréttindi, sem samskuldari á.

8. gr.

88. og 89. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júnímánuði 1972 fól forsætis- og dómsmálaráðherra Ólafur Jóhannesson prófessor Þór Vilhjálmssyni að vinna að endurskoðun löggjafarinnar um skipti. Skyldi fyrst unnið að endurskoðun gjaldþrotaskiptalaganna. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hefur það orðið að ráði, að taka reglurnar um skuldaröð út úr og breyta þeim fyrr en öðrum reglum skiptalöggjafarinnar.

Frumvarp þetta, sem lagt var fram í lok síðasta Alþingis, hefur prófessorinn samið í samræmi við framanritað og fylgdi því svo hljóðandi

Greinargerð.

Lögð hafa verið drög að því, að fram fari á næstunni endurskoðun löggjafarinnar um skipti, og mun fyrst unnið að athugun á reglunum um gjaldþrotaskipti. Frumvarp til nýrra gjaldþrotaskiptalaga er enn ekki tilbúið, en í nánum tengslum við gjaldþrotareglurnar eru lagaákvæðin um röð krafna (skuldaröð, forgangskröfur). Þessar reglur eru ekki í núgildandi gjaldþrotaskiptalögum nr. 25/1929 heldur í skiptalögum nr. 3/1878. Liggja til þess sögulegar ástæður. Reglurnar um skuldaröð eru úreltar, og er brýnni ástæða til að breyta þeim en flestum öðrum reglum skiptalöggjafarinnar. Hefur þess vegna þótt vera ástæða til að ráðast nú þegar í endurskoðun þeirra, áður en breytt er öðrum skiptareglum.

Réttarfarsreglur í íslenzkum lögum, sem lengi voru dreifðar og ófullkomnar, voru endurskoðaðar á árunum 1878—1951. Hófst það starf með setningu hinna almennu skiptalaga og lauk 73 árum síðar, þegar sett voru lög um meðferð opinberra mála. Réttarfarslög þau, sem sett voru á síðasta fjórðungi 19. aldar, voru samin

eftir dönskum fyrirmyndum, en í grundvallarlögum Dana frá 1849 var mælt fyrir um endurskoðun réttarfarslöggjafar. Dróst framkvæmd þess að vísu mjög, því að hin almennu dönsku réttarfarslög voru ekki samþykkt fyrr en 1916, en nokkur lög um afmörkuð efni voru þó sett miklu fyrr. Urðu þau Íslendingum fyrirmynd að skiptalögum (1878), svo sem fyrr segir, lögtakslögum (1885), aðfararlögum (1887) og gjaldþrotaskiptalögum (1894). Ný löggjöf leysti síðastnefndu lögin af hólmi 1929, en hin lögin eru enn í gildi með óverulegum breytingum. Þau lög frá 19. öld, sem nú voru nefnd, voru í upphafi vel vönduð, en eiga nú að ýmsu leyti verr við, svo sem vænta má um svo gamla löggjöf. Endurskoðun þeirra er ekki auðveld, þar sem efnið er vandasamt frá lögfræðilegu sjónarmiði, en æskilegt er að koma henni fram á fáum árum.

Í Danmörku voru gjaldþrotaskiptalög sett á undan almennum skiptalögum, og voru reglurnar um skuldaröð hafðar í fyrri lögunum þar í landi og eru þar enn. Á Íslandi var þessu öfugt farið, en um skuldaröðina voru sett ákvæði í eldri lögin, þ. e. almennu skiptalögin, og þar eru þau enn. Reglur þessar gilda um skipti á sumum dánarbúum (skuldafrágöngubúum) og þrotabúum, og þær geta einnig skipt máli við skipti á eignum félaga við félagsslit og við úthlutun uppboðsandvirðis án búskipta. Efni reglnanna mótast af viðhorfum fyrri tíma, og mun ekki leika á tveimur tungum, að æskilegt er að breyta þeim verulega að áliti flestra, sem um þessi mál fjalla.

Meginefni gildandi reglna um skuldaröð má segja, að sé þetta: Úr búum er fyrst greiddur útfararkostnaður, skiptakostnaður og skiptalaun, en til skiptakostnaðar eru taldar kröfur, sem stofnað er til af búinu, t. d. vegna framhalds atvinnurekstrar. Næst koma veðskuldir. Síðan koma ýmsar svonefndar forgangskröfur, sem í 83. gr. skiptalaganna eru flokkaðar í 3 aðalflokka, en einum þeirra er skipt í 5 undirflokka. Í fyrsta flokki eru kröfur vegna fjárhalds á opinberum vegum. Í öðrum flokki eru leigukröfur, skattakröfur og launakröfur skv. nánari ákvæðum í lagagreininni. Eru þetta algengar kröfur, sem oft hafa úrslitaáhrif á það, hverja úrlausn aðrir kröfuhafar fá. Í þriðja flokki forgangskrafna skv. 83. gr. skiptalaganna eru kröfur vegna lyfjakaupa og læknishjálpar. Eftir þetta koma kröfur tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé og svonefndu almennu lögveði, sem er sjaldgæfur tryggingarréttur. Þá koma almennar kröfur, aðrar en gjafakröfur, sem eru flokkaðar síðastar. — Það eru einkum ákvæði 83. gr. núgildandi skiptalaga, sem þarfnast endurskoðunar. Að auki er ástæða til að kanna nokkur önnur ákvæði, m. a. um stöðu krafna, sem tryggðar eru með þeim veðtegundum, sem nú skipa þeim á eftir forgangskröfum eftir 83. gr. Mikilvægasta breytingin, sem þetta frumvarp felur í sér, er fækkun þeirra krafna, sem teljast til forgangskrafna. Er m. a. lagt til, að skattakröfur og leigukröfur verði hér eftir almennar kröfur, svo sem nánar er rökstutt í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Þá er enn fremur lagt til, að aukinn verði réttur krafna, sem tryggðar eru með sjálfsvörzluveði í lausafé og almennu lögveði og þær settar á bekk með venjulegum samningsveðtryggðum kröfum.

Þess er að geta, að nefnd starfaði í Danmörku að endurskoðun laga um gjaldþrotaskipti og nauðasamninga á árunum 1958—1971. Gaf hún út tvö efnismikil álit, sem prentuð voru 1966 og 1971. Hið fyrra snýst um breytingar á reglunum um skuldaröð, og leiddi það til lagabreytinga um það efni 1969. Í síðara álitinu er frumvarp til nýrra gjaldþrotaskiptalaga, sem enn hefur ekki verið lagt fram í þjóðþingi Dana. Í Noregi starfaði nefnd að endurskoðun laga um sömu efni 1953—1972. Hún gaf út tvö ýtarleg álit, 1961 oð 1972. Eins og í Danmörku snýst hið fyrra um breytingar á reglunum um skuldaröð, og leiddi það til lagasetningar 1963. Í síðara álitinu eru 3 frumvörp: um nauðasamninga og gjaldþrot, um greiðslurétt kröfuhafa og loks um gildistöku breytinga á öðrum lögum o. fl. Frumvörp þessi hafa enn ekki verið lögð fyrir Stórþingið. Í Svíþjóð hefur sérstök lagastofnun („lagberedningen") fjallað um þessi efni, og komu út á árunum 1968—1970 þrjú álit á stofnunarinnar vegum. Ein þessara álitsgerða („Utsökningsrätt IX") er um forgangskröfur, og leiddi hún til lagasetningar um skuldaröð í Svíþjóð 1970. Í Finnlandi starfaði sérstök nefnd að

endurskoðun laga um gjaldþrotaskipti á árunum 1956—1969. Nefnd þessi lauk ekki störfum, og er nú unnið að þessu máli í lagastofnun, sem starfar í Finnlandi með svipuðum hætti og í Svíþjóð. — Á árunum 1960—1968 voru haldnir nokkrir norrænir fundir um þessi efni, en af Íslands hálfu var ekki um að ræða þátttöku í þeim. Norrænu lögin og álitsgerðirnar hafa verið hafðar til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps, fyrst og fremst dönsku og norsku gögnin, enda hafa reglurnar á þessu sviði í þeim löndum um aldabil verið svipaðar reglum hérlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 82. gr. — Ekki er um að ræða verulega breytingu frá efni 82. gr. núgildandi skiptalaga um annað en það, að lagt er til, að skiptagjöld í ríkissjóð verði almenn krafa, en krafan um greiðslu þessara gjalda er nú forgangskrafa. Skiptagjöld eru nú 3% af brúttóeign bús skv. 9. gr. laga nr. 104/1965 um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrir þessari breytingu eru sömu rök og fyrir því að fella skattkröfur almennt niður sem forgangskröfur, og er um þessi rök rætt í athugasemdum við 84. gr. — Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar. Til þess er ætlazt, að skiptalaun falli undir skiptakostnað, og þykir ekki vera ástæða til að nefna þau sérstaklega eins og gert er í lögunum frá 1878. Þá þykir vera óeðlilegt að nota orðið skiptakostnað um þær kröfur, sem nefndar eru í 3. tölulið („massakröfur"), og er því sérstakur töluliður hafður um þær.

Um 83. gr. — Í skiptalögunum frá 1878 er 8. kapítula B, sem þetta frv. fjallar um breytingar á, skipt í tvo hluta: I. og II. Hinn fyrri (82.—85. gr.) ber fyrirsögnina: „Um niðurröðun skulda þeirra, er lúkast eiga úr búinu sem heild.". Hinn síðari (86.—89. gr.) kallast: „Um rétt þeirra skuldheimtumanna, er hafa tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna í einstökum hlutum eða réttindum, sem eru eign búsins". Í þessu felst, að ekki er um samfellda lýsingu kröfuraðarinnar að ræða í lögunum, heldur eru tryggingarréttindi höfð sér. Þetta er að sönnu ekki stórt atriði, og má hugsa sér að fjalla alls ekki um tryggingarréttindi í skiptalögunum, heldur gera ráð fyrir, að skýra verði lögin með samanburði við veðreglur og skyld ákvæði. Til yfirlits er þó gleggst að hafa sem mest af reglunum um skuldaröð saman, og sýnist ástæðulaust að hafa þá tvískiptingu, sem verið hefur og lýst var.

Grein þessi kemur í stað alls II. hluta 8. kapítula B, eins og hann er nú. Gerð er tillaga um verulega efnisbreytingu, þ. e. aukin tryggingarréttindi þeirra, sem eiga kröfur tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé eða almennu lögveði. Nú koma slíkar kröfur í skuldaröð á eftir þeim forgangskröfum, sem lagt er til, að hin nýja 84. gr. fjalli um, en 83. gr. núgildandi laga geymir fyrirmæli um, sbr. 84. og 89. gr. laga nr. 3/1878. Ástæðan til þess, að sjálfsvörzluveði í lausafé hefur verið skipað í kröfuröð á eftir öðrum forgangskröfum er sú, að talin hefur verið hætta á misnotkun þessarar veðsetningaraðferðar til undanskots eigna og tvílnunar einstakra kröfuhafa. Í raun eru ýmsir lausafjármunir mikið notaðir til veðsetninga, t. d. bifreiðar, og er ástæða til að taka tillit til þeirrar staðreyndar. Jafnframt sýnist mega telja, að ástæðulaust sé að amast við þessari tegund veðsetninga og því rétt að skipa þeim að fullu á bekk með fasteignaveði, svo sem hér er lagt til, enda sé gætt þeirra strangu reglna um þinglýsingu innan tiltekins frests, sem um ræðir í 7. gr. veðlaga nr. 18/1887. Um samningsbundið veð í heildarsafni muna, sem heimilað er í 4. gr. laga nr. 18/1887 og nefnt í núgildandi 84. gr. laga nr. 3/1887, fer eftir þessari grein. Hið almenna lögveð, sem nefnt er í tillögugreininni, er veð í öllum eignum veðþola, og er það einkum heimilað til tryggingar kröfum ríkissjóðs á hendur gjaldheimtumönnum sínum og yfirfjárráðendum, til tryggingar arfi skv. þinglýstum skiptaútdrætti og til tryggingar skuldum vegna framfærslustyrks. Þessar kröfur eiga skv. núgildandi reglum að ganga á eftir forgangskröfum, sem taldar eru í 83. gr. laga nr. 3/1878, svo sem launum og sköttum. Ástæða þykir vera til að fara með þær eins og venjulegar veðkröfur, þó þannig, að þær gangi á eftir öðrum kröfum, sem tillögugreinin fjallar um, ef þeim er ekki þinglýst.

Um 84. gr. — Í þessari frumvarpsgrein eru aðalbreytingarnar, sem í frumvarpinu felast. Fyrst mun lýst efni greinarinnar, en síðan mun verða vikið að forgangskröfum skv. skiptalögunum frá 1878, sem lagt er til, að brott falli.

Í 1. tölul. er lagt til, að launakröfur verði forgangskröfur, og er það ekki ný regla. Orðalag er haft almennara en nú er, enda hefur verið tilhneiging til að skýra gildandi ákvæði rúmt hér á landi. Annað endurgjald fyrir vinnu en peningagreiðslur fellur undir töluliðinn, t. d. laun, sem greiða átti í fríðu. Hugsanlegt er, að samningar þar að lútandi hafi skapað eignarrétt, en þar með er launamóttakandinn kominn í sérstaka aðstöðu. Er krafa hans þá utan skuldaraðar, og getur hann fengið tiltekna muni afhenta úr búinu. Ella myndu launin vera metin til peninga og greidd eftir þessu ákvæði. Það getur valdið verulegri röskun á hagsmunum annarra kröfuhafa, ef engin takmörk eru sett við greiðslu gamalla launakrafna sem forgangskrafna. Í lögunum frá 1878 er forgangsrétturinn þess vegna takmarkaður við launakröfur „fyrir síðasta árið". Þessu er haldið í frumvarpsgreininni, þó þannig, að miðað skuli vera við gjalddaga en ekki tímann, þegar unnið var. Á hinum Norðurlöndunum er yfirleitt miðað við 6 mánuði og launakröfur manna, sem hafa stjórnað fyrirtækjum, er verða gjaldþrota, eru ekki forgangskröfur. Hið sama gildir þar um launakröfur þeirra, sem eru í nánum fjölskyldutengslum við stjórnendur fyrirtækjanna eða eru sjálfir eigendur. Í íslenzkum rétti hefur ekki verið um ákvæði af þessu tagi að ræða, og er ekki lagt til, að þau verði tekin upp. — Þess skal getið, að Norðurlandaráð hefur gert ályktanir um ráðstafanir til að tryggja launakröfur í þrotabúum. Í ályktun nr. 12/1970, sem samþykkt var með 35 atkvæðum gegn 33 á þingi Norðurlandaráðs, er lagt til, að launakröfur séu forgangskröfur og gangi jafnvel á undan veðkröfum. Á þessari tillögu er ekki byggt í þeim frumvörpum, sem nýlega hafa verið birt í Danmörku og Noregi. Í ályktun nr. 30/1971 er skorað á ríkisstjórnir Norðurlanda, að koma á „fullnægjandi launaábyrgðarkerfi í gjaldþrotabúum". Þótt hér á landi verði settur upp kaupábyrgðasjóður í samræmi við þessa Norðurlandaráðsályktun, er ekki ástæða til að fella niður úr skiptalögunum ákvæði um forgangsrétt launakrafna.

Í 2. tölulið ræðir um bótakröfur vegna uppsagnar vinnusamnings, en slíkar kröfur geta stofnazt til dæmis vegna þess, að atvinnustarfsemi sé skyndilega hætt vegna andláts eða gjaldþrots. Geta kröfur um bætur vegna slíkra atvika verið jafntengdar persónulegum högum launþega og launakröfur, svo að rétt þykir að láta gilda um þær sömu reglur.

Í 3. tölulið ræðir um kröfur til orlofsfjár. Í lögum um orlof nr. 87/1971 7. gr. 4. mgr. segir, að krafa um greiðslu orlofsfjár sé forgangskrafa eins og launakröfur eftir 83. gr. skiptalaga. Rétt þykir að hafa þetta ákvæði í skiptalögunum sjálfum, og er það því sett hér, en ekki hefur þótt vera ástæða til að fella það jafnframt niður úr orlofslögunum. Tímamörk eru gerð glögg.

Í 4. tölulið er heimilað, að þær kröfur séu forgangskröfur, sem stofnazt hafa með sama hætti og kröfur eftir 1. — 3. töluliðum, þó að þær séu eldri en svo, að þær falli undir þessa tölulið. Á þetta við, ef ekki verður talið, að atvik, sem launþegi hafði á valdi sínu, hafi valdið töfum á innheimtu launa, svo sem nánar segir í tillögugreininni.

Í 5. tölulið er ákvæði, sem að efni til svarar til a-liðar í 83. gr. skiptalaganna frá 1878. Sumar af kröfum þeim, sem hér eru nefndar, eru nú tryggðar með almennu lögveði, en á því getur orðið breyting. Aðrar kröfur, sem undir þennan tölulið falla, eru ekki tryggðar með slíku veði, t. d. kröfur skjólstæðinga lögmanna til fjár, sem þeir varðveita fyrir þá. Nokkur vafi kann að vera um réttmæti þess að halda efni þessa töluliðs í lögum. Þó verður að telja æskilegt, að hið sérstaka trúnaðarsamband milli opinberra sýslunarmanna og almennings geti haldizt sem truflanaminnst, og er ákvæðinu ætlað að stuðla að því. Þá er þess einnig að geta, að geymsla fjár er sérstæð og verður ekki jafnað til skulda, þar sem ekki er til þess ætlazt, að um neina sérgreiningu sé að ræða frá eignaheild skuldara. Hefur af þessum sökum verið gerð tillaga um að halda efni þessa töluliðar í lögum, og er það önnur niðurstaða en varð í Danmörku.

Í 6. tölulið er lagt til, að kröfur til lífeyris og meðlags verði forgangskröfur með þar tilgreindum takmörkunum. Þessar kröfur eru ekki forgangskröfur nú, og er það að sönnu nokkuð andstætt meginstefnu þessa frumvarps að fjölga forgangskröfum. Þó að kröfur þessar hafi lögtaksrétt, er reynslan hér á landi sú, að erfiðleikar á innheimtu valda oft maka og stundum börnum erfiðleikum, þó að meðlag fáist að vissu marki greitt frá Tryggingastofnun ríkisins sem kunnugt er. Það er vafalítið almennt álit, að hóflegar meðlags- og lífeyriskröfur eigi forgangsrétt skilinn, og af þeim sökum hefur þetta ákvæði verið sett í frumvarpið. Geta má þess, að því var hafnað í Danmörku að veita kröfum sem þessum forgangsrétt, og í álitsgerð norsku gjaldþrotanefndarinnar, sem fyrr er nefnd og út kom 1972, er lagt til, að felld verði úr lögum regla þessa efnis, sem sett var þar í landi 1963.

Í 7. tölulið er eftir fyrirmynd frá Danmörku lagt til, að þóknun fyrir tilraunir til að koma skipan á fjármál hins látna (og þá jafnframt þrotamanna) sé forgangskrafa með nánar tilteknum hætti. Reglan myndi í raun aðallega skipta máli í þrotabússkiptum. Alkunnugt er, að oft eru gerðar allumfangsmiklar tilraunir til að koma á frjálsum nauðasamningum eða gera svipaðar ráðstafanir, og kann að vera vafi á, hvort þóknun fyrir það er forgangskrafa. Nauðsynlegt kann og að vera að stofna til annars kostnaðar við slíkar tilraunir. Rétt þykir að stuðla að slíkum ráðstöfunum með því ákvæði, sem hér um ræðir.

Eins og fyrr segir felst í tillögunni um hina nýju 84. gr., að felld er niður núgildandi regla um, að skattakröfur séu forgangskröfur. Er þetta í samræmi við þær tillögur, sem nú nýlega eru fram komnar í Danmörku og Noregi. Um langt skeið þótti sjálfsagt að tryggja kröfur konungsins og annarra opinberra aðila sem bezt og að veita þeim forréttindi umfram aðra kröfuhafa. Það er vart lengur almennt viðhorf, að kröfur opinberra aðila eigi að njóta sérréttinda. Að auki er þess að gæta, að slíkar kröfur, fyrst og fremst skattakröfur, eru nú oft svo háar, að forgangsréttindi þeirra rýra möguleika annarra kröfuhafa til að fá greiðslu upp í kröfur sínar. Má ætla, að skattakröfurnar séu nú tiltölulega hærri í búum en áður var. Það getur vart skipt ríkissjóð eða aðra opinbera aðila meginmáli, hvort skattakröfur eru forgangskröfur. Aðrir kröfuhafar geta hins vegar eins og fyrr segir beðið lítt þolanlegt tjón af að þurfa að standa að baki skattheimtumönnum. Er þetta ástæðan til þeirrar tillögugerðar, sem í frumvarpinu felst um þetta atriði.

Í 83. gr. skiptalaganna frá 1878 eru meðal forgangskrafna leigukröfur, hvers konar jarðarafgjöld og ofanálag á jarðir. Það er að sönnu hugsanlegt, að kröfur sem þessar varði persónulega hagi manna og að nokkur rök séu því til að þær séu forgangskröfur af svipuðum ástæðum og launakröfur. Þetta á þó varla við í ríkum mæli, og hefur þess vegna verið lagt til, að leigukröfur og skyldar kröfur verði hér eftir almennar kröfur.

Í skiptalögunum eru nú ákvæði þess efnis, að kröfur vegna sjúkrahjálpar séu forgangskröfur, sbr. c-lið 83. gr. Þar sem greiðslur þessar eru nú í flestum tilvikum inntar af hendi úr sjóðum almannatryggina, þykir ekki vera ástæða til að halda í gildandi reglu.

Um 85. gr. — Hér er ákvæði um almennar kröfur, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 86. gr. — Í síðara hluta 85. gr. núgildandi skiptalaga segir, að gjafakröfur gangi á eftir almennum kröfum. Rétt þykir að taka nokkrar fleiri kröfur út úr og raða þeim á eftir kröfum skv. 85. gr. frumvarpsins.

Vextir, sem á falla eftir upphaf skipta, geta að sjálfsögðu verið ákveðnir með mismunandi hætti að því er hundraðshluta snertir. Vextir af forgangskröfum eftir skiptaupphaf geta einnig minnkað líkur fyrir því, að greiðsla fáist upp í almennar kröfur. Það er meginsjónarmið, að jafnrétti ríki milli lánardrottna eftir upphaf skipta, og þykir ekki vera ástæða til að vaxtareikningur eftir það tímamark raski þessu. Er þess vegna gerð tillaga í samræmi við það, sem er í Danmörku og Noregi, þess efnis, að vextir frá þessu tímamarki gangi á eftir almennum kröfum. Í raun leiðir þetta til þess, að slíkir vextir fást sjaldnast greiddir í þrotabúum. Ef til slíks

kemur, ber að fara eftir reglunum um skuldaröð milli þeirra, sem krefjast vaxtanna. Þar sem kröfur stofnaðar með löglegum hætti skv. 82. gr. hafa verulega sérstöðu og það eru hagsmunir búsins, að þær geti stofnazt, þykir ekki unnt að láta ákvæðið, sem hér um ræðir, ná til þeirra.

Kröfurnar, sem nefndar eru í 2. tölulið, eru sérstaks eðlis, og kemur fram í lögum á ýmsum stöðum, að þær eru lakar verndaðar en aðrar kröfur. Þykir rétt að láta þetta sjónarmið ráða hér. Hið sama er um gjafakröfur skv. 3. tölulið, en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða, svo sem fyrr segir.

Um 87. gr. — Þörf er á glöggum reglum um það efni, sem fjallað er um í þessari grein, og er efnið í samræmi við kenningar fræðimanna. Þeirri stefnu er haldið að láta kröfur opinberra aðila yfirleitt ekki vera forgangskröfur.

Nd. 29. Frumvarp til ábúðarlaga. [28. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

I. KAFLI
Um byggingu jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð og þó hús séu fallin eða rifin, telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki byggðaráðs t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki landnámsstjórnar eða staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

2. gr.

Hver sá, sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda, að dómi úttektarmanna. Nú rækir jarðeigandi eigi þessa skyldu og ber þá sveitarstjórn að áminna hann um það og setja honum frest til næstu fardaga. Nú byggir hann eigi jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar næst eftir að frestur rann út og er þá sveitarstjórn heimilt að ráðstafa jörðinni til ábúðar 5 ár í senn.

Byggðaráð getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð, ef hún er að dómi þess svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að byggðaráð telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína, án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, að mati byggðaráðs, og er þá sveitarstjórn heimilt að krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, er áfátt er innan tveggja missera, eða byggi jörðina frá næstu fardögum, en sæti ella ráðstöfun sveitarstjórnar á jörðinni skv. 1. málsgr.

Nú er land fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipzt úr jörð án þess að verða nýbýli og er ekki nytjað af eiganda né leigt hreppsbúum, en þess er þörf vegna búskapar í sveitarfélaginu að mati byggðaráðs, og getur þá sveitarstjórn tekið það leigunámi til þeirra nota 5 ár í senn, en ábyrgjast verður hún að landið sé hóflega nýtt að viðlagðri bótaskyldu. Á sama hátt fer um jarðir, sem undanþegnar eru byggingarskyldu skv. 2. málsgr.

Eftirgjald jarða eða landa, er sveitarstjórn tekur til ráðstöfunar skv. ákvæðum þessarar greinar, ákveða úttektarmenn, nema um semjist við eiganda, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats skv. 44. gr.

3. gr.

Sé ekki um annað samið, skal byggja jörð frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda byggðaráði, er varðveitir það í skjalasafni sínu.

4. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra lönd, svo og þess, ef kvaðir hvíla á henni. Þá skal og kveða á um í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef kúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni, sem ekki geta talizt til venjulegra leiguliðanota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

5. gr.

Jarðir skal byggja hið skemmsta til 5 ára í senn. Jarðir í eigu ríkis, sveitarfélaga, opinberra sjóða og stofnana, skal byggja lífstíð leigutaka, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins og jörðum, sem líkt stendur á um, þær skal byggja tiltekinn tíma.

Ekkja leiguliða heldur ábúðarrétti hans, en hann fellur niður, ef hún giftir sig að nýju.

Heimilt er eiganda að taka jörð eða jarðarhluta úr lífstíðarábúð vegna eigin þarfa eða til ábúðar handa sjálfum sér, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar, skv. þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess, innan árs frá því að hann flutt af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn allan þann skaða, er leiguliði kann að hafa beðið af þessum sökum.

6. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð lífstíð leigutaka og eftirgjald skal ákveðið af úttektarmönnum, nema um annað semjist.

7. gr.

Landskuld, sem aðilar kunna að semja um, er heimilt að miða við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda, sem jörðinni fylgja, og greiðist í peningum eftir gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert.

Samningsaðilar eiga rétt á því, hvor um sig, á fimm ára fresti að krefjast breytinga á landskuld, hafi verðlagsbreytingar átt sér stað. Eigi sér stað verulegar breytingar á tekjum af hlunnindum, er samningsaðilum heimilt að krefjast endurskoðunar samnings að því, er tekjur af þeim varðar, annað hvert ár.

Náist ekki samkomulag, skal mat úttektarmanna ráða.

8. gr.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og er þá rétt að miða landskuld við afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

9. gr.

Ef jörð spillist af ástæðum, sem leiguliði má ekki við gera og spjöllin valda röskun á búskaparaðstöðu hans, á hann rétt á eftirgjaldslækkun, að mati úttektarmanna, náist ekki samkomulag við landsdrottinn.

III. KAFLI

Um mannvirki, ræktun, stöðu landsdrottins og leiguliða vegna framkvæmda.

10. gr.

Þegar jörð er byggð til lífstíðar eða á erfðaábúð, er landsdrottni ekki skylt að láta jörðinni fylgja önnur hús en þau, sem eru á jörðinni og í hans eigu við upphaf leigutíma.

11. gr.

Jörð, sem leigð er til ákveðins árabils, er landsdrottni skylt að láta íbúðarhús og peningshús í nothæfu ástandi fylgja, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er landsdrottni, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp, sem ætla má að þurfi, til þess að jörð verði nytjuð með venjulegum hætti, og peningshús fylgja fyrir ¾ hluta þess bústofns, sem úttektarmenn meta, að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef ekki má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar, verða ekki taldar búhæfar að mati byggðaráðs, svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitaþorpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt, að endurbyggingu fullgerðri, að hækka landskuld. Náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta, hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar og miðast af því, er tekur til peningshúsa við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhús með hliðsjón af búsþörfum.

Nú leggur landsdrottinn, að ósk leiguliða, fram fé til umbóta á jörð sinni og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlagi til byggingarframkvæmda greiðist sömu vextir og af lánum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánum Ræktunarsjóðs, eins og þeir vextir eru á hverjum tíma.

Nú vill leiguliði auka húsakost ábúðarjarðar sinnar, og hans telst þörf, að mati viðkomandi héraðsráðunautar og byggingafulltrúa, en landsdrottinn vill ekki kosta auknar byggingaframkvæmdir. Leiguliða er þá heimilt að byggja, eftir að hafa sannanlega tilkynnt landsdrottni, enda sé gerð bygginga og fyrirkomulag samþykkt af byggingafulltrúa viðkomandi héraðs.

13. gr.

Ef leiguliði vill gera meiriháttar jarðarbætur, skal hann leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðarbæturnar á sinn kostnað og hækki þá eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum Stofnlánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðarbótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar, álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið.

14. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiriháttar jarðarbætur á jörð sem er í fastri byggingu, og skal hann þá leita samkomulags um það við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðarbótina engu síður, en bæti leiguliða það, sem verkið kann að spilla leiguliðaafnotum hans. Þegar jarðarbótinni er lokið, getur landsdrottinn látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðarbótina miðað við aðstæður leiguliða. Getur landsdrottinn þá afhent hana leiguliða, og ber leiguliða að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber leiguliða að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðarbótina.

15. gr.

Leiguliða er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar þeim lánum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna framkvæmda á ábúðarjörð sinni, sem samþykktar hafa verið af byggingafulltrúa eða jarðræktarfulltrúa.

16. gr.

Nú á fráfarandi leiguliði hús, hlut í húsum eða umbætur á jörð, og er það til frambúðar haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þær eignir fráfaranda því verði, er úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að mati úttektarmanna. Séu hús ekki nauðsynleg vegna almenns búrekstrar, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Landsdrottni er einnig skylt að kaupa ræktun, sem fráfarandi hefur látið gera.

Við mat á eignum fráfaranda ber að draga frá fyrningu og styrki. Fjárhæð þá, er landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, ber honum að greiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu átta árum frá úttektardegi, nema um annað semjist. Landsdrottni ber að greiða sömu vexti af skuldum vegna kaupa á mannvirkjum leiguliða og Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands reiknar af lánum.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar, og unnt er að flytja, er jarðareigandi ekki skyldugur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau verði rifin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein af. Séu mannvirki minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörð, skal hann greiða landsdrottni mismuninn. Sá mismunur, er greiðast skal, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á kostnaði við mannvirkjagerð.

17. gr.

Leiguliða er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum og ræktun, þannig að ekki rýrni umfram eðlilega fyrningu, að mati úttektarmanna.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins.

18. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð, mannvirki og ræktun og gefa um það skýrslu til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa og hvernig jörðin er setin yfirleitt.

19. gr.

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða og skal landsdrottinn bera kostnaðinn, nema um annað sé samið. Um tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skylt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalds gegn endurgreiðslu, beri landsdrottni að greiða iðgjaldið. Af sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjald af sínum eignarhluta.

20. gr.

Sjái landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum þessum, getur hann boðið leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ⅔ hlutum þess kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir. Skal leiguliði greiða þá fjárhæð með jöfnum árlegum afborgunum á 8 árum, nema öðruvísi semjist, gegn sömu vöxtum og bankar greiða af óbundnu sparifé og veði í jörðinni, næst á eftir áhvílandi veðskuldum.

Neiti leiguliði að kaupa eða hafi hann ekki svarað tilboði innan misseris, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum.

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji hann það ekki, hefur sveitarstjórn rétt til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, sem jörðin var boðin ábúanda.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiguliða og ábúðarlok.

21. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja hana og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

22. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en ekki má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru fjórir og hefjast, þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur.

Leiguliða er skylt hið síðasta að hefja ábúð, þegar sjö vikur eru af sumri ella fyrirgerir hann ábúðarrétti sínum, en ber að greiða eins árs jarðarafgjald auk bóta eftir almennum reglum, ef meira tjón sannast.

23. gr.

Fráfaranda ber að hafa hreinsað öll hús og haugstæði, flutt bú sitt, tæki og allt, sem er í hans eign á jörðinni, í burtu hinn síðasta fardag, nema um annað semjist. Nú vill fráfarandi selja hey, sem hann á á jörðinni við ábúðarlok og á þá viðtakandi forkaupsrétt.

24. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., en það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur

af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyðileggist við notkunina. Enn fremur telst til leiguliðaafnota réttur til framkvæmda, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar.

Til leiguliðaafnota teljast öll hús, mannvirki, ræktun, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðaafnotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Leiguliði skal hafa not slíkra hlunninda það vor, sem hann flytur á jörð, nema um annað sé samið. Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé slíkt gert í samráði við byggðaráð og býlið lífvænlegt til búrektrar, að dómi byggðaráðs, þó að þau hlunnindi séu undan tekin. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það ekki valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

25. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, er rekur og draga það úr flæðarmáli, svo að ekki taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við viðarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða ⅓ hluta hans, nema byggingarbréf taki annað fram. Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um hverju sinni.

26. gr.

Ekki má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né leyfa not hlunninda eða landsnytja, nema landsdrottinn leyfi, eða ekki verði hjá því komizt vegna ákvæða laga.

27. gr.

Skylt er leiguliða að halda við húsum jarðar og öllu, sem þeim fylgir, þannig að þau gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar, ræktunar, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða skatta og skyldur, sem lög ákveða og tengdar eru notum hans af jörðinni, landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld, leigur og önnur gjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

29. gr.

Nú er leiguliðaréttur brotinn og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn og láta vita, hvort hann sækir.

30. gr.

Vanefni leiguliði verulega skyldur sínar samkvæmt ábúðarsamningi eða lögum þessum, er landsdrottni heimilt að byggja leiguliða út.

Hvarvetna, þar sem landsdrottinn segir leiguliða upp ábúð eða byggir honum út, vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það sannanlega fyrir jól, miðað við næstu fardaga.

31. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af ábúðarjörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörðinni lausri fyrir jól miðað við næstu fardaga. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp, þannig að sannað verði.

V. KAFLI
Um erfðaábúð.

32. gr.

Heimilt er að byggja jarðir í einkaeign, í eigu ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, jarðir gjafasjóða, sýslusjóða eða hreppssjóða) á erfðaleigu.

33. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 32. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst.

34. gr.

Erfðaleiguábúanda er skylt að greiða árlega iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á ábúðarjörð sinni, án endurgjalds frá landsdrottni. Kostnað við virðingu á eignum greiðir hver eigandi af sínum hluta.

35. gr.

Meðan sama ætt heldur jörð, skal afgjald ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlögum jarðareiganda. Ef liðin eru þrjú ár eða meira frá síðasta fasteignamati, þegar ákvarða skal eftirgjald, er heimilt að krefjast millimats fasteignamatsnefndar og leggja það til grundvallar ákvörðun um eftirgjald.

36. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn tilkvaddir, ásamt jarðareiganda eða umboðsmanni hans, og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

a) Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda.
b) Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

37. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í þessum kafla laganna, þar með talin hús og mannvirki, sem viðkomandi ætt á á jörðinni, erfist sem hér segir:

1) Það hjóna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir.
2) Erfðaréttur erfist til barna þess hjóna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði og til barna þeirra og kjörbarna.
3) Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn og skuli tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
4) Verði hjón ekki ásátt um, hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5) Náist ekki samkomulag skv. 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6) Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7) Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8) Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára frá því er hann hefur tekið við ábýli sínu, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.

9) Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfaranda um ráðstöfun jarðarinnar, skal henni ráðstafað að tillögu byggðaráðs.

VI. KAFLI
Um úttektir á leigujörðum.

38. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð.

Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

39. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

40. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum.

Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

41. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1) Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
2) Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim, að greiða, sem krafizt hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkv. 16. gr. að hálfu hvor.

42. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 18. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðarbók gegn hæfilegu gjaldi.

43. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og annað, eftir því, sem þurfa þykir. Enn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins og leiguliða á jörðinni. Ef kúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð hafi verið sæmilega setin.

44. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstök yfirúttektar- og virðingarnefnd. Skal hún þannig skipuð:

Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina eftir tilnefningu sýslunefndar til 6 ára og varamenn til sama tíma. Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í nefndina tvo meðnefndarmenn, jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa viðkomandi sýslu. Skylt er formanni nefndarinnar að tilkynna gagnaðila, að krafizt hafi verið yfirmats og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

Yfirnefndarmenn eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað. Yfirnefnd úrskurðar hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

VII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

45. gr.

Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.—3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, allt að kr. 100 000.00. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi ábúðarlög nr. 1 frá 1884, nr. 87/1933, nr. 8/1951, nr. 36/1961 og VIII. kafla laga nr. 102/1961, ásamt síðari lögum um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagafyrirmæli, að því leyti, sem þau fara í bága við lög þessi.

Fara skal eftir ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða og landsdrottins varðandi framkvæmdir á leigujörð, sbr. 12.—16. gr., greiðslu jarðarafgjalds og annarra gjalda af jörð, sbr. 7.—9. gr., riftun og uppsögn ábúðarsamnings, sbr. 30. og 31. gr., enda þótt ábúðarsamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með frumvarpinu þá var eftirfarandi greinargerð:

Nú eru í gildi ábúðarlög nr. 1 12. jan. 1884, nr. 87 19. júní 1933, nr. 8 5. febr. 1951 og lög nr. 36 29. marz 1961.

Lögin eiga við eftir því hvenær ábúð hefst. Þannig fer eftir lögum nr. 1 frá 1884 um ábúð þeirra, sem hófu búskap fyrir 1. jan. 1934. Samkvæmt þeim lögum er réttarstaða leiguliða mun verri heldur en eftir yngri ábúðarlögum, þannig er landsdrottinn t. d. ekki skyldur að kaupa hús, sem leiguliði hefur látið gera, þó að haganleg séu, og er leiguliða þá heimilt að rífa hús og hafa með sér efni og önnur verðmæti úr þeim.

Ábúðarlögin frá 1933, 1951 og 1961 eru í höfuðatriðum efnislega lík. Þessi mörgu lög um nær sama efni hafa hins vegar oft orðið til að valda misskilningi.

Í lögunum eru ákvæði, sem eru óþörf vegna almennra reglna laga eða breyttra búhátta og þjóðfélagsaðstæðna.

Leitazt hefur verið við að haga efnisskipan þessa frumvarps þannig, að saman væri það, sem saman á, stytta lögin eftir föngum, án þess af þeim sökum að rýra þau að efnisgildi frá fyrri lögum.

Var ákveðið, eftir að hafa ráðgazt við próf. Gauk Jörundsson, að gera tillögu um að fella úr gildi með þessum lögum eldri ábúðarlög, þó svo, að samningar skv. þeim lögum haldi gildi sínu að svo miklu leyti, sem annað leiðir ekki af ákvæðum frumvarps þessa, ef að lögum verður.

Rétt var talið að taka með í ábúðarlögum ákvæði um erfðaábúð, sem hingað til hafa verið í sérstökum lögum, nú lög nr. 102 21. des. 1962.

Gerðar hafa verið nokkrar meiriháttar efnisbreytingar á ábúðarlögunum í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, og verður þeirra getið við skýringar á einstökum greinum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Notazt er við sömu skýrgreiningu á jörð og í lögum nr. 36 1961, að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um, að landamerkjum þurfi að hafa verið þinglýst, þar sem vitað er um, að slíkt hefur verið vanrækt og ekki rétt, að það geti opnað leið til að komast undan því, að jörð, sem uppfyllir önnur skilyrði ábúðarlaga, falli ekki undir ákvæði laganna.

Um 2. gr.

Er efnislega hliðstæð 3. gr. núgildandi laga. Þó er felld niður skylda á landsdrottni í 4. mgr. til að auglýsa jörð, sem sveitarstjórn hefur ekki tekizt að byggja.

3. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1961 er einnig felld niður. Ákvæði um opinber gjöld eru tekin annars staðar, en skylda landsdrottins til að gefa hreppsnefnd eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörð, sem ekki hefur tekizt að koma í ábúð, er felld niður, því 12. gr. jarðalaga kemur þar í staðinn.

Um 3. gr.

Rétt er talið að gefa samningsaðilum frjálst við hvaða tíma þeir miða gildistöku ábúðarsamnings, eða hvenær hann fellur úr gildi, en í núgildandi lögum er skylt að byggja jörð frá fardögum til fardaga. Einnig er nýmæli, að byggðaráð eiga framvegis að hafa í sinni vörzlu eintak af byggingabréfi í stað sýslumanna.

Um 4. gr.

4. gr. er að mestu samhljóða 6. gr. í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst veruleg breyting frá 9. gr. núgildandi laga.

Skylt var að byggja allar jarðir ævilangt, en frumvarpið gerir ráð fyrir skemmstum leigutíma 5 árum, að öðru leyti skulu samningsaðilar frjálsir að semja um tímalengd samnings.

Vitað er, að fjöldi samninga hefur verið gerður með ákvæðum um tímatakmörk, þrátt fyrir skylduna til að byggja ævilangt. Jarðir í opinberri eigu skal þó byggja lífstíð leiguliða.

Um 6. gr.

Reikna má með að við gildistöku laganna sé eitthvað af leiðuliðum, sem sitja jarðir, án þess að gert hafi verið byggingarbréf. Þeir leiguliðar verða að eiga trygga áframhaldandi ábúð. Ákvæði um lífstíðarábúð, sé vanrækt að gera byggingarbréf, ætti að verka hvetjandi, þannig að jarðareigendur gæti þess að ganga á lögformlegan hátt frá ábúðarsamningi.

Um 7. gr.

Í 10. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um, að landskuld skuli miðuð við búrekstrargildi jarðar. Ekki er víst, að samstaða náist milli samningsaðila um, hvað skuli teljast búrekstrargildi jarðar. Rétt var talið að veita aðilum frelsi til að semja um eftirgjald.

Um 8. gr.

Í greininni felst ábending um það, hvernig úttektarmenn skuli meta eftirgjald.

2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1961 fjallar um sama efni, en í þeirri grein eru úttektarmenn skyldaðir til að vinna eftir ákveðnum matsreglum.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 35. gr. laga nr. 36/1961, en er stytt til muna.

Um 10. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1961 er landsdrottinn skyldur að láta nauðsynlegan húsakost fylgja jörð, sem hann leigir og bæta úr, ef ábótavant þykir. Frumvarpið skyldar þá landsdrottna, sem leigja til lífstíðar eða á erfðaábúð aðeins til að láta þann húsakost fylgja, sem til er á jörð við upphaf leigutíma. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um sama og 11. gr. laga nr. 36/1961.

Um 12. gr.

Geymir ákvæði um sama efni og 12. gr. laga nr. 36/1961, en greinin er stytt og nokkur atriði felld niður.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um sama og 41. gr. laga nr. 36/1961.

Um 14. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri hluti 42. gr. laga nr. 36/1961.

Um 15. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 36/1961 er landsdrottinn skyldur til, að viðlögðum dagsektum, að veita leiguliða veðleyfi vegna lántöku til framkvæmda á ábúðarjörð sinni. Skv. 45. gr. laga nr. 102/1962 er erfðaábúðarhöfum heimilt að veðsetja ábúðarjarðir sínar vegna lána til framkvæmda.

Þetta er nú samræmt í 15. gr.

Um 16. gr.

16. gr. fjallar um sama efni og 13. gr. og að nokkru 51. gr. laga nú. Tími sá, sem landsdrottinn hefur til að greiða andvirði eigna, er lengdur úr 4 árum í 8. Jafnframt er hér tekið fram, að styrkir skuli dregnir frá greiðslu til fráfaranda. Slíkt er tekið fram í núgildandi 42. gr. um jarðabótastyrk.

Um 17. gr.

17. gr. er um sama og 15. gr. laga nr. 36/1961.

Um 18. gr.

18. gr. er um sama og 16. gr. laga nr. 36/1961.

Um 19. gr.

19. gr. er óbreytt frá 17. gr. laga nr. 36/1961.

Um 20. gr.

20. gr. er að nokkru um sama og 18. gr. nú.

Skylda landsdrottins til að bjóða leiguliða jörð til kaups, geti landsdrottinn ekki staðið við skyldur sínar, er felld niður, en honum er heimilt að velja þá leið.

Kaupi leiguliði jörð af þessari ástæðu, er greiðslutími kaupverðs lengdur úr 3 árum í 8. Felldur er niður réttur leiguliða til að krefjast að fá jörð keypta. Við greinina er bætt ákvæðum 44. gr. laga nr. 36/1961.

Um 21. gr.

21. gr. er óbreytt frá því, sem 19. gr. laga nr. 36/1961.

Um 22. gr.

22. gr. er sama efnis og 20. gr. laga nr. 36/1961.

Um 23. gr.

23. gr. kemur fyrir 21., 22. og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/1961.

Um 24. gr.

Greinin fjallar að mestu um sama efni og 25. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess er bætt í greinina 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/1961.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 37. og 39. gr. laga nr. 36/1961. Ákvæði 38. gr. laga nr. 36/1961 um hvalreka eru felld niður.

Um 26. gr.

Greinin er sama efnis og upphaf 26. gr. laga nr. 36/1961, en að öðru leyti er efni þeirrar greinar fellt niður.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 1. mgr. 27. gr. laga nr. 36/1961. Síðari málsgreinin er felld niður og efni hennar felst í 30. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri málsgrein 28. gr. laga nr. 36/1961. Síðari málsgrein 28. greinar er felld niður og kemur 30. gr. frumvarpsins í hennar stað.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 4. mgr. 25. gr. laga nr. 36/1961.

Um 30. gr.

Greinin kemur í stað 30. og 31. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess breytist með henni síðasti málsliður 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961, þannig að uppsagnarfrestur verður alltaf hinn sami.

Um 31. gr.

Greinin er sama efnis og 32. gr. laga nr. 36/1961.

Um 32. gr.

Skv. 32. gr. núgildandi laga um erfðaábúð, er skylt að byggja jarðir í opinberri eign á erfðaábúð og taka lögin ekki til annarra jarða. Skv. frumvarpinu eru samningsaðilar frjálsir að því, hvort samið er um erfðaábúð eða annað ábúðarform.

Um 33. gr.

Grein þessi er sama efnis og 33. gr. laga nr. 102/1962.

Um 34. gr.

Greinin er sama efnis og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 102/1962.

Um 35. gr.

Greinin er sama efnis og 38. gr. laga nr. 102/1962.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um sama og 41. gr. laga nr. 102/1962.

Um 37. gr.

Greinin er að mestu sama efnis og 46. gr. laga nr. 102/1962. Þó er í 2. tölulið fellt niður, að skilgetin börn hafi rétt umfram óskilgetin, og í 9. tölulið er gert ráð fyrir, að byggðaráð hafi áhrif á ráðstöfun jarðar, sem enginn er til að taka við af erfðaábúðarhafa.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 45. gr. laga nr. 36/1961.

Um 40. gr.

Samhljóða 47. gr. laga nr. 36/1961.

Um 41. gr.

Greinin er sama efnis og 48. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess er ákveðið, hvernig úttektarmenn skuli reikna laun sín.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. laga nr. 36/1961.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um verkefni úttektarmanna og er styttri heldur en 50. gr. laga nr. 36/1961, sem fjallar um sama efni.

Um 44. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 53. gr. laga nr. 36/1961. Ekki er þó talið rétt að hafa yfirúttektar- og virðingardóm, eins og í lögum nr. 36/1961, þar sem ekki getur verið um dómsvald að ræða. Í þess stað er gert ráð fyrir yfirúttektar- og virðingarnefnd.

Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að yfirnefnd úrskurði um, hver greiði kostnað af yfirmati.

Um 45. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 46. gr.

Eins og vikið er að í upphafi greinargerðar fyrir frv. þessu, þykir rétt að nema eldri ábúðarlög úr gildi. Þar með er þó engan veginn sagt, að réttaráhrifa þeirra gæti ekki um ábúðarsamninga, sem gerðir hafa verið í gildistíð eldri laga, þar sem að sjálfsögðu verður oft að líta svo á, að ákvæði eldri laga séu til fyllingar ábúðarsamningum, sem gerðir hafa verið undir þeim. Engu að síður þykir rétt, að um tiltekin atriði í skiptum landsdrottins og leiguliða fari eftir ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, þar sem æskilegt er, að um þau gildi samræmdar reglur, og auk þess óviðunandi, að reglur um sum þessa atriða verði ekki færðar til nútímahorfs vegna breyttra búskaparhátta.

Sþ. 30. Fyrirspurnir. [29. mál]

I. Til menntamálaráðherra um könnun á mótttökuskilyrðum sjónvarpssendinga á fiskimiðunum.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hefur farið fram könnun á mótttökuskilyrðum sjónvarpssendinga á fiskimiðunum umhverfis landið, sbr. þingsályktun Alþingis frá 14. apríl 1973?

Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöður þeirrar könnunar?

Hefur verið gerð áætlun um úrbætur og kostnað við þær?

II. Til sjávarútvegsráðherra um áætlun um hafrannsóknir o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað líður gerð þriggja ára áætlunar um haf- og fiskirannsóknir, fiskileit, veiðitilraunir og aðra þjónustu við fiskiflotann skv. þingsályktun frá 5. apríl 1971?

Hvenær má vænta, að áætlun þessi verði lögð fyrir Alþingi samkv. ákvæðum þingsályktunartillögunnar?

III. Til samgönguráðherra um sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautir með varanlegu slitlagi.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 6. apríl s. l. um ítarlega könnun á notagildi sjálfvirkra hálkuviðvörunarkerfa á hraðbrautir?

IV. Til heilbrigðisráðherra um geðdeild Landsspítalans.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hefur áætlun um rúmafjölda væntanlegrar geðdeildar verið breytt á þessu ári?
2. Hvenær má ætla, að deildin verði tekin í notkun?
3. Verður bætt úr rúmaskorti geðsjúkra með bráðabirgðaráðstöfunum, uns deildin tekur til starfa?

V. Til iðnaðarráðherra um hitaveitu á Suðurnesjum.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað líður rannsóknum Orkustofnunar á jarðhitasvæðum á Suðurnesjum?
2. Liggur fyrir samanburður á hagkvæmni virkjana á þeim hitasvæðum, er til greina koma?

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Árnason, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna svo fljótt sem verða má, hvort ekki sé tímabært að hefja kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram seint á síðasta þingi, en varð ekki útrædd.

Með þingsályktunartillögu þessari er hreyft máli, sem flm. telja mikla nauðsyn á að verði kannað til hlítar. Íslendingar eru umfram allt fiskveiðiþjóð, og þjóðar-

búskapurinn stendur og fellur með sjávaraflanum. Sem eyþjóð eru Íslendingar einnig í slíkri nálægð og snertingu við hafið, að ekki fer milli mála, að það er hluti af nánasta umhverfi íslensku þjóðarinnar. Á Íslendingum hvílir því sérstök skylda um rannsóknir á hafinu, auk þess sem víst er, að þekking á eðli sjávar hefur hagnýtt gildi fyrir þjóðarbúskapinn.

Íslendingar hafa vissulega lagt mikið af mörkum á sviði fræðilegra og hagnýtra fiskirannsókna, sem fram fara á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Einnig hefur sú stofnun með höndum haffræðirannsóknir, eftir því sem fjármagn og mannafli hrekkur til, en með haffræði er í stuttu máli átt við þá fræðigrein, sem fjallar alhliða um hafið og náttúru þess í víðri merkingu.

Það er skoðun flm., að auka beri haffræðirannsóknir og haffræðilega þekkingu. Við teljum flest rök mæla með því, að tekin verði upp kennsla í þessari vísindagrein við Háskóla Íslands.

Kunnastur haffræðingur íslenskur er án efa dr. Unnsteinn Stefánsson, sem um nokkurra ára skeið hefur starfað við góðan orðstír hjá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, m. a. að því að skipuleggja kennslu í haffræði í ýmsum löndum, einkum hinum svonefndu þróunarlöndum. Flm. hafa átt þess kost að kynnast viðhorfum dr. Unnsteins varðandi þá hugmynd að hefja kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands. Þar sem flm. hafa undir höndum skriflegar tillögur hans um þetta efni, þykir einlægast að birta þær sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari, enda er þar að finna rökstuðning fyrir málinu, sem flm. vilja gera að sínum.

Fylgiskjal.

Tillögur um kennslu í haffræði við Háskóla Íslands.

Inngangur.

Um heimsbyggð alla fer nú áhugi manna ört vaxandi á hafinu, verndun þess og skynsamlegri nýtingu í nútíð og framtíð. Til þess liggja ýmsar gildar ástæður, eins og nú skal greina:

1) Hafið þekur meira en 70 hundraðshluta af yfirborði jarðar, og rúmtak þess er um það bil 14-falt stærra en allra landssvæða ofan sjávarmáls. Haldgóð þekking á þessum stóra hluta af yfirborði jarðar er forsenda þess, að við öðlumst viðhlítandi skilning á þeim heimi, sem við búum í. Þannig er orkubúskapur jarðar að miklu leyti háður hafinu og samspili þess við andrúmsloftið. Veðurfar á hverjum stað er nátengt hafinu, ástandi þess og straumakerfum. Ýmsar merkustu nýjungar, er lúta að þróunarsögu jarðar og fram hafa komið á seinustu árum, eru byggðar á rannsóknum á sjávarbotninum, lögun hans og gerð. Líf á jörðu hófst í hafinu, og þróun og viðhald flókinna og margbreytilegra lífsforma, eins og við þekkjum þau, er erfitt að hugsa sér á hafsnauðum hnetti. Þó er talið, að nú á 8. áratug þessarar aldar viti menn minna um hafsbotninn en yfirborð tunglsins.

2) Eins og Íslendingar þekkja flestum betur, er öflun matvæla úr hafinu mjög mikilvæg, og almennt er nú talið, að hafið sé það forðabúr, sem í æ ríkari mæli muni sjá jarðbúum fyrir næringu í framtíðinni, ef forða á mannkyninu frá hungurdauða. Enn sem komið er notfæra menn sér þó aðeins lítið brot af þeim eggjahvituefnum og öðrum fæðutegundum, sem í hafinu eru.

3) Fjölmargar aðrar auðlindir hafsins en matvæli eru nú þegar hagnýttar víða um heim. Nægir í því sambandi að nefna saltvinnslu úr sjó, vinnslu þangs og þara, nýtingu verðmætra efna af sjávarbotni og olíuvinnslu. Með vaxandi tækni á komandi árum er líklegt talið, að í framtíðinni fari vinnsla málma aðallega fram af hafsbotni.

4) Þekking á hafinu hefur mikið hagnýtt gildi í daglegu lífi manna, hvort sem um er að ræða siglingar og samgöngur á sjó, gerð hafnarmannvirkja, veðurspár o. fl.

5) Á seinustu árum hafa menn vaknað upp við vondan draum og orðið þess áskynja, að „heilsufar" hafsins er í hraðri afturför. Víða er mengun slík á strandsvæðum, að fiskistofnar eru í bráðri hættu, fuglar og önnur dýr veslast upp og farast í olíubrák, og notkun baðstranda leggst niður vegna óþrifnaðar og sýkingarhættu. Vaxandi magn eiturefna í hafinu og lífverum þess er mikið áhyggjuefni, og sums staðar hefur sala ákveðinna fisktegunda og annarra sjávarafurða verið bönnuð af heilsufarsástæðum. Nýjustu athuganir benda jafnvel til þess, að mengunarvandamálið sé slíkt, að ekki aðeins grunnslóðir, heldur heimshöfin sjálf séu í bráðri hættu, ef ekkert verður að gert.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, eru nú til athugunar hjá Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra ýmsar ráðagerðir um víðtæka alþjóðasamvinnu um auknar rannsóknir á hafinu sjálfu, könnun á auðlindum þess og ráðstafanir til að vernda það gegn frekari mengun. Menn gera sér jafnframt ljóst, að slíkum fyrirætlunum verður því aðeins hrundið í framkvæmd, að til komi aukin fjárframlög til könnunar á hafinu og jafnframt þurfi að mennta stóran hóp sérfræðinga á ýmsum sviðum haffræða og í tæknigreinum, er lúta að rannsóknum og nýtingu hafsins og auðlinda þess. Því er það, að kennslumál í haffræðum eru nú mjög ofarlega á dagskrá hjá Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna. Á það hefur einnig verið lögð áhersla, að ekki sé nóg að mennta sérfræðinga, heldur sé það engu síður mikilvægt að efla þekkingu á hafinu meðal almennings og vekja hann til umhugsunar um verndun þess og skynsamlega hagnýtingu. Sú uppfræðsla er einnig hugsuð sem liður í þeirri viðleitni að kenna uppvaxandi kynslóð að meta kosti þess að búa við hreint og heilnæmt umhverfi og njóta óspilltrar náttúru, hvort heldur er til fjalla, á láglendi, við fjöruborð eða á hafi úti.

Hjá fáum þjóðum heims sýnist meiri ástæða til uppfræðslu um hafið og vandamál því viðkomandi en á Íslandi. Frá fyrstu tíð hefur líf fólksins í landinu verið nátengt hafinu, duttlungum þess og gjafmildi, og mun svo væntanlega verða um langa framtíð. Hjá slíkri þjóð ætti að vera hagsmunamál og siðferðileg skylda að efla ekki aðeins rannsóknir, heldur einnig almenna fræðslu um hafsvæðin umhverfið landið og íslenskt landgrunn, sem að dómi undirritaðs ber að skoða sem óaðskiljanlegan hluta íslenskrar náttúru.

Samt er það svo, að til þessa hefur gætt furðulegs tómlætis í þessum efnum í íslensku skólakerfi. Þannig er fræðsla um hafið af mjög skornum skammti í miðskólum landsins og þá eingöngu veitt af kennurum, sem litla eða enga þekkingu hafa í haffræðum. Til skamms tíma var engin fræðsla veitt um hafið í menntaskólum landsins. Ástæðan fyrir þessari vanrækslu er vafalaust fyrst og fremst sú, að náttúrufræðikennarar á Íslandi hafa engan kost átt á því að læra um hafið eða hafrannsóknir og því eðlilega litlu getað miðlað nemendum sínum í þeim efnum.

Sýnist, að nú megi eigi lengur við svo búið standa og beri okkur sem eyþjóð, sem á allt sitt undir hafinu og auðæfum þess, að kosta kapps um að veita staðgóða fræðslu um hafið í skólum landsins. En til þess að svo geti orðið, þarf að gefa náttúrufræðikennurum landsins kost á að nema grundvallaratriði þessara fræða. Hér hefur Háskóli Íslands stóru hlutverki að gegna.

Kennslugreinar í haffræði við Háskóla Íslands.

Lagt er til, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í haffræðum og hefjist fyrsti þáttur kennslunnar strax á næsta skólaári, þ. e. 1972—1973. Megintilgangur slíkrar kennslu ætti að vera:

a) að veita fræðslu í haffræðum fyrir framhaldsskólakennara í náttúrufræðum,
b) að skapa möguleika fyrir íslenska námsmenn, sem áhuga hafa á að leggja fyrir sig hafrannsóknir sem lífsstarf, að ljúka fyrri hluta prófi í haffræði á Íslandi, og
c) að útskrifa aðstoðarsérfræðinga í haffræðum.

Gert er ráð fyrir, að fyrst um sinn verði einungis tekin upp haffræðikennsla til B. Sc. prófs, og er ástæðan sú, að ætla má, að á næstu árum verði fjöldi þeirra nemenda, sem hyggja á síðari hluta nám í haffræðum, tiltölulega lítill. Auk þess verður að telja æskilegt, að slíkt síðari hluta nám sé sótt til stærri landa, sem lengra eru á veg komin í hafrannsóknum en við Íslendingar. Síðar meir, þegar íslenskar hafrannsóknir hafa eflst og þróast frá því, sem nú er, kynni það að vera athugandi að koma á síðari hluta námi og jafnvel að gefa erlendum stúdentum kost á að stunda nám í þessum greinum á Íslandi.

Til skamms tíma var það almenn skoðun, að haffræði táknaði nánast þá fræðigrein, sem lýtur að eðlisfræði hafsins. Enda var um nokkurt árabil sá háttur hafður á erlendis, t. d. í Noregi og Þýskalandi, að annars vegar miðaði kennslan við hafeðlisfræðinga og hins vegar við fiskifræðinga. Þetta viðhorf hefur breyst hin síðari ár í flestum löndum. Mönnum er nú ljóst, hve hinar ýmsu greinar hafrannsókna eru samtvinnaðar og hver annarri nátengdar. Því er nú lagt kapp á að veita alhliða fræðslu um hafið sem undirstöðu fyrir þá, sem leggja stund á sérfræðigreinar, hvort heldur um er að ræða hafeðlisfræði, hafefnafræði, haflíffræði eða jarðfræðilega haffræði. Hér er lagt til, að þessari stefnu sé fylgt í kennslufyrirkomulagi við Háskóla Íslands og eftirfarandi námsgreinar teknar upp:

I. Almenn haffræði, 10 námseiningar (og er þá gert ráð fyrir 30 námseiningum á ári). Þetta námskeið skal veita allítarlegt yfirlit yfir almenna haffræði og yrði undirstaða undir allt frekara haffræðinám. Aðgang að námskeiðinu hefðu stúdentar í eðlisfræði, efnafræði, landafræði og náttúrufræðigreinum.

II. Hafeðlisfræði, 10 námseiningar. Að þessu námskeiði hefðu aðgang stúdentar á þriðja ári með eðlisfræði sem aðalfag og skyldu þeir fyrst hafa lokið almennri haffræði.

III. Hafefnafræði, 10 námseiningar. Að þsesu námskeiði hefðu aðgang stúdentar á þriðja ári með efnafræði sem aðalgrein að loknu námskeiði í almennri haffræði.

IV. Haflíffræði, 10 námseiningar. Að þessu námskeiði hefðu aðgang stúdentar með líffræði sem aðalgrein að loknu námskeiði í almennri haffræði og tveggja ára námi í almennum líffræðigreinum.

V. Jarðfræðileg haffræði, 10 námseiningar. Að námskeiðinu hefðu aðgang þeir stúdentar, er stundað hafa jarðfræði sem aðalgrein og lokið hafa námskeiði í almennri haffræði og tveggja ára námi í almennum jarðfræðigreinum.

VI., VII., VIII. og IX. Sérhæft viðbótarnám í hafeðlisfræði, hafefnafræði, haflíffræði eða jarðfræðilegri haffræði, 20 námseiningar. Þetta nám yrði í nánum tengslum við rannsóknastofnanir.

Auk þess að veita næga undirstöðu til frekari haffræðináms er I. námskeið, almenn haffræði, hugsað sem liður í almennri náttúrufræðimenntun fyrir kennara í framhaldsskólum. Hin námskeiðin eru aftur á móti hugsuð sem liður í haffræðinámi til B. Sc. prófs (í hafeðlisfræði, hafefnafræði o.s.frv.). B. Sc. próf í haffræði ætti að a) veita næga undirstöðu til að kenna haffræði við menntaskóla sem aðalkennslugrein; b) veita næga undirstöðu til síðari hluta náms í haffræði við erlenda háskóla og c) veita réttindi til starfa sem aðstoðarsérfræðingur við rannsóknastofnanir.

Til þess að ljúka B. Sc. prófi í haffræði þyrfti nemandinn að ljúka auk undirstöðugreina, sem færu eftir sérgrein hans, almennri haffræði (10 námseiningum), sérgrein (10 námseiningum) og hinu sérhæfða viðbótarnámi (20 námseiningum). Með núverandi námstíma á ári við Háskóla Íslands er hæpið, að þessu námi verði lokið á skemmri tíma en 4 árum. Hugsanlegt er þó með sumarvinnu að hinu sérstaka verkefni, að náminu megi ljúka á 3½ ári. Með lengingu námsins í 4 ár mætti verja lengri tíma til hins sérhæfða viðbótarnáms og auk þess bæta við æskilegum greinum skyldum aðalfagi.

Lýsing á námsefni.

I. Almenn haffræði.

1. Könnun hafsins að fornu og nýju — ágrip af sögu haffræðinnar.
2. Skipting lands og sjávar — heimshöfin, stærð og landfræðileg einkenni.
3. Sjókort og dýptarmælingar.
4. Eðlisfræðilegir eiginleikar og aðalefni sjávar.
5. Orkubúskapur hafsins. — Samskipti lofts og sjávar.
6. Hita-, seltu- og eðlisþyngdardreifing.
7. Blöndun í hafinu. — Sjógerðir.
8. Ágrip af lífefnafræði hafsins. — Áhrif efna- og eðlisfræðilegra eiginleika á lífskjör í hafinu.
9. Hafstraumar og helstu orsakir þeirra.
10. Bylgjur og sjávarföll.
11. Lífið í hafinu.
12. Myndunarsaga heimshafanna. — Sjávarbotninn — lögun, gerð og myndun setlaga.
13. Rannsóknaskip og mælitæki.
14. Sjórinn kringum Ísland.
15. Hafís.
16. Auðlindir hafsins. — Vinnsla verðmætra efna úr hafinu og af hafsbotni.
17. Verndun hafsins.
18. Alþjóðasamvinna um rannsóknir og nýtingu hafsins.
19. Maðurinn og hafið — framtíðarnot.

Gert er ráð fyrir alls um það bil 100 fyrirlestrum, en auk þess a. m. k. 20 tímum á viku hverri við úrlausn verkefna, dæmaútreikninga og nokkrar verklegar æfingar. Loks er hugsað, að þátttakendur námskeiðsins fari eins dags ferð á rannsóknaskipi út í Faxaflóa.

II. Hafeðlisfræði.

1. Eðlisfræðilegir eiginleikar sjávar (viðbót við I. námkeið).
2. Stöðufræði hafsins. Þyngdar-, þrýstings- og massasvið. Stöðugleiki („stabilitet"). „Adiabatisk" áhrif. Vektorsvið. „Kontinuitetsjafnan" og hagnýt notkun hennar við einstök haffræðileg viðfangsefni.
3. Hreyfingarfræði hafsins. Hreyfingarlíkingar. „Geostrofisk", „inertial", „meander" og „cyelostrofisk" hreyfing. „Vorticitet". Randskilyrði o. fl.
4. Stöðugir hafstraumar í lagskiptum sjó án núningsmótstöðu. Útreikningar á afstæðum straumhraða og rennsli. Áhrif botnlögunar á hafstrauma.
5. Núningsmótstaða og vindstraumar. Ekman-líkingar og Ekman-rennsli.
6. „Thermo-halin" hringrás í hafinu.
7. Helstu einkenni hringrásar og lagskiptingar heimshafanna.
8. Sjógerðagreining byggð á eðlisfræðilegum og efnafræðilegum eiginleikum.
9. Bylgjufræði. Stormbylgjur og bylgjuspár.
10. Stormflóð og tsunamis.
11. Neðansjávarbylgjur.
12. Sjávarföll og sjávarfallastraumar.
13. Blöndun í hafinu. „Turbulens" og „diffusion".
14. Stærðfræðilíkön af hafinu og samskiptum lofts og sjávar.
15. Mælitækni. Staðsetningartæki. Straummælingatæki. Bylgjumælar. Ljósmælingatæki. Dýptarmælar og fiskritar.

Gert er ráð fyrir alls um það bil 80 fyrirlestrum, en auk þess færu u. þ. b. 25 tímar á viku í umræðutíma, úrlausn verkefna, dæmatíma og verklegar æfingar.

III. Hafefnafræði.

1. Eðlis-efnafræðilegir eiginleikar hafsins (viðbót við námsefni í I. námskeiði).
2. Aðalefni sjávar, næringarsölt og snefilefni (ítarlegt yfirlit).
3. Frávik í efnasamsetningu sjávar og orsakir þeirra.
4. Valdir kaflar úr varmaaflfræði, er lúta sérstaklega að hafefnafræði.
5. Lofttegundir og efnajafnvægi við andrúmsloft.
6. Karbónat-bórat-kerfið, pH og „púffer"-eiginleikar hafsins.
7. Áhrif eðlisfræðilegra og jarðfræðilegra „processa" á dreifingu efna í hafinu og efnajafnvægi.
8. Lífefnafræði hafsins.
9. Lífræn efni í upplausn og greining þeirra.
10. „Súspenderuð" efni í hafinu.
11. Ísótópar í hafinu og dreifing þeirra.
12. Mengun og mengunarmælingar.
13. Notkun efnafræðilegra aðferða til sjógerðagreiningar.
14. Kemisk líkön af hafinu.
15. Mælitækni.
16. Vinnsla kemiskra efna úr hafinu og af hafsbotni.

Gert er ráð fyrir alls um það bil 80 fyrirlestrum, en auk þess færu u. þ. b. 25 tímar á viku í verklegar æfingar, skriflegar úrlausnir o. fl.

Um námsefni IV. námskeiðs, hafliffræði, og V. námskeiðs, jarðfræðilegrar haffræði, verður ekki fjallað hér, enda ekki á færi undirritaðs.

Hið sérhæfða viðbótarnám (námskeið VI., VII o.s.frv.) er hugsað, að fari fram í seminörum og sem sérþjálfun á rannsóknastofnunum. Gert er ráð fyrir, að nemendur vinni þar að minni háttar sjálfstæðu verkefni undir handleiðslu sérfræðings í viðkomandi grein.

Skipulag.

Gert er ráð fyrir, að í fyrsta áfanga verði hafin kennsla í almennri haffræði, svo og hafeðlisfræði og hafefnafræði, ef í ljós kemur nægileg þátttaka. En síðar, eftir því sem mannafli og eftirspurn gefa tilefni til, ber að stefna að því að fjölga sérgreinum.

Lagt er til, að í fyrstu verði ráðinn einn prófessor, er annist skipulagningu kennslunnar, taki að sér meginhluta fyrirlestranna í almennri haffræði og einnig í sérgrein sinni. Með hliðsjón af námsefni því, sem hér er lagt til að kennt verði í I. námskeiði, virðist eðlilegast að hann sé hafeðlis- eða hafefnafræðingur með viðtaka reynslu á sviði almennra hafrannsókna. Jafnframt verði ráðinn dósent, sem sé sérfróður í annarri þeirra greina, sem lagt er til að kennsla hefjist í. Einnig þyrfti að ráða til aðstoðar aukakennara til kennslu þess hluta námsefnisins, sem liggur utan sérsviðs aðalkennara, svo og aðstoðarkennara til að hafa á hendi æfingar með stúdentum. Loks verður að hafa í huga, að ráða þyrfti fleiri fastakennara eða prófessora að Háskólanum í haffræðigreinum, eftir því sem kennslugreinum og stúdentum fjölgar.

Bókakostur, kennslutæki og kennsluaðstaða.

Í sambandi við kennsluna þyrfti Háskólinn að kaupa allmargar almennar kennslubækur og uppsláttarrit í haffræðigreinum, handbækur og kort. Sömuleiðis nokkur valin haffræðitímarit. Auk þess þyrfti að leita til Hafrannsóknastofnunarinnar um aðgang að bókasafni hennar í sérfræðilegum greinum. Þá er nauðsynlegt, að í Háskólanum sé aðstaða í sambandi við kennsluna til sýninga á skuggamyndum og kvikmyndum.

Ætla má, að endanlega komi að því, að Háskólinn þurfi að eignast eigin kennslutæki, rannsóknastofur í haffræðirannsóknum og jafnvel rannsóknaskip.

Fyrst um sinn og jafnvel til frambúðar virðist þó eðlilegra að leita eftir samvinnu við Hafrannsóknastofnunina um rannsókna- og kennsluaðstöðu. Í fyrsta lagi þyrfti verkleg kennsla að fara þar fram að miklu leyti. Á hinu fyrsta námskeiði, almennri haffræði, mundi þörf á kennsluaðstöðu utan Háskólans vera lítil, og þyrfti því ekki að valda teljandi truflunum á starfsemi stofnunarinnar. Í sérfræðigreinum, einkum hafefnafræði og hafliffræði, yrði þörfin á aðstöðu til verklegrar kennslu aftur á móti miklu meiri, og sérstaklega í hinu sérhæfða viðbótarnámi. Þar sem tæplega yrði um að ræða mikinn fjölda stúdenta, a. m. k. ekki næstu árin, telur sá, er þetta ritar, að Hafrannsóknastofnunin mundi geta látið slíka aðstöðu í té, einkum ef henni yrði dreift niður á lengri tíma í hverju námskeiði.

Í öðru lagi þyrfti að semja við Hafrannsóknastofnunina um aðstöðu á hafrannsóknaskipum. Í hinu fyrsta námskeiði er gert ráð fyrir eins dags leiðangri, þar sem um væri að ræða allstóran hóp nemenda. Í sérfræðinámi síðari námskeiða má hugsa sér, að örfáir, t.d. 1—3 stúdentar hverju sinni, hefðu aðstöðu til að fara með í leiðöngrum stofnunarinnar, þar sem þeir fengju leyfi til að sinna eigin verkefnum, en mundu jafnframt hjálpa til við aðra gagnasöfnun, eins og jafnan hefur tíðkast um þátttakendur í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt, að fastakennarar Háskólans í haffræðum hafi rannsóknaaðstöðu. Í flestum tilvikum yrði sú aðstaða best á Hafrannsóknastofnuninni.

Það er skoðun undirritaðs, að sú samvinna, sem hér er stungið upp á, gæti orðið báðum stofnununum, Háskólanum og Hafrannsóknastofnuninni, mjög gagnleg. Hún mundi a.m.k. fyrst um sinn leysa að verulegu leyti fjárhagslegan vanda Háskólans í sambandi við kennsluna og koma á tengslum hans við rannsóknastofnun aðalatvinnuvegar þjóðarinnar. Hinir föstu starfsmenn Háskólans mundu í langflestum tilvikum vinna að rannsóknaverkefnum, sem væru beinlínis í þágu Hafrannsóknastofnunarinnar, án þess að hún þyrfti að greiða þeim laun. Og stúdentar, sem ynnu að eigin verkefnum, mundu jafnframt hjálpa til við gagnasöfnun í leiðöngrum. Enn mikilvægara er þó, að verkefni stúdentanna mundu oftast nær falla undir ákjósanleg verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar.

Aðstaða til þjálfunar stúdenta kæmi einnig til greina á öðrum stofnunum, svo sem Veðurstofunni og Vita- og hafnamálastofnuninni.

Lokaorð.

Þær uppástungur, sem hér hafa verið bornar fram, ber að skoða sem fyrstu tillögur um skipulag haffræðikennslu á Íslandi.

Nauðsynlegt verður að athuga einstök atriði nánar, svo sem skipulag námsbrauta, samstarf við aðrar stofnanir og kennaraþörf. Auk þess þyrfti að gera ítarlega könnun á líklegri aðsókn stúdenta að haffræðinámi og þörf fyrir haffræðimenntaða menn á Íslandi á komandi árum.

París, 17.11. 1971.

Unnsteinn Stefánsson.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um lækkun tekjuskatts á einstaklingum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Bragi Sigurjónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd manna til að semja frumvarp um skattamál á grundvelli þeirrar meginstefnu, sem mörkuð er í ályktun

þessari. Skulu 5 nefndarmenn vera tilnefndir af þingflokkunum, en auk þess eigi sæti í nefndinni hagrannsóknastjóri og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem skal vera formaður nefndarinnar.

Meginstefna sú, sem samning frumvarpanna miðist við, skal vera þessi:

1. Launþegar skulu ekki greiða tekjuskatt af almennum launatekjum. Með þessu er átt við, að hjón með 750 þús. kr. tekjur á árinu 1973 greiði engan tekjuskatt. Þessi fjárhæð breytist í hlutfalli við framfærslubyrði. Til launþega teljast einnig þeir einstaklingar, sem hafa tekjur sínar af eigin atvinnurekstri, er fyrst og fremst byggist á vinnuframlagi þeirra sjálfra.
2. Launþegar, sem hafa hærri tekjur en nemur því tekjumarki, sem um ræðir í 1. tölulið, skulu greiða stighækkandi tekjuskatt, sem þó skal aldrei nema hærra hlutfalli af tekjum en samkvæmt gildandi lögum.
3. Af atvinnurekstri, hvort sem hann er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða opinberum aðilum, skal greiddur tekjuskattur eftir sömu reglum og nú gilda.
4. Framangreindar reglur skulu gilda um álagningu tekjuskatts á árinu 1974. Fyrir álagningu tekjuskatts á árinu 1975 skal reglum um greiðslu tekjuskatts og útsvars hafa verið breytt á þann hátt, að konur verði sjálfstæðir skattgreiðendur, hvort sem þær eru giftar eða ógiftar og hvort sem þær afla sér eigin tekna eða ekki með vinnu utan heimilis, enda sé þá því hjóna, sem vinnur einvörðungu heimilisstörf, ætlaður hluti af tekjum hins samkvæmt nánar ákveðnum reglum.
5. Sú hækkun söluskatts, sem runnið hefur í Viðlagasjóð, skal haldast. Til viðbótar því skal söluskattur hækka, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem hann verður fyrir vegna niðurfellingar tekjuskatts samkvæmt framansögðu. Kanna skal möguleika á því, að söluskattur sé ekki innheimtur af brýnustu nauðsynjum, en hins vegar viðbótarsöluskattar af óhófsvörum.
6. Fyrir ársbyrjun 1975 skal söluskatti þeim, sem innheimtur er, hafa verið breytt í virðisaukaskatt, hliðstæðan þeim, sem nú er innheimtur í stað söluskatts á Norðurlöndum og ýmsum löndum Vestur-Evrópu.
7. Í stað þeirrar 30% hækkunar á eignarskatti, sem ákveðið var að renna skyldi í Viðlagasjóð, komi 50% hækkun og skulu tekjur af henni renna í sérstakan sjóð hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem varið verði til þess að hækka tekjur þeirra, sem engan eða lágan tekjuskatt hafa greitt.
8. Ákvæði fyrrgreindra laga um 35% álag á gjaldstofna aðstöðugjalds og 10% álag á landsútsvar skulu haldast og renna í sjóð þann, sem um ræðir í 7. lið.
9. Lög um tekjustofna sveitarfélaga skulu endurskoðuð með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða, á hvern hátt þau afla sér tekna sinna. Þó skulu þau ekki fá heimild til þess að innheimta söluskatt eða virðisaukaskatt.
10. Sett skulu ítarleg ákvæði, er miði að því að koma í veg fyrir röng framtöl til söluskatts og tekju- og eignarskatts. Eftirlit með því, að þeim ákvæðum sé hlýtt, sé eflt verulega.

Greinargerð.

Í tillögu þessari eru settar fram hugmyndir um gagngera breytingu skattakerfisins á Íslandi. Kjarni tillagnanna er sá, að horfið skuli frá því, að meginþorri einstaklinga greiði tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiði gjöld sín til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts, virðisaukaskatts. Þeim, sem hafa mjög háar tekjur, er þó ætlað að greiða áfram stighækkandi tekjuskatt, og sömuleiðis er ráð fyrir því gert, að áfram verði greiddur stighækkandi tekjuskattur af hagnaði af atvinnurekstri. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun, sem verja á til þess að hækka tekjur þeirra, sem lægstar tekjur hafa og ætla má, að greiða mundu meira vegna hækkunar söluskatts en þeir hefðu greitt í tekjuskatt.

Meginástæða þess, að þingmenn Alþýðuflokksins setja nú fram víðtækar tillögur um nýtt skattkerfi, er sú, að byrði beinna skatta er orðin óbærlega þung og álagning þeirra er að mörgu leyti mjög ranglát. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum er orðið svo hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta af tekjum sínum. Þessi óhóflega skattheimta er í mörgum tilfellum orðin og verður í æ fleirum fjötur á framtakssemi og vinnuvilja og er því beinlínis orðin hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum eru ekki aðeins orðnir vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum, þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er, að um eða yfir helmingur viðbótartekna fer til greiðslu tekjuskatts, getur ekki hjá því farið, að það hafi áhrif á allt viðhorf manna til tekjuöflunar, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga. Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur, hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná tekjujöfnunarmarkinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfi, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðismála og skólamála, og enn fremur margs konar niðurgreiðslur á neysluvörum almennins. Er óhætt að fullyrða, að álagning stighækkandi tekjuskatta hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu. Auk þess er það ranglátt, þar eð reynsla hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laganna til frádráttar, svo sem vaxtafrádráttar, með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna.

Þegar óbeinn skattur eins og söluskattur er greiddur, ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Enn fremur má nefna, að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu er óhemju dýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts. Mikill kostnaður mundi sparast við niðurfellingu þeirrar tekjuskattsheimtu, sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Enginn teljandi aukinn kostnaður er því samfara að hækka hundraðstöluhlutfall söluskatts.

Ýmsar ástæður liggja til þess, að nú er ástæða og hentugur tími til þess að gera þær breytingar á skattakerfinu, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni. Ber þar fyrst að nefna, að breyting sú á tekjuskattslögum, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir, skömmu eftir að hún tók við völdum, hefur reynst stórgölluð og íþyngt ekki aðeins venjlegum launþegum, heldur einnig t. d. öldruðu fólki og ellilífeyrisþegum með óeðlilegum hætti. Þá er þess að geta, að í byrjun þessa árs var söluskattur hækkaður um 2 stig, og skyldu tekjur af þeirri hækkun renna í Viðlagasjóð, en sú söluskattshækkun á að falla niður 1. marz n. k. Síðast, en ekki síst ber að nefna það, að fyrir dyrum standa allsherjarlaunasamningar. Af hálfu launþegasamtaka hafa þau meginsjónarmið verið sett fram, að tvennt sé nú mikilvægast í því skyni að bæta hag launþega: annars vegar að hækka laun hinna lægri launuðu stétta og hins vegar að létta skattabyrði þeirra. Þessi sjónarmið eru skiljanleg vegna þess, hve augljós tengsl eru milli gildis launahækkunar annars vegar og tekjuskattsgreiðslu launþegans hins vegar. Þeim mun meiri hluti launahækkunar sem gengur til greiðslu tekjuskatts, þeim mun minna verður raungildi launahækkunarinnar. Megintilgangur þessarar tillögu er því í fullu samræmi við grundvallarsjónarmið launþegasamtakanna í væntanlegum kjarasamningum.

Töluútreikningar varðandi þá skattkerfisbreytingu, sem þessi tillaga fjallar um, hljóta að byggjast á gildandi fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, en ekki frumvarpi ríkisstjórnarinnar um fjárlög fyrir næsta ár. Fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár er

byggt á mati á aðstæðum á því ári og fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar. Það frumvarp, mat ríkisstjórnarinnar á þróuninni og fyrirætlanir hennar í heild á næsta ári eru algerlega ókannað mál af Alþingis hálfu. Þess vegna er nú ekki hægt að miða hugmyndir um breytingar á skattkerfi við annað en gildandi fjárlög og gera ráð fyrir hliðstæðum breytingum á gjöldum og tekjum á næsta ári. Reynist sú forsenda að athuguðu máli óraunhæf, þ. e. reynist þörf á sérstökum fjárlagaráðstöfunum vegna aðstæðna á næsta ári, er það sérstakt vandamál, sem taka verður sérstakt tillit til, og er í raun og veru óskylt grundvallaratriðunum um, hvers konar skattkerfi á að beita til þess að fullnægja tekjuþörf ríkissjóðs. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 verður að sjálfsögðu athugað gaumgæfilega af hálfu fjárveitinganefndar og Alþingis á næstu vikum og mánuðum. Þingflokkur Alþýðuflokksins mun eiga aðild að þeirri athugun og verða reiðubúinn til viðræðna um það, hvernig bregðast eigi við sérstökum fjárlagavandamálum næsta árs, en telur eðlilegt, að þeim vandamálum sé haldið aðgreindum frá grundvallarspurningunni um, með hvaða skattheimuaðferðum ríkissjóður eigi að fullnægja tekjuþörf sinni.

Í gildandi fjárlögum er gert ráð fyrir því, að einstaklingar greiði 4.1 milljarð kr. í tekjuskatt. Hugmyndir þessarar tillögu byggjast á því, að með því að lækka þessa eða hliðstæða tekjuskattsheimtu um ⅔ hluta sé hægt að afnema greiðslu tekjuskatts af launatekjum, sem hjá hjónum eru lægri en 750 þús. kr., og er þá jafnframt gert ráð fyrir því, að fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við framfærslubyrði og verðlag með hliðstæðum hætti og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Með þessu móti mundi tekjuskattsgreiðsla falla niður hjá öllum þeim, sem hafa ríflegar miðlungstekjur. Yrði hér um að ræða meiri hluta allra þeirra, sem greitt hafa tekjuskatt. Ekki er hins vegar eðlilegt, að tekjuskattur sé felldur niður hjá þeim, sem hafa hærri tekjur en ríflegar miðlungstekjur, en gera mun mega ráð fyrir, að þeir einstaklingar greiði nú í ár um þriðjung tekjuskatts einstaklinga. Í tillögunni er ekki heldur gert ráð fyrir, að tekjuskattur sé felldur niður hjá félögum eða af atvinnurekstri einstaklinga. Í þessu sambandi er og rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir því, að til launþega teljist þeir einstaklingar, sem hafa tekjur sínar af atvinnurekstri, ef hann byggist fyrst og fremst á vinnuframlagi þeirra sjálfra.

Tekjutap ríkissjóðs af þeirri niðurfellingu tekjuskatts, sem tillagan gerir ráð fyrir, mundi nema 2.5—3 milljörðum kr., miðað við fjárlög þessa árs. Þetta tekjutap er unnt að bæta ríkissjóði með því að framlengja gildandi lagaákvæði um þá tveggja stiga hækkun söluskatts, sem rennur nú í Viðlagasjóð, og bæta við þá hækkun 2—3 stigum. Jafnframt er í tillögunni lagt til, að athugaðir verði möguleikar á því að undanþiggja brýnustu nauðsynjar söluskatti, en leggja hins vegar viðbótarsöluskatt á óhófsvörur. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að ekki er tekið tillit til hækkunar eða lækkunar tekjuskatts við útreikning kaupgjaldsvísitölu. Á hinn bóginn hefur breyting á söluskatti áhrif á kaupgjaldsvísitöluna. Ef útgjöld fjölskyldu lækkuðu jafnmikið vegna lækkunar tekjuskatts og þau hækkuðu vegna hækkunar söluskatts, mætti segja, að breyting beina skattsins í óbeinan skatt hefði engin áhrif á hag fjölskyldunnar. Hins vegar mundi kaugreiðsluvísitalan hækka vegna þessarar breytingar að óbreyttum aðstæðum.

Gera má ráð fyrir því, að breyting tekjuskatts í söluskatt hafi ólík áhrif á rauntekjur launþega eftir því, hvernig tekjum þeirra og tekjunotkun er háttað. Sumar fjölskyldur spara meira vegna lækkunar tekjuskattsins en sem nemur auknum útgjöldum vegna hækkunar söluskattsins, en aðrar verða fyrir meiri útgjöldum vegna aukningar söluskattsins en nemur sparnaði vegna lækkunar tekjuskattsins. Er þetta auðvitað fyrst og fremst komið undir hæð teknanna og ráðstöfun þeirra.

Hafa verður í huga, að greiðsla söluskatts fer eftir eyðslu skattgreiðandans, en greiðsla tekjuskatts eftir tekjum hans. Þar eð augljóst er, að breyting á skattgreiðslu frá tekjuskatti í söluskatt veldur aukinni skattgreiðslu launþega með lágar tekjur, er í tillögunni gert ráð fyrir því, að tekjur af hækkuðum eignarskatti og viðauka við aðstöðugjald og landsútsvar renni í sérstakan sjóð, sem Tryggingastofnun rík-

isins ráðstafi til þess að auka tekjur slíkra launþega. Gera má ráð fyrir, að tekjur af þessum tekjustofnum nemi um 600 millj. kr. á þessu ári. Þessi upphæð er eflaust ekki nægileg til þess að tryggja, að hópar launþega verði ekki fyrir auknum útgjöldum vegna skattkerfisbreytingarinnar. En hér kemur einmitt fram þýðing þess, að slík skattkerfisbreyting sé gerð samtímis launasamningum, því að í þeim er hægt að tryggja þess háttar hlutfallslega launahækkun þessara launþegahópa, er jafni metin vegna skattkerfisbreytingarinnar, auk þess sem eðlilegt kann að vera talið að hækka tekjur þeirra miðað við þá, sem hærri laun hafa, vegna almennra tekjujöfnunarsjónarmiða. Í þessu sambandi ber og að minna á og leggja sérstaka áherslu á, að ef slík breyting yrði gerð á skattkerfinu sem hér er gert ráð fyrir samhliða almennum launasamningum, þ. e. að ekki þurfi framvegis að greiða tekjuskatt af venjulegum launatekjum, jafnvel þótt í hærra lagi séu, þá gætu launþegarnir treyst því, að umsamin launahækkun væri raunveruleg. Þeir þyrftu m. ö. o. ekki að gera ráð fyrir því, að verulegur hluti launahækkunarinnar rynni sjálfkrafa til ríkisins sem tekjuskattsgreiðsla. Umsamin launahækkun fólks með ríflegar meðaltekjur yrði raunveruleg að því leyti, að ekkert af henni hyrfi þegar í stað vegna aukinnar tekjuskattsgreiðslu.

Undanfarið hefur ýmislegt verið rætt um tengslin milli söluskattsbreytinga og kaupgreiðsluvísitölu. Sérstakar aðstæður ollu því, að samkomulag varð um, að söluskattshækkun sú, sem nú rennur í Viðlagasjóð, skuli ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Þeirri skoðun hefur verið haldið fram, að hækkun söluskatts, sem notuð er til að bæta þjónustu við almenning, eigi ekki að valda kauphækkun. Á hinn bóginn hefur verið talið, að öll aukin útgjöld launþega, og þá einnig hækkun söluskatts, eigi að bæta með hækkuðu kaupi. Hér er um að ræða ólíkar skoðanir á því, hvernig glíma skuli við verðbólguna. Tengslin milli framfærslukostnaðar og kaupgjalds verða eflaust eitt af meginumræðuefnum í sambandi við væntanlega kjarasamninga. Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að hér sé um sérstakt vandamál að ræða, sem eðlilegt sé, að launþegar og vinnuveitendur freisti að ná samkomulagi um, og gera því enga tillögu um það í sambandi við þá skattkerfisbreytingu, sem hér er um að ræða, hver tengsl skuli vera á milli breytinga á skattgreiðsluformi og kaupgjaldi. Það er sérstakt vandamál, sem ræða verður sérstaklega, líkt og fjárlagavandamálið á næsta ári.

Í 9. lið tillögunnar segir, að sett skuli ítarleg ákvæði, er miði að því að koma í veg fyrir röng framtöl til söluskatts og skatta af tekjum og eignum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanbrögð undan skatti, bæði söluskatti, tekjuskatti, útsvari og eignarskatti, eru alvarlegt þjóðfélagsmein á Íslandi og valda gífurlegu félagslegu misrétti. Sérhver hækkun söluskatts eykur nauðsyn á auknu eftirliti með því, að allur álagður söluskattur komi til skila. Ef greiðendum tekjuskatts fækkar stórlega, eins og hér er rætt um að gera, ætti það að bæta skilyrði til þess að auka eftirlit með framtölum þeirra, sem tiltölulega háar tekjur hafa og stunda atvinnurekstur. Flutningsmenn tillögunnar leggja því sérstaka áherslu á, að samfara kerfisbreytingunni verði gert alvarlegt og víðtækt átak til aukins skatteftirlits.

Af hálfu Alþýðuflokksins hafa áður verið fluttar tillögur um það, að konur verði sjálfstæðir skattþegnar. Hefur þessum tillögum verið vel tekið, og munu þær nú vera í athugun hjá stjórnvöldum. Flutningsmenn þessarar tillögu gera sér ljóst, að hér er um svo viðamikið og vandasamt mál að ræða, að ekki er við því að búast, að slíkar breytingar gætu komið til framkvæmda á næsta ári, en telja eðlilegt, að stefnt verði að því, að þær verði undirbúnar fyrir álagningu tekjuskatts á árinu 1975.

Ef hugmyndir þessarar þingsályktunartillögu næðu fram að ganga, væri ennfremur rétt að athuga, að sveitarstjórnum verði veitt aukið frelsi til þess að ákveða, hvernig þær afla tekna sinna. Væri þetta í samræmi við þær hugmyndir, sem uppi eru um það, að eðlilegt sé, að sveitarfélög ráði sem mestu um eigin málefni án yfirstjórnar ríkisvaldsins.

Þingmenn Alþýðuflokksins gera sér ljóst, að hér er um viðtækar tillögur að ræða og að þær varða mál, sem er flókið og vandmeðfarið. Þess vegna hafa þeir valið þann kost að flytja þær í formi tillögu til þingsályktunar, sem fulltrúum stjórnmálaflokka og sérfróðum mönnum er síðan ætlað að kanna og færa í búning frumvarpa. En megintilgangur þessarar tillögu til þingsályktunar er að boða nýja stefnu í skattamálum. Nauðsynlegt er að framkvæma gagngera breytingu á því kerfi, sem augljóst er orðið, að er ranglátt, lamar framkvæmdahug og vinnuvilja og stuðlar að óréttlátri tekjuskiptingu með því að mismuna starfsstéttum og einstaklingum. Lítill vafi er á því, að á næstu árum muni í nálægum löndum verða gerbreyting á skattkerfi í svipaða átt og gert er ráð fyrir í þessari tillögu. Óbeinir skattar munu leysa beina skatta af hólmi í vaxandi mæli, jafnframt því að gerðar eru ráðstafanir á öðrum sviðum til hliðstæðrar tekjujöfnunar og þeirrar, sem stighækkandi tekjuskatti var áður ætlað að koma til leiðar. En ýmsar ástæður valda því, eins og að framan hefur verið rakið, að ekki má nú dragast lengur að gera slíkar breytingar hér á landi og að tíminn er nú einmitt að mörgu leyti mjög æskilegur til þess háttar breytinga.

Flutningur þessarar tillögu til þingsályktunar er til marks um, að Alþýðuflokkurinn telur, að umbætur í skattamálum séu brýnast verkefni í íslenskum fjárhagsmálum og réttlátari skattheimta en nú á sér stað ein besta leiðin til þess að bæta kjör launþega og auka réttlæti í íslenskum efnahagsmálum.

Nd. 33. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 frá 24. apríl 1973.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Í IV. kafla laganna, sem fjallar um hrossarækt, í niðurlagi 2. málsgr. 37. gr., stendur: „og 10% af útflutningsverði hryssna". Í stað þessara orða komi: og 10% af útflutningsverði hryssna, sem teknar hafa verið í ættbók Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta ákvæði, sem slapp í gegnum Alþingi við meðferð þessa máls á s. l. vori, hefur valdið miklum deilum í landinu og megnri óánægju meðal hrossabænda. Þarna er farið inn á þá braut að afla tekna með útflutningstolli á almenna söluvöru landbúnaðarins. Það lítur ekki vel út, að löggjafinn mismuni framleiðslugreinum bænda á þann hátt, að verulegar útflutningsuppbætur séu greiddar á framleiðsluvörur nautgriparæktar og sauðfjárræktar, en útflutningstollur lagður á um það bil þriðjung af útflutningsafurðum hrossabænda. Hins vegar viðurkenna allir þörf þess að stemma stigu við sölu á völdum kynbótagripum úr landi. Stofnverndarsjóðshugmyndin er góðra gjalda verð og rétt að miða gjaldið við verðmæta kynbótagripi eingöngu, eins og tíðkast í enska landbúnaðarhéraðinu Jersey, en þaðan er hugmyndin komin.

Mál þetta bar fyrst opinberlega á góma á ráðunauta- og sérfræðingafundi, sem Búnaðarfélag Íslands hélt að loknu Búnaðarþingi veturinn 1972. Aðilar hestaútflutningsins, sem mættu á þeim fundi, samþykktu þar fyrir sitt leyti það sjónarmið að afla tekna í nefndan stofnverndarsjóð með 10% útflutningsgjaldi á stóðhesta og ættbókarfærðar hryssur og þannig um leið að auðvelda innlendum aðilum að keppa við útlendinga um kaup á viðurkenndum kynbótagripum.

Útflutningur landbúnaðarafurða er ekki auðveld verslun, og þótt góður og batnandi árangur hafi fengist með hestasölu úr landi á síðustu árum, þá er ekki hægt að segja, að um neina uppgripaverslun sé að ræða almennt, þótt einstakir hestar seljist fyrir hátt verð bæði erlendis og innanlands.

Hestar eru tollað vara í löndum Efnahagsbandalagsins, sem er okkar helsti markaður. Nemur tollurinn 18% af cif-verði, en auk þess kemur venjulegur virðisaukaskattur. Í Svíþjóð er svo hár tollur á innfluttum hestum, að við Íslendingar höfum ekki getað notfært okkur þá eftirspurn, sem þar er þegar fyrir hendi. Viðskiptaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að því að fá þennan toll í Svíþjóð afnuminn eða lækkaðan verulega, og þá virðist það vera mótsagnakennt á sömu tímum að leggja 10% útflutningstoll á sömu vöru af okkar hálfu.

Að síðustu má benda á, að frá upphafi búfjárræktarlaga í landinu hefur ríkissjóður kostað eða styrkt kynbótastarfsemina. Þegar farið er að leggja útflutningsskatt almennt á hryssur án tillits til gæða eða aldurs, þá er ekki lengur um verndarsjónarmið að ræða, heldur fjáröflunarsjónarmið. Hér er þá verið að móta nýja stefnu í búfjárræktarmálum, og þá hlýtur sú nýja stefna að eiga að ná jafnt til allra bænda og allra búgreina. Hitt er þó miklu best, að falla frá þessu mjög umdeilda og hæpna sjónarmiði og breyta lögunum þannig, að útflutningsgjaldið verði aðeins lagt á ættbókarfærðar hryssur. Það sjónarmið geta allir sætt sig við. Glögg rök í þessu máli voru skrifuð í leiðara búnaðarblaðsins Freys á s. l. sumri, þar sem mælt var kröftuglega gegn þessu ákvæði hinna nýju búfjárræktarlaga.

Sþ. 34. Fyrirspurnir. [33. mál]

I. Til heilbrigðisráðherra um heimili drykkjasjúklinga á Vífilsstöðum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hver er áætlaður rúmmetrafjöldi í hinu fyrirhugaða heimili drykkjusjúklinga á Vífilsstöðum, og hve marga sjúklinga mun það rúma?
2. Hver er áætlaður kostnaður pr. m^3?

II. Til viðskiparáðherra um byggingu Seðlabankans.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hver er áætlaður rúmmetrafjöldi í fyrirhugaðri byggingu Seðlabankans norðan Arnarhóls, og hver er fjöldi starfsmanna þessa banka nú?
2. Hver er áætlaður kostnaður þessarar bankabyggingar pr. m^3?

III. Til félagsmálaráðherra um lánamál húsbyggjenda.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Hvernig mun Húsnæðismálastofnunin anna lánsfjárþörf húsbyggjenda fram til áramóta?
2. Hverjar eru áætlanir næsta árs um lánsfjárþörf og lánsfé?

IV. Til félagsmálaráðherra um lánsfé til byggingar leiguhúsnæðis.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hverjar eru áætlanir um fjármögnun byggingar leiguhúsnæðis skv. l. nr. 58 frá 30. apríl 1973?

V. Til landbúnaðarráðherra um sölu Birningsstaða í Laxárdal.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hefur landbúnaðarráðherra selt ríkisjörðina Birningsstaði í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu, og sé svo, þá hverjum, hvenær, samkvæmt hvaða lagaheimild, fyrir hvaða verð og hvernig var það verð fundið út?

VI. Til samgönguráðherra um framkvæmdir Vegagerðar ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hve mikill hluti af heildarframkvæmdum Vegagerðar ríkisins er unninn: a) af Vegagerðinni með eigin vélakosti, b) af Vegagerðinni með leigðum vélakosti, c) af verktökum?
2. Er stefnt að aukinni vélvæðingu Vegagerðarinnar sjálfrar til að annast meiri háttar verkefni?

VII. Til menntamálaráðherra um áhugaleikfélög.

Frá Helga F. Seljan.

Hvenær má vænta þess, að fram verði lagt frumvarp til nýrra laga um fjárhagslegan stuðning við áhugaleikfélög?

VIII. Til iðnaðarráðherra um rafvæðingu sveitanna.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hafa verið gerðar sérstakar athuganir varðandi rafvæðingu þeirra býla, sem ekki eru inni á „þriggja ára áætlun“?

Eru áformaðar félagslegar aðgerðir til að greiða fyrir rafvæðingu nefndra býla umfram þær, sem felast í sérstakri lánafyrirgreiðslu skv. orkulögunum?

IX. Til sjávarútvegsráðherra um sjómannastofur.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til að undirbúa löggjöf um sjómannastofur, og ef svo er, hvenær má vænta þess, að frv. um það efni verði lagt fyrir Alþingi?

Ed. 35. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóvember 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Aftan við 5. grein laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Maður, sem dvalist hefur hér á landi án þess að vera tilkynningarskyldur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal tilkynna aðsetur sitt innan 7 daga, ef hann dvelst áfram í landinu eftir brottfall þeirra atvika, sem gerðu hann undanþeginn tilkynningarskyldu.

2. gr.

Fyrri málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 500—10.000 kr. Sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð, en sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir, rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

3. gr.

Aftan við 18. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Þeir, sem samkvæmt gögnum þjóðskrár áttu lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 22. janúar 1973, skulu skráðir með lögheimili þar 1. desember 1973, nema þeir lýsi sig heimilisfasta annars staðar, með tilkynningu á sérstöku eyðublaði, útgefnu af Hagstofunni, eða á annan ótvíræðan hátt að hennar dómi. Slík tilkynning skal berast þjóðskránni eigi síðar en 28. nóvember 1973.

Fyrirmæli fyrri málsgreinar breyta engu um gildi ákvæða í 10.—13. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram til þess að fá lögfest ákvæði 3. gr. þess varðandi skráningu Vestmannaeyinga í þjóðskrá næstkomandi 1. desember. Ákvæði 1. og 2. gr. eru hins vegar um önnur efni. Þar er um að ræða lagfæringar á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, sem alllengi hefur staðið til að fá lögfestar, þá er að því kæmi, að breyta þyrfti lögum þessum af öðrum og þýðingarmeiri ástæðum.

Heimildir um aðsetursskipti Vestmannaeyinga síðan 23. janúar 1973 liggja fyrir og halda áfram að berast þjóðskrá í ýmsu formi, svo sem á sérstöku, þar til gerðu eyðublaði til tilkynningar á dvalarstað, á almennu eyðublaði þjóðskrár til aðseturstilkynninga, og í formi tilkynninga til póststöðva. En í þessum gögnum kemur yfirleitt ekki fram skýr viljayfirlýsing varðandi lögheimili — hvort menn telja sig áfram heimilisfasta í Vestmannaeyjum eða hafa ákveðið að flytjast þaðan. Þar við bætist, að sennilega standa margir Vestmannaeyingar í þeirri trú, að þeir hafi látið í té ákveðna viljayfirlýsingu í þessu efni, án þess að svo sé í raun. Þessi heimildargögn eru því ófullnægjandi grundvöllur til skráningar á lögheimili Vestmannaeyinga í þjóðskrá 1. desember 1973, sem Hagstofan er nú að undirbúa.

Eina örugga leiðin til lausnar þessum vanda er að lögfesta, að tilkynningar um lögheimilisflutning frá Vestmannaeyjum skuli látnar í té á sérstöku, þar til gerðu eyðublaði eða á annan ótvíræðan hátt. 3. gr. frv. hefur að geyma ákvæði hér að lútandi. Þá er og þessum tilkynningum settur ákveðinn tímafrestur, til þess að svigrúm verði til að taka þær til greina við gerð íbúaskráa 1. desember 1973.

Í 3. gr. frv. er enn fremur svo fyrir mælt, að þeir Vestmannaeyingar, sem ekki tilkynna flutning lögheimilis síns frá Eyjum á tilskilinn hátt, skuli skráðir með lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 1. desember 1973. Í þessu felst m. a., að tilkynningar og upplýsingar til þjóðskrár frá öðrum en hlutaðeigendum sjálfum um flutning lögheimilis frá Vestmannaeyjum verða ekki teknar til greina við gerð upphaflegra íbúaskráa 1. desember 1973 (hér er t. d. um að ræða gögn frá sveitarstjórnum og öðrum aðilum). Sama gildir um tilkynningar Vestmannaeyinga sjálfra um lögheimilisflutning frá Eyjum, ef þær berast eftir lok tímafrestsins, annað hvort vegna þess að þeir hafa vanrækt að tilkynna breytinguna í tíma eða hafa skipt um skoðun. Hins vegar fela ákvæði 3. gr. ekki í sér neina takmörkun á rétti sveitarstjórna til að gera athugasemdir við upphaflegar íbúaskrár samkvæmt 10.—13. gr. þjóðskrárlaga. Þetta er beinlínis tekið fram í 2. málsgr. 3. gr., til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Þannig mun hver sveitarstjórn — eftir móttöku upphaflegrar íbúaskrár 1. des. 1973 — geta gert þá athugasemd til þjóðskrár, að hún telji, að tiltekinn Vestmannaeyingur eigi að vera skráður heimilisfastur í sínu sveitarfélagi á þeim degi. Einstakl-

ingur með lögheimili í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, sem hefur ekki tilkynnt flutning þess þaðan fyrir 29. nóvember 1973, en vill fá sig fluttan í annað sveitarfélag miðað við 1. desember 1973, mundi samkvæmt þessu ekki sjálfur geta krafist slíkrar breytingar á skráningu lögheimilis. Hins vegar mundi hann alltaf í reynd geta fengið hlutaðeigandi sveitarfélag til að gera athugasemd til þjóðskrár um lögheimilisskráningu hans.

Allar slíkar athugasemdir sveitarstjórna um flutning lögheimilis frá Vestmannaeyjum verða samkvæmt gildandi lagaákvæðum og venjubundnum starfsreglum þjóðskrár teknar til greina, ef mótaðilinn — þ. e. bæjarstjóri Vestmannaeyja — samþykkir breytinguna. En ef ekki er samkomulag, verður þjóðskráin að skera úr, eins og hún gerir í fjölmörgum slíkum ágreiningsmálum á ári hverju. Hér getur skapast mikill vandi, sem verður ekki leystur, nema með breytingu á gildandi lögum um lögheimili eða með annarri lagasetningu. Þessi mál eru í verkahring félagsmálaráðuneytisins, sem er nú að kanna þau og önnur skyld úrlausnarefni til undirbúnings lagasetningu, að svo miklu leyti sem til hennar þarf að koma.

Ljóst er af framan sögðu, að lögfesting þeirra ákvæða, er felast í 3. gr. frv., er nauðsynleg til þess, að skráning Vestmannaeyinga í þjóðskrá 1. desember 1973 geti orðið traust og vandræðalaus. Hafa verður í huga í þessu sambandi, að skipuleg skráning Vestmannaeyinga í þjóðskrá hlýtur að greiða fyrir lausn á ýmsum vandamálum, sem leiða af dvöl þeirra utan heimabyggðar.

Ákvæði 3. gr. frv. um, að Vestmannaeyingar, sem ekki tilkynna lögheimilisflutning frá Eyjum eins og fyrir er mælt, skulu að svo stöddu taldir heimilisfastir þar 1. desember 1973, verða að teljast eðlileg og sanngjörn, og þau eru í samræmi við almenna stefnu bæjarstjórnar Vestmannaeyja í málefnum bæjarbúa. Ekki er verið að skerða eðlilegan rétt eins eða neins með þessu, því að ótvíræð viljayfirlýsing um flutning lögheimilis frá Vestmannaeyjum verður að sjálfsögðu alltaf tekin til greina, ef hún er látin í té áður en fresti lýkur. En forsenda þessarar reglu hlýtur að sjálfsögðu að vera sú, að hún verði, ef til kemur, rækilega kynnt hlutaðeigendum, þannig að þeim sé öllum ljóst, hvað hér er á ferð.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði, sem eiga að stuðla að bættri skráningu einstaklinga, sem hafa ekki orðið tilkynningarskyldir við komu til landsins, en verða það eftir langa eða stutta dvöl. Í rauninni er hér ekki um að ræða ný ákvæði, heldur fyllra og skýrara orðalag en nú er um þetta efni í lögum um tilkynningar aðsetursskipta.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að sektarupphæðir vegna brota gegn tilkynningarákvæðum verði hækkaðar til samræmis við hækkun verðlags og kaupgjalds síðan lög um tilkynningar aðsetursskipta voru sett fyrir rúmum 20 árum, enda hafa sektarákvæði þeirra staðið óbreytt frá upphafi.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veislum sínum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu, sem flutt var á síðasta Alþingi. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Stöðugt sígur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.“

Þessari tillögu var í fyrra vísað til allsherjarnefndar Sþ. Nefndin skilaði ekki áliti. Síðan hafa Alþingi borist ályktanir frá félagssamtökum og sveitarfélögum, sem mæla eindregið með samþykkt tillögunnar. Er þetta eftirtektarvert og þá einnig hitt, að engir hafa andmælt tillögunni opinberlega, svo að flutningsmönnum sé kunnugt, hvorki á Alþingi né annars staðar.

Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um fiskeldi í sjó.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita Fiskifélagi Íslands nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning til þess að:

1. **Hafa sérmenntaða menn á sviði fiskeldis í þjónustu sinni.**
2. **Láta fara fram tilraunir með eldi fisks í sjó á þeim stöðum við landið, sem vænlegt er talið.**
3. Kynna sér sams konar starfsemi erlendis og hagnýta þá þekkingu við íslenskar **aðstæður.**

Greinargerð.

Tillaga svipaðs eðlis var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Eftirfarandi greinargerð er að nokkru sniðin eftir þeirri, sem fylgdi frv. í fyrra.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um fiskrækt í fjörðum og sjávarlónum sem nýja og upprennandi atvinnugrein. Þá hafa verið lagðar fram á Alþingi þingsályktunartillögur um þessi mál og aðallega rætt um lokun fjarða og sjávarlóna, þar sem fiskrækt skyldi síðan hafin í stórum stíl. Þessi almenni áhugi á fiskrækt í sjó varð til þess, að fiskimálastjóri þáði boð bresku fiskimálastofnunarinnar um að skoða fiskeldisstöðvar stofnunarinnar í Ardtoe á vesturströnd Skotlands og í Hunterston við Clydefjörð. Breska fiskimálastofnunin hefur um árabil starfað **að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði.**

Í beinu framhaldi af þessu fékk Fiskifélag Íslands Gordon Eddie, tæknilegan forstjóra bresku fiskimálastofnunarinnar, til að flytja erindi hér á landi um þessi mál (sjá sérprentun Ægis, 22. tbl. 1970). Hin breska stofnun lofaði aðstoð við **Íslendinga í þessum málum og bauðst meðal annars til að taka á móti Íslendingum til fræðslu. Þar sem stjórn Fiskifélagsins hafði fyrir sitt leyti ákveðið að beita sér fyrir tilraunum hér á landi með klak og eldi sjávarfiska og sótt um styrk til Alþingis í því skyni, var ákveðið að þiggja þetta boð. Ingimar Jóhannsson vatnalíffræðingur kynnti sér starfsemi bresku stofnunarinnar og dvaldist þar um tveggja mánaða skeið. Fullyrða má, að árangur af tilraunastarfsemi Breta er mjög athyglisverður og full ástæða til að fylgjast með framförum á þessu sviði, enda ýmsar þjóðir þegar farnar að hagnýta sér árangur af tilraunum þeirra.**

Enn sem komið er eru þessar tilraunir þó ekki komnar á það stig, að eldi þessara fisktegunda, þ. e. a. s. kola og sandhverfu, sé fjárhagslega arðbært, en allt stefnir **þó í rétta átt.**

Þá hefur Ingimar dvalist á Norðurlöndum um nokkurra mánaða skeið á vegum Fiskifélagsins og kynnt sér fiskrækt í söltu vatni.

Það er því full ástæða til, að hafist verði handa í þessum efnum hérlendis, þar sem eldi ýmissa fisktegunda í sjó gæti ef til vill orðið arðbær atvinnuvegur á Íslandi.

Það, sem fyrst og fremst liggur fyrir að gera í þessum efnum, er:

a) Að kynna sér rækilega tilraunir og árangur annarra þjóða í þessum efnum, sem lagt hafa rækt við þennan nýja atvinnuveg.

b) **Að kanna og kortleggja heppilega staði umhverfis landið fyrir fiskeldi í sjó. Gerðar verði ýmsar frumathuganir, svo sem hita- og seltumælingar, sem ná yfir langt tímabil, og aðrar athuganir, sem að gagni mættu koma.**

c) **Að unnt verði að halda uppi leiðbeininga- og upplýsingamiðlun.**

Fyrir því er tillaga þessi flutt.

Nd. 38. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Gunnar Gíslason. Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Í Landhelgissjóð Íslands skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr.

Ríkissjóður leggur Landhelgissjóði til árlegt framlag, eitt hundrað milljónir króna.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Sjóðnum skal varið til hvers konar tækjabúnaðar Landhelgisgæslunnar til gæslu fiskveiðilandhelginnar og björgunarstarfa, svo sem til kaupa á varðskipum, flugvélum og öðrum tækjum hliðstæðum eða í tengslum við fyrrgreint hlutverk.

Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að búa Landhelgisgæslunni aðstöðu í landi miðað við framtíðarhlutverk hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt er þegar þrennt er, segir gamalt máltæki, en flutningsmenn þessa frumvarps hafa nú flutt það á þremur þingum, að aðalefni eins, til þess að efla Landhelgissjóð Íslands og styrkja Landhelgisgæsluna í því vandasama hlutverki, sem hennar bíður.

Öllum ætti nú að vera fullljóst, hversu brýna nauðsyn ber til þess að efla Landhelgissjóð, svo og að hefjast handa um að gera langtímaáætlun um aukna og fullnægjandi landhelgisgæslu, miðað við þau umfangsmiklu og vaxandi verkefni, sem Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna.

Það er ekki vansalaust, að Landhelgisgæslu Íslands sé ekki búin góð aðstaða í landi, en þar hefur hún verið á hrakhólum, og er því einnig samkvæmt þessu frumvarpi heimilt að verja fé Landhelgissjóðs til þess, eftir því sem þurfa þykir.

Þar sem þetta frumvarp er nú, eins og reyndar áður, flutt á öndverðu þingi, ætti að mega ljúka afgreiðslu þess, áður en fjárlög koma til afgreiðslu, og taka þá inn í þau nauðsynlegar fjárveitingar samkvæmt því, en því verður nú ekki lengur trúað, að ágreiningur sé í Alþingi um afgreiðslu þessa máls. Menn tala fjálglega um nauðsynlega samstöðu um landhelgismálið, en þá þýðir ekki að skella skollaeyrum við,

í hvert skipti sem lagt er til að efla Landhelgisgæsluna og búa henni þá aðstöðu, sem nauðsynleg er.

Á sérstöku fylgiskjali sést, hvernig tekjur Landhelgissjóðs hafa myndast frá árinu 1962, en tekjurnar eru árlega misjafnar, eins og að líkum lætur, vegna þess, hvernig þær eru uppbyggðar. Í fyrra tók hæstvirtur forsætisráðherra vel þessu frumvarpi, er það var flutt, eða svipuðu frumvarpi, og taldi þá m. a. aðalatriðið að festa ákveðinn tekjustofn fyrir Landhelgissjóð Íslands.

Allsherjarnefnd deildarinnar, sem fær þetta mál til meðferðar, ætti að geta haft skjót handtök, og ekki þarf að viðhafa neinar vífilengjur, enda þótt menn vilji einhverju breyta í smáatriðum, sem ekki skipta máli.

Ekki þykir ástæða til að hafa lengri greinargerð með þessu frumvarpi nú, þar sem það hefur verið flutt og athugað í nefnd og rætt á tveim undanförnum þingum.

Fylgiskjal.

Landhelgisgæslan.

TEKJUR LANDHELGISSJÓÐS 1962—1972.

Ár	Sektir og upptaka fyrir landhelgisbrot	Björgunarlaun	Vextir	Framlag ríkissjóðs	Samtals
1962	3 728 262.15	1 069 069.74	98 196.04	5 501 960.30	10 397 488.23
1963	2 127 255.00	1 001 484.26	32 487.36	6 004 397.55	9 165 624.17
1964	5 360 329.33	111 550.55	144 057.65	6 847 800.77	12 463 738.30
1965	5 470 787 00	2 914 075.03	365 818.68	6 461 798.50	15 212 479.21
1966	3 025 615.50	4 708 439.88	747 264.08	6 218 940.05	14 700 259.51
1967	2 661 227.00	2 398 833.45	755 421.57	2 898 060.95	8 713 542.97
1968	3 936 529.80	2 408 854.55	570 240.92	3 521 305.10	10 426 930.37
1969	5 726 328.67	1 022 801.30	313 988.84	14 125 000.00	21 188 118.81
1970	3 867 399.90	519 165.00	224 394.70	16 832 000.00	21 442 959.60
1971	2 365 144.80	7 297 391.00	541 151.20	17 982 012.00	28 185 699.00
1972	4 455 481.80	1 264 086.00	249 777.60	17 548 954.70	23 518 300.10
	42 724 360.95	24 715 750.76	4 042 798.64	103 942 229.92	175 425 140.27

Nd. 39. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960 um Verslunarbanka Íslands h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar, er verði 2. og 3. mgr.:

Nú er ákveðið í samþykktum félagsins, að stjórnin skuli skipuð fleiri en 3 aðalmönnum, og er þá einnig heimilt að ákveða, að stjórnarmenn skuli kosnir til lengri tíma en árs í senn og á víxl, þannig að 2 aðalmenn hið fæsta ásamt jafnmörgum varamönnum verði í kjöri á aðalfundi hverjum.

Heimilt er og að ákveða, að formaður stjórnarinnar skuli kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi, til eins árs eða fleiri í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt vegna beiðni bankaráðs Verslunarbanka Íslands hf. Bankaráðið hefur vegna tilmæla frá samtökum kaupsýslumanna, er að bankanum standa, fallist á að óska eftir breytingu á 5. gr. laga nr. 46 frá 10. júní 1960 um Verslunarbanka Íslands hf., en ofangreind samtök hafa óskað eftir breyttu fyrirkomulagi á kosningu til bankaráðs bankans. Hafa samtökin óskað eftir því, að fjölgað verði í bankaráðinu um 2 aðalmenn og jafnmarga til vara og kjörtíma bankaráðsmanna verði jafnframt breytt.

Til þess að mögulegt sé að gera breytingar á viðkomandi greinum samþykkta bankans, eru framangreindar lagabreytingar taldar nauðsynlegar. Breytingar þær á samþykktum bankans, sem hér er um að ræða, eru m. a. þær, að formaður bankaráðs verði kjörinn sérstaklega til eins árs eða fleiri, en aðrir bankaráðsmenn verði kjörnir á víxl, 2 á hverjum aðalfundi, til fleiri ára en eins, jafnframt því, sem bankaráðsmönnum verði fjölgað úr 3 í 5.

Lagabreyting sú, sem hér er farið fram á, að gerð verði, er fólgin í því að bæta við 5. gr. laganna tveimur málsgreinum, sem yrðu 2. og 3. málsgr.

Ed. 40. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. l. nr. 32 frá 7. apríl 1971 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 200 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 300 milljónum króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1965 fékk veðdeild Landsbanka Íslands með lögum nr. 73 frá 22. maí 1965 heimild til að gefa út bankavaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Með 1. gr. laga nr. 32 frá 7. apríl 1971 var gerð sú breyting á 1. mgr. 1. gr. l. 73/1965, að í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ kom „allt að 200 milljónum króna“.

Reglugerðir um útgáfu bankavaxtabréfa á grundvelli framangreindra laga hafa verið staðfestar sem hér segir:

Fyrir	19.	flokk	kr.	30	milljónir
—	20.	—	—	45	—
—	21.	—	—	10	—
—	22.	—	—	15	—
—	23.	—	—	30	—
—	24.	—	—	30	—
—	25.	—	—	40	—
			Samtals kr.	200	milljónir

Þar sem framangreind 200 milljón króna heimild hefur þannig verið notuð að fullu, þykir rétt að hækka hana um 100 milljónir króna, úr 200 milljónum króna í 300 milljónir króna.

Ed. 41. Frumvarp til laga [40. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1974 með sömu viðaukum og á yfirstandandi ári.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um rannsókn og lagasetningu varðandi fjárreiður stjórnmálaflokka.

Flm.: Jónas Árnason, Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a) að láta fram fara opinbera rannsókn á fjárreiðum og eignum stjórnmálaflokka,
b) að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka og eftirlit með þeim.

Greinargerð.

Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins 29. september síðastliðinn hófst á þessum orðum:

„Sjálfstæðismenn gera nú stórátak til að koma upp húsi fyrir starfsemi sína. Það er opinbert leyndarmál, að fjárhagur Sjálfstæðisflokksins hefur ekki verið jafngóður og skyldi um langt árabil. Og flokkurinn hefur búið við ófullkomin húsakynni. Á sama tíma hefur Framsóknarflokkurinn safnað fasteignum í Reykjavík og eru fjárreiður þess flokks allar hinar dularfyllstu, enda litlar sem engar tilraunir gerðar til að afla fjár hjá hinum almenna flokksmanni, heldur hefur Kristni nokkrum Finnbogasyni verið falið að sjá um fjárreiðurnar. Raunar virðast kommúnistar einnig hafa ærið fé undir höndum. Hins vegar er það ekkert dularfullt, því að allir vita, hvaðan þeir peningar koma. Er raunar ástæða til, að menn hugleiði, hvort ekki sé orðið tímabært að koma á sérstakri löggjöf um fjárreiður stjórnmálaflokka og eftirlit með þeim."

Með þessum orðum er af hálfu Sjálfstæðisflokksins kastað mjög alvarlegum aðdróttunum í garð tveggja annarra stjórnmálaflokka, Framsóknarflokksins og Al-

þýðubandalagsins, sem, eins og allir vita, kallast að jafnaði „kommúnistar“ á síðum Morgunblaðsins.

Síðan hefur sjálfur formaður Sjálfstæðisflokksins gert nánari grein fyrir því í útvarpsþætti, hvað í þessum aðdráttunum felist varðandi Alþýðubandalagið sérstaklega: Alþýðubandalagið eða fyrirtæki í tengslum við það hafi með grunsamlegum hætti komist yfir fasteignir.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja taka undir þá hugmynd, sem fram kemur í ofanskráðri klausu úr Morgunblaðinu. Tillagan hlýtur að minnsta kosti að fá góðar undirtektir hjá Morgunblaðsritstjóra þeim, sem nú á sæti á Alþingi og ber persónulega ábyrgð á þeim aðdróttunum, sem í klausunni felast. Og þó að formaður Sjálfstæðisflokksins léti að vísu að því liggja í umræddum útvarpsþætti, að hann teldi fyrir sitt leyti ekki víst, að fjármálaspilling stjórnmálaflokka væri enn komin á það stig, að þörf væri á sérstakri rannsókn eða lagasetningu til að hamla gegn henni, þá ættu opinberar umræður um þessi mál að verða þeim manni kærkomið tækifæri til að gera þjóðinni ítarlega grein fyrir kenningum sínum varðandi fasteignasöfnun, bæði grunsamlega og ógrunsamlega.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um könnun á notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns og áætlanagerð um dreifingu þriggja fasa rafmagns um sveitir.

Flm.: Jónas Jónsson, Stefán Valgeirsson, Ásgeir Bjarnason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera eftirfarandi:

1. Könnun á því, hve mikið óhagræði og kostnaðarauka þeir búa við, sem aðeins hafa einfasa rafmagn, borið saman við þá, sem hafa þriggja fasa rafmagn.
2. Áætlun um kostnað við það að koma þriggja fasa rafmagni um sveitir landsins, þar sem nú er einfasa eða verður lagt á næstu árum.
3. Framkvæmdaáætlun, sem miðist við það, að þegar að fulllokinni sveitarafvæðingunni verði hafist handa um að koma þriggja fasa rafmagni til þeirra sveitabýla, sem fengið hafa einfasa rafmagn, þar sem það telst kostnaðarlega forsvaranlegt.

Greinargerð.

Það er alkunna, að rafvæðing sveitanna var og er en eitt af mikilvægustu málum dreifbýlisins. Rafmagn verður æ mikilvægara í öllu daglegu lífi og allri framleiðslu og hvers konar starfrækslu. Nú getur enginn hugsað sér að búa án rafmagns. Það er yfirlýst stefna, að ríkið stuðli að því, að rafmagn frá samveitum komi á öll byggð ból, þar sem það er innan viðráðanlegra marka, og að stefnt skuli að jöfnun á rafmagnsverði. Nú hillir undir lúkningu rafvæðingar landsins, og má segja, að þar hafi lengst af vel verið að verki staðið.

Þó er enn verulega langt í land með það, að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum. Til þess ráðs hefur verið gripið að dreifa rafmagni um sveitir með svonefndri einfasa lögnum. Um skeið var það gert með því að leggja tvo flutningsstrengi í stað þriggja, eins og þá tíðkaðist fyrir þriggja fasa rafmagn. En með annarri og nýrri tækni tókst að flytja rafmagn með einum streng, ef um einfasa rafmagn var að ræða, og tveimur strengjum, ef um þriggja fasa rafmagn var að ræða. Við þetta spöruðust verulegir fjármunir í stofnkostnaði, þannig að með sömu fjárveitingum mátti dreifa rafmagninu til fleiri notenda.

Enginn mun draga í efa, að fullkomlega réttlætanlegt hafi verið að hafa þennan hátt á. Bið fjölda sveitabæja eftir rafmagninu varð meira en nógu löng fyrir því. Á

fyrstu árum vegagerðar þóttust menn hafa himin höndum tekið, ef þeir fengu þó ekki væri nema ruddan sumarfæran veg heim til sín, og reynt var að ryðja sem víðast og lengst, til þess að sem flestir nytu fjárins. En nú eru kröfurnar meiri. Ekki er hægt við annað að una en upphlaðna vegi, færa allt árið, og við þéttbýli er það varanlegt slitlag, sem krafist er.

Draga má líkingu á milli dreifingar rafmagns og lagningar veganna. Einfasa rafmagn er ekki jafngilt þriggja fasa rafmagni nema til sumra hluta. Helstu vandkvæðin á notkun þess eru þessi:

1. Aflmótorar fyrir einfasa rafmagn eru mjög miklu dýrari.
2. Aflnýting þeirra er verri.
3. Ekki fást stærri aflmótorar fyrir einfasa rafmagn en ca. 13 hestöfl. En það er á margan hátt alls ófullnægjandi, t. d. til að knýja súgþurrkunarmótora fyrir stórar hlöður.
4. Ending einfasa mótora er talin minni og þeir viðkvæmari fyrir spennutruflunum.
5. Ekki er hægt að fá ýmiss konar tæknibúnað, svo sem til bústarfa, í gripahús og annað, nema með þriggja fasa mótorum.

Þess má geta, að ekki mun þykja tækilegt að reka neins konar iðnað eða verksmiðjur nema við þriggja fasa rafmagn.

Bústörf byggjast nú æ meir á margs konar tæknibúnaði, þar sem rafmagn er orkugjafinn, orkukaup búanna aukast hraðfara, og það verður æ erfiðara að una við svo ófullkominn orkugjafa sem einfasa rafmagn er. Slíkt er ekki fremur hugsanlegt til langframa en að búa við ruddar slóðir í stað vega.

Búnaðarþing 1970, fjallaði um mál skylt þessu og gerði um það ályktun, sem fylgir hér á eftir ásamt greinargerð:

Erindi stjórnar Búnaðarfélags Íslands um niðurgreiðslu á verði einfasa rafmótora til súgþurrkunar.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum:

Búnaðarþing beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún hlutist til um, að veitt verði fé úr ríkissjóði til niðurgreiðslu á 1-fasa rafmótorum fyrir súgþurrkunarblásara, þannig að verð þeirra til bænda verði hið sama og verð sambærilegra 3ja-fasa rafmótora.

Greinargerð:

Með lagningu 1-fasa raflínu (1-vírs og 2ja-víra línu) um sveitir landsins sparast stórfé samanborið við lagningu 3ja-fasa raflínu. Mun láta nærri, að sparnaður á lagningu 1 vírs-línu (EVJ-línu) og 3ja-víra línu nemi um 90 þús. krónum á hvern kílómetra. Bændur eru hins vegar mjög illa settir með 1-fasa rafmagn, sökum þess, hve rafmótorar þeir, sem ætlaðir eru fyrir 1-fasa rafmagn, eru dýrir og oft erfitt að fá hentuga mótora.

Þeir rafmótorar, sem hér eru notaðir til súgþurrkunar á heyi, eru flestir byggðir hérlendis, og verð þeirra í febrúar 1970 eftirfarandi (án söluskatts):

Stærð mótors, hestöfl:	1-fasa:	3ja-fasa:
5,5	22.185,00	8.575,00
7,5	22.204,00	10.908,00
10,0	28.668,00	12.839,00
13,0	32.081,00	
15,0		17.129,00

1-fasa rafmótorar eru því rúmlega helmingi dýrari en sambærilegir 3ja-fasa mótorar og það dýrir, að margir bændur veigra sér við að kaupa rafmótor til þess

að knýja súgþurrkunarblásarann, en nota í stað þess dráttarvél, sem ekki er hægt að binda við blásarann langtíum saman. Afkastamikil súgþurrkun stóreykur öryggi í fóðurverkuninni, en súgþurrkunarblásarinn kemur því aðeins að fullum notum, að hann sé fasttengdur mótor.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um að hraða gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland.

Flm.: Lárus Jónsson, Gunnar Gíslason, Halldór Blöndal, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Skal að því stefnt, að sérstök byggðaáætlun um vegi, brýr, hafnir og flugvelli á Norðurlandi fyrir a. m. k. næstu tvö ár verði staðfest af stjórnvöldum eigi síðar en um n. k. áramót.

Greinargerð.

Furðuleg vinnubrögð hafa ríkt undanfarin tvö ár við gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Áætlunin hefur verið unnin í eitt ár í senn og bæði árin verið svo síðbúin, að engin tök hafa verið á því að undirbúa ýmsar verklegar framkvæmdir, sem áætlunin gerði ráð fyrir. Því hefur tekist að fresta framkvæmdum á þeim forsendum, að ónógur undirbúningur komi í veg fyrir framkvæmdir, þótt staðreyndin hafi verið sú, að síðbúin áætlunargerð hafi valdið seinkun undirbúnings. Svo rammt kvað að á yfirstandandi ári, að samgönguáætlun fyrir árið 1973 var ekki lokið fyrr en eftir að Alþingi lauk störfum í vor, og kvartaði Vegagerð ríkisins að vonum yfir því, að ýmsir verkþættir áætlunarinnar kæmust augljóslega ekki í framkvæmd vegna þess, hversu hún væri síðbúin, þar sem henni var vart lokið fyrr en verklegar framkvæmdir voru hafnar á sumrinu. Aðstaða þingmanna var engin til þess að hafa áhrif áætlunargerðina, og má geta nærri, hversu tekist hafi til um að samræma hana almennri vegáætlun.

Ekki er þó öll saga sögð um furðuleg vinnubrögð stjórnvalda að því er varðar samgönguáætlun Norðurlands. Áætlunargerðin hafði verið undirbúin af heimamönnum á árunum 1969 og 1970. Árið 1971 ákvað fyrrverandi ríkisstjórn að fela Efnahagsstofnuninni að gera Norðurlandsáætlun í samgöngumálum. Í samræmi við þetta lagði Efnahagsstofnunin tillögur sínar fyrir Fjórðungssamband Norðlendinga. Um þetta segir svo í skýrslu Áskels Einarssonar framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins á þingi þess 4. og 5. sept. 1972: „Efnhagsstofnunin lagði til, að um 196 millj. kr. væri varið til samgönguáætlunar Norðurlands á árinu 1972. Þessi fjárhæð skyldi skiptast á milli greina þannig, að til vega ætti að verja 126 millj. kr., til hafna 56 millj. kr. og flugvalla 12 millj. kr.“ Síðan segir í skýrslu framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins: „Eins og kunnugt er, voru framlög til hafna og flugvalla alveg felld niður úr áætlun fyrir 1972. Framlag til vega var lækkað niður í 100 millj. kr. og síðan hækkað í 120 millj. Nú virðist vera að koma í ljós, að viðbótin, 20 millj., verði sennilega skorin niður í ár. . .“ Ítrekuð mótmæli bárust frá Fjórðungssambandinu við þessum vinnubrögðum, en allt kom fyrir ekki.

Þannig var staðið að samgöngumálaþætti Norðurlandsáætlunar á fyrsta framkvæmdaári, þ. e. a. s. 1972. Við þessa umsögn framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Norðlendinga er einungis því að bæta, að það reyndist rétt, að umræddar 20 millj., sem framlag til áætlunarinnar hafði verið hækkað um í meðförum Alþingis, var algjörlega skorið niður af ríkisstjórninni og hefur aldrei verið framkvæmt fyrir þá fjárhæð skv. áætluninni.

Þá segir einnig orðrétt í umræddri skýrslu framkvæmdastjórans:

„Eins og menn hafa vafalaust tekið eftir, gerði vegáætlun aðeins ráð fyrir 620 millj. kr. til samgönguáætlunar Norðurlands á tímabilinu 1972—1975. Samkvæmt frumáætlunum vegamálastjóra var áætlaður kostnaður við vegabætur á þeim leiðum, sem samgönguáætlunin nær til, 1650 millj. kr. á verðlagi áranna 1970—1971. Ef tekið er tillit til þeirra verðlagsleiðréttinga, sem gerðar voru á Austfjarðaáætlun, eða 25%, er framkvæmdaþörfin 2062 millj. **Miðað við sama hlutfall og gengið er frá í Austurlandsáætlun, þ. e. a. s. 55% framkvæmdaþarfar, þá ættu að koma í hlut Norðlendinga 1134 m.kr. í 5 ár, sem svarar 226 m.kr. á ári að meðaltali. Svo virðist sem þessi vegáætlun skili Norðlendingum aðeins rösklega helmingi þessarar fjárhæðar.**“

Ekki tók betra við, þegar unnið var að gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland fyrir árið 1973. Vegamálaþátturinn var byggður á sams konar grunni og 1972 og alls ekki reiknað með að framkvæma fyrir 20 millj. frá árinu 1972, sem samþ. voru af Alþingi. Flugmálaþátturinn varð aðeins 24 millj. kr. og hafnamálaþátturinn 18 millj. kr., en í uppkasti Framkvæmdastofnunar hafði verið gert ráð fyrir 25 millj. kr. í þennan þátt. Brýn nauðsyn þótti hins vegar á síðustu stundu að skera niður hafnarframkvæmdir í Ólafsfirði, en það veldur öngþveiti í höfninni þar á þessu ári. Sérstakan vanda hafði þó í för með sér, að áætlunin varð svo síðbúin, að ýmsir þættir hennar voru mjög vanundirbúnir, þegar hefja átti framkvæmdir.

Fjórðungssamband Norðlendinga hefur að vonum gagnrýnt þessi vinnubrögð stjórnvalda harðlega. Krafa þess f. h. heimamanna er, að þessi áætlun verði unnin þannig, að unnt sé að miða við hana framkvæmdir fram í tímann og að fjárhæðir til framkvæmda verði ekki minni en tíðkast um hliðstæðar áætlanir, enda viðurkennt, að byggðavandinn er ekki minni á Norðurlandi en í öðrum landshlutum.

Á nýloknu Fjórðungsþingi Norðlendinga var samþykkt svo hljóðandi ályktun um samgönguáætlun fyrir Norðurland:

„Fjórðungsþing Norðlendinga ítrekar fyrri tillögur sínar um samgönguáætlun Norðurlands og leggur höfuðáherslu á, að lokið verði við gerð þátta samgönguáætlunarinnar fyrir n. k. áramót. Fjórðungsþingið leggur áherslu á, að fjármagn verði stóraukið til áætlunarinnar og núverandi tölur í vegáætlun verði a. m. k. leiðréttar í samræmi við verðlagsbreytingar. Jafnframt verði skilað aftur til samgönguáætlunarinnar því fé, sem fellt var niður á árinu 1972.“

Þessi tillaga er flutt til þess að leggja áherslu á framangreindar rökstuddar tillögur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi. Svo sem fram kemur í fskj., er einsýnt, að gögn og undirbúning skortir ekki til áætlunargerðarinnar, auk þess sem einungis er lagt til, að stjórnvöld staðfesti í tíma áætlun fyrir næstu 2 ár sem áfanga á þeirri leið að koma til móts við þarfir Norðlendinga í samgöngumálum, eins og þær eru metnar af áætlunardeild Framkvæmdastofnunarinnar á fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS 9/10/1973.
Áætlanadeild

Samgönguáætlun Norðurlands.

Heildarstærð áætlunar 1974—1978.

Vegaframkvæmdir.

Vegakaflar, sem ná 12% afk.vöxtum, m. v. framkv. 1978		1 060.4 m.kr.
Þar af hraðbrautir og varanl. slitl. á kaflanum „Veigastaðir—Miðvík“	295.2 m.kr.	
Þar af þjóðbr. og landsbr. með malarslitlagi ..	765.2 —	
Framkvæmdir réttlættar vegna kröfu um lágmarksárangur ..		325.0 —

Framkvæmdir alls	1 385.4	m.kr.
Þar af þjóðbr. og landsbr. án varanl. slitlags	1 090.2	—
Aðalleiðir, sem fullnægjandi arðsemisath. hefur ekki farið fram á	171.3	m.kr.
Lauslega áætluð þörf fyrir varanl. slitlag umfram það, sem kannað hefur verið	800.0	—
Heildarþörf vegaframkvæmda á aðalleiðum á Norðurlandi 1974—1978/80	2 356.7	m.kr.
Áætluð heildarþörf á landinu á sama tíma	8 000.0	m.kr.

Áætlaðar framkvæmdir 1974.

Vegir og brýr alls	1 540.0	m.kr.
Þar af landsbr. u. þ. b.	200.0	—
Aðalleiðir	1 340.0	m.kr.

Árlegar framkvæmdir í landinu alls á aðalleiðum m. v. 7% árlegan vöxt, 2 tilvik.

	Tilvik I		Tilvik II	
	Árl. framkv.	Uppsafnað	Árl. framkv.	Uppsafnað
1974	1 340	1 340	1 100	1 100
1975	1 434	2 774	1 177	2 277
1976	1 534	4 308	1 259	3 536
1977	1 642	5 950	1 348	4 884
1978	1 756	7 706	1 442	6 326
1980	1 879	9 585	1 543	7 869
1981	2 011	11 596	1 651	9 519
1982	2 152	13 748	1 766	11 286

Framkvæmdir á Norðurlandi yrðu 29.5% af heild eða 395 m.kr. 1973 og 518 m.kr. 1978 skv. tilviki I, og 325 m.kr. 1973 og 425 m.kr. 1978 skv. tilviki II.

Ef gert er ráð fyrir, að samgönguáætlunin nái ekki til hraðbrauta né varanlegs slitlags annars staðar, en allar aðrar framkvæmdir nefndar hér að framan, yrði heildarþörf 1 261.5 m.kr. eða um 250 m.kr. á ári.

Flugmálaframkvæmdir.

Framkvæmdaþörf samkvæmt áætlun flugmálastjóra frá 1972 er 215 m.kr. m. v. verðlag 1973. Er þá gert ráð fyrir heldur lengri flugbrautum á Sauðárkróki (1 500 m), Akureyri (2 300 m) og Húsavík (1 500 m). Miðað er við, að flugvöllurinn á Akureyri dugi fyrir millivegalengdaþotur, flugvellirnir á Sauðárkróki og Húsavík miðist við áætlunarflug F-27, flugvellirnir á Blönduósi, Siglufirði, Grímsey, Raufarhöfn, Þórshöfn og Vopnafirði miðist við reglubundið flug u. þ. b. 20 farþega flugvéla með „STOL"-eiginleikum, en aðrir flugvellir miðist við leigu- og sjúkraflug lítilla flugvéla.

Miðað er við malbikaða braut á Akureyri, en malbikaða brautarenda á Sauðárkróki og Húsavík. Búast má við, að malbikun flugbrautanna á Sauðárkróki og Húsavík kosti 100—150 m.kr. til viðbótar.

Hér er reyndar um mjög grófar tölur að ræða, og víða er upptalning framkvæmda í meðfylgjandi töflu ófullnægjandi. Sé ekki gert ráð fyrir malbikun nefndra flugbrauta, má búast við, að framkvæmdaþörf 1974—1978/80 sá a. m. k. 215—250 m.kr., en 315—400 m.kr., ef malbikun nefndra flugbrauta er tekin með.

Frumáætlun um þarfir í flugmálaframkv. á Norðurlandi.

	Alls	Flugbr. og hlað	Flugstöð	Öryggisbún. á flugbr.	Flugöryggis-þjónusta
Gjögur	3.5	3.0	0.2	0.3	—
Hólmavík	2.9	1.8	0.8	0.3	—
Hvammstangi	1.3	—	1.0	0.3	—
Blönduós	4.3	3.0	1.0	0.3	—
Sauðárkrókur	53.8	33.4	6.4	10.6	3.4
Siglufjörður	3.3	0.4	2.3	0.5	0.1

	Alls	Flugbr. og hlað	Flugstöð	Öryggisbún. á flugbr.	Flugöryggis-þjónusta
Grímsey	10.6	10.0	—	0.5	0.1
Ólafsfjörður	6.4	5.9	—	0.5	—
Akureyri	78.3	45.9	9.7	10.3	12.4
Húsavík	30.0	9.6	6.4	7.4	6.6
Kópasker	1.0	0.3	—	0.5	0.2
Raufarhöfn	7.7	5.6	0.8	0.8	0.5
Þórshöfn	26.9	16.7	—	9.7	0.5
Vopnafjörður	8.7	5.5	2.3	0.6	0.3
Óstaðsett	0.6	—	—	—	0.6
	239.3	141.2	30.9	42.6	24.7
Þar af unnið 1973	24.0				
Viðbótarþörf	215.3				

Vegaframkvæmdir réttlættar vegna kröfu um lágmarksárangur (verðlag 1973).

	Kostnaður alls	Framkv. 1972/'73	Eftirst.	Afköst m. v. 1973
Hólmavíkurvegur	82.0	—	82.0	
Um Selá	8.1	—	8.1	7%
— Prestbakka	16.7	—	16.7	1%
Kolbeinsá—Guðlaugsvík	20.6	—	20.6	5%
Hvalsá—Heiðarbær	36.6	—	36.6	5%
Skagastrandarvegur	63.8	17.0	46.8	8%
Siglufjarðarvegur	36.4	20.1	16.3	
Um Höfðahóla	7.2	4.5	2.7	7%
Móskógar—Brúnastaðir	29.2	15.6	13.6	9%
Ólafsfj.v., Ólafsfj.—Reykjaá	39.2	—	39.2	9%
Norðausturvegur	205.9	7.2	198.7	
Auðbjargarst.—Laufás	23.9	—	23.9	7%
Sævarland—Svalbarðsá, Skerjúfuás—Syðribrekka	77.9	7.2	70.7	3%
Þórshöfn—Vopnafjörður	104.1	—	104.1	5%
SAMTALS	427.3	44.3	383.0	
Áætluð þörf til 1978 alls			325 m.kr.	

Nd. 45. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Flm.: Lárus Jónsson.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 71. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að veita einstaklingum og opinberum aðilum allt að 80% styrk til leitar að jarðhita með jarðborunum eða á annan hátt af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, þar sem aðstæður eru erfiðar til leitar, en nokkrar líkur eru á árangri að mati jarðhitadeildar eða nýtanleg hitaorka er lítil í hlutfalli við kostnað af jarðhitaleitinni. Ráðherra er heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar til stuðnings sveitarfélögum, sem þegar hafa lagt í mikinn kostnað við jarðhitaleit, sem lítinn árangur hefur borið, enda sé fé veitt til þess á fjárlögum.

2. gr.

2. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðhitaleitar nema a. m. k. helmingi af kostnaði við leitina og endurgreiðast á 8 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. um breytingu á orkulögum er fyrst og fremst sá að auðvelda sveitarfélögum að ráðast í jarðhitaleit og leggja aukna áherslu á leit að jarðhita, þótt skilyrði séu ekki talin fyrirfram sem ákjósanlegust. Þá er tilgangurinn, að Orkusjóður geti komið til móts við sveitarfélög, sem þegar hafa lagt miklar fjárhæðir af mörkum til jarðhitaleitar án hlutfallslega mikils árangurs, þannig að jarðhitaleit á vegum þeirra stöðvist ekki, áður en fullreynt er, að árangur geti orðið þolanlegur.

Sú stefna að auka jarðhitaleit á þeim tímum, sem fyrirsjáanlegt er, að verð á innfluttri orku fer stórhækkandi, þarfnast ekki mikils rökstuðnings. Við slíkar aðstæður hlýtur að teljast einsýnt að stuðla að því af hálfu ríkisvaldsins að auðvelda byggðarlögum jarðhitaleit, jafnvel þar sem nokkrir erfiðleikar eru taldir á, að árangur náist. Á það er einnig að líta, að mörg sveitarfélög hafa lagt í mjög verulegan kostnað við jarðhitaleit, en árangurinn orðið hlutfallslega lítill. Sem dæmi mætti nefna, að Dalvíkingar fengu nýlega hitaveitu. Allt vatn, sem þeir geta hagnýtt, kemur úr einni borholu, en það er svo takmarkað, að það nægir ekki fyrir núverandi byggð. Því hefur verið leitað að auknu vatni, og hafa verið boraðar 6 borholur, 300—600 metra, án árangurs. Kostnaðurinn er alls við jarðhitaleitina 9.7 millj. kr. Til samanburðar námu allar tekjur hitaveitunnar á s. l. ári rúmlega 4 millj. kr. Skv. núgildandi reglum ber hitaveitunni að endurgreiða Orkusjóði öll jarðhitaleitarlán á 5 árum, þar sem jarðhiti er nýttur af leitarsvæðinu, jafnvel þótt einungis ein hola hafi borið árangur. Hitaveitan hefur einnig lánsfé að öðru leyti til 10 ára, þannig að greiðslubyrðin er geysileg. Ef hitaveitan hyggst leita frekar að heitu vatni, mundi hún ekki fá nema 40% lán úr Orkusjóði, sem hún yrði að greiða að fullu á 5 árum skv. núgildandi lögum. Hliðstæða sögu má segja frá hálfu margra sveitarfélaga, t. d. Ólafsfirði. Akureyringar hafa einnig varið miklum fjármunum til jarðhitaleitar, sem reynst hefur árangurslítil fram til þessa, en þar er ástandið svo bágborið, að fjölbýlishús fást ekki hituð nema með rafmagni.

Þegar svo horfir um verð á erlendri orku eins og nú, virðist augljóst, að koma þarf til móts við hitaveitur, eins og á Dalvík, Ólafsfirði og fleiri stöðum, þannig að

þeim verði kleift að veita vaxandi byggð næga innlenda hitaorku. Alkunna er, að hitaveitur selja orku sína á verulega lægra verði en erlend hitaorka kostar. Hér er því almennt um að ræða fjárhagslegt þjóðþrifamál og sparnað á dýrmætum erlendum gjaldeyri, þótt gera verði ráð fyrir auknu fjármagni til Orkusjóðs til þess að koma þessari stefnu í kring.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að Orkusjóði sé heimilt að veita allt að 80% styrk til jarðhitaleitar við þau skilyrði, sem nefnd eru í greininni. Skv. núgildandi lögum er sjóðnum ekki heimilt að veita styrki. Hann veitir allt að 40% lán tl jarðhitaleitar, sem greiðast að fullu, ef hitaorka er nýtt „af svæðinu". Verði hins vegar enginn árangur á viðkomandi jarðhitasvæði (hugtak, sem er skilgreint af Orkustofnuninni hverju sinni), endurgreiðist lánið ekki.

Um 2. gr.

Í stað þess, að Orkusjóði er nú heimilt að lána 40% af kostnaði við jarðhitaleit til 5 ára, er hér lagt til, að sjóðnum verði heimilað að veita 50% lán til 8 ára.

Ed. 46. Frumvarp til laga [45. mál]

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og reksturs hlutafélaganna.

2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. og skal þess ekki krafist, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögum.

3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.

4. gr.

Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu að því er varðar álagningu opinberra gjalda teljast einn skattaðili.

5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðtöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa, sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt,

sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breytingu á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að undanfarna mánuði hafi staðið yfir viðræður milli fulltrúa Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f., með forystu trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, um sameiningu flugfélaganna undir eina yfirstjórn. Muni slík breyting styrkja rekstursgrundvöll flugstarfseminnar, enda hafi samkeppni félaganna á einstökum flugleiðum valdið þeim tilfinnanlegu tjóni og sé því breyting nauðsynleg. Stjórnir félaganna beggja og hluthafafundir hafi fallizt á samkomulagsgrundvöll trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar og sameinuð yfirstjórn beggja félaganna taki við 1. ágúst n. k. Hins vegar sé nauðsynlegt að veita nýju sameiginlegu félagi lagalegan starfsgrundvöll, þar sem félagsform það, sem æskilegast sé, vegna aðstöðu á alþjóðamarkaði, rúmist eigi að öllu leyti innan ramma gildandi hlutafélagalöggjafar. Einnig sé nauðsynlegt að veita félögunum tryggingu gegn margsköttun, sem af félagsforminu gæti leitt, og koma í veg fyrir þyngingu á skattabyrði hluthafa af eignarskatti, sem sameiningin gæti valdið, ef arður af hlutafé fer niður úr tilteknu lágmarki.

Ríkisstjórnin telji, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem stuðlað geti að því að tryggja flugsamgöngur Íslendinga í framtíðinni og sé það forsenda af hálfu flugfélaganna, að sameiginlegu félagi verði tryggður lögformlegur starfsgrundvöllur, áður en til stofnunar slíks félags komi.

Beri því brýna nauðsyn til að leysa málið með setningu bráðabirgðalaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal, þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og reksturs hlutafélaganna.

2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. og skal þess ekki krafizt, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögum.

3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.

4. gr.

Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu að því er varðar álagningu opinberra gjalda teljast einn skattaðili.

5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðtöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breytingu á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 47. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til laga um heykögglaverksmiðjur ríkisins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á alla framleiðslu heyhögglaverksmiðja ríkisins. Gjald þetta ákveður landbúnaðarráðherra fyrir allt að eitt ár í senn, og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað af þeim heykögglum, sem flytja þarf frá framleiðslustað til fjarliggjandi verzlunarstaða.

Landbúnaðarráðherra setur, að höfðu samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, reglugerð um framkvæmd verðjöfnunar, samkv. 1. málsgr. þessarar greinar. Þar skal m. a. kveða nánar á um álagningu og meðferð verðjöfnunargjaldsins og greina, til hvaða verslunarstaða verðjöfnunin nær.

Ed. 48. Frumvarp til jarðalaga. [46. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um, að haldin verði skrá yfir allar jarðir og ábúendur jarða, og að gerðir verði, eftir því sem aðstæður leyfa, uppdrættir af sveitum landsins, þar sem m. a. verði mörkuð landamerki jarða og land greint eftir notagildi til landbúnaðar.

4. gr.

Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna, svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra landgæða, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Skipulögð þéttbýlissvæði, þar sem 100 íbúðar eða fleiri hafa fasta búsetu, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli þéttbýlissvæði skv. lögum þessum eða um starfssvið byggðaráðs að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Byggðaráð.

5. gr.

Í hverri sýslu skal starfa byggðaráð, skipað þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Sýslunefnd og búnaðarsamband hlutaðeigandi sýslu tilnefna hvort sinn mann í byggðaráð, og skulu þeir kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Ráðherra skipar byggðaráð og formann þess, án tilnefningar. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

Heimilt er, ef sýslunefndir, sem hlut eiga að máli, samþykkja, að láta starfssvæði byggðaráðs vera hið sama og þess búnaðarsambands, sem starfar á svæðinu. Ef sýslunefndir koma sér þá eigi saman um tilnefningu manna í byggðaráð, skipar ráðherra einhvern þeirra, sem sýslunefndir gera tillögu um.

Allir byggðaráðsmenn skulu vera búsettir á starfssvæði byggðaráðs.

Byggðaráð skal skipað til sex ára í senn.

6. gr.

Byggðaráðum ber að vinna, hverju á sínu svæði, að framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr. með því að:

1. Fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara.
2. Stuðla að skipulagi dreifbýlis m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna.

3. Gera tillögur um úthlutun landsvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í þessu skyni.
4. Fylgjast með töku hvers konar jarðefna.
5. Gæta þess, að mannvirki verði ekki reist, án heimildar réttra yfirvalda.
6. Fylgjast með búsetu á jörðum og stuðla að góðri umgengni lands og mannvirkja.

7. gr.

Nú eru fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa, bússkipti, félags- og sameignarslit fyrirframgreiðslu arfs, lán eða leigu, og er þá jafnan skylt að tilkynna það byggðaráði og afla samþykkis þess til ráðstöfunarinnar. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félögum, sem eiga fasteignir, sem lög þessi taka til.

Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 28. gr. laga þessara.
2. Þegar ríkissjóður kaupir fasteignir eða selur.
3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða lögtakshafar vegna opinberra gjalda, kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði.
4. Þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum.
5. Þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til aðilaskipta að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við bússkipti vegna skilnaðar, en tilkynna skal þó byggðaráði um breytingar á eignaraðild, sem verða með þessum hætti.

8. gr.

Byggðaráð skal ekki veita leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr. ef um óeðlilega ráðstöfun er að ræða miðað við almennar viðskiptavenjur, ef ætla má að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.

9. gr.

Nú er leitað samþykkis byggðaráðs til ráðstöfunar fasteignar, og ber þá byggðaráði að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst skrifstofu ráðsins. Hafi svar byggðaráðs þá ekki borizt, er hin áformaða ráðstöfun heimil. Samþykki byggðaráðs gildir í 6 mánuði frá dagsetningu þess.

10. gr.

Nú neitar byggðaráð að samþykkja áformaða sölu fasteignar og ráðuneytið staðfestir þá ákvörðun. Getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar, gert kröfu til þess, að ríkissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal mat dómkvaddra manna ráða.

11. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lög þessi taka til, nema þau séu árituð af byggðaráði um, að ráðstöfunin hafi verið tilkynnt því, og að samþykki byggðaráðs til ráðstöfunarinnar liggi fyrir, þar sem þess er krafizt samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Skylt er að halda yrktri jörð í þeirri rækt, sem jarðræktarráðunautur viðkomandi héraðs telur nauðsynlega.

Byggðaráð getur krafizt úrbóta og látið gera endurbætur á ræktuðu landi á kostnað eiganda, hafi hann ekki sinnt ábendingum jarðræktarráðunautar og byggðaráðs.

Ef meðferð jarða eða ræktaðs lands er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu búrekstrar í byggðarlaginu, getur landbúnaðarráðuneytið heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum eignum, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með eignarnámi.

13. gr.

Þegar byggðaráð gera tillögur um skipulagsmál í sveit, skal það gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd. Leitazt skal þá við að meta framtíðarmöguleika býla innan sveitarinnar, m. a. með tilliti til framleiðsluskilyrða, markaðsaðstæðna, og hvort almennur hagur verði talinn að stofnun nýrra býla, stuðningi við félagsræktun eða eflingu býla, sem fyrir eru.

Land, sem við gildistöku laganna er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands.

14. gr.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs þarf til að skipta landi jarða, og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir, og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta.

Eigi að skipta landi til að stofna nýtt býli til venjulegrar búvöruframleiðslu, skal að jafnaði miða við, að ræktanlegt land sé ekki minna en 100 ha. Heimilt er þó að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.

Stofnun nýrra býla er háð samþykki byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

15. gr.

Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað, og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur.

Séu nýbýlin fleiri en eitt getur einn eigandi krafizt þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skal landinu þá skipt á grundvelli tillagna byggðaráðs. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

16. gr.

Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

17. gr.

Þar sem menn hafa komið sér saman um rekstur félagsbús, ber þeim að gera með sér skriflegan samning um rekstur þess, þar sem meðal annars greinir frá skiptingu

landsnytja og arðs af búinu. Skylt er að afhenda þeim, er annast skráningu jarða skv. 3. gr., afrit af samningum um félagsbú.

18. gr.

Skylt er hreppstjórum, oddvitum, ráðunautum, eigendum og ábúendum jarða, og öðrum, sem til þess hafa aðstöðu, að láta í té upplýsingar um jarðir og ábúð á þeim, eftir því, sem þörf kann að verða á samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Ákvörðunum byggðaráðs er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.

20. gr.

Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara, og varðar sú ráðstöfun refsingu, sbr. 64. gr. Auk þess getur sveitarstjórn þá, með samþykki byggðaráðs og ráðherra, höfað mál til ógildingar ráðstöfuninni með kröfu um, að sveitarfélag fái þau umráð og not fasteignar, er ráðstöfunin laut að og með sömu skilmálum. Þó getur sveitarstjórn krafizt mats á endurgjaldi í samræmi við ákvæði 27. gr. Málssókn skal hefjast innan þriggja mánaða frá því að byggðaráði barst vitneskja um ráðstöfunina, og ber að halda málinu áfram með eðlilegum hraða.

21. gr.

Byggðaráð skal ákveða aðsetursstað sinn í samráði við viðkomandi sýslunefnd og búnaðarsamband.

Rétt er, þar sem við verður komið, að byggðaráð og búnaðarsamband hafi samvinnu um skrifstofuhald.

Byggðaráði er heimilt að kaupa sérfræðilega aðstoð, þegar þörf krefur.

Rita skal fundargerðir á öllum fundum byggðaráðs, og halda ber skýrslu yfir allar ráðstafanir fasteigna, sem ráðið fjallar um.

22. gr.

Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til byggðaráðsmanna.

III. KAFLI

Forkaupsréttur.

23. gr.

Eigi að selja fasteignarréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 4. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim, nema um ráðstöfun ættaróðals sé að ræða, sbr. og 28. gr. laga þessara.

Nú hefur leiguliði setið jörð í 10 ár eða lengur og á hann þá forkaupsrétt á undan sveitastjórn, enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

24. gr.

Ef fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, getur forkaupsréttarhafi skv. 23. gr. gengið inn í hæsta boð.

Uppboðshaldara er skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa uppboðsþing um leið og það er ákveðið. Skal forkaupsréttarhafi tilkynna uppboðshaldara innan 5 sólarhringa frá slitum uppboðs, að hann neyti forkaupsréttar síns.

25. gr.

Forkaupsréttur skv. 23. gr. skal jafnan boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn, sem á hlut að máli. Söluverð og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint á tæmandi hátt. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignaréttindum, tilgreini seljandi, hversu hátt hann metur hin framboðnu réttindi til peningaverðs, og hefur þá forkaupsréttarhafi rétt til þess að kaupa þau því verði eða á matsverði skv. 27. gr. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til kaupa.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar skal miðuð við ákveðinn kaupanda og fellur úr gildi sex mánuðum frá dagsetningu.

26. gr.

Ef eigandi eða annar rétthafi fasteignar ráðstafar fasteignarréttindum andstætt fyrirmælum laga þessara um forkaupsrétt, getur forkaupsréttarhafi, sem órétti var beittur, krafizt þess, að salan verði ógilt, enda sé málssókn til þess hafin innan sex mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

27. gr.

Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafizt mats dómkvaddra manna á eigninni, og gildir það þá sem söluverð.

28. gr.

Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínum, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.
2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði, sem þau eru lögð erfingjum til arfs.

IV. KAFLI

Um jarðir í opinberri eigu.

29. gr.

Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins fer með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum.

Allar eignir ríkissjóðs í landi og lausafé, sem hafa verið í vörzlu Landnáms ríkisins falla undir forræði jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli byggðaráð með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

31. gr.

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagskráa mæli gegn því —, sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. **Hafa búið á jörðinni minnst 10 ár.**
2. **Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.**
3. **Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.**
4. Leggja fram meðmæli byggðaráðs viðkomandi sýslu með kaupum.

Ákvæði greinar þessarar taka þó ekki til jarða, sem þörf er á til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð. Heldur ekki til jarða sem að dómi Búnaðfélags Íslands, hlutaðeigandi byggðaráðs og náttúruverndarnefndar eru líklegar til að verða nýttar til annars en búreksturs svo sem fólkvangar, sumarbústaðalönd eða til annarra útilífsnota, og ekki til þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs og byggðaráðs hafa sérstök náttúrufyrirbæri innan sinna landamarka.

Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði skv. grein þessari, á ríkissjóður forkaupsrétt.

V. KAFLI
Jarðasjóður.

32. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð, er nefnist Jarðasjóður ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er skv. nánari ákvörðun laga þessara, að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum, að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða eða lánveitingar skulu send til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

33. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti.

1. Jarðir, sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir, sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir, sem ekki njóta framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög nr. 79/1972.
4. Jarðir, sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir, sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðirnar áfram.
6. Jarðir, sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en byggðaráð viðkomandi sýslu mælir með, að Jarðasjóður kaupi.

7. Jarðir, sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.
8. Jarðir, sem heppilegar teljast til almennra útilífsafnota.

34. gr.

Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands, að veita framlög úr Jarðasjóði til að tryggja ábúð jarða, sem hætt er við að fari í eyði, en mikilvægt er að halda í byggð.

35. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 33. gr. tekur til undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill hafa áfram búrekstri, og er þá Jarðasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til að kaupa aðra jörð með góð framtíðarbúskaparskilyrði. Jarðasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þá er þau neyta forkaupsréttar, skv. III. kafla laga þessara.

36. gr.

Við ákvörðun kaupverðs, samkv. 33. gr., skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, samkvæmt ákvæðum 39. greinar.

Jarðasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum þessum, að lágmarki kr. 12 000 000.00 ár hvert, auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í jarðasjóð.

37. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt 33. gr. laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi byggðaráðs, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.

Heimilt er og, að fengnum meðmælum byggðaráðs, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi, til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 5. tölulið 33. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur, ef þeir óska þess.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt 39. gr.

38. gr.

Byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, skv. 1-7 tölulið 33. greinar, og gera álitsgjörð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðasjóði með öðrum kostnaði.

40. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti. Öll skjöl sem gefin eru út af sjóðnum, og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega, að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. KAFLI
Um óðalsjarðir.

41. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi byggðaráðs.
b. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.
c. Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands og Orkusjóði, vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

42. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörzlu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

43. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 42. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af gerningi þar að lútandi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að gerningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunninndi og aðra aðstöðu til búrekstrar.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

44. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

45. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá skylduerfingjar hans kröfu til þess, að viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfaranda eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

46. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

47. gr.

Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að lofa fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

48. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

49. gr.

Jarðeigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins.

50. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðalsins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 41. greinar.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

51. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

52. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins.

Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirúttektar og fer um það samkvæmt 43. gr. ábúðarlaga.

53. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slík-

an fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur hafnað kaupum á jörðinni.

54. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

55. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttindum, skal sýslumaður, sbr. þó 59. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægri en áhvílandi veðskuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

56. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

57. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

a) Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir.
b) Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
c) Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

58. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 50. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr.

59. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára gamall, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, sbr. 55. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hefur til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

60. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 1 ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

61. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja, skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 45. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 45. gr. rennur í búið.

62. gr.

Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum, ef hann:

a) Greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
b) Telji sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap, sbr. þó 59. gr.
c) Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað álits viðkomandi hreppsnefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

63. gr.

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd, Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

64. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1948, nr. 54/1967, og I.—VII. kafli laga nr. 102/1962 og III.—XI. kafli laga nr. 45/1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Búnaðarþing 1971 samþykkti ályktun um að fela Búnaðarfélagi Íslands að hlutast til um við landbúnaðarráðherra að skipa nefnd, til þess að endurskoða eftirtalin lög:

1. Lög um kauprétt á jörðum nr. 40 frá 5. apríl 1948.
2. Ábúðarlög nr. 36 29. marz 1961.
3. Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða nr. 102 21. desember 1962.
4. Lög um Jarðeignasjóð ríkisins nr. 54 27. apríl 1967.

Hlutverk þeirrar nefndar, sem skipuð yrði, skyldi vera að gera frumvarp til nýrra laga um framangreind efni eða breytingartillögur á gildandi lögum, þar sem þess yrði meðal annars gætt, að aðstaða sveitarfélaga og einstaklinga búsettra innan þeirra við að ná og halda eignar- og umráðarétti á landi innan viðkomandi sveitarfélaga, yrði tryggð sem bezt, einnig að ábúðar- og erfðaábúðarlög verði gerð einföld og réttlát í framkvæmd.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að starfa að þessu verkefni. Nefndina skipuðu Ásgeir Bjarnason, alþingismaður, formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson, skrifstofustjóri, og Árni Jónasson, fulltrúi. Dr. juris Gaukur Jörundsson, prófessor hefur verið nefndinni til ráðuneytis við samningu frumvarps þessa.

Nefndin hefur haldið marga fundi og átt viðræður við ýmsa varðandi viðfangsefni sitt. Meðal annarra búnaðarmálastjóra, formann Stéttarsambands bænda, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga, skipulagsstjóra, skógræktarstjóra, auk viðræðna við ýmsa bændur og sveitarstjórnarmenn.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um meðferð jarða og fasteigna utan þéttbýlissvæða í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Þá hefur nefndin farið yfir núgildandi ábúðarlög, lög um ættaróðul, ættarjarðir, óðalsrétt og erfðaábúð. Nefndin kynnti sér hver væri fjöldi skráðra ættaróðala og ættarjarða við öll sýslumannsembættin. Niðurstaða þeirra athugana er sú, að mjög fáir bændur hafa gert jarðir sínar að ættaróðulum, aðrir en þeir, sem keypt hafa jarðir af ríkinu, en þá er það skylda.

Allmörg dæmi eru þess, að bændur, sem eiga óðalsjarðir, hafa fengið jarðir sínar leystar undan ákvæðum óðalslaga samkvæmt heimild í lögum nr. 18 frá 1968. Ættarjarðir eru sárafáar skráðar, þó að vitað sé að mikill fjöldi jarða hefur verið lengur í eigu eða ábúð sömu ættar en 75 ár, og við athugun nefndarinnar upplýstist, að andstaða er meðal eigenda fjölda jarða, að þær verði gerðar að ættarjörðum.

Að fengnum upplýsingum og eftir athugun á gildandi lagaákvæðum um framanskráð efni var ákveðið að leitast við að stytta ábúðarlögin frá 1961, auk efnisbreytinga, sem á þeim yrðu gerðar. Ákvæði um ættaróðul, óðalsrétt og erfðaábúð halda sér lítið breytt, en kaflinn um ættarjarðir er felldur úr gildi.

Ákveðið var að taka efni það, sem fjallað hefur verið um saman í tvo lagabálka, sem bera heitin Jarðalög og Ábúðarlög. Í Jarðalögunum eru nýmæli í íslenzkum lögum um meðferð á landi og eignarhald á jörðum, landi og landspildum.

Í nóvembermánuði s. l. var nefndinni að auki falið af nefnd, sem endurskoðar lög um landnám ríkisins, Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., að fella inn í Jarðalagafrumvarpið ákvæði úr IV.—VIII. kafla laga nr. 45/1971, sem þörf var talin á að héldu áfram gildi, þó lögin yrðu felld úr gildi í núverandi formi.

Í Jarðalög eru tekin ákvæði um byggðaráð, hvernig skuli fara með hvers konar aðilaskipti að umráðum yfir fasteignum og fasteignaréttindum, auk þess ákvæði um forkaupsrétt að jörðum, jarðir í opinberri eign, Jarðeignasjóð og óðalsjarðir.

Í ábúðarlögin er bætt inn kafla um erfðaábúð og er þannig lögum nr. 102/1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu jarða í ríkiseign skipt upp milli þessara tveggja lagabálka.

Stutt yfirlit yfir afskipti ríkisvalds og sveitarstjórna af eignahreyfingum á jörðum, lóðum og lendum, utan skipulagðra svæða í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

NOREGUR

Samkvæmt lögum, sem sett voru á tímabilinu frá árinu 1909 til 1920 þarf leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess að eigendaskipti geti orðið að landeignum utan skipulagðra svæða og gildir þar jafnt, hvort um er að ræða skóglendi, mýrlendi, fjalllendi eða ræktað land. Ákvæðum þessara laga hefur verið beitt allt fram til þessa dags og þannig, að hvenær sem eigendaskipti eru áformuð að landi eða bújörð verður að leggja inn beiðni um heimild til eigendaskiptanna, áður en þau eru endanlega framkvæmd. Í norskum lögum frá 18. marz 1955, jarðalögum, er ákvæði um forkaupsrétt ríkisins að bújörðum, skóglendum og fjalllendum, sem áformað er að selja eða að láta af hendi á annan hátt. Tilgangur þessara lagaákvæða er sá að reyna að tryggja það, að land verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið og þá, sem hafa afkomu sína af landbúnaði. Enn fremur er það tilgangurinn að gæta þess svo sem tök eru á að hafa hamlandi áhrif á miklar verðhækkanir lands. Mörg dæmi eru þess, að norska landbúnaðarráðuneytið hafi neitað að heimila eigendaskipti að jörð, þar sem að mati ráðuneytisins hefur verið um of hátt kaupverð að ræða. Slíkar neitanir byggjast gagngert á því að gera það, sem tök eru á, til þess að halda verðlagi lands niðri. Slík afstaða er m. a. rökstudd með því, að norska ríkið hafi aukið verðmæti lands með framlögum og eigin framkvæmdum.

Beiðni um eigendaskipti að landi, þar sem ástæða er til að ætla að áformað sé að skipta landi niður í hagnaðarskyni, t. d. í sumarbústaðalóðir, er að jafnaði neitað. Norska ríkið er ekki skylt að kaupa land, sem það leyfir ekki sölu á. Ákvæði er í lögum um það, að engri þeirri jörð, sem hægt er að nota til landbúnaðar megi skipta niður, nema að áður fengnu sérstöku samþykki landbúnaðarstjórnar viðkomandi héraðs.

Algengt er, að norska ríkið noti forkaupsréttarheimild sína og kaupi þær jarðir og landspildur, sem til sölu eru eða eigendaskipti eru áformuð á af öðrum ástæðum. Slíkt er nær undantekningarlaust gert í hagræðingarskyni, til þess að fella saman jarðir í stærri einingar eða á annan hátt að auka hagkvæmni við landbúnað, og eru þessar eignir því að öllum jafnaði seldar aftur innan tiltölulega skamms tíma frá því að ríkið eignaðist þær.

Til þess að annast kaup og sölu fasteigna og lands í þessu skyni starfar sérstakur sjóður, er Norðmenn kalla Jordfond og fær hann fjárveitingu eftir því, sem þörf krefur á fjárlögum hvers árs.

Fyrir Stórþinginu liggur nú frumvarp að lögum um leyfi, til þess að eignast fasteign (konsesjonsloven). Tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi er, að lögin komi í stað þeirra laga, sem áður hafa gilt um eigendaskipti að fasteignum á dreifbýlissvæðum og taka nánari afstöðu til þarfa landbúnaðarins, þéttbýlissvæða, almennrar náttúruverndar og útilífsáhugamála. Í því eru ákvæði um, að ekki geti orðið eigendaskipti að fasteignum utan skipulagðra svæða, nema með leyfi ráðuneytisins, og jafnframt er í frumvarpinu ákvæði um forkaupsrétt ríkis og sveitarfélaga að þeim fasteignum, sem til sölu eru eða eigendaskipti eru áformuð á. Í frumvarpinu er tekið fram, að leyfi til eigendaskipta skuli ekki veitt, þar sem ástæða þykir til að ætla, að kaupandinn ætli sér fyrst og fremst að afla eignarinnar til þess að ávaxta á þann hátt fé og heldur ekki ef ástæða er til þess að ætla að sá, sem eignina ætlar að kaupa eða yfirtaka, ætli sér með því að hafa fjárhagslegan ávinning af að selja eignina aftur eða hluta af henni innan skamms tíma.

SVÍÞJÓÐ

Í Svíþjóð hafa verið í gildi lög allt frá árinu 1916, sem hafa í för með sér vissar takmarkanir á rétti manna til þess að hafa frjáls eigendaskipti að bújörðum. Nú gilda um þetta efni lög nr. 290 frá 1965. Í 1. gr. þeirra laga segir, að ekki megi verða eigendaskipti að fasteign, sem sé skattlögð sem jörð, nema með leyfi viðkomandi landbúnaðarráðs, ef um er að ræða kaup, skipti eða gjöf, viðbót við fyrri eign eða skipti út úr eign. Landbúnaðarráð eru lögboðin í öllum lénum Svíþjóðar.

Undantekningar eru frá þessu ákvæði laganna, m. a. ef eignin er keypt af ríki eða sveitarfélagi, ef eignin er keypt á nauðungaruppboði, eða þéttbýli er skipulagt á henni. Í lögunum segir, að umsókn um leyfi til eigendaskipta sé heimilt að neita, þegar ástæða er til að ætla, að aðaltilgangurinn með kaupunum sé ekki sá að reka landbúnað á eigninni. Enn fremur segir í lögunum, að þegar ríkið neitar um leyfi til eigendaskipta að fasteign, þá sé það skylt, ef seljandinn hefur rekið þar landbúnað, að kaupa eignina á því verði, sem seljandinn átti kost á að fá fyrir eignina, en skyldan nær ekki til þess að kaupa, ef verðið telst óeðlilega hátt.

Framkvæmd þessara laga er þannig, að þegar kaup á fasteignum eru áformuð, þá eru umsóknir lagðar til landbúnaðarráðs viðkomandi léna, sem eru undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins en fjallað er um leyfin í landbúnaðarráðuneytinu. Þegar neitað er um leyfi til sölu á jörð af hagkvæmnisástæðum, er venja að ríkið kaupi slíkar eignir. Þegar kaup virðast áformuð í því skyni að hafa af því sérstakan fjárhagslegan ávinning, þá er það meginregla, samkvæmt upplýsingum þeirra, sem hafa með framkvæmd laganna að gera, að neita um leyfi til sölu.

Takmark laga þessara er að auka hagkvæmni í landbúnaði og í nýtingu lands. Aðalreglan er sú, að leyfi eru veitt til sölu jarða, og meira frjálsræði ríkir nú á þessu sviði, heldur en var. Samkvæmt ársskýrslu sænska landbúnaðarráðuneytisins fyrir árið 1970 yfir störf landbúnaðarráða landsins, hefur á því ári verið neitað um leyfi til þess að selja jarðir eða fasteignir utan þéttbýlissvæða í 543 tilvikum. Þess hefur verið gætt, áður en leyfi er veitt til sölu eða eigendaskipta að fasteign, að hafa samband við viðkomandi sveitarfélag og athuga, hvort það samþykkir þá ráðstöfun og sveitarfélög eiga síðan 1968 forkaupsrétt að slíkum eignum, sem til sölu eru. Yfirvöld hafa heimild til að hafa áhrif á söluverð lands samkvæmt 4. gr. laga nr. 290/1965, og í greinargerð með þeim lögum er tekið fram, að sérstök ástæða sé til að neita um kaup á landi til annarra en þeirra, sem vinna við landbúnað sem aðalstarf, einkum þegar ljóst er, að um sé að ræða „spekulations eða kapitalplacerings“ kaup, sem þar að auki, vegna hinna verðhækkandi áhrifa, sem slík kaup hafa á land, samrýmast ekki frumhagsmunum þjóðarheildar. Eins og áður kemur fram, er reynt eftir beztu getu að hafa áhrif á aukna hagkvæmni í nýtingu lands og að fella saman lendur og skákir í hagræðingarskyni, og flest öll kaup ríkisins á landi byggjast á þeim rökum. Samkvæmt ársskýrslu landbúnaðarráðuneytisins var eign sænska ríkisins í landbúnaðarfasteignum í ársbyrjun 1972 20 023 ha. akurlendis, 120 172 ha. af skógi, og heildarverðmæti þessa lands er metið á 118 613 þús. s. kr. Á árinu 1972 keypti ríkið í 1552 tilfellum land, samtals 8790 ha. akurlendis og 40 699 ha. af skógi, en matsverð þessara eigna er 63 111 þús., en kaupverð 116 538 000.00. Á sama ári áttu sér stað 2623 sölur á ríkiseignum, og voru seldir 10 405 ha. af akurlendi og 47 108 ha. af skógi. Matsverð þessara eigna var 73 004 000 s. kr. en söluverðið var 127 785 000 s. kr. Í árslok 1972 var heildareign ríkisins í landbúnaðarfasteignum þessi: Akurlendi 18 268 ha., skóglendi 110 847 ha., og er heildarmatsverð þessara eigna 106 980 000 s. kr.

Tími sá, sem líður frá því að ríkið eignast land og þar til það hefur verið selt aftur, er að jafnaði 2 ár, akurlendi, en 3 ár, skóglendi.

All mörg dæmi eru þess, að ríkið kaupi eignir af bændum, sem þurfa að yfirgefa eignir sínar og fara í önnur störf. Sænska ríkið kaupir einnig af hliðstæðum ástæðum og Jarðeignasjóður gerir hér.

DANMÖRK

Samkvæmt dönskum lögum er skylt að reka bú á bújörðum, en landbúnaðarráðuneytið getur upphafið þá skyldu, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Eigi að leigja jörð til lengri tíma en 15 ára, þarf samþykki landbúnaðarráðuneytisins varðandi tímalengd samningsins.

Skilyrði fyrir því að geta fengið jörð eða hluta af jörð til umráða skv. afsali eða leigusamningi, er m. a. að viðkomandi sé minnst 20 ára gamall, taki sér fasta búsetu á viðkomandi jörð og hafi landbúnaðarstörf að aðalatvinnu.

Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, er því aðeins hægt að fá ráð yfir jörð eða jarðarhluta að landbúnaðarráðherra veiti leyfi til þess.

Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veita, ef ástæða er til að ætla, að stefnt sé að því að ná umráðum yfir eign til þess að ávaxta á þann hátt fé, ef mikið ósamræmi er milli kaupverðs eignar og raunverðs, ef eignin telst óheppileg til sjálfstæðs búrekstrar og jörðinni yrði betur ráðstafað til að bæta rekstur, sem þegar er fyrir á svæðinu.

Félagssamtök, stofnanir, jafnt opinberar sem einkastofnanir, geta ekki fengið ráð á jörðum eða jarðarhlutum, nema að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins.

Í lögum um öflun fasteigna til frístunda og útilífsáhugamála er ríkinu veitt heimild til að ráðstafa árlega allt að 100 milljónum danskra króna til að kaupa sjálft jarðir og jarðarhluta, eða veita sveitarfélögum og félagasamtökum lán í sama skyni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi. Einkum hafa jarðir verið keyptar háu verði, þar sem góð aðstaða er til að setja niður sumarbústaði, eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðum, svo sem veiði.

Verð slíkra jarða er þegar orðið svo hátt, að sjaldnast er viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær, og reynist oft fullerfitt fyrir sveitarfélög, þrátt fyrir að þau eiga lögboðinn forkaupsrétt.

Afleiðingin er því sú, að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur, og á mörgum hefur föst búseta lagzt niður, vegna jarðarkaupa félagssamtaka eða manna, sem ekki hyggja á búskap.

Rétt verður að teljast að gefa þéttbýlisbúum og öðrum, sem eftir sækjast, kost á landspildum til ræktunar og útivistar og til að reisa sumardvalarhús.

Reynslan sýnir hins vegar nú þegar, að brýn þörf er á að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á hvar og hvernig landi er ráðstafað á þann hátt. Að öðrum kosti vofir yfir stórfelld röskun á búsetuaðstöðu fólks á dreifbýlissvæðum umfram það, sem þegar er orðið og óeðlileg verðhækkun lands.

Lögum þessum er m. a. ætlað að veita byggðarlögunum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda, utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verðlag þeirra.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með grein þessari á að tryggja, að haldin verði fullkomin jarðaskrá af einum aðila, og að unnið verði að því að setja inn á uppdrætti landamerki jarða.

Um 4. gr.

Lögunum er ætlað að ná til alls lands og landsréttinda utan skipulaðra þéttbýlissvæða, en með því er átt við svæði, sem hafa t. d. sameiginlega gatnagerð, holræsagerð o. s. frv., sem unnin er af viðkomandi sveitarstjórn.

Um 5. gr.

Byggðaráðum er ætlað að starfa í hverri sýslu. Jafnframt leggjast niður landnámsnefndir skv. l. nr. 45/1971. Verksvið byggðaráðs er mun víðtækara en verksvið landbúnaðarnefndanna. Búseta byggðaráðsmanna innan starfssvæðis þeirra ætti að tryggja þekkingu á staðháttum og hagsmunum byggðarlaganna.

Um 6. gr.

Byggðaráði er ætlað að fylgjast með og halda skráðum öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda, hafa áhrif á, hvaða landsvæði verða tekin til útivistar og ræktunar og fylgjast með búsetu á jörðum.

Um 7. gr.

Með þeim undantekningum, sem upp eru taldar í 1.—5. tölulið er skylt að afla samþykkis byggðaráðs til hvers konar ráðstöfunar fasteigna, og til þess að halda skráningu réttri, er tilkynningaskyldan undantekningarlaus.

Um 8. gr.

Tilgangur greinarinnar er að hafa hamlandi áhrif á óeðlilega verðhækkun lands og kaupskap með land.

Um 9. gr.

Rétt þykir að gefa byggðaráði nokkurn tíma til að afgreiða erindi, sem berast. m. a. má reikna með að fara þurfi á þann stað, sem erindið varðar.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 11. gr.

Til þess að fyrirbyggja eftir föngum ólögmætar ráðstafanir skv. lögunum er óheimilt að þinglýsa skjölum, nema þau beri með sér, að byggðaráð hafi fjallað um þau.

Um 12. gr.

Rétt þykir að skapa aukið aðhald um meðferð ræktaðs lands, sem oftast hefur verið greitt ríkisframlag til.

3. mgr. heimilar eignarnám á landi, sem ekki er nytjað eða hirt á eðlilegan hátt, þrátt fyrir aðvaranir, og getur með eigendaskiptum orðið til þess að bæta búrekstraraðstöðu manna með fasta búsetu í byggðarlaginu. Þessi málsgrein gerir óþarfa 5. mgr. 3. gr. l. nr. 36/1961, sem skyldar jarðareiganda að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörð hans, hafi hún verið í eyði í þrjú ár og af þeim sökum rýrnað að búskapargildi.

Um 13. gr.

Byggðaráðum er ætlað að hafa áhrif á skipulag og nýtingu dreifbýlis gagnvart skipulagsyfirvöldum og vinna að þeim málum í samvinnu við þær stofnanir, sem bezt þekkja til hagsmuna dreifbýlisins. Þetta verkefni hefur verið eitt af verkefnum landnámsstjóra. Að öðru leyti fjallar greinin að mestu um sama efni og 2. mgr. 29. gr. l. nr. 45/1971.

2. mgr. 13. gr. er nýmæli. Þrátt fyrir greinina verður hægt að taka land frá landbúnaði skv. heimildum í sérlögum, svo sem skipulagslögum, vegalögum, náttúruverndarlögum.

Um 14. gr.

Rétt þykir að hafa meiri gát á um skiptingu lands, sameiningu jarða eða stofnun nýbýla, heldur en verið hefur. Þess vegna þurfa slík mál nú að fara fyrir fleiri aðila en áður, til þess að fá afgreiðslu.

Ákvæði um lágmarkslandstærð til stofnunar nýbýlis eru þau sömu og eru í 39. gr. l. nr. 45/1971.

Um 15. gr.

Mörg dæmi eru þess, að landi hefur verið skipt út úr jörðum, án þess að það hafi síðan verið nýtt á eðlilegan hátt til búrekstrar, en oft orðið til þess að rýra búrekstraraðstöðu þeirrar jarðar, sem land var tekið frá.

Um 16. gr.

Sameign ábúanda og annarra að jörð getur, vegna ólíkra hugsmuna og sjónarmiða, leitt til margvíslegra erfiðleika. Rétt þykir að veita þeim, sem jörð situr, möguleika á að komast út úr þeim erfiðleikum, sem sameign getur valdið, með því að kaupa skv. eignarnámsmati hluti meðeigenda sinna. Sama regla á við þegar fleiri en einn reka bú á jörð sem er í sameign með öðrum, sem ekki reka bú á jörðinni.

Um 17. gr.

Mjög hefur skort á, að þeir, sem hafa komið sér saman um rekstur félagsbús, hafi gengið frá samningum um slíkt á viðunandi hátt. Greininni er ætlað að tryggja, að aðilar geri með sér samninga og auðvelda eftirlit með því, að samningar séu gerðir.

Um 18. gr.

Upplýsingaskylda um jarðir auðveldar gerð jarðaskrár og aðra nauðsynlega gagnaöflun. Hliðstætt ákvæði er nú í 42. gr. laga nr. 45/1971.

Um 19. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurn tíma fyrir landbúnaðarráðuneytið til að athuga þau mál, sem til þess kann að verða skotið eftir meðferð hjá byggðaráðum, m. a. getur þurft athuganir á vettvangi.

Um 20. gr.

Til þess að tryggja virkni byggðaráðs og fyrirbyggja tilraunir að komast fram hjá þeirri stofnun, er talið nauðsynlegt að geta riftað ráðstöfunum, sem heyra undir byggðaráð, en farið er með fram hjá því.

Um 21. gr.

Talið er að því hagræði og stjórnunarlegur ávinningur, að búnaðarsambönd og byggðaráð hafi sameiginlegt skrifstofuhald, þar sem þess er kostur. Hagkvæmt verður að telja, með tilliti til afgreiðslu þeirra erinda, sem fyrir byggðaráð verða lögð, að þau séu staðsett á sama stað og sýsluskrifstofan.

Um 22. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 23. gr.

Greinin kemur í stað 2. gr. laga nr. 40/1948.

2. mgr. um kauprétt leiguliða sem setið hefur sömu jörð í 10 ár eða lengur er breyting frá því sem nú er.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1948 hefur leiguliði eftir 3ja ára búsetu kauprétt á undan sveitarstjórn.

Þessi réttur leiguliða eftir tiltölulega skamma búsetu getur leitt til misnotkunar og því er talið rétt að lengja búsetutíma sem leiðir til kaupréttar ábúanda á undan sveitarstjórn. Noti ábúandi sér ekki kaupréttinn, verður forkaupsréttur sveitarfélags aftur virkur.

Um 24. gr.

Í greininni er það nýmæli, að eigi að selja eign á nauðungaruppboði, er tilkynningarskylda á fógeta gagnvart forkaupsréttarhafa.

Um 25. gr.

Í greininni er ekki efnisbreyting frá því, sem er í núgildandi lögum, önnur en sú, að frestur, sem sveitarstjórn hefur til þess að svara forkaupsréttarboði, er 15 dagar en frestur þessi er lengdur í sex vikur. Nauðsyn var talin til að lengja frest sveitarstjórna svo þeim gæfist rýmri tími til fjármagnsútvegunar og annarra athugana vegna kaupa. Rétt verður að telja að binda afsal forkaupsréttar við nafn.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 6. gr. laga nr. 40/1948.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli og ætluð til þess að fyrirbyggja, að sveitarstjórnum sé skákað frá í að nota kaupréttarheimild sína, vegna þess að verð sé sett mjög hátt á eignir, jafnvel án þess að greiðsla skv. því sé áformuð.

Um 28. gr.

Í greinina er bætt við frá því, sem nú er í 4. gr. l. nr. 40/1948, að forkaupsréttur verður ekki virkur, ef eigandi selur maka sínum eða barnabarni. Skv. 2. tölulið eiga sveitarfélög ekki forkaupsrétt gagnvart sölum ríkissjóðs, enda á slík sala sér aðeins stað samkvæmt lögum. Einnig er bætt við ákvæði um skyldur viðtakanda til að reka bú á jörðinni.

Um 29. gr.

Rétt þykir af hagkvæmnisástæðum að hafa sem mest af því, er varðar jarðir og land í ríkiseign á einni hendi. Þess vegna er einnig gert ráð fyrir, að jarðadeild ráðuneytisins fari með málefni þeirra jarða og lendna, sem hafa hingað til heyrt undir Landnám ríkisins.

Um 30. gr.

Með almennri lagaheimild til að selja sveitarfélögum jarðir sparast að setja heimildarlög um slíkt hverju sinni.

Í lögum eru ekki ákvæði um leigu lands eða jarða í ríkiseign, önnur en um leigu til búrekstrar. Rétt þykir að setja í lög ákvæði um hámarkstímalengd samninga.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 47. gr. l. nr. 102/1962, en nýjum skilyrðum þarf að fullnægja, svo jörð sé seld ábúanda.

Um 32. gr.

Nú eru í gildi lög um Jarðeignasjóð nr. 54/1967, með breytingum frá 13. marz 1972. Þau lög eru nú felld inn í jarðalögin með litlum breytingum.

Um 33. gr.

Í greinina hefur verið bætt tveimur nýjum töluliðum, 6. og 7., frá því, sem er í gildandi lögum, til þess að rýmka heimild Jarðasjóðs og kaupa jarðir í því skyni að stuðla að framkvæmd laga þessara.

Um 34. gr.

Greinin kemur í stað 2. mgr. 45. gr. laga nr. 45/1971.

Um 35. gr.

Í greinina er sett ákvæði um heimild Jarðasjóðs til þess að lána sveitarfélögum til jarðakaupa, ef þau nota sér forkaupsrétt.

Um 36. gr.

Í 36. gr. er sú efnisbreyting frá því, sem er í núgildandi lögum, að hámarksverð jarða, sem sjóðurinn kaupir, er ekki lengur bundið við fasteignamat, heldur opnast möguleiki, að verðið fari hærra, ef raunverulegt verðmæti jarðarinnar er meira. Auk þess er nú hægt að ljúka kaupum með samningum milli kaupanda og seljanda, en samkvæmt lögum var skylt að láta meta jarðir.

Gert er ráð fyrir að hækka framlag til Jarðasjóðs um helming frá því, sem nú er. Aðrar verulegar efnisbreytingar eru ekki í kaflanum um Jarðasjóð frá því sem nú gildir.

Um 37. gr.

Greinin er um sama efni og 6. gr. laga nr. 54/1967, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1972.

Um 38. gr.

Greinin er um sama efni og 7. gr. laga nr. 54/1967, en í stað Landnáms ríkisins kemur nú byggðaráð.

Um 39. gr.

Greinin er hliðstæð 8. gr. laga nr. 54/1967, en í stað þess að fjármálaráðuneytið tilnefni mann í nefnd, til að meta kaupverð jarða, kemur nú landbúnaðarráðuneytið.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. laga nr. 54/1967.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega eins og 1. gr. laga nr. 102/1962.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 102/1962.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 102/1962, að öðru en því að felldur er niður síðasti málsliður 2. málsgreinar.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 102/1962.

Um 45. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 5. gr. laga nr. 102/1962, sem veitir aðeins erfingjum í fyrsta lið kröfu á óðalserfingja við yfirtöku óðals og aðeins á hendur fyrsta viðtakanda eftir að jörð var gerð að ættaróðali.

Um 46. gr.

Greinin er um sama efni og 6. gr. laga nr. 102/1962.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 102/1962.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 102/1962.

Um 49. gr.

Greinin er upphaf 10. gr. laga nr. 102/1962.

Um 50. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri málsgrein 11. gr. laga nr. 102/1962, en síðari málsgreinar hennar falla niður.

Um 51. gr.

Upphaf 12. gr. laga nr. 102/1962 fjallar um sama efni. Að öðru leyti er sú grein felld niður.

Um 52. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. laga nr. 102/1962, nema að síðari hluti 14. gr. er felldur niður.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laga nr. 102/1962.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. laga nr. 102/1962.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga nr. 102/1962.

Um 56. gr.

Greinin fjallar um sama og 18. gr. laga nr. 102/1962, en breytingar hafa verið gerðar.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. laga nr. 102/1962.

Um 58. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. laga nr. 102/1962.

Um 59. gr.

Greinin er samhljóða 21. og 22. gr. laga nr. 102/1962.

Um 60. gr.

Greinin er samhljóða 23. gr. laga nr. 102/1962.

Um 61. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. laga nr. 102/1962.

Um 62. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 25. gr. laga nr. 102/1962.

Um 63. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 18/1968.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um undirbúning að næstu stórvirkjun.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason.
Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar, að markvisst skuli að því stefnt, að næsta stórvirkjun landsmanna eftir Sigölduvirkjun verði utan Þjórsársvæðisins, t. d. á Norðurlandi, og samþykkir að fela ríkisstjórninni að láta haga virkjunarrannsóknum og öðrum undirbúningi þannig, að svo geti orðið.

Greinargerð.

Í mörg ár hefur verið um það talað, að næsta stórvirkjun yrði á Norðurlandi og sú stóriðja, sem kynni að rísa í því sambandi. Þetta var fullyrt, þegar ráðist var í Búrfellsvirkjun og álbræðslan reist. Það hafa hins vegar reynst orðin tóm. Rannsóknir á virkjunaraðstöðu utan Þjórsársvæðisins hafa ekki einkennst af slíku markmiði, þrátt fyrir það að utan þess eru sumir af hagkvæmustu virkjunarstöðum þessa lands. Þetta sannar best sú staðreynd, að nú, þegar orkuskortur er framundan á Suðvesturlandi, eru aðeins tiltækir virkjunarstaðir á Þjórsársvæðinu. Því var ekki um annað að ræða en að ákveða næstu virkjun þar. Sigölduvirkjun er hafin, og er gert ráð fyrir því, að hún verði fullgerð árið 1976.

Með u. þ. b. 10% árlegri aukningu á orkuþörf landsmanna mun sú virkjun hins vegar aðeins fullnægja þörfum í 3—4 ár. Hönnun næstu stórvirkjunar þarf því að hefjast um það leyti, sem Sigölduvirkjun er lokið, eða á árinu 1976. Ef ekki verður þegar breytt um stefnu og markvisst unnið að undirbúningi að einni virkjun t. d. á Norðurlandi, bendir allt til þess, að næsta virkjun eftir Sigöldu verði Hrauneyjarfoss í Tungnaá. Þar er þegar allt tilbúið til hönnunar og framkvæmda.

Flestum mun ljóst, að æskilegt er að dreifa stórvirkjunum um landið. Skulu aðeins nefnd tvö atriði til stuðnings þeirri staðreynd.

Þjórsársvæðið er á eða við jaðar eins mesta eldfjallasvæðis landsins. Eitt kröftugt eldgos í Heklu gæti lagt allar virkjanir þar í rúst á einni nóttu.

Í öðru lagi er stórframkvæmd eins og virkjun fallvatns mjög mikilvæg sem þáttur í byggðajafnvægi og ekki síður sá iðnaður, sem venjulega fylgir í kjölfarið.

Með tilliti til þessara staðreynda og þess stutta tíma, sem framundan er, þar til hefja verður hönnun næstu virkjunar, þykir flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu nauðsynlegt, að Alþingi geri grein fyrir vilja sínum í þessu stórmáli.

Virkjanarannsóknir utan Þjórsársvæðisins hafa verið takmarkaðar og dreifðar, og segja má, að þær hafi verið reikular og án markmiðs. Líklega hefur mestu fjármagni verið varið til rannsókna á flutningi Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú yfir í Fljótsdalshérað. Þessar hugmyndir hafa verið óljósar, ekki síst með tilliti til þess, að aldrei hefur þeirri spurningu verið svarað, hvernig ætti að nýta þau 1000 megawött, sem þannig fengjust. Þó hefur verið litið á aðra virkjunarmöguleika. Af þeim virðast álitlegastir annars vegar virkjun Dettifoss og hins vegar virkjun Blöndu. Þó er einnig rætt um virkjanir í Skagafirði og stóra jarðhitavirkjun á Kröflusvæðinu. Að öllum líkindum eru allir þessir valkostir álitlegir, og e. t. v. skiptir ekki höfuðmáli, í hvaða röð þeir eru valdir. Því virðist auðvelt að einbeita rannsóknum að einum ákveðnum stað, sem yrði valinn með tilliti til hæfilegrar stærðar.

Þegar virkjað er stórt á Norðurlandi, er nauðsynlegt að tengja þá virkjun við Suðvesturlandið. Í því sambandi er talað um tvo möguleika, annars vegar línu um byggð og hins vegar línu yfir hálendið, annaðhvort niður í Eyjafjörð eða Bárðardal. Öllum mun vera ljóst, að lína um byggð hefur marga kosti. Hún er í fyrsta

lagi öruggari, og í öðru lagi þjónar hún mikilvægum byggðarlögum á leið sinni. Því ætti að vera auðvelt að ákveða nú þegar þá leið.

Þótt ekki sé það ætlun flutningsmanna, að Alþingi ákveði, hvar virkjað skuli utan Þjórsársvæðisins, t. d. á Norðurlandi, eða hvernig sú virkjun verður tengd við Suðvesturlandið, virðist flutningsmönnum, að það ætti að vera auðvelt. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, að sú ákvörðun verði nú þegar tekin af sérfræðingum í samráði við ríkisstjórn og heimamenn. Þá ætti að vera unnt að ljúka nauðsynlegum rannsóknum þannig, að næsta stórvirkjun eftir Sigöldu verði á Norðurlandi og stóriðja, ef ákveðin verður í því sambandi.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum.

Flm.: Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Halldór Blöndal, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða reglur, sem gilda um snjóruðning af vegum, með það í huga að bæta vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum, auka öryggi sjúkraflutninga, auðvelda flutninga barna í skóla, auk mann- og vöruflutninga í þessum byggðarlögum. Ríkisstjórninni er falið að kanna hagkvæmni þess að afla nýtískulegra og öflugra tækja, sem tíðkast í öðrum löndum, til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd.

Greinargerð.

Reglur þær, sem nú gilda um snjóruðning vega, hafa gilt nær óbreyttar í áratug. Þær eru fyrst og fremst miðaðar við fólks- og vöruflutninga milli byggðarlaga á ákveðnum vikudögum. Þeim þörfum er þó séð fyrir á svo ófullnægjandi hátt, að t. d. er einungis áætlað að ryðja snjó af vegum milli Akureyrar og Húsavíkur, Sauðárkróks og Siglufjarðar einu sinni í viku og frá Húsavík austur til Raufarhafnar aðra hverja viku. Þá eru til vegir milli þéttbýlla byggðarlaga, sem kveðið er svo á um í reglunum, að ryðja eigi „ekki oftar en einu sinni í mánuði".

Alkunna er, að miklar breytingar hafa orðið á þjóðfélagsháttum s. l. áratug. Nú er ekki um að ræða, að héraðslæknar sitji í gömlu læknishéruðum landsins, heldur er nú gert ráð fyrir að sjá fyrir heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni frá heilsugæslustöðvum, sem þjóna eiga miklu stærri svæðum en læknishéruðin. Í þessu sambandi er auk heldur rétt að vekja sérstaka athygli á því, að heilsugæslustöðvarnar þurfa oft á tíðum að senda sjúklinga, sem orðið hafa fyrir slysum eða fá bráðasjúkdóma, til vel búinna sjúkrahúsa, og þarf auðvitað að hafa þetta ríkt í huga við endurskoðun snjómokstursreglna, þar sem samgöngur eru ótryggar vegna snjóa. Þá hafa risið skólar, sem mörg sveitarfélög standa að, og er nemendum þeirra margra ekið daglega úr og í skóla um nokkurn veg innan héraðs. Að því er og stefnt, bæði af uppeldislegum og fjárhagslegum ástæðum, að aka börnum í og úr skóla í strjálbýlinu fremur en byggja dýra heimavistarskóla.


Framangreindar breytingar þjóðfélagshátta krefjast þess augljóslega, að Alþ. og ríkisstjórn beiti sér fyrir, að endurskoðaðar séu úreltar reglur um snjóruðning vega, til þess að tryggja samgöngur í þeim héruðum landsins, sem búa við samgönguerfiðleika sökum snjóa. Að því er að sjálfsögðu stefnt sem meginreglu að gera vegi þessara byggðarlaga þannig úr garði, að þeir verji sig snjóalögum. En hitt er jafnljóst, að víða er svo háttað í strjálbýlinu, að ekki verður komist hjá því vegna legu landsins og staðhátta að tryggja landssamgöngur með snjóruðningi, ef nútímamannlíf á að þróast í viðkomandi byggðarlögum.

Oft heyrast raddir um, að útgjöldum til snjómoksturs vega sé nær algjörlega kastað á glæ. Hér er um reginmisskilning að ræða að dómi flm. Tryggar samgöngur á landi, þannig að menn geti hvenær sem er gengið inn í bifreið og ekið til áfangastaðar, eru lífæðar nútímasamfélags. Slíkar samgöngur skapa miklu nánari innbyrðis tengsl innan byggðarlags heldur en land-, flug- eða sjósamgöngur, sem unnt er að nota á ákveðnum vikudögum. Tryggar daglegar landsamgöngur hafa í för með sér meiri og nánari viðskiptatengsl, félags- og menningarleg samskipti en slitróttar samgöngur á landi, sjó eða í lofti. Víða er svo háttað, að til þess að tryggja landsamgöngur og gera þær eins öruggar og unnt er, þarf að ryðja snjó af vegum yfir veturinn. Bætt skipulag og ef til vill aukin útgjöld vegna snjóruðnings eru því hvorki meira né minna en frumskilyrði nútímamannlífs og byggðar á stórum svæðum landsins.

Í tillögunni er ríkisstjórninni falið að afla öflugra og nýtískulegra tækja til þess að koma stefnu þeirri í framkvæmd, sem felst í tillögunni. Hér er m. a. átt við snjóblásara. Notkun þeirra tækja hefur þegar rutt sér til rúms hér á landi á allra síðustu árum og mun góð reynsla af þeim. Afköstin eru miklu meiri en með öðrum snjóruðningstækjum og kostir þeirra eru verulegir fram yfir önnur snjóruðningstæki. Ruðningar skapast ekki á vegbrún, en slíkir ruðningar valda því, að mun meiri snjór sest á viðkomandi veg í skafrenningi. Þeir snjóblásarar, sem þegar hafa verið reyndir hér á landi, eru þó alltof fáir og flestir þeirra bundnir við að ryðja snjó af vegum á mestu þéttbýlissvæðum landsins. Miklu öflugri snjóblásturstæki munu nú á markaðnum en hafa verið reynd hér á landi, og sýnist einsýnt að kanna kosti þeirra við hérlendar aðstæður. Vitaskuld kosta þessi tæki og rekstur þeirra verulega fjármuni, en snjóruðningur með núverandi aðferðum er einnig dýr, auk þess sem bættar og tryggar landsamgöngur færa í aðra hönd beinar peningatekjur, félagslegar framfarir, aukið byggðajafnvægi og réttlátari aðstöðu allra íslenskra þjóðfélagsþegna.

Fylgiskjal.

Á meðfylgjandi korti eru sýndar núgildandi reglur um snjómokstur aðalvegakerfis landsins skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins. Á öðrum vegum, t. d. í sveitum, gilda þær reglur, að Vegasjóður kostar snjóruðning tvisvar á ári að fullu, þ. e. a. s. fyrsta mokstur að hausti og síðasta mokstur að vori. Ef snjó er rutt af viðkomandi vegum yfir veturinn, er reglan sú, að Vegasjóður greiðir helming, en viðkomandi sveitarfélag (ásamt mjólkurframleiðendum sums staðar) greiðir helming á móti. Sveitarfélögin hafa þó engin úrslitaáhrif á það, hvenær viðkomandi vegir eru ruddir.


SNJÓMOKSTUR.
Gert eftir upplýsingum Vegagerðar ríkisins.
SKÝRINGAR:
Eftir þörfum, t.d. samr. flugsamg.
Tvisvar í viku.
Einu sinni í viku.
Einu sinni í hálfum mánuði.
Ekki oftar en einu sinni í mánuði.

Nd. 51. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna breytast þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 15. desember 1973 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 15. febrúar 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hafa staðið yfir samningaviðræður milli fjármálaráðherra annarsvegar og hinna einstöku heildarsamtaka ríkisstarfsmanna hinsvegar um gerð nýrra aðalkjarasamninga, er gildi eiga að taka þ. 1. janúar 1974.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eiga málin að ganga til Kjaradóms þ. 1. nóvember n. k., ef samningar hafa þá ekki tekist.

Ljóst er, að tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. nóvember n. k.

Samningsaðilar eru því sammála um, að æskilegt sé að fá frestum breytt en eru ekki sammála um lengd þeirra. Fjármálaráðherra leggur til að frestum verði breytt, þannig, að málið gangi til Kjaradóms 15. desember n. k., hafi samningar þá ekki tekist, og Kjaradómur hafi þá kveðið upp úrskurð sinn fyrir 15. febrúar 1974.

Sþ. 52. Fyrirspurnir. [50. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um styttingu vinnutímans.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað er áætlað, að stór hluti launþega hafi fengið raunverulega (effektiva) vinnutímastyttingu með setningu laganna 1971 um styttingu vinnutímans?
2. Hver er áætluð kaupmáttaraukning hjá þeim launþegum, sem notið hafa vinnutímastyttingarinnar að fullu á því tímabili, sem liðið er frá setningu umræddra laga, og um hvaða launþegahópa er hér helst að ræða?

II. Til dómsmálaráðherra um Landhelgissjóð og innheimtumenn hans.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað á Landhelgissjóður mikið óinnheimt:
   a. af sektarfé íslenskra skipa,
   b. af sektarfé erlendra skipa?
2. Hvaða embætti sýslumanna og fógeta eiga þessar skuldir óinnheimtar, og hver er upphæðin hjá viðkomandi embættum hverju fyrir sig?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um byggingu læknisbústaðar á Hólmavík.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað hefur tafið byggingu læknisbústaðar á Hólmavík?
2. Hvenær má gera ráð fyrir því, að bygging hefjist og henni ljúki?
3. Hver verður hlutur ríkissjóðs í kostnaði við byggingu þessa læknisbústaðar?

IV. Til samgönguráðherra um hafnaáætlun.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvenær má gera ráð fyrir því, að áætlun um framkvæmdir við hafnir landsins verði lögð fyrir Alþingi?
2. Hvað tefur gerð umræddrar áætlunar?

V. Til sjávarútvegsráðherra um rekstrargrundvöll skuttogara.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hve miklu nam tap togaraútgerðarinnar 1972?
2. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja rekstur hinna nýju skuttogara?

VI. Til fjármálaráðherra um verkfallsrétt opinberra starfsmanna.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður heildarendurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna?
2. Hefur fjármálaráðherra í hyggju að leggja fram frumvarp um fullan samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna á þessu þingi?

VII. Til sjávarútvegsráðherra um athugun á rekstri skuttogara.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvaða athuganir hafa átt sér stað um afkomu hinna nýju skuttogara á yfirstandandi ári?
2. Má gera ráð fyrir, að meiri hluti þeirra geti staðið í skilum með greiðslur á vöxtum og afborgunum?
3. Er einhver aðili, sem fylgist skipulega með þeim göllum eða bilunum, sem fram koma á fyrsta ári?
4. Hvað má gera ráð fyrir miklu meðalaflamagni og verðmæti á ári hjá 500 brt. skuttogara?

Ed. **53. Lög** [49. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 29. okt.)

Samhljóða þskj. 51.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um úrræði til að minnka olíukaup erlendis frá.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta semja greinargerð og tillögur í orkumálum, og skal verkefnið vera tvíþætt:

a) að gefa yfirstandandi alþingi skýrslu um þá möguleika, sem eru á skjótum nýframkvæmdum til hitunar húsa með jarðvarma og raforku, miðað við það, að slíkar framkvæmdir geti þegar á næsta ári dregið úr olíuþörf landsmanna, enda hafi þær forgang um fjármögnun frá opinberum sjóðum;
b) að gera tillögur um orkumálastefnu næstu tveggja áratuga, er nái til virkjunar vatnsfalla og jarðhita, notkunar raforku m. a. til iðnaðar, hitunar og samgangna, notkunar jarðhita m. a. til hitunar, landbúnaðar og iðnaðar, og hugsanlegrar olíuvinnslu úr landgrunni Íslands.

Greinargerð.

Með hverju árinu, sem líður, vex orkuþörf þjóðarbúsins, — orku, sem í skuggalega stórum mæli er framleidd með orkugjafa keyptum erlendis frá, olíunni.

Þegar haft er í huga, að þennan orkugjafa þurfum við að flytja um langan veg og ill- og ófæran, ef styrjaldir geisa, keppa um hann við fjölmargar aðrar orkuhungraðrar þjóðir og heyrandi þau tíðindi æ oftar staðhæfð, að olíulindir jarðar fari ört þverrandi, þá er það raunar ekkert annað en grófasta andvaraleysi að hamast ekki bókstaflega við að nota okkur út í ystu æsar hina innlendu orkugjafa: vatnsaflið og jarðhitann, þessar guðagjafir landsins.

Vonandi tekst að slökkva nú ófriðarbálið í Austurlöndum nær. En ekki er rétt að loka augunum fyrir því, að aftur getur þar upp úr logað og haft ófyrirsjáanleg áhrif á olíuverð og olíuútvegun.

Því er nú spáð af ýmsum sérfræðingum í olíumálum, að árið 1980 muni eigingarverð olíu hafa hækkað a. m. k. þrefalt frá því, sem nú er, þótt styrjaldir séu ekki reiknaðar inn í dæmið.

Í Sveitarstjórnarmálum þ. á. getur að lesa, að orkuframleiðsla hitaveitna á öllu landinu hafi numið um 1350 GWh (gigawattst.) 1972 og söluverðmæti þeirra verið 430 m. kr. Ef hitað hefði verið upp með gasolíu á þessum svæðum, hefði kostnaðurinn numið um 1000 m. kr., þar af gjaldeyriskostnaður 660 m. kr. Nú mun láta nærri, að um 45% landsmanna njóti upphitunar húsa með jarðhita, og geta menn þá séð, hvílíka fjármuni er hér um að tefla, og þó er ekki enn nema hálfsögð sagan. Samkvæmt grein, er Jóhannes Zoëga, hitaveitustjóri í Reykjavík, ritar á þessu ári í Sveitarstjórnarmál, reyndist orkuverð gasolíu til upphitunar í Reykjavík rúmlega helmingi hærra en orkuverð Hitaveitunnar á s. l. ári.

Af öllu þessu má vera ljóst, að okkur er hollt að taka ráð í tíma og eiga sem fæsta kosti undir olíu.

Nú væri það mikil ósanngirni að láta sem svo, að ekkert hafi verið gert í þessum efnum: Margir verkfræðingar okkar búa yfir dýrmætri þekkingu og reynslu um notkun jarðvarma til húsahitunar og hafa verið óþreytandi í því að hvetja til aukinna dáða í þeim málum, Reykjavíkurborg hefur gefið ágætt fordæmi, og Selfoss, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Dalvík, Húsavík, Seltjarnarnes og Hveragerði hafa öll komið á hitaveitu hjá sér. Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðahreppur hafa hitaveitur í undirbúningi. Þetta eru allt mikil og góð tíðindi. En betur má, ef duga skal: Takmarkið á að vera, að hvert einasta hús á öllu landinu, hvort sem er í þéttbýli eða strjálbýli, sé hitað upp með jarðvarma, ef þess er kostur, annars rafmagni. Og slíkt á að komast á sem allra, allra fyrst. Á þennan hátt getur þjóðin

sparað sér milljónir í gjaldeyri, að ekki sé minnst á öryggið, þegar ís legðist að landi eða styrjaldir geisuðu.

Sagan er þó ekki nema hálfsögð enn: Við notum feikn af olíu til að framleiða rafmagn til ljósa, suðu og iðnaðar, en eigum stóreignir í óbeisluðu vatnsafli. Hvað skal svo lengi ganga? Auðvitað ber okkur fortakslaust að leysa þessar ágætu auðlindir okkar sem fyrst úr læðingi til hagsældar fyrir allt þjóðarbúið, til eflingar matvælaframleiðslu og hvers konar iðnaði, sem arðvænn reynist. Mætti ekki líka hugsa sér, að rafmagnið gæti að einhverju leyti létt á olíuþörf okkar í samgöngunum? Þetta þarf að kanna og skoða.

Því miður hefur gætt hiks og stefnuleysis ríkisvaldsins í virkjunarmálum, ekki síst upp á síðkastið:

Skaðlegur dráttur hefur orðið á ákvörðunartöku um virkjanir, aðrar hafa verið kyrktar í byggingu, raflínur hafa verið lagðar út í bláinn, öðrum er ráðgerður staður í þykjustunni aðra stundina um fjöll og firnindi, hina hringveg um landið með byggðum. Svona má ekki lengur ganga, málin verður að taka föstum skipulegum tökum með þjóðarhag og heill að marki.

Af framangreindum ástæðum er því lagt til hér, að Orkustofnun ríkisins, sem býr yfir sérfræðilegri þekkingu um þessi mál, verði falið annars vegar að benda á, hvernig skjótast megi leysa sem mest olíumagn af hólmi til húsahitunar og iðnaðarnota hérlendis, og hins vegar gera tveggja áratuga áætlun um hagkvæmustu virkjunarstefnu fyrir þjóðarbúið, bæði hvað snertir vatnsorku og jarðhita, hafandi allt í huga: iðnað, upphitun, landbúnað og samgöngur, líka hugsanlega olíuvinnslu á landgrunni Íslands.

Nd. 55. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Jónas Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og II. kafla þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og meðfylgjandi fylgiskjal ber með sér, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 2. maí s. l. gefið út úrskurð þess efnis, að lagaheimild skorti til þess að verja fé samkvæmt V. kafla þessara laga til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum í sveitum, eða til þeirra aðila, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar til. Um það má eflaust deila, hvort þessi úrskurður sé í samræmi við tilgang og anda laganna. En hitt er staðreynd, að nú liggur fyrir ráðuneytisúrskurður þess efnis, að það fari eftir búsetu, hvort menn fái aðstoð hins opinbera til þess að komast úr húsnæði, sem talið er að heilsu manna stafi hætta af. Það er því orðið tímabært að breyta þessum lögum á þann hátt, að ekki sé neitt vafamál, hvað löggjafinn ætlast til í þessu efni, enda fráleitt, að búseta eigi að hafa úrslitaáhrif á það, hvort hið opinbera styrki fólk í þessu augnamiði eða ekki. Það er efnahagur, fjölskyldustærð og önnur aðstaða, sem meta á í þessu sambandi, en ekki hvort fólk býr í þéttbýli eða sveit.

Það mun hafa verið árið 1955, sem lögfest var í fyrsta skipti, að ríkið legði fram sérstakt fjármagn til að stuðla að útrýmingu á heilsuspillandi íbúðum.

Fyrstu árin mun fjárveiting til þessa verkefnis hafa verið 3—4 milljónir, en hin síðari 18 milljónir á ári.

Á þessum átján árum hafa ein eða tvær formlegar umsóknir borist frá hreppsnefndum sveitahreppa til að útrýma heilsuspillandi húsnæði, og fyrsta óformlega fyrirspurnin mun hafa verið fram borin fyrir tæpum þremur árum.

Það er því ekki fyrr en nú, eftir að formleg umsókn hefur verið send og ráðuneytisúrskurður liggur fyrir, að tímabært er að leggja fram frumvarp um breytingu á þessum kafla laganna. Áður stóðu menn í þeirri trú, að túlkun laganna mundi tæpast verða sú, sem nú liggur fyrir, að það færi eftir búsetu, hvort opinber fjárstuðningur komi til, þegar fólk er talið búa í húsnæði, sem heilsu þess er hætta búin af, og efnahagur hindrar, að það komist í annað húsnæði af eigin rammleik.

Einu sinni var sagt: „Það er óþarfi að lýsa upp fátæktina," og var þá átt við þá, sem í sveitum búa. Sá hugsunarháttur, sem speglast í þessari setningu, á sér vonandi fáa formælendur nú.

En hafi verið af ásettu ráði notað það orðalag í 29. grein laganna, sem knýr lagaskýrendur til að kveða upp þann úrskurð, sem nú liggur fyrir, þá hljóta að vakna upp grunsemdir, að a. m. k. til skamms tíma hafi þessi hugsunarháttur átt sér næga formælendur, meira að segja á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Með flutningi þessa frumvarps reynir á um viðhorf alþingismanna nú, hvort eigi að þessu leyti enn að mismuna fólki eftir búsetu.

Fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið,
Reykjavík, 2. maí 1973.

Með bréfi, dags. 16. þ. m., hefur stofnunin leitað umsagnar ráðuneytisins um það, hvort unnt sé að veita C-lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða í sveitum, skv. V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um, að fé, sem varið hefur verið til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, hafi nokkurn tíma verið veitt til íbúðabygginga í sveitum. Í raun og veru sýnist það heldur ekki samrýmnalegt sumum ákvæðum laganna. Í 29. gr. laganna segir t. d., að íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skuli geta notið lána samkvæmt II. kafla laganna. Í upphafi þess kafla segir hins vegar, að hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skuli vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga, annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, sbr. 4. gr. laganna.

Samkvæmt þessu virðist skorta lagaheimild til þess að verja fé skv. V. kafla laga nr. 30 1970 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða í sveitum.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Til Húsnæðismálastofnunar ríkisins,
Laugavegi 77,
Reykjavík.

Nd. **56. Frumvarp til laga** [53. mál]

um Laxárvirkjun.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Laxárvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna. Ríkið og Akureyrarkaupstaður eiga sinn þriðja hlutann hvor, en Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjasýsla og Eyjafjarðarsýsla hver sinn níunda hluta. Eignir og virkjunarskuldir Laxárvirkjunar, eins og þær eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu skiptast samkvæmt nefndum eignarhlutföllum án greiðslna milli eignaraðila, en skyldi ríkið Laxárvirkjun til gerðar fiskvegar upp Laxárgljúfur og/eða skaðabóta til Landeigendafélags Laxár- og Mývatnsbænda án dómsúrskurðar, skal það bera eitt kostnað af slíku.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra, svo sem Laxárvirkjun III gerir ráð fyrir, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisaflstöð þar og aukningar mannvirkja þessara. Einnig gufuaflsstöðin í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Þyki tímabært, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun víðar en nú er, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja slíkar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þeim landshlutum, sem lagt er til. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

3. gr.

Eignaraðilar Laxárvirkjunar, sbr. 1. gr., eru hver um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum hennar.

4. gr.

Laxárvirkjun er heimilt að fullljúka Laxárvirkjun III, svo sem hún hefur verið hönnuð, og fylgir þeirri heimild sú skylda, að Laxárvirkjun veiti ábúendum nú byggðra jarða í Laxárdal endurgjaldslaust rafmagn til venjulegra heimilisnota (ljósa, suðu, hita).

Enn fremur er Laxárvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Ekki skal stefnt að frekari virkjun í Laxá en Laxárvirkjun III, nema síðar náist um annað samkomulag héraðsbúa og stjórnvalda.

5. gr.

Framkvæmdir við orkuver og aðalorkuveitur eru bundnar leyfi orkumálaráðherra hverju sinni.

Áður en ný mannvirki eru hafin, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Laxárvirkjun senda orkumálaráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna. Laxárvirkjun skal hafa samráð við náttúruverndarráð Þingeyjarsýslu og Náttúruverndarráð Íslands um landsnyrtingu umhverfis mannvirki sín í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa.

6. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar skal skipuð 7 mönnum. Skal ríkið skipa 2 menn, Akureyrarkaupstaður 2 og Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjarsýsla og Eyjafjarðarsýsla 1 mann hver. Stjórnin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár, og fer kjör fram eftir hverjar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki tvo endurskoðendur af sinni hálfu til að endurskoða reikningana.

7. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvers um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgð eru minni en sem svarar 5 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili.

8. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar ákveður, í samráði við yfirstjórn efnahags- og verðlagsmála, heildsöluverð Laxárvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess, að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

9. gr.

Við virkjun Laxárvirkjunar í Laxá við Brúar, sbr. 4. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva Laxárvirkjunar á Akureyri. Sama gildir, ef um stækkun gufuaflsstöðvarinnar verður að ræða.

Flytji Laxárvirkjun inn vinnuvélar vegna virkjunarframkvæmda sinna, skal hún njóta sömu kjara um aðflutningsgjöld og Landsvirkjun nýtur hverju sinni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki nauðsynleg lán til lúkningar Laxárvirkjun III og endurláni Laxárvirkjun til raforkuframkvæmdanna með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til að tryggja hag ríkissjóðs. Ef hentara þykir, er ríkisstjórninni heimilt að

ákveða, að Laxárvirkjun sé lántakandi og að ríkissjóður taki á sig sjálfskuldarábyrgð á lánum hennar allt að sömu upphæð.

11. gr.

Laxárvirkjun lýtur sömu reglum og Landsvirkjun hvað snertir tekjuskatt, stimpilgjöld, útsvar, aðstöðugjald og önnur gjöld til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

12. gr.

Orkumálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Laxárvirkjunar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 2. maí 1965, um Laxárvirkjun.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Því fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Svo sem margoft hefur komið fram, ríkir nú algert neyðarástand í orkumálum á orkuveitusvæði Laxár, sem og raunar Norðurlandi öllu. Fljótlegasta og langódýrasta úrlausnin um næstu ár er að fullgera Laxárvirkjun III, sem svo er kölluð, en þar er umdeilt mannvirki, 23 m stífla í Laxárgljúfrum við Brúar, og hefur svonefnt Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda, og alveg sérstaklega formaður þess, sett sig mjög á móti stíflugerð þessari. Hefur ríkisvaldið nú eytt nær 4 árum í það að ná samkomulagi við stjórn þessa félags um virkjunarmálin, og er nú sýnt, að það er með öllu vonlaust, að hagfelld lausn fáist, en á meðan hefur orkuskortur hraðaukist á Laxárvirkjunarsvæðinu.

Enda þótt samkomulagsvilji ríkisins sé allra góðra gjalda verður, er það mjög umdeilt, að Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda sé gildur aðili að virkjunarmáli þessu, **því að ríkið og Laxárvirkjun eiga allt það land og hefur á sinni hendi virkjunarrétt Laxár, þar sem virkjunin á að gerast,** en vatnalög kveða þannig á um þetta atriði í 49. og 50. gr.:

Úr 49. gr. vatnalaga:

„**Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku,** enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla (vatnsnotkun til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar í áveitur), né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi. —“

Og úr 50. gr.:

„**Rétt er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkv. 49. gr.,** enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, **en öllu skal því veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir,** nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu.“

Umráðaréttur ríkisins og Laxárvirkjunar á Laxá fyrir landi sínu er þannig óumdeilanlegur samkvæmt vatnalögum, leyfi til að reisa stíflu og veita ánni úr farvegi

sínum, enda sé henni veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir, **og er hvergi gegn þessu brotið.** Samt hefur forráðamönnum Landeigendafélagsins verið látið haldast uppi að tefja brýnar framkvæmdir í virkjunarmálum Norðlendinga, öllum til stórtjóns, og er nú þolinmæði almennings alveg á þrotum gagnvart **þessu ófremdarástandi.** Við þetta bætist, að nú hafa þessir virkjunarhindrendur heimtað stórfelldar skaðabætur í eigin vasa og málþófskostnað, auk fiskvegar frá Neðri-Laxá upp í Efri-Laxá, **þangað sem lax hefur aldrei gengið.** Virðist almenningi ofríkið orðið nokkuð valdamikið í landinu, ef færa á því á silfurdiski bætur fyrir ósannaðan skaða, málþófskostnað fyrir að hindra löglegar virkjunarframkvæmdir í almannaþágu og loks búa því ókeypis fiskveg milli ólíkra lífkerfa árinnar. Er nú svo komið, að fjölmörgum kjördæmisbúum á Norðurlandi eystra finnst sjálfsagt, að höggvið sé á þennan vandræðahnút með lagasetningu, þar sem Laxárvirkjun III sé leyfð, og látið á það reyna, hvort nokkurt tjón hlýst af, sem bótavert þyki að dómi óvilhallra matsmanna.

Svo sem kunnugt er, hafa tvær virkjanir verið reistar í Laxá við Brúar: Laxárvirkjun I 4000 kw, og Laxárvirkjun II 8000 kw. Nær lokið er og 1. áfanga Laxárvirkjunar III, og á hann að gefa 6500 kw orku. Eftir er þá að reisa hina umdeildu 23 m stíflu og vélbúa virkjunina til að nota það aukna fall og vatnsjafnvægi, sem stíflan veitir, en þá mun Laxárvirkjun III framleiða alls um 19000 kw, og sjá þá væntanlega allir, hvílík fásinna er að hætta Laxárvirkjun III að loknum aðeins 1. áfanga, þeim raunverulega dýrasta, en nota ekki þá fljótgerðustu og ódýrustu lausn á bráðum orkuskorti að ljúka 2. og 3. áfanga.

Auk hinna 12000 kw þegar virkjaðra í Laxá og 6500 kw nær virkjaðra á Laxárvirkjun 3000 kw gufuaflsstöð í Bjarnarflagi í Mývatnssveit og 7500 kw díselrafstöð á Akureyri. Þessa olíurafstöð hefur orðið að keyra nær linnulaust að fullu, svo dýr raforkuframleiðsla sem það er. En þeri nokkuð út af með rennsli í Laxá, en misrennsli í henni ók við það, að stíflumannvirki voru sprengd fyrir nokkru við Mývatnsósa, svo sem frægt varð, þá verður orkuskortur á virkjunarsvæðinu, og varð svo t. d. dögum saman í vetur (1972—73) til stórtjóns atvinnulífi og mikilla óþæginda í heimilishaldi almennings.

Nú hefur Norðlendingum verið lofað rafmagni frá Sigölduvirkjun, sem enn er óhafin og ekki vitað, hvenær verður byrjað á. Einnig stendur yfir byrjunarathugun á línustæði norður frá hinni fyrirhuguðu Sigölduvirkjun, en alls óvíst, hvenær henni þyki fullokið. Þá setur það geig í margan Norðlendinginn, að stórbilanir urðu í vetur á háspennulínu frá Búrfellsvirkjun til Reykjavíkur, svo að orkuþurrð varð af. Hvernig verða Norðlendingar settir með raforku sína, leidda um langan veg sunnan yfir fjöll, ef sú lína bilar á reginsöndum í stórviðri? spyrja margir með kvíða. Hvar verða þeir staddir með iðnað sinn, hvar með framtíðarhorfur um aukna iðnaðarframleiðslu, hvar með öryggi um rafmagn til húsahitunar, búrekstrar og venjulegra heimilisnota? Verða þeir neyddir til að búa öll sjúkrahús sín og viststofnanir sér díselrafstöðvum, svo að lífshættu af skyndilegri bilun á raflínum verði bægt frá? Hvað á hin hundrað milljón króna dýra raflína, sem á s. l. hausti var lögð frá Akureyri til Skagafjarðar, að standa lengi ótengd og öllum gagnslaus vegna þess, að orka fyrirfinnst engin til að flytja?

Því verður ekki trúað að óreyndu, að löggjafarvald þjóðarinnar telji sér þetta mál óviðkomandi, nú þegar það er komið í algera sjálfheldu. Væri ugglaust skynsamlegt, að þingmannanefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, brygði sér hið hvatasta á Laxárvettvang og kynnti sér málið af eigin raun og gæfi Alþingi skýrslu. En viðbragðsfljót þarf sú nefnd að vera. Málið þolir enga bið.

Að lokum fylgir hér útdráttur úr bókun rafveitustjórnar Akureyrar til bæjarstjórnar Akureyrar, gerðri á fundi í febr. s. l. Sýnir bókunin vel hinn mikla vanda, sem orkuskorturinn býr íbúum á Laxárvirkjunarsvæðinu:

„Rætt var um beiðni frá byggingarverktökum um rafhitun í fjölbýlishúsum á Lundstúni.

Eftir miklar umræður um málið og hitunarmál almennt var samþykkt að gera eftirfarandi bókun:

Fyrirspurnir hafa borist um, hvort rafmagn verði fáanlegt til húshitunar í fjölbýlishúsum í hinu nýja hverfi á Lundstúni.

Sé tekið mið af þróun undanfarinna ára, má búast við, að mikill meiri hluti húsbyggjenda á þessu svæði muni óska eftir rafmagni til húshitunar. Í þessu hverfi er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum og raðhúsum auk skóla, félagsheimila og verksmiðju Sjálfsbjargar. Reiknað er með, að fjöldi íbúða geti orðið 720—740 og íbúafjöldi allt að 3000 manns. Verði hverfið að langmestu leyti rafhitað eins og Gerðahverfi II, má gera ráð fyrir, að aflþörf vegna þess verði 3000—4000 kw og orkunotkun 10—13 milljónir kwst. á ári. Til samanburðar má geta þess, að heildarafl hins nýja áfanga Laxárvirkjunar er 6500—7000 kw og árleg orkuframleiðsla um 50 milljón kwst. Þá skal þess getið, að ófullnægð orkuþörf Iðunnar og annarra verksmiðja S.Í.S. mun innan tíðar verða allt að 2—3 mw og um 3—4 milljónir kwst. á ári, og áætlað er, að orkuframleiðsla varastöðvarinnar á Oddeyri á þessu ári verði um 7 milljón kwst., miðað við, að nýja virkjunin hefji framleiðslu fyrir næsta vetur.

Vegna hinnar miklu óvissu, sem nú ríkir í rafmagnsmálum Norðlendinga, hvað snertir raforkuöflun, rekstraröryggi og jafnvel orkuverð, ef um raforkukaup frá Landsvirkjun verður að ræða, getur rafveitustjórn nú ekki leyft raforkusölu til húshitunar í þessu hverfi, enda gæti sú sala leitt til verulegra erfiðleika á orkusvæðinu, a. m. k. um tíma.

Vegna þess, að hér er um verulegt hagsmunamál að ræða, að aukin húshitun með rafmagni er yfirlýst stefna stjórnvalda landsins og að hér er e. t. v. um að ræða stærstu einingu íbúðabygginga, sem til greina kemur að hituð verði með rafmagni á næstu árum hér á landi, vill rafveitustjórn vekja athygli bæjarstjórnar á þessu máli. Kemur þá til álita, hvort bæjarstjórn Akureyrar geti beitt áhrifum sínum til þess, að lausn fáist á því óvissuástandi, sem nú ríkir í þessum málum og verður að teljast með öllu óviðunandi."

Við þessa greinargerð frá fyrra flutningi þarf raunar litlu sem engu að bæta. 1. áfangi Laxárvirkjunar III er að vísu nú kominn í gagnið, og Sigölduvirkjun er að hefjast. En allt er jafnóvíst enn um úrbætur á orkuskortinum á Laxárvirkjunarsvæðinu og raunar Norðurlandi öllu.

Annan daginn er sagt, að línuleið frá Sigölduvirkjun til Norðurlands eigi að vera sunnan um Sprengisand, ef athuganir í Nýjabæ og Sandbúðum styrkja það, hinn daginn er staðhæft, að hvað sem þeim athugunum líði, þá verði umrædd lína lögð um byggðir, þ. e. vestur Suðurland til Borgarfjarðar, norður Borgarfjörð og yfir Holtavörðuheiði, loks austur Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur til Eyjafjarðar. En hvenær þetta skuli gert, hvað þetta kosti og hve miklum mun dýrara þetta verði en að virkja fyrst ódýrustu virkjanir heima fyrir norðanlands, um það heyrist ekki orð. Laxárvirkjunarstjórn er engu svarað beiðni hennar um leyfi til aukinna gufuvirkjana, Orkustofnun er neitað um fjárveitingu til tilraunaborana við Kröflu, 100 milljón króna raflínan milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar gapir opin í báða enda, orkulaus, og 200—300 millj. kr. almannafé er jarðað óvirkt í Laxárgljúfrum, meðan Laxárvirkjun III fæst ekki fullgerð. Fáum mun skiljast, að þetta sé raunhæf byggðastefna.

Meginþorri kjördæmisbúa Norðurlands eystra finnst löngu kominn tími til að taka mál þetta skynsemistökum. Punkturinn aftan við alla vitleysuna og mistökin: sala kirkjujarðarinnar Birningsstaða í Laxárdal til 73 ára ókvænts og barnlauss ábúanda til að gera að óðalsjörð sinni, ætti að vera nógu stór og eftirtektarverður, til að Alþingi hrökkvi upp af svefni til viturlegra vinnubragða.

Nokkrar skýringar við frumvarpsgreinarnar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að Laxárvirkjun verði sameign ríkis, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna, þannig að notendasvæðið allt verði eignaraðili að virkjuninni, en ekki ríkið og Akureyrarkaupstaður ein. Eignahlutföll eru skilgreind, en ekki gert ráð fyrir neinum milligreiðslum vegna eignayfirfærslna, enda mun fyrirtækið hafa fjármagnað sig af raforkusölu til neytenda sinna frá upphafi, ríkið t. d. aldrei greitt neitt fyrir sinn eignarhluta úr hendi Akureyrarkaupstaðar nema með fyrirgreiðslu til virkjunarinnar um lán, sem neytendurnir hafa svo staðið undir. Eðlilegra og sanngjarnara er talið, að notendasvæðið allt verði hér eignaraðili að, svo sem málum er nú komið, og að það mundi vinsælla eignarfyrirkomulag í héraði en hitt, sem nú gildir. Telji ríkisvaldið rétt, að mæta Landeigendafélagi í einhverju, er hér talið eðlilegt, að það sé mál þess og þeirra.

Um 2. gr.

Hér er um enga efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Engin efnisbreyting.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að Laxárvirkjun III verði heimiluð, þ. e. auk jarðganga þeirra, er þegar hafa verið gerð, stöðvarbyggingar og vélbúnaðar að 1. áfanga, verði 2. og 3. áfangi Laxárvirkjunar III lögleyfðir, þ. e. 23 m stíflugerð í Laxárgljúfrum með tilheyrandi vatnsborðshækkun, sem þó hvergi setur nytjaland í kaf og spillir engri bújörð, ásamt vélbúnaði til að beisla þá orku, er þannig fæst, um 19000 kw alls, með 6500 kw 1. áfanga. Hér er um langódýrustu og fljótgerðustu lausn að ræða á bráðasta orkuskorti á Norðurlandi. Ekki þykir ósanngjarnt til að stuðla að góðum nágrannaanda, að ábúendur jarða í Laxárdal fái endurgjaldslaust rafmagn til venjulegra heimilisnota (ljósa, suðu og hita) og þeir fái á þennan hátt bætt hugsanlegt tjón á silungsveiði vegna vatnsborðshækkunar í ánni af virkjuninni. Rétt þykir að binda þetta við ábúendur, svo að þessi hlunnindi stuðli ekki að óeðlilegri verðhækkun jarða í Laxárdal, heldur styrki fyrst og fremst búsetu á jörðunum.

Um 5. gr.

Rétt þykir, til að eyða tortryggni um annað, að taka fram, að ekki skuli stefnt að frekari virkjun í Laxá, nema um slíkt náist samkomulag við héraðsbúa síðar. Einnig þykir rétt, að lögskilið sé, að landsnyrting umhverfis mannvirki Laxárvirkjunar í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa fari fram í samráði við náttúruverndarráð.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að stjórnarmenn verði 7 í stað 5 nú, og er sú breyting gerð vegna breyttrar eignaraðildar.

Um 7. gr.

Engin breyting, nema hækkað er það mark skuldbindinga, sem Laxárvirkjunarstjórn má leyfa sér að binda eigendur um án heimildar hvers og eins. Er hækkunin vart eða ekki meiri en rýrnun krónunnar hefur orðið, síðan núgildandi ákvæði voru sett.

Um 8. gr.

Engin efnisbreyting.

Um. 9.—14. gr.

Þurfa ekki nánari skýringa við, nema þar er kveðið svo á, að fríðindi og kvaðir Laxárvirkjunar skuli vera hinar sömu og Landsvirkjunar, eftir því sem við getur átt.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign, og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar eignar.
2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum almannaeign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á, fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.
3. Stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda samkvæmt arðskrá.
4. Allur jarðvarmi undir 100 m dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.
5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast eign ríkisins og háð valdi þess.
6. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.
7. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign hefur verið flutt af þingmönnum Alþýðuflokksins þrjú undanfarin þing á Alþingi, en ekki náð afgreiðslu. Tillagan hefur hins vegar vakið mikla athygli og umtal meðal almennings um allt land.

Við búum í þjóðfélagi, sem á undanförnum áratugum hefur tekið stórfelldum breytingum og er á miklu breytingaskeiði enn, þar sem sífellt eru að koma upp ný og ný vandamál, sem gömul skipan á ekkert rúm fyrir, en hefur kallað á brask og jafnvel valdníðslu. Svo er t. d. um einkaeign á lóðum og lendum, virkjunaraðstöðu í fallvötnum, ýmis önnur vatnsréttindi o. fl., o. fl.

Flutn.menn líta svo á, að það stríði gegn hagsmunum almennings og réttarkennd alls þorra landsmanna, að land- og lóðaeigendur geti án minnstu hlutdeildar þeirra sjálfra stórhagnast á aðgerðum hins opinbera, svo sem skipulagningu þéttbýlis á landareign þeirra, gatnagerð, vatnstöku, flugvallargerð, vegalagningu o. fl. í þágu almennings. Sama gildir um virkjun fallvatna, að fráleitt er, að landeiganda eða landeigendum, sem engin tök hafa á að nýta vatnsorku af eigin rammleik, skuli geta haldist uppi að varna íbúum heilla byggðarlaga, jafnvel landshluta, notkun fallvatna til orkuframleiðslu.

Enn er að geta þess háska fyrir landbúnaðinn, sem leynist í kapphlaupinu um veiðiárnar og jarðir, sem veiðiréttindi lúta undir. Er svo komið í sumum byggðar-

lögum, t. d. á sunnanverðu Snæfellsnesi, að fjáraflamenn hafa keypt upp lönd með heilum veiðiám, hirða sumir lítt eða ekki um búsetu jarðanna né nýtingu og valda þannig uppflosnun í áður blómlegri byggð. Ekkert virðist heldur því til hindrunar, að erlendir auðkýfingar geti með íslenskan staðgengil að yfirvarpi keypt upp jarðir meðfram veiðiám, og munu þeir þá lítt hirða um, hvort búið verður vel eða illa á eftir í þeim sveitum.

Enn annars staðar stunda veiðibændur okurútleigu á veiðidögum í ám, svo að þorra landsmanna gerist það fristundagaman ofviða að skreppa í lax eða silung, en erlendir auðmenn sitja að þeim gæðum.

Þá ber að hafa í huga, að ætla má, að fiskeldi í ám og vötnum geti innan tíðar orðið blómleg atvinnugrein í landinu, og þá mikilsvert að hafa í tíma komið í veg fyrir ýmiss konar hagsmunaárekstra, sem einkaeign á ám og vötnum kallar á, en almannaeign eða ríkisyfirráð útiloka.

Nágrannar okkar á Norðurlöndum, Norðmenn og Svíar, sömuleiðis Skotar, Englendingar og Írar, sem og Bandaríkja- og Kanadamenn, hafa ekki talið sér henta að hafa eignarráð fallvatna svo lausbeisluð sem hér er, en tekið þau ýmist í ríkiseign eða ríkisumsjá til að hindra brask einkaaðila með eftirsótt not þeirra, en greiða arð til landeigenda, ef eru, eftir arðskrá.

Á síðustu árum hafa augu fjölmargra opnast fyrir því, að mannkynið hefur þegar spillt umhverfi sínu stórlega á margan hátt og mengað loft og vatn, svo að jörðin kunni að verða óbyggileg eftir nokkrar kynslóðir, verði ekki að gert hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þessum efnum erum við Íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim gæðum ekki, jafnframt því sem við nýtum auðlindir okkar sem best. Samfara auknum skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið óðfluga fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og af byggilegu landi, eigi að vera almenningseign. Brask með þessi auðæfi í einkaeign er alþekkt fyrirbrigði víða um heim, þar sem hagsmunir fárra fleyta rjómann af hagsmunum margra. Þetta hefur gerst hér þegar í of miklum mæli, en mun hraðvaxa um næstu framtíð, verði ekki fljótt að gert. Það er eitt stærsta verkefnið í íslenskri löggjöf nú að færa þessi mál til réttrar stefnu, þeirrar, að hagsmunir fjöldans gangi fyrir hagsmunum fárra.

Ed. 58. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 30. okt. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal,
Oddur Ólafsson,	Ásgeir Bjarnason,	Bjarni Guðbjörnsson.

Nd. 59. Frumvarp til laga [55. mál]

um niðurfærslu verðlags o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Heildsöluverð og smásöluverð á öllum vörum og á þjónustu (sbr. 6. gr.) skal við gildistöku laga þessara lækka um 2%. Þó skulu innfluttar vörur, sem eru þá í birgðum hjá innflytjanda og eru ógreiddar, þegar í stað lækka til samræmis við hið nýja gengi krónunnar. Skal innflytjandi senda verðlagsskrifstofunni nýja verðútreikninga yfir þessar vörur. Jafnframt skal verð þjónustu, sem reiknuð er í erlendum gjaldeyri, svo sem farmgjöld og fargjöld milli landa, lækka í íslenskum krónum til samræmis við gengishækkunina.

Lækkun sú á verði vöru og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum lögum, skal koma til framkvæmda eigi síðar en 7. maí 1973.

Ákvæði laga þessara taka ekki til vöru, sem seld er úr landi.

2. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 1. gr. taka til allra vörubirgða fyrirtækja í vörudreifingu, iðnaði og hvers konar annarri atvinnustarfsemi, á þeim tíma, er lög þessi taka gildi.

3. gr.

Iðnaðarvara framleidd eftir gildistöku þessara laga skal seld á því verði, sem hefði verið ákveðið á henni í samræmi við ákvæði 1. gr., ef hún hefði verið í birgðum á gildistökutíma laganna, nema verðlagsnefnd heimili verðhækkun.

Verð á þjónustu, sem lækkuð hefur verið, í samræmi við ákvæði 1. gr. laganna, má ekki hækka, nema hverju sinni liggi fyrir samþykki verðlagsnefndar eða annars hlutaðeigandi yfirvalds.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til verðlagningar á vöru, sem fyrirtæki fær til endursölu eftir gildistöku þessara laga, enda hafi þegar átt sér stað 2% lækkun á söluverði hennar eða komin sé fram verðlækkun á henni vegna gengishækkunar.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal þegar eftir gildistöku þessara laga reikna og auglýsa 2% lækkun á útsöluverði allrar búvöru, sem gildir þar til auglýst er nýtt útsöluverð samkvæmt þar um gildandi reglum.

5. gr.

Verðlagsnefnd eða annað yfirvald, sem fer með verðlagsmál, getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr., svo sem þegar veruleg, óhjákvæmileg verðhækkun hefur ekki enn komið fram í útsöluverði, eða þegar vinnulaun eru yfirgnæfandi hluti af útsöluverði þjónustu.

Við niðurfærslu þá á verði vöru og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum lögum, má láta verð standa á heilum krónum eða tugum aura eftir reglum, sem verðlagsnefnd setur.

6. gr.

Ákvæði 1. gr. taka til allrar þjónustu, sem er söluskattskyld, og auk þess til afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, og rafmagns- og hitaveitugjalda.

7. gr.

Ríkisstjórnin sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma við framkvæmd á ákvæðum 1.—6. gr. í þessum lögum, og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir.

8. gr.

Verðlagsnefnd og aðrir opinberir aðilar, sem fara með ákvörðunarvald í verðlagsmálum, sjá um framkvæmd þessara laga, og skulu þeir beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja það, að verðlækkunaráhrif gengishækkunar þeirrar, sem ákveðin hefur verið, komi fram að fullu og sem fyrst.

9. gr.

Við ákvörðun á kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973 skal miða við 2% lægra verð á vöru og þjónustu en tekið var á skýrslu í maíbyrjun 1973 til útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar í þeim mánuði. Þetta tekur þó ekki til vöru og þjónustu, sem vegna undanþáguákvæða 5. gr. heldur óbreyttu verði. Undanþágur veittar samkvæmt téðri lagagrein skulu tilkynntar kauplagsnefnd fyrir 15. maí 1973.

Nú leiðir nýákveðin gengishækkun af sér verðlækkun umfram 2% á vöru, sem er með fastskráðu verði, og skal þá tekið tillit til þeirrar verðlækkunar við ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973, enda sé hún staðfest af verðlagsstjóra og tilkynnt kauplagsnefnd fyrir 15. maí 1973. Sama gildir, ef verðlagsstjóri staðfestir fyrir lok þess tímafrests, að verð vöru hafi almennt lækkað meira en 2% vegna gengishækkunarinnar.

10. gr.

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. júní 1973, og skal þá við útreikning kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973 miða við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, sem slík aukin niðurgreiðsla veldur frá 1. júní 1973 frá því, sem ella hefði orðið.

Ákvæði fyrri málsgreinar skulu ekki hafa áhrif á útreikning kaupgreiðsluvísitölu 1. september 1973, að því er varðar ákvæði kjarasamninga um ákvörðun svonefnds „búvörufrádráttar".

11. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um niðurfærslu verðlags o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að tryggja strax lækkun á verðlagi vöru og þjónustu með hliðsjón af þeirri hækkun á gengi íslenskrar krónu, sem tók gildi 30. apríl 1973, til þess að draga úr víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Heildsöluverð og smásöluverð á öllum vörum og á þjónustu (sbr. 6. gr.) skal við gildistöku laga þessara lækka um 2%. Þó skulu innfluttar vörur, sem eru þá í birgð-

um hjá innflytjanda og eru ógreiddar, þegar í stað lækka til samræmis við hið nýja gengi krónunnar. Skal innflytjandi senda verðlagsskrifstofunni nýja verðútreikninga yfir þessar vörur. Jafnframt skal verð þjónustu, sem reiknuð er í erlendum gjaldeyri, svo sem farmgjöld og fargjöld milli landa, lækka í íslenskum krónum til samræmis við gengishækkunina.

Lækkun sú á verði vöru og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum lögum, skal koma til framkvæmda eigi síðar en 7. maí 1973.

Ákvæði laga þessara taka ekki til vöru, sem seld er úr landi.

2. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 1. gr. taka til allra vörubirgða fyrirtækja í vörudreifingu, iðnaði og hvers konar annarri atvinnustarfsemi, á þeim tíma, er lög þessi taka gildi.

3. gr.

Iðnaðarvara framleidd eftir gildistöku þessara laga skal seld á því verði, sem hefði verið ákveðið á henni í samræmi við ákvæði 1. gr., ef hún hefði verið í birgðum á gildistökutíma laganna, nema verðlagsnefnd heimili verðhækkun.

Verð á þjónustu, sem lækkuð hefur verið, í samræmi við ákvæði 1. gr. laganna, má ekki hækka, nema hverju sinni liggi fyrir samþykki verðlagsnefndar eða annars hlutaðeigandi yfirvalds.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til verðlagningar á vöru, sem fyrirtæki fær til endursölu eftir gildistöku þessara laga, enda hafi þegar átt sér stað 2% lækkun á söluverði hennar eða komin sé fram verðlækkun á henni vegna gengishækkunar.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal þegar eftir gildistöku þessara laga reikna og auglýsa 2% lækkun á útsöluverði allrar búvöru, sem gildir þar til auglýst er nýtt útsöluverð samkvæmt þar um gildandi reglum.

5. gr.

Verðlagsnefnd eða annað yfirvald, sem fer með verðlagsmál, getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr., svo sem þegar veruleg, óhjákvæmileg verðhækkun hefur ekki enn komið fram í útsöluverði, eða þegar vinnulaun eru yfirgnæfandi hluti af útsöluverði þjónustu.

Við niðurfærslu þá á verði vöru og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum lögum, má láta verð standa á heilum krónum eða tugum aura eftir reglum, sem verðlagsnefnd setur.

6. gr.

Ákvæði 1. gr. taka til allrar þjónustu, sem er söluskattskyld, og auk þess til afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, og rafmagns- og hitaveitugjalda.

7. gr.

Ríkisstjórnin sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma við framkvæmd á ákvæðum 1.—6. gr. í þessum lögum, og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir.

8. gr.

Verðlagsnefnd og aðrir opinberir aðilar, sem fara með ákvörðunarvald í verðlagsmálum, sjá um framkvæmd þessara laga, og skulu þeir beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja það, að verðlækkunaráhrif gengishækkunar þeirrar, sem ákveðin hefur verið, komi fram að fullu og sem fyrst.

9. gr.

Við ákvörðun á kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973 skal miða við 2% lægra verð á vöru og þjónustu en tekið var á skýrslu í maíbyrjun 1973 til

útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar í þeim mánuði. Þetta tekur þó ekki til vöru og þjónustu, sem vegna undanþáguákvæða 5. gr. heldur óbreyttu verði. Undanþágur veittar samkvæmt téðri lagagrein skulu tilkynntar kauplagsnefnd fyrir 15. maí 1973.

Nú leiðir nýákveðin gengishækkun af sér verðlækkun umfram 2% á vöru, sem er með fastskráðu verði, og skal þá tekið tillit til þeirrar verðlækkunar við ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973, enda sé hún staðfest af verðlagsstjóra og tilkynnt kauplagsnefnd fyrir 15. maí 1973. Sama gildir, ef verðlagsstjóri staðfestir fyrir lok þess tímafrests, að verð vöru hafi almennt lækkað meira en 2% vegna gengishækkunarinnar.

10. gr.

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. júní 1973, og skal þá við útreikning kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973 miða við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, sem slík aukin niðurgreiðsla veldur frá 1. júní 1973 frá því, sem ella hefði orðið.

Ákvæði fyrri málsgreinar skulu ekki hafa áhrif á útreikning kaupgreiðsluvísitölu 1. september 1973, að því er varðar ákvæði kjarasamninga um ákvörðun svonefnds „búvörufrádráttar".

11. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Ed. 60. Frumvarp til laga [56. mál]

um heimild til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 97 20. desember 1972 er Seðlabankanum heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að skrá daglegt kaup- og sölugengi krónunnar fyrir ofan þau mörk, sem sett eru í fyrrgreindum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að gengi margra helstu viðskiptalanda Íslendinga, sem hafa fljótandi gengi gagnvart Bandaríkjadollar, hafi færst verulega upp fyrir mörk þau, sem sett eru af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þau mörk, svo og gildandi frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi hér á landi, eru nú 2¼%. Ber brýna nauðsyn til að fá nú þegar rýmri heimildir til hækkunar á daglegri skráningu kaup- og sölugengis til þess að mæta hinum breyttu aðstæðum og koma í veg fyrir raunverulega lækkun á gengi íslensku krónunnar.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 97 20. desember 1972 er Seðlabankanum heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að skrá daglegt kaup- og sölugengi krónunnar fyrir ofan þau mörk, sem sett eru í fyrrgreindum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1973.

Gjört að Bessastöðum, 14. júní 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Sþ. **61. Fyrirspurn** [57. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskileit úti fyrir Austfjörðum.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun um fiskileit úti fyrir Austfjörðum, sem Lúðvík Jósepsson bar fram og samþykkt var á Alþingi 5. mars 1971?

Sþ. **62. Tillaga til þingsályktunar** [58. mál]

um byggingu sögualdarbæjar.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Steinþór Gestsson, Björn Fr. Björnsson, Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að tekin verði í fjárlög fyrir árið 1974 fjárhæð til greiðslu á ⅓ hluta af heildarframlagi ríkissjóðs vegna kostnaðar við byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess, að forsætisráðuneytið gaf út tilkynningu á s. l. sumri um, að það væri horfið frá fyrirhuguðum hugmyndum um byggingu sögualdarbæjar. Þykir rétt og nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort meiri hluti Alþingis vill una úrskurði ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Líklegt er, að ríkisstjórnin sé hlynnt málinu, en hafi ekki treyst sér til að mæla með fjárveitingu, sem væri miðuð við það, að sögualdarbærinn yrði byggður á einu ári og heildarframlög ríkisins sett á fjárlög næsta árs. Flutningsmenn telja ekki nauðsynlegt, að fullnaðarfjárveiting komi á einu ári. Aðalatriði málsins verður að telja, að ákvörðun sé tekin um byggingu bæjarins og að byrjað verði á verkinu í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

Framlag ríkissjóðs til byggingarinnar mætti veita á þremur árum. Flutningsmenn vænta þess, að ríkisstjórnin muni vilja styðja málið með þeim hætti, sem gerir framkvæmdina miklu auðveldari. Kostnaðaráætlun um byggingu bæjarins hefur verið endurskoðuð af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, dags. 1. október s. l., og er hún hér með birt:

Sögualdarbær í Þjórsárdal

Kostnaðaráætlun

	Áætlun 1.8. 72 þús. kr.	Endursk. 1.10. 73 þús. kr.
1. Gröftur og fylling	400	500
2. Steinsteypa (burðarhús)	1 400	1 900
3. Hriplagnir	50	60
4. Vatnslögn frá Skeljastöðum + dæla	150	190
5. Raflögn frá Sámsstöðum	500	650
6. Raflagnir í húsum	100	120
7. Salernishús með búnaði, rotþró, loftræstihús	1 500	2 000
8. Torf- og grjóthleðsla	2 500	3 030
9. Tréverk	1 500	2 100
10. Loftræstikerfi[1])	1 500	1 950
11. Vegur, bílastæði, girðingar	400	500
	10 000	13 000
Hönnun, sérfræðingar	500	500
Ófyrirséð	1 500	1 500
	12 000	15 000

Séra Eiríkur Eiríksson þjóðgarðsvörður, formaður þjóðhátíðarnefndar Árnessýslu, skrifaði merka grein um sögualdarbæinn í blaðið Suðurland 15. september s. l. Þar segir m. a.:

„Þjóðhátíðarnefnd sú, sem kosin var af Alþingi árið 1966 til þess að standa fyrir landnámshátíð árið 1974, gerði snemma á starfsferli sínum ráð fyrir sérstökum hátíðum í héruðum landsins. En nefndinni var ljóst, að hátíðahöld ein nægðu ekki, þar þyrftu við að tengjast framkvæmdir.

Stjórnarskrá var sett með hátíðinni 1874. Konungshús risu og konungsvegur var gerður í tilefni af konungskomu 1907. Árin kringum 1930 einkenndust af margvíslegum framkvæmdum á Þingvöllum og víðs vegar um land.

[1]) Áætlað af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Landgræðsluhugsjóninni var veittur verulegur stuðningur árið 1944. Og nú verður hringvegurinn nýi tímamótaframkvæmd tengd árinu 1974. Þjóðhátíðarnefnd vinnur nú að ýmsum stórmálum, svo sem þjóðarbókhlöðu og Íslandssögu.

Af öðrum málum þjóðhátíðarnefndar 1974 er að nefna efni þessarar greinar, sögualdarbæinn.

Þjóðhátíðarnefnd 1974 leggur fyrir Alþingi 1966—1967 hugmyndir sínar um þjóðhátíð 1974. Forsætisráðherra, sem þá var Bjarni Benediktsson, gerir úr þessum tillögum þingsályktunartillögu, og eru þar sérstaklega tekin fram þrjú atriði. Eitt þeirra er sögualdarbærinn. Í framsöguræðu sinni á Alþingi 17. apríl 1967 lýsir Bjarni yfir sérstöku fylgi sínu við hugmyndina um sögualdarbæ og segir í því sambandi: „Það er mjög fróðlegt fyrir okkur alla t. d. að koma í Þjórsárdal og sjá þá byggð, sem þar hefur verið grafin upp, og það ætti að vera auðvelt, miðað við þær rústir, sem menn hafa þar, og aðrar upplýsingar, að gera sannsögulega eftirlíkingu, sem yrði til þess að færa alla þessa atburði okkur nær."

Fjárveitinganefnd sameinaðs þings tók málið til meðferðar, og tekur hún í áliti sínu sérstaklega fram, að hún sé fylgjandi tillögunni um byggingu á eftirlíkingu af sögualdarbæ. (Nefndarálit á þskj. 555).

Málið var svo afgreitt þannig í heild, að aðalákvarðanir þjóðhátíðarnefndar 1974 skuli bornar undir ríkisstjórnina, áður en framkvæmdir hefjast. (þál. samþ. á Alþingi 18. apríl 1967).

Af þessu má sjá, að Alþingi afgreiðir sögualdarbæjarmálið á mjög jákvæðan hátt, þótt það skuli framkvæmt í samráði við ríkisstjórnina. Væntanlega er Alþingi enn sama sinnis.

Hófst þjóðhátíðarnefnd þegar handa og fékk Hörð skólastjóra Ágústsson til þess að gera líkan af slíkum bæ, er byggt væri á rannsóknum hans á fornum húsakosti.

Fljótlega kom í ljós, að ekki voru menn á einu máli um, hvar bær þessi skyldi rísa, þótt fyrirtækið sjálft væri mörgum geðfellt.

Þjóðhátíðarnefnd var skýrt frá áhuga aðila austan fjalls, að bærinn yrði reistur í Þjórsárdal, á Skeljastöðum við Búrfellsvirkjun í nágrenni Stangar.

Hinn 5. febrúar 1971 var þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu skýrt frá málinu og leitað eftir, hvort hún teldi sér fært að gera aðgengilegt tilboð um að reisa bæinn og þá á Skeljastöðum.

Þjóðhátíðarnefnd kannaði nokkuð undirtektir hér heima fyrir og skrifaði þjóðhátíðarnefnd 1974 bréf, þar sem heitið var verulegum stuðningi við stofnun bæjarins og rekstur. Okkur var svarað, að ákvörðun um staðarval yrði ekki tekin að sinni og Alþingi yrði að taka ákvörðun um fjárframlag.

Ekki er hægt að rekja hér allan gang málsins. Forsætisráðherra fær það til athugunar. Er málinu vísað til aðgerða þjóðhátíðarnefndar Árnessýslu 14. mars 1972. Nefndin bregður skjótt við og boðar til fundar með þjóðhátíðarnefnd 1974 og nokkrum aðilum innan héraðs hinn 30. mars 1972. Þar var m. a. ákveðið að láta gera áætlun um kostnað. Var hún gerð af hinum færustu mönnum og mjög nákvæmlega og vandlega. Bauðst þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu til þess að sjá um 6 millj. kr. til byggingarinnar og rekstur að verulegu leyti.

Einhverjum mun hafa vaxið í augum kostnaður við þetta mannvirki. En hér var allt tekið með: vegagerð til bæjarins, fullkomin hreinlætisaðstaða og allur frágangur umhverfis.

Þess skal og getið hér, að tilboð mun hafa borist um mjög mikilvægan stuðning við þetta fyrirtæki erlendis frá og tæknilega aðstoð. Er hér átt við Norðmenn, sem rennur hér blóðið til skyldunnar, og eru þeir þaulreyndir í þessum efnum. Varla er þar í landi byggð án fornminja, sem vegleg rækt er lögð við".

Þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu sendi þjóðhátíðarnefnd 1974 svohljóðandi bréf, dags. 21. október 1972:

„Á fundi sínum á Selfossi laugardaginn 21. okt. samþykkti þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu að taka að sér byggingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal.

Nefndin býðst til að annast alla framkvæmd verksins og ábyrgjast greiðslu allt að 6 millj. af áætluðum kostnaði.

Jafnframt tekur nefndin að sér að annast gæslu og umsjón með þessum mannvirkjum að verulegu leyti eftir nánara samkomulagi.

Væntir þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu, að þjóðhátíðarnefnd 1974 taki afstöðu til þessa tilboðs hið fyrsta og afgreiði það til forsætisráðherra.

Virðingarfyllst,
þjóðhátíðarnefnd Árnessýslu

Eiríkur Eiríksson,
Jóhannes Sigmundsson, Hafsteinn Þorvaldsson".

Stórhug Árnesinga og virðingarverðan áhuga ber að taka með þakklæti. Líklegt er, að frjáls framlög vegna kostnaðar við sögualdarbæinn komi víðar að en frá Árnesingum. Það fjármagn, sem vantar til þess að byggja bæinn, verður að koma frá ríkinu. Það er á valdi Alþingis að ákveða það, og þess vegna er þessi þáltill. flutt.

Nd. 63. Frumvarp til laga [59. mál]

um félagsmálaskóla launþegasamtakanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli launþegasamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslensk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Enn fremur bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknum. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Fyrirlestrar skulu haldnir m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, hagræðingarmál, vöruvöndun, endurhæfingu starfsmanna og kjararannsóknir. Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í samtökum launþega.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu tveir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, einn af Farmanna- og

fiskimannasambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en félagsmálaráðherra tilnefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Það sér skólanum enn fremur fyrir húsnæði.

Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1975—76.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1971—72, en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt lítið breytt. Með frv. fylgdi þá þessi grg. m. m.:

Frv. þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar frá 1960, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Ný ákvæði eru nú í 2. gr. varðandi námsefni, m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, vöruvöndun, kjararannsóknir og endurhæfingu starfsmanna, sem af ýmsum ástæðum þurfa að skipta um lífsstarf. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó miklu stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðarinnar.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, trygginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð nægа fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, sem sé að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helstu viðgangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsagt og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.

Ed. 64. Frumvarp til hjúkrunarlaga. [60. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Rétt til að stunda hjúkrun hér á landi og kalla sig hjúkrunarkonu eða hjúkrunarmann hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá hjúkrunarskóla hér á landi eða prófi í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi nefndar, er ráðherra skipar. Nefndin skal skipuð 3 mönnum og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

3. gr.

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Nefnd sú, er um ræðir í 2. gr., gerir tillögur um sérnám í hjúkrun, sem ráðherra staðfestir. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þær þá atkvæðisrétt í nefndinni.

Nefndin skal einnig fjalla um sérfræðileyfi.

4. gr.

Ekki má ráða aðra en hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn samkv. 1. gr. til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

5. gr.

Hjúkrunarkonu og hjúkrunarmanni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, er varða hjúkrun.

Ráðherra getur sett reglur um viðhaldsmenntun.

6. gr.

Hjúkrunarkonu og hjúkrunarmanni er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er þau fá vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað, og helst þagnarskyldan, þótt þau láti af starfi.

Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

7. gr.

Ef hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna þau. Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur hjúkrunarleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður verið svipt hjúkrunarleyfi samkv. 1. mgr., er þá ráðherra heimilt að veita þeim leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

8. gr.

Heimilt er að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um sjúkraliða eftir því, sem við á.

9. gr.

Heilbrigðismálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um efni laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á löggjöfinni skal fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt löggjöfinni renna í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarlög nr. 42 12. maí 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er niðurstaða endurskoðunar á eldri hjúkrunarlögum, sem unnið var að í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á s. l. sumri.

Aðalástæðan fyrir endurskoðun þessari var sú, að í eldri lög var talið vanta ákvæði um sérnám í hjúkrun og viðurkenningu á því.

Hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn hafa stundað sérnám í hjúkrun erlendis og í einstaka greinum í sjúkrahúsum hér á landi. Þörf er á reglum um þetta nám, svo að endurskoða megi það og samræma. Ákveðnar lágmarkskröfur þarf að gera varðandi námsefni og námstíma.

Að námi loknu yrði veitt viðurkenning í formi löggildingar til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Tillögur hafa komið fram um nýtt samheiti fyrir þá, sem lokið hafa hjúkrunarnámi.

Rætt hefur verið um orðin hjúkrir, hjúkri, hjúkrari og hjúkrunarfræðingur.

Vonast er til, að Hjúkrunarfélag Íslands hafi komið fram með ákveðna tillögu um slíkt heiti, áður en meðferð frumvarpsins á Alþingi er lokið.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er tekið fram að ráðherra veiti hjúkrunarleyfi og þá rétt til að stunda hjúkrun að námi loknu. Þegar Hjúkrunarskóli Íslands var eini hjúkrunarskólinn hér á landi, gaf prófskírteini frá skólanum réttindi til hjúkrunarstarfa, sbr. reglugerð fyrir Hjúkrunarskóla Íslands frá 19. nóv. 1968. Nú, þegar nýjar námsbrautir koma í hjúkrun t.d. innan Háskóla Íslands, þykir eðlilegt að ráðuneytið veiti öll hjúkrunarleyfi. Það er og í samræmi við leyfisveitingu til annarra heilbrigðisstétta.

Rétt þykir að nefnd fjalli um umsóknir þeirra, er sækja um hjúkrunarleyfi og stundað hafa nám erlendis. Þar ætti menntamálaráðuneytið einn aðila, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annan og Hjúkrunarfélag Íslands hinn þriðja.

Þær kröfur eru gerðar til útlendinga, að þeir hafi næga kunnáttu í töluðu og rituð íslensku máli.

Um 3. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um sérnám og viðurkenningu á því. Nefnd sú, er fjallar um hjúkrunarleyfi sbr. 2. gr. undirbýr reglur og reglugerðir um sérnám í hjúkrun og fjallar einnig um umsóknir um sérfræðileyfi, bæði þeirra, er læra í skólum og sjúkrastofnunum hér á landi og erlendis.

Eins og tekið er fram í greininni, skal Hjúkrunarfélag Íslands tilnefna tvo fulltrúa, er vinna með nefndinni, þegar hún fjallar um kröfur um sérnám eða breytingar á því og skulu það vera sérfræðingar í viðkomandi greinum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin er samræmd lögum um aðrar heilbrigðisstéttir.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 65. Frumvarp til laga [61. mál]

um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands og uppfyllir auk þess eftirtalin skilyrði:

a. Er íslenskur ríkisborgari.

b. Hefur meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Meðmæli skv. b. lið þessarar greinar er óheimilt að veita, ef einhverjum meðmælanda er kunnugt um andlega ágalla hjá umsækjanda, sem gera mundu hann óhæfan til tannlæknisstarfa.

3. gr.

Ráðherra getur veitt manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. grein, tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni enda uppfylli hann skilorð 2. greinar að öðru leyti.

Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni fyrir henni, að próf hans sé sambærilegt að gæðum við próf frá deildinni.

4. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. eða 3. greinar að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum tímabundið eða skilyrt tannlækningaleyfi, enda hafi Tannlæknafélag Íslands mælt með slíkri leyfisveitingu.

5. gr.

Ef nauðsyn krefur, má um stundarsakir fela tannlæknisefni að gegna störfum tannlæknis eða aðstoðartannlæknis, þar sem aðstaða er fyrir hendi en ekki hefur reynst unnt að fá útlærðan tannlækni til starfa, og hefur hann þá tímabundið tannlækningaleyfi á meðan.

Áður en ráðherra felur tannlæknisefni slík störf, skulu jafnan liggja fyrir meðmæli landlæknis ásamt umsögn forseta tannlæknadeildar Háskóla Íslands.

6. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir greiningu og meðferð á sjúkdómum í munni, tönnum og kjálkum svo og tannréttingar og hvers konar gervitannagerð.

Tannlæknar, sem hlotið hafa sérfræðingsviðurkenningu, mega vinna að sérfræðingsverkefnum sínum, þótt þau falli að nokkru eða öllu utan starfssviðs hins almenna tannlæknis. Á sama hátt getur ráðherra, eftir meðmælum tannlæknadeildar Háskóla Íslands og stjórnar Tannlæknafélags Íslands, veitt öðrum en sérfræðingum heimild til að vinna að sérhæfðum verkefnum.

7. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. — Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal ennfremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni. Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefnd þeirri sem að framan getur, að hann hafi lokið tilskyldu sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkvæmt fyrrnefndum reglum, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

8. gr.

Tannlæknum er heimilt að gefa lyf þau, sem á hverjum tíma eru tilgreind í lyfjaskrá fyrir tannlækna.

Tannlæknum er heimilt að afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þurfa við lækningar sínar og nota þau tæki og efni, er fram koma á hverjum tíma og þeir þurfa við starfa sinn, enda hafi þeir aflað sér þekkingar á meðferð þeirra. Svæfingu (narkosis) er tannlæknum óheimilt að beita.

9. gr.

Tannlæknum er heimilt að hafa sér til aðstoðar sérhæft aðstoðarfólk svo sem tannsmiði, tanntækna o. fl. enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að afloknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Ennfremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni aðstoða sig við tannlæknisstörf að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks aðstoðarfólks tannlækna.

10. gr.

Aðstoðarfólk samkvæmt 9. grein skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla.

Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki þeirra er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir, þar með talið tannréttingar og gervitanngerð.

11. gr.

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna, og helzt þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

12. gr.

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu eða flutning má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum, sem mest má birta þrisvar sinnum.

Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það, ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem ofmælt kann að hafa verið.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu tannlækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga nr. 80/1969, eftir því sem við á.

14. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna viðkomandi.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

15. gr.

Nú telur landlæknir, að tannlæknir hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafist var, er hann fékk tannlækningaleyfi og skýrir hann þá ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis, má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

16. gr.

Ákvæði læknalaga nr. 80 frá 23. júní 1969 skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til settar hafa verið reglugerðir þær, sem greinir í 2. málsgrein 8. greinar, er tannlæknum heimilt að hafa aðstoðarfólk við störf á sama hátt og hingað til hefur tíðkazt, enda starfi það fólk undir handleiðslu tannlæknis og á hans ábyrgð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1972 skipaði heilbrigðisráðherra, Magnús Kjartansson, nefnd til að endurskoða gildandi lög um tannlækningar hér á landi og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á þeim lögum og öðrum reglum á þessu sviði, sem talið yrði nauðsynlegt að breyta.

Í nefndina voru skipaðir Hörður Sævaldsson, tannlæknir, formaður Tannlæknafélags Íslands, Magnús R. Gíslason, tannlæknir, fyrrverandi formaður Tannlæknafélags Íslands og voru þeir tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands, Örn Bjartmars Pétursson, deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands tilnefndur af tannlæknadeildinni, og Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og var hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Lög um tannlækningar eru að stofni til frá því 14. júní 1929, og gefur því auga leið að mörg ákvæði þeirra laga eru ýmist úrelt eða þá ófullnægjandi á ýmsa vegu. Nefndin varð því fljótlega sammála um það, að lög þessi yrði að semja að nýju og frá grunni, og samræma þau nýrri reglum, m. a. læknalögum nr. 80 frá 1969. Þá var einnig höfð hliðsjón af hliðstæðum lögum norskum og dönskum, en í báðum þessum löndum eru tiltölulega ný ákvæði um þessi efni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. gr. læknalaganna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um það, að veita skuli leyfi samkv. 1. gr. öllum þeim, sem uppfylla skilyrði þessarar greinar, þ. e. a. s. hafa lokið prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands, eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Að uppfylltum þessum skilyrðum er því ráðherra skylt að veita slíkt lækningaleyfi nema því aðeins að 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi umsækjanda.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til handa til þess að veita manni tannlæknaleyfi, enda hafi hann lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. og uppfylli

að öðru leyti skilorð 2. gr., þ. e. a. s. hann sé íslenskur ríkisborgari og hafi meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Þessi málsgrein 3. gr. mundi eiga við um íslenskan ríkisborgara, sem lyki tannlæknaprófi erlendis, ef slíkur tannlæknaskóli væri á annað borð viðurkenndur af heilbrigðisyfirvöldum. En í 2. málsgr. 3. gr. er einmitt kveðið á um það, að tannlæknadeild Háskóla Íslands geti sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að fyrir henni sé sannað, að viðkomandi tannlæknaskóli sé sambærilegur að gæðum við íslenskan tannlæknaháskóla.

Um 4. gr.

Þessi grein á við erlenda ríkisborgara, sem uppfylla skilyrði 2. eða 3. greinar, þ. e. a. s. hafa lokið tannlæknaprófi ýmist við Háskóla Íslands eða erlendan háskóla og hafa meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Slíkum mönnum er ráðherra þá heimilt að veita tímabundið eða skilyrt tannlækningaleyfi, enda hafi Tannlæknafélag Íslands mælt með slíkri leyfisveitingu.

Það er nokkuð algengt í dag að íslenskir tannlæknar, sem reka sínar eigin stofur, hafi sem aðstoðarmenn útlenda tannlækna án þess að þessir útlendu aðstoðartannlæknar hafi hér tannlækningaleyfi. Slíkum mönnum yrði þá heimilt að veita tannlækningaleyfi samkv. 4. gr.

Skilyrt tannlækningaleyfi samkv. greininni gæti t. d. lotið að ákveðnum vinnustað, þar sem viðkomandi ynni sjálfstætt t. d. við tannlækningar úti á landi. Er þá meðal annars haft í huga það atvik, er færeyskur tannlæknir fékk tannlækningaleyfi hér á landi til þess að geta stundað tannlækningar í Stykkishólmi. Skilyrði gæti ennfremur varðað sjálfstæði starfans, þannig að viðkomandi hefði ekki heimild til þess að starfa sjálfstætt, heldur yrði að ráða sig sem aðstoðartannlæknir hjá viðurkenndum íslenzkum tannlækni o. s. frv.

Það verður að teljast eðlilegt að Tannlæknafélag Íslands fái umsagnarrétt um slíka leyfisveitingu, þar eð þarna getur verið um að ræða atriði, er varðar atvinnuöryggi meðlima tannlæknafélagsins.

Um 5. gr.

Í 2., 3. og 4. gr. þessa frumvarps eru tekin efnislega þau ákvæði, sem eru í 2. og 3. gr. lækningalaga nr. 80/1969 um lækningaleyfi. Í 4. gr. þeirra laga er hins vegar ákvæði, sem heimilar heilbrigðisyfirvöldum eftir meðmælum landlæknis að veita læknisefni, sem ekki hefur lokið fullu námi, lækningaleyfi til þess að gegna ákveðnum afmörkuðum læknisstörfum, svo sem eins og héraðslæknisstörfum eða störfum staðgöngumanns eða aðstoðarmanns héraðslæknis o. s. frv. Að gefnu tilefni frá Félagi tannlæknanema var þetta atriði gaumgæft í nefndinni, en nefndin taldi ekki þörf á hliðstæðu ákvæði í þessum lögum.

Það er hins vegar skoðun ráðuneytisins, að slíkt ákvæði kunni að reynast nauðsynlegt svo að unnt verði að veita einhverja þjónustu á sviði tannverndar og tannlækninga á fleiri heilsugæslustöðvum, heldur en ella yrði kleift, a. m. k. fyrst um sinn. Því er lagt til að ráðherra hafi hér svipaða heimild og er í læknalögum.

Um 6. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi tannlæknalaga. Í síðari málsgreininni felst nýmæli, sem talið er nauðsynlegt að hafa í lögum sem þessum, einkum þegar sérfræðingar verða starfandi í fleiri greinum tannlækninganna heldur en nú er.

Um 7. gr.

Grein þessi inniheldur ákvæði það, sem nú er í niðurlagi 1. greinar gildandi tannlæknalaga og lögfest var með lögum nr. 36 26. apríl 1963.

Um 8. gr.

Gengið er út frá því að í lyfjaskrá verði framvegis, eins og hingað til, sérstaklega tilgreind þau lyf, sem tannlæknum er heimilt að nota við lækningar sínar án annarra takmarkana heldur en þeirra, sem almennt eru á notkun viðkomandi lyfs. Síðari greinin er efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum, þó er hér tekið fram berum orðum að tannlæknum sé óheimilt að beita svæfingu.

Um 9. gr.

Skýr ákvæði um efni þessarar greinar hefur vantað í núgildandi lög og var það eitt með öðru ástæðan til þess að svo brýna nauðsyn bar til að tannlæknalög yrðu nú endurskoðuð.

Hér er gert ráð fyrir því að það fyrirkomulag við vinnu á tannlækningastofum, sem nú orðið tíðkast, bæði hér og í nágrannalöndum okkar, verði berum orðum heimilað. Auk tannlækna starfa nú á tannlækningastofum yfirleitt tannsmiðir og aðstoðarfólk, ýmist við afgreiðslu eða við aðstoð við tannlækninn að störfum. Í nágrannalöndum okkar svo sem t. d. í Danmörku eru sérstök ákvæði um þetta aðstoðarfólk. Í Danmörku eru t. d. nýsettar reglur um „tandplejere“ og eru þær frá 31. ágúst 1972, en frá sama degi eru einnig reglur um „klinik-assistenter for tandlæger“. Nefndin telur nauðsynlegt að kannað verði, hvort og að hve miklu leyti nauðsynlegt er að setja slíkar sérreglur um nám og menntunarskilyrði og þá réttindi þessara stétta hér á landi. Um tannsmiði gilda þær sérreglur, að þeir hafa hingað til verið menntaðir af tannlæknum sjálfum, sem hafa rekið nokkurs konar tannsmíðaskóla og þar hafa viðkomandi lokið prófi og fengið sín skírteini og réttindi. Nefndin telur eðlilegast, að tannsmíðanám fari fram í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands og hafði samið drög að reglugerð fyrir tannsmíðaskóla, þar sem gert var ráð fyrir slíkri skipan.

Hvernig svo sem ákveðið yrði í framtíðinni að haga menntun þessara stétta, telur nefndin eðlilegt að endanlegt starfsleyfi eða löggildingu fái þessar stéttir, eins og aðrar heilbrigðisstéttir, hjá heilbrigðisráðherra, enda sanni þær fyrir honum, að menntun hvers og eins uppfylli þau skilyrði, sem lög setja fyrir slíku starfsleyfi.

Um 10. gr.

Þar sem það er tannlæknirinn einn, sem getur greint sjúkdóm þann, sem til meðferðar kemur og gefið fyrirmæli um eða stjórnað þeirri meðferð, sem sjúklingurinn skal fá, verður öll aðgerð við sjúklinginn að fara fram undir handleiðslu og á ábyrgð viðkomandi læknis. Þegar af þessari ástæðu leiðir það að því aðstoðarfólki, sem heimilað er að vinna við tannlækningar, verður aldrei heimilað að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla. Að öðru leyti leiðir ákvæði þessarar greinar beint af lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir og stöðu þeirra í heilbrigðiskerfinu.

Um 11. gr.

Rétt þótti að taka ákvæði um þagmælsku tannlæknis og allra annarra, sem að tannlækningum starfa undir handleiðslu hans, beint upp úr læknalögunum til þess að leggja áherslu á þetta atriði.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig tekin upp úr læknalögum, þó eru hér sérreglur um opnun lækningastofu eða flutning og er hér farið að mestu eftir reglum, sem Tannlæknafélag Íslands hefur sett meðlimum sínum í sínum siðareglum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Grein þessi er tekin úr læknalögunum.

Um 15. gr.

Grein þessi er sömuleiðis efnislega tekin úr læknalögunum til að leggja áherslu á þessi atriði.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 66. Fyrirspurn [62. mál]

til menntamálaráðherra um nám í sjúkra- og iðjuþjálfun.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað líður undirbúningi að námsbraut í sjúkra- og iðjuþjálfun við Háskóla Íslands?

Nd. 67. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jónas Jónsson.

Alþingi, 31. okt. 1973.

Svava Jakobsdóttir,	**Jón Skaftason,**	**Bragi Sigurjónsson,**
form., frsm.	**fundaskr.**	
Ólafur G. Einarsson,	**Stefán Valgeirsson,**	**Ellert B. Schram.**

Nd. 68. Lög [34. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Afgreidd frá Nd. 31. okt.)

Samhljóða þskj. 35.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um staðarval stóriðju og stórvirkjana á Norðurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hagkvæmni þess vegna jákvæðrar þróunar byggðar og aukins öryggis í orkuöflun allra landsmanna að velja stóriðju-

fyrirtæki stað á Norðurlandi, jafnframt því sem lögð verði öflug miðlunarlína norður, virkjuð 55 MW jarðgufuvirkjun við Kröflu og stefnt að virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss. Athuganir þessar fari fram í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga og forráðamenn orkumála á Norðurlandi og tengist öðrum athugunum á lausn orkumála Norðlendinga.

Greinargerð.

Nú stendur fyrir dyrum að velja umtalsverðu stóriðjufyrirtæki stað í landinu, skv. fréttum frá stjórnvöldum. Við þau tímamót þykir flm. þessarar tillögu rétt að vekja athygli þingheims og ríkisvalds á því, að staðarval slíks fyrirtækis mundi geta leyst fjölþætt vandamál og haft stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúskap Íslendinga á næstu árum, ef rétt væri á málum haldið. Staðarval slíks stóriðjufyrirtækis á Norðurlandi hefði m. a. í för með sér, að sjálfsagt væri að reisa nú þegar 55 MW jarðgufuvirkjun við Kröflu, sem er talin meðal allra hagkvæmustu virkjunarkosta á landinu skv. nýjustu skýrslum orkustofnunar. Jafnframt virkjun við Kröflu væri unnt að tengja Landsvirkjunarsvæðið orkuveitusvæði Laxár með öflugri miðlunarlínu. Þetta hefði í för með sér, að um leið og slík lína yrði lögð, yrði unnt að miðla raforku milli Suðvesturlands og Norðurlands, en það merkir m. a., að hægt yrði að nýta umframafl nýrrar tegundar stórvirkjunar nyrðra, þ. e. a. s. jarðgufuvirkjunar, þegar í stað til öryggis á Suðvesturlandi, jafnframt því sem grunnorka yrði tryggð til stóriðju, iðnþróunar og heimilisnota á Norðurlandi. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að með þessu fengist mikilvæg reynsla fyrr en ella af stórvirkjun jarðgufu og um leið yrði öryggi aukið í orkuöflun landsmanna, þar sem hér er um að ræða orkugjafa gjörólíkan vatnsvirkjunum. Miðlun verulegrar raforku frá slíkri jarðgufuvirkjun milli Suðvesturlands og Norðurlands og síðar frá Dettifossvirkjun eða fleiri jarðgufuvirkjunum mundi hafa í för með sér stóraukið öryggi í raforkuöflun fyrir alla landsmenn. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að síðustu rannsóknir á virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss staðfesta fyrri rannsóknir um, að þar sé um að ræða eina hagkvæmustu vatnsaflsvirkjun á landinu.

Það er umhugsunarvert, svo að ekki sé meira sagt, að allar stórvirkjanir landsins eru á Þjórsársvæðinu, bæði Búrfellsvirkjun og fyrirhuguð Sigölduvirkjun. Hér er um að ræða eitt virkasta eldfjallasvæði landsins. Gosið á Heimaey ætti að færa mönnum heim sanninn um, að í rauninni sé óverjandi að standa þannig að meginorkuöflun landsmanna, að henni sé hætta búin af eldgosum umhverfis Heklu. Af þeim sökum hefði tenging jarðgufuvirkjunar á Kröflusvæðinu og síðar Dettifossvirkjun við orkuveitusvæði Landsvirkjunar í för með sér ómetanlegt öryggi fyrir orkuvinnslu allra landsmanna, ef öflug miðlunarlína yrði lögð norður fyrir heiðar á þeim slóðum, sem hagkvæmast þykir.

Allt þetta helgast þó af staðarvali orkufreks eða orkufrekra notenda á Norðurlandi. Ef um slíka notendur yrði að ræða, væri unnt að ákveða þegar í stað að gera jarðgufuvirkjun á Kröflusvæðinu, og þá yrði þegar í stað arðbært að leggja öfluga háspennulínu milli Norður- og Suðurlands til hagkvæmrar miðlunar raforku milli svæðanna og jafnframt að stefna að virkjun í Jökulsá á Fjöllum, sem margt bendir til. að sé hagkvæmari en hliðstæðar virkjanir á Suðvesturlandi, ekki síst ef tekið er nægilegt tillit til öryggissjónarmiða, þ. e. a. s. að óráðlegt sé að efna til allra stórvirkjana á einu helsta eldfjallasvæði landsins.

Athugunum, sem farið hafa fram á kostum þess að virkja hita og vatnsorku í stórum stíl á Norðurlandi, hefur verið haldið áfram á síðustu árum. Frekari athuganir á virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss staðfesta fyrri niðurstöður. Um þetta segir svo í nýrri skýrslu Orkustofnunar: „Fyrri áætlanir hafa eindregið bent til þess, að Dettifossvirkjun geti verið mjög hagkvæm. Rannsóknir til þessa hafa ekki leitt neitt það í ljós, er bendi til hins gagnstæða.“

Sjá nánar skýrslu Orkustofnunar um athuganir á Dettifossvirkjun á fskj. I.

Nýlega var lokið frumathugun á 55 MW jarðgufuvirkjun við Kröflu, og er áætlaður kostnaður orkunnar við stöðvarvegg á verðlagi, sem nú gildir, **einungis 39 aurar á kwst.** Um þessa niðurstöðu segir svo í skýrslu Orkustofnunar: „Jafnframt benda niðurstöður þessar til þess, að orkuverð frá svona 55 MW jarðgufustöð geti verið sambærilegt við orkuverð frá **hagkvæmustu** vatnsaflsvirkjunum, sem væru ca. 3 sinnum stærri að afli (150—165 MW).“ Sjá nánar á fskj. nr. I og II.

Það er vissulega kaldhæðnislegt, að orkuskortur skuli nú þegar hamla allri framþróun í landshluta, sem lumar á slíkum orkulindum. Ástandið er þó þegar orðið svo slæmt, að fjölbýlishús fá ekki raforku til hitunar, iðnaður fær ekki þá orku, sem hann æskir eftir, og búast má við milljónatjóni hjá orkunotendum yfir vetrarmánuði næstu árin, ef ekki verður að gert, eins og dæmin sanna, ekki síst vegna þess, að rennslistruflanir í Laxá valda tvöföldum erfiðleikum frá því, sem var, vegna þess að rennsli árinnar er nú nýtt tvisvar til orkuöflunar í stað einu sinni áður. Ný Laxárvirkjun hefur verið tekin í notkun, en samtímis því þarf samt sem áður að framleiða raforku á Norðurlandi með dísilafli við miðlungsálag á degi hverjum, þótt enn sé ekki farið að selja orku frá Laxársvæðinu til Norðurlands vestra, svo sem stefnt mun að, en dýr háspennulína hefur verið lögð í því skyni milli Norðurlands eystra og vestra.

Ríkisstjórnin hefur haft í hyggju að leysa raforkumál Norðlendinga með því að leggja háspennulínu yfir öræfin frá Landsvirkjunarsvæðinu til Laxárvirkjunarsvæðisins. Ljóst er þó, að sú lína yrði gífurlega kostnaðarsöm — hvar sem hún yrði lögð — miðað við nýtingu hennar þau ár, sem hún yrði notuð eingöngu til orkuflutninga norður. Óhjákvæmilega liði langur tími, ef ekki kæmi til orkufrekur iðnaður nyrðra, þar til línan nýttist til miðlunar. Þessu til viðbótar yrði orkuflutningslína norður afar ótrygg til grunnaflsöflunar í heilum landsfjórðungi, á meðan ekki yrði virkjað viðbótarafl á Norðurlandi. Af þessum sökum er sú stefna að tengja Norðurland við Suðvesturland með línu til grunnaflsöflunar vegna orkuþarfar á Norðurlandi án orkufrekra notenda næstu ár gersamlega óaðgengileg Norðlendingum vegna öryggisleysis og þjóðarbúinu öllu vegna gífurlegs kostnaðar. Allt annað yrði uppi á teningnum, ef orkufrekur iðnaður risi á Norðurlandi og þegar í stað ákveðið að virkja 55 MW jarðgufuvirkjun á Kröflusvæðinu. Jafnframt því yrði hagkvæmt fyrir þjóðarbúið í heild að gera öfluga **miðlunarlínu** milli Suðvesturlands og Norðurlands, sem tryggði öruggari orkuöflun fyrir alla landsmenn, og í framhaldi af því væri sjálfsagt að stefna að virkjun Jökulsár á Fjöllum eða jafnvel nýrri jarðgufuvirkjun á Kröflusvæðinu. Ef slík stefna yrði tekin upp, yrði brotið blað í orkumálum landsmanna að því leyti, að ekki yrði lengur treyst á orkuöflun á því svæði landsins, sem er umhverfis frægasta og virkasta eldfjall á Íslandi.

Í tillögu þessari er ríkisstjórninni m. a. falið að kanna hagkvæmni þess vegna jákvæðrar byggðaþróunar að velja stóriðjufyrirtæki stað á Norðurlandi, jafnframt því sem bent er á aukið öryggi í orkuöflun allra landsmanna. Með jákvæðri byggðaþróun er hér auðvitað fyrst og fremst átt við þau áhrif, sem staðarval stóriðjufyrirtækis hefði á félagslega og efnahagslega framvindu á því svæði landsins, sem flest fólk flytur frá til Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins. Frá Norðurlandi flyst um helmingur af því fólki (nettó), sem flyst til höfuðborgarsvæðisins og nágrennis af landsbyggðinni. Því má segja, að á Norðurlandi sé að finna orsakirnar fyrir helmingi þess byggðavanda, sem við eigum við að stríða á Íslandi, a. m. k. eins og þetta hugtak hefur verið skilgreint af flestum á síðari árum. Auðvitað hefði staðarval stórfyrirtækis djúptæk áhrif á byggðaþróun landsins, ef því yrði valinn þar staður. Þeir tekjustraumar, sem beindust inn á byggðasvæðið með þessum hætti, hefðu í för með sér víðtæka örvun iðnaðar og þjónustuatvinnugreina á svæðinu, örari vöxt og framfarir, sem leiddu til þess, að byggð þróaðist jákvæðar á Íslandi en ella og þjóðarbúinu í heild búnaðist betur.

Á það skal bent, að áður hefur verið lagt mat á jákvæð áhrif staðarvals stóriðju á Íslandi. Fyrst og fremst er hér um að ræða álit Atvinnumálanefndar Norðurlands, sem var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að stóriðjufyrirtæki, sem hefði um 100 manns í atvinnu, gæti haft áhrif á búsetuval a. m. k. 3000 manna, ef valinn væri staður, sem hagkvæmur er fyrir vöxt og íbúafjölgun. Nefndin benti á, að með staðarvali stórfyrirtækis á Norðurlandi, miðað við aðra landshluta, mætti hafa langmestu raunverulegu áhrifin á byggðaþróun landsins. Í því sambandi er nánar bent á rökstuðning nefndarinnar á fskj. III.

Rétt er einnig að geta þess, að nefnd, sem sett var á laggir af fyrrverandi ríkisstjórn og ÍSAL skv. ákvæði í samningi ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium, setti fram í skýrslu sinni álitsgerð um staðarval stóriðjufyrirtækis á Norðurlandi á byggðaþróun (Project Study, Reykjavík/Zürich, Marz 1972). Skýrslan var send iðnaðarráðuneytinu. Auðvelt væri að hafa hliðsjón af þessu máli í mati á áhrifum staðarvalsins á byggðaþróun í landinu.

Þá skal þess að lokum getið, að umrædd nefnd fjallaði um hugsanlegar truflanir á aðdráttum vegna hafíss, ef álbræðslu yrði komið á fót á Norðurlandi. Nefndin komst að raun um við athugun, að engin tæknileg hindrun væri á staðarvali slíks fyrirtækis á Norðurlandi vegna hættu á, að siglingar trufluðust vegna hafíss. Nánar vísast í þann kafla umræddrar skýrslu, sem fjallar um þetta efni, en hann er birtur sem fskj. IV. með þessari tillögu.

Viðræður fara nú fram milli Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs um hugsanlega mannvirkjagerð við Dettifoss og á Kröflusvæðinu. Einsýnt virðist, að unnt sé að haga mannvirkjagerðinni þannig, að samrýmist umhverfissjónarmiðum, sbr. skýrslu Orkustofnunar á fskj. I.

Í tillögunni er lagt til, að framangreind athugun verði gerð í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga og forráðamenn orkumála á Norðurlandi. Ljóst er, að náin samráð þarf að hafa við heimamenn í þessu efni, ekki síst þar sem orkuskortur er þegar orðinn geigvænlegur á svæðinu og finna yrði heppilega lausn orkuöflunarleiða á framkvæmdatíma fyrstu stórvirkjunarinnar, sem trúlega yrði vart skemmri en 3—4 ár, frá því að ákvarðanir yrðu teknar um að ráðast í framkvæmdina.

Fylgiskjal I.

Orkustofnun

Greinargerð um orkumál á Norðurlandi, sept. 1973 (hluti).

1. Dettifossvirkjun.

Síðastliðið sumar var unnið við borun í stöðvarhúsastæði væntanlegrar Dettifossvirkjunar, en rannsóknir við Dettifoss hafa áður staðið í nokkurn tíma. Boranirnar gáfu sumpart til kynna heppilegri berglagagerð en búist var við, en sumpart svipaða og vænst var. Á grundvelli þessara nýlegu rannsókna verður á komandi vetri gerð ný virkjunaráætlun, sem þó mun byggja á svipuðum forsendum um aðstæður í stöðvarhúsgrunni og áður var reiknað með og sumpart var staðfestur með borunum í sumar. Sýni frekari boranir, sem nú eru ráðgerðar, að aðstæður séu betri en þetta, og önnur borholan af tveimur frá í sumar bendir einmitt til þess, verður að sjálfsögðu tekið tillit til þess við endanlega hönnun.

Fyrri áætlanir hafa eindregið bent til þess, að Dettifossvirkjun geti verið mjög hagkvæm. Rannsóknir til þessa hafa ekki leitt neitt það í ljós, er bendi til hins gagnstæða.

Stærð Dettifossvirkjunar er nálægt 165 MW og árleg orkuvinnslugeta um 1200 GWh.

Í samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál hefur Dettifossvirkjun verið til umræðu út frá umhverfissjónarmiðum, en uppi eru hugmyndir um þjóðgarð við Jökulsárgljúfur, er nái upp fyrir Selfoss. Í þessum viðræðum hefur komið fram, að fulltrúar ráðsins telja þjóðgarðshugmyndina og virkjunaráformin ekki þurfa að rekast á, ef tekið er tillit til þess við hönnun á útliti og frágangi virkjunarmannvirkja, að þeim er ætlaður staður innan þjóðgarðs. Þessir fulltrúar hafa þegar tekið málið upp í Náttúruverndarráði, en ráðið hefur hins vegar ekki enn gert neina samþykkt í því. Viðræðum í samstarfsnefndinni verður haldið áfram.

2. Námafjall — Krafla; jarðgufuvirkjun.

Við Námafjall vestanvert hafa farið fram umfangsmiklar jarðhitarannsóknir, eins og kunnugt er, og þar stunda nú Jarðvarmaveitur ríkisins vinnslu og sölu á gufu til Kísiliðjunnar og gufurafstöðvar Laxárvirkjunar.

Þessar rannsóknir hafa jafnframt gefið góða þekkingu á Námafjallssvæðinu í heild. Þó er talið, að frekari rannsóknarboranir séu nauðsynlegar, ef virkja á gufu austan fjallsins.

Við Kröflu, sem er ca. 5 km norðar en Námafjall, hafa farið fram jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á jarðhitasvæðinu. Boranir hafa enn ekki verið gerðar þar, en eru á rannsóknaráætlun 1974. Þess er vænst, að Krafla sé í flestu tilliti áþekkt jarðhitasvæði og Námafjall. Botnhiti á Námafjallssvæðinu er meðal þess hæsta, sem mælst hefur hér á landi, en hár botnhiti er afar þýðingarmikið atriði fyrir hagkvæmni raforkuvinnslu úr jarðgufu. Búist er við svipuðum botnhita við Kröflu, en úr því fæst fyrst endanlega skorið með borunum.

Fyrir nokkru voru gerðar áætlanir um 8, 12 og 16 MW jarðgufustöðvar við Kröflu. Skýrsla um þetta hefur verið samin og send fjölmörgum aðilum. Nú er verið að ljúka sams konar áætlun um 55 MW stöð, og verður skýrsla um þá athugun væntanlega tilbúin um mánaðamótin okt.—nóv. á þessu ári. Jafnframt voru áætlanirnar um 8, 12 og 16 MW endurskoðaðar með tilliti til verðlagsbreytinga.

Niðurstöður þessara athugana sýna, að orka frá 55 MW stöð er til muna ódýrari en frá 16 MW stöð, að ekki sé talað um 12 eða 8 MW. Um verulega stærðarhagkvæmni í jarðgufuvirkjunum er að ræða, með öðrum orðum. Jafnframt benda niðurstöður þessar til þess, að orkuverðið frá svona 55 MW jarðgufustöð geti verið sambærilegt við orkuverð frá hagkvæmustu vatnsaflsvirkjunum, sem væru ca. 3 sinnum stærri að afli (150—165 MW). Þetta gæti bent til, að jarðgufuaflsstöðvar væri auðveldara að fella að vaxandi raforkuþörf en vatnsaflsstöðvar, án þess að neinu sé fórnað í orkuverði.

Virkjun jarðgufu getur haft í för með sér viss umhverfisáhrif, m. a. vegna brennisteins og uppleystra næringarsalta í djúpvatninu. Vegna nálægðar Kröflu og Námafjalls við Mývatn hafa þessi atriði verið sérstaklega til umræðu og m. a. rædd á mögrum fundum í samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál. Nefnd þessi hefur m. a. farið á vettvang til að kynnast aðstæðum. Fulltrúar Náttúruverndarráðs í samstarfsnefndinni hafa tekið málið upp í ráðinu sjálfu, sem á fundi sínum hinn 13. sept. 1973 samþykkti eftirfarandi ályktun um það. Ályktunin verður frekar rædd í samstarfsnefndinni nú á næstunni:

1. Náttúruverndarráð telur rétt, að undirbúningsrannsóknum verði fremur beint að Kröflu en Námafjalli.
2. Vegna undirbúningsrannsókna við Kröflu mun Náttúruverndarráð gera tillögu um friðlýsingu jarðmyndana norðan fyrirhugaðs athafnasvæðis og óskar eftir því, að samstarfsnefnd um orkumál geri tillögu um mörk þar á milli.
3. Til að kanna hugsanlega mengun frá borholuvatni fer ráðið fram á, að gerð verði athugun á efnainnihaldi borholuvatns, grunnvatns og linda, sem berast í Mývatn, og greinargerð gefin um möguleg áhrif á lífríki Mývatns við verstu

aðstæður. Jafnframt verði athuguð umhverfisáhrif (mengun) frá þeirri starfsemi, sem nú fer fram í Bjarnarflagi, bæði vegna raforkuvinnslu og Kísiliðjunnar.

Verði með þessum athugunum leiddar líkur að skaðlegri efnamengun í Mývatni frá gufuaflsvirkjun við Kröflu, verði þeim fylgt eftir, m. a. með ísótópaathugun á grunnvatnsrennsli, og athuguð upptökugeta og rennslisleiðir í hraunum austan og sunnan Námafjalls, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

Komi í ljós skaðleg mengun frá núverandi rekstri í Bjarnarflagi, verði gerðar ráðstafanir til að binda enda á hana.

4. Athugun verði gerð á vegarstæðum að rannsóknasvæði og hugsanlegum virkjunum við Kröflu og haft samráð við ráðið um þá vegagerð.
5. Við undirbúning að hönnun virkjunarmannvirkja við gufuaflstöð á þessu svæði verði leitast við að fella þau sem best að umhverfinu, bæði varðandi útlit og staðsetningu.

Að mati orkustofnunar ætti ekki að vera hætta á því, að falla þurfi frá virkjun við Kröflu eða Námafjall sökum umhverfisáhrifa, þótt á hinn bóginn verði að taka tillit til hennar við hönnun stöðvarinnar.

Fylgiskjal II.

Orkustofnun.

Skýrsla, sept. 1973.

Ágrip og niðurstöður.

Skýrsla þessi er gerð í beinu framhaldi af skýrslu Orkustofnunar: „Jarðgufuaflstöð, frumáætlun um aflstöð með tilliti til virkjunar í Námafjalli eða Kröflu, júní 1972".

Um öll einstök tæknileg atriði og forsendur fyrir kostnaðaráætlun er vísað til þeirrar skýrslu, en þess skal sérstaklega getið, að verð á erlendu efni miðast við upplýsingar frá „Toshiba, Japan" og „GIE Franco Tosi, Ítalíu".

Jarðhitarannsókn á jarðhitasvæðinu við Kröflu er ekki enn lokið, en ef borun einnar eða tveggja rannsóknarhola þar gæfi jákvæðan árangur, má telja, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu bæði jafnvel fallin til virkjunar.

Vegna frárennslis er þó talið óráðlegt að staðsetja virkjun vestan Námafjalls. Umhverfisáhrif af völdum frárennslisvatns eru sennilega svipuð, hvort heldur virkjunin væri austan Námafjalls eða við Kröflu, þar sem frárennslisvatnið rennur í báðum tilfellum að jaðri Búrfellshrauns. Nokkur gufumökkur fylgir virkjun af þessari gerð, en hann er ekki talinn valda neinni mengun í umhverfinu, og yrði að meta út frá fagurfræðilegu sjónarmiði, hvor staðurinn væri hentugri vegna þessa, en svæðið við Kröflu er mun fjær byggð, sem kunnugt er.

Stofnkostnaður er áætlaður 394 Mkr, 464 Mkr, 555 Mkr og 1246 Mkr og árlegur rekstrarkostnaður 53 Mkr, 61 Mkr, 72 Mkr og 158 Mkr, miðað við 8 MW, 12 MW, 16 MW og 55 MW stöðvarstærðir. Þetta svarar til þess, að stofnkostnaður á uppsett kw sé fyrir 8 MW stöðvarstærð kr. 49 000, fyrir 12 MW stöðvarstærð kr. 39 000, fyrir 16 MW stöðvarstærð kr. 35 000 og stofnkostnaður á uppsett kw fyrir 55 MW stöðvarstærð kr. 23 000.

Fylgiskjal III.

Úr skýrslu Atvinnumálanefndar Norðurlands 1969.

Samanburður á mismunandi kostnaði og þjóðhagslegri hagkvæmni vegna staðarvals stóriðjufyrirtækja.

Samanburður á mismunandi kostnaði við byggingu og rekstur stóriðjuvera vegna staðarvals þeirra verður því aðeins raunhæfur fyrir þjóðarheildina, að metin séu óbein áhrif staðsetningarinnar á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Efnahagslegur og félagslegur ávinningur staðarvalsins er augljóslega mestur þar, sem staðsetningin vegur mest til hagkvæmrar byggðaþróunar. Í skýrslu, þar sem birtar eru niðurstöður af rannsókn sérfræðinga Byggðasjóðs Noregs á áhrifum af mismunandi staðarvali stóriðjufyrirtækja á atvinnu- og byggðaþróun í Noregi, segir svo orðrétt: **„Et beliggenhetsvalg som kan fortone seg gunstig fra bedriftens synspunkt, kan i en samfunnsökonomisk sammenheng vise seg å være ugunstig.** Den beste lokalisering er den som tilfredstiller både en bedrifts- og samfunnsökonomisk målesetting.“ Og enn fremur segir orðrétt: „Hvis man önsker at etableringen av f.eks. et nytt aluminiumsverk skal ha det biformål å styrke næringsgrunnlaget i det distrikt der det planlegges reist, vil det være naturleg at verket blir lagt til det av de aktuelle lokaliseringsalternativ der den sekundære vekst må ventes at bli störst. **Det største veksteffekt oppnås på det sted som har den sterkeste sentralitet, d. v. s. som kan trekke til seg det største kundeoppland.** Dette prinsipp har generell gyldighet. En bedrift med 1000 ansatte, lagt til et område med 20 000 innbyggere, vil före med seg en vekst i servicenæringer og industri for lokale behov, som er absolutt og relativt sterkere enn om bedriften etableres i et område með 5000 innbyggere.“ (Paul Olav Berg: Ringvirkninger av ny storindustri, útg. af Distriktenes Utbyggingsfond Oslo 1965.)

Þau lögmál, sem bent er á í ofangreindri skýrslu og felast í tilvitnuðum niðurstöðum hennar af rannsóknum í Noregi, sýna eftirfarandi, svo að ekki verður um deilt: 1) að óbein áhrif staðarvals stóriðju utan höfuðborgarsvæðisins og nágrennis yrðu langmest í Eyjafjarðarbyggð (með Eyjafjarðarbyggð er átt við sveitarfélög Eyjafjarðarsýslu, Ólafsfjörð og Akureyri og þrjá hreppa í Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar), bæði vegna fjölmennis byggðarinnar (um 15000 manns) og stöðu sem vaxandi þjónustusvæðis víðlendri byggðasvæða; 2) að kostnaðarsamanburður á mismunandi staðarvali, sem eingöngu er byggður á, hvar bygging og rekstur stóriðjunnar sjálfrar ásamt tengdum mannvirkjum borgar sig best, eru alls ófullnægjandi og beinlínis villandi forsendur fyrir staðarvalinu. Taka verður tillit til nýtingar grunnfjárfestingar þjóðarinnar, orkulinda, mannafla og síðast, en ekki síst félagslegrar velferðar almennings. **Þetta er auðvitað þeim mun mikilvægara sem viðkomandi þjóð er fámennari. Hver ákvörðun um staðarval stóriðjufyrirtækja skiptir hana þá hlutfallslega meira máli.**

Til nánari skýringa á því, hver fyrirsjáanleg áhrif staðarval stóriðju við Eyjafjörð hefði á hagkvæma nýtingu grunnfjárfestingar og auðlinda íslensku þjóðarinnar, svo og hver áhrifin yrðu á efnahagslega og félagslega velferð hennar, skal bent á eftirfarandi almenn atriði:

1. Efnahagsleg og félagsleg velferðaráhrif staðarvalsins.

a) Um nýtingu grunnfjárfestingarinnar:

Sé stóriðjufyrirtæki reist við Eyjafjörð, sem hefði um 350 manns í fastri atvinnu (hliðstætt álbræðslu við Straumsvík), má gera ráð fyrir því, að þeir tekjustraumar, sem við þetta beindust inn í byggðarlagið, hefðu í för með sér aukin umsvif í öðrum atvinnugreinum, bæði öðrum iðnaði og þjónustu, sem næmi því, að 600—700 manns

fengju vinnu í viðbót. Ástæðan fyrir svo miklum óbeinum áhrifum er sú, hversu byggðin er fjölmenn og þekking mikil á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Þessi áhrif yrðu hins vegar hverfandi á fámennum stöðum með einhæfa verkþekkingu. Í samræmi við hlutfall atvinnufólks og íbúa, þá gæti þessi aukna atvinna skapað grundvöll fyrir 3000 manna íbúafjölgun við Eyjafjörð, sem annars hefði ekki átt þar kost á búsetu. **Mergur málsins er því sá, að staðarval stóriðjufyrirtækis við Eyjafjörð (sem veitir 350—400 manns vinnu) hefur í för með sér staðarval 3000 íbúa þar, sem annars settust að öllum líkindum að á höfuðborgarsvæðinu.**

Ljóst er, að staðsetning 3000 íbúa í Eyjafirði hefði í för með sér minni fjárfestingu í brúm yfir umferðarhnúta en á höfuðborgarsvæðinu, færri bílastæði á mörgum hæðum, minni umferðarvandamál, kostnaðarminni tækifæri til útilífs og minni umferðargæslu. Hliðstæða sögu er að segja um grunnfjárfestingu í holræsum, götum á súlum o. s. frv. Yfirleitt má segja, að kostnaðurinn við byggingu þjónustumannvirkja og rekstur viðkomandi sveitarstjórna yrði augljóslega minni fyrir þjóðarbúið, ef íbúafjölgunin yrði í Eyjafirði, heldur en hún gerði á höfuðborgarsvæðinu, t. d. má benda á óhagkvæma stærð Akureyrar sem stjórnunareiningar. Stækkun hennar gerði staðinn tiltölulega ódýrari stjórnunareiningu.

b) Félagsleg velferð:

Umrædd íbúafjölgun yrði til þess á Eyjafjarðarsvæðinu að skapa æskilegan grundvöll til þess að **auka fjölbreytni** ýmiss konar félagslegrar þjónustu í byggðinni á sviðum, sem nú eru tæplega eða alls ekki til staðar vegna fólksfæðar. Þær félagslegu umbætur, sem með þessu fengjust, koma einnig nágrannabyggðunum til góða. Í þessu sambandi má nefna sérfræðiþjónustu lækna, bætta aðstöðu til sjúkrahússþjónustu, fleiri sérskóla o. s. frv. Hliðstæð aukin fjölbreytni yrði ekki á höfuðborgarsvæðinu, þar sem allt þetta er þegar fyrir hendi þar. Þvert á móti hefði aðflutningur fólks þangað í för með sér aukaálag á ýmiss konar þjónustu, sem annar varla hlutverki sínu við núverandi aðstæður. Að auki má nefna meiri hættu á spákaupmennskueftirspurn eftir húsnæði þar, vegna þess álits, að höfuðborgarsvæðið verði eina vaxtarsvæðið í landinu næstu árin. Sá verðþenslumunur, sem orðinn er á fasteignum á svæði höfuðborgarinnar og í öðrum landshlutum, færi þá heldur vaxandi í réttu hlutfalli við félagslegt óréttlæti, sem slík þróun veldur.

c) Efnahagsleg vaxtaáhrif.

Hluti af þeim auknu umsvifum, sem bent er á hér að framan, **yrði í formi aukinnar fjölbreytni á beinni þjónustu við atvinnulífið sjálft.** Í Eyjafirði er fjölþættasta atvinnulíf á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Samt sem áður eru umsvif þar ekki nægilega mikil til þess, að markaður sé nægur fyrir ýmiss konar bráðnauðsynlega þjónustu við atvinnulífið. Við hin auknu umsvif risu upp bókhaldsskrifstofur, starfsemi hagræðingarráðunauta, tækni- og viðskiptaráðunauta, meiri varahluta- og viðgerðarþjónustustarfsemi o. s. frv. Þessi fjölbreytni þjónustu í þágu atvinnulífsins kæmi einnig nágrannabyggðum til góða og bætti þar starfsskilyrði starfandi eða nýrra atvinnufyrirtækja. Við það nýtist betur en ella fyrirliggjandi fjárfesting á viðkomandi stöðum og nýting þeirra auðlinda, sem þeir byggja tilvist sína á. Á hinn bóginn yrði ekki um aukna fjölbreytni í þessum efnum að ræða á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru fyrir hendi nú þegar þau þjónustusvið í þágu atvinnulífsins, sem skortir í Eyjafirði. Áðurnefnd íbúafjölgun hefði einnig varanleg áhrif í Eyjafirði. Fólkinu fjölgar þar, sem búseta þess er. Við þetta færi af stað „sjálfvirk" vaxtarþróun, sem hefur þann efnahagslega ávinning, að minna þarf að kosta til brýnna aðgerða til aukins byggðajafnvægis, þegar fram í sækir.




FIGURE 3
Showing the occurrence of ice around Iceland from 1800 - 1968
(Source : Lauge Koch and the Meteorological Office of Iceland.)

Fylgiskjal IV.

Úr skýrslu nefndar ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, Rvík/Zürich 1972.

4.6.3 By Sea

Akureyri is regularly served by vessels of Eimskip and Ríkisship. All vessels belonging to these companies are especially strengthened for sailing in land-ice in accordance with the most severe stipulations of Lloyds. Shipping along the North Coast of Iceland can, however, at times be temporarily affected by drift ice from Greenland.

The subject of drift ice off the North Coast of Iceland was dealt with in considerable detail during a Symposium on Drift Ice and Climate, held in Reykjavík 27 January through 7 February 1969 under the auspices of the Geoscience Society, the Glaciological Society, the Oceanographic Deparment, and the Mateorological Office of Iceland. The 30 lectures and discussions presented at the Symposium were published in book form in Icelandic (HAFISINN — „The drift ice" — Dec. 1969 pp. 1-552, Almenna Bokafelagid, Reykjavík). An abridged version of most of the lectures in an English translation were published in the journal of the Iceland Glaciological Society „JÖKULL", volume 19, Reykjavík 1970. Most of the information contained in this chapter is obtained from these sources.

The occurrence of ice around Iceland during the last 170 years will be found on the diagram appearing on the next page.

The diagram shows the occurrence of ice around Iceland from 1800 through 1968 with the aid of an „ice index" i. e. the product of the number of weeks with ice per year, and the number of coastal areas near which the ice was observed. There are altogether 10 observation areas in Iceland, even distributed along the entire coast line.

Since the beginning of this century occurrence of ice has created some problem in salings to the North Coast in three years only, i. e. in 1965, 1968 and 1969. For a period of opprotimately one month in these years ordinary cargo ship encountered difficulties in sailing in these waters. The 19th century was much worse in this respect than the present one and was in fact by far the warst in all Iceland's history according to annals.

Currently the ice incidence is defined as the sum of all days when drift ice is sighted within 12 nautical miles from the Icelandic coast. It should, however, be born in mind that the annual ice incidence defined in this manner is evidently more prolonged than the actual periods of heavy ice, obstructing navigation („JÖKULL", page 46).

Nowadays the possiblities to avoid navigational problems due to drift ice encountered in the waters off the Northern Coast of Iceland are much better than a few decades back.

— Firstly it is possible to issue at the end of November each year an ice forecast for Iceland valid until the end of September in the next year. During this period the forecast made one year in advance for each month may at any time be amended according to the east wind component north of Northwest-Iceland during the last weeks („JÖKULL", page 44).
— Secondly observations of sea ice conditions by weather satellites is a new and valuable aid in mapping and following the movement of the ice edge („JÖKULL", page 62). The same is true about by ice reconnaissance flights.
— Thirdly even if the waters are completely covered with drift ice it practically always very scattered because of current and waves (see cover picture of „JÖKULL"). In case of emergency ships equipped for the purpose of sailing through ice can easily get through to Northern Iceland with or without aid from aircrafts.

Nevertheless, since there definitely are some probabilities of ice in the Northern Icelandic waters, several precautions would be advisable in the case of locating an aluminium plant in that area:

— The plant should have 4 months' storage facilities for raw materials. Then only 4 to 5 shipments a year would be needed and, if made at the right time of the year, any disturbances because of ice should be out of the question. The same applies to other supplies or auxiliary equipment needed.
— Still further precautions could be used, if necessary, such as renting specially equipped ships for serving the plant in case they would have to go through ice, which most of the time is penetrable because of cracks forming „straits and islands" caused by movements of the oceanic waves.

These precautons and possibly a longer storage period of aluminium at times would of course cost money. However, bearing in mind the above mentioned knowledge about the movements of the drift ice in these waters, the available measures regarding sailings in case of emergency, and the past experience of sailings there, e. g. in 1965, 1968 and 1969, there is no doubt that the possiblity of ice in the waters off the North Coast does not represent any technical hindrance for locating an aluminium reduction plant in this part of Iceland.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um brottnám eða greftrun mannvirkja frá styrjaldarárunum.

Flm.: Oddur Ólafsson, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta grafa eða fjarlægja herskálabotna og gafla, svo og aðrar ónothæfar mannvirkjaleifar frá styrjaldarárunum, sem enn má sjá víða um land á byggðum og óbyggðum svæðum. Verk þetta verði unnið, að svo miklu leyti sem unnt er, á árinu 1974. Kostnaður við framkvæmdina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þótt liðin séu 28 ár frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari, má víða um landið sjá óhrjálegar rústir mannvirkja þeirra, er herir bandamanna reistu hér á styrjaldarárunum. Einkum er um að ræða steypu herskálabotna, herskálagafla, sundursprungin steypustykki og ýmiss konar annað rusl úr fyrrgreindum byggingum. Leifar þessar eru í hróplegu ósamræmi við náttúru og landslag og oft þeim til ama, er í nágrenni búa.

Á árunum eftir styrjöldina mun hið opinbera hafa selt einstaklingum eða félögum það, er nýtilegt var úr byggingum þessum, og oft með þeirri kvöð, að leifar væru fjarlægðar eða grafnar. Sýnilega hefur orðið mikill misbrestur á framkvæmdum í þessu efni af ýmsum ástæðum.

Þar eð hér er um umhverfismál og fegrun lands að ræða, er eðlilegt, að stefnt sé að því, að landhreinsun þessi fari fram á afmælisárinu 1974. Erfitt er að gera sér grein fyrir heildarkostnaði við þessar framkvæmdir, en eðlilegt verður að teljast, að sá aðili, þ. e. ríkissjóður, er hlaut hagnaðinn af hinum nýtanlegu verðmætum, greiði kostnaðinn við hreinsun landsins.

Verk þetta þyrfti að vinna í samráði við landeigendur og sveitarstjórnir, en án efa hefði Vegagerð ríkisins besta aðstöðu til framkvæmdanna, þar eð hún er með stórvirkar vinnuvélar starfandi víða um landið mestan hluta ársins.

Nd. **71. Frumvarp til laga** [65. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný mgr., sem orðist svo.

Skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, er þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkru leituðu allmargir nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík til Sjómannafélags Reykjavíkur og báðu um ráðleggingar og hjálp, eftir að hafa fengið þau svör hjá framkvæmdaaðila orlofslaganna (Pósti og síma), að ekki væri hægt að verða við óskum þeirra um greiðslu áunnins orlofsfjár á tímabilinu frá 16. september til 1. maí.

Sjómannafélag Reykjavíkur hefur óskað eftir því við mig að flytja frv. þetta.

Í hinni nýju löggjöf um orlof, sem hér er gerð till. um, að breyting verði gerð á, og í reglugerð um orlof (nr. 150 21. júní 1972) eru engin sérstök ákvæði um skólafólk.

Þegar þess er gætt, að vinnuafl þessa fólks, bæði stúlkna og pilta, hefur um langt árabil verið þýðingarmikil driffjöður allra helstu framleiðsluatvinnuvega þjóðarinnar, virðist hér um yfirsjón að ræða. Ekki ætla ég að ásaka höfunda frv. þar um, miklu frekar okkur alþingismenn, sem höfðum frv. til meðferðar í báðum deildum Alþingis.

Minnast verður þess, að auk lengingar orlofs var eitt meginsjónarmið haft í huga við undirbúning þessarar lagasetningar, það, að með allt of löngum raunverulegum vinnudegi verkafólks og auknu vinnuálagi væri reynt að sjá fyrir því, að verkafólk, sem bæði fengi greitt orlofsfé og hefði réttinn til að taka sér frí, neytti þessa réttar á orlofstímabilinu, sjálfu sér og sínum til hvíldar, hressingar og endurnæringar.

Í ljósi þessa er þegar ljóst, að orlofshagsmunir skólafólks og þeirra, sem vinna hörðum höndum árið um kring, fara ekki saman. Flm. hefur þegar minnst á Stýrimannaskólann. Nemendur þessa skóla og Vélskóla Íslands voru a. m. k. til skamms tíma með nokkru hærri meðalaldur en nemendur flestra annarra sambærilegra sérskóla. Stafar þetta m. a. af því, að þegar skyldunámi lýkur, þurfa þeir að stunda sitt verklega nám á skipi, sem þeir eru lögskráðir á, og þurfa stýrimannaskólanemar a. m. k. nær tveggja ára siglingatíma til þess að komast inn í skólann. Og láir þeim enginn, þótt marga þeirra hafi hent, eins og margan nemanda svokallaðra æðri skóla, að hafa þá fest ráð sitt og stofnað til heimilis.

Þessir nemendur hafa þrjá og hálfan til fjóra mánuði á milli bekkja til að afla sér framfærslueyris. Þessum mönnum er allt annað í huga þennan stutta ársvinnutíma en að fara í frí. Þeir koma af skólabekk til erfiðrar vinnu á skipum flotans og koma þaðan hressir og endurnærðir eftir þennan stutta tíma til framhaldsvinnu við sitt sérskólanám.

Flm. telur ljóst vera, að skv. lögunum geta þessir menn fengið sitt orlofsfé greitt að ári, á næsta orlofstímabili, án þess að rýra tekjumöguleika sína. En þetta verður að gerast með því að sækja óskylda vinnu. En þetta er ekki aðeins óhagkvæmt fyrir þá nemendur, sem þurfa á öllu fé sínu að halda til sinnar framfærslu yfir vetrarmánuðina, heldur einnig fyrir þjóðarbúið í heild. Um er að ræða sérhæfða menn, sem eru þeirri atvinnugrein, sem þeir starfa í, ákaflega þýðingarmiklir, sér-

staklega yfir orlofstímann, þegar þeir leysa af yfir- og undirmenn, svo að þeir nái því orlofi, sem þeim ber skv. lögum og þeim er nauðsynlegt.

Benda má á hættuna á því, að þeir ílendist í landvinnu og verði því ekki til aðstoðar við lausn svokallaðs „undanþáguvandamáls," sem ítarlega hefur verið rætt innan þings og utan undanfarin ár.

En gagnvart þeim sjálfum er líka um óréttlæti að ræða, þurfi þeir að fara þessa leið, og eykur einnig á framangreint undanþáguvandamál. Flestir þeirra nota þennan tíma milli bekkja til þess að ljúka sínu verklega námi, ná í fullan siglingatíma, svo að atvinnuréttindum skipstjórnarmanna verði náð hið fyrsta. Engin ástæða er til að leggja stein í götu þeirra til að svo geti orðið.

Flm. þessa frv. er samþykkur þeirri stefnu, sem fram kemur í hinum nýju orlofslögum, að með þeim þurfi að beita óbeinum aðgerðum, svo að sá mikli fjöldi launþega, sem vinnur of langan vinnutíma, fái notið í raun síns orlofs.

Stytting vinnutímans verður ekki raunveruleg með lagasetningunni einni, ef saman fer nær ótakmarkaður möguleiki til hlutfallslegrar lengingar yfirvinnutímans.

Varaformaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík upplýsti fyrir skömmu, að stúdentar, sem nám stunda við Háskóla Íslands, hefðu tæplega sést á hinum almenna vinnumarkaði verkamanna á Reykjavíkursvæðinu hin síðari ár.

Í þessu felst mikill sannleikur. Eiga þar sérstaklega hlut að máli stúdentar, sem telja sína helgustu skyldu að styðja byltingu verkalýðsins gegn ríkjandi þjóðskipulagi.

Þó ber að hafa í huga, að stærri hluti stúdenta vinnur hörðum höndum, svo lengi sem skólaleyfi og lestur námsefnis leyfir. Vill flm. t. d. benda á fjölda þeirra námsmanna, sem vinna árlega hjá fyrirtækinu Hval h.f. Eigendur þessa fyrirtækis hafa um langt árabil lagt sig í líma við að hjálpa fátækum námsmönnum um tekjudrjúga sumarvinnu hjá vinnslustöð þeirra, svo að námi yrði áfram haldið. Og er fyrirtæki þetta ekki einsdæmi í þessu tilliti.

Loks vill flm. benda á, að aldur þess skólafólks, sem við framleiðslustörfin starfar, hefur farið mjög lækkandi hin síðari ár. Koma nú þar við sögu bæði nemendur menntaskóla og gagnfræðaskóla. Samhliða þessari þróun er ánægjulegt að veita því athygli, að stúlkur gera sig nú ekki síður gildandi við þessi störf en piltar.

Það skólafólk, sem hér hefur verið minnst á, ásamt öðru, sem öðlast rétt til orlofsgreiðslna vegna vinnu sinnar, mun njóta góðs af, ef frv. þetta verður að lögum.

Í 1. gr. frv. er getið um „viðurkennda skóla". Þá á flm. við sérskóla, svo sem stýrimanna, vélstjóra, matsveina, — einnig gagnfræðaskóla, menntaskóla, háskóla, húsmæðraskóla, bændaskóla og verslunarskóla, en ekki bréfaskóla eða kvöldskóla.

Ed. 72. Frumvarp til laga [66. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, sem undirritaður var í Osló hinn 12. apríl 1973, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar, sem undirrituð var í Osló hinn 15. maí 1973, en samningurinn og viðbótarbókunin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, og viðbótarbókun, sem um er rætt í 1. gr., hafa verið fullgilt, skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM SKRIFSTOFUR RÁÐHERRANEFNDAR NORÐURLANDA OG RÉTTARSTÖÐU ÞEIRRA.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem eru sammála um að efla norrænt samstarf,

sem hafa í því augnamiði ákveðið að koma á fót skrifstofu fyrir norræn samstarfsmál með aðsetri í Osló og hafa áður stofnsett skrifstofu fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn í þeim tilgangi að aðstoða Ráðherranefnd Norðurlanda,

sem æskja þess að ákveða réttarstöðu þessara skrifstofa ásamt skyldum málefnum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Gildissvið samningsins

1. gr.

Samningurinn gildir fyrir áðurnefndar skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda.

Réttarstaða skrifstofanna.

2. gr.

Skrifstofurnar eru sjálfstæðir réttaraðilar með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í viðkomandi landi. Einkum geta þær eignazt og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðilar fyrir dómstólum. Framkvæmdastjórinn eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir, skal koma fram fyrir hönd skrifstofunnar í Osló, og fyrir hönd skrifstofu fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn forstjórinn eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir.

Friðhelgi og sérréttindi.

3. gr.

Fasteignir skrifstofanna og aðrar eignir eru undanþegnar hvers kyns aðför stjórnvalda og dómstóla, nema með beinu leyfi Ráðherranefndarinnar hverju sinni.

4. gr.

Húsnæði skrifstofanna, skjalageymslur og öll skjöl í þeirra eigu eða vörzlu, skulu vera friðhelg, hvar sem þau eru.

Varðandi birtingu slíkra skjala gilda þær reglur, sem Ráðherranefndin setur.

5. gr.

Bréfaskriftir skrifstofanna og aðrar opinberar tilkynningar má ekki ritskoða og um meðferð þeirra skulu þau jafnsett pósti sendiráða.

6. gr.

Skrifstofurnar, tekjur þeirra og eignir, sem notaðar eru við starfsemina, skulu vera undanþegnar allri beinni skattheimtu.

Skrifstofurnar skulu einnig vera undanþegnar öllum tollgjöldum og öðrum slíkum gjöldum af hlutum, sem eru fluttir inn eða út vegna starfseminnar.

Ákvæðin í áðurnefndum liðum eiga ekki við um skatta eða gjöld, sem aðeins varða greiðslu fyrir veitta þjónustu.

Að öðru leyti gilda fyrir skrifstofurnar sömu skatta- og gjaldareglur og fyrir sendiráð í viðkomandi landi.

7. gr.

Ekki er hægt að krefjast skatta af launum og öðrum hlunnindum, sem skrifstofurnar greiða föstu starfsliði sínu.

Skrifstofunum ber skylda til að senda stjórnvöldum samningslandanna skrá yfir það starfslið, sem heyrir undir þennan lið.

Ráðherranefndin setur reglur um skyldur fastráðins starfsliðs til þess að greiða gjald til skrifstofanna í staðinn fyrir skatt.

Ráðherranefndin ákveður gjaldið.

Stjórnvöldum samningslandanna er heimilt að hafa hliðsjón af launum og öðrum hlunnindum fastráðins starfsliðs við útreikning á skatti, sem samkvæmt landslögum eða gildandi tvísköttunarsamningum er lagður á tekjur frá öðrum aðilum en skrifstofunum.

8. gr.

Starfsfólk skrifstofanna og fjölskyldur þess skulu í starfslandinu vera undanþegin tollum og gjöldum af eignum, þar á meðal ökutækjum, sem ætlaðar eru til persónulegra nota og það hefur með sér vegna starfsins í skrifstofunum.

9. gr.

Aðeins er hægt að framselja eignir, sem fluttar eru inn samkvæmt 6. eða 8. grein, með þeim skilyrðum, sem viðurkennd eru af stjórnvöldum þess lands, sem tollfríðindin hefur veitt.

Réttarstaða starfsfólksins.

10. gr.

Ráðherranefndin ákveður starfsreglur og launastiga fyrir skrifstofurnar.

11. gr.

Hver samningsaðili skuldbindur sig til að veita fastráðnum ríkisstarfsmanni sínum leyfi frá störfum fjögur ár til að starfa í skrifstofunum og að reikna starfstímann þar eins og starf innt af hendi í heimalandinu.

12. gr.

Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfsfólk skrifstofanna njóta góðs af lífeyrissjóði ríkisins í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, svo fremi sem annað er ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

Samningur, sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda, sem ríkisstarfsmenn hafa aflað sér í lífeyrissjóði ríkjanna, skal einnig gilda fyrir starfsfólk skrifstofanna, sem hefur lífeyrissjóðsréttindi í þeim Norðurlandanna, sem hafa gerzt aðilar að samningnum.

Um réttindi starfsfólksins til tryggingagreiðslna fer samkvæmt samningnum frá 15. september 1955, ásamt síðari breytingum, milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

13. gr.

Um réttindi starfsfólksins gildir að öðru leyti það, sem í ráðningarsamningi segir eða Ráðherranefndin ákveður.

14. gr.

Til að fjalla um deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings skal stofna sáttanefnd fimm manna, þar sem hvert land tilnefnir einn. Ráðherranefndin ákveður þóknun nefndarmanna. Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar.

Lokaákvæði.

15. gr.

Þennan samning skal fullgilda og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveizlu.

Samningur þessi skal varðveittur í norska utanríkisráðuneytinu, sem sendir hverjum samningsaðila staðfest afrit.

Samningurinn tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin ákveður.

16. gr.

Æski einhver samningsaðila að segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send ríkisstjórn Noregs, er tafarlaust skal skýra hinum samningsaðilunum frá því, svo og hvenær tilkynningin hafi borizt.

Uppsögnin gildir einvörðungu fyrir viðkomandi land og tekur gildi frá og með fyrsta degi þess mánaðar, þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að ríkisstjórn Noregs tók við tilkynningu um uppsögn.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Osló hinn 12. apríl 1973, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslenzku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir Ríkisstjórn Danmerkur:
Jörgen Trier Jacobsen.

Fyrir Ríkisstjórn Finnlands:
Olavi Munkki.

Fyrir Ríkisstjórn Íslands:
Agnar Kl. Jónsson.

Fyrir Ríkisstjórn Noregs:
Hallvard Eika.

Fyrir Ríkisstjórn Svíþjóðar:
Richard Hichens-Bergström.

VIÐBÓTARBÓKUN UM SKRIFSTOFU STJÓRNARNEFNDAR NORÐURLANDARÁÐS OG RÉTTARSTÖÐU HENNAR.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa sannreynt, að stjórnarnefnd Norðurlandaráðs hefur í samræmi við 49. grein samstarfssamningsins frá 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sett á stofn skrifstofu með aðsetri í Stokkhólmi,

sem æskja þess að ákveða réttarstöðu þessarar skrifstofu ásamt skyldum málefnum,

sem gert hafa með sér samning hinn 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði samningsins frá 12. apríl 1973, 1. til 14. grein, um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, taka einnig til skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi, með hliðsjón af 2. og 3. grein í þessari bókun.

2. gr.

Ritari stjórnarnefndarinnar eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir, skal koma fram fyrir hönd skrifstofu stjórnarnefndarinnar.

3. gr.

Ákvörðunarréttur sá, sem samkvæmt 4., 7., 10. og 13. grein er í höndum Ráðherranefndar Norðurlanda, fellur undir stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í málum, sem varða skrifstofu stjórnarnefndarinnar.

4. gr.

Þessa viðbótarbókun skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveizlu.

Bókun þessi skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu, og skal það senda ríkisstjórnum aðildarlandanna staðfest afrit.

Bókun þessi tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin í samráði við stjórnarnefnd Norðurlandaráðs ákveður, þó ekki fyrr en samningurinn um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra tekur gildi.

5. gr.

Þessari viðbótarbókun er hægt að segja upp í samræmi við 16. grein samningsins um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra. Ef samningnum er sagt upp, fellur viðbótarbókunin sjálfkrafa úr gildi um leið og hann.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað þessa bókun.

Gjört í Osló hinn 15. maí 1973 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslenzku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir Ríkisstjórn Danmerkur:
Jörgen Trier Jacobsen.

Fyrir Ríkisstjórn Finnlands:
Olavi Munkki.

Fyrir Ríkisstjórn Íslands:
Agnar Kl. Jónsson.

Fyrir Ríkisstjórn Noregs:
Hallvard Eika.

Fyrir Ríkisstjórn Svíþjóðar:
Richard Hichens-Bergström.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðherranefnd Norðurlanda (samstarfsráðherrarnir) samþykkti á fundi sínum í **Helsinki hinn 18. febrúar 1972** að stofna fastaskrifstofu fyrir norræn samstarfsmálefni og skyldu starfa þar embættismenn, sem óháðir væru ríkisstjórnum heimaríkja sinna.

Ráðherranefndin setti eftirfarandi rammaákvæði um starfsemi skrifstofanna: Þær skulu aðstoða Ráðherranefndina við meðferð norrænna samstarfsmálefna. Þær skulu vera til aðstoðar við framkvæmd á þeim rannsóknum, sem Ráðherranefndin óskar eftir að gerðar séu, og framkvæma þær umfangsminni athuganir, sem liggja þurfa til grundvallar við ákvarðanatökur Ráðherranefndarinnar.

Á fundi sínum í Osló hinn 17. og 18. febrúar 1973 samþykkti Ráðherranefndin reglur um starfssvið skrifstofanna, sem eru í samræmi við framangreind rammaákvæði. Auk þess veita þessar reglur skrifstofunum svigrúm til að eiga sjálfar frumkvæði að nýjum samstarfsverkefnum.

Samningur þessi tekur til skrifstofu Ráðherranefndarinnar í Osló, sem hóf starfsemi sína til bráðabirgða hinn 1. júní 1972 með einum starfsmanni frá hverju Norðurlandanna. Ennfremur tekur hann til skrifstofunnar í Kaupmannahöfn fyrir norrænt menningarmálasamstarf, sem áður hafði verið komið á fót, og öðlast þessar skrifstofur þar með báðar sömu réttarstöðu. Svipar henni að mörgu leyti til þeirrar réttarstöðu, sem alþjóðastofnanir njóta. Að því er starfsfólk skrifstofanna varðar hefur þessi skipan mála þau áhrif, að launagreiðslur og skattgreiðslur fara eftir sérstökum reglum, þar sem m. a. gjald það, sem starfsfólk greiðir í stað venjulegra skatta, rennur í sjóði Ráðherraráðsins og myndar sérstakan tekjulið á fjárhagsáætlun þess.

Á grundvelli fjárhagsáætlunar, sem staðgenglanefnd Ráðherranefndar Norðurlanda hefur gert, má áætla, að stofn- og rekstrarkostnaður skrifstofunnar í Osló verði alls 3,4 milljónir norskra króna á fjárhagsárinu 1973—1974, þar af verði kostnaður við bráðabirgðaskrifstofuna u. þ. b. 0,3 milljónir. Samkvæmt ákvörðun Ráðherranefndarinnar er útgjöldum skipt með hliðsjón af vergri þjóðarframleiðslu hvers ríkis og verða hlutfallstölur þá sem hér segir: Ísland 1%, Danmörk 22%, Finnland 16%, Noregur 16% og Svíþjóð 45%. Samkvæmt þessu verður hlutur Íslands 34.000 norskar krónur á fjárhagsárinu 1973—1974. Gert er ráð fyrir, að skrifstofan fái aukið starfslið um áramótin 1974—1975, og verður hlutur Íslands þá u. þ. b. 41.000 norskar krónur á ári, auk launa- og verðlagshækkana.

Breyting á stöðu skrifstofunnar fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn í líkingu við alþjóðastofnanir mun ekki hafa í för með sér aukin útgjöld. Árið 1973 er rekstrarkostnaður áætlaður 3.480.000 danskar krónur og er hluti Íslands samkvæmt framansögðu því 34.800 danskar krónur. Þar eð starfsmenn munu eftir þessa breytingu greiða gjald til skrifstofunnar í stað venjulegra skatta, er áætlað að útgjöld skrifstofunnar lækki í 3.210.000 danskar krónur árið 1974. Næstu árin má síðan gera ráð fyrir 5—10% árlegri útgjaldaaukningu, auk launa- og verðlagshækkana. Ráðherranefndin hefur ekki enn tekið afstöðu til þess, hvort auka þarf starfsemi skrifstofunnar umfram það, sem hér er áætlað, en varlega reiknað er varla unnt að áætla árlega aukningu minni en 10%.

Að beiðni stjórnarnefndar Norðurlandaráðs hafa ríkisstjórnir Norðurlanda gert viðbókarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar. Var sú bókun undirrituð í Osló hinn 15. maí 1973. Af henni leiðir, að skrifstofa stjórnarnefndarinnar í Stokkhólmi hlýtur sömu réttarstöðu og framangreindar skrifstofur í Osló og Kaupmannahöfn.

Nd. 73. Frumvarp til laga [67. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 60 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út fyrir marslok 1974.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin, sem eru gefin út til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

4. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

5. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar, svo og verðbætur, undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna, og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar við að ljúka Djúpvegi og opna þannig hrnigveg um Vestfirði.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

9. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um lánið með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegagerð ríkisins hefur gert lauslega áætlun um, að vanta muni um 55 milljónir króna til að fullgera Djúpveg, þegar unnið hefur verið fyrir þær 50 milljónir, sem á vegáætlun eru til þeirrar vegagerðar. En á þessu hausti hefur þegar verið unnið fyrir nokkurn hluta þeirrar upphæðar.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að brennandi áhugi Vestfirðinga á því, að þessari langþráðu vegagerð verði lokið, skuli hagnýttur á þann hátt, að ríkissjóður gefi út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf að upphæð 60 milljónir króna, og skuli þannig aflað fjár til lokaáfangans í Djúpvegi og opnunar hringvegar um Vestfirði.

Hér er, eins og menn sjá, farið inn á nákvæmlega sömu braut um fjáröflun og farin var til úrslitaátaksins um opnun hringvegar um landið.

Öll ákvæði frumvarpsins um lánstíma og lánskjör þessa happdrættisláns ríkissjóðs eru samhljóða ákvæðum laganna um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi.

Bréfin falla þannig í gjalddaga að liðnum 10 árum frá útgáfudegi þeirra. Ætlunin er, að þau séu verðtryggð á þann hátt að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Vextir verði ekki greiddir af bréfunum, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, svo sem segir í 6. gr. frumvarpsins.

Fleira þarf ekki að taka fram til skýringar á sjálfu efni frumvarpsins.

En hér er um mjög þýðingarmikið samgöngumál Vestfirðinga að ræða, auk þess sem það hefur mikla almenna þýðingu. Ísafjarðarkaupstað er það að sjálfsögðu brýn nauðsyn að komast í beint akvegasamband við sveitabyggðirnar við Djúp, og Djúpmönnum á sama hátt nauðsyn að komast í beint akvegasamband við verslunar- og viðskiptamiðstöð sína, Ísafjarðarkaupstað.

Að vonum hefur mikillar óþreyju gætt vegna þess, hversu sorglega seint hefur gengið að ná endum saman í Djúpvegi, svo að sumir hafa jafnvel flokkað þessa framkvæmd undir eilífðarmálin.

En nú hyllir þó loks undir lokaframkvæmd, og er með frumvarpi þessu skírskotað til Vestfirðinga að sýna áhuga sinn í verki og leggja sjálfir fram það fé, sem á vantar til að fullgera hinn langþráða veg um fagrar byggðir Djúpsins.

Við, Vestfirðingar, viljum ekki viðurkenna, að opnaður sé hringvegur um landið, fyrr en lykkjan er einnig lögð um byggðir Vestfjarða, og þeir þannig orðnir innan hringsins, en ekki utan.

Málið er flutt af öllum þingmönnum Vestfjarða í neðri deild, en rétt er að taka fram, að það nýtur einnig stuðnings þeirra Vestfjarðaþingmanna, sem sæti eiga í háttvirtri efir deild, og er flutt í fullu samráði við þá.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um kaup á farþegaskipi, er sigli milli Íslands, Færeyja, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar kaup á sérsmíðuðu farþegaskipi, er hafi reglubundnar ferðir milli Reyðarfjarðar (Búðareyrar), Þórshafnar í Færeyjum, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Stefnt skal að því, að skipið geti hafið ferðir milli landanna að vorlagi 1976.

Greinargerð.

Fyrir um tveimur vikum var M/S GULLFOSS seldur úr landi, og með þessari sölu hvarf síðasta sérsmíðaða farþegaskipið úr eigu Íslendinga. Almennt má segja, að eftirsjá sé að slíku skipi sem Gullfoss var. Hins vegar er það vart sæmandi eyþjóð, er vill telja sig sjálfstæða og þess umkomna að hafa eðlileg samskipti við nágrannaþjóðir sínar, að eiga ekki gott farþegaskip, er tryggi reglubundnar samgöngur á milli þessara landa. Einnig má benda á það mikla öryggi, sem fólgið er í því að hafa slíkan farkost, ef safna þarf saman fólki í skyndingu eða tryggja flutning þess milli svæða með skjótum og öruggum hætti. Flutningsmaður telur ekki sæmandi einmitt nú, er minnst verður á komandi ári 1100 ára byggðar á Íslandi, að þá skuli ekkert farþegaskip vera til í eigu okkar. Þótt það sé staðreynd, að yfirgnæfandi fjöldi velur að ferðast með flugvélum, má ekki gefast upp við að reka hér gott farþegaskip, sem tryggi samgöngur á sjó milli frændþjóðanna og bindi með því eyríkin tvö öruggum böndum. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Á nýloknu Norðurlandaráðsþingi voru samgöngumálin mjög á dagskrá, og kom fram í máli manna, að þau snertu nær eingöngu löndin þrjú: Danmörk, Svíþjóð og Noreg. En ber ekki að hafa eyríkin með í myndinni og ráða fram úr þeim vanda, sem lega þeirra skapar í samgöngum? Það er skoðun flutningsmanns, að vel megi skipuleggja fastar siglingar milli áðurnefndra þjóða með góðum árangri, sé þess gætt að taka á þessu máli með nýju viðhorfi og skipuleggja það samkvæmt því.

Hugmynd flutningsmanns er sú, að sérfróðum og duglegum mönnum verði falið að rannsaka hentugan skipakost til þessara ferða. Staðsetning heimahafnar skipsins

verði Reyðarfjörður og þar verði sköpuð fullkomin aðstaða fyrir skipið og farþega, ásamt útlendingaeftirliti og tollskoðun. Skipið hefji siglingar þaðan og sigli síðan til Þórshafnar, Bergen eða Kristiansand, eftir því hvað fróðir menn telja heppilegra, og síðan til Gautaborgar og loks til Kaupmannahafnar, er verði endahöfn.

Vegalengdir milli staða eru sem hér segir:

Reyðarfjörður	—	Þórshöfn	280	sjómílur	um	18	t. sigling
Þórshöfn	—	Bergen	390	—	—	25	- —
Þórshöfn	—	Kristiansand	520	—	—	33	- —
Bergen	—	Gautaborg	335	—	—	21	- —
Kristiansand	—	Gautaborg	135	—	—	8-9	- —
Gautaborg	—	Kaupmannahöfn	145	—	—	9	- —
Kristiansand	—	Kaupmannahöfn	240	—	—	15	- —
Þórshöfn	—	Kaupmannahöfn	760	—	—	47	- —

Þetta yfirlit sýnir, að með ganggóðu skipi, sem siglir með jafnaðarferð 16 mílna hraða á klukkustund, má ljúka ferð á 5 dögum, og vænta má 2 daga tíma í lestun og losun. Skipið mun því sigla fjórum sinnum frá Íslandi til hinna landanna á mánuði, og ætti öllum að vera það ljóst, hversu mikil samgöngubót slíkar siglingar yrðu. Skip, sem þetta þarf að geta tekið 350—400 farþega og um 90 fólksbíla. Með þessu fyrirkomulagi telur flutningsmaður, að gerbreyta megi komu farþega til landsins og jafna álagið, sem hér ríkir á Reykjavík á aðalfarþegatíma ársins. Með því að velja Reyðarfjörð sem miðstöð hér á landi, telur flutningsmaður, að farþegar muni dreifast vel til suðurs og norðurs vegna hringvegarins. Örugglega má telja, að veruleg aukning verði á því, að farþegar taki með sér einkabíl sinn til landsins, og þá er það frjálst val, hvaða leið þeir aka til Reykajvíkur, ef þeir á annað borð leggja það á sig. Vissulega mun Austurland og héruðin fyrir norðan og sunnan fá góðan skerf frá þessari breyttu skipan farþegastraums til lands, og er það vel. Útlendingar munu með þessu fyrirkomulagi eiga þess kost að sjá meira af landi okkar og kynnast viðhorfi fleira fólks.

Ekki er mögulegt að fara hér út í gerð þessa skips, en flutningsmaður mun í framsögu ræða nánar um ýmis atriði og nýjungar, sem þurfa að koma í þetta skip. Sem hugmynd t. d. um þjónustu vill flutningsmaður nefna, að skipulag þarf að vera með öðru móti en hingað til hefur tíðkast á Gullfossi, vegna nauðsynjar á sem minnstum rekstrarkostnaði. En allt þetta munu sérfræðingar fjalla um, er til verða kvaddir að velja viðeigandi gerð og stærð skipsins. Grundvallaratriðið er, að hafist verði handa sem fyrst til að leysa þetta verkefni, svo að skipið geti hafið siglingar vorið 1976.

Sem hugmynd um fjármögnun við kaup á þessu skipi, vill flutningsmaður benda á, að eðlilegt má telja að gera almennt hlutafjárútboð á öllum Norðurlöndunum. Þess verður að vænta, að víða sé áhugi á eflingu betri samgangna milli landanna og að menn sýni þennan áhuga í verki með því að kaupa hlut í fyrirtækinu. Þessu samfara þarf að velja og meta, hvaða rekstrarform henti best á þessu skipi, en það er skoðun flutningsmanns, að eðlilegt sé, að ríkisvaldið sé stærsti aðilinn og tryggi jafnframt, að lánastofnanir muni fá greitt fé til smíðanna á umsömdum tíma. Þess verður einnig að vænta, að lánastofnanir á Norðurlöndunum séu þess fúsar að fjármagna kaupin með hagkvæmum lánum, sé ríkistrygging á greiðslu fyrir hendi. Einnig er sjálfsagt, að útboð um smíðina fari fram milli skipasmíðastöðva á öllum Norðurlöndunum og norræn samvinna fái með þessu sérstakt tækifæri til þess að leysa knýjandi verkefni í samgöngum landanna.

Ekki mun flutningsmaður leggja hér til ákveðið, hvaða aðili skuli annast rekstur þessa skips hér á landi. Hann telur þó æskilegast, að sérstakt hlutafélag, með mestu framlagi úr ríkissjóði, eigi að stofna og það taki að sér reksturinn. Verði hins vegar annað talið heppilegra og jafnárangursríkt, er nauðsynlegt, að ekki komi til togstreitu um rekstrarformið.

Upplýsingar um farþegafjölda með M/S Gullfossi sýna, að hlutfallslega fáir koma með skipi til landsins. Hins vegar mun þetta breytta ferðafyrirkomulag skapa nýtt viðhorf í ferðum til landsins. Eins og sést af leiðartöflunni hér að framan, tekur ferðin aðeins um 18 tíma milli Íslands og Færeyja. Þetta er hrein bylting í samgöngum milli landanna. Sama má segja um ferðina til Kristiansands. Hún tekur alls um 50 tíma. Síðan er þægilegt að fara hvert sem menn vilja um Suður-Noreg. Milli Kristiansands og Gautaborgar er aðeins 9 tíma sigling og svo áfram til Kaupmannahafnar 10 tímar. Á þessu má sjá, að svona skip gerbreytir möguleikum til þess að fara á milli landanna og taka með sér þarfasta þjóninn, þ. e. a. s. bílinn. Þetta skip mun vissulega verða vinsælt fjölskilduskip, er tímar líða, og einnig orlofsskip fyrir starfshópa fyrirtækja, er þá geta leigt áætlunarbíla milli komutíma skipsins á viðkomandi höfnum.

Það er mál kunnugra manna, að vel skipulögð fjárfesting í farþega- og skemmtiferðarekstri sé fljót að gefa af sér arð. Sú er skoðun flutningsmanns, ef myndarlega verður staðið að kaupum að þessu skipi, sem er þjóðarnauðsyn og ætti að vera stolt okkar að gera.

Ed. 75. Frumvarp til laga [69. mál]

um löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.

Nefndin skal veita fiskiskipum upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð. Skipstjóri hvers skips, skal tilkynna nefndinni við brottför af veiðisvæði, um aflamagn, veiðisvæði og löndunarhöfn. Vanræki skipstjóri að gefa framangreindar upplýsingar, getur viðkomandi skip glatað þeirri löndunarröð, sem það annars hefði haft, auk þess sem nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt 5. gr. Ef ekki er hægt að ákveða löndunarhöfn við brottför af veiðisvæði, skal nefndinni tilkynnt um löndunarhöfnina, um leið og hún hefur verið ákveðin, en samt sem áður, skal nefndinni ávallt tilkynnt um aflamagn og veiðisvæði viðkomandi skips, um leið og haldið er af veiðisvæði. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun.

3. gr.

Loðnunefnd skal fara með stjórn loðnuflutningasjóðs, sem stofnaður var á loðnuvertíð 1973. Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, hve mikið skal greiða í loðnuflutningasjóð, að fengnum tillögum Loðnunefndar.

Ákvörðun um greiðslu til loðnuflutningasjóðs skal tekin um leið og verðlagning loðnu fer fram, hverju sinni.

Loðnunefnd annast innheimtu loðnuflutningasjóðsgjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er Loðnunefnd setur. Nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð hverju sinni, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Loðnunefndar og áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Heimilt skal að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum, til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Kaupendur skulu standa skil á greiðslum þessum og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti skal hann geymast til næsta árs.

5. gr.

Gerist stjórnendur verksmiðja brotlegir við 1. eða 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa, þó móttökuskilyrði séu fyrir hendi. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í viðkomandi verksmiðjur í allt að sjö sólarhringa.

Gerist skipstjóri brotlegur við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að þrjá sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrki fyrir viðkomandi veiðiferð. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrki fyrir viðkomandi veiðiferð.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. júní s. l. skipaði sjávarútvegsráðuneytið undirritaða í nefnd til að endurskoða núgildandi lög um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu og semja drög að frumvarpi til laga um það efni.

Við endurskoðun laganna hefur nefndin einkum stuðst við þá reynslu, sem fékkst á síðustu loðnuvertíð og í frumvarpsdrögunum er reynt að gera einstakar greinar núgildandi laga skýrari og ákveðnari, en að öðru leyti er gert ráð fyrir, að fyrirkomulag á löndun á loðnu til bræðslu verði með svipuðu sniði og á síðustu loðnuvertíð.

Nefndin hefur leitað umsagnar Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, svo og Gauks Jörundssonar, prófessors, og breytt drögum sínum til samræmis við framkomnar tillögur. Fylgja þau nefndaráliti þessu þannig

breytt, og það er tillaga nefndarinnar til ráðuneytisins, að það beiti sér fyrir því, að frumvarpið í þessari mynd verði lagt fyrir Alþingi, á þessu hausti, þannig að það geti orðið að lögum um n. k. áramót.

Flestir eru sammála um, að setning laga um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu og síðar setning laga um loðnuflutningasjóð hafi tvímælalaust reynst til mikilla bóta og beri að halda þessari starfsemi áfram.

Núgildandi lög um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu voru sett til eins árs með það fyrir augum, að þau yrðu endurskoðuð að lokinni loðnuvertíð með tilliti til þeirrar reynslu, sem þar fengist.

Það kom fljótlega í ljós, að breyta þyrfti núgildandi lögum nokkuð, áður en sett yrðu lög til frambúðar um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu og þá einkum að gera einstakar greinar skýrari og ákveðnari, en þær eru nú.

Verður hér getið helstu tillagna nefndarinnar um breytingar á núgildandi lögum:

Lagt er til, að 2. mgr. 2. gr. laganna verði felld niður, en hún er svo hljóðandi:

„Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi".

Skipstjórar hafa eindregið lagt til, að Loðnunefnd fái heimild til að stöðva löndun í verksmiðjur á ákveðnum svæðum í stuttan tíma, bæði til að koma fleiri verksmiðjum fyrr í gagnið og eins til að reyna að fyrirbyggja löndunaröngþveiti síðar meir.

Þá eru í 2. gr. frumvarpsdraganna sett skýrari ákvæði um tilkynningarskyldu skipstjóra til nefndarinnar, en nokkrir erfiðleikar sköpuðust á síðustu loðnuvertíð vegna ófullnægjandi ákvæða um þetta efni.

Í 5. gr. frumvarpsdraganna eru sett ítarleg ákvæði um refsingu fyrir einstök skip og verksmiðjur, sem gerast brotleg við lögin eða reglur settar samkvæmt þeim.

Að öðru leyti skýra frumvarpsdrögin sig sjálf.

Reykjavík, 15. október 1973.

Gylfi Þórðarson

Andrés Finnbogason — Jóhannes Stefánsson

Jónas Jónsson — Loftur Júlíusson

Ed. 76. Frumvarp til laga [70. mál]

um starfskjör launþega o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launþega í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launþega og vinnuveitenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

2. gr.

Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Nú hefur annar háttur verið á hafður um greiðslu iðgjalda en lög þessi ákveða fyrir gildistöku þeirra, og er þá heimilt að halda honum áfram.

3. gr.

Öllum vinnuveitendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

4. gr.

Iðgjaldskröfur skv. 2. gr. laga þessara skulu njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitenda til jafns við kröfur skv. a-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 frá 12. apríl 1878, en iðgjaldakröfur skv. 3. gr. til jafns við kröfur skv. 5. tölulið b-liðar sömu greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Það mun almenn skoðun, að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um kaup og kjör séu bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega án tillits til þess, hvort þeir eru aðilar að samtökum þeim, sem undirrita kjarasamninga, eða ekki. Nýlegir hæstaréttardómar, 1971 bls. 646 og 1972 bls. 523, benda hins vegar til þess, að þessi skoðun orki tvímælis. Yrði litið svo á, að vinnuveitendur og launþegar, sem ekki eru beinir aðilar að kjarasamningum, væru óbundnir af þeim, mundi það skerða rétt launþega til ávinnings fyrir vinnuveitanda, því að launþega, sem ræðst til vinnu, er sjaldnast um það kunnugt, hvort vinnuveitandi hans er beinn aðili að kjarasamningum. Meðan ekki hefur tekist að tryggja fullkomið atvinnuöryggi um land allt, er sú hætta alltaf fyrir hendi, að vinnuveitendur noti sér aðstöðu sína með því að skammta þeim naumari rétt en kjarasamningar kveða á um. Mikil eftirspurn húsmæðra eftir hálfs dags vinnu eða ígripavinnu býður einnig þessari hættu heim. Fyrir þetta er 7. gr. laga nr. 80/1938 ætlað að girða, en þar sem vafi leikur á því, eins og áður segir, að hún tryggi rétt allra launþega, þykir nauðsyn til bera að útiloka þann vafa.

Um 2. og 3. gr.

Sjóðir þeir, sem stéttarfélögin hafa á undanförnum árum samið um, að komið yrði á fót, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og orlofssjóðir, gegna nú þegar mikilsverðu félagslegu og menningarlegu hlutverki. Það hlutverk mun fara mjög vaxandi á komandi árum, og ber löggjafarvaldinu tvímælalaust skylda til að tryggja öllum launþegum aðild að þessum sjóðum, svo að ekki skapist verulegt misrétti milli launþega innbyrðis. Í hæstaréttardómi frá 1971, bls. 646, varð niðurstaða sú, að atvinnurekanda, sem stóð utan samtaka vinnuveitenda og hafði í þjónustu sinni ófélagsbundið starfsfólk, væri óskylt að greiða iðgjöld til sjúkrasjóðs og orlofssjóðs viðkomandi stéttarfélags, og verður að ætla, að sama eigi við um mótframlag hans til lífeyrissjóðs. Þarna er því opin leið fyrir ýmsa hina smærri atvinnurekendur til að spara sér verulegt fé, þ. e. allt að 7½ viðbót við útborguð laun verkafólks, með því að standa sjálfir utan samtaka vinnuveitenda og að því tilskildu að starfsfólk þeirra standi af einhverjum ástæðum utan launþegasamtakanna, en slíkt mundi oft vera tiltölulega algengt, t. d. þar sem um hálfs dags störf er að ræða.

Rétt er að vekja athygli á því, að þetta skapar ekki aðeins misrétti milli launþega, heldur einnig og ekki síður meðal vinnuveitenda. Verðlagsákvæði taka mið af eðlilega reknu fyrirtæki, sem greiðir öll þau gjöld, sem fyrirtækið almennt

almennt greiða. Hér skapast því möguleiki fyrir andfélagslega sinnaða atvinnurekendur til að auðga sjálfa sig á kostnað launþega í skjóli löggjafarinnar.

Varðandi 2. mgr. 2. gr. skal það tekið fram, að í a. m. k. einum lífeyrissjóði er sá háttur á hafður, að sjóðfélagar greiða sinn hluta iðgjaldsins sjálfir til sjóðsins, og þykir rétt að heimila, að sá háttur megi haldast.

Um 4. gr.

Rétt þykir, að lögin geymi skýlaus ákvæði um stöðu iðgjalda til sjóðanna í skuldaröð í þrotabúi vinnuveitanda.

Ed. 77. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Maður, sem hefur húsnæði til sumardvalar eða hliðstæðrar tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi en hann dvelst í að jafnaði, getur aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar.

2. gr.

Á eftir 14. gr. komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er þeim, er lögheimili áttu í Vestmannaeyjum að kvöldi dags 22. janúar 1973, rétt að telja sig til lögheimilis í Vestmannaeyjum fram til 1. júní 1974, þótt þeir dveljist utan Vestmannaeyja, nema þeir tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili með sérstakri tilkynningu.

Athugasemd sveitarstjórnar samkvæmt 11. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962, um, að einstaklingur talinn með lögheimili í Vestmannaeyjum sé vantalinn í íbúaskrá hennar 1. desember 1973, skal eigi tekin til meðferðar af þjóðskrá, nema athugasemdinni fylgi vottfest yfirlýsing hlutaðeiganda um, að hann sé samþykkur breytingunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. gr.

Við framkvæmd lögheimilislaga hefur nokkuð borið á því, að menn telji sér hagræði í að eiga lögheimili t. d. í sumarbústöðum eða eyðibýlum úti á landi. Með lögfestingu ákvæðis þessa er reynt að fá fram raunverulegt heimili, ef menn telja, að um tvö heimili sé að ræða.

2. gr.

Vegna þeirra náttúruhamfara, er dunið hafa yfir Vestmannaeyjar, og þeirrar óvissu, er nú ríkir um framtíðarheimilisfang íbúa eyjanna, er nauðsynlegt að lögfesta til bráðabirgða ofangreint ákvæði, og er tilgangurinn þríþættur.

Í fyrsta lagi hefur það ótvíræða þýðingu um álagningu útsvara ársins 1974. Nauðsynlegt er fyrir Vestmannaeyjakaupstað að afla tekna til uppbyggingarstarfs í Vestmannaeyjum, þótt það kunni á einhvern hátt að gerast á kostnað annarra sveitarfélaga, þ. e. þeirra, er nú í dag hýsa Vestmanneyinga. Aftur á móti njóta þau sveitarfélög á ókomnum árum þess uppbyggingarstarfs, sem Viðlagasjóður hefur

staðið fyrir í ýmsum byggðarlögum með byggingu innfluttra húsa ,sem nú þegar á næsta ári munu gefa af sér fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélags, og íbúar húsanna verða útsvarsgjaldendur, er fram líða stundir, auk þess sem hús þessi munu í mörgum tilfellum leysa brýnt húsnæðisvandamál viðkomandi staða.

Í öðru lagi munu fara fram kosningar til bæjarstjórna síðasta sunnudag í maí á næsta ári. Verður þá kosin bæjarstjórn í Vestmannaeyjakaupstað til næstu fjögurra ára. Verður því að telja eðlilegt, að þeir íbúar Vestmannaeyja, sem nú dveljast til bráðabirgða í landi, vilji hafa áhrif á stjórn eyjanna og þá um leið, hvernig staðið verður að uppbygingarstarfsemi í því sveitarfélagi næstu fjögur árin, með því að eiga kosningarrétt og kjörgengi í Vestmannakaupstað.

Í þriðja lagi mun hið almenna jöfnunarsjóðsframlag renna til Vestmannaeyjakaupstaðar, auk þess sem reikna má með allmiklu fé í fólksfækkunarframlag til Vestmannaeyja úr Jöfnunarsjóði. Verði lögheimili látið ráðast af dvalarstað, má reikna með, að fólksfækkunarframlagið verði það hátt, að það hafi veruleg áhrif á hið almenna jöfnunarsjóðsframlag til sveitarfélaganna, sem aftur getur leitt til þess, að á árinu 1975 verði greiddar miklar upphæðir úr Jöfnunarsjóði vegna fólksfækkunar til þeirra sveitarfélaga, sem nú hýsa Vestmanneyinga, þannig að óæskileg röskun verði á jöfnunarsjóðsframlagi næstu tvö árin.

Nd. 78. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

3. gr., 1. mgr., orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni háskólaráðs í samræmi við samþykkt þess á fundi 18. október 1973. Frumvarpinu fylgdi frá háskólanum svofelld greinargerð:

„Þegar stúdentar fengu aðild að rektorskjöri 1969, varð hlutur þeirra um 16% atkvæða við rektorskjör. Fjölgun fastra kennara síðan veldur því, að samkvæmt núgildandi reglum hefur hlutdeild stúdenta lækkað í tæp 10%. Ofangreind tillaga um breytingu á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 84/1970 veldur því, að stúdentar fá að nýju sama hlutfall atkvæða við rektorskjör sem í upphafi."

Verði frumvarpið samþykkt, er að því stefnt, að sú tilhögun, sem það gerir ráð fyrir, geti komið til framkvæmda við það rektorskjör, sem nú stendur fyrir dyrum í Háskóla Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Svo sem rakið var hér að framan felur greinin í sér breyting á aðild stúdenta að kosningu háskólarektors. Í gildandi lögum er kveðið á um, að atkvæðisrétt við

rektorskjör eigi fulltrúar stúdenta í háskólaráði, en þeir eru tveir, svo og annar af tveimur fulltrúum stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi og loks formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Samkvæmt frumvarpinu fá báðir stúdentafulltrúarnir á fundum hverrar deildar atkvæðisrétt við rektorskjör, svo og til viðbótar varaformaður stúdentaráðs. Um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum fer í þessum efnum með sama hætti og háskóladeildir, sbr. 43. gr. laga nr. 112/1970, um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 79. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ný grein, 233. gr. a, orðist svo:

Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af hegningarlaganefnd, en í henni áttu sæti, þegar fjallað var um frv., þeir Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, formaður, Jónatan Þórmundsson, prófessor, Þórður Björnsson, yfirsakadómari, og Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins. Frumvarpinu fylgdi ítarleg greinargerð frá nefndinni þar sem segir m. a.:

I.

Eins og kunnugt er, hafa ýmsar alþjóðastofnanir, og þá ekki síst Sameinuðu þjóðirnar og einstakar sérstofnanir þeirra, beitt sér mjög fyrir því, að alþjóðasamningar hafa verið gerðir, er skuldbindi aðildarríki til að kveða niður með tiltækilegum ráðum mismunun vegna kynþáttar, þjóðernis, litarháttar og trúarbragða. Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna er samtökunum þegar í 1. grein sett það markmið m. a., „að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða“ og að vera m. a. „miðstöð til samræmingar á aðgerðum þjóða til að ná þessu sameiginlega markmiði“. Í fleiri greinum sáttmálans er einnig að þessu vikið, svo sem í 13. og 55. gr. Sameinuðu þjóðirnar hafa áréttað þessi háleitu markmið sín með einstökum samþykktum og samningum. Má þar m. a. nefna mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948, og hefur mannréttindanefnd samtakanna leyst af hendi mikilvæg rannsóknarstörf í sambandi við þau mál.

Hinn 4. nóvember 1950 stofnaði Evrópuráðið til samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og var sá samningur og viðbótarsamningur frá 20. marz 1952 fullgiltur af Íslands hálfu hinn 29. júní 1953 (gildistaka). Segir svo í 14. gr. samningsins: „Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs mannagreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna“.

Hinn 12. desember 1960 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun, þar sem hvers konar mismunun á sviðum stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála og menntunar- og menningarmála vegna þjóðernis, kynþáttar og trúarbragða var fordæmd og hún talin ganga í berhögg við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Málið var sérstaklega tekið til umræðu vegna þess að í byrjun sjöunda áratugsins varð víða um lönd vart áróðurs, sem beindist að einstökum kynþáttum og trúarbrögðum. Á þingi Menningar- og menntunarstofnunar S. Þ. var mál þetta og mjög til umræðu og um það gerðar samþykktir, sbr. einkum samþykkt 7. desember 1962, sem varðar misrétti vegna trúarbragða, litarháttar og þjóðernis. Þessi stofnun átti frumkvæði að því, að Sameinuðu þjóðirnar beittu sér fyrir samningi um þessi efni, sem gerður var hinn 21. desember 1965, United Nations Convention on the Elmination of all forms of Racial Discrimination. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu hinn 14. nóvember 1966, en fullgiltur hinn 13. marz 1967, sbr. auglýsing nr. 14/1968, Stj.tíðindi C, 1968, bls. 154—163. Samningurinn gekk í gildi hinn 4. janúar 1969, 30 dögum eftir að 27 ríki höfðu staðfest hann, sbr. auglýsing nr. 17/1969 í C-deild Stjórnartíðinda 1969, bls. 80. Samningurinn er birtur á ensku sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 14/1968, og virðist hann ekki hafa verið íslenzkaður.

Samningurinn frá 21. desember 1965 er umfangsmikill. Honum er skipt í þrjá meginkafla, I. kafli fjallar um skýrgreiningar og afmörkun á þeim skuldbindingum, sem aðiljar takast á hendur með samningnum, II. kafli fjallar um að koma á fót stofnun, sem fylgist með því að samningurinn sé virtur af aðildarríkjunum og í III. kafla eru ákvæði um fullgildingu samningsins, uppsögn hans og breytingar á honum.

Samkv. 1. gr. samningsins merkir kynþáttarmismunun sérhverja mismunun, útilokun, takmörkun eða forgangsaðstöðu vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða annars uppruna, sem gangi í berhögg við eða skerði jafnrétti borgara til að njóta mannréttinda og frelsisréttinda á stjórnmálalegu, félagslegu, efnahagslegu, menningarlegu sviði eða hverju öðru þjóðfélagssviði. Samningurinn tekur ekki til mismunandi réttarstöðu ríkisborgara og annarra. Samningurinn skýtur ekki heldur loku fyrir, að aðildarríki setji sérstök ákvæði í lög sín um það, hvernig erlendir menn geti öðlazt ríkisfang en ríki má ekki beita mismunun í því efni vegna kynþáttar, þjóðernis eða litarháttar, og andstætt er það honum að svipta menn borgararétti af þessum sökum. Talið hefur verið, að samningar norrænu ríkjanna frá 1950 um öflun ríkisfangs af hendi norræns borgara í öðru norrænu ríki sé ekki í andstöðu við samning þennan. Heimilt er einnig að vissu marki að vernda sérstaka þjóðernisflokka, sem taldir eru þurfa sérstakrar verndar.

Í 2. gr. samningsins er fjallað um þær skyldur, sem hvíla á aðildarríkjum um að fordæma hverskonar kynþáttamismunun o. fl. og að vinna gegn henni með öllum tiltækilegum ráðum og að stuðla að skilningi milli kynþátta og manna með mismunandi litarhátt og af mismunandi þjóðerni, svo og milli einstakra trúarbragðahópa. Ríkin skuldbinda sig til, að opinber yfirvöld, þ. á m. sveitarstjórnarvöld, hefjist ekki handa um neitt það, sem andstætt sé samningnum, og að þau styðji ekki né verndi einstaklinga eða hópa, sem slíkt hafa í frammi. Þá skuldbinda ríkin sig til að láta framkvæma gaumgæfilega rannsókn á almennum reglum, sem kynnu að vera andstæðar samningnum eða framkvæmd laga, sem með slíku marki væri brennd. M. a. skuldbinda ríkin sig til að setja löggjöf, sem banni og stöðvi kynþáttamismunun og aðra þá mismunun, sem samningurinn tekur til, sem höfð sé í frammi af einstaklingum, hópum eða samtökum. Þá skuldbinda ríkin sig í 3. gr. til að að koma í veg fyrir aðskilnað manna, sérstaklega eftir landsvæðum, vegna mismunandi kynþátta þeirra („apartheid").

Í 4. gr. eru síðan nánari ákvæði um skuldbindingar, sem aðildarríkin takast á hendur. Þar er því m. a. lýst, að ríkin fordæmi hvers konar áróður og samtök manna, sem byggja á því, að tiltekinn kynþáttur sé öðrum fremri og eigi að njóta forréttinda af þeim sökum. Ríkin binda sig til að setja lög, er lýsi refsiverða hvers

konar starfsemi, sem útbreiðir skoðanir um yfirburði eins kynþáttar yfir öðrum eða yfirleitt varði kynþáttahatur, svo og starfsemi, sem hvetji til kynþáttamismununar eða til ofbeldisverka gagnvart kynþætti eða tilteknum hópi manna vegna litarháttar þeirra og þjóðernis, svo og að mæla refsivert hvers konar liðsinni, sem heitið sé eða látið sé í té til ofsóknar manna vegna kynþáttar, eða þjóðernis, þ. á m. fjárhagslegt liðsinni. Þá binda ríkin sig til að banna og lýsa ólögleg samtök og alla áróðursstarfsemi, sem hvetur til og stuðlar að mismunun vegna kynþáttar o. fl. og að lýsa þátttöku í slíkum félögum refsiverða.

Ríkin takast í 5. gr. á hendur skyldu til að tryggja hverjum manni jafnrétti fyrir lögum án tillits til litarháttar, kynþáttar, eða þjóðernis. Tekur þetta m. a. til jafnréttis við meðferð mála fyrir dómstólum eða stjórnvöldum, réttar til persónulegs öryggis og verndar ríkisvalds gegn ofbeldi eða líkamsárásum, hvort sem slíkt stafar frá einstaklingi eða opinberum valdhöfum. Tryggt sé einnig, að menn njóti pólitískra réttinda án tillits til kynþáttar eða annars mismunar, sem samningur tekur til, svo og annarra borgararéttinda, félagslegra, efnahagslegra og menntunarlegra réttinda, sem sérgreind eru í samningnum, svo og heimildar til þess að eiga aðgang án nokkurrar mismunar vegna kynþátta o. fl. að stöðum og stofnunum, sem ætlaðir eru almenningi, svo sem flutningstækjum fyrir almenning, hótelum, veitingastöðum, leikhúsum og almenningsgörðum.

Í 6. gr. samningsins er síðan ákvæði, sem býður ríkjum að tryggja með atbeina dómstóla og annarra handhafa ríkisvalds, að menn verði ekki fyrir mismunun vegna kynþáttar síns, litarháttar o. fl. Tryggja ber virka vernd og aðgang að dómstólum og stjórnvöldum, ef misbrestur verður í þessu efni, og ber m. a. að tryggja fólki, sem sætir mismunun, rétt til fébóta eða annarrar fjárhagslegrar uppreistar fyrir tjón, sem það hefur orðið fyrir af þessum sökum.

Samkv. II. kafla samnings skal koma á fót nefnd 18 sérfræðinga, sem hafa skulu eftirlit með því, að ákvæði samningsins séu í heiðri höfð (9. gr.). Nefndin getur fjallað um kærur tiltekins ríkisins á hendur öðru vegna brots á samningnum (11. gr.) og í tilteknum tilvikum jafnvel um kærur einstaklinga vegna brota á samningnum (14. gr.). Nefndin getur mælt með ráðstöfunum, sem fallnar séu til að finna friðsamlega lausn á ágreiningi, sem uppi er á þessu sviði (13. gr.).

Samkv. III. kafla samnings má m. a. gera fyrirvara um einstök atriði, og hafa sum ríki gert það, er þau fullgiltu samninginn. Enginn slíkur fyrirvari var gerður af Íslands hálfu.

II.

Sérstakar laganefndir hafa fjallað á Norðurlöndum um athuganir á því, til hverrar löggjafarstarfsemi þurfi að grípa í tilefni af samningnum frá 21. desember 1965. Nefndirnar hafa haft nokkra samvinnu, en af Íslands hálfu var ekki þátttaka í því samstarfi. Þá hafa nefndirnar gefið út álitsgerðir og tillögur, og er við það stuðst í mótun frv. þessa.

Hegningarlaganefnd hefur farið allrækilega yfir samninginn, en rétt þykir að benda á, að ýmis ákvæði hans eru mjög almenns efnis og sum ekki auðveld í túlkun. Skal nú víkja nokkuð að þessu máli bæði um það, að hverju leyti fyrir hendi eru ákvæði í ísl. löggjöf eða við njóti almennra réttarreglna, sem fullnægja boði samningsins, og í annan stað hverju nauðsynlega þurfi að bæta við þá löggjöf, svo að Ísland fullnægi þeim skuldbindingum, sem það hefur tekizt á hendur með samningnum. Tekið skal fram, að í umræðum í nefndum Sameinuðu þjóðanna hefur stöku sinnum borið á góma hlutur Íslands í þessu efni, einkum í tilefni af skýrslum héðan um framvindu mála. Má ráða af þeim, að æskilegt sé að koma tiltölulega skjótlega við almennum refsilagaákvæðum um nokkur atriði, sem samningurinn víkur að.

Ákvæði 4. gr. samningsins frá 21. desember 1965.

Þetta ákvæði leggur beinlínis skyldu á ríki um að lýsa tiltekna háttsemi refsiverða, þ. e. útbreiðslu skoðana um yfirburði eins kynþáttar framar öðrum, hvatn-

ingu til kynþáttamismununar svo til ofbeldisverka gegn hópum manna vegna litarháttar og þjóðernis, og enn fremur varðandi liðsinni til kynþáttamismununar. Þá er einnig boðið að lýsa ólögmæta og stöðva starfsemi félags, sem hefur uppi áróður, er lýtur að mismunun kynþátta o. fl., og skal mæla þátttöku í slíkum samtökum eða skipulegum aðgerðum refsiverða.

Ljóst er, að ýmis refsiákvæði í ísl. lögum taka yfir þá starfsemi, sem um er fjallað í 4. gr. Ofbeldisverk og líkamsárásir eru t. d. refsiverð samkv. XXIII. kafla hgl. og vernda þau ákvæði vitaskuld einnig erlenda menn, sem hér eru staddir. Atlögur að eignum eru refsiverðar samkvæmt XXVI. kafla, hvatning opinberlega til refsiverðra verka er refsiverð samkvæmt 121. grein hegningarlaga. Hótun um framningu refsiverðs verknaðar varðar við 233. gr. hgl., ef hún er fallin til að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra. Hvatning til framningar refsiverðs verknaðar er eða getur verið refsiverð sem hlutdeild í broti, sbr. 22. gr., og jafnvel þótt sá, sem hvattur er, vinnist ekki á brot, getur hvatning verið refsiverð sem tilraun til hlutdeildar í broti, sbr. 20. og 22. gr. og eftir atvikum sbr. 21. gr. Síðari þáttur í a-lið 4. gr. samningsins er þess konar, að ætla má almennt, að ísl. hegningarlög taki til þeirra verknaða, sem þar eru greindir. Fyrri þáttur 4. gr. a hefur að geyma verknaði, sem ekki er fjallað um í sérgreindum ákvæðum ísl. laga. Vera má þó, að viss almenn ákvæði komi þar að haldi, sbr. t. d. ákvæði um ærumeiðingar, ákvæði 232. gr., ákvæði 125 gr. hgl. um að draga opinberlega dár að eða smána trúarkenningar o. fl. Í dönsku hgl. var sett ákvæði 1939 í 266. gr. b., sem lýsti refsivert að ofsækja einstaka hópa manna í þjóðfélaginu með því að dreifa út röngum ásökunum eða óhróðri um þá, og var hér miðað við trúarbragðahópa og hópa manna af tilteknu þjóðerni. Hliðstætt ákvæði var ekki tekið með í ísl. hgl. nr. 19/1940, en í Noregi og Svíþjóð er slíku ákvæði til að dreifa, og gerir þetta atriði það enn brýnna en ella að koma við slíku ákvæði hér á landi. Leggur hegningarlaganefnd til, að þess konar ákvæði verði lögfest, svo sem síðar segir.

Samningurinn gerir ráð fyrir, að ríki lýsi sérstaklega ólögmæta starfsemi félaga, er lúta að útbreiðslu skoðana um kynþáttamismunun og annars konar mismunun, sem nánar er greind. Hegningarlaganefnd telur, að ef frv.-greinin verði lögfest, þá hafi ísl. lög lýst refsiverða starfsemi, sem lúti að nánar greindri mismunun vegna kynþátta o. fl., og sé þá ljóst, að félag, sem hafi um hönd skipulagsbundna starfsemi af þessu tagi, sé félag með ólögmætum tilgangi, sem unnt sé að banna með stoð í 73. gr. stjórnarskrár. Svo hafa hinar norrænu nefndirnar einnig leyst þetta mál, að því er virðist. Er ótvírætt, að varlega verður að fara í að banna fyrirfram stofnun félaga vegna ákvæða 73. gr. Hitt er það, að í ísl. hgl. er ekki ákvæði, sem lýsi það refsivert að taka þátt í félagi, sem bannað hefur verið með þeim hætti, er segir í 73. gr. stjórnarskrár. Slíkt ákvæði er t. d. í 132. gr. a. dönsku hgl., og var lögfest þar 1939. Kemur til greina að lögfesta slíkt ákvæði hér (væntanlega sem 117. gr. a) bæði vegna samningsins og svo af öðrum, almennum löggjafarástæðum.

Ljóst er, að í ísl. refsilög skortir almenn refsiákvæði um atlögur að hópi manna vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis o. fl., og svo varðandi útbreiðslu þess konar ummæla. Er réttmætt og nauðsynlegt að fullnægja skilyrðum samningsins með því að lögfesta slík ákvæði, en til þeirra liggja auk þess veigamikil rök í ríki, sem vill halda í heiðri og treysta almenn mannréttindi.

Þörfin á lagaákvæðum vegna samningsins frá 21. desember 1965.

Könnun sú, sem hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á íslenzkri löggjöf og lagareglum andspænis samningnum frá 21. desember 1965 og þeim skuldbindingum, sem íslenzka ríkið hefur tekizt á hendur með fullgildingu hans, leiðir þetta í ljós:

1. Vegna ákvæða 4. gr. samningsins þarf að lögfesta ákvæði, er lýsi refsiverða háttsemi, sem felur í sér atlögur að hópi manna vegna litarháttar, kynþáttar, þjóðernis og trúarbragða, og verður inntakinu í hinni refsiverðu háttsemi síðar lýst. Við orðun þessa ákvæðis, sem gert er ráð fyrir, að verði ný grein, 233. gr. a, verður

að hafa í huga bæði stjórnarskrárákvæði hér á landi og svo mannréttindayfirlýsingar, sem Ísland hefur fullgilt eða bundið sig til að hlíta með öðrum hætti.

2. Sýnt er, að ákvæði 5. gr. samningsins fela í sér mjög víðtækar skuldbindingar. Í ýmsum tilvikum eru brýn ákvæði í íslenzkum lögum, sem fullnægja samningnum. Í öðrum tilvikum kemur hin almenna jafnréttisregla, sem hvergi er almennt lögskráð hér á landi, að haldi. Samkv. henni verður þó vitaskuld ekki neinum manni dæmd refsing, en skilja verður 5. gr. samnings þannig, að hún leggi ekki beinlínis skyldu á ríki til að lögfesta refsiákvæði andstætt því sem er í nokkrum tilvikum samkv. 4. gr.

3. Vegna ákvæða 6. gr. samningsins telur hegningarlaganefnd ekki ástæðu til löggjafarstarfsemi á þessu stigi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fylgt hefur verið fyrirmyndum dansks, norsks og sænsks lagafrumvarps, sem eiga rót að rekja til ákvæða 4. gr. samningsins frá 21. desember 1965. Í öllum frumvörpunum er það fólgið, að bæði orð og annarskonar viljatjáning falla undir hið refsiverða svið, svo sem t. d. myndir. Verknaður er fólginn í að hæða, rægja, smána eða ógna hópi manna vegna kynþáttar hans o. fl. Með orðinu hæða er m. a. átt við lítilsvirðandi háttsemi, svo sem að teikna myndir eða birta þær, sem lúta að útliti einstakra kynþátta, sem til háðs má telja. Verknaður er bundinn við háttsemi, sem höfð er uppi opinberlega, (enda þykir of langt gengið að lýsa t. d. háð refsivert, ef slíkt á sér stað í einkasamtali). Til greina kom að rýmka þetta svið og láta einnig varða við greinina orð og aðra viljatjáningu, sem ætluð er til útbreiðslu meðal nokkurs hóps manna, þótt háttsemi sé ekki höfð uppi opinberlega. Nefndin valdi þó að norskri fyrirmynd þrengri kostinn, enda eru ærin vandkvæði á að orða hinn rýmri kostinn, svo að nægilega skýrt sé og hnitmiðað. Ljóst er, að refsiákvæði frumvarpsins stemmir ekki stigu við að lýsa með fræðilegum hætti mismun kynþátta, fólki af mismunandi litarhætti o. fl., og gegnir hinu sama um málefnislegar umræður, þótt ekki séu á fræðasviði. Tilraun til brots og hlutdeild í broti er refsiverð samkv. 20. og 22. gr. hgl., með því að hér er stofnað til þess að lögmæla nýja grein í alm. hgl. Það er því ekki þörf á að setja sérstakt ákvæði um hvatningu til eða aðstoðar við kynþáttamismunun, sbr. 4. gr. samningsins. Ekki verður heldur þörf á sérstöku ákvæði um áróðursstarfsemi, sem lýtur að mismunun vegna kynþátta o. fl. því að flest af slíku tagi myndi falla undir verknað þann, sem greindur er í frv. Hinar norrænu nefndirnar, sem fjallað hafa um málið, hafa og tekið sömu afstöðu til þessa atriðis.

Svo sem frumvarpstextinn ber með sér, varðar aðeins háttsemi, sem beinist að **hópi manna**, refsingu samkv. ákvæðinu. Ef t. d. ummælum, myndagerð o. fl. er beint að einstaklingi, þá getur verið, að það gefi til kynna háð, smánun eða róg um hóp manna — þar sem einstaklingur er talinn tákn fyrir heild, pars pro toto, og er þá unnt að beita ákvæðinu. Endranær varðar háttsemi ekki við ákvæðið, en þá er unnt að beita í sumum tilvikum ákvæðum hgl. um ærumeiðingu eða röskun einkalífs. Ekki er útilokað að beita ákæðinu um ummæli, sem höfð eru í frammi á vettvangi, sem ekki verður talinn opinber, ef viðkomanda gat ekki dulizt, að þau myndu verða eftir honum höfð á opinberum vettvangi, t. d. í blaði, en torvelt getur orðið að sanna, að hugrænum refsiskilyrðum sé þá fullnægt. Ljóst er, að því aðeins verður refsað, að verk sé framið af ásetningi, sbr. 18. gr. hgl.

Refsimörk eru samkv. frv. sektir, varðhald eða fangelsi allt að 2 árum, og eru þau hin sömu og í hinum norrænu frv. Eru það sömu refsimörk og samkv. 233. gr. um hótanir um að fremja brot og um aðdróttanir, sem bornar eru fram gegn betri vitund, samkv. 236. gr.

Í norrænu refsilögunum hafa um nokkurt skeið verið refsiákvæði um atlögur að hópi manna vegna trúarbragða þeirra, þjóðernis o. fl., sérstaklega ef þeir voru

ásóttir með þessum hætti með því að breiða út óhróður og álygar um hópinn eða með því að æsa til haturs á hópnum, sbr. um þetta áðurgreind dönsk lög frá 1939 (266. gr. b hgl.), svo og norska hegningarlagabreytingu 1961 (135. gr. 2. málsgr. hgl.) og sænska frá 1948 (nú hegningarlögin frá 1962, 16. kap., 8. gr.). Við slíkt er ekki að styðjast hér á landi. Frv. gengur að því leyti lengra en samningurinn frá 21. des. 1965, að þar er ekki rætt sérstaklega um atlögur vegna trúarbragða, en rétt þykir að greina það atriði hér einnig, svo sem gert er í hinum norrænu refsilögunum.

Sþ. 80. Fyrirspurn [74. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskiðnaðarnámskeið sjávarútvegsráðuneytsins.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað veldur auglýsingu Fiskmats ríkisins um fiskiðnaðarnámskeið í sömu greinum og kenndar eru í Fiskvinnsluskólanum og á sama tíma og hann starfar?
2. Munu þeir, sem námskeiði þessu ljúka á 2—4 vikum, njóta sömu réttinda, t. d. við mat á frystum og ferskum fiski, og þeir, sem námi ljúka frá Fiskvinnsluskólanum eftir 3 vetra nám?
3. Telur ráðherra slíka ráðstöfun æskilega fyrir hinn unga Fiskvinnsluskóla og íslenskan fiskiðnað í heild?

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um bætta póst- og símaþjónustu úti um byggðir landsins.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jón Árnason, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að auka og endurbæta þjónustu Pósts og síma úti um byggðir landsins, svo að allir landsmenn geti búið við sem jafnasta aðstöðu að þessu leyti.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa nokkrum sinnum komið fram tillögur um endurskoðun og samræmingu á gjaldskrá Landssímans. Bent hefur verið á, að landsmenn búi við mjög ójafna aðstöðu að þessu leyti. Með útbreiðslu hins sjálfvirka símakerfis hafi landinu verið skipt í 9 svæði með ákveðnu svæðisnúmeri. Mismunandi gjaldskrár séu innan svæðanna. Á Reykjavíkursvæðinu geti símnotendur hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garða- og Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á lægsta gjaldi. Á öðrum svæðum gildi mismunandi reglur.

Víða úti um land eru kvartanir tíðar um það, að erfitt sé að ná símasambandi við Reykjavíkursvæðið, svo og ýmsa aðra staði. Opnunartími hinna einstöku stöðva sé mjög stuttur og landssímarásir of fáar. Verði símaþjónustan því ónóg og afar kostnaðarsöm víða í strjálbýlinu.

Þá er oft að því vikið og á það bent, að póstsamgöngum sé mjög ábótavant víða úti um landið. Bréf og blöð séu lengi á leiðinni til viðtakenda. Dæmi nefnd um það, að bréf séu jafnvel fljótari í ferðum milli heimsálfa en ákveðinna staða innanlands eða jafnvel innanhéraðs. Þá séu greiðslur til þeirra aðila, sem þessi störf vinna, í algeru lágmarki, sérstaklega í fámenninu.

Það skal tekið fram, að hér er ekki um ádeilu að ræða á hendur póst- og símamálastjórn. Vitað er, að sú þjónusta, sem unnt er að láta í té, fer að sjálfsögðu

fyrst og fremst eftir afgreiðslu fjárveitingavaldsins. Það stoðar lítt, þó að þeir, sem að þessum málum vinna, séu allir af vilja gerðir og reyni að greiða götu manna af fremsta megni. Þeim er í raun og veru skammtað fé af hálfu hins opinbera, og tekjur þeirra jafnvel rýrðar, svo sem þegar ákveðið var að taka söluskatt af símaþjónustu 1. janúar 1972.

Það ber að viðurkenna, að mikið hefur áunnist undanfarin ár að því er snertir útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi og uppbyggingu á þjónustu þess við borgarana. Mikið vantar þó á, að um sambærilega aðstöðu allra landsmanna sé að ræða í þessum efnum. Póstsamgöngur eru jafnvel í enn lakara horfi en var fyrir mörgum árum í sumum héruðum.

Ríkisstjórn sú, er nú situr, kveðst leggja ríka áherslu á byggðastefnu, þó að skiptar skoðanir séu á því, að svo sé í raun og veru. Á þessu sviði er rík nauðsyn að gera átak til að jafna aðstöðu landsmanna. Það er réttlætismál í anda byggðastefnunnar. Tillaga þessi er flutt með það fyrir augum, að reynt verði að þoka þessum málum í viðunandi horf.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um styttingu daglegs vinnutíma skólanemenda.

Flm.: Halldór Blöndal, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli nefnd til þess að athuga og leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um, hvernig unnt sé að stytta daglegan vinnutíma skólanemenda, þannig, að ekki sé ofboðið náms- og lestrarþoli þeirra vegna fimm daga kennsluviku.

Enn fremur skal nefndin gera tillögur um, hvernig unnt sé að tengja vinnu og skóla þannig, að nemendum sé gefinn kostur á að velja milli efstu deildar skyldunáms og vinnu undir eftirliti fræðsluyfirvalda, enda verði fullorðinsfræðsla efld.

Nefndin skal skipuð tíu mönnum, og skulu eftirtaldir aðilar skipa einn mann hver: Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Félag skólastjóra gagnfræðaskóla, Landssamband framhaldsskólakennara, Félag háskólamenntaðra kennara, Samband íslenskra sveitarfélaga, auk menntamálaráðherra, er skipar formann nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa mjög miklar umræður orðið um skólamál og fjölmargar nefndir unnið að ýmsum þáttum þeirra á vegum hins opinbera. Minna hefur hins vegar orðið um raunhæfar umbætur á augljósum ágöllum skólakerfisins.

Í þingsályktunartillögu þessari eru tveir þættir skólastarfsins teknir út úr: daglegur vinnutími nemenda og afstaða skólans til vinnunnar. Fyrir því liggja þær ástæður, sem nú skal greint.

Sú breyting er nú að verða í skólum landsins, að fimm daga kennsluvika er tekin upp í stað sex. Til þess liggja þjóðfélagslegar ástæður. Skólinn verður að breyta starfsháttum sínum með breyttum starfsháttum í þjóðfélaginu, hvort sem hann er undir það búinn eða ekki. Senn fer það að þykja jafnfráleitt að senda börn í skóla á laugardögum eins og verið hefur á sunnudögum.

Sá háttur hefur verið hafður á, að kennslustundum laugardagsins hefur verið bætt við kennslustundir annarra daga og þannig gengið út frá því sem vísu, að þeir hafi ekki verið fullsetnir fyrir. Afleiðingin er sú, að unglingar verða nú að sitja sjö og átta

kennslustundir samfleytt, frá 8 á morgnana til kl. 3 eða 4 á daginn. Á þessum tíma er þeim ætlað að fjalla um hin margvíslegustu málefni og halda athyglinni vakandi hverja stund. Svo getur hist á, að þrjú erlend tungumál séu kennd hvert á eftir öðru með 5 mínútna hléi á milli. Liggur þó fyrir, að svo skammur tími milli kennslustunda í mismunandi tungumálum er of skammur til þess, að þær nýtist.

Eftir að unglingarnir koma þeim, er þeim ætlað að sinna heimaverkefnum, auk þess sem margir þeirra hafa sín áhugamál, tónmennt, íþróttir og sitthvað fleira. Niðurstaðan er sú, að ekki óvíða býr unglingurinn við lengsta starfsdag allra í fjölskyldunni.

Það þarf engan að undra, þótt sú reynsla, sem af þessu hefur fengist, sé ekki góð, nema síður sé. Það eru gömul sannindi, að lenging vinnudagsins stendur ekki í réttu hlutfalli við aukin afköst og að brátt verður því marki náð, að afköstin beinlínis minnka með fleiri vinnustundum. Því miður bendir margt til þess, að þessu marki sé nú óðum verið að ná í skólum landsins. Í sumum bekkjardeildum er það sýnilegt, að það eru einungis tápmestu nemendurnir, sem þola álagið. Aðrir verða að leggja hart að sér til þess að dragast ekki aftur úr. Enn aðrir heltast úr lestinni.

Ekki þarf að orðlengja, hvaða áhrif slík vinnubrögð hafa á ungling á viðkvæmasta skeiði, — hvernig þau í senn veikja siðferðisþrek hans og hvetja hann til andstöðu við skólann og þjóðfélagið. Þar við bætist, að slíkum vinnubrögðum fylgir óhjákvæmilega sóun á vinnuafli kennara, en við búum við stöðugan kennaraskort. Það er ekki vafi á, að með því að koma skipulagi á starfsaðferðir skólanna má stórlega fækka kennurum og þar með draga verulega úr ríkisútgjöldunum.

Það vakir ekki fyrir flutningsmönnum að fækka vikulegum kennslustundum með því að teygja skólann fram eftir sumri eða draga úr heilbrigðum námskröfum. En þeir eru þeirrar skoðunar, að kennslutímann megi nýta betur, að námsefnið þurfi endurskoðunar við og að kennslubækurnar séu oft úreltar og sérviskulegar. Það er þessi vanræksla sem fyrst og fremst veldur hinum langa vinnudegi unglinganna.

Í síðari lið tillögunnar er því máli hreyft, að athugun fari fram á því, hvernig unnt sé að gefa unglingum kost á að velja milli þess að vinna undir eftirliti fræðsluyfirvalda eða sitja síðasta bekk skyldunámsins.

Þessi tillaga kann að þykja undarleg í þann mund, sem fræðsluyfirvöld hafa lagt til, að skólaskylda skuli enn lengd. En þá er á hitt að líta, að sumir nemenda á 15—16 ára aldri eða yngri ganga nauðugir í skóla. Gagnvart þeim hefur þessi stofnun kannske um margra ára skeið verið vettvangur stöðugt nýrra ósigra og niðurlægingar. Verkefnin hafa verið þeim ofviða fyrirfram. Æ sjaldnar hefur þeim verið látin í té sú uppörvun og hvatning, sem öllum er nauðsynleg í starfi, börnum, unglingum sem fullorðnu fólki. Loks búa sumir unglingar við það, að jafnaldrar þeirra líta niður á þá og telja þá annars flokks.

Ekki er óalgengt, að slík reynsla í skóla valdi því, að unglingarnir komist síðar í andstöðu við þjóðfélagið, enda ekki góðu vanir. Meðal annars hér liggja rætur unglingavandamálsins, eins og viðurkennt er. Minna en skyldi hefur þó verið gert til þess að grafast fyrir um meinið, þótt búið sé að finna það.

Þegar núgildandi skólaskylda var lögfest, var talið víst, að hún mundi öllum unglingum betri en ekki. Naumast heldur nokkur því lengur fram, að svo sé, heldur sé skólinn sumum unglingum einungis illa þokkaður geymslustaður og eigi þeir ekki annars úrkosta en reyna að þrauka. Nú er viðurkennt, að það getur engum orðið til góðs að vera haldið nauðugum í iðjuleysi í einhverri stofnun, miklu nær sé að gefa slíkum unglingum kost á að vinna hæfileg störf. Reynslan hefur sýnt, að það getur verið hollt fyrir þá að hætta námi um eins eða tveggja ára skeið og fara út í atvinnulífið. Þessum möguleika verður að halda opnum. En jafnframt verður með öllum hugsanlegum ráðum að auðvelda þeim, sem ekki hafa lokið nauðsynlegu námi fyrir sérskóla, að taka þráðinn upp að nýju síðar og öðlast þannig réttindi til að fara í iðnskóla eða aðra framhaldsskóla. Þau námskeið, sem haldin hafa verið fyrir

18 ára og eldri, hafa tekist mjög vel og sýna, að þeir, sem vilja læra meira, koma aftur.

Hér er lagt til, að fulltrúar atvinnulífsins taki þessi mál til athugunar með skólamönnum. Með þeirri tilhögun er verið að leggja áherslu á, að það er einn af höfuðgöllum íslenska skólakerfisins, að það er í of litlu samhengi við aðra þætti þjóðfélagsins og á engan hátt tengt atvinnuvegunum.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að hlutast til um, að húsnæðismálastjórn breyti hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr kr. 800 000.00 í kr. 1 200 000.00, til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, 8. gr. B.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég samhljóða tillögu til þingsályktunar, nema þar var gert ráð fyrir, að hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins yrði breytt úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, var fjárhæð lána úr Byggingarsjóði ríkisins ákveðin kr. 600 000.00. Jafnframt var það nýmæli þá tekið upp í lög þessi, að húsnæðismálastjórn geti, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Eftir að lög þessi voru sett, hefur orðið mikil hækkun byggingarkostnaðar. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar, eða í maí 1972, var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí 1972 í 683 stig og var þá orðin 55.6% hærri en í maí 1970. Svo var komið 1. nóvember 1972, að vísitala byggingarkostnaðar var orðin 689 stig, og var þar um að ræða 56.9% hækkun, síðan lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Þrátt fyrir þessa miklu hækkun byggingarkostnaðar hafði upphæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins verið óbreytt. Augljóst var, að við svo búið gat ekki staðið, og flutti ég því þingsályktunartillöguna á síðasta þingi um hækkun lánsupphæðar úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00. Tillaga þessi hlaut ekki afgreiðslu, en kom samt hreyfingu á málið. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi var samþykkt í apríl s. l. sú breyting á lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að lánsfjárhæðin má nú vera kr. 800 000.00 í stað kr. 600 000.00, sem áður var.

En hér var bæði of lítið og of seint að gert. Í apríl s. l. var byggingarvísitalan 708 stig og hafði því hækkað um 61.3% síðan í maí 1970, en lánsfjárhæðin hækkað á sama tímabili aðeins um 33.3.%. Auk þess hefur nú komið til mikil hækkun byggingarkostnaðar, frá því að þetta var ákveðið. Nú er vísitala byggingarkostnaðar orðin 913 stig, eða hefur hækkað frá því í maí 1970 um 108.0%, en lánsfjárhæðin aðeins um 33.3.%.

Af þessu má marka, að það er meira en tímabært að hækka fjárhæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins, svo að þau lækki ekki hlutfallslega miðað við byggingarkostnað frá því, sem var, þegar gildandi lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett. Augljóst er, að hækkun sú, sem nú þarf að ákveða á íbúðarlánum, þarf að nema að minnsta kosti allt að 100% frá því, sem var 1970 eða 50% frá því, sem nú gildir, og er því lagt til, að lánsfjárhæðin megi nema allt að kr. 1 200 000.00.

Nd. 84. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason.

1. gr.

Við 27. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilefni þessa frumvarps eru ummæli hæstvirts forsætisráðherra, er hann lét falla á Alþingi hinn 2. október s. l., út af fyrirspurn minni um Seðlabanka Íslands. Forsætisráðherra komst m. a. svo að orði: „Mitt svar er það, að ráðherra, í þessu tilfelli viðskiptaráðherra, sem fer með bankamál, hefur hvorki að óbreyttum lögum né samkvæmt venju um starfshætti banka og bankaráða heimild til að stöðva byggingarframkvæmdir ríkisbanka, hvorki Seðlabankans né annarra banka.“ (Alþt. 3, 1973, 83).

Ég tel, að ákvæði núgildandi laga séu að vísu alveg skýr, þannig að ekki sýnist vera neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til íhlutunar um slíkar framkvæmdir, sbr. 24. gr. laga nr. 10/1961. En þar sem réttur ráðherra hefur þrátt fyrir þetta verið vefengdur, verður ekki undan því skotist að flytja þetta frumvarp til að taka af öll tvímæli.

Óþarft mun að fara mörgum orðum um það, að ekki verður við það unað, að ríkisbankar geti ráðist í stórfelldar fjárfestingar og framkvæmdir, án þess að heimild framkvæmdavaldsins komi til. Ella væru bankarnir ríki í ríkinu. Löggjafarvaldið getur ekki látið afskiptalaust, að ríkisbankarnir geti ráðist í byggingarframkvæmdir, sem kosta mörg hundruð milljónir króna, eins og höll Seðlabankans við Arnarhól vitnar um, á meðan opinberar stofnanir þurfa að sækja um hverja krónu til 60 manna þings til að fá einhverja úrlausn. Sumar stofnanir bíða áratugum saman eftir því að eignast þak yfir höfuðið og mæta litlum skilningi. Má minna á Ríkisútvarpið (hljóðvarp) í þessu sambandi. Af þessu eftirlitsleysi Alþingis og framkvæmdavalds hefur leitt óeðlilega þenslu bankakerfisins og byggingu fjölmargra bankahýsa. Þar hefur skort stefnumótun. Allt tal um áætlunarbúskap og forgangsröðun verkefna verður nánast orðin tóm, hafi ríkisstjórnin ekki tök á þessu.

Þess vegna rekur nauður til endurskoðunar á löggjöf Seðlabankans og annarra ríkisbanka, svo að ekki verði um það villst, að bankakerfið og þróun þess falli inn í þá heildarstjórn, sem verður að hafa á efnahagsmálum þjóðarinnar.

Nd. 85. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja ráðherra og bankaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði núgildandi laga eru að vísu alveg skýr, þannig að ekki sýnist neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til íhlutunar um slíkar framkvæmdir, sbr. 8. gr. laga nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands. En þar sem þessi réttur hefur verið vefengdur af hæstv. forsætisráðherra (sbr. Alþt. 3, 1973, 83), er frv. flutt til þess að taka af öll tvímæli.

Nd. 86. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason,

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði núgildandi laga eru að vísu alveg skýr, þannig að ekki sýnist neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til íhlutunar um slíkar framkvæmdir, sbr. 8. gr. l. nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands. En þar sem þessi réttur hefur verið vefengdur af hæstvirtum forsætisráðherra (sbr. Alþt. 3, 1973, 83), er frv. flutt til þess að taka af öll tvímæli.

Nd. 87. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 115/1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason.

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eru ákvæði, sem eru svo skýr, að ekki virðist leika neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til íhlutunar um slíkar framkvæmdir, enda er alls staðar talað um, að ráðherra hafi „yfirstjórn“ bankans (sbr. 24. gr. laga nr. 10/1961, 8. gr. laga nr. 11/1961,

8. gr. laga nr. 12/1961). Þess skal þó getið, að hæstvirtur forsætisráðherra hefur vefengt þennan rétt ráðherra (sbr. Alþt., 3, 1973, 83), og hef ég því lagt fram frv., er lúta að því að taka af öll tvímæli í þessu efni varðandi ofangreinda banka.

Hins vegar verður að teljast vafasamt, að ráðherra hafi slíkt vald yfir Búnaðarbanka Íslands, sbr. 53. gr., þar sem segir, að ráðherra hafi „umsjón" bankans.

Verður að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að Búnaðarbanki Íslands hlíti sömu reglum og aðrir ríkisbankar, þannig að hann þurfi samþykki ráðherra, þegar hann ræðst í meiri háttar framkvæmdir.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um landmælingastjórn ríkisins.

Flm.: Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um landmælingastjórn ríkisins.

Til þess að semja frumvarpið skal ríkisstjórnin skipa nefnd fimm manna. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af Dómarafélagi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Verkfræðifélagi Íslands. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Með samningu frumvarpsins skal m. a. að því stefnt, að undir landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðarmerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar.

Nefndin hraði svo störfum, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er að fá fram vilja Alþingis til þess, að samræmdar verði aðgerðir þeirra aðila á vegum ríkisins, sem fást við landmælingar, þannig að sem best nýtist það fé, sem lagt er fram, og sem víðtækust not verði af gerðum mælingum.

Í dag fara þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fram á vegum 5 ríkisstofnana. Þær eru: Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og Vegagerð ríkisins. Auk þess Sjómælingar Íslands að einhverju leyti.

Engin lög eða reglur eru til um það, hvernig framkvæma eigi þessar mælingar, svo að þær komi að sem víðtækustum notum og geti fengið almennt og viðurkennt gildi. Þegar af þeirri ástæðu ætti nauðsyn lagasetningar að vera augljós. Með setningu laga um landmælingastjórn ríkisins er þó alls ekki átt við það, að komið skuli á fót stofnun, sem framkvæma eigi þessar mælingar, heldur verði um að ræða stjórn, sem samræmi aðgerðir þessara aðila, svo að fjármunum verði ekki kastað á glæ, heldur fáist full nýting af útlögðu fé.

Það sama gildir um kortagerð.

Á ráðstefnu, sem Verkfræðifélag Íslands hélt 1971 um mælingakerfi á Íslandi, var rækilega bent á nauðsyn á samræmingu kortagerðar og hæðarmælinga. Skulu hér tilfærð nokkur atriði úr greinargerðum, sem lagðar voru fram á nefndri ráðstefnu:

Í greinargerð Vegagerðar ríkisins koma fram óskir um „. . að gert verði á næstu árum nægilega gott og þétt hæðarkerfi á eða meðfram helstu umferðarleiðum, þannig, að sú vegagerð, sem framkvæmd verður á þessum aðalleiðum, geti notið góðs af

þessu kerfi og að Vegagerð ríkisins þurfi ekki að kosta stórfé til þess að flytja nákvæmt kerfi út um þau svæði, sem byggja þarf á.

Brýn þörf virðist einnig vera að samræma öll þau staðbundnu hæðarkerfi, sem í notkun eru.“

Í yfirliti Orkustofnunar segir: „. . . er það skoðun höfundar þessarar greinargerðar, að fallmælingar eftir endilöngum mælisvæðum og milli mælisvæða eigi að framkvæma sem nákvæmnismælingar. Nákvænismælingar væri hægt að endurtaka síðar, að minnsta kosti þá hluta línanna, sem áhugi jarðeðlisfræðinga beinist einkum að. Þetta verkefni er verðugt samvinnu þeirra innlendu stofnana, sem hlut eiga að máli, að ógleymdum þeim erlendu stofnunum, sem leggja fé í rannsóknir af þessu tagi.“

Og í greinargerð frá samtökum íslenskra verktaka segir: „Hæðarkerfi byggðarlaga eru yfirleitt ósamræmd sín á milli, þótt notast megi við þau innan ákveðins svæðis. Þetta ósamræmi veldur vandræðum, strax og leggja þarf vegi með varanlegu yfirborði.“

Og síðar í sömu skýrslu segir svo um undirbúningsmælingar vegna varanlegrar gatnagerðar: „Þessar mælingar eru bæði dýrar og unnar í flýti, þannig að hættara er við skekkjum, auk þess sem svona staðbundin flýtisverk eru oft einskis nýt fyrir aðra en þá, sem að framkvæmdinni standa.“

Ætla má, að þessi tilvitnuðu orð séu sönn lýsing á allt of mörgum verkum á sviði landmælinga á Íslandi: Staðbundin flýtisverk, oft einskis nýt fyrir aðra en þá, sem að framkvæmdinni standa.

Þegar litið er til þeirra miklu fjárhæða, sem árlega fara til landmælinga á Íslandi, má ljóst vera, að raunhæfar úrbætur verður að gera.

Miðað við árið 1973 má ætla, að varið sé a. m. k. 160 milljónum króna til þessara mála af ríkisstofnunum, sveitarfélögum og verktökum.

En þótt veigamikið sé, að fjármagnið nýtist sem best, er ekki síður mikilvægt, að mælingar nái tilætluðum árangri, séu rétt gerðar og samræmdar, hafi lagalegt gildi og hægt sé að setja landa- eða jarðamörk á kort eða út í landið án mikillar fyrirhafnar.

Lög um landamerki o. fl. eru frá árinu 1919, og frá 1914 eru lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þessi lög um mælingu lóða og landa í Reykjavík (og tilsvarandi lög fyrir Akureyri) gera ráð fyrir lóðalýsingum á sama hátt og lýsingar landa- eða jarðamarka. Þessar lýsingar hafa fyrir löngu verið lagðar á hilluna, en í staðinn gerðir lóðauppdrættir. Svo er á öllum — eða flestum — þéttbýlisstöðum, þótt engin lög séu til um gerð slíkra uppdrátta. Þessir lóðauppdrættir eru bundnir inn í veðmálabækur, þegar eignarheimildum er þinglýst, þótt engin lög séu til um réttarstöðuna.

Lóða- og landamælingar verður að gera með nákvæmum þríhyrningamælingum í nothæfri vörpun. Aðeins á þann hátt er hægt að varðveita landa- og jarðamörk í framtíðinni. Þá er það og ljóst, að ef við eigum að hafa full not af tölvutækni, verður að mæla öll lóða- og jarðamörk, bæði í þéttbýli og strjálbýli, í þríhyrningakerfi landsins.

Í dag er ekki ljóst, hvaða kortaútgáfu Íslendingar eru að reyna að mæla fyrir eða hvort þær kortaútgáfur eru þær hentugustu fyrir sem flesta aðila, hvort halda eigi áfram kortaútgáfu Dana eða taka eigi upp nýja útgáfu.

Með vísun til framanritaðs er það skoðun flutningsmanns, að nauðsynlegt sé að setja lög um landmælingastjórn. Með því má ætla, að unnt verði að samræma aðgerðir þannig, að ríkisstofnanir, sveitarfélög og verktakar vinni að sama markmiði og sem mest hagkvæmni náist fyrir útlagt fé.

Nd. 89. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hélt einn fund um málið og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ellert B. Schram.

Alþingi, 6. nóv. 1973.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslasson.	Benedikt Gröndal.

Sþ. 90. Fyrirspurnir. [83. mál]

I. Til kirkjumálaráðherra um trúarsöfnuð Ásatrúarmanna.

Frá Halldóri Blöndal.

Af hverju var Ásatrúarmönnum veitt löggilding sem trúarsöfnuði?

II. Til heilbrigðisráðherra um nýbyggingu Fjórðungssjúkrahúss á Akureyri.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hvers vegna fékkst ekki leyfi til að hefja framkvæmdir við grunn nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri snemma í haust, svo sem óskað var eftir af hálfu heimaaðila?

Hverjar eru tillögur ráðuneytisins um fjárveitingar til byggingarinnar á næsta ári?

Verður fé framvegis veitt sérstaklega á fjárlögum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eins og til ríkisspítala vegna sérstöðu sjúkrahússins?

Verður unnt að standa með eðlilegum hætti að byggingu I. áfanga sjúkrahússins á næsta ári?

Hvenær gerir ráðuneytið ráð fyrir, að sjúkrahúsið verði fullbyggt?

Sþ. 91. Fyrirspurn [84. mál]

til samgönguráðherra um vanskil hafna.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Óskað er eftir skriflegu svari við eftirgreindum spurningum:

1. Hverjar eru skuldir hafna landsins?
2. Hver eru vanskil hafnanna og við hverja?
3. Hvað af skuldum hafnanna er gengistryggt og hvað er vísitölutryggt?
4. Hvernig var fjárveitingu á fjárlögum ársins 1973 ráðstafað til greiðslu á vanskilum hafnanna?

Nd. **92. Frumvarp til laga** [85. mál]

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Á eftir orðunum „innan endimarka landgrunnsins“ í 1. málslið 1. málsgreinar 1. gr. laganna komi orðin: eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var ákveðið, að íslensk stjórnvöld gætu með reglugerð ákvarðað, ... takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti . . .“ Samkvæmt þeim lögum hafa síðan allar breytingar á fiskveiðilögsögunni verið gerðar og reglur settar um eftirlit og vernd á fiskimiðum við landið. Þannig var útfærsla fiskveiðilandhelginnar úr 3 í 4 mílur árið 1952 gerð samkvæmt landgrunnslögunum og sömuleiðis stækkun fiskveiðilandhelginnar úr 4 í 12 mílur árið 1958 og útfærslan úr 12 í 50 mílur var einnig gerð samkvæmt heimild í landgrunnslögunum frá 1948.

Nokkur óvissa hefir verið um það við hvaða mörk „landgrunnið“ skuli miðað. Þegar landgrunnslögin voru sett árið 1948 var algengast að miða landgrunnið við 200 metra dýpi. Síðar hafa komið fram margar hugmyndir um skilgreiningu á landgrunni og hafa þær miðað landgrunnsmörk hið minnsta við 200 metra dýpi, en í sumum tilfellum hefir verið miðað við allt að 2000 metra dýpi. Vegna þeirrar óvissu sem þannig er um skilgreiningu á stærð landgrunnsins og með sérstöku tilliti til þeirra miklu breytinga, sem fram hafa komið hin síðari ár, um afstöðu margra þjóða til lögsöguréttar strandríkja yfir fiskveiðum út frá ströndinni, þá þykir rétt, að við Íslendingar setjum skýrari mörk í lög um rétt okkar til lögsögu varðandi fiskveiðar, en nú er að finna í landgrunnslögunum frá 1948.

Íslendingar hafa þegar skipað sér í hóp þeirra þjóða, sem nú berjast fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á rétti strandríkja til 200 mílna auðlindalögsögu. Til þess að undirstrika þessa stefnu, telur ríkisstjórnin rétt að breyta landgrunnslögunum frá 1948 á þann veg sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Samkvæmt landgrunnslögunum frá 1948 höfðu íslensk stjórnvöld heimild til að lýsa yfir verndarsvæðum og setja reglur um allar veiðar „innan endimarka landgrunnsins“. Sú heimild hefir verið notuð eftir því sem aðstæður hafa leyft og þörf hefir kallað á hverju sinni. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að samskonar heimild nái allt að 200 sjómílum frá grunnlínum. Sú heimild verður síðan notuð eftir því sem þörf krefur og miðað við aðstæður til framkvæmda.

Í frumvarpinu er miðað við hafsvæði „. . . allt að 200 sjómílur utan við grunnlínu". Gera verður ráð fyrir að aðrar þjóðir kunni einnig að vilja færa sína fiskveiðilandhelgi út í 200 mílur og gæti þá komið til samkomulags á milli þeirra og Íslands, þegar svo stendur á að fjarlægð á milli landa er minni en 400 mílur. Væntanlega tekst að setja alþjóðlegar reglur um ákvörðun fiskveiðimarka í slíkum tilvikum.

Lagt er til, að 3. gr. laganna verði breytt til samræmis við breytta fiskveiðilöggjöf. Brýna nauðsyn ber til hækkunar sekta frá því sem nú gildir, þar sem það ákvæði er löngu úrelt. Eru sektir hækkaðar til samræmis við breytt verðgildi krónunnar.

Nd. 93. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu.

Flm.: Karvel Pálmason, Hannibal Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá 15. október s. l. og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast. Skulu nefndarmenn vera fimm, einn tilnefndur af hverjum þingflokki. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að loknum störfum skal nefndin gefa neðri deild skýrslu um niðurstöður sínar.

Ed. 94. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

2. gr.

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal.

Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt seint á síðasta þingi, og vannst þá ekki tími til að afgreiða það.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta gildandi lagaákvæðum varðandi undanþágu til laxveiði í sjó.

Eins og kunnugt er, hefur það verið yfirlýst stefna Íslendinga að leyfa ekki laxveiði í sjó. Frá þessari meginstefnu hefur þó verið vikið með undanþáguákvæði í lögunum um lax- og silungsveiði. Undanþáguákvæði þetta nær í framkvæmd aðeins til örfárra aðila í landinu.

Í 14. gr. laganna um lax- og silungsveiði er þessi heimild orðuð þannig:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.“

Lagt er til í þessu frv. að fella niður þessa heimildareglu.

Þýðingarmikið er, að stefna Íslendinga sé skýr og án undantekninga í þessum efnum. Mikill ágreiningur er í ýmsum löndum um veiði á laxi í sjó, og um reglur varðandi slíkar veiðar er oft tekist á æðihart á erlendum vettvangi, m. a. í fiskveiðistofnunum, sem Íslendingar taka þátt í.

Það veikir aðstöðu okkar Íslendinga varðandi þessi mál að hafa í okkar lögum undanþáguákvæði, sem heimila laxveiðar í sjó. Undanþáguregla þessi veikir einnig mjög aðstöðu til að halda uppi strangri eftirliti með netaveiðum í sjó í nánd við veiðiár, en eins og kunnugt er, eru deilur um slíkar veiðar algengar.

Undanþága til laxveiða í sjó hefur staðið svo lengi, að ekki sýnist nein ástæða til að halda henni lengur.

Ed. **95. Lög** [72. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 7. nóv.)

Samhljóða þskj. 78.

Sþ. **96. Fyrirspurn** [88. mál]

til utanríkisráðherra um ferðir hermanna af Keflavíkurflugvelli.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvaða reglur gilda um ferðir hermanna út af Keflavíkurflugvelli til annarra staða á Íslandi?

Ed. 97. Frumvarp til laga [89. mál]

um breytingu á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

B-liður 1. gr. orðist þannig:

B. Af hálfu fiskkaupenda:
3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.
1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.
2 fulltrúar tilnefndir af Síldarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands.
3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannnig:

Fiskideild.

Þegar ákveða skal verð á sjávarafla, öðrum en þeim, sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 6 fulltúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S.Í.S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

3. gr.

4. gr. orðist þannig:

Síldarsöltunardeild.

Þegar ákveða skal verð á síld til söltunar, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 3 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

4. gr.

Við bætist ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Bræðsludeild.

Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Síldarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands og 1 frá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Ákveða má með reglugerð, að skipta verðlagningu samkv. 4. og 5. gr. í verðlagssvæði.

5. gr.

2. málsgrein 7. gr. sem verður 8. gr., orðist þannig:

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður sjálft verðlagstímabil.

6. gr.

Fella skal breytingar þessar inn í lögin og gefa þau þannig út í heild.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Verðlagsráði sjávarútvegsins og lagt fram að ósk þess.

Tilgangurinn með breytingum þeim, sem lagðar eru til, er að auka hagkvæmni í störfum Verðlagsráðsins. Byggjast tillögurnar á 12 ára reynslu ráðsins svo og ýmsum breytingum, sem orðið hafa á veiðum og vinnslu á þessu tímabili.

Megin breytingar á skipulagi ráðsins samkvæmt frumvarpinu eru þessar:

Lagt er til, að síldardeildir ráðsins verði lagðar niður í því formi, sem þær eru nú. Í stað þeirra kæmu tvær nýjar deildir. Í fyrsta lagi síldarsöltunardeild, sem annist alla verðlagningu á síld til söltunar, hvort sem hún er veidd við Suður- og Vesturland, Norður- og Austurland eða á fjarlægum miðum til löndunar hérlendis, en lögin kveða nú ekki á um það, hvaða deild ráðsins skuli annast þá verðlagningu. Hefur það orðið úr við verðlagningu síldar af fjarlægum miðum til löndunar hérlendis, að báðar síldardeildir ráðsins hafa verið kvaddar til sameiginlegs fundar, en það þykir þungt í vöfum. Í öðru lagi bræðsludeild, er ákveði verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu. Síðan lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins voru sett, hefur hafist veiði á ýmsum öðrum fisktegundum en síld til bræðslu, svo sem loðnu, spærlingi, kolmunna og makríl. Í lögum Verðlagsráðs er eingöngu kveðið á um verðlagningu síldar í bræðslu, en verðlagningin hefur farið fram í annarri hvorri síldardeildinni eftir því hvar síldin hefur veiðst. Hins vegar eru engin ákvæði um verðlagningu annars fisks eða síldar, sem veidd er á fjarlægum miðum til löndunar á Íslandi til bræðslu. Hafa báðar síldardeildir í mörgum tilfellum verið kallaðar sameiginlega til þess að ákveða verð á bræðslufiski öðrum en síld. Þykir rétt að sérstakri deild verði falið að ákveða verð á öllum bræðslufiski.

Þá felur frumvarpið það í sér, að verðlagning síldar til frystingar fari fram í fiskideild. Leiðir það af því, að ekki er gert ráð fyrir að fulltrúar frystiiðnaðarins eigi aðild að síldarsöltunardeild eða bræðsludeild.

Gera má ráð fyrir, að þessi breyting hafi einhvern sparnað í för með sér, þar sem þá verður hætt að kveðja saman tvær deildir til sömu verðlagningar.

Sþ. 98. Fyrirspurn [90. mál]

til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um endurskoðun laga um almannatryggingar.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Hvað líður endurskoðun laga um almannatryggingar?
2. Verða ný ákvæði um tekjutryggingar aldraðra og öryrkja í samræmi við frv., sem sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi og vísað var til ríkisstjórnarinnar hinn 18. apríl 1973, tekin upp í hið endurskoðaða frumvarp?

Nd. 99. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um staðfestingu á samningum við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um heimildir til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

Alþingi ályktar að staðfesta samninga þá, sem gerðir voru við Belgíu hinn 7. september 1972, Noreg hinn 10. júlí 1973 og landsstjórn Færeyja hinn 16. ágúst 1972, hinn 19. september 1972 og 29. mars 1973 varðandi heimildir til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með ályktun þessari.

Fylgiskjal I.

Samkomulag við Belgíu um heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Með orðsendingum dagsettum 7. september 1972 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Belgíu um heimild fyrir belgísk fiskiskip til takmarkaðra veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Ofangreindar orðsendingar eru svohljóðandi:

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík.

September 7, 1972.

Your Excellency,

I have the honour to refer to discussions between representatives of our two Governments and to confirm the understandings reached as a result of these discussions, as follows:

The Governments of Iceland and Belgium have agreed to the following practical arrangement with regard to the problems raised by the extension of the Icelandic fishery limits from 12 to 50 miles from the 1st of September 1972:

1. Nothing in this arrangement shall be deemed to affect the claims or views of either Contracting Party concerning the general right of a coastal State to determine the extent of its fisheries jurisdiction.
2. Licences granted to Belgian vessels in accordance with this arrangement will apply to demersal fisheries.
3. The vessels listed in Annex I to the present document will be licensed by Iceland to fish in the areas referred to in Annex II. Licences will be issued for a period of 6 months at a time.
4. Belgian vessels shall pay special attention to gill nets of Icelandic fishing vessels in the areas indicated in Annex II and abide by the rules which may be issued by Icelandic authorities concerning special gill net and long line areas for the Icelandic boat fleet.
5. This arrangement shall be in force until 1st of June 1974.

6. The Icelandic Coastal Patrol shall have the right to examine the fishing gear of licensed vessels and request any information concerning the fisheries which it deems necessary.

Upon receipt of a Note from you indicating that the foregoing provisions are acceptable to the Government of Belgium, the Government of Iceland will consider that this Note and your reply thereto constitute an arrangement between the two Governments on this subject, the arrangement to enter into force on the date of your Note in reply.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Einar Ágústsson.

His Excellency Mr. Etienne Harford,
Ambassador of Belgium, Reykjavík.

Embassy of Belgium.

Reykjavík, September 7, 1972.

Your Excellency,

I have the honour to acknowledge receipt of your Note of September 7, 1972, which reads as follows:

[Samhljóða erindinu hér að framan.]

In reply, I have the honour to confirm to you that the provisions set forth in the said Note are acceptable to the Government of Belgium and that they agree with your proposal that your Note and this reply constitute an agreement between our two Governments on this subject, the arrangement to enter into force on the date of this Note.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

E. Harford.

His Excellency Mr. Einar Ágústsson,
Minister for Foreign Affairs, Reykjavík.

Fylgiskjal I (Annex I):

Skrá yfir belgíska togara.
List of Belgian trawlers.

Skip Ship		BT GT	Ha. E. P.	Smíðaár Year of construction Skip Hull	 Vél Engine
0 81	John	555	1350	1952	1970
0 288	Lans	418	1000	1967	1966
0 316	Belgian Skipper	350	1005	1952	1968
0 317	Belgian Lady	414	1200	1959	1959
0 129	Amandine	196	510	1961	1961
0 182	Caesar	155	850	1967	1971

Skip Ship		BT GT	Ha. E. P.	Smíðaár Year of construction Skip Hull	 Vél Engine
0 202	Pelagus	218	660	1964	1963
0 216	Henri-Jeanine	280	750	1961	1961
0 224	Ronald	127	370	1935	1959
0 231	André-Monique	150	300	1937	1937
0 236	Henriette	156	510	1948	1964
0 237	Nelly-Suzanne	151	300	1937	1937
0 282	Adronie-Kamiel	168	500	1936	1957
0 315	Jean-Hélene	203	600	1951	1971
0 318	Belgian Sailor	183	600	1946	1958
0 324	Raphaëlle-Gabriëlle	141	500	1948	1962
0 331	Nadine-Liliane-Josette	141	510	1948	1964
0 334	De Haai	209	710	1962	1967
Z 571	Zephyr	198	650	1964	1964

Fylgiskjal II (Annex II):

	Svæði og tímabil. Areas and Periods.	
SVÆÐI I (AREA I):		
A) 64°47′7 n.br. (N)	13°13′2 v.lg. (W)	
B) 64°52′0 — —	13°07′0 — —	
C) 64°52′0 — —	12°00′0 — —	
D) 64°33′0 — —	12°00′0 — —	júní—júlí
E) 64°20′0 — —	12°22′0 — —	June—July
F) 63°58′0 — —	13°17′0 — —	
G) 63°58′0 — —	13°43′0 — —	
H) 64°26′0 — —	13°43′0 — —	
I) 64°28′4 — —	13°38′5 — —	
SVÆÐI II (AREA II):		
A) 64°16′1 n.br. (N)	14°00′0 v.lg. (W)	
B) 63°48′5 — —	14°00′0 — —	marz—október
C) 63°40′0 — —	14°29′0 — —	March—October
D) 64°06′3 — —	14°29′0 — —	
E) 64°13′8 — —	14°05′0 — —	
SVÆÐI III (AREA III):		
A) 64°02′7 n.br. (N)	14°39′0 v.lg. (W)	
B) 63°37′5 — —	14°39′0 — —	ágúst—júní
C) 63°33′0 — —	15°00′0 — —	August—June
D) 63°33′0 — —	15°23′0 — —	
E) 63°53′6 — —	15°23′0 — —	

SVÆÐI IV (AREA IV):

A)	63°50′7 n.br. (N)	15°37′0 v.lg. (W)	
B)	63°27′0 — —	15°37′0 — —	
C)	63°11′0 — —	17°31′5 — —	
D)	63°11′0 — —	18°10′0 — —	
E)	63°13′0 — —	18°10′0 — —	júlí—Maí
F)	63°14′3 — —	17°59′5 — —	July—May
G)	63°20′5 — —	17°36′5 — —	
H)	63°31′0 — —	17°17′5 — —	
I)	63°34′5 — —	16°27′0 — —	
J)	63°44′9 — —	15°51′0 — —	
K)	63°49′9 — —	15°40′0 — —	

SVÆÐI V (AREA V):

A)	63°19′0 n.br. (N)	22°00′0 v.lg. (W)	
B)	63°07′5 — —	22°00′0 — —	september—maí
C)	63°07′5 — —	22°45′0 — —	September—May
D)	63°26′2 — —	22°45′0 — —	

SVÆÐI VI (AREA VI):


A)	63°26′8 n.br. (N)	23°24′0 v.lg. (W)	
B)	63°05′0 — —	24°35′0 — —	júlí—apríl
C)	63°19′0 — —	24°58′0 — —	July—April
D)	64°04′2 — —	24°05′0 — —	
E)	63°36′6 — —	23°48′0 — —	

SVÆÐI VII (AREA VII):

A)	64°47′3 n.br. (N)	24°29′0 v.lg. (W)	
B)	64°34′0 — —	24°51′5 — —	september—júní
C)	64°32′0 — —	25°35′0 — —	September—June
D)	64°50′0 — —	25°45′0 — —	
E)	64°50′0 — —	24°31′0 — —	

Fylgiskjal III (Annex III):

Kort. (Map).



Fylgiskjal II.

Samkomulag við Noreg um heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Með orðsendingum dagsettum 10. júlí 1973 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Noregs um heimild fyrir norsk skip til takmarkaðra veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Ofangreindar orðsendingar eru svohljóðandi:

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík.

10. júlí 1973.

Háttvirti sendiherra.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og Noregs og staðfesti hér með, að eftirfarandi samkomulag náðist milli fulltrúanna:

Samkomulag milli Íslands og Noregs um heimild til fiskveiða innan 50 mílna markanna.

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs hafa orðið ásáttar um eftirfarandi raunhæfa tilhögun í sambandi við rýmkun íslenzku fiskveiðilögsögunnar 1. september 1972 úr 12 í 50 sjómílur:

1. Samkvæmt samkomulagi þessu skal veita u. þ. b. 45 skipum, er stunda línuveiðar, allt að 125 fet að stærð, skrásettum í Noregi, leyfi til fiskveiða á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna utan við grunnlínur umhverfis Ísland. Aðiljar byggja á, að ekki séu fleiri en u. þ. b. 30 línuveiðiskip, sem stundi veiðar samtímis. Leyfin skulu veitt í samræmi við eftirfarandi reglur:
   a. Norsk stjórnvöld skulu tilkynna íslenzka sjávarútvegsráðuneytinu nafn, skráningarnúmer og stærð skips, sem óskað er veiðiheimildar fyrir, svo og nafn skipstjóra.
   b. Íslenzka sjávarútvegsráðuneytið veitir skipum, sem í hlut eiga, leyfi til línu- og handfæraveiða. Leyfin eru veitt til 2—4 mánaða í senn, og er heimilt að endurnýja þau.
2. Norsk skip, sem stunda veiðar samkvæmt ofangreindum ákvæðum, hlíta sömu reglum sem íslenzk fiskveiðiskip við sams konar veiðar, og tilkynna skulu þau íslenzkum stjórnvöldum, hvenær veiðar hefjast.
3. Norsk stjórnvöld skulu gefa íslenzka sjávarútvegsráðuneytinu misserislega skýrslur um veiðimagn, sem aflað er á grundvelli ofangreindra ákvæða.
4. Samkomulag þetta haggar í engu sjónarmiðum samningsaðilja um heimild strandríkis til að ákvarða umtak fiskveiðilögsögu sinnar.
5. Hver aðili um sig getur fellt samkomulag þetta úr gildi með 6 mánaða fyrirvara.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu, leyfi ég mér að leggja til, að samkomulag þetta milli ríkisstjórna Íslands og Noregs gangi í gildi þann dag, er svarbréf yðar er dagsett.

Ég nota þetta tækifæri til þess að fullvissa yður, herra sendiherra, um sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson.

Hr. sendiherra Olav Lydvo,
norska sendiráðið, Reykjavík.

KGL. NORSK AMBASSADE

Reykjavik, 10. juli 1973

Herr Utenriksminister,

Jeg har den ære å erkjenne mottakelsen av Deres brev av idag, som i norsk tekst lyder som følger:

[Efnislega samhljóða erindinu að framan.]

Som svar har jeg den ære å meddele at den norske Regjering er enig i ovenstående, og følgelig er innforstått med at Deres brev og dette svarbrev skal utgjøre en overenskomst mellom de to Regjeringer med gyldighet fra dags dato.

Motta, herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Olav Lydvo

Hans Eksellense
Utenriksminister Einar Ágústsson
Reykjavík

Fylgiskjal III.

A. Samkomulag við landsstjórn Færeyja um heimild til línu- og handfæraveiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Dagana 15. og 16. ágúst 1972 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa landsstjórnar Færeyja um aðstöðu Færeyinga til línu- og handfæraveiða við Ísland.

Niðurstaðan varð sú, að skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, skuli heimilt að stunda línu- og handfæraveiðar á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna innan fiskveiðilögsögu Íslands, eins og hún verður frá og með 1. september 1972, í samræmi við eftirfarandi reglur:

1. Sjávarútvegsráðuneyti Íslands skal tilkynnt um nöfn, skrásetningarnúmer og stærð þeirra skipa, sem æskja ofangreindrar heimildar, og getur þá ráðuneytið veitt veiðileyfi, er gildi í ákveðinn tíma í senn, þó að jafnaði eigi skemur en í 4 mánuði. Ráðuneytið getur afturkallað útgefin veiðileyfi einstakra skipa, ef um brot á reglum þessum verður að ræða.
2. Færeysk skip, er veiðar stunda samkvæmt framangreindu, skulu hlíta sömu reglum og íslenzk skip við sams konar veiðar.

Samkomulag það, er felst í erindaskiptum frá 1. ágúst 1961, um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland, skal halda gildi sínu, en í samræmi við ofangreindar reglur, og hvað snertir veiðar við Kolbeinsey skulu þær heimilar á svæðinu milli 4 og 12 mílna.

Hvor aðili um sig getur ákveðið niðurfellingu þessarar skipunar með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 16. ágúst 1972.

Einar Ágústsson. Atli P. Dam.
Lúðvík Jósepsson. Eli Nolsøe.

B. Samkomulag við landsstjórn Færeyja varðandi togveiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands.

1. Yfirlýsing af hálfu Íslands í lok viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa landsstjórnar Færeyja 16. ágúst 1972.

Færeyska sendinefndin hefur óskað eftir samkomulagi um fiskveiðar færeyskra togskipa innan 50 mílna markanna eftir 1. september n. k.

Íslenzka nefndin verður af þessu tilefni að lýsa því yfir, að hún er ekki reiðubúin til þess af ýmsum ástæðum að ganga til samninga um togveiðar innan 50 mílna markanna á þessari stundu.

Til þess að mæta óskum færeysku nefndarinnar að þessu leyti vill íslenzka nefndin þó á þessu stigi lýsa yfir því að sæki færeyska landsstjórnin um sérstaka heimild fyrir önnur færeysk togskip en frystiskip til að ljúka yfirstandandi veiðiferð, mun íslenzka ríkisstjórnin veita slíkt leyfi að því tilskildu að lýst verði yfir að færeysk togskip virði 50 mílna fiskveiðilögsögu Íslendinga.

Togskipin verði þó horfin út fyrir 50 mílna mörkin eigi síðar en 1. október n. k., nema samningar hafi tekizt um annað fyrirkomulag fyrir þann tíma.

2. Bréf Einars Ágústssonar utanríkisráðherra til Atla P. Dam lögmanns 19. september 1972.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík.

19. september 1972.

Þar sem enn standa yfir athuganir varðandi togveiðar færeyskra skipa innan hinna nýju fiskveiðimarka Íslands, hefur orðið að samkomulagi milli samninganefnda íslenzku ríkisstjórnarinnar og færeysku landsstjórnarinnar, að Íslendingar veiti áfram færeyskum togveiðiskipum (sbr. fylgiskjal) leyfi til veiða innan landhelginnar á milli 12 og 50 mílna, enda fylgi þau í hvívetna íslenzkum lögum og sömu reglum varðandi veiðarnar og gilda fyrir íslenzk skip við sams konar veiðar.

Samkomulag þetta skal gilda þar til annað verður ákveðið af Íslands hálfu.

Einar Ágústsson.

Hr. lögmaður Atli P. Dam,
Landsstjórn Færeyja.

Fylgiskjal.

Brandur Sigmundarson. Magnus Heinason. Skálaberg. Sjúrðarberg. Kap Farvel. Ólafur Helgi. Leivur Össursson. Vágbingur. Hegvan Elias Thomsen.

3. Skeyti frá utanríkisráðuneytinu til landsstjórnar Færeyja 29. marz 1973.

Landsstjórn Færeyja.

Með skírskotun til skeyta landsstjórnar Færeyja 26. og 27. marz viðvíkjandi umsókn um veiðiheimild til handa togaranum „Mýlingur“ innan fiskveiðimarkanna við Ísland er hér með tilkynnt, að íslenzk stjórnvöld veita hina umbeðnu veiðiheimild og fyrst um sinn með sömu skilmálum og gilda um veiðar þeirra færeysku togara, sem taldir eru upp í bréfi Einars Ágústssonar utanríkisráðherra til Atla P. Dam lögmanns 19. september 1972.

Utanríkisráðuneytið.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands í samræmi við orðsendingu þá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Fylgiskjal I.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til sendiherra Bretlands.

Háttvirti sendiherra.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli ríkisstjórna okkar varðandi fiskveiðideiluna milli landa okkar. Þar sem efnisleg lausn deilunnar hefur ekki náðst, hefur í þessum viðræðum verið gengið frá eftirfarandi grundvelli að bráðabirgðasamkomulagi um fiskveiðar á hinu umdeilda svæði, enda hafi slíkt ekki áhrif á lagaskoðanir aðila eða réttindi, og er miðað við, að ársafli breskra skipa verði um 130 000 tonn:

1. Dregið mun úr fjölda breskra togara, sem veiða í ís og sækja á svæðið, þannig að 15 af stærstu togurunum og 15 aðrir togarar, miðað við upplýsingar um fjölda skipa að veiðum árið 1971, séu útilokaðir, og verði því í togaraflotanum eigi fleiri en 68 skip yfir 180 fet að lengd og 71 skip minna en 180 fet, enda stundi engir frystitogarar eða verksmiðjuskip veiðar á svæðinu.
2. Breskir togarar munu ekki stunda veiðar á eftirtöldum friðunarsvæðum á þeim tímum, sem hér segir:
   I) Fyrir Norðvesturlandi allt árið á svæði, sem afmarkast af línu milli eftirtalinna staða:
      a) 66°57′ n.br. 23°36′ v.lg.
      b) 67°01′ n.br. 22°24′ v.lg.
      og línu, sem dregin er í 340° frá stað a) og 22°24′ vestur lengdar.
   II) Fyrir Suðurlandi á tímabilinu 20. mars til 20. apríl á svæði, sem afmarkast af línum milli eftirtalinna staða:
      a) 63°32′ n.br. 21°25′ v.lg.
      b) 63°00′ n.br. 21°25′ v.lg.
      c) 63°00′ n.br. 22°00′ v.lg.
      d) 63°32′ n.br. 22°00′ v.lg.
   III) Fyrir Norðausturlandi á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, sem afmarkast af 16°11′8 vestlægri lengd og línu, sem dregin er 045° frá Langanesi (66°27′7 n.br. 14°31′9 v.lg.).
3. **Breskir togarar munu ekki stunda veiðar á eftirtöldum bátasvæðum:**
   I) Fyrir Vestfjörðum á svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er 20 sjómílur utan við grunnlínu norðan 65°30′ norðlægrar breiddar og vestan 22°24′ vestlægrar lengdar.
   II) Fyrir Austfjörðum á svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er 20 sjómílur utan við grunnlínu norðan 64°44′5 norðlægrar breiddar og sunnan línu, sem dregin er 045° frá Bjarnarey (65°47′1 n.br. 14°18′2 v. lg.).

III) Fyrir Norðurlandi á svæði, sem afmarkast af línu milli eftirtalinna staða:
a) 66°39′7 n.br. 22°24′5 v.lg.
b) 66°23′8 n.br. 18°50′0 v.lg.

4. Breskir togarar munu ekki stunda veiðar á eftirtöldum svæðum á þeim tímum, sem hér segir:
A) Fyrir Vestfjörðum á svæði, sem afmarkast af 22°24′ vestlægri lengd og 65°30′ norðlægri breidd. Lokað september — október.
B) Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem afmarkast af 65°30′ norðlægri breidd og 20°30′ vestlægri lengd. Lokað nóvember — desember.
C) Fyrir Suðurlandi á svæði, sem afmarkast af 20°30′ og 14°30′ vestlægri lengd. Lokað maí — júní.
D) Fyrir Suðausturlandi á svæði, sem afmarkast af 14°30′ vestlægri lengd og línu, sem dregin er 045° frá Bjarnarey (65°47′1 n. br. 14°18′2 v. lg.). Lokað janúar — febrúar.
E) Fyrir Norðausturlandi á svæði, afmörkuðu af línu, sem dregin er í 045° frá Bjarnarey og 16°11′8 vestlægri lengd. Lokað júlí — ágúst.
F) Fyrir Norðurlandi á svæði, sem afmarkast af 16°11′8 og 22°24′ vestur lengd. Lokað mars — apríl.

5. Tilhögun sú, sem fram er sett í töluliðum 2—4 hér að ofan, er sýnd á meðfylgjandi korti.

6. Aðilar koma sér saman um lista yfir skip, sem veiðar mega stunda samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi þessu. Ríkisstjórn Íslands mun ekki hindra veiðar þessara skipa umhverfis Ísland, meðan þau fara eftir ákvæðum bráðabirgðasamkomulagsins. Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik. Togari, sem rofið hefur samkomulagið, verður strikaður út af listanum.

7. Samkomulag þetta gildir í tvö ár frá undirritun þess, og hefur brottfall þess ekki áhrif á lagaskoðanir aðila varðandi efnisatriði deilunnar.

Ef ríkisstjórn Bretlands fellst á ofangreint, leyfi ég mér að leggja til, að þessi orðsending og staðfesting yðar skoðist sem bráðabirgðasamkomulag milli landa okkar, er gangi þegar í gildi og verði skrásett hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Fylgiskjal II.

Note from the Foreign Minister of Iceland to the Ambassador of the United Kingdom.

Your Excellency,

I have the honour to refer to the discussions which have taken place between our two Governments concerning the fisheries dispute between our two countries. In these discussions the following arrangements have been worked out for an interim agreement relating to fisheries in the disputed area, pending a settlement of the substantive dispute and without prejudice to the legal position or rights of either

Government in relation thereto, which are based on an estimated annual catch of about 130 000 metric tons by British vessels:

1. The British fleet of fresher trawlers which will fish in the area will be reduced by comparison with the number of vessels notified as fishing in 1971, by 15 of the largest trawlers and 15 other trawlers so that it will consist of not more than 68 trawlers of 180 feet or more in registered length and 71 trawlers of less than 180 feet in registered length, and no freezer or factory trawlers will fish in the area.

2. British trawlers will not fish in conservation areas during periods specified as follows:
   I) Off the Northwest Coast all year in an area demarcated by a line between the following points:
      a) 66°57′N 23°36′W
      b) 67°01′N 22°24′W


      and a line drawn 340° from point a) and 22°24′W.
   II) Off the South Coast during the period 20 March to 20 April in an area demarcated by lines between the following points:
      a) 63°32′N 21°25′W
      b) 63°00′N 21°25′W
      c) 63°00′N 22°00′W
      d) 63°32′N 22°00′W
   III) Off the Northeast Coast during the period 1 April to 1 June in an area demarcated by 16°11′8 W and a line drawn 045° from Langanes (66°22′7 N 14°31′9 W).

3. British trawlers will not fish in small boat areas as follows:
   I) Off the West Coast in an area bounded by a line drawn 20 nautical miles outside baselines, north of 65°30′N and west of 22°24′W.
   II) Off the East Coast in an area bounded by a line drawn 20 nautical miles outside baselines, north of 64°44′4 N and south of a line drawn 045° from Bjarnarey (65°47′1 N 14°18′2 W).
   III) Off the North Coast in an area bounded by a line between following points:
      a) 66°39′7 N 22°24′5 W
      b) 66°23′8 N 18°50′0 W

4. British trawlers will not fish in the following areas during the periods indicated:
   A) Off the West Coast an area demarcated by 22°24′ western longitude and 65°30′ northern latitude. Closed September/October.
   B) Off the Southwest Coast an area demarcated by 65°30′ northern latitude and 20°30′ western longitude. Closed November/December.
   C) Off the South Coast an area demarcated by 20°30′ and 14°30′ western longitude. Closed May/June.
   D) Off the Southeast Coast an area demarcated by 14°30′ western longitude and a line drawn 045° from Bjarnarey (65°47′1 N 14°18′2 W). Closed January/February.
   E) Off the Northeast Coast an area demarcated by a line drawn 045° from Bjarnarey and 16°11′8 western longitude. Closed July/August.
   F) Off the North Coast an area demarcated by 16°11′8 and 22°24′ western longitude. Closed March/April.

5. The arrangements specified in sub-paragraphs 2, 3 and 4 above are indicated on the attached map.

6. An agreed list of vessels which may fish in these waters in terms of this interim agreement shall be established. The Icelandic Government will not


ÍSLAND
LOKAÐ
janúar og febrúar
LOKAÐ
júlí og ágúst
LOKAÐ
1. apríl–1. júní
LOKAÐ
mars og apríl
LOKAÐ
allt árið
LOKAÐ
september og október
LOKAÐ
nóvember og desember
LOKAÐ
maí og júní
LOKAÐ
20. mars–20. apríl
A-F VEIÐIHÓLF
FRIÐUNARSVÆÐI
BÁTAVEIÐISVÆÐI
16°11,8'
22°24'
65°30'
14°30'
20°30'
045°

object to the named vessels fishing around Iceland as long as they comply with the terms of this interim agreement. Should a vessel be discovered fishing contrary to the terms of the agreement, the Icelandic Coastguard shall have the right to stop it, but shall summon the nearest British fishery support vessel in order to establish the facts. Any trawler found to have violated the terms of the agreement will be crossed off the list.

7. The agreement will run for two years from the present date. Its termination will not affect the legal position of either Government with respect to the substantive dispute.

If the foregoing is acceptable to the British Government, I have the honour to propose that this Note and Your Excellency's reply in that sense shall constitute an interim agreement between our two countries which shall become effective forthwith and be registered with the Secretary-General of the United Nations in accordance with Article 102 of the United Nations Charter.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Sþ. 101. Breytingartillaga [92. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Aftan við tillögugreinina bætist:

Ályktun þessi öðlast aðeins gildi að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu um bráðabirgðasamkomulagið, enda hljóti það stuðning meiri hluta kjósenda.

Ed. 102. Frumvarp til laga [93. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur með lögum nr. 28/1972 ótakmarkaða heimild til sams konar ábyrgðar og hér er farið fram á vegna kaupa á skuttogurum. Sú heimild hefur hins vegar ekki þótt nægileg til að ganga í ábyrgð fyrir skip af því tagi, sem hér um ræðir. Ríkisstjórnin er hins vegar sammála um að styðja beri kaup á 10 fiskiskipum til nóta- og togveiða með því að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

Ed. 103. Frumvarp til laga [94. mál]

um lyfjaframleiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði um lyfjaframleiðslu.

1. gr.

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa leyfi ráðherra að fengnum meðmælum landlæknis og lyfjaeftirlits, mega framleiða lyf, þar með talin sérlyf, enda uppfylli þau eftirfarandi skilyrði:

1. Framleiðslunni skal stjórnað af lyfjafræðingi, er uppfylli skilyrði 1.—5. töluliðs 9. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.
2. Framleiðsluhættir skulu vera í samræmi við kröfur gildandi lyfjaskrár og alþjóðasamþykkta, sem Ísland er aðili að.
3. Framkvæmd séu gæðapróf á allri framleiðslu. Gæðapróf skulu framkvæmd á rannsóknastofu, sem viðurkennd er af lyfjaeftirlitinu.

Við mat lyfjaeftirlitsins á aðstæðum skv. þessari grein skal tekið tillit til þess hvort um er að ræða framleiðslu á sérstöku lyfjaformi eða lyfjum, og skal þess getið sérstaklega í leyfisveitingu. Öll lyfjaframleiðslufyrirtæki eru háð lyfjaeftirliti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og greiða árlegt eftirlitsgjald skv. reglugerð.

2. gr.

Lyfjabúðir mega framleiða lyf að því marki, sem þær uppfylla sett skilyrði varðandi framleiðsluhætti, gæðamat, lyfjaeftirlit og eftirlitsgjald, sbr. 1. gr. laga þessara. Jafnframt skal höfð hliðsjón af gildandi sérákvæðum laga um rekstur lyfjabúða að þessu lútandi.

3. gr.

Tilraunastofnanir, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands mega framleiða og selja lyf þar með talin dýralyf, sem þær gera tilraunir með, enda uppfylli þau öll meginskilyrði varðandi framleiðsluhætti, gæðamat, lyfjaeftirlit og eftirlitsgjald, sbr. 1. gr. laga þessara.

4. gr.

Öll lyfjaframleiðslufyrirtæki skulu selja og afhenda lyfjaframleiðslu sína í stöðluðum umbúðum fyrir neytendur, lyfjabúðir og sjúkrahús. Framleiðsla skal auðkennd með firmanafni eða merki fyrirtækis.

Ráðherra getur afturkallað leyfi til lyfjaframleiðslu hvort sem um opinbera aðila eða aðra er að ræða, ef sett skilyrði hafa ekki verið haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu eða mistök í meðferð eða sölu lyfjanna.

II. KAFLI
Um sameiginlegt fyrirtæki um lyfjaframleiðslu.

5. gr.

Íslenzka ríkinu er heimilt að gerast stofnaðili að fyrirtæki um lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum.

Fyrirtækið skal vera sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

6. gr.

Ríkið skal eiga minnst helming fyrirtækisins. Lyfsalar og lyfjafræðingar, sem óska að vera aðilar að fyrirtækinu, mynda félag, sem leggur sameiginlega fram eignarhluta, sem nemur allt að helmingi heildareignar fyrirtækisins.

Hvor aðili um sig, ríkið og félagið, er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

Hvorugur aðili má ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

7. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera:

1. Að starfrækja meiriháttar lyfjaframleiðslu, samkvæmt löggiltri lyfjaskrá og löggiltum lyfseðlasöfnum og lyfjaforskriftum.
2. Að stunda tilraunir og rannsóknir með það fyrir augum að framleiða sérlyf.

8. gr.

Stjórn fyrirtækisins skal skipuð 5 mönnum til þriggja ára í senn. Félagið kýs tvo stjórnarmenn á aðalfundi sínum og skal að minnsta kosti annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt.

Nú eru eignarhlutföll jöfn, sbr. 6. gr., og skipar ráðherra þá tvo stjórnarmenn á sama hátt og félagið. Aðilar skipa svo sameiginlega fimmta manninn, skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki vera hagsmunaaðili í lyfjaframleiðslu né lyfsölu. Nái aðilar ekki samkomulagi um skipun oddamanns skal hann skipaður af þeirri deildarskor Háskóla Íslands, sem annast kennslu í lyfjafræði lyfsala.

Sé eignarhluti ríkisins stærri en eignarhluti félagsins, sbr. 6. gr., skipar ráðherra fimmta stjórnarmanninn, án tilnefningar.

Jafn margir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs formann og varaformann stjórnarinnar.

9. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins. Hún ræður framkvæmdastjóra, er uppfyllir skilyrði 1.—5. töluliðs 9. gr., lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og situr stjórnarfundi.

10. gr.

Eignaraðilar hvor um sig tilnefna einn endurskoðanda til að endurskoða reikninga fyrirtækisins. Stjórnin ræður jafnframt löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins.

Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, að því búnu skulu reikningar birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

11. gr.

Við fyrirtækið skal skipuð samstarfsnefnd skipuð tveim fulltrúum frá stjórn fyrirtækisins, 4 fulltrúum frá starfsliði þess og að auki skulu framkvæmdastjóri og einn af lyfjafræðingum fyrirtækisins eiga sæti í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að efla samvinnu fyrirtækisins við starfslið þess, og m. a. gera tillögur varðandi starfsskilyrði, enn fremur um hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

Nánari ákvæði um samstarfsnefnd skulu sett í reglugerð.

12. gr.

Stjórn fyrirtækisins skiptir starfseminni í deildir. Stjórnin ákveður, í samráði við framkvæmdastjóra, fjölda starfsmanna einstakra deilda, og ef við á skilyrði um menntun, til að gegna ákveðnum störfum.

13. gr.

Framkvæmdastjóri ræður í stöður forstöðumanna starfsdeilda að höfðu samráði við stjórn fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við

forstöðumenn deilda. Forstöðumenn deilda skulu sitja stjórnarfundi ef einkum er fjallað um málefni viðkomandi deildar.

14. gr.

Fyrirtækinu er skylt að framleiða þau lyf samkvæmt löggiltri lyfjaskrá, löggiltum lyfseðlasöfnum og löggiltum forskriftum, sem eftirspurn er eftir á hverjum tíma og hafa geymsluþol.

Fyrirtækið skal annast hvers konar sérhæfða framleiðslu lyfja fyrir sjúkrahús, að höfðu samráði við lyfjanefndir einstakra sjúkrahúsa, séu þær starfandi.

Fyrirtækið framleiðir öll vínandalyf, en Áfengis- og Tóbaksverzlun ríkisins fer að öðru leyti með einkarétt ríkisins að því er varðar innflutning og sölu vínanda til lyfja og afgreiðslu vínanda til lækninga og rannsóknastofa.

Fyrirtækið skal háð lyfjaeftirliti og greiða árlegt eftirlitsgjald, sem ákveðið er með reglugerð.

15. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli ríkisins annars vegar og lyfsala og lyfjafræðinga hins vegar um stofnun fyrirtækis um lyfjaframleiðslu innan ramma 5. — 14. gr. laga þessara. Er ríkinu þá skylt að annast lyfjaframleiðslu með þeim skyldum er greindar eru í 14. gr. enda séu einnig uppfyllt önnur meginskilyrði I. kafla varðandi lyfjaframleiðendur.

III. KAFLI
Verðlagning lyfjaframleiðslu.

16. gr.

Framleiðsluverð lyfja skal vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar.

Söluverð innlendrar lyfjaframleiðslu fer að öðru leyti eftir reglum gildandi lyfjaverðskráa, sem staðfestar eru af heilbrigðisráðherra.

Lyfjaverðlagsnefnd er til umsagnar um öll atriði er varða verðlagningu samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

17. gr.

Ráðherra mælir nánar fyrir í reglugerð um búnað, tilhögun og rekstur lyfjaframleiðslufyrirtækja, skv. lögum þessum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar:

1. 50. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.
2. 1. málsgrein 56. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er efnislega að mestu óbreytt frá frumvarpi til laga um lyfjaframleiðslu, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi (þskj. nr. 309 93. löggjafarþings).

Það frumvarp var að meginefni samið af nefnd til að gera tillögur á grundvelli stefnumarks ríkisstjórnarinnar um „að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn".

Niðurröðun efnis er önnur í þessu frumvarpi, er því nú skipt í 4 kafla:

I. kafli fjallar um almenn ákvæði um lyfjaframleiðslu,
II. kafli fjallar um stofnun sameiginlegs fyrirtækis um lyfjaframleiðslu,
III. kafli fjallar um verðlagningu og
IV. kafli fjallar um önnur ákvæði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur tekið til athugunar þær umsagnir er bárust um frumvarpið s. l. vor og jafnframt átt viðræður við fulltrúa Apótekarafélags Íslands um efni athugasemda félagsins. Ýmsar athugasemdir félagsins voru til bóta og hafa verið teknar inn í frumvarpið.

Þá hafa farið fram nokkrar undirbúningsviðræður við Pharmaco hf., um hugsanlegt lyfjaframleiðslufyrirtæki.

Frumvarp þetta miðar að því að gefa íslenzka ríkinu heimild, til að þróa innlenda lyfjaframleiðslu í náinni samvinnu við einkaaðila. Jafnframt eru skýrðar nánar í ljósi þróunar síðari ára þær grundvallarkröfur, sem gera verður til lyfjaframleiðslu.

Að öðru leyti má vísa til greinargerðar í þingskjali nr. 309 93. löggjafarþing frumvarp til laga um lyfjaframleiðslu og greinargerð Dr. Kjartans Jóhannssonar — Lyfjasala og lyfjagerð —, sem unnin var fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um almennar kröfur til lyfjaframleiðslufyrirtækja. Til að starfrækja lyfjaframleiðslufyrirtæki þarf leyfi ráðherra, sem fær umsögn lyfjaeftirlitsins og landlæknis.

Kröfur um stjórn framleiðslunnar, framleiðsluhætti og gæðapróf eru í samræmi við grundvallarstaðla um góða framleiðsluhætti í lyfjaframleiðslu. Gera má ráð fyrir að nota megi þjónustu rannsóknastofu utan fyrirtækis, en þá ber framleiðanda að hafa hæfan mann til að bera ábyrgð á ákvæðum varðandi sendingu framleiðslu á markað.

Gert er ráð fyrir að um leyfisveitingar fyrir sérstök lyfjaform eða lyf geti verið að ræða t. d., eingöngu töflur almennt eða ákveðnar töflutegundir.

Um 2. gr.

Framleiðsla lyfjabúða er að sjálfsögðu háð ákvæðum um gæðamat, en réttur þeirra til lyfjaframleiðslu fylgir ákvæðum um rekstur lyfjabúða, enda uppfylli þau skilyrði um framleiðsluaðstæður eins og þær eru á hverjum tíma fyrir hvert einstakt lyfjaform.

Um 3. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við 7. málsgrein 50. greinar lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

Um 4. gr.

Þessi grein kveður á um almennar skyldur lyfjaframleiðenda til stöðlunar á framleiðslu sinni.

Ennfremur felast í greininni ákvæði um afturköllun leyfis til lyfjaframleiðslu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er heimildarákvæði um stofnaðild ríkisins að lyfjaframleiðslufyrirtæki ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum og jafnframt er réttarstaða þess skýrð. Gert er ráð fyrir að væntanlegur samningur milli þessara aðila kveði nánar á um allt fyrirkomulag fyrirtækisins og er það því ekki skýrt nánar í þessu frumvarpi.

Um 6. gr.

Sú breyting er frá hinu fyrra frumvarpi að ríkið skuli eiga minnst helming fyrirtækisins, en áður var ákveðið fast á um jafna eign aðila í fyrirtækinu.

Um 7. gr.

Tilgangssetningar. Fyrsta tilgangssetning þýðir að fyrirtækið skuli annast meiriháttar lyfjaframleiðslu þ. e. framleiðslu á innspýtingarlyfjum, töflum, augndropum

og fleiru eftir þeim forskriftarbókum, sem löggiltar eru hér á landi. Önnur framleiðsla en sú, sem getið er um í fyrstu tilgangssetningu mundi falla undir skilgreiningu sérlyfja og er gert ráð fyrir grundvallar- og þróunarrannsóknum m. a. í því augnamiði að framleiða hérlendis sérlyf fyrir innlendan og jafnvel erlendan markað.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun stjórnarmanna. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra skipi 2 stjórnarmenn og félagið 2. Séu eignarhlutföll jöfn er gert ráð fyrir að aðilar skipi sameiginlega fimmta mann en ef ekki næst samkomulag sé hann skipaður af deildarskor í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

Ráðherra skipar hins vegar fimmta stjórnarmanninn án tilnefningar ef eignarhluti ríkisins er stærri.

Oddamaður stjórnarinnar skal vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki hafa hagsmuna að gæta í lyfjaframleiðslu eða lyfsölu. Gert er ráð fyrir að stjórnin kjósi sjálf formann og varaformann.

Um 9. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri sé lyfjafræðingur að mennt.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um áhrif starfsmanna á rekstur fyrirtækisins og tengsl þeirra við stjórn og stjórnendur.

Um 12. gr.

Ekki þykir rétt að afmarka deildaskiptingu með lögum. Frumskilyrði er þó að sérstök rannsókna- og þróunardeild, er framkvæmi gæðapróf, sé starfandi og sé hún ákvarðandi aðili innan fyrirtækisins um gæði hráefna og lyfja á öllum stigum framleiðslunnar. Aðrar deildir yrðu starfandi allt eftir stærð og eðli verkefna.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um skyldur fyrirtækisins. Í fyrstu málsgrein felst mjög yfirgripsmikil skylda um að framleiða lyf, sem eftirspurn er eftir og eru skráð í löggiltri lyfjaskrá eða löggiltum lyfseðlasöfnum og forskriftum.

Þá er einnig kveðið skýrt á um sérhæfða framleiðslu fyrir sjúkrahús. Eðlilegt þykir í ljósi þróunar sérstakra lyfjanefnda innan sjúkrahúsa, að haft sé samráð við þær um slíka framleiðslu.

Þá er gert ráð fyrir að fyrirtækið framleiði öll vínandalyf.

Um 15. gr.

Þessi grein tekur tillit til þeirrar stöðu ef samkomulag verður ekki milli ríkisins annars vegar og lyfsala og lyfjafræðinga hins vegar. Er ríkinu þá skylt að starfrækja lyfjaframleiðslufyrirtæki með þeim skyldum er greinir í 14. grein.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um verðlagningu framleiðslunnar. Gert er ráð fyrir að þróunarkostnaður þ. e. kostnaður við grundvallarrannsóknir og uppbyggingu sé tekinn inn í framleiðsluverðið.

Lyfjaverðlagsnefnd samkvæmt 28. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera til umsagnar um verðlagsmál skv. þessum lögum eins og verið hefur.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Verði frumvarp þetta að lögum er ekki gert ráð fyrir að fella úr gildi II. kafla laga nr. 63 28. maí 1969 um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sem fjallar um verzlun með lyf og fleira, enda á engan hátt gert ráð fyrir að draga úr starfsemi ríkisins á vettvangi lyfjaframleiðslu, nema að því marki, er samkomulag kann að verða um sbr. II. kafla frumvarpsins.

Nd. 104. Frumvarp til laga [95. mál]

um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

I. KAFLI
Ráðgjöf og fræðsla.

1. gr.

Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

2. gr.

Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.

3. gr.

Ráðgjafarþjónusta þessi skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og má vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu.

4. gr.

Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennarar, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Allar viðurkenndar getnaðarvarnir skulu fást hjá ráðgjafarþjónustunni. Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m. a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra.

6. gr.

Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess, sem hér segir:

1. Læknishjálp.
2. Þungunarprófanir.
3. Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl.
4. Félagsleg aðstoð.
5. Aðstoð við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

7. gr.

Í samráði við fræðsluyfirvöld skal veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita fræðslu á öðrum námsstigum.

II. KAFLI
Um fóstureyðingar.

8. gr.

Fóstureyðing samkvæmt lögum þessum er læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun.

9. gr.

Fóstureyðing er heimil:

1. **að ósk konu,** sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð,
2. **að læknisráði** og í viðeigandi tilfellum að undangenginni félagslegri ráðgjöf:
   a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
   b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
   c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða barnsföður til að annast og ala upp barn.
   d) Þegar ætla má, að þessi þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki verður ráðin bót á.
   e) Þegar konan getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis, þegar þungun á sér stað, annast barnið á fullnægjandi hátt.
   f) Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

10. gr.

Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er, eftir að getnaður hefur átt sér stað og helst fyrir lok 12. viku meðgöngutíma.

Fóstureyðing skal að jafnaði ekki framkvæmd eftir 16. viku meðgöngutíma, nema móður eða fóstri sé stefnt í því meiri hættu, ef meðganga á að halda áfram.

Frávik frá þessu ákvæði eru heimil, ef ótvíræðar læknisfræðilegar eða mannúðarástæður eru fyrir hendi.

11. gr.

1. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 1. tölulið þessara laga, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um, að ekkert læknisfræðilegt mæli gegn aðgerð og skilyrðum um meðgöngutímalengd og fræðslu sé fullnægt.
2. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið a, b og c, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um nauðsyn aðgerðar.
3. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið, d, e og f, þegar fyrir liggur umsókn konu, studd greinargerð heimilislæknis eða félagsráðgjafa um nauðsyn aðgerðarinnar, ásamt vottorði aðgerðarlæknis um, að skilyrðum 10. gr. laga þessara um lengd meðgöngutíma sé fullnægt.

Umsókn og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð.

12. gr.

1. Konan skal að jafnaði sjálf standa fyrir umsókn sinni um fóstureyðingu.
2. Ef hún er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.

3. Sé konan yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
4. Ef mögulegt er, skal barnsfaðir taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

13. gr.

Áður en fóstureyðing er heimiluð samkvæmt lögum þessum, skal konunni skýrt frá því í hverju aðgerðin sé fólgin og hverjar afleiðingar geti hlotist af henni.

Öll fræðsla og ráðgjöf varðandi málið skal veitt á óhlutdrægan hátt.

14. gr.

Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingar. Fóstureyðingu skal framkvæma á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna í því skyni, þar sem sérfræðingur á sviði kvenlækninga eða sérfræðingur í almennum skurðlækningum starfa.

15. gr.

Áður en kona, sem gengist hefur undir fóstureyðingu, útskrifast af sjúkrahúsinu, skulu henni veittar leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Ef konan er gift eða í sambúð, skal maðurinn, ef mögulegt er, einnig hljóta leiðbeiningar um getnaðarvarnir.

Einnig skal konunni gert að skyldu að koma í eftirrannsókn að ákveðnum tíma liðnum til læknisskoðunar og viðtals.

III. KAFLI

Um ófrjósemisaðgerðir.

16. gr.

Ófrjósemisaðgerð er samkvæmt lögum þessum, þegar sáðgöngum karla eða eggvegum kvenna er lokað varanlega og þannig komið í veg fyrir, að viðkomandi auki kyn sitt.

17. gr.

Ófrjósemisaðgerð er heimil samkvæmt lögum þessum samkvæmt ósk viðkomanda:

1. Ef ætla má, að heilsu konu sé hætta búin af meðgöngu og fæðingu.
2. Ef kona eða karl eindregið og að vel íhuguðu máli óskar eftir því, að komið verði varanlega í veg fyrir, að hann eða hún auki kyn sitt.
3. Ef fæðing og forsjá fleiri barna yrði of mikið álag fyrir konuna og/eða karlinn, með hliðsjón af lífskjörum fjölskyldunnar og öðrum ástæðum.
4. Ef sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega út getu hans eða hennar að annast og ala upp börn.
5. Þegar ætla má, að barn viðkomanda eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi, vegna erfða eða sköddunar á fósturstigi.

18. gr.

Ófrjósemisaðgerð er heimil samkvæmt 17. gr. 1., 2. og 3. tölulið þessara laga, þegar fyrir liggur umsókn viðkomanda og vottorð læknis á þar til gerðum eyðublöðum.

Ófrjósemisaðgerð er heimil samkvæmt 17. gr. 4. og 5. tölulið laga þessara, þegar fyrir liggja umsókn viðkomanda og vottorð sérfræðings í geðlæknis- eða erfðafræðum, eftir því sem við á. Vottorð lækna skulu studd greindarmælingu og prófunum sálfræðings, svo og greinargerð um félagslegar ástæður frá heimilislækni eða félagsráðgjafa, ef þörf krefur.

19. gr.

Áður en ófrjósemisaðgerð er heimiluð samkvæmt lögum þessum, skal viðkomanda skýrt frá því í hverju aðgerðin sé fólgin og að hún komi varanlega í veg fyrir, að viðkomandi geti aukið kyn sitt.

20. gr.

Umsókn skal fylgja yfirlýsing viðkomanda, undirrituð eigin hendi, að honum/henni sé ljóst í hverju aðgerðin sé fólgin, og að hann/hún fari fram á ófrjósemisaðgerð af frjálsum vilja. (Samb. þó 21. gr).

21. gr.

Ef ástæður til ófrjósemisaðgerðar svo sem segir í 17. gr. 1., 3., 4. og 5. tölulíðum eru fyrir hendi, en viðkomandi er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða annarra geðtruflana varanlega ófær um að gera sér grein fyrir afleiðingum aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.

Óleyfilegt er að gera ófrjósemisaðgerð á þeim, sem ekki er fullra 18 ára að aldri, nema gild rök hnigi að því.

22. gr.

Einungis læknar mega framkvæma ófrjósemisaðgerðir. Ófrjósemisaðgerð skal framkvæmda á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisyfirvöld heimila, og skulu aðgerðirnar framkvæmdar af sérfræðingum í almennum skurðlækningum eða kvensjúkdómafræðum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

23. gr.

Umsókn, læknisvottorð og greinargerð, sem um getur í 11. og 18. gr. laga þessara, skal leggja með sjúkraskrá sjúklingsins á sjúkrahúsinu.

Að aðgerð lokinni skal senda heilbrigðisyfirvöldum greinargerð um framkvæmd hennar á þar til gerðum eyðublöðum.

24. gr.

Synjanir umsókna um fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð skulu einnig tilkynntar heilbrigðisyfirvöldum og þess getið, hvers vegna umsókn hafi verið synjað.

25. gr.

Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og ber að stuðla að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, sem starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar varðandi framkvæmd þeirra.

26. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

27. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu vísað án tafar til heilbrigðisyfirvalda og leggur nefnd, sem skipuð verður í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, úrskurð á málið.

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn, þar af einn læknir og einn lögfræðingur skipaðir af heilbrigðismálaráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því henni berst það í hendur.

28. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga greiði sjúkrakostnað vegna fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða.

Kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu á þessu sviði greiðist af almannafé.

29. gr.

Ákvæði þessara laga gilda ekki, ef um nauðsynlegar læknisaðgerðir á æxlunarfærum er að ræða vegna sjúkdóms í þeim, enda þótt fósturlát eða ófrjósemi hljótist af.

30. gr.

1. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, án þess að fullnægt sé skilyrðum 9., 10. eða 17. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má beita sektum. Hafi verkið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.
2. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, án þess að fullnægt sé skilyrðum 11., 12., 13., 18. eða 19. gr., skal sæta sektum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.
3. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, án þess að fullnægt sé skilyrðum 14. eða 22. gr., skal sæta sektum.
4. Framkvæmi aðrir en læknar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, skulu þeir sæta fangelsi allt að 4 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Hafi verkið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.
5. Hlutdeildarmönnum skal refsað samkvæmt 1. og 4. tl. þessarar greinar. Gáleysisbrot eru refsilaus samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Ákveða skal með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 38/1935 um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt.

Greinargerð.

Formáli.

Hinn 5. marz 1970 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Eggert Þorsteinsson nefnd til endurskoðunar laga um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir, þ. e. annars vegar lög nr. 38 28. janúar 1935 um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar og hins vegar lög nr. 16 13. janúar 1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt. Formaður var skipaður Pétur H. J. Jakobsson, prófessor. Aðrir í nefndinni voru Tómas Helgason, prófessor og prófessor Sigurður Samúelsson. Í janúar 1971 óskaði prófessor Sigurður eftir því að verða leystur undan starfi í nefndinni og tók þá sæti í nefndinni í hans stað Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður. Höfðu ýmis samtök kvenna áður farið þess á leit við landlækni og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að meirihluti nefndarinnar yrði skipaður konum. Frá 1. janúar 1971 var ráðin sem ritari nefndarinnar Svava Stefánsdóttir, félagsráðgjafi. — Í nóvember 1971 lagði Bjarni Guðnason fram á alþingi tillögu til þingsályktunar um fóstureyðingar, sem fjallaði meðal annars um réttindi konunnar til sjálfsákvörðunar og um nauðsyn þess, að löggjöf um fóstureyðingar í dag hnígi meir í frjálsræðisátt en nú er. Nefndin fékk tillöguna til umsagnar, og skýrði hún frá starfi sínu og jákvæðri afstöðu. — Hinn 12. nóvember 1971 tók Vilborg Harðardóttir, blaðamaður sæti í nefndinni.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 30. nóvember 1970. Alls voru 24 fundir haldnir í nefndinni.

Nefndin taldi mikilvægt að kanna, hvernig núgildandi löggjöf hefði reynst í framkvæmd. Þegar nefndin hóf störf, var því ákveðið að framkvæma eftirrannsókn á Fæðingardeild Landspítalans með því að hafa viðtöl við konur, sem framkallað hafði verið fósturlát hjá á vissu árabili. Var sú rannsókn framkvæmd á árunum 1971—1972.

Í sama tilgangi hefur nefndin safnað gögnum hjá landlækni um veitingu leyfa samkvæmt lögunum frá 1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt. Einnig hefur nefndin gert athugun á framkvæmd laganna frá 1935 um leiðbeiningar fyrir konur gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar úti á landi.

Prófessor Pétur H. J. Jakobsson hefur á undanförnum árum safnað nákvæmum upplýsingum um allar fóstureyðingar framkvæmdar á Fæðingardeild Landspítalans á árunum 1950—1965.

Nefndin hefur kynnt sér ítarlega erlenda löggjöf á þessu sviði og reynslu annarra þjóða bæði frá læknisfræðilegu og félagslegu sjónarmiði, en miklar breytingar hafa átt — og eiga sér enn stað á löggjöf og framkvæmd laga um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir erlendis á síðustu árum. Pétur Jakobsson, formaður nefndarinnar, hefur heimsótt nýjar stofnanir erlendis, sem eingöngu veita viðtöku sjúklingum, sem framkvæma á fóstureyðingu hjá.

Efni frumvarpsins, nýmæli og breytingar.

Nefndin taldi ekki unnt að semja nýja löggjöf um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nema að gera ýmsum öðrum málum, sem varða kynlíf og barneignir skil samtímis.

Nefndin leggur því til, að löggjöfin nái til aðgerða, sem stuðla að því að gera fólki kleift að stjórna viðkomu sinni eftir eigin óskum og þegar slíkt tekst ekki, að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir, sem binda endi á ótímabæra þungun og, ef nauðsyn krefur, að heimila ófrjósemisaðgerðir, sem varanlega koma í veg fyrir, að viðkomandi auki kyn sitt.

Tillögur nefndarinnar hafa mótast af því grundvallarsjónarmiði, að brýn nauðsyn sé:

1) Að gefa öllum kost á ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir og ábyrgð foreldrahlutverks.
2) Að veita öllum fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
3) Að veita aðstoð þeim, sem íhuga fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
4) Að auka félagslega aðstoð í sambandi við þungun og barnsburð.

Tillögur nefndarinnar miðast við ástæður eins og þær eru í dag. Víða erlendis er unnið að rannsóknum á sviði þungunarvarna. Notkun lyfja, sem stöðva fósturþróun strax eftir getnaðinn (hormónalyf, „daginn-eftir-pilla") verður óháð löggjöf um fóstureyðingar og einungis háð löggjöf og reglum um notkun læknislyfja.

Varnaðarstarf.

Nefndin leggur höfuðáherslu á nauðsyn þess að fyrirbyggja ótímabæra þungun, sem leiðir til þess, að farið er fram á fóstureyðingu. Nefndin lítur svo á, að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði, vegna þess að um er að ræða læknisaðgerð, sem getur haft áhættu í för með sér og krefst sérhæfðs starfsfólks og fullkomins útbúnaðar til sérhæfðrar læknismeðferðar, ef eitthvað ber út af. Aðgerðin verður þess vegna að fara fram á sjúkrahúsum og verður því all kostnaðarsöm getnaðarvörn fyrir þjóðfélagið.

Það er reynsla annarra þjóða nú, til dæmis frændþjóða okkar, að einmitt varnaðarstarfið hafi verið stórlega vanrækt. Þess er getið, að auðveldara sé orðið að fá framkvæmda fóstureyðingu, þar sem löggjöf hefur verið rýmkuð, en að fá leiðbeiningar um getnaðarvarnir.

Við endurskoðun laganna er það því álit nefndarinnar, að ráðgjöf og leiðbeiningar um kynlíf, barneignir og takmörkun barneigna skuli fá aukið rúm í löggjöfinni. Afnema skuli ákvæði það í lögunum frá 1935, sem bannar öðrum en læknum að láta í té leiðbeiningar um takmörkun barneigna. Ef aðrir starfshópar svo sem ljósmæður, hjúkrunarfólk, félagsráðgjafar og kennarar í samræmi við kunnáttu taka þátt í leiðbeiningarstarfinu, er unnt að ná með fræðslu og ráðgjöf til fleira fólks.

Til þessa hefur varnaðarstarfi verið of lítill gaumur gefinn hér á landi, bæði hvað snertir kynlífsfræðslu í skólum og ráðgjöf fyrir fullorðna. Í því skyni að efla framangreint varnaðarstarf leggur nefndin til að skipulagðri ráðgjafarþjónustu verði komið á fót við sjúkrahús og heilsuverndar- og heilsugæslustöðvar á öllu landinu og að unnið verði að aukinni fræðslu á þessu sviði í skólum í samráði við fræðsluyfirvöld.

Fóstureyðingar.

Til þess að tryggja hag konunnar, er þörf löggjafar, sem segir til um, hvaða aðstæður veiti konu réttindi til að fá framkvæmda fóstureyðingu. Þeir læknar, sem taka á sig þá ábyrgð að framkvæma aðgerðir þessar, verða einnig að hafa lög og reglur að styðjast við.

Nefndin hefur mótað tillögur sínar um í hvaða tilvikum fóstureyðingar skuli heimilar á grundvelli þeirra niðurstaða, sem fengist hafa í eftirrannsókn á högum kvenna, sem framkvæmd hefur verið fóstureyðing hjá og með hliðsjón af þeirri læknisfræðilegu reynslu, sem fengist hefur varðandi áhættu, sem getur verið samfara aðgerð í hverju einstöku tilfelli. Einnig hefur nefndin tekið tillit til félagslegra aðstæðna einstæðra mæðra. Þá hefur og verið tekið tillit til þróunar löggjafar í nágrannalöndum svo og til sjálfsákvörðunarréttar einstaklinganna.

Nefndin leggur til, að breytt verði ákvæðum um tilefni fóstureyðinga á þá lund, að þær skuli heimilar af félagslegum ástæðum einum saman, ef þær eru erfiðar og ekki verður úr bætt með félagslegri aðstoð. Er þetta í samræmi við, að skýrgreining á hugtakinu heilsa hefur á seinni árum færst í þá átt að ná til félagslegrar heilsu. Tekið skal í auknum mæli tillit til mats viðkomandi sjálfra á aðstæðunum.

Nefndin leggur til, að endanlegur ákvörðunarréttur skuli vera hjá konunni, ef engar læknisfræðilegar ástæður mæli móti aðgerð, og ef aðgerð verður framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu. Konan skal þá hafa verið frædd um áhættu samfara aðgerð og þá félagslegu aðstoð, sem stendur til boða, ef hún kýs að fæða. — Þessi tillaga hefur mótast af því sjónarmiði, að óréttmætt sé og óæskilegt að neyða konu til að taka á sig þá ábyrgð að fæða barn, þegar hún vill sjálf og álítur rétt að binda endi á þungun. Er þar ekki síst höfð í huga ótímabær þungun ungra stúlkna, sem ef til vill hefur orsakast af fávísi og barnaskap. — Skúlka, sem 16 ára gömul eignast óskilgetið barn, hefur skyndilega mikinn hluta lífsleiðarinnar ákveðinn fyrirfram. Í flestum tilvikum hættir hún frekari skólagöngu, jafnvel þótt einhver í fjölskyldunni hjálpi henni að annast barnið. Sennilega á hún erfitt með að fá fasta vinnu, sem borguð er það vel, að hún geti séð fyrir sér og barninu. Ef til vill finnst henni hún vera tilneydd að giftast einhverjum, sem hún annars hefði ekki gifst. Hefði hún getað frestað fæðingu fyrsta barnsins, hefðu framtíðarhorfur hennar verið allt aðrar.

Ekki er síður nauðsyn að hafa í huga erfiðleika og horfur óvelkomins barns. Sú áhætta er fyrir hendi, að þegar barnið er fætt, haldi það áfram að vera óvelkomið og andúðin á því fremur vaxi en minnki, þegar barnið á sinn eðlilega hátt krefst allrar umhyggju og ástúðar móður, sem á erfitt með að láta slíkt í té. Í slíkum tilvikum er veruleg hætta á andlegri misþyrmingu barna og jafnvel líkamlegri.

Orð Vilmundar Jónssonar, landlæknis í greinargerð hans með lögunum frá 1935, „að varla megi minna krefjast til handa hverju barni, sem fæðist, en að það sé að minnsta kosti aufúsugestur móður sinni“ eru enn í dag í fullu gildi og vafasamt hversu miklu eftirsóknarverðari vistarvera heimurinn er í dag, en hann var þá.

Föðurhlutverkinu hefur til þessa verið alltof lítill gaumur gefinn í sambandi við óskilgetin börn. Fjöldi barna í nútíma þjóðfélagi líða fyrir það, að þau skortir tilfinningaleg tengsl við föður sinn og alltof mikil brögð hafa verið að því til þessa, að feður kæmust upp með að yfirgefa börn sín hugsunarlaust undir því yfirskini, að það væri hlutverk móðurinnar einnar að annast og ala upp börnin. Hlutverk föðurins í umönnun og uppeldi barna er engu þýðingarminna en móðurinnar. Eflaust mætti með aukinni kynlífs- og samfélagsfræðslu í skólum draga úr ábyrgðarleysi ungra pilta í þessum málum og vekja ábyrgðartilfinningu þeirra gagnvart föðurhlutverkinu.

Fóstureyðingar að læknisráði og að undangenginni félagsráðgjöf, þar sem henni verður við komið, eru heimilar af læknisfræðilegum ástæðum, erfða- og fósturskaðaástæðum, félagslæknisfræðilegum ástæðum, félagslegum ástæðum og siðferðisástæðum.

Nefndin telur nauðsynlegt að setja ákveðin tímatakmörk í löggjöf og leggur áherslu á, að fólki skuli veitt fræðsla um það, að fóstureyðingar skuli framkvæmdar eins fljótt og auðið er. Með tilliti til heilsu móður, andlegrar og líkamlegrar, er æskilegt, að fóstureyðing sé framkvæmd áður en fyrstu 12 vikur meðgöngutíma eru liðnar. Ástæður geta þó verið á þann veg, að þungun, sem binda ætti endi á, uppgötvast ekki fyrr en eftir 12. viku meðgöngu og telur nefndin því nauðsynlegt að heimila fóstureyðingar að læknisráði fram til 16. viku meðgöngu. Eftir þann tíma verði fóstureyðingar einungis heimilar af ótvíræðum mannúðar- eða heilbrigðisástæðum. — Í því skyni að stuðla að því, að fóstureyðingar séu framkvæmdar eins fljótt og auðið er á meðgöngutímanum, mælir nefndin með því, að aðgerðir þessar verði leyfðar víðar en hingað til hefur verið, á fleiri sjúkrahúsum, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna í því skyni. Nefndin leggur einnig áherslu á, að meðferð umsókna verði hraðað eftir föngum.

Þeim, sem íhuga fóstureyðingu, skal veitt aðstoð eftir því sem við á, svo sem hér segir: Læknishjálp, þungunarprófanir, ráðgjafar- og stuðningsviðtöl, félagsleg aðstoð og aðstoð við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss. — Megináhersla skal lögð á óhlutdræg ráðgjafar- og stuðningsviðtöl við lækni og félagsráðgjafa. Mikilvægt er að hjálpa konunni (og karlinum) að gera sér grein fyrir því, hvort fóstureyðing sé rétt lausn mála og hvort umsókn sé orðin til af frjálsum vilja, án þvingunaraðgerða frá öðrum. —

Nefndin leggur eindregið til, að efld verði félagsleg aðstoð fyrir konur, sem þrátt fyrir erfiðar ástæður vilja ganga með og fæða sitt barn. Eftirrannsókn á högum kvenna, sem gengist hafa undir fóstureyðingu, gefur til kynna, að konurnar hafi átt og eigi oft við alvarlega félagslega örðugleika að stríða. Niðurstöður eftirrannsóknarinnar benda til þess, að uppeldi og aðbúnaði barna, sem fyrir eru, sé ábótavant og hlutskiptis þeirra sé ekki gætt sem skyldi. — Nefndin hefur kynnt sér, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð, og telur, að henni sé í ýmsu ábótavant. Einnig mun þörf aukinnar fræðslu um þá aðstoð, sem nú er fyrir hendi.

Þær félagslegu aðstæður, sem nefndin telur brýnt að bætt verði úr, er húsnæðis- og dagvistunarskortur, skortur á atvinnuöryggi kvenna í sambandi við þungun og barnsburð, lenging barnsburðarfrís og að tryggð verði afkoma kvenna, sem missa tekjur, með greiðslum almannatryggingabóta. Öll heilbrigðisþjónusta í sambandi við þungun og barnsburð verði ókeypis, sjúkrasamlög taki þátt í greiðslu getnaðarvarna.

Ófrjósemisaðgerðir.

Nefndin leggur til, að ákvæðin um ófrjósemisaðgerðir (í gildandi lögum nefndar vananir) verði rýmkuð. Ófrjósemisaðgerð verði heimiluð, þegar viðkomandi óskar eftir því að vel íhuguðu máli. Þegar um hjón er að ræða, er eðlilegt að taka til athugunar, hvorn makanna sé æskilegra að gera ófrjóan. — Nefndin vill setja ákvæði um bann við ófrjósemisaðgerðum hjá yngra fólki en 18 ára, nema um mikinn greindarskort sé að ræða samkvæmt áreiðanlegum greindarmælingum.

Um ráðgjöf og fræðslu í sambandi við umsókn um ófrjósemisaðgerð gildir sama og um fóstureyðingar.

Eftirlit með framkvæmd laganna.

Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og stuðla að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Mikilvægt er, að réttur fólks í dreifbýlinu verði ekki fyrir borð borinn.

Allar framkvæmdar aðgerðir og synjanir um framkvæmd aðgerða skulu tilkynntar heilbrigðisyfirvöldum. Ráðherra skal skipa nefnd sérfróðra manna, sem annast úrvinnslu gagna og skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Til þeirrar nefndar geta umsækjendur beint áfrýjun vegna synjunar um framkvæmd aðgerðar og leggur nefndin úrskurð á málið.

Þar eð starfið að framkvæmd laganna er einkar vandasamt, leggur nefndin áherslu á nauðsyn þess, að heilbrigðisyfirvöld veiti fræðslu og leiðbeiningar öllum þeim, sem á þessu sviði starfa.

Refsiákvæði.

Nefndin leggur til, að ákvæði í almennum hegningarlögum um refsingu fyrir konu vegna fóstureyðingar verði felld niður. Ákvæðin samræmast ekki nútíma hugsunarhætti. Þau virðast ekki hafa nein almenn varnaðaráhrif, og eru ekki notuð í reynd. Auk þess koma þau ákaflega hart niður á konunni. — Heilbrigðisástæður konu, sem leggur það á sig að gangast undir ólöglega fóstureyðingu, með þeirri áhættu og þeim erfiðleikum, sem því er samfara, uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru um læknisfræðilegar ástæður fyrir löglegri fóstureyðingu.

Afkynjanir.

Ákvæði um afkynjun á ekki heima í þessari löggjöf, að dómi nefndarinnar. Höfuðtilgangur afkynjana er samkvæmt greinargerð Vilmundar Jónssonar, landlæknis, að hindra glæpsamlegt atferli, sem orsakast af sjúkdómi. Hlýtur afkynjun því að skoðast sem læknisaðgerð við þeim sjúkdómi og falla undir læknalögin nr. 80/1969. — Vísindaniðurstöður í innkirtlafræðum benda til þess, að takmörkuðum árangri verði náð með þessum aðgerðum og er þeim mjög sjaldan beitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. kemur fram nokkurs konar stefnuyfirlýsing, þar sem nefndin álítur, að ráðgjöf og leiðbeiningar um kynlíf, barneignir og takmörkun barneigna eigi að fá aukið rúm í löggjöfinni. Í greininni er því lýst yfir, að fólk skuli eiga kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Ætlast er til, að reynt verði að ná með fræðslu og ráðgjöf jafnt til karla og kvenna, jafnt til ungs fólks sem eldra.

Um 2. gr.

Þessi grein er nýmæli og er nánari útfærsla á því í hverju ráðgjafarþjónustan er fólgin. Þar er tekið fram, að hjá ráðgjafarþjónustunni geti fólk fengið fræðslu

og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra. Auk þess verður þar ráðgjöf fyrir fólk, sem fer fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, sbr. nánar um 6. gr. Einnig er ætlast til, að ráðgjafarþjónustan veiti fræðslu og ráðgjöf um kynlíf og um ábyrgð foreldrahlutverks.

Nefndin leggur áherslu á, að miklu máli skipti um árangur ráðgjafarþjónustunnar, að sem hæfast starfsfólk ráðist þar til starfa. Sérstaklega er mikilvægt, að öll fræðsla og ráðgjöf sé veitt á óhlutdrægan hátt.

Um 3. gr.

Í þessari grein er ákvæði um það, hvar veita skuli ráðgjafarþjónustuna. Þykir heppilegast að hafa hana til húsa á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, og getur hún verið í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu. Ekki er þetta tæmandi upptalning, heldur getur heilbrigðisráðuneytið kveðið nánar á um þetta í reglugerð.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um það, hverjir starfa skuli að ráðgjafarþjónustunni. Með henni er afnumið það ákvæði í 1. gr. laga nr. 38/1935, sem bannar öðrum en læknum að láta í té leiðbeiningar um takmörkun barneigna.

Nefndin álítur nauðsynlegt að ná með fræðslu og ráðgjöf til sem allra flesta, og það verður gert með því að láta einnig aðra starfshópa en lækna taka þátt í leiðbeiningarstarfinu. Þeir starfshópar, sem undir þetta falla, eru auk lækna, t. d. hjúkrunarfólk, ljósmæður, félagsráðgjafar og kennarar.

Um 5. gr.

Hjá ráðgjafarþjónustunni skulu vera á boðstólum allar viðurkenndar getnaðarvarnir gegn hæfilegu gjaldi. Nefndin telur, að sjúkrasamlögum beri að taka þátt í kostnaði getnaðarvarna. Nefndin telur, að þungamiðjan í löggjöf þessari sé fyrirbyggjandi starf um ráðgjöf og fræðslu um getnaðarvarnir, og beri því að gera öllum kleift að nota getnaðarvarnir og eigi efnahagur fólks engu að skipta þar um.

Um 6. gr.

Greinin útskýrir nánar í hverju ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, sé fólgin.

Megináherslu skal leggja á ráðgjafar- og stuðningsviðtöl.

Nefndin álítur, að fóstureyðing hljóti alltaf að vera neyðarúrræði fyrir hverja konu. Beri því að athuga gaumgæfilega möguleikana á því, að konan ali barn það, sem hún gengur með. Sérstaklega er nauðsynlegt að aftra því, að konan leiðist út í fóstureyðingu vegna fjárhagsástæðna eða utanaðkomandi þvingunar. Ber því að veita konunni alla þá félagslegu aðstoð, sem í boði er, til að hjálpa henni til að fæða barnið og annast það.

Um 7. gr.

Nefndin álítur nauðsynlegt að koma á fræðslu um kynlíf í skólum landsins í samráði við fræðsluyfirvöld. Eins og málum er háttað í dag er nánast engin fræðsla um kynlíf veitt á skyldunámsstiginu. Fræðslu þessa má tengja annarri fræðslu samfélagslegs eðlis, svo sem foreldrafræðslu.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein felast miklar breytingar á gildandi löggjöf um fóstureyðingar.

Nefndin leggur til, að fóstureyðingar skuli heimilar af félagslegum ástæðum einum saman, svo og að tekið verði tillit til mats viðkomanda á aðstæðunum.

Í 1. tl. greinarinnar er kveðið á um það, að konu sé heimil fóstureyðing að eigin ósk, ef aðgerð er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu, og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla gegn aðgerð. Auk þess er það skilyrði sett, að konan hafi hlotið fræðslu um áhættu þá, sem samfara er aðgerð svo og hvaða félagsleg aðstoð henni stendur til boða. Konan verður að vera búsett hér á landi, eða hafa einhver þau tengsl við landið, sem réttlæti það, að aðgerð sé framkvæmd hér, svo sem íslenskan ríkisborgararétt.

Í 2. tl. eru taldar upp í 6 liðum þær ástæður, sem heimila konu fóstureyðingu að læknisráði og að undangenginni félagslegri ráðgjöf, þar sem henni verður við komið. Þær ástæður, sem heimila fóstureyðingu samkvæmt þessum tölulið, eru þær sömu sem taldar eru upp í gildandi lögum (medicinsk, eugenisk, etisk, medicinsk-social), en auk þess er þar bætt við hreinni félagslegri ástæðu d og e.

Um 10. gr.

Nefndin telur sjálfsagt að hafa tímatakmörkun í löggjöfinni. Það er almennt viðurkennt, að með tilliti til heilsu móður, andlegrar og líkamlegrar, sé æskilegt, að fóstureyðing sé framkvæmd, áður en 12 vikur meðgöngutíma eru liðnar.

Þegar fóstureyðing er heimiluð samkvæmt 1. tl. 9. gr., skal alltaf framkvæma hana fyrir lok 12. viku meðgöngu.

Þannig ástæður geta verið fyrir hendi, að þungun, sem ekki er æskilegt að haldi áfram, sbr. 2. tl. 9. gr., uppgötvist ekki fyrr en eftir þann tíma, og er þá heimilað að framkalla fósturlát fram til 16. viku meðgöngu.

Ef um því meiri hættu er að ræða fyrir móður eða fóstur, ef meðganga heldur áfram, er fóstureyðing heimil eftir þann tíma.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar um umsókn um fóstureyðingu og vottorð hana varðandi. Hún þarfnast í sjálfu sér ekki skýringar, en benda skal á það, að umsókn og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð, sem útbúin verða sérstaklega í því skyni.

Um 12. gr.

1. Hér kemur fram sú aðalregla, eins og er í gildandi löggjöf, að konan sjálf standi fyrir umsókn sinni um fóstureyðingu.
2. Ef konan er ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til hennar samkvæmt umsókn lögráðamanns. Ef ekki er fyrir hendi skipaður lögráðamaður, er skylt að skipa sérstakan lögráðamann til að standa að umsókninni. Tilmæli um skipun slíks lögráðamanns geta sett fram yfirmenn stofnunar, þar sem konan er vistuð, eða stofnunar, sem veitt hefur henni aðstoð, svo og nánustu aðstandendur.
3. Handhafi foreldravalds skal taka þátt í umsókn með konu, ef hún er yngri en 16 ára, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Lögráðamaður konu, sem svipt er sjálfræði, skal á sama hátt taka þátt í umsókn með konu, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Þau tilfelli gætu komið fyrir, þar sem eðlilegt er að leita ekki samþykkis foreldra eða lögráðamanns, og er það háð mati á aðstæðum hverju sinni, hvort slíks samþykkis sé leitað eða ekki.
4. Að því er varðar samþykki barnsföður, þá er það sömuleiðis háð mati hverju sinni, hvort samþykkis verði leitað.

Um 13. gr.

Það er skylt að skýra konu frá því í hverju aðgerð sé fólgin svo og hugsanlegum afleiðingum hennar, áður en fóstureyðing er heimiluð. Afar mikilvægt er, að gengið sé úr skugga um það, að konan sé ekki þvinguð af utanaðkomandi ástæðum, og er skylt að fræða konuna um þá félagslegu aðstoð, sem henni standi til boða, ef hún elur barnið.

Um 14. gr.

Fóstureyðingu má einungis framkvæma á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisyfirvöld hafa viðurkennt í því skyni, og skal hún einungis framkvæmd af læknum.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Nefndin leggur til, að ákvæðin um ófrjósemisaðgerðir (nefnt vönun í gildandi löggjöf) verði rýmkuð. Ófrjósemisaðgerð verði heimiluð, þegar viðkomandi óskar eftir því að vel íhuguðu máli af þeim ástæðum, að hann eða hún óskar ekki eftir því að auka kyn sitt. Ef um hjón er að ræða, er sjálfsagt að taka til athugunar, hvorn maka sé æskilegra að gera ófrjóan.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar um umsókn um ófrjósemisaðgerð. Hún þarfnast í sjálfu sér ekki skýringar, en benda skal á það, að umsókn og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð, sem útbúin verða sérstaklega í því skyni.

Um 19. gr.

Samkvæmt þessari grein er skylt að skýra viðkomanda frá því í hverju aðgerðin sé fólgin, og að hún komi varanlega í veg fyrir, að hann/hún geti aukið kyn sitt.

Mikilvægt er, að gengið sé úr skugga um, að viðkomandi sé ekki þvingaður til að gangast undir aðgerðina.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þessi grein er svipaðs efnis og 2. tl. 12. gr. um fóstureyðingar. Samkvæmt þessari grein er heimilt að veita leyfi til aðgerðar samkvæmt umsókn lögráðamanns, ef viðkomandi getur ekki gert sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar. Ef ekki er fyrir hendi skipaður lögráðamaður, er skylt að skipa sérstakan lögráðamann til að standa að umsókninni.

Nýmæli er í seinni málsgrein greinarinnar, þar sem sett er bann við ófrjósemisaðgerðum á yngra fólki en 18 ára, nema gild rök hnígi að því, og er þá átt við, að um mikinn greindarskort sé að ræða samkvæmt áreiðanlegum greindarmælingum.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein hvílir sú skylda á þeim, sem framkvæma aðgerðir skv. lögum þessum, að senda heilbrigðisyfirvöldum skýrslu um aðgerðina strax að henni lokinni. Sú skýrsla skal vera á eyðublöðum, útbúnum sérstaklega í því skyni.

Um 24. gr.

Skylt er einnig að tilkynna heilbrigðisyfirvöldum synjanir umsókna um fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerð, og ber að geta þess á hvaða forsendum umsókn hafi verið synjað.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein ber heilbrigðisyfirvöldum að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og stuðla að samræmi í framkvæmd þeirra.

Fram til þessa hefur öðrum en læknum verið bannað að láta í té leiðbeiningar um þungunarvarnir, en með þessum lögum er öðrum starfshópum, svo sem ljósmæðr-

um, hjúkrunarfólki, félagsráðgjöfum og kennurum, heimilað að taka þátt í ráðgjafarþjónustunni.

Nauðsynlegt er að veita þeim, sem starfa að framkvæmd laganna, fræðslu og leiðbeiningar, því að nokkuð kann að skorta á menntun þeirra til þessa starfs.

Um 26. gr.

Allir, sem vinna að framkvæmd þessara laga, eru bundnir þagnarskyldu, og er ákaflega þýðingarmikið í svo litlu þjóðfélagi, sem hér er, að þagnarskyldan sé haldin.

Um 27. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skal skipa nefnd 3ja manna til 4 ára í senn, þar af einn lækni og einn lögfræðing, til að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara, og úrskurðar hún um ágreining, sem rísa kann út af því, hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð. Mikilvægt er, að nefndin hraði störfum sínum sem mest, og skal hún úrskurða mál innan viku frá því henni berst það í hendur.

Um 28. gr.

Nefndin leggur til, að öll útgjöld í sambandi við fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerð verði greidd af sjúkratryggingum, þannig að það sé ekki háð efnahag hvers einstaklings, hvort hann geti látið framkvæma aðgerðina.

Einnig leggur nefndin til, að allur kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu skv. lögunum, verði greiddur af opinberu fé.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

1. Hér er mælt fyrir um refsingu til handa lækni, sem framkvæmir aðgerð samkvæmt lögunum, án þess að fullnægt sé mikilvægum skilyrðum 9., 10. og 17. gr. laganna. Ekki þykir nægilegt tilefni til að hafa hærri refsiramma, þegar um mikla sök er að ræða, sbr. 2. mgr. 216. gr. alm. hgl., svo sem ef verknaðurinn er framinn í ávinningsskyni eða hefur haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður. Þetta útilokar ekki, að unnt er að dæma í hærri refsingu, ef til þess er heimild í alm. hgl., t. d. 215. eða 219. gr. þeirra.

   Ef aðgerðin hefur verið framkvæmd, án samþykkis móðurinnar, eða samþykki hennar er þýðingarlaust, þá er mælt með þyngri refsingu.
2. Mælt er með lægri refsiramma, ef læknir framkvæmir aðgerð, án þess að skilyrðum 11., 12., 13., 18. eða 19. gr. sé fullnægt. Hérna er átt við það, að læknir hafi framkvæmt aðgerð, án þess að formskilyrðum ofangreindra greina hafi verið fullnægt, en ætla má, að skilyrði til aðgerðarinnar skv. 9., 10. eða 17. gr. hafi verið fyrir hendi.
3. Læknir skal sæta sektum, ef hann framkvæmir aðgerð skv. lögum þessum, án þess að fara eftir fyrirmælum 14. eða 22. gr. laganna.
4. Hér er mælt með allt að 4 ára fangelsi, ef aðrir en læknar framkvæma aðgerðir samkvæmt lögum þessum. Mælt er með hærri refsiramma, ef verkið er framið, án samþykkis móður. Unnt er að dæma í hærri refsingu en 4 ára fangelsi skv. þessari grein, ef til þess er heimild í alm. hgl., t. d. 215. gr. þeirra.

Nefndin leggur til, að 216. gr. 1. mgr. alm .hgl. (refsing fyrir konuna) verði felld niður, þannig, að konan sé refsilaus, hvort sem hún sjálf framkvæmir fóstureyðinguna eða lætur annan gera það. Sjá nánar greinargerð með frumvarpinu (bls. 9).

Um 31. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skal gefa út reglugerð um alla nánari framkvæmd laganna.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Núgildandi íslensk löggjöf um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir.

Lög nr. 38/1935 um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar og lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Aðdragandi setningar laga nr. 38/1935.

Fyrir setningu laga 38/1935 voru ekki til nein lagaákvæði, sem heimiluðu læknum fóstureyðingar, jafnvel þótt lífi eða heilsu konunnar væri hætta búin af barnsburði. Samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna frá 1869 varðaði það móðurina og hlutdeildarmenn hennar allt að 8 ára hegningarvinnu að eyða burði. Þótt engin sérákvæði væri að finna í lögum, var það samt sem áður almennt viðurkennt, að læknum væri heimilt og skylt að framkvæma þessa aðgerð í lífsnauðsyn mæðranna. Var þar stuðst við kenninguna um svokallaðan „neyðarrétt" í almennum hegningarlögum, þ. e. að verkið skyldi vítalaust, ef ekki væri annað úrræði til bjargar.

Samkvæmt heilbrigðisskýrslum fjölgaði fóstureyðingum á árunum kringum 1930. Gamli lagabókstafurinn var talinn ófullnægjandi og margir læknar töldu sig óbundna af lögum um þessar aðgerðir. Það var því tilgangur nýrrar lagasetningar að greiða úr þessum vanda.

I. Efni laga nr. 38/1935:

1) Varnir gegn því að verða barnshafandi.

Ef hættulegt er fyrir konu vegna sjúkdóms að verða barnshafandi og ala barn, er lækni skylt að aðvara hana og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi. Öðrum en læknum er bannað að hafa leiðbeiningar með höndum.

2) Vananir.

Lækni er heimilt, ef heilbrigðisnauðsyn krefur að gera konu ófrjóa, ef hún óskar þess. Við mat á heilbrigðisnauðsyn að gera konu ófrjóa má taka tillit til félagslegra ástæðna.

3) Fóstureyðing er heimil, ef augljóst þykir, að konu er mikil hætta búin, ef hún á að ganga svo lengi með, að barn geti fæðst og haldið lífi. Ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur, skal læknir þó ekki eyða fóstri, nema um því meiri hættu sé að ræða. Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu má meðal annars taka tillit til þess, ef konan hefur þegar alið mörg börn með stuttu millibili, og ef skammt er liðið frá síðasta barnsburði, svo og til þess, ef konan á við að búa mjög bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu. Félagslegar ástæður einar út af fyrir sig heimila aldrei fóstureyðingu samkvæmt þessum lögum. Heilbrigðisástæður verða æfinlega að vera fyrir hendi. En ófullnægjandi heilbrigðisástæður geta orðið fullnægjandi til að heimila aðgerðina að viðbættum félagslegum ástæðum.

Reglur um framkvæmd.

Fóstureyðingar mega ekki fara fram nema á viðurkenndum sjúkrahúsum í því skyni, og skrifleg, rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar verður að liggja fyrir, og sé annar þeirra yfirlæknir sjúkrahússins, þar sem aðgerðin er fyrirhuguð, en hinn að jafnaði sá, sem ráðlegt hefur kon-

unni að leita sjúkrahússins. Greinargerð um aðgerðina skal tvírita og annað sendast landlækni, en hitt leggja í sjúkraskrá sjúklingsins.

II. **Efni laga nr. 16/1938.**

1) Afkynjanir. Kynkirtlar eru numdir í burtu í þeim tilgangi að svipta viðkomanda óeðlilegum kynkvötum, sem taldar eru valda glæpum. Aðgerðum þessum er beitt sem nauðsynlegum læknisaðgerðum. Aðeins má heimila þessar aðgerðir, ef viðkomandi óskar aðgerðarinnar sjálfur, ef hann er sér meðvitandi um sjúklegar tilhneigingar sínar, eða ef lögreglustjóri fer fram á aðgerð og hafi þá dómsúrskurður gengið á undan.

2) Vananir. Aðgerðir þessar eru leyfðar til þess að gera viðkomanda ófrjóan, en breyta í engu um eðli hans/hennar. Vönun má heimila vegna afkomendanna eða vegna viðkomanda sjálfs.

Tilgangur laganna er tvennskonar:

1) Til að koma í veg fyrir fæðingu gallaðs afkvæmis, þ. e. vegna erfðahættu eða annarrar tilsvarandi hættu.
2) Til að létta fávitum og sjúklingum lífsbaráttuna, án tillits til þess hvort slíkt gangi í erfðir.

3) Fóstureyðingar. Þriðja tegund aðgerða, samkvæmt þessum lögum, eru fóstureyðingar framkvæmdar í hliðstæðum tilgangi og vönun. Fóstureyðingalögin miða eingöngu við heilbrigðishag konunnar sjálfrar, en þessum lögum er að miklu leyti ætlað að miða við ástand afkvæmisins.

Þá er heimiluð fóstureyðing af mannúðarástæðum, ef konunni hefur verið nauðgað og orðið fyrir þungun. Konan verður að hafa kært ofbeldisverkið.

Reglur um framkvæmd:

Höfuðreglan er, að viðkomandi æski aðgerðarinnar sjálfur af frjálsum vilja. Fyrir ófullveðja fólk, fávita eða geðveika, stílar lögráðamaður eða sérstaklega skipaður tilsjónarmaður umsókn um aðgerðina. Auk þess skal læknir kynna sér ástand viðkomanda og fylgi greinargerð hans umsókninni. Loks er ætlast til, að maki fái að skýra sína afstöðu. — Óheimil er vönun heilbrigðs maka vegna hins. —

Opinbert leyfi.

Þriggja manna nefnd sérfróðra manna skal samkvæmt lögunum vera landlækni til aðstoðar við framkvæmd laganna. Landlækni er ætlað að gefa út fyrir sína hönd og nefndarinnar leyfi til aðgerða. Einnig hvar og af hvaða lækni hún skuli framkvæmd og má gera ráð fyrir, að yfirleitt verði vísað til opinberra sjúkrahúsa.

Læknar skulu gefa landlækni skýrslur um allar aðgerðir, sem þeir framkvæma samkvæmt lögum þessum.

Ed. 105. Breytingartillaga [46. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá Ragnari Arnalds.

Aftan við 27. gr. komi:

Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna fjarri skipulagsskyldum þéttbýlissvæðum.

Ed. 106. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12 apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 8. nóv. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Ásgeir Bjarnason.	Halldór Blöndal.	Oddur Ólafsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 107. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um Skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um Skrifstofu Stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 8. nóv. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Ásgeir Bjarnason.	Halldór Blöndal.	Oddur Ólafsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 108. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 8. nóv. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Ásgeir Bjarnason.	Halldór Blöndal.	Oddur Ólafsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Sþ. 109. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Sjálfstæðismenn áttu frumkvæði að því með undirbúningi og setningu landgrunnslaganna 1948 að leggja grundvöllinn að baráttunni fyrir réttindum Íslendinga á landgrunninu öllu. Ávallt síðan hafa sjálfstæðismenn lagt áherslu á samstöðu þjóðarinnar í landhelgismálinu og miðað aðgerðir sínar við það.

Núverandi stjórnarflokkar kusu að efna til deilna um landhelgismálið sérstaklega í síðustu kosningum. Þegar Alþingi kom saman haustið 1971, var í gildi þingsályktun frá 7. apríl þ. á., sem gerði ráð fyrir, að frumvarp til laga yrði lagt fyrir Alþingi, er kvæði á um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, svo að hún yrði minnst 50 mílur, en á mikilvægum fiskimiðum mun víðáttumeiri. Núverandi ríkisstjórn flutti óbreytta þingsályktunartillögu stuðningsflokka sinna frá því fyrir kosningar, en ekki síst fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar varð samkomulag í utanríkismálanefnd um að flytja enn nýja þingsályktunartillögu, sem allir þingmenn greiddu síðan atkvæði, eftir að breytingartillögur Sjálfstæðismanna og Alþýðuflokksmanna um víðáttumeiri fiskveiðilögsögu voru felldar.

Í þessari þingsályktun frá 15. febrúar 1972 segir í 3. tl.: „Að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.“

Í kosningabaráttunni 1971 höfðu núverandi stjórnarflokkar að vísu haldið því fram, að óþarfi væri að ræða við aðra vegna útfærslunnar. Sjálfstæðismenn voru það raunsæir að segja fyrir um, að rétt væri að hefja slíkar viðræður strax, svo að útfærslan yrði virk og næði tilgangi sínum, enda þótt við hefðum auðvitað fullan lagalegan rétt til einhliða útfærslu.

Þessar samningaviðræður hafa nú staðið yfir í einu eða öðru formi á þriðja ár, án þess að gengið hafi eða rekið, fyrr en nú með þeim samningi við Breta, sem óskað er heimildar Alþingis að gera.

Það er skoðun okkar, að full ástæða sé til að ætla, að unnt hefði verið að ná jafngóðum samningi eða betri fyrir meira en heilu ári og a. m. k. s. l. vor í samningaviðræðunum í maí, en eftir þær gripu Bretar til fordæmanlegra ofbeldisaðgerða, sem sköpuðu hættuástand á miðunum. Munum við rökstyðja þessa skoðun okkar nánar í framsögu. Í þessu nefndaráliti bendum við aðeins á samanburð á tilboði Íslendinga í maí og samningnum, sem nú liggur fyrir, skoðun okkar til staðfestingar.

Ríksstjórnin hefur að okkar áliti haldið illa á samningaviðræðum, verið reikul í ráði og sjálfri sér ósamkvæm eins og atburðir síðustu vikna leiða glögglega í ljós. Hefur slík ósamkvæmni og stefnuleysi verið til þess fallið, að ekki náðist sá árangur, sem unnt hefði verið að ná, ef öðruvísi hefði verið að málinu staðið.

Einsdæmi er, að þingflokkur stjórnarliðs lýsi fyrst milliríkjasamning „gjörsamlgea óaðgengilegan“, en síðan, að þingmenn hans muni greiða honum atkvæði til þess að vera áfram í stjórn.

Við teljum það miður, að í inngangi orðsendingar utanríkisráðherra Íslands til sendiherra Bretlands, en í þeirri orðsendingu felst samningurinn, skuli ekki vera kveðið ákveðnar að orði en: „er miðað við, að ársafli breskra skipa verði um 130 000 tonn,“ og leggjum áherslu á, að í framkvæmd verði hér um algert hámark að ræða.

Við vekjum athygli á, að þótt takmörkun skipafjölda skv. 1. tl. orðsendingarinnar dragi verulega úr sóknarmætti breskra togara, um 36% að smálestatölu miðað við 1971, þá má með aukinni sókn þeirra bresku togara, sem mega veiða hér við land skv. samningnum, vega hér upp nokkuð á móti.

Augljóst er af ákvörðun friðunarsvæða í 2. tl., að seinlæti og athafnaleysi sjávarútvegsráðherra við ákvörðun friðunarsvæða hefur orðið til þess, að fleiri friðunarsvæði eru ekki tilgreind í samningnum.

Þá er tímaákvörðun lokunar eins svæðis af sex Íslendingum óhagkvæm skv. 4. lið, og sýnist raunar sú tímaákvörðun hafa verið tekin í London gagnstætt þeim upplýsingum, sem gefnar voru að viðræðum þar loknum.

Æskilegra hefði verið, að ákvæðin um lögsöguna samkvæmt 6. lið hefðu verið skýrari, og m. a. eðlilegra, að breskur togari, sem staðinn væri að veiðum í bága við samkomulagið, hefði rétt til þess að kalla á brekst eftirlitsskip til að sannreyna málsatvik, í stað þess að leggja þá skyldu á íslenskt varðskip.

Það verður ekki komist hjá því að vekja athygli á, að í samningi þessum felst ekki viðurkenning Breta á 50 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, eins og fólst í samningnum við þá 1961 á 12 mílunum. Í þessum samningi er heldur ekkert minnst á fyrirætlanir okkar um frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar, eins og gert var í samningnum frá 1961. Þetta kemur vonandi ekki að sök, þar sem fyrir Alþingi liggur tillaga okkar Sjálfstæðismanna um útfærslu auðlindalögsögu okkar í 200 mílur fyrir árslok 1974 og frv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögunum um landgrunnið þess efnis, að það skuli miðast við 200 mílur.

Við treystum því, að þróun mála á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna muni og færa okkur endanlegan sigur og yfirráð yfir 200 mílna auðlindalögsögu.

Ekkert er heldur í samningnum minnst á málarekstur Breta í Haag, og sætir það furðu, þegar höfð eru í huga stóryrði sumra stjórnarsinna um þann málarekstur.

Þá viljum við taka fram, að allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa viljað leita samkomulags við Breta og koma á friði á miðunum til að bægja frá hættum. Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru þeirrar skoðunar, að unnt hefði verið að ná betri samningum en raun ber vitni, ef betur hefði verið staðið að málum, og nokkrir þeirra telja ágalla samningsins svo mikla, að þeir telja sig ekki geta fallist á hann eins og hann liggur fyrir.

Við, sem greiðum samningnum atkvæði, gerum það fyrst og fremst til þess að binda endi á hina hættulegu deilu og koma á friði. Í öðru lagi viljum við treysta því, að Bretar taki hér minna en 130 þús. tonna ársafla, í stað 160—170 þús. tonna ársafla fyrsta árið eftir útfærsluna, sem forsætisráðherra telur erfitt að vefengja, að þeir hafi gert. Í þriðja lagi teljum við lífsnauðsyn að stemma stigu við smáfiskadrápi hér við land og gera eftirlit með veiðarfærum og veiðum Breta samkvæmt samningum virkt. Í fjórða lagi teljum við miklu máli skipta, að tollalækkanir samkvæmt viðskiptasamningi okkar við Efnahagsbandalagið geti komið til framkvæmda og markaðir fyrir sjávarafurðir í löndum þess nýtist okkur.

Við höfum þann skilning, að þessi samningur breyti engu um þá fyrirætlun okkar Sjálfstæðismanna, sem við vonum að samstaða náist um hér á þingi, að færa auðlindalögsögu okkar út í 200 mílur fyrir árslok 1974, nema að svo miklu leyti sem veiðiheimildir þær, sem Bretum eru veittar samkvæmt samningnum milli 12 og 50 mílna, hljóta að gilda, þar til samningstímabilið er á enda. Voru aðrir nefndarmenn í utanríkismálanefnd sammála um þennan skilning.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt, munum við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd greiða atkvæði með tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

Þótt við séum að þessu leyti sammála öðrum nefndarmönnum í utanríkismálanefnd, höfum við kosið að skila sérálíti til þess að koma sérstaklega sjónarmiðum okkar í máli þessu á framfæri.

Alþingi, 12. nóv. 1973.

Geir Hallgrímsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 110. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1973.

Þórarinn Þórarinsson, form. Gils Guðmundsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson, frsm.

Magnús T. Ólafsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 111. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samningum við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um heimildir til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 12. nóv. 1973.

Þórarinn Þórarinsson, form. Gils Guðmundsson, fundaskr., frsm. Eysteinn Jónsson.

Magnús T. Ólafsson. Matthías Á. Mathiesen. Geir Hallgrímsson.

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 112. Breytingartillaga [92. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Aftan við tillgr. komi: Þó með þeirri breytingu, að í stað orðanna í fskj. I, 6. tl.: „Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik“ komi: Íslendingar hafi fulla og óskoraða lögsögu að 50 mílna fiskveiðimörkunum.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um athugun á breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga um breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, er feli í sér eftirfarandi breytingar frá gildandi lögum:

1) að unnt verði að meta hverja íbúð sem sérstaka einingu, en nafn hússins eða númer, ásamt lóðareiningu, ekki eitt látið ráða án tillits til þess, hve margar íbúðir eru byggðar á sömu lóð;
2) að tryggja, að í sambýlishúsum verði ekki aðrar íbúðir auglýstar til uppboðs eða aðfarar vegna vangoldinna gjalda en þær, sem í skuld eru hverju sinni.

Greinargerð.

Við hina öru framþróun í byggingu íbúðarhúsa hér á landi sem annars staðar hafa nánast í sama mæli aukist vandamál bæjar- og sveitarfélaga með útvegun byggingarlóða. Þessum vanda hafa bæjarfélög, a. m. k. á þéttbýlli stöðum, reynt að mæta með aukinni byggingu sambýlis- og fjölbýlishúsa.

Þetta breytta fyrirkomulag veldur svo aftur því, að margar íbúðir, byggðar á sömu lóð (sama húsnúmer), komast oft í allóþægilega samábyrgð um ýmsa hluti. Reglan „allir fyrir einn og einn fyrir alla“ verður oft að gilda í slíku sambýli, svo sem með sameiginlegt viðhald slíkra húsa.

Það, sem þó hefur komið verst við fólk í þessum húsum, er samábyrgðin um greiðslu opinberra gjalda af eignunum. Þess munu dæmi, að hjá öllum eigendum í 6—8 íbúða stigahúsi (sem hefur eitt götunúmer) hefur verið auglýst uppboð vegna ógreiddra fasteignagjalda af aðeins einni íbúð. Að vonum þykir mörgum illt að búa við slík lög. Af þeim ástæðum er tillaga flutt um endurskoðun þeirra.

Sþ. 114. Þingsályktun [91. mál]

um staðfestingu á samningum við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um heimildir til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 99.

Ed. 115. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands, frá 13. nóvember 1973, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu

þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru botnvörpuveiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá ,og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samningsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhliða lagafrumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild til að staðfesta samkomulag um bráðabirgðalausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands, sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögunni. Svo sem fram kemur í því samkomulagi verður það með þeim hætti, að brezkum veiðiskipum, sem talin eru á skrá, sem er fylgiskjal samkomulagsins, er heimiluð botnvörpuveiði á tilteknum svæðum milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu í fiskveiðilandhelginni þann tíma, sem samkomulagið gildir. Veiðar af hálfu þeirra veiðiskipa, sem fara í bága við ákvæði samkomulagsins, varða þeim viðurlögum, að þau skip verða felld niður af skránni og missa þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt samkomulaginu. Rétt þykir að marka framkvæmd á sviptingu leyfis með þeim hætti, sem í frumvarpi þessu greinir, þannig að dómsmálaráðuneytinu sé falið að taka ákvörðun um það efni, er það hefur fengið í hendur málsgögn frá Landhelgisgæslunni. Komi til brot af hálfu skips, sem strikað hefur verið út af skrá, fer um það eftir almennum reglum.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um raforkumál.

Flm.: Jón Árnason, Gunnar Gíslason, Matthías Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Lárus Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra að vinna að eftirfarandi stefnumörkun í raforkumálum:

1. Raforkuiðnaðurinn verði efldur, svo að tryggð verði næg og sem ódýrust og öruggust raforka til allra notenda, með því að:
   a) orkubúskapurinn verði rekinn með hag alþjóðar fyrir augum,
   b) stærstu verkefnin við orkuvinnsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar,
   c) hagkvæmni-, öryggis- og umhverfissjónarmið verði látin ráða við val á mannvirkjagerð til raforkuiðnaðar,
   d) fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkuiðnaðarins,
   e) unnið verði að verðjöfnun rafmagns um land allt, með því m. a. að veita óafturkræft stofnframlag til framkvæmda og jafna þannig aðstöðu raforkufyrirtækjanna, þar sem aðstæður eru óhagkvæmastar,
   f) tryggð sé eðlileg arðgjöf raforkufyrirtækja miðað við raunhæft endurmat eigna.
2. Stefnt verði að því, að orkuvinnslufyrirtæki séu sameign sveitarfélaga og ríkis eða eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra eða hlutafélaga.

3. Stefnt verði að samtengingu raforkuvera og raforkukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar, eða í öryggisskyni.
4. Orkuvinnslufyrirtæki verði sameinuð í landshlutafyrirtæki, eftir því sem hagkvæmt er talið, og að því unnið þannig, að:
   a) samtenging fyrirtækjanna grundvallist á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins,
   b) skipting landsins í orkuvinnslusvæði markist af aðstæðum og
   c) tryggt sé, að meiri hluti stjórnar orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuveitusvæði viðkomandi fyrirtækis.
5. Komið verði á fót samstarfsnefndum landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.
6. Unnið verði að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra og/eða hlutafélaga.
7. Stefnt verði að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja fari eftir landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa þó ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða.

Greinargerð.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem að ofan greinir, var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Með þessari tillögu til þingsályktunar um raforkumál er í stórum dráttum mörkuð framtíðarstefna um skipan raforkumálanna í landinu.

Skömmu áður en orkulögin frá 1967 voru sett, hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raforkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu.

Segja má, að með þeirri samþykkt hafi Alþingi markað þá stefnu, sem einnig kemur fram í þessari tillögu, þ. e. að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við núverandi kjördæmaskipan. Í öllum landshlutum eru nú þegar fyrir hendi raforkuver, sem eðlilegt væri að byggðu grunninn undir þessa skipan mála.

Menn átta sig sífellt betur á því, að það er allri landsbyggðinni fyrir bestu, að öll sú þjónusta, sem um er að ræða og nauðsynleg er til hagkvæmrar byggðaþróunar, verði í ríkari mæli, eftir því sem við verður komið, færð frá miðstjórnarvaldinu í Reykjavík yfir til landsbyggðarinnar sjálfrar.

Skipan raforkumálanna er þar engin undantekning, því að fjarstýringar frá einhverri miðstöð í höfuðborginni er ekki þörf, umfram það, sem auðvitað er eðlilegt, að raforkuráðuneytið hafi með höndum yfirstjórn raforkumálanna.

Segja má, að raforkumálin, eða framkvæmd þeirra, standi á tímamótum um þessar mundir. Að rúmlega einu ári liðnu er gert ráð fyrir, að lokið verði lögn dreifilína um landið eða að öll þau býli í landinu, sem gert er ráð fyrir að fái rafmagn frá samveitum, hafi þá verið tengd við samveitukerfið.

Hitt er svo annað mál, að öll efling raforkuiðnaðarins og allt viðhald og aukning dreifilína verða að sjálfsögðu varanlegt verkefni framtíðarinnar.

Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að sú skipulagsbreyting, sem hér er lagt til að komið verði á, eigi sér stað í áföngum og komi til framkvæmda, eftir því sem um semst og aðrar ástæður leyfa.

Ýmis sveitarfélagasambönd hafa nú þegar tekið þessi mál til athugunar, og er unnið að því að kanna möguleika heima fyrir um samstarf til eflingar á raforkuframleiðslunni og samrekstur dreifilína.

Með þessari tillögu er lagt til, að fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkumálanna, og enda þótt um sé að ræða sameign ríkis og sveitar-

félaga, þá skal þess jafnan gætt, að meiri hluti stjórnar landshlutafyrirtækjanna sé búsettur á viðkomandi orkusvæði.

Gert er ráð fyrir, að stærstu verkefni við orkuframleiðsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar. Getur þar verið um að ræða, að samstarf takist milli ríkis og sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Um eignarhlutföll er eðlilegt, að þau verði ákveðin með samningum milli aðila.

Af öryggisástæðum og með hagkvæmnisjónarmið raforkusvæðanna fyrir augum skal að öðru jöfnu lögð á það höfuðáhersla að nýta sem fyrst á hverju orkusvæði þær orkulindir, sem fyrir hendi eru, en að öðru leyti ber að stefna að samtengingum hinna ýmsu orkusvæða, eftir því sem hagkvæmt þykir og samningar takast um.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að stefnt verði að verðjöfnun á raforkunni, þannig að verð á raforku til sömu nota verði sem jafnast á öllu landinu.

Til þess að ná því marki er talið eðlilegt, að greitt verði óafturkræft framlag til handa þeim orku- eða samveitum, sem eiga við óhagstæðustu aðstæður að búa, og jafna þannig aðstöðumuninn.

Varðandi sjálfar dreifiveiturnar skal að því stefnt, að þær verði í sem stærstum einingum innan hvers landshluta og séu að öllu leyti í eigu íbúanna sjálfra og undir þeirra stjórn. Með því móti verður auðveldara að byggja upp og staðsetja í héruðunum sjálfum nauðsynlega tækniþjónustu með hæfilegu starfsliði og tryggja um leið meiri hagkvæmni í rekstrinum og betri og öruggari þjónustu heldur en ef um væri að ræða starfshópa með fjarstýringu frá miðstjórnarvaldi í Reykjavík.

Hér með fylgir sem fylgiskjal greinargerð um meginniðurstöður ráðstefnu S. Í. R. um raforkumál, sem haldin var 12.—13. okt. 1972.

Fylgiskjal.

Greinargerð ráðstefnu S. Í. R. 12.—13. okt. 1972.

Það er sameiginlegt álit stjórnar S. Í. R. og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, að meginniðurstaða ráðstefnu S. Í. R. hafi orðið eftirfarandi:

Inngangur.

1. Markmið raforkuiðnaðarins er að tryggja næga og sem ódýrasta raforku af viðunandi gæðum til allra notenda og að orkubúskapur þjóðarinnar verði rekinn með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum. Viðræður skulu teknar upp milli eigenda raforkufyrirtækja um sameiningu þeirra í stærri einingar, þar sem hagkvæmt er talið. Skal hún grundvallast á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins. Samtök sveitarfélaga og iðnaðarráðuneytið beiti áhrifum sínum til að stuðla að framgangi málsins.
2. Skipting landsins í svæði markast af aðstæðum á hverjum stað. Hugsanleg framtíðarskipan er skipting í eftirtalda landshluta: Norðurland, Vesturland, Reykjanes, Suðurland, höfuðborgarsvæðið, Vestfirði og Austurland.
3. Tekjur Orkusjóðs skulu auknar umfram það, er um getur í 68. gr. orkulaga, með almennum orkuskatti, er komi í stað núverandi verðjöfnunargjalds og leggist á síðasta sölustig orkunnar. Kemur til álita, að framlag til raforkukerfisins verði bundið við skattgjald af raforkusölunni einni.

Raforkuvinnsla.

1. Meginstefnan sé, að orkuvinnslutæki séu sameign sveitarfélags og ríkis eða í eigu sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra. Fyrirtækin skulu hafa sérstaka stjórn.
2. Tryggt skal, að meiri hluti í stjórn orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuveitusvæði viðkomandi fyrirtækis.

3. Við val á mannvirkjagerð til raforkuvinnslu og aðalflutnings ber að láta hagkvæmni- og öryggissjónarmið ráða. Stefna ber að samtengingu raforkuvera og orkuveitukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar eða tryggja betur öryggi.
4. Koma skal á fót samstarfsnefnd landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.
5. Þar sem hagkvæmt telst, getur sama fyrirtækið annast bæði raforkuvinnslu og dreifingu.
6. Stefna ber að sömu heildsölugjaldskrá innan hvers landshluta.

Raforkudreifing.

1. Unnið skal að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra.
2. Stefnt skal að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja er háð landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða.
3. Þær dreifiveitur í strjálbýli, sem eru fjárhagslega óhagkvæmar, fái óafturkræf stofnfjárframlög úr Orkusjóði, sbr. 7. gr. gildandi orkulaga.
   Þær dreifiveitur, sem búa við sérstaklega hátt heildsöluverð raforku, fái verðjöfnunargreiðslur úr Orkusjóði til niðurgreiðslu á smásöluverði.
4. Koma skal á samræmdri smásölugjaldskrá (staðgjaldskrá) fyrir allar veitur, þannig að raunverulegur samanburður fáist á orkuverði til notenda.

Sþ. 117. Fyrirspurnir. [99. mál]

I. Til raforkuráðherra um ráðstafanir til þess að fyrirbyggja raforkuskort á Vestfjörðum.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvaða ráðstafanir eru ráðgerðar til þess að koma í veg fyrir raforkuskort á Vestfjörðum í vetur?

II. Til iðnaðarráðherra um hitaveituframkvæmdir í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðahreppi á vegum Hitaveitu Reykjavíkur.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til óska Hitaveitu Reykjavíkur um gjaldskrárhækkanir, en ákveðin arðsemi af rekstri þess fyrirtækis er háð því, að framkvæmdahraði vegna lagningar hitaveitu á vegum Hitaveitu Reykjavíkur í Hafnarfjörð, Kópavog og sennilega einnig í Garðahrepp geti orðið svo sem gert er ráð fyrir í samningum?

III. Til fjármálaráðherra um breytingar á skattalögum.

Frá Karli St. Guðnasyni.

1) Hefur ríkisstjórnin í hyggju að veita fólki, er starfar við fiskvinnslu, sérstaka skattalækkun?
2) Eru aðrar skattalækkanir fyrirhugaðar í því skyni að koma til móts við kröfur verkalýðssamtakanna í þessum efnum?

Nd. 118. Frumvarp til laga [100. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason, Ingi Tryggvason, Lárus Jónsson.

1. gr.

Dalvíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Dalvíkurhrepp og heitir Dalvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í alþingiskjördæmi Norðurlands eystra.

2. gr.

Um valdssvið bæjarfógeta á Dalvík og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Dalvíkurhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Dalvík.

4. gr.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Eyjafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og var ekki útrætt. Með frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Með beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps um, að þingmenn kjördæmisins flyttu frumvarp um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp, fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps frá 26. september 1972 um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurkauptún, sem hér fylgir með, á sér langan aðdraganda, og hafa verið gerðar um það fjölmargar fundarsamþykktir á liðnum árum. Meginforsendur þeirrar óskar, sem fram kemur í samþykktinni, eru:

1. Að fá inn í kauptúnið, íbúum þess til hægðarauka, alla þá þjónustu, sem bæjarfógetar veita.
2. Að skapa Dalvíkurhreppi þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa.
3. Að losa Dalvíkurhrepp úr tengslum við Eyjafjarðarsýslu, þar sem áhrif hreppsins á stjórn málefna sýslunnar miðast við einn fulltrúa af tólf, en hluti hreppsins af gjöldum til sýslunnar nemur 1972 28.1%.

Af þeirri þjónustu, sem um ræðir í fyrsta lið, má nefna innheimtu tekna ríkissjóðs, stjórn lögreglumála, varðveislu veðmálabóka, skrásetningu bifreiða, útgáfu

ökuskírteina, umboð Tryggingastofnunar ríkisins og sýslusamlög (sjúkrasamlög). Enn fremur má benda á, að sífellt er verið með lagasetningum að gera greinarmun á sveitarfélögum eftir réttarstöðu þeirra. Má nefna t. d. lög um sjúkrasamlög, nr. 67 1971, þar sem segir orðrétt í 37. gr.:

„Í hverjum kaupstað og hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag" o. s. frv.

Orsakir þessa verða t. d. tvö sjúkrasamlög á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki, en fjölmennt læknishérað eins og Dalvíkurlæknishérað verður án þjónustu sjúkrasamlags.

Varðandi 2. lið er bent á, að hver kaupstaður er sjálfstætt lögsagnarumdæmi, þar sem hins vegar hreppur er hluti af lögsagnarumdæmi sýslu. Bæjarfógeti fer með lögsögu í kaupstað og hefur þar aðsetur, en sýslumaður í hreppi þarf ekki að vera þar búsettur.

Kaupstaðir lúta beint yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins, sem fer með sveitarstjórnarmálefni, en eiga enga aðild að sýslufélögum skv. lögum.

Í þriðja lið kemur fram, hver áhrif Dalvíkurhrepps eru á stjórn sýslunnar og hver er hluti hans af sýslugjöldum. Til viðbótar því má benda á, að sýslunefndarmenn eru kosnir beint og óbundnir af samþykktum viðkomandi sveitarstjórna, enn fremur það, að sýslunefndir virðast hafa ótakmarkaðar heimildir til að skattleggja hreppana í formi sýslusjóðsgjalda.

Að lokum skal sérstaklega tekið fram, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur sent dómsmálaráðuneytinu ítrekaðar beiðnir um staðsetningu löglærðs fulltrúa frá sýslumannsembættinu á Akureyri á Dalvík, en þeim erindum hefur ekki verið svarað til þessa.

Ed. 119. Frumvarp til laga [101. mál]

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta.

3. gr.

Til stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

3.1 Að leggja fram allt að 60 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni.

3.2 Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 140 milljónir kr., eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt.

3.3 Að leigja félaginu jarðnæði úr landi Reykhóla í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu, eftir því sem þarfir verksmiðjunnar krefjast.

3.4 Að nýta jarðhitasvæðið á Reykhólum í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka, og m. a. skal gegna því hlutverki að selja þörungavinnslunni jarðhita til reksturs síns. Jarðvarmaveitur ríkisins skulu sjá um stofnun og rekstur hitaveitunnar.

3.5 Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði í Karlsey undan Reykhólum.
3.6 Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði.
3.7 Að styrkja byggingu hafnar við Karlsey samkvæmt lögum nr. 45/1973, enda verði höfnin í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem viðkomandi sveitarfélög stofna til.
3.8 Að taka lán allt að 200 millj. kr. til framkvæmda skv. liðum 3.4 til 3.7.
3.9 Að veita félaginu þangtökuheimild í landareignum ríkisins við Breiðafjörð gegn hæfilegu gjaldi.
3.10 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt í tolli af innfluttu byggingarefni, vélum, flutningatækjum, öflunartækjum, skipum, bátum og varahlutum til verksmiðjunnar.
3.11 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af umbúðum og efni, sem er endurútflutt frá verksmiðjunni.

4. gr.

Kostnaður Undirbúningsfélags þörungavinnslu hf., sem stofnað var á grundvelli laga nr. 107/1972, skal að fullu greiðast samkvæmt 4. gr. þeirra laga, sem hluti af stofnkostnaði þörungavinnslunnar. Hluthafar í Undirbúningsfélagi þörungavinnslu hf. geta skipt á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi.

5. gr.

5.1 Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.
5.2 Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar.
5.3 Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.
5.4 Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921 skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.
5.5 Hlutabréf í félaginu skulu stíluð á nafn.
5.6 Hlutabréf skulu undanþegin stimilgjaldi.

6. gr.

6.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara.
6.2 Skulu þrír aðalmenn og varamenn skipaðir af ráðherra, en tveir aðalmenn og og tveir varamenn skulu kosnir af öðrum hluthöfum á aðalfundi.
6.3 Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan.
6.4 Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga hlut í félaginu.
6.5 Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Hlutafélagið skal gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og hlunnindi við Breiðafjörð bíði tjón af starfsemi fyrirtækisins. Skulu fara fram vistfræðilegar rannsóknir á kostnað fyrirtækisins samhliða vinnslu til að fylgjast með hugsanlegum áhrifum af starfseminni í nánu samráði við Náttúruverndarráð, svo lengi sem talið er nauðsynlegt.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins í október 1972 um athugun á stofnun þangþurrkstöðvar að Reykhólum við Breiðafjörð, lagði ríkisstjórnin fram frumvarp um stofnun hlutafélags til undirbúnings þessa máls. Frumvarp þetta varð að lögum (nr. 107/1972) og var hlutafélagið stofnað 14. febrúar 1973 að undangengnum auglýsingum eftir hlutafjárframlögum. Hlutafé var skráð kr. 7 820 000, þar af 5 milljónir króna í eigu ríkissjóðs.

Af hálfu ríkisins voru skipaðir í stjórn fyrirtækisins Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur og Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, en af hálfu annarra hluthafa var kjörinn Ólafur E. Ólafsson, fyrrv. kaupfélagsstjóri.

Stjórn félagsins lét þegar hanna þangþurrkunarstöð og gera áætlanir um stofnun og rekstur hennar og lagði fram skýrslu og tillögur um framkvæmdir fyrir ríkisstjórn í apríl s. l. Jafnframt var farið fram á lán frá Iðnþróunarsjóði til framkvæmdanna. Var með þessu reynt að standa við tímamörk um byrjun starfrækslu vorið 1974, sem væntanlegur viðskiptaaðili fyrirtækisins, skoska félagið Alginate Industries Ltd., setti.

Vegna hins nauma undirbúningstíma og lítilla tækifæra til athuguna af hálfu Iðþróunarsjóðs, og vegna erfiðra aðstæða ríkissjóðs til að standa undir veigamiklum opinberum framkvæmdum utan fjárlaga, m. a. vegna Vestmannaeyjagossins, var í samráði við skoska fyrirtækið ákveðið að fresta framkvæmdum um eitt ár, enda myndi Alginate Industries Ltd. halda áfram áhuga sínum á þangkaupum árið 1975 og styðja undirbúning málsins eftir föngum.

Með lánsaðstoð frá Iðnþróunarsjóði var svo ráðist í umfangsmiklar undirbúningsrannsóknir á þangmiðum, þangeiginleikum og hugsanlegum umhverfisáhrifum og jafnframt gerðar tilraunir með öflun þangs með þar til gerðu tæki, sem tekið var á leigu af Alginate Industries Ltd. Gerðar voru ítarlegar athuganir á öflunartækninni og aðferðum til flutninga á þangi frá öflunartækinu til verksmiðju. Þanguppskeran var síðan þurrkuð í grasþögglaverksmiðjunni í Saurbæ í Dölum.

Niðurstöður þessara athugana liggja nú fyrir í megindráttum, og hefur stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar og með hliðsjón af breytingum á gengisskráningu viðkomandi gjaldmiðla. Jafnframt hefur fengist ný yfirlýsing frá Alginate Industries Ltd., um vilja til kaupa á a. m. k. 5000 tonnum af þurrkuðu þangmjöli árið 1975 á lágmarksverði £ 72 á tonn miðað við verðlag 1974. Tekið er þó fram, að endanlegt verð sé umsemjanlegt á hverjum tíma.

Helstu niðurstöður af athugunum á vegum Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f. eru eftirfarandi eins og segir í skýrslu félagsins frá nóvember 1973:

„**Markaðir** virðast tryggðir fyrir a. m. k. 5000 tonn af þangmjöli 1975 og líklegt að selja mætti allt að 10 000 tonn 1977, ef hægt væri að framleiða það. Fyrirtækið Alginate Industries Ltd. hefur skuldbundið sig til að kaupa lágmarksmagn 5000 tonn gegn lágmarksverði £ 72 miðað við 1974, sem síðan breytist með heildsölu-vísitölu á breskum efnaiðnvarningi. Þetta verð skoðast þó einungis sem lágmarksverð og yrði umsemjanlegt á hverjum tíma með hliðsjón af tilkostnaði, gengi og öðrum aðstæðum. Aðrir markaðir í smærri stíl koma einnig til greina, aðallega til styrktar samningsaðstöðu.

Hráefni hefur nú verið kannað allítarlega og komið í ljós, að árlegt magn mjöls, sem vinna mætti af Breiðafjarðarsvæðinu er a. m. k. 15 000—27 000 tonn. Ætti því grundvöllurinn fyrir vinnslu þeirra 6685 tonna á ári, sem hér er gerð áætlun um, að teljast öruggur. Þá hafa verið kannaðir efnis- og eðliseiginleikar alginatsins, sem úr þanginu má vinna og hefur það reynst á við það besta, sem annars staðar er þekkt og treystir það mjög markaðsaðstöðu væntanlegs fyrirtækis.

Þangtökuréttindi hafa verið tryggð með samkomulagi við flesta landeigendur, sem ráða eftirsóknarverðum þangfjörum og er reiknað með að þangtekjugjöld verði 2—5% af kostnaðarverði þangsins við verksmiðjuvegg.

Starfstilhögun verksmiðjunnar miðast við 7 mánaða starfrækslutíma. Yrðu 6 þangöflunarprammar ásamt aðstoðarbátum og einu þangflutningaskipi starfrækt við öflun á a. m. k. 24 700 tonnum af þangi, sem þurrkað yrði við jarðhita í beltisþurrkara í verksmiðju í Karlsey undan Reykhólum. Starfslið yrði um 28 manns, þar af 16 við öflun. Orkuþörf í þurrkun er um 860 000 kWst. á ári í raforku og hámarksaflþörf 280 kW, en heitavatnsþörf eru um 50 l/sek. af 95° heitu vatni.

Þangöflun hefur verið reynd við aðstæður á Breiðafirði og hafa engir meiriháttar tæknilegir erfiðleikar gert vart við sig. Samkvæmt reynslu sumarsins og athugunum á veðurskýrslum virðast veðurtafir vera að meðaltali innan við 10% af dögum áætlaðs starfstímabils. Samkvæmt tilraunaniðurstöðum virðist varlega áætlað að í rekstri megi afla 23ja tonna á hvert fall og er það notað í áætlanagerðinni. Líklegt má telja að með ákvæðisskipulagi mega afla meira magns á hverju falli. Launamöguleikar öflunarmanna ættu að gera starfsemina samkeppnisfæra við aðra atvinnuvegi um vinnuafl. Reiknað er með að dreifa öfluninni í byrjun á Reykjanes, Skarðsströnd og í Breiðafjarðareyjar, en sérstakt þangflutningaskip sæki þangið til hinna tveggja síðarnefndu svæða.

Opinberar framkvæmdir verða nauðsynlegar í allstórum stíl til að gera rekstur mögulegan. Ljúka þarf vegi, sem þegar er byrjað á, leggja raflínu, setja á stofn hitaveitu og gera höfn. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir er 142.2 milljónir króna, en þá eru tillögur um hafnargerð enn ekki að fullu unnar. Í rekstraráætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir að það greiði venjuleg þjónustugjöld, er standi undir stofn- og rekstrarkostnaði vegna þessara framkvæmda að verulegu leyti og í samræmi við venjur um slíkar framkvæmdir.

Hugsanleg umhverfisáhrif hafa verið könnuð að höfðu samráði við Náttúruverndarráð. Helst virðist geta komið til truflun af völdum þangtöku við varpstöðvar viðkvæmra fuglategunda eins og arnar og dílaskarfs. Er lagt til að vörp þessara tegunda verði friðuð. Þá gæti þangskurður haft truflandi áhrif á hlunnindadýr eins og æðarfugl og sel á viðkvæmum tímum, t. d. með því að fæla sel með kópa frá hefðbundnum veiðisvæðum. Nauðsyn er á góðu skipulagi þangskurðar og nánu samráði við heimamenn. Gert er ráð fyrir, að fylgst verði með áhrifum þangtöku m. a. á fæðukeðju dýra, þegar vinnsla hefst. Um mengun frá verksmiðjunni er ekki að ræða svo máli skipti og hefur heilbrigðismálaráðuneytið gefið leyfi sitt til að fyrirtækið hefji starfrækslu.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er nú áætlaður um 211.2 milljónir króna, og er þá starfsfé ekki reiknað með. Gert er ráð fyrir niðurfellingu tolla af innfluttum vélum og tækjum, en þeir myndu nema um 15 milljónum króna við núverandi form tollskrár.

Rekstrarafkoma við full afköst mótast af sölutekjum, sem áætlaðar eru nálægt 98 milljónum króna, en rekstrarkostnaður er áætlaður 82 milljónir króna. Rekstrarafgangur fyrir skatta yrði um 16 milljónir króna, en afskriftir yrðu um 17 milljónir króna.

Arðsemi fyrirtækisins verður tæplega mæld á einfaldan hátt. Átján ára rekstraráætlun gefur til kynna, að endurheimta á upprunalega fjárfestingu verði 9.5%, endurheimtutími stofnkostnaðar um 7.4 ár og innri afkastavextir fjárfestingarinnar 12%. Með niðurfellingu söluskatts á innflutning, sem áætlaður er 10.5 milljónir króna, myndi arðsemi batna nokkuð. Vegna óvenjulágrar stöðu sterlingspundsins gagnvart ísl. krónu og öðrum gjaldmiðli í augnablikinu, gæti þessi mynd hugsanlega orðið hagstæðari, þegar litið er yfir lengri tíma. Nýting framleiðslutækja gæti einnig orðið betri og gæfi 15% framleiðsluaukning endurheimtu, sem nemur 13.1%. Þrátt fyrir þetta verður að telja reiknaða arðsemi fjárfestingarinnar við lægri mörk þess, sem æskilegt væri miðað við núverandi vaxtakröfur og mun stjórn undirbúningsfélagsins á næstunni leita eftir samningum við AIL um lágmarksverð, sem tryggir a. m. k. 10% lágmarksendurheimtu á upprunalega fjárfestingu.

Þjóðhagsleg þýðing. Af skýrslu Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f. má ráða að þangverksmiðjan á Reykhólum hefur góða möguleika á að verða arðbært fyrirtæki, og verður það að teljast grundvallarforsenda fyrir því, að út í stofnun fyrirtækisins verði farið. Þar sem verksmiðjan verður staðsett á svæði, þar sem alla aðstöðu til atvinnurekstrar skortir enn sem komið er, verður í upphafi nauðsyn á allverulegum opinberum framkvæmdum til að skapa þá aðstöðu. Sá kostnaður, sem af þessu leiðir fyrir opinbera aðila, kann að virðast mikill, sé litið á fyrirtækið eingöngu frá viðskiptalegu sjónarmiði til skamms tíma. Hins vegar er hér um þýðingarmikið byggðamál að ræða, sem haft getur úrslitaáhrif á atvinnu- og efnahagsþróun þessa svæðis í framtíðinni og réttlætir það m. a. áhuga stjórnvalda á stofnun fyrirtækisins. Önnur ástæða, sem einnig er þung á metunum, er sú, að hér er um að ræða nýtingu á þeirri auðlind okkar Íslendinga, sem enn hefur lítt verið notuð til iðnrekstrar, en það er jarðhitinn. Vegna þeirrar þróunar, sem hefur átt sér stað að undanförnu í verðlagi á olíu, skapar jarðvarminn fyrirtækinu mjög sterka aðstöðu gagnvart þeim samkeppnisaðilum í Noregi, á Bretlandseyjum og í Kanada, er nota olíu sem orkugjafa, og ætti að auka arðsemi fyrirtækisins þegar frá líður. Í þriðja lagi er hér stigið brautryðjendaspor til nýtingar á áður ónotaðri náttúruauðlind, þangi, og e. t. v. síðar öðrum sjávargróðri. Í fjórða lagi má benda á, að hér er um framleiðslu útflutningsvöru að ræða og yrði viðskiptajöfnuður fyrirtækisins í útflutningi og innflutningi mjög hagstæður. Fyrirtækið mundi því gefa þjóðinni verulegar hreinar gjaldeyristekjur.

Langstærsti liðurinn í opinberum framkvæmdum er hafnargerðin. Slíkt mannvirki mun að sjálfsögðu hafa þýðingu fyrir aðra starfsemi en þangverksmiðjuna. Má í því sambandi nefna fóður- og áburðarflutninga til sveitanna við norðanverðan Breiðafjörð. Ekki er óhugsandi að í framtíðinni gæti einhver útgerð átt sér stað frá Reykhólum, þar sem t. d. mætti auðveldlega sækja skelfiskmið á Breiðafirði frá Reykhólum.

Í stofnkostnaðaráætlun þangverksmiðjunnar er ekki gert ráð fyrir að verksmiðjan reisi íbúðarhús yfir alla þá starfsmenn, sem þurfa að flytja að Reykhólum vegna verksmiðjunnar. Eðlilegra er talið, að opinberir aðilar veiti hér einhverja fyrirgreiðslu á fyrstu árunum, t. d. í formi lána, þannig að starfsmenn geti eignast sín eigin íbúðarhús eða sveitarfélagið komi upp leiguhúsnæði. Til álita kæmi, að verksmiðjan tæki á sig einhverjar skuldbindingar til þess að greiða fyrir þessu máli fyrstu árin, en hafa verður í huga, að hér er ekki um bráðabirgðaaðgerðir að ræða, heldur er verið að leggja grundvöll að þróun varanlegs byggðakjarna og er því eðlilegt að byggðin verði í sem mestu samræmi við það, sem nú gerist hér á landi."

Hér lýkur tilvitnun í skýrslu Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f., en um nánari skýringar á einstökum liðum vísast til hennar.

Í skýrslu undirbúningsfélagsins er lagt til, að ríkisstjórnin gangist fyrir stofnun nýs hlutafélags til að koma á fót og reka þangþurrkstöð á Reykhólum og standi að nauðsynlegum opinberum framkvæmdum. Með frumvarpi þessu leitar ríkisstjórnin heimildar til þessara aðgerða.

Lög þessi eru að mestu sniðin eftir lögum nr. 107/1972 um Undirbúningsfélag þörungavinnslu og lög nr. 80/1966 um kísilgúrvinnslu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með þessari grein er heimilað að stofna hlutafélag með þátttöku ríkisins. Rætt er um vinnslu á þörungum og efnum úr þeim til að gefa fyrirtækinu svigrúm til að nýta annan sjávargróður en þang og gera úr honum hvaða framleiðsluvöru sem hagkvæmt þykir.

Um 2. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórn heimilað að kveðja til sveitarfélög eða önnur samtök, sem hugsanlega hafa áhuga á málinu. Einnig er gert ráð fyrir heimild til

þátttöku erlends aðila og er þar átt við Alginate Industries Ltd., sem e. t. v. þætti æskilegt að tengja fyrirtækinu með eignaraðild. Skoska fyrirtækið hefur ekki sóst eftir aðild, en er tilbúið til minnihluta þátttöku, allt að 5 milljónum ef óskað er.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafé félagsins verði nálægt 70 milljónum króna og fjármagn frá öðrum aðilum en ríkinu verði e. t. v. ekki nema um 10 milljónir króna.

Ákvæði málsgreinar 3.4—3.7 taka af tvímæli um eignaraðild og ábyrgð á opinberum framkvæmdum vegna verksmiðjubyggingarinnar og tryggja að framkvæmdir dragist ekki vegna ágreinings eða óskýrrar stefnu um þau atriði.

Þar sem framleiðsla þörungavinnslunnar verður nær eingöngu til útflutnings, þykir rétt að láta fyrirtækið njóta sömu aðstöðu í aðflutningsgjöldum, tollum og söluskatti og önnur fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið á hliðstæðum grundvelli til frumvinnslu náttúruauðæfa, s. s. virkjanir, kísilgúrverksmiðja og útgerðarfyrirtæki. Um þetta fjalla ákvæði málsgreina 3.10—3.11.

Um 4. gr.

Með grein þessari er fullnægt ákvæði 4. gr. laga nr. 107/1972 og hluthöfum í Undirbúningsfélagi þörungavinnslu h.f. tryggður réttur til þátttöku í hinu nýja hlutafélagi.

Um 5. gr.

Grein þessi er til komin vegna meirihlutaaðildar ríkisins og tryggir meirihlutarétt þess. Enn fremur heimilar greinin aðild stofnana og félaga, innlendra og erlendra og veitir þeim atkvæðisrétt í samræmi við eign og án takmarkana vegna ákvæða hlutafjárlaganna um lágmarksfjölda hluthafa.

Vegna meirihlutaaðildar ríkissjóðs þykir eðlilegt að ekki verði greiddar stórar fjárhæðir í stimpilgjöld til hans.

Um 6. gr.

Ákvæði málsgreinar 6.4 er til að heimila eðlilega skipun fulltrúa ríkissjóðs stofnana og félaga í stjórn.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er til komið vegna þeirra sérstæðu náttúruverndarhagsmuna og þjóðhátta á Breiðafirði, sem æskilegt er að vernda og varðveita þrátt fyrir tilkomu þessarar nýju starfsemi.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 120. Frumvarp til laga [102. mál]

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenzkum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

2. gr.

Íslenzkum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07,5′ n.br. 21°31,2′ v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A. 4. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B. 1. Frá línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), að línu réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972. Einnig er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks.

B. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi (grunnlínupunktur 6) í punkt 12 sjómílur réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnarey (65°47,1′ n.br. 14°18,2′ v.lg.).

B. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnarey og réttvísandi aust- norðaustur af Ósfles (65°37,8′ n.br. 13°55,3′ v.lg.).

C. Suðausturland.

C. 1. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.), að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suðaustur af Selskeri og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (grunnlínupunktur 15), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.) og að 18°00′ v.lg.

C. 4. Á svæði frá 18°00′ v.lg. að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C. 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á þeim svæðum og tímum, sem í C. 3. og C. 4. greinir.

D. Suðurland.

D. 1. Frá línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), að línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

D. 2. Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af 22°30′ v.lg., er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, samanber þó 3. grein reglugerðar nr. 189/1972.

D. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), og að vestan af línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48,0′ n.br. og 22°41,9′ v.lg.).

D. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 21), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 22), Einidrangs (63°27,4′ n.br. 20°37,0′ v.lg.), Selvogs (63°49,1′ n.br. 21°39,2′ v.lg), Hópsness (63°49,3′ n.br. 22°24,4′ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 23). Að austan og vestan takmarkast svæði þetta svo sem í D. 1. greinir.

D. 5. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkantur Yztakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E. 1. Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°10′ n.br. og að norðan af 64°30′ n.br., er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.).

Einnig er þessum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu, allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.) í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04,9′ n.br. 22°41,5′ v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.).

F. Breiðafjörður.

F. 1. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°45′ n.br. og að norðan af 65°05′ n.br., er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) og réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, og utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26).

F. 4. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að 24°00′ v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af 65°16′ n.br. Að austan takmarkast svæðið af 24°00′ v.lg.

G. Vestfirðir.

G. 1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu skv. rgl. nr. 189/1972.

Ennfremur er ráðherra heimilt að takmarka togveiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, á tilteknum svæðum, með auglýsingum um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net, sem gilda skulu í takmarkaðan tíma.

Þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, er sjávarútvegsráðherra skylt að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi

stöðum. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd slíkrar takmörkunar á botnvörpuveiðum.

5. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu, að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilandhelginnar þar sem megin áherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er viðkemur vernd fiskistofnanna.

8. gr.

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

9. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur um hvaðeina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar, um lágmarks möskvastærðir þessara veiðarfæra og lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má. Skulu reglugerðarákvæði um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum:

1. Til dragnótaveiða. Ráðherra getur ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma. Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting þá miðuð við tímabilið 15. júlí til 30. nóvember. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenzkum fiskiskipum, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir 1 veiðitímabil í senn. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg. Hafrannsóknastofnunin skal stöðugt fylgjast með dragnótaveiðum þeim, sem leyfðar verða samkvæmt grein þessari, og gera tillögur um tilhögun veiðanna og það hversu nálægt landi þær megi stunda á hverjum stað fyrir sig. Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.

2. **Til rækjuveiða.** Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.
3. **Til humarveiða.** Leyfi til humarveiða á tilteknum svæðum getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg og skal meðal annars vera heimilt að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar eða annarra atriða.
4. **Til síldveiða.** Leyfi til síldveiða með botnvörpu og flotvörpu skulu bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.
5. **Til loðnuveiða.** Leyfi til loðnuveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri og enn fremur er heimilt að gera annan afla, en loðnu upptækan til ríkissjóðs.
6. **Til spærlings- og kolmunnaveiða.** Leyfi til spærlings- og kolmunnaveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg.
7. **Til veiðitilrauna.** Ráðherra er heimilt að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.
8. **Til rannsókna.** Ráðherra er heimilt að veita rannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni.

Togveiðiheimildir samkvæmt töluliðum nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

11. gr.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef um er að ræða skip allt að 106 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 2 000.00—6 000.00 gullkr.
2. Ef um er að ræða skip frá 106—200 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 4 000—12 000 gullkr.
3. Ef um er að ræða skip frá 201—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 10 000—20 000 gullkr.
4. Ef um er að ræða skip frá 351—600 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 15 000—30 000 gullkr.
5. Ef um er að ræða skip stærri en 600 brúttó rúmlestir, skulu sektir nema 20 000—60 000 gullkr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara skulu og varða upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu þar með töldum dragstrengjum, svo og á öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti, og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku og aðför fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

12. gr.

Brot gegn 8. gr., reglum settum samkvæmt 9. gr. eða ákvæðum veiðileyfa, sem út eru gefin samkvæmt 10. gr. varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Ef um ítrekað brot er að ræða, skv. þessari málsgrein, skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 11. gr.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 1000—15 000 gullkrónum samkvæmt lögum nr. 4 11. apríl 1924.

13. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 1000—15 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

14. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegningar samkvæmt 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr., láta sæta fangelsi allt að 2 árum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum.

15. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

16. gr.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu ásamt síðari breytingum sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

Einnig falla þá úr gildi lög nr. 40/1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

18. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal láta endurskoða lög þessi fyrir 31. desember 1975.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan Fiskveiðilaganefndar, en í henni eiga sæti alþingismennirnir Gils Guðmundsson, formaður nefndarinnar, Guðlaugur Gíslason, Jón Ármann Héðinsson, Karvel Pálmason og Steingrímur Hermannsson.
Er hér um að ræða sama frumvarp, sem flutt var að tilhlutan nefndarinnar á síðasta Alþingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu samkvæmt tilmælum nefndarinnar, sem jafnframt óskaði þess að frumvarpið yrði nú flutt sem stjórnarfrumvarp. Verða nú tilgreindar þær breytingar, sem fiskveiðilaganefnd óskaði að gerðar yrðu á frumvarpi því, sem nefndin flutti á síðasta þingi:

1. 2. gr. A.3. verði breytt þannig, að í stað „6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar“ komi „9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar“.
2. 2. gr. A.4. verði breytt þannig, að í stað „3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar“ komi „4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar“.
3. 2. gr. B.1. verði breytt þannig, að í stað „3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks“ komi „6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks“.
4. 2. gr. F.4. breytist þannig, að í stað orðanna „Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4ra ...“ o. s. frv. út setninguna, komi orðin „Að norðan afmarkast svæði þetta af 65°16′ n.br.“
5. 9. gr. breytist þannig, að í stað orðanna „sem í þau veiðast“ komi orðin „sem **landa má**“.
6. 10. gr. breytist þannig, að orðinu „jafnan“ í fyrstu línu verði sleppt.
7. 10. gr. 2.tl. breytist þannig, að sleppt verði orðinu „vélbátum“ og orðunum „með venjulegum rækjuvörpum“.
8. 10. gr. 3.tl. breytist þannig, að á eftir orðunum „leyfi til humarveiða“ komi orðin „á tilteknum svæðum“.
9. 10. gr. 4.tl. breytist þannig, að á eftir orðunum „Leyfi til síldveiða“ komi orðin „með botnvörpu og flotvörpu“.
10. 10. gr. 5.tl. breytist þannig, að á eftir orðunum „Leyfi til loðnuveiða með“ komi orðin „botnvörpu og“.
11. 10. gr. 7.tl. breytist þannig, að í stað fyrirsagnarinnar „Til fiskirannsókna“ komi fyrirsögnin „Til rannsókna“. Jafnframt komi orðin „rannsóknaskipum“ í stað orðsins „fiskirannsóknaskipum“.
12. Í 10. gr. verði að auki bætt ákvæðum, er heimili ráðherra sérstaklega að veita leyfi til spærlings- og kolmunnaveiða að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og með þeim skilyrðum, er þurfa þykir.

II.

Hér á eftir verður orðrétt tekin upp greinargerð með frumvarpi nefndarinnar frá því í vor að öðru leyti en því að fyrstu málsgreininni er sleppt og á viðeigandi stöðum er vakin athygli á breytingum þeim, sem grein er gerð fyrir hér að ofan í I.

Með bréfi 11. október 1971 skipaði sjávarútvegsráðherra 5 manna nefnd, fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, til að gera tillögur um nýjar reglur varðandi heimildir til botnvörpuveiða í fiskveiðilandhelginni sbr. niðurlagsákvæði laga nr. 21 10. maí 1969 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Gils Guðmundsson, formaður, Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Karvel Pálmason. Það var niðurstaðan af störfum nefndarinnar, að rétt væri að framlengja í óbreyttu formi gildandi togveiðiheimildir til ársloka 1972 og fresta þannig afgreiðslu málsins um skeið. Þetta var síðan gert með lögum nr. 89 24. desember 1971. Í byrjun september 1972 var þess formlega óskað, að nefndin héldi áfram störfum, og tók

hún þá til starfa á ný með þeirri breytingu, að Steingrímur Hermannsson tók fljótlega sæti í nefndinni í stað Ingvars Gíslasonar. Jafnframt var Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, ráðinn ritari nefndarinnar.

Frá því í byrjun september og fram í byrjun desember 1972, vann nefndin síðan samkvæmt erindisbréfi sínu að endurskoðun á núgildandi togveiðiheimildum með sérstöku tilliti til breyttrar fiskveiðilandhelgi. Hafði nefndin einkum til athugunar atriði, er vörðuðu skipastærð, veiðisvæði, tímatakmarkanir og það hvort ekki væri unnt að gera heimildarreglurnar einfaldari og skýrari. Ennfremur var nefndinni í erindisbréfi falið að:

1. Athuga hvort rétt sé að auka almenna friðun frá því sem reglugerð nr. 189/1972 gerir ráð fyrir, m.a. hvort banna eigi veiðar með fleiri veiðarfærum en botnvörpu á þargreindum svæðum.
2. Gera tillögur varðandi notkun þorsk-, ýsu- og ufsanótar.
3. Athuga um breytingu á gildandi ákvæðum um möskvastærð í vörpum.
4. Endurskoða reglur um dragnótaveiðar.
5. Athuga hvort rétt sé að hafa viss grundvallaratriði varðandi rækju-, humar- og skelfiskveiðar, svo og veiðar á öðrum tegundum t.d. spærlingi, í þessum lögum, með víðtækum heimildum ráðuneytis til að setja reglur um þær veiðar.

Í ljós kom, að verkefni þetta var stærra en svo, að því yrði lokið í tæka tíð fyrir árslok 1972. Lagði nefndin þess vegna til að gildistími 2. og 3. greinar laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971 og lög nr. 89/1971, skyldi framlengdur um takmarkaðan tíma. Gerði nefndin ráð fyrir því, að halda áfram störfum með það fyrir augum að skila áliti eigi síðar en í marz 1973.

Með lögum nr. 101 31. desember 1972 voru ofangreind botnvörpulög síðan framlengd til 1. júlí 1973, en jafnframt voru, samkvæmt tillögum nefndarinnar, gerðar nokkrar breytingar á botnvörpulögunum. Nefndin hafði þá þegar orðið samdóma um nauðsyn aukinnar friðunar fiskistofna og veiðisvæða og taldi einnig að ótvíræður vilji á þessu hefði komið fram alls staðar að af landinu. Þá taldi nefndin að auka þyrfti eftirlit með veiðum og veiðarfærum, svo og athuganir á árangri af friðunarráðstöfunum. Taldi nefndin atriði þessi svo mikilvæg, að ekki mætti bíða með að setja inn í botnvörpulögin ákvæði þar að lútandi. Þess vegna voru eftirfarandi 3 greinar settar inn í botnvörpulögin með lögum nr. 101/1972:

a. Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði, seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varahugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

b. Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar, um slíkar ákvarðanir.

c. Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem meginhersla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, sem viðkemur vernd fiskistofnanna.

Ennfremur var við þetta sama tækifæri sett inn í botnvörpulögin heimild til ráðherra til að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Höfðu tilraunir íslenskra báta með þetta veiðarfæri gefist all vel og vitað var að nokkrir aðilar höfðu áhuga á því að reyna loðnuveiðar í flotvörpu á loðnuvertíð 1973. Hafrannsóknastofnunin mælti með því að þetta yrði reynt og þess vegna þótti rétt að setja umrædda heimild í lögin.

Þess má geta, að Fiskveiðilaganefnd var í lok ársins 1972 samdóma um, að þegar bæri að gera ráðstafanir varðandi bolfiskveiðar í hringnót. Var samþykkt í nefndinni að beina þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra, að reglugerð um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o.fl. yrði breytt hið allra fyrsta þannig, að bolfiskveiðar í hringnót yrðu bannaðar, en þó skyldi sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 50 smálestum, sem stundað hefðu þessar veiðar að marki s.l. 2 ár. Skyldi þessi heimild gilda til ársloka 1973. Hinn 7. febrúar 1973, gaf sjávarútvegsráðuneytið síðan út reglugerð þar sem farið var eftir þessum tillögum nefndarinnar og þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót bannaðar með ofangreindum undanþáguheimildum.

Eftir að fiskveiðilaganefnd hafði skilað álitsgerð sinni og tillögum í desember 1972, hélt hún áfram störfum og vann samfellt fram í byrjun apríl 1973. Voru störf hennar á árinu 1973 einkum fólgin í því að yfirfara mikinn fjölda tillagna, sem henni höfðu borist víðsvegar að af landinu, ýmist bréflega eða á almennum fundum nefndarinnar, sem hún hélt í öllum kjördæmum landsins. Einnig kallaði nefndin ýmsa aðila á sinn fund til ráðgjafar eftir því sem hugmyndir nefndarmanna þróuðust og gáfu tilefni til. Þá hafði nefndin einnig samband við alþingismenn úr öllum kjördæmum landsins og reyndi m.a. með því að tryggja, að hagsmunasjónarmið allra byggðarlaga, sem úrgerð varðar, kæmust til vitundar nefndarinnar. Nefndarmenn hafa í frumvarpi þessu tekið afstöðu til ólíkra sjónarmiða byggðarlaga og hagsmunahópa, að því er varðar togveiðiheimildir í íslenskri fiskveiðlandhelgi. Hefur nefndin reynt að koma jafnt til móts við þarfir allra hagsmunahópa, hafandi jafnan í huga heildarhagsmuni landsmanna, einkum af því að vernda fiskistofna með nauðsynlegum friðunaraðgerðum. Hafa verið tekin upp í frumvarp þetta áður tilvitnuð ákvæði laga nr. 101/1972 um skyldu sjávarútvegsráðuneytisins til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn seiða- og smáfiskadrápi, og til að beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar með sérstöku tilliti til verndunar fiskistofnanna, ásamt auknum heimildum fyrir ráðuneytið til auglýsingar friðunarsvæða.

Verður nú gerð nánari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. grein laganna er stytt verulega frá því sem nú er, enda eru heimildir ráðherra til þess að veita sérstakar undanþágur frá lögunum nú settar í eina grein sem ekki fjallar um annað. Sjá greinargerð um 10. gr. frumvarpsins.

Í 1. málsgrein 1. greinar núgildandi laga, eru fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu með öllu bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en síðan eru í 1. grein og sérstaklega 2. grein gerðar mjög víðtækar undantekningar frá þessu banni. Núgildandi lög bera einnig nafn sitt af þessu banni og heita „Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu". Þar sem frumvarp þetta, eins og raunar núgildandi lög einnig, fjallar hins vegar efnislega fyrst og fremst um togveiðiheimildir íslenzkra skipa í fiskveiðilandhelginni, þótti rétt að breyta bæði fyrirsögn laganna og textum 1. og 2. greinar. Eru þannig í frumvarpi þessu lögin nefnd „Lög um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni", 1. gr. 1. mgr. áréttar ákvæði laga nr. 33 19. júní 1922, um bann gegn veiðum erlendra skipa í landhelginni, sbr. reglugerð nr. 189/1972 og 2. mgr. 1. gr. bannar íslenzkum skipum veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögunum. Á það að sjálfsögðu jafnt við um reglur settar skv. þeim. 2. gr. verður þá bæði efnislega og formlega jákvæð aðalregla þessa frumvarps, en ekki eins og nú er að formi til undantekning frá aðalreglunni um algert togveiðibann jafnt fyrir íslenzk skip sem erlend.

Breytingar á fyrirsögn laganna, 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., sem felast í frumvarpi þessu, eru því formlegar en ekki efnislegar.

Um 2. gr.

Með reglugerð nr. 189/1972 var gerð breyting á grunnlínupunktum og til samræmis við það er vísað til þeirrar reglugerðar í 1. mgr. 2. gr. frumvarps þessa. Að öðru leyti vísast um þessa málsgrein frumvarpsins til þess, er segir hér að ofan um 1. gr.

A. Norðurland.

Í frumvarpi þessu er togveiðiheimildum fyrir Norðurlandi breytt þó nokkuð frá því, sem nú er. Eru breytingarnar einkum fólgnar í mikilli friðun og einföldun á þeim reglum, sem nú gilda á þessu svæði. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar nær landi en 9 sjómílur miðað við sömu grunnlínu og í núgildandi heimildum, en samkvæmt þeim eru togveiðar heimilar upp að 4, 6 eða 8 mílum á mismunandi tímum árs eftir mismunandi stærðum skipa. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að um leið og friðun er aukin með því að færa togveiðiheimildir fjær landi, þá verði stærðarflokkum skipa fækkað um einn og ekki verði lengur miðað við mismunandi tímabil. Er gert ráð fyrir því, að öll skip, sem eru minni en 350 rúmlestir, fái heimild til togveiða allt árið á svæði milli 9 og 12 sjómílna miðað við sömu grunnlínu og nú er, en öll skip stærri en 350 rúmlestir, megi veiða á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna. Á tímabilinu 1. apríl til 1. júní takmarkast togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi af ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sem bannar allar togveiðar innan 50 sjómílna á svæði frá Rifstanga að Langanesi á þessu tímabili. (Togveiðiheimildir í kringum Kolbeinsey og Grímsey verði óbreyttar frá því sem nú er. Ath. I. hluta athugasemda þessarra).

Aukin friðun á þessu svæði þykir nauðsynleg vegna þeirrar alkunnu staðreyndar, að þarna eru einhverjar mestu uppeldisstöðvar þorsks á íslenzku landgrunni og hefur afli togbáta af þessu svæði samanstaðið af mun yngri og smærri fiski, en víðast annars staðar af landinu.

B. Austurland.

Á svæðinu frá Langanesi að Selskeri eru í frumvarpi þessu reglur einfaldaðar mjög frá því, sem nú er, og friðun aukin. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðiheimildir verði ekki lengur mismunandi eftir árstímum og friðun einnig aukin verulega með því að gert er ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar innan 12 sjómílna, nema hvað skip, sem eru minni en 350 rúmlestir, fái þó nokkrar heimildir innan þessarar línu á svæðinu frá Langanesi að Ósfles. (Togveiðiheimildir í kringum Hvalbak eru óbreyttar frá því sem nú er. Ath. I. hluta athugasemda þessara).

C. Suðausturland.

Á svæðinu frá Selskeri að Lundadrang gerir frumvarpið ráð fyrir aukinni friðun fiskistofna, enda finnst oft ungfiskur á þessu svæði í miklum mæli. Var það hvort tveggja friðunarsjónarmiðið og tillit til bátaútgerðarinnar, einkum hinna minni báta, á þessu svæði, og aðliggjandi svæðum, sem réði því, að í frumvarpinu er greint á milli þriggja stærðarflokka skipa í stað tveggja áður. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðiheimildir skipa, minni en 105 rúmlestir, verði nánast óbreyttar frá því, sem nú er, en heimildir skipa af stærðinni frá 106 í 350 rúmlestir verði nokkuð skertar frá því sem nú er, á þann hátt, að skip af þessum stærðum fái ekki að toga nær landi, en 6 sjómílur miðað við fjörumark meginlandsins á þessu svæði. Togveiðiheimildir skipa, sem eru stærri en 350 rúmlestir, eru skertar enn frekar í frumvarpinu, en þó fá þessi skip heimild til togveiða utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, á svæðinu frá Selskeri að Ingólfshöfða. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að allar togveiðar innan 12 sjómílna á svæðinu frá Selskeri að 18°00′ verði bannaðar á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí og er það óbreytt frá því, sem nú er.

D. Suðurland.

Á svæði frá Lundadrang að Reykjanesaukavita, gerir frumvarpið ráð fyrir því, að reglur verði mun einfaldari en nú er, og friðun aukin. Þannig verði togveiðar hvergi leyfðar nær landi en 3 sjómílur og þannig afnumin 2 togveiðisvæði skipa minni en 350 rúmlestir, sem náðu alveg inn að fjörumarki. Að öðru leyti eru heimildir skipa af þessum stærðarflokki óbreyttar frá því, sem nú er, og heimildir skipa af stærðinni frá 106 til 350 rúmlestir eru einnig mjög lítið breyttar. Frumvarpið felur hins vegar í sér þó nokkra skerðingu á togveiðiheimildum skipa stærri en 350 rúmlestir. Er gert ráð fyrir því, að aðalreglan verði hér, sem annars staðar í kringum landið, sú, að skip af þessum stærðarflokki fái ekki að veiða með botnvörpu og flotvörpu nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu. Þó er í frumvarpinu heimild fyrir þessi skip til togveiða utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu á svæðinu frá 21° v.lg. að 22°30′ v.lg. Togveiðiheimildir á þessu svæði takmarkast þó af ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sem friðlýsir ákveðið svæði á Selvogsbanka á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Þetta svæði nær frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg), og hér er einnig gert ráð fyrir því að reglur verði mun einfaldari og friðun aukin. Í frumvarpinu er línu þeirri, sem lokar Faxaflóa fyrir togveiðum breytt nokkuð frá því, sem nú er, þannig að hún færist nær landi um 2 sjómílur vestur af Garðskagavita, en hins vegar nokkuð fjær landi við Snæfellsnes þar sem miðað er við punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga, en í núgildandi lögum er miðað við 1 sjómílu frá Malarrifsvita í stefnu á línuna. Utan þessarar línu er gert ráð fyrir því, að skipum minni en 350 rúmlestir verði heimilar togveiðar allt árið og eru það nánast óbreyttar heimildir frá því, sem nú er. Hér, sem annars staðar, er hins vegar reiknað með því, að skip stærri en 350 rúmlestir verði ekki nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu, en þó fá skip af þessum stærðarflokki heimild til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Jökuldjúpi að svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°10′ n.br. og að norðan af 64°30′ n.br.

F. Breiðafjörður.

Á svæðinu frá Gáluvíkurtanga að Bjargtöngum gerir frumvarp þetta enn ráð fyrir einföldun gildandi reglna um togveiðar jafnframt því sem friðun er aukin. Þannig eru gerðar töluverðar breytingar á togveiðiheimildum skipa minni en 105 rúmlestir og er í frumvarpinu gert ráð fyrir einu svæði fyrir þessi skip, í stað þriggja áður. (Ath. hér I. kafla athugasemda þessarra). Á Breiðafjarðarsvæðinu er mikill fjöldi báta af þessum stærðarflokki og óvenju margir aðilar, einstaklingar og hagsmunasamtök, komu hugmyndum sínum um togveiðiheimildir á þessu svæði á framfæri við Fiskveiðilaganefnd. Með því að draga veiðisvæði þetta upp eins og gert er í frumvarpinu, hefur nefndin reynt að samræma hin ólíku sjónarmið, eins og frekast var unnt, auk þess sem friðunarsjónarmið voru einnig höfð í huga. Skip af stærðinni 106 til 350 rúmlestir færast nokkuð utar á þessu svæði, en þó er ekki um teljandi breytingar á togveiðiheimildum þeirra að ræða. Togveiðiheimildir skipa stærri en 350 rúmlestir, eru í frumvarpinu skertar nokkuð frá því, sem nú er, og er hér sem annars staðar miðað við að skip af þessum stærðarflokki stundi ekki togveiðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu. Þó er í frumvarpinu heimild fyrir þessi skip til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Kolluál á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°45′ n.br. og að norðan af 65°0,5′ n.br.

G. Vestfirðir.

Á svæðinu frá Bjargtöngum að Horni eru í frumvarpinu togveiðiheimildir óbreyttar frá því, sem nú er, nema hvað tvö togveiðisvæði ætluð skipum minni en 350 rúmlestir, eru felld burt, þannig að ekki er gert ráð fyrir því að neinar togveiðar verði leyfðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu á þessu svæði .

Um 3. gr.

Þessi grein frumvarpsins er tekin óbreytt úr núgildandi lögum, og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 4. gr.

Í núgildandi lögum hefur ráðherra heimild til að undanþiggja með reglugerð tiltekin svæði frá veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Hefur heimild þessi verið notuð á hverju ári með því að settar hafa verið reglugerðir um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

Í 1. mgr. þessarar greinar er orðuð almenn heimild ráðherra til þess að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan 12 sjómílna miðað við grunnlínu. Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um heimild ráðherra til þess að auglýsa sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net hvar sem er í fiskveiðilandhelginni og í 3. mgr. er það beinlínis gert að skyldu að nota heimildina á svæðum þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, og fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum. Mat á því hvort línuveiðar eru stundaðar í „ríkum mæli" eða ekki verður að vera í höndum ráðherra, en ekki þykir þó vafi á því t.d. að línuútgerð á Vestfjörðum, eins og hún er í dag, myndi uppfylla þetta skilyrði.

Um 5.—7. gr.

Í upphafi greinargerðar þessarar er fjallað um þessar 3 greinar frumvarpsins, sem tóku gildi, efnislega óbreyttar, með lögum nr. 101/1972. Þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þær.

Um 8. gr.

Þessi grein frumvarpsins er tekin upp óbreytt efnislega úr núgildandi lögum, nema hvað bætt er við þeirri skýringu á búlkun, að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp. Er þetta gert með sérstöku tilliti til skuttogskipa, en annars er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um búlkun veiðarfæra í reglugerð samanber 9. gr.

Um 9. gr.

Núgildandi reglugerð um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda, nr. 214/1966, sbr. rgl. nr. 160/1970 og rgl. nr. 46/1971, er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

Eðlilegt þykir, að heimilt verði að setja reglugerð um þessi atriði og önnur, svo sem um gerð útbúnað og frágang þeirra veiðarfæra, sem lög þessi fjalla um, á grundvelli þessara sömu laga. Þykir þetta sérstaklega eðlilegt þegar litið er til viðurlaga við brotum á 8. gr. og 10. gr. frumvarpsins, sem þykja eiga að vera í nokkru samræmi við viðurlög við misnotkun á þessum veiðarfærum.

Um 10. gr.

Eins og segir um 1. gr. í greinargerð þessari, hafa í þessa grein frumvarpsins verið settar undanþáguheimildir þær, sem er að finna í 1. gr. núgildandi laga. Auk þess hafa heimildir ráðherra til veitingar dragnótaveiðileyfa verið felldar inn í

þessa grein ,en þær var áður að finna í lögum nr. 40/1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Þá er einnig bætt inn í þessa grein heimild fyrir ráðherra til að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, og einnig er hér tekið upp efnislega ákvæði laga nr. 101/1972 um heimild ráðherra til að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi Íslands með flotvörpu. Um einstaka töluliði greinarinnar er þetta hið helzta: (Ath. hér einnig I. kafla athugasemda þessarra:

Um 1. Í frumvarpi þessu eru heimildir ráðherra til veitingar dragnótaveiðileyfa efnislega óbreyttar frá því sem er í núgildandi lögum. Þó eru ákvæði 3.—11. gr. laga nr. 40/1960 ekki tekin upp í frumvarp þetta, þar sem þau þóttu ýmist óþörf eða þeim ofaukið (eins og t.d. refsiákvæðin) við það að dragnótaheimildarákvæðin færðust inn í þessi lög um veiðar með botnvörpu og flotvörpu. Ein megin breyting er þó gerð á grundvellinum fyrir heimildir ráðherra í þessu efni. Er þar um að ræða niðurfellingu ákvæðis laga nr. 40/1960 um að Fiskifélag Íslands skuli leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði o.s.fr. sbr. 1. gr. laga nr. 40/1960. Er ráðherra þess í stað skylt að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar áður en dragnótaveiðiheimildir eru útgefnar og þykir sá háttur raunhæfari með tilliti til friðunarsjónarmiða. Ennfremur er á það að benda, að ráðherra skal leita umsagnar Fiskifélags Íslands, eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til, áður en hann gefur út veiðiheimildir samkvæmt 10. gr. frumvarpsins.

Um 2. Heimild ráðherra til veitingar rækjuveiðileyfa er að finna efnislega óbreytta í 1. grein núgildandi laga. Hér er þó kveðið skýrt á um heimild ráðherra til þess að binda leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, m.a. að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.

Um 3. Efnislega samhljóða heimild til veitingar humarveiðileyfa er að finna í 1. grein núgildandi laga. Þó er hér kveðið skýrt á um heimild ráðherra til að binda leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, m.a. að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar.

Um 4. Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr 1. gr. núgildandi laga, nema hvað ekki er lengur gert að skyldu að fá tillögur Fiskifélags Íslands áður en slíkar heimildir eru veittar.

Um 5.—6. Um þessa liði, sjá inngang þessarar greinar.

Um 7. Þessi töluliður kveður á um heimild ráðherra til að veita fiskirannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknarskyni í fiskveiðilandhelginni í núgildandi lögum og þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um þær.

Um 11. gr.

Þessi grein frumvarpsins kveður á um viðurlög við brotum gegn 1.—6. gr. Auk þess hefur 14. gr. að geyma viðurlög við brotum á þessum greinum og vísast um það til þess, er segir um þá grein. Í frumvarpinu eru sektir miðaðar við gullkrónur eins og gert er í núgildandi lögum. Sú breyting fellst þó í frumvarpinu, að misháar sektir eftir mismunandi stærðarflokkum skipa, eru nú í 5 flokkum í stað 3ja í núgildandi lögum. Þykir í núgildandi lögum gerður mjög óeðlilegur greinarmunur á því hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Skip, sem er t.d. 190 rúmlestir, fær þannig venjulega um 45.000,00 króna sekt, en skip sem er 210 rúmlestir, fær um 700.000,00 króna sekt. Það er til að minnka þennan óeðlilega mismun, að stærðarflokkunum er fjölgað um 2. Í frumvarpinu eru sektarfjárhæðir hækkaðar verulega, en jafnframt er í því aukið svigrúm dómara til ákvörðunar sektar. Þó að sektir hafi verið og séu miðaðar við gullkrónur, og ættu því að hafa fylgt breyttu verðgildi peninga, þá er þess að gæta, að þau skip, sem veiðarnar stunda nú, eru miklu fullkomnari nú en áður var, að öllum búnaði, og veiðimöguleikar þeirra hafa því aukist stór-

kostlega. Þykja þessi atriði gera allverulega hækkun viðurlaga tímabæra nú. Í ákvæðum þessarar greinar um upptöku afla skips og veiðarfæra er ekki að finna nýmæli frá því, sem er í núgildandi lögum, en skýrt er kveðið á um að viðurlög þessarar greinar eigi við um brot á 1.—6. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um viðurlög við brotum gegn 8. gr. um búlkun veiðarfæra, svo og við brotum við reglum settum samkv. 9. gr. og ákvæðum veiðileyfa sem út eru gefin samkv. 10. gr. Þykir eðlilegt að hafa viðurlög við öllum þessum brotum í sama flokki, en gefa dómara mikið svigrúm við ákvörðun refsingar. Felld eru niður ákvæði núgildandi laga um misháar „hlerasektir" eftir stærð skips og þykir það eðlilegt með tilliti til þess hve sektarmörkin hafa verið rýmkuð mikið í frumvarpinu. Sektarfjárhæðir eru hækkaðar frá því, sem nú er, og fyrir skip allt að 200 rúmlestum er hér um mjög verulega hækkun að ræða, en fyrir skip stærri en 200 rúmlestir er hækkunin mun minni og lágmarkssekt raunar lækkuð um helming. Er þetta gert vegna þess, að í núgildandi lögum þykir mjög óeðlilegur greinarmunur gerður á því hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Breytingar þær, sem felast í frumvarpinu, eru gerðar til þess að minnka þennan óeðlilega greinarmun og gefa dómara aukið svigrúm til ákvörðunar sektarfjárhæða, og er ekki gert ráð fyrir því að þetta hafi í för með sér að „hlerasektir" hinna stærri togskipa muni í reynd lækka frá því sem nú er.

2. mgr. 12. gr. er tekin efnislega óbreytt úr núgildandi lögum að öðru leyti en því, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar og sektarmörkin sömuleiðis víkkuð verulega.

Um 13. gr.

Efnisákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru tekin óbreytt úr núgildandi lögum að öðru leyti en því, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar frá því, sem nú er, og svigrúm dómara aukið til að ákveða sektarupphæð.

Um 14. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. kveður á um viðurlög við ítrekuðum brotum á 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr. frumvarpsins. Ennfremur eru brot á þessum greinum látin sæta sömu viðurlögum ef um miklar sakir er að ræða jafnvel þó fyrsta brot sé. Í þessari málsgrein felst annars sú breyting frá því, sem er í núgildandi lögum, að refsing er hér ákveðin fangelsi allt að tveimur árum í stað varðhalds eigi skemur en 2 mánuði. Jafnframt er afnumin sú skylda að dæma skipstjóra í varðhald fyrir ítrekað brot á þessum greinum, en þess í stað er dómara gefin heimild til þess að dæma skipstjóra í fangelsi. Þykir þetta rétt með tilliti til þess, að fangelsi er þyngri refsing en varðhald, auk þess sem hér er fylgt þeirri stefnu frumvarpsins að veita dómara meira svigrúm en nú er til ákvörðunar refsinga. 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er tekin efnislega óbreytt úr núgildandi lögum og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 15.—17. gr.


Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 18.gr.

Þessi grein frumvarpsins gerir sjávarútvegsráðherra skylt að láta endurskoða lögin fyrir 31. desember 1975. Gert er ráð fyrir því, að þeirri endurskoðun verði hagað líkt og áður, þannig að ráðherra muni skipa sérstaka nefnd til þess að annast þetta verkefni. Þykir nauðsynlegt að hafa þetta í lögunum, þar sem öll fiskveiðimál Íslendinga eru nú mjög í deiglunni og skal í því sambandi nefna útfærslu landhelginnar í 50 mílur, mikla uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipaflota Íslendinga svo og viðsjálvert ástand fiskistofna í kringum landið annars vegar og aukna þróun í veiðitækni hins vegar.


Fylgiskjal I.

Togveiðiheimildir skv. lögum nr. 21/1969.



Fylgiskjal II.

Togveiðiheimildir skv. frumvarpi þessu.



Sþ. **121. Tillaga til þingsályktunar** [103. mál]

um þjónustu hjá héraðsdómstólum við neytendur.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti nú þegar semja frumvarp til breytinga á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fót þjónustu við neytendur hjá héraðsdómstólum landsins. Þjónusta þessi verði í því fólgin, að dómari geti ákveðið, að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við mál, sem varða vörur og þjónustu allt að 50 000.00 kr. Við þessar breytingar verði lík þjónusta í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna.

Greinargerð.

Alloft er því hreyft, að meðferð mála hjá dómstólum landsins gangi seint, og þær raddir heyrast, að ekki borgi sig að fara með mál fyrir dómstólana, meðferð þeirra sé svo hæg og kostnaðarsöm. Til þess að bæta úr þessu er óskað eftir sérdómstólum til þess að fara með ákveðna málaflokka. Nægir hér að nefna dómstól í ávana- og fíkniefnamálum, sem nýverið hefur verið stofnaður, og umferðardómstól, sem sífellt er verið að krefjast. Það mun mála sannast, að þeir, er best þekkja til og vinna að dómstörfum, séu yfirleitt andvígir sérdómstólum. Benda þeir t. d. á, að þeir sérdómstólar, sem fyrir eru í landinu, eru starfræktir að miklu leyti af sömu mönnum og almennu dómstólarnir. Stafi þetta af því, að takmarkaður fjöldi manna hafi þjálfun í raunverulegum dómstörfum og umdeilanlegt hljóti að teljast, hversu mörgum mönnum þjóðfélagið geti sér af til þessara starfa.

Í neysluþjóðfélagi eins og því íslenska fer ekki hjá því, að upp komi fleiri eða færri deilumál milli neytenda og þeirra, sem selja þeim vörur og þjónustu. Mörg þessara mála varða hvert um sig ef til vill ekki mikilli upphæð, og verður það óhjákvæmilega til þess, að neytandanum þykir ekki borga sig að eyða tíma og fé fyrir dómstólunum. Á þennan hátt fer forgörðum heilbrigt aðhald, sem verslunarstéttunum er nauðsynlegt.

Til þess að skapa þetta aðhald, án þess að það leiði til mikils kostnaðarauka fyrir ríkið, er lagt til, að þeirri þjónustu verði komið á fót, sem tillagan gerir ráð fyrir. Þessa meðferð mála mætti einnig nýta í öðrum skyldum smámálum og létta þannig vinnuálagi á dómstólunum, en það hlýtur þá einnig að leiða til hraðari meðferðar umfangsmeiri mála.

Það mun mála sannast, að mál þau, sem fyrir dómstóla eru lögð í dag, eru mjög mismunandi. Sum þeirra eru tæpast þess eðlis, að full þörf sé á eins vandvirknislegri meðferð og nú tíðkast. Rétt er, að dómari ákveði, hvort þessa meðferð megi við hafa, þar sem hann er í bestri aðstöðu til þess að meta, hvort hún eigi við. Rétt er, að meðferð málsins fari eftir eðli þess, en venjulega ætti ekki að þurfa að krefjast eins ríkra sannana og í venjulegu máli og aðilar ættu að mega leggja málið fyrir á þann hátt, sem þeir kjósa. Stefna ætti að því, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu að mestu. Sérfræðileg atriði er að jafnaði rétt að leysa með aðstoð meðdómenda. Úrskurður samkvæmt þessari meðferð ætti að hafa sömu áhrif og dómur í venjulegu dómsmáli.

Slík meðferð smámála og hér er talað um á uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þar hefur hún verið reynd um árabil. Hefur þessi meðferð mála sums staðar þar reynst mjög vel. Virðist það undir því komið, að dómaranum takist að víkja frá almennri meðferð einkamála og aðilum leyfist ekki að njóta aðstoðar lögmanna.

Sjá nánar um þetta fyrirkomulag t. d.: "Justice out of Reach; A case for small claim courts" (London, Her Majesty's Stationary Office).

Eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu var slíkri meðferð smámála komið á fót í Bretlandi að bandarískri fyrirmynd. Hófst sú starfsemi 1. október s. l.

Þá hafa Svíar komið líkri meðferð mála á hjá sér eða eru langt komnir með undirbúning þess. Sjá hér nánar t. d. grein eftir Hovrättsrådet Nils Mangård: „Reglerandet av mindre förmögenhetsrättsliga tvister", en grein þessi var flutt sem erindi á 26. Norræna lögfræðingamótinu í Helsinki 1972.

Nd. 122. Frumvarp til laga [104. mál]

um eftirlit með einokun, hringamyndun og samkeppnishömlum.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að stuðla að sanngjörnum verslunar- og samkeppnisháttum og þar með vinna gegn samkeppnishömlum, sem hafa skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi á sviði framleiðslu, verslunar og þjónustu án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum. Þó ná lögin ekki til útflutningsfyrirtækja, nema þá starfsemi þeirra, sem varðar viðskiptahætti á innlendum markaði.

2. gr.

Í því skyni að stuðla að markmiði þessara laga skal skipuð þriggja manna nefnd, **viðskiptaháttanefnd, til fjögurra ára í senn. Einn maður skal tilnefndur af Verslunarráði** Íslands, og skal hann hafa sérþekkingu á rekstri fyrirtækja, annar skal tilnefndur af Neytendasamtökum, og skal hann hafa sérþekkingu á neytendamálum, og sá þriðji skal hafa lögfræðimenntun og tilnefndur af Hæstarétti. Hann er jafnframt formaður nefndarinnar.

Ef nefndarmaður hefur beina eða óbeina hagsmuni af máli, sem nefndin hefur afskipti af, eða skal hafa afskipti af, skv. formlegri ábendingu annarra aðila, skal hann víkja sæti og þá tilnefndur varamaður í hans stað. Ef ágreiningur kemur upp um það, hvort nefndarmaður skuli víkja sæti, má skjóta þeim ágreiningi til úrskurðar viðskiptaráðuneytisins.

3. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með samningum og samþykktum einokunarfyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru mikilsráðandi á viðkomandi markaði, og ákvörðunum, sem þau taka um samkeppnishömlur. Nefndin skal hafa frumkvæði að eftirliti, sem hér um ræðir, svo og könnunum á viðskiptaháttum, enda þótt beinar kvaðir eða kærur liggi ekki fyrir. Hún skal og taka við ábendingum eða kvörtunum og rannsaka slík mál með þeim hætti, sem í lögum þessum greinir.

Nú kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ábending, kvörtun eða kæra sé ekki á rökum reist, lætur mál afskiptalaust eða niður falla, og er þá Neytendasamtökum f. h. aðila heimilt að taka það mál upp hjá hinum almennu dómstólum á þeim grundvelli, að um brot á lögum þessum sé að ræða. Slík mál lúta ekki ákvæðum þessara laga um framkvæmd rannsóknar, frestun á framkvæmd ákvarðana o. s. fr.

4. gr.

Nefndin skal halda skrá yfir einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Nefndin skal gefa slíkum

aðilum fyrirmæli um að tilkynna til sín allar ákvarðanir þessu lútandi. Í þeim tilkynningum skal greina, hverjir séu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur og þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála svo og vísvitandi ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Alla samninga og samþykkir um samkeppnishömlur, er varða verð, framleiðslu, sölu eða flutninga á öllu landinu eða í einstökum landshlutum, skal einnig tilkynna nefndinni.

Í tilkynningunni skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem ákveðið er í samningnum eða samþykktinni.

Nefndin skal gefa út eyðublöð fyrir tilkynningar og ákveður tilkynningarfresti. Tilkynningunni skal fylgja endurrit af samningum og samþykktum svo og yfirlit yfir verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur.

Breytingar á atriðum, sem tilkynnt hafa verið, skal tilkynna tíu dögum áður en þær ganga í gildi. Nefndin getur leyft, að vikið sé frá þessum fresti.

5. gr.

Nefndin getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur nefndin rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á staðnum nauðsynlegar athuganir.

Þegar um er að ræða tæknileg leyndarmál, getur viðkomandi aðili krafist af nefndinni, að þær upplýsingar verði ekki kunngerðar opinberlega. Komi upp ágreiningur um meðferð slíkra upplýsinga, skal skjóta þeim ágreiningi til úrskurðar viðskiptaráðuneytis.

Nefndin getur, til afnota í starfi sínu, krafist skýrslna frá öðrum opinberum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattayfirvöldum sem og tollyfirvöldum.

6. gr.

Samningar og samþykktir, sem tilkynningarskyld eru, sbr. 4. gr., eru ógild og njóta ekki verndar fyrir dómstólum, nema tilkynning hafi borist á tilsettum tíma.

Nefndin getur ákveðið, að farið sé með tilkynningar og fylgiskjöl að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál, og gerir nefndin nauðsynlegar ráðstafanir til, að þeirri ákvörðun sé framfylgt.

7. gr.

Nú telur nefndin, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist ekki unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum, og gefur þá nefndin út nauðsynleg, en rökstudd fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka til bæði breytinga og ógildingar að nokkru eða öllu á samningum, samþykktum eða ákvörðunum, ásamt setningu ákvæða um verðskrár að höfðu samráði við verðlagsnefnd.

Fyrirmæli nefndarinnar hafa í för með sér frestun á framkvæmd samninga, samþykkta eða ákvarðana, sbr. 2. mgr. Ef viðkomandi aðili vill ekki una við fyrirmæli nefndarinnar, getur hann skotið málinu til dómstóla.

Fyrirmælum nefndarinnar verður ekki hnekkt nema með úrskurði eða dómi.

8. gr.

Nú er ekki unnt að binda enda á skaðleg áhrif skv. ákvæðum 7. gr. eða aðrar ráðstafanir eru taldar hentugri, og getur nefndin þá lagt skýrslu um málið fyrir viðskiptaráðherra eða sjálf höfðað mál fyrir dómi. Málskostnaður skal greiddur úr ríkissjóði.

9. gr.

Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi frá þjóðfélagslegu sjónarmiði eða koma í veg fyrir bestu hgnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, eða öðrum viðskiptaskilmálum, t. d. ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun á viðskiptakjörum.

10. gr.

Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (bruttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

Ákvarðanir, sem teknar eru af verðlagsnefnd, eru undanþegnar þessu ákvæði.

Nefndin getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

11. gr.

Nefndin getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu til annars fyrirtækis, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 9. gr.

Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal nefndin athuga náið málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjuninni og einnig hvort viðkomandi sé verulegt hagsmunamál að fá umrædda vöru keypta.

Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðlega samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal nefndin gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum eiga sér stað.

12. gr.

Nefndin skal í samráði við hlutaðeigandi samtök setja reglur um sölureikninga, verðskrár, skilarétt, auglýsingar o. fl.

13. gr.

Nefndin skal ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð- og samkeppnishömlur.

Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir nefndina, áður en ákvarðanir eru teknar.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum ásamt greinargerðum, á hverju þær eru byggðar. Óski viðkomandi frekari upplýsinga, skulu þær látnar í té, eftir því sem unnt er, en óheimilt er að gefa upplýsingar um trúnaðarmál einstakra fyrirtækja og um mál, sem skaðað gætu þjóðfélagið í heild, ef gefnar væru.

14. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 500—1000 kr. dagsektum. Dagsektir eru ákveðnar af nefndinni, og má innheimta þær með lögtaki.

15. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

16. gr.

Þær ákvarðanir nefndarinnar, sem almenning varða, skulu birtar opinberlega. Enn fremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem nefndinni berast skv. 4. gr.

Áður en niðurstöður athugana skv. ákvæðum 11. gr. eru birtar, skal gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Ef þess er óskað, skal einnig birta álit þeirra með niðurstöðum athugunar.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má beita sektum jafnframt refsivist, eftir því sem við á, samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu skv. 15. kafla almennra hegningarlaga.

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

18. gr.

Brot á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og samkeppnishömlum á sér ekki langa réttarsögu, en hefur engu að síður verið í örri framþróun síðustu áratugina. Ástæðurnar eru margar og mikilvægar.

Með auknu fjármagni og neysluþörf í hinum iðnvæddu markaðsþjóðfélögum hefur komið í ljós, að hinn óseðjandi markaður og sívaxandi stærð fyrirtækja býður heim óeðlilegum og óæsklilegum aðstæðum á þessum vettvangi. Hin risastóru fjölþjóðlegu fyrirtæki seilast til fanga í skjóli frjálsræðis, aðstaða skapast tl einokunar og hringmyndunar, beitt er óeðlilegum og jafnvel ólögmætum aðgerðum í markaðsleit, og lögmál heilbrigðrar samkeppni eru fótum troðin af slíkum aðilum.

Hér er ekki aðeins vegið að eðlilegum viðskiptaháttum, heldur eru sjónarmið neytandans fyrir borð borin á óskammfeilinn hátt. Með sama hætti og barátta fyrir frjálsri verslun hefur verið háð gegn óeðlilegum opinberum afskiptum, í þeim tilgangi, að framleiðsla og þjónusta atvinnulífsins komi til móts við þarfir neytenda, þá hefur verið vaxandi skilningur á, að reisa þurfi skorður við því, að upp rísi svo stór fyrirtæki, að þau ráði lögum og lofum á markaðnum. Þeim, sem unna frjálsu markaðskerfi, á að vera jafnmikið í mun að standa vörð um það kerfi, hvort heldur að því er sótt af hálfu opinberra aðila ellegar fyrirtækjum, sem ekki virða leikreglur samkeppninnar. Einokun er jafnóæskileg, hvort heldur hún er í nafni ríkis eða auðhrings.

Því grundvallaratriði má ekki gleyma, að togstreitan um fyrirkomulag viðskiptahátta og atvinnurekstrar er ekki háð í þágu þeirra aðila, sem eiga að reka atvinnufyrirtækin. Hún er grundvölluð á hagsmunum neytendanna. Það er hins vegar fyrst nú í seinni tíð, að glæðst hefur að einhverju marki skilningur á sjónarmiðum neytenda og löggjafinn hefur tekið tillit til þeirra. Neytendavernd er nú orðin baráttumál allra stjórnmálaflokka.

Lög um eftirlit með einokun, hringamyndun og samkeppnishömlum eru í þágu neytenda. Einokun tekur ekki tillit til neytenda, hringamyndun er kapphlaup um aukinn gróða, en ekki fleiri viðskiptavini. Heilbrigð samkeppni hefur þarfir neytendanna að leiðarljósi, en ekki duttlunga stórfyrirtækisins. Þess vegna þarf að sporna við hömlum gegn eðlilegri samkeppni.

Því fer fjarri, að það verðlagskerfi, sem nú er í gildi hér á landi, hvetji til heilbrigðrar samkeppni. Því miður virðast ekki að svo stöddu vera fyrir hendi pólitísk

skilyrði til að gera þar róttækar breytingar á. Það ætti hins vegar að geta náðst samkomulag um löggjöf, sem hefur það markmið að vinna gegn einokun og hringmyndun hér á landi. Slík aðstaða einstakra fyrirtækja er ekki í anda sósíalista, og hún er ekki heldur í þágu þeirra, sem beita sér fyrir auknu frjálsræði í verðlags- og viðskiptamálum.

Enn eru þess fá dæmi, að slík aðstaða hafi skapast fyrirtækjum eða stofnunum hér á landi. Því auðveldara ætti að vera að girða fyrir, að slík einokunaraðstaða myndist.

Eins og þetta frumvarp ber með sér, er farið tiltölulega vægt í sakirnar. Valdsvið svonefndrar viðskiptaháttanefndar er mjög takmarkað og það gert af ásettu ráði. Erfitt er að átta sig á hlutverki slíkrar löggjafar sem þessarar, hversu langt eigi að ganga eða hvaða áhrif slík lagaákvæði kunna að hafa. Því er nauðsynlegt, að löggjafinn þreifi sig áfram og framvinda mála mótist af þeirri reynslu, sem af þessum lögum fæst.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af frumvarpi um verðgæslu og samkeppnishömlur, sem lagt var fram sem stjórnarfrumvarp á þinginu 1969—1970. Enn fremur er lagt til grundvallar frumvarp um neytendavernd, sem samið var í tíð fyrri ríkisstjórnar, en tími mun ekki hafa unnist til að leggja fram.

Flm. telur ástæðulaust að prenta langa greinargerð með þessu frumvarpi, en leyfir sér að vitna til þeirrar greinargerðar, sem fylgdi fyrrnefndu stjórnarfrumvarpi, og þeirra skýringa, sem á einstökum hugtökum eru þar gefnar.

Í stað verðgæsluskrifstofu, sem stjfrv. gerði ráð fyrir, eða neytendastofnunar, eins og frv. um neytendavernd gerði ráði fyrir, er ætlast til, að eftirlit með einokun o. s. frv. verði í höndum þriggja manna nefndar, viðskiptaháttanefndar. Þessi nefnd hefur ekki dómsvald, en fyrirmæli hennar eru bindandi, og þeim verður ekki hnekkt nema með úrskurði eða dómi almenns dómsvalds.

Að öðru leyti mun gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsöguræðu.

Sþ. 123. Fyrirspurnir. [105. mál]

I. Til forsætisráðherra um staðsetningu opinberra stofnana.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað líður athugun og tillögugerð um dreifingu opinberra stofnana um landið?

II. Til forsætisráðherra um áætlanagerð.

Frá Ellert B. Schram.

Að hvaða áætlanagerðum hefur Framkvæmdastofnun ríkisins unnið?

III. Til dómsmálaráðherra um móttökutækin, sem fundust í Kleifarvatni.

Frá Ellert B. Schram.

1. Hvað líður rannsókn vegna þeirra móttökutækja, sem fundust í Kleifarvatni 8. og 13. sept. s. l.?
2. Liggja fyrir upplýsingar um, hvaðan tækin komu og/eða hvert þau hafi verið seld af framleiðendum?

Sþ. 124. Þingsályktun [92. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

(Afgreidd frá Sþ. 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 100.

Ed. 125. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 89/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. nóv. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Bjarni Guðbjörnsson. Eggert G. Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Magnús Jónsson. Axel Jónsson.

Nd. 126. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 89/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Ólafur G. Einarsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. nóv. 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. Jón Skaftason, fundaskr. Ingi Tryggvason.
Heimir Hannesson. Ellert B. Schram. Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 127. Fyrirspurn [106. mál]

til samgönguráðherra um símamál á Suðurnesjum.

Frá Karli St. Guðnasyni.

Hafa verið gerðar einhverjar ráðstafanir til að bæta símakerfið á Suðurnesjum, einkum með tilliti til landssímaafgreiðslu til Reykjavíkur og út á land?

Nd. 128. Lög [97. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

(Afgreidd frá Nd. 14. nóv.)

Samhljóða þskj. 115.

Nd. 129. Frumvarp til laga [107. mál]

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir dyrum standi að taka erlent lán til þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar hafa verið í samræmi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar árið 1973, og vegna kaupa á skuttogurum. Heimildir til slíkrar lántöku eru í ýmsum lögum en vegna lánsútboðs er talið nauðsynlegt að sameina þær heimildir í eina löggjöf og samræma fyrirhuguðu lánsútboði. Markaður til þessarar lántöku hafi verið óstöðugur undanfarið, en sé nú talinn með hagstæðara móti og ekki hættandi á að draga lántökuna. Því beri brýna nauðsyn til að afla þegar í stað fullnægjandi lagaheimilda til lántökunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört á Tjörn í Svarfaðardal, 18. september 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Sþ. 130. Fyrirspurnir. [108. mál]

I. Til fjármálaráðherra um fjármál hafnarsjóða.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvernig skiptast milli einstakra hafnarsjóða og kjördæma endurlán þess fjármagns, sem ríkisstjórnin tók að láni skv. 6. gr. fjárlaga 1973, að upphæð 40 millj. kr., til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir vegna langra lána?
2. Með hvaða kjörum og til hve langs tíma tók ríkissjóður umrætt lán, og hver voru kjör endurlánanna til hafnarsjóðanna?
3. Telur ráðherra fullnægjandi að létta greiðsluskilyrði umræddra hafnarsjóða með slíkum lánum í stað óafturkræfra framlaga?
4. Er það rétt, að sumir hafnarsjóðirnir geti ekki tekið þessi lán vegna synjunar um ríkisábyrgð í því skyni?
5. Var ekkert tekið tillit til lausaskulda hafnarsjóðanna, þegar ákvarðanir voru teknar um úthlutun endurlána til þeirra?

II. Til fjármálaráðherra um nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvers vegna hefur fjármálaráðuneytið ekki veitt endanlegt framkvæmdaleyfi til nýbyggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fyrr í haust, svo sem heimaaðilar hafa óskað eftir og heilbrigðisráðuneytið hefur lagt til?
2. Verður veitt nægilegt fjármagn á fjárlögum næsta árs til þess að standa við framkvæmdaáætlun heilbrigðisráðuneytisins á því ári?

III. Til iðnaðarráðherra um olíuleit í hafsbotni umhverfis Ísland.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

1. Hvers konar rannsóknir og leit eftir olíu í jarðlögum í hafsbotni úti fyrir ströndum Íslands hafa farið fram á undanförnum árum, og hvaða aðilar hafa að því staðið?
2. Eru nú fyrirliggjandi umsóknir eða fyrirspurnir frá erlendum aðilum um leyfi til olíuleitar í hafsbotni umhverfis Ísland, og ef svo er, þá frá hverjum?

3. Hafa verið teknar ákvarðanir um frekari olíuleit eða veitingu leyfa til slíkrar leitar eða rannsókna við Ísland, og ef svo er, hvers eðlis eru þær ákvarðanir?

IV. Til samgönguráðherra um ferðamál.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hvað líður framhaldsathugunum á vegum Sameinuðu þjóðanna um þróun íslenskra ferðamála?
2. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að tryggja fé til þeirra, og hver yrði hlutur Íslands í því sambandi?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til að leysa hreinlætisvandamál á fjölförnum ferðamannastöðum?
4. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að kynna alþjóðlegum fjármálastofnunum umræddar áætlanir og hugsanlega þörf á lánveitingum vegna framkvæmda á ferðamálum?

V. Til samgönguráðherra um landkynningarstarfsemi.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hversu miklu opinberu fé er áætlað að ráðstafa til landkynningarstarfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins á næsta ári?
2. Hversu há er sú upphæð, er lögð hefur verið fram af íslenskri hálfu til að standa straum af kostnaði við norrænar kynningarskrifstofur í Bandaríkjunum og Þýskalandi á undanförnum þremur árum, og hversu miklu fé er áætlað að ráðstafa í því sambandi á næsta ári?

VI. Til utanríkisráðherra um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hvað líður þeirri endurskoðun á starfsemi utanríkisþjónustunnar, er málefnasamningur ríkisstjórnarinnar kveður á um?
2. Hefur verið leitað álits forsvarsmanna útflutningsaðila í sambandi við þá endurskoðun?

VII. Til utanríkisráðherra um viðurkenningu á herforingjastjórninni í Chile.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hefur íslenska ríkisstjórnin viðurkennt herforingjastjórnina í Chile?

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Magnús Jónsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja sem fyrst viðræður við Sameinuðu þjóðirnar um samstarf Íslands og hins nýja háskóla Sameinuðu þjóðanna

með það í huga, að ein eða fleiri deildir skólans verði staðsettar á Íslandi eða að íslenskar rannsóknarstofnanir taki upp samvinnu við háskólann um einstök verkefni.

Greinargerð.

Á síðasta hausti samþykkti 27. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stofnun alþjóðlegs háskóla á vegum samtakanna. Miðstöð háskólans verður í Japan, en gert er ráð fyrir, að einstakar deildir hans og vísindastofnanir starfi víða um heim, þar sem þeim hefur verið boðið aðsetur og aðstaða af hlutaðeigandi ríkisstjórn. Á háskólinn einkum að vinna að verkefnum, sem telja má sameiginleg hagsmunamál allra þjóða, svo sem að öllum þáttum þróunarmála, vandamálum umhverfis mannsins baráttu við hungur og skort, auk hagnýtra rannsókna á vísinda- og tæknisviði. Er hér ekki um að ræða háskóla í hefðbundnum skilningi, þar sem skólinn mun ekki annast kennslu stúdenta, heldur vísindastofnanir, sem vinna að ákveðnum rannsóknarverkefnum, og annast einnig framhaldsþjálfun ungra vísindamanna (post-graduate education).

Samband háskólans og vísindastofnana og háskóla í vistlöndum hans getur verið tvenns konar: Annars vegar er um það að ræða, að upp verði komið vísindastofnun af hálfu vistlandsins, er starfi sem deild í háskóla S. þ. og vinni bæði að innlendum og alþjóðlegum verkefnum, hins vegar, að vísindastofnanir, sem þegar eru starfandi í landinu, tengist háskólanum að nokkru leyti (affiliation) og vinni að ákveðnum rannsóknum í samvinnu við hann. Að því er kostnað varðar, er gert ráð fyrir, að vistlandið greiði fastan kostnað, þ. e. laun og húsnæði, en fé til einstakra rannsóknarverkefna og tækjakaupa komi úr sjóðum háskóla S. þ.

Gert er ráð fyrir, að háskólinn hefji störf síðari hluta árs 1974. Hafa allmörg ríki þegar lýst áhuga á því að eiga samvinnu við hinn nýja háskóla, bæði til þess að miðla af eigin sjóði í vísindaefnum og einnig til þess að öðlast reynslu og hag, sem felst í slíkri alþjóðlegri vísindasamvinnu á vegum háskólans, en hann mun hafa færustu vísindamönnum á að skipa í starfsliði sínu.

Sýnist vissulega tímabært, að Íslendingar hyggi nokkuð að því, hvort ekki geti verið hyggilegt og hagkvæmt fyrir íslenskar rannsóknarstofnanir eða Háskóla Íslands að taka upp samvinnu við hinn nýja alþjóðlega háskóla. Kæmu þar fyrst og fremst til greina vísinda- og rannsóknarsvið, þar sem Íslendingar standa framarlega og hafa því af nokkru að miðla, en væri kærkomið að fá einnig fulltingi erlendra vísindamanna og atbeina erlendra vísindasjóða við framkvæmd einstakra rannsóknarverkefna og öflun rannsóknartækja. Gæti slík samvinna vissulega orðið frjóvgandi og örvandi fyrir íslenskar rannsóknir og jafnframt mikilvægt framlag að því er varðar hagnýtan rannsóknarárangur fyrir íslenska atvinnuvegi. Jafnframt gæti með slíku samstarfi skapast aðstaða tli fræðslu í ýmsum vísindagreinum við Háskóla Íslands, sem nú skortir, þótt ekki sé gert ráð fyrir, að vísindamenn háskólans annist almenna stúdentakennslu, svo sem áður segir.

Benda má hér á, að vel kæmi til greina að hefja slíkt samstarf við háskólann á sviði haf- og fiskifræða. Þar taka Íslendingar þegar þátt í allumfangsmiklum alþjóðlegum rannsóknum, en mörg rannsóknarverkefni bíða, sem til greina kæmi að hafa samvinnu við erlenda vísindastofnun um. Eru íslenskir vísindamenn hér í aðstöðu til þess að vinna umfangsmikil rannsóknarstörf, sem alþjóðlegt gildi munu hafa, en jafnframt hafa hagnýtt gildi fyrir íslenska atvinnuvegi og þjóðarbúskap. Hefur sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum þegar við umræður um háskóla S. þ. á 27. allsherjarþinginu og nú aftur í haust vakið athygli á, að verið gæti, að Íslendingar hefðu áhuga á samstarfi við háskólann á þessu sviði. Samstarf við háskólann á sviði jarðvísinda og jarðhitarannsókna kæmi hér einnig til greina.

Þótt lauslega hafi þannig verið gefið til kynna, að íslensk stjórnvöld hafi áhuga á samstarfi við hinn nýja háskóla, þarf meira að koma til. Nauðsynlegt er að hefja þegar viðræður í alvöru við yfirvöld hans um mál þessi. Sýnist ekki ástæða til þess

að efa, að íslenskum rannsóknum og vísindastofnunum væri það mikil lyftistöng og hvati að taka upp samvinnu við hinn nýja alþjóðlega háskóla um verkefni, sem Íslendingum yrðu að miklu gagni, en jafnframt hefðu alþjóðlegt gildi. Lítilli þjóð býðst hér ómetanlegt tækifæri til þess að njóta samvinnu og leiðsagnar vísindastofnunar í fremstu röð, og það tækifæri ber að nýta.

Sþ. 132. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um húsnæðismál.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela hæstvirtri ríkisstjórn, nú þegar fyrirkomulag fjármögnunar og lánveitinga Byggingarsjóðs ríkisins er tekið til endurskoðunar, að hafa í huga eftirfarandi atriði:

1. Grunnlán skulu hækkuð til samræmis við það hlutfall, sem var milli lánveitinga og byggingarkostnaðar, þegar lög nr. 30/1970 voru samþykkt, og skulu lánin síðan sjálfkrafa hækka eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, eins og hún er reiknuð út á ársgrundvelli.
2. Þeir einstaklingar, sem spara fé skv. 11. gr. laga nr. 30/1970, skulu eiga kost á viðbótarláni, allt að tvöfaldri þeirri upphæð, sem spöruð hefur verið, en þó aldrei hærri en 80% af byggingarkostnaði íbúðar, eða fasteignamati, ef um eldri íbúð er að ræða. Fé, sem sparað er á þennan hátt, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

   Þeir einstaklingar, sem undanþegnir eru sparnaðarskyldu skv. lögunum, en sækja um lán á sparnaðarskyldualdri, skulu eiga kost á lánum allt að 25% hærri en grunnlán, en þó eigi yfir 80% af byggingarkostnaði íbúðar eða fasteignamati eldri íbúðar.
3. Afnema skal úr lögunum það ákvæði, sem bindur lán til eldri íbúða við ákveðna upphæð árlega, og auka þær lánveitingar, þó þannig, að löng lán, að byggingarsjóðsláni meðtöldu, verði aldrei meira en 40% af fasteignamati, með þeirri undantekningu, sem um getur í 2. lið hér að framan. Kanna ber, hvort unnt sé að taka upp samvinnu við sveitarfélög um fjármögnun slíkra lána.
4. Reglum um lánshæfni verði breytt á þann veg, að felld verði að mestu niður stærðarmörk íbúða miðað við fjölskyldustærð. Skal við það miðað, að einstaklingar geti byggt eða keypt allt að 100 m² íbúð og tveggja manna fjölskylda og stærri geti byggt eða keypt allt að 150 m² íbúð.
5. Verkamannabústaðakerfið verði endurskoðað með það í huga, að verkalýðsfélögin (lífeyrissjóðir) verði þar eignar- og fjármagnsaðilar allt að 30%, sveitarfélögin allt að 30% og ríkið (byggingarsjóður) allt að 40%. Lánareglur verði í samræmi við 22. gr. laga nr. 30/1970, en að öðru leyti verði IV. kafli laganna endurskoðaður og endursaminn sem sérstök lög.
6. Byggingarsjóði verkamanna, í því formi, sem að ofan getur, verði sköpuð skilyrði til að byggja eða kaupa ákveðinn fjölda íbúða á hverju ári, sem seldar verði með hagkvæmum kjörum, og gangist sjóðurinn jafnframt undir þá skuldbindingu að endurkaupa viðkomandi íbúðir innan ákveðins árafjölda með byggingarvísitöluálagi á framlag eigenda. Slíka aðstöðu skal þó fyrst og fremst skapa í dreifbýli við framkvæmd byggðastefnu.
7. Tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins skulu efldir, m. a. með eftirtöldum hætti:
   a. launaskattur, eins og hann er ákveðinn hverju sinni, renni óskiptur í sjóðinn;
   b. sala skuldabréfa á vegum sjóðsins skal efld, m. a. með því að gera fleiri aðilum eða stofnunum að kaupa skuldabréf, sbr. 6. gr. núgildandi laga;

c. ákvæðum um innlánsdeild Byggingarsjóðs sé framfylgt og þeim breytt á þann veg, að tryggt sé, að innlán verði til raunverulegra hagsbóta, þegar til útlána kemur.

8. Ríkissjóður ábyrgist, að Byggingarsjóður hafi til útlána á eðlilegum tíma allt það fé, sem lánsumsækjendur eiga rétt á skv. lögum nr. 30/1970, enda séu umsóknir innan þess ramma, sem áætlanir Húsnæðismálastofnunar ríkisins telja hæfilegan fjölda á ári. Ábyrgð ríkissjóðs skal felast í því, að ef tekjur Byggingarsjóðs skv. lögunum hrökkva ekki til, skal gert ráð fyrir þeim mismun, sem á skortir, í fjárlögum næsta árs.

9. Kannað verði, hvort ekki sé hagræði að því að fela öðrum stofnunum eða þjónustufyrirtækjum flest þau verkefni, sem gert er ráð fyrir að falli í verkahring Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 30/1970.

Greinargerð.

Fjármagnserfiðleikar Byggingarsjóðs ríkisins, stöðugt hækkandi verðlag á fasteignamarkaðnum og verulegur skortur á húsnæði, bæði í þéttbýli og dreifbýli, hefur enn á ný beint athygli manna að húsnæðismálum. Í rauninni eru húsnæðismál sífellt í brennidepli, enda eitt þeirra félagslegu úrlausnarefna, sem ríkast hvíla á samfélaginu. Húsnæði er jafnnauðsynlegt og sjálfsagt og þarfir mannsins til fæðis og klæðis.

Þó er það svo, að þjóðfélagið hefur engan veginn svarað eða leyst þær lágmarkskröfur, sem gera verður, svo að einstaklingum og fjölskyldum sé gert kleift að koma yfir sig þaki.

Við Íslendingar höfum lagt metnað okkar í að byggja og búa í okkar í eigin húsnæði. Hér á landi búa tiltölulega fáir í leiguhúsnæði og þá oftast til bráðabirgða, sem stökkbretti í eigin íbúð. Aðgerðir opinberra aðila, sveitarstjórna og ríkis, hafa mjög beinst að því að koma til móts við þessi viðhorf með úthlutun lóða og útvegun lána.

Flutningsmaður þessarar tillögu er eindregið þeirrar skoðunar, að sú stefna hafi í aðalatriðum verið rétt og frá henni eigi ekki að breyta. Sú skoðun er einmitt forsenda þessarar tillögu, því að hún felur í sér stóraukið átak í fjármagnsöflun og lánveitingum hins opinbera. Bilið milli lánveitinga og byggingarkostnaðar er sífellt að breikka og gerir fólki erfiðara fyrir en áður að ráðast í íbúðarbyggingu eða íbúðarkaup. Í stað þess að horfa aðgerðarlaus á þá þróun, eigum við aldrei að missa sjónar á því framtíðarmarkmiði, að hver íbúðarbyggjandi eða kaupandi geti fengið lán allt að 80% af byggingarkostnaði, með þeim takmörkunum, sem lög og reglur setja.

Þannig á löggjafar- og fjárveitingavaldið að staðfesta í verki, að húsnæði er ekki munaður, heldur nauðþurft, og viðurkenna í reynd þá stefnu, að allir skuli búa í eigin íbúð.

Nú í haust tilkynnti félagsmálaráðherra, að hann hyggðist leggja fram á þessu þingi tillögur til lausnar á fjárhagserfiðleikum Byggingarsjóðs. Flm. vill nota tækifærið nú og koma á framfæri nokkrum atriðum, sem nauðsynlegt er að hafa í huga, þegar lög nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, eru tekin til endurskoðunar. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum.

1. Með breytingu á lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970 var gert ráð fyrir, að upphæð íbúðarlánanna úr Byggingarsjóði ríkisins væri 600 þús. kr. Jafnframt var heimilað, að fengnu samþykki ráðherra, að breyta lánsfjárhæðinni á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

   Með breytingu á lögunum frá 17. apríl 1973 var heimilað, að lánsfjárhæðin mætti nema allt að 800 þús. kr. og að Húsnæðismálastofnunin gæti, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæðinni til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Reynslan hefur sýnt, að slík heimildarákvæði hafa takmarkað gildi fyrir húsbyggjendur, því að hækkun lánanna hefur engann veginn haldið í við hækkun byggingarkostnaðar. Í maí 1970, þegar húsnæðislöggjöfin var sett, var byggingarvísitalan 439 stig, en er nú orðin 913 stig. Hér er um 108% hækkun að ræða, á sama tíma sem lánin hafa einungis hækkað um ca. 33%.

Nú er lagt til, að lánsfjárhæðin verði hækkuð til samræmis við það hlutfall, sem var milli lánsfjárhæðar og byggingarkostnaðar, eins og það var við setningu laganna, og enn fremur, sem er öllu mikilvægara, að í stað heimildarákvæðis verði skylt að breyta lánsfjárhæðinni árlega í samræmi við breytta byggingarvísitölu.

2. Í III. kafla l. nr. 30/1970 er fjallað um sparnað til íbúðabygginga, og skv. 11. gr. skal sá, sem sparað hefur fé sitt með þeim hætti, sem þar segir, sitja fyrir um lán til íbúðarbyggingar, og „mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist". Á þetta ákvæði hefur lítið sem ekki reynt, því að þessa heimild hefur ekki verið unnt að framkvæma vegna stöðugs fjárskorts.

Til greina kæmi að breyta heimildinni í skyldu, svo að hún hefði raunhæft gildi. Til þess er ekki horfið í þessari tillögugerð, heldur er lagt til, að til viðbótar hinu almenna grunnláni verði veitt lán, tvöföld sú upphæð, sem spöruð hefur verið. Sú tilhögun á að vera hvatning fyrir ungt fólk að leggja sem mest til hliðar, og yrði það þá jafnframt tekjuauki fyrir Byggingarsjóð.

Skattfríðindin eru til samræmis við það, sem lögin gera nú þegar ráð fyrir, varðandi fé, sem sparað er.

Þá er að síðustu komið til móts við það unga fólk, sem undanþegið hefur verið sparnaðarskyldu, með því að leggja til, að það fái allt að 25% hærri lán en grunnlán, en rétt er að skoða, hvort setja þurfi nánari eða strangari reglur eftir því, hvers eðlis undanþágan er. Hér er aðalatriði málsins, að með einhverjum hætti er bæði rétt og sjálfsagt að koma til móts við það unga fólk, sem er að hefja búskap og koma sér upp heimili. Ætti það sjónarmið að vera hafið yfir gagnrýni.

3. Með lögum nr. 30/1970 var tekið upp það nýmæli, að ráðstafa mætti ákveðinni upphæð árlega til lánveitinga til kaupenda á eldri íbúðum. Þessi upphæð er nú ákveðin 85 millj. kr. og dugir að sjálfsögðu skammt. Ákvæðið var þá viðurkenning á því, að eðlilegt væri að aðstoða fólk til kaupa á eldri húsnæði. Þessu þarf nú að fylgja eftir. Meðan þéttbýlisstaðir, einkum hér sunnanlands, þenjast út með stöðugt nýjum hverfum, fækkar óðum íbúum í hinum eldri hverfum, þar sem öll þjónusta er þó fyrir hendi. Fyrir bæjarfélög, sem eiga við slíka útþenslu að etja, hlýtur að vera hagkvæmara, ef stuðla mætti að aukinni og fjölmennari búsetu í uppbyggðum bæjarhlutum. Því eru bundnar vonir við það, að þau séu reiðubúin til samvinnu um tekjuöflun til lánveitinga út á eldri íbúðir. Gert er ráð fyrir, að löng lán geti aldrei farið upp fyrir 40% af fasteignamati, en það er samsvarandi því hlutfalli, sem um er rætt undir lið 1. Hér er og gert ráð fyrir heimildarákvæði, svo að reynsla geti skorið úr um gildi þessarar reglu.

4. Það er mat þeirra manna, sem til þekkja, að þær reglur, sem í gildi eru um lánshæfni, séu flóknar, óeðlilegar og raunar óþarfar. Í stað þess að miða lánveitingar við stærðarmörk íbúðar með tilliti til fjölskyldustærðar er lagt til, að sett verði hámark eins og segir í tillögunni. Með því er ungu, barnlausu fólki gert mögulegt að fá lán út á íbúð, sem sniðin er fyrir stærri fjölskyldu, þegar tímar líða. Hins vegar er við það miðað, að undir engum kringumstæðum sé lánað út á stærra íbúðarhúsnæði en 150 m². Ef fólk telur sér kleift fjárhagslega að byggja eða kaupa stærra, er ekki óeðlilegt, að það standi sjálft undir fjármögnun þess. Reglur um lánshæfni skulu áfram ákveðnar með reglugerð.

5. Hlutur verkamannabústaðakerfisins, hvort heldur í sinni fyrri mynd ellegar þeirri, sem nú er skv. l. nr. 30/1970, hefur dvínað mjög. Sérstaklega sköpuðust ný viðhorf, þegar framkvæmdanefnd Breiðholtsáætlunar hóf byggingarfram-

kvæmdir. Eftir því sem lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna hafa eflst ár frá ári, verður sú freisting æ sterkari fyrir fjárveitingavaldið að seilast í lífeyrissjóðina til að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins. Flm. þessarar tillögu er því andvígur, að til slíks verði gripið án fulls samráðs og samþykkis þeirra aðila, sem lífeyrissjóðina eiga. Sú þróun sýnist hins vegar óhjákvæmileg og eðlileg, að þetta fjármagn nýtist til úrlausnar á húsnæðisvandamálum, og er sú leið mun geðfelldari, að eigendur fjárins, verkalýðsfélögin, hafi hönd í bagga með ráðstöfun hans, frekar en féð sé af þeim tekið í Byggingarsjóð með valdboði.

Hér er því varpað fram þeirri hugmynd, að verkamannabústaðakerfið verði víkkað út, nafni kerfisins og sjóðsins breytt og að verkalýðsfélögin, ásamt með sveitarfélögum og ríkissjóði, verði eignaraðilar að þessum sérbyggingarsjóði.

6. Ef af þessari breytingu getur orðið, sem að ofan er getið, bíða slíks sjóðs ótæmandi verkefni. Hugmyndin er sú, að sjóðurinn geti beint athygli sinni og mætti að ákveðnum verkefnum, skv. áætlunum um þörf hvers tíma og staðar. Sjálfsagt virðist, að sjóðurinn takist á við vandamál ýmissa dreifbýlisstaða, og því er ítrekuð hér hugmynd, sem sett var m. a. fram í till. til ál. á þskj. frá síðasta þingi. Efni hennar er að skapa skilyrði til húsbygginga með skuldbindingum um endurkaup með vísitöluálagi á framlag eigenda. Það er sannfæring flm., að það fyrirkomulag geti orðið mun árangursríkara og hentugra fólki en stórfelldar byggingar á leiguhúsnæði, eins og nú er fyrirhugað.

7.-8. Í þessum liðum er bent á nokkrar þær leiðir, sem flm. telur sjálfsagt að skoða, þegar kannaðir eru tekjumöguleikar sjóðsins. Ýmsar fleiri leiðir koma vitaskuld til greina. Aðalatriðið er þó, að ríkissjóði ber skylda til að fjármagna Byggingarsjóð svo á hverjum tíma, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og fylgt þeim lögum, sem um hann eru sett. Ég tel ekki óeðlilegt, að settur sé áætlaður rammi um byggingar- og lánsfjárþörf hvers árs, sem hafður sé til viðmiðunar við lánveitingar. En mikilvægast er, að hægt sé að létta af þessu lánakerfi því óþolandi ástandi, að lánveitingar séu háðar „pólitísku þukli". Það er og mat flm., að verðþenslu á fasteignamarkaði, háum leigugjöldum og húsnæðisskorti verði ekki mætt nema með stóraukinni fjármögnun þeirra lánasjóða, sem hér er rætt um.

Skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1974 er áætlað, að framlag ríkissjóðs, beint eða óbeint, nemi samtals 611 millj. kr., en það framlag er þó aðeins að hluta beint úr ríkissjóði. Þessi upphæð er rétt rúmlega 2% af heildarupphæð fjárlagafrv., og þó er af flestum viðurkennt, að húsnæðisvandamál séu eitt mikilvægasta úrlausnarefni þjóðfélagsins. Af þessum ástæðum er lagt til, að ríkissjóður ábyrgist á hverjum tíma, að Byggingarsjóður geti staðið við skulbindingar sínar, og brúi bilið milli lánveitinga og annarra tekna sjóðsins með því að taka mismuninn inn á fjárlög næsta árs. Er þá gert ráð fyrir því, að áætlanir girði fyrir, að lánveitingar geti farið úr hófi fram.

9. Að síðustu er lagt til, að gerð verði athugun á því, hvort ekki sé hagkvæmara að fela ýmsum öðrum stofnunum þau verkefni, sem Húsnæðismálastofnuninni er falið að framkvæma. Fæst af þeim verkefnum hafa verið rækt sem skyldi, sum alls ekki, og má eflaust rekja það til fjárskorts stofnunarinnar. Þegar haft er í huga, að ýmsar stofnanir eru nú þegar til í þjóðfélaginu, sem hafa sambærileg eða sömu verkefni með höndum, má reikna með, að til tvíverknaðar kæmi, ef Húsnæðismálastofnunin sinnti þessum verkefnum, sem talin eru upp í 3. gr. laganna. Húsnæðismálastofnunin gæti engu að síður haft yfirumsjón með því, að þau verkefni væru innt af hendi, og tengt á þann hátt saman þau mál, sem væru í þágu húsbyggjenda.

Nd. 133. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960, um Verslunarbanka Íslands h.f.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. nóv. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason. Matthías Á. Mathiesen. Matthías Bjarnason.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 134. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Lárus Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Karvel Pálmason, Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 109. gr. laganna komi nýr kafli, V. kafli, er orðist svo:

Um landshlutasamtök sveitarfélaga.

110. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ. e. Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Ákvæði þessa kafla gilda um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr., en ákvæði kaflans hagga ekki gildandi reglum um stjórn borgarinnar.

111. gr.

Sérhvert sveitarfélag á aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta.

Samtökunum er heimilt að veita sýslufélögunum aðild að landshlutasamtökunum.

112. gr.

Hlutverk landshlutasamtakanna er:

a. að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls,
b. að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins,
c. að vinna að öðrum verkefnum samkvæmt lögum,
d. að vinna að framkvæmdum á samþykktum aðalfunda samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu.

113. gr.

Hver sveitarstjórn kýs fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund samtakanna eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eða oftar, sé það ákveðið í samþykktum samtakanna. Kjörgengir eru aðalfulltrúar og varafulltrúar í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaga.

Sveitarfélag	með	300 íbúa eða færri	kýs	einn	aðalfulltrúa
—	—	301— 700 íbúa	—	tvo	—
—	—	701— 1500 —	—	þrjá	—
—	—	1501— 2500 —	—	fjóra	—
—	—	2501— 5000 —	—	fimm	—
—	—	5001—10000 —	—	sex	—
—	—	10001 o. fl. —	—	sjö	—

Heimilt er einstökum landshlutasamtökum að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en greint er í 2. mgr., enda sé ákvæði um það í samþykktum samtakanna, sem ráðherra staðfesti.

Eigi sýslufélag aðild að landshlutasamtökunum, sbr. 111. gr., skal sýslunefnd kjósa einn fulltrúa og varafulltrúa úr sínum hópi, sbr. 1. mgr.

114. gr.

Æðsta vald í málefnum landshlutasamtakanna er í höndum aðalfunda þeirra, sem haldnir skulu ár hvert.

Á aðalfundi skal kosin stjórn samtakanna, 5—11 menn, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum, og jafnmargir varamenn. Formaður er kosinn sérstaklega. Séu stjórnarmenn fleiri en 7, er þeim heimilt að kjósa þriggja manna framkvæmdaráð, eftir því sem nánar er kveðið á í samþykktum.

Stjórnin fer með yfirstjórn samtakanna milli aðalfunda og hefur umsjón með störfum samtakanna og fjárreiðum.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið samtakanna.

115. gr.

Tekjur samtakanna eru:

a. Árgjöld aðildarsveitarfélaganna, skv. samþykktum aðalfundar.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
c. Aðrar tekjur.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til Reykjavíkurborgar.

116. gr.

Nánar skal kveðið á um skipulag og stjórn einstakra landshlutasamtaka í samþykktum þeirra, sem staðfestar skulu af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Í samþykktum skal enn fremur kveðið á um gerð fjárhagsáætlunar og ársreikninga samtakanna, starfssvið framkvæmdastjóra o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landshlutasamtök sveitarfélaga skulu hafa sent ráðherra samþykktir sínar til staðfestingar fyrir árslok 1974.

Sveitarfélögum, sem ekki áttu beina aðild að landshlutasamtökum sveitarfélaga við gildistöku þessara laga, er heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., umboð gagnvart landshlutasamtökunum til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi að beiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en varð ekki útrætt. Frv. er endurflutt vegna ítrekaðra óska sveitarstjórnarmanna. Það hefur verið til athugunar hjá milliþinganefnd í byggðamálum. Nefndin hefur gert forsætisráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lagasetningar um

landshlutasamtökin. Í þeirri skýrslu segir svo orðrétt um þetta efni: „Eins og yður hefur áður verið gerð grein fyrir bréflega, telur nefndin mikla nauðsyn á því, að lög verði sett um landshlutasamtökin. Nefndinni er jafnframt að sjálfsögðu kunnugt um þá almennu endurskoðun, sem fram fer á sveitarstjórnarlögum. Hins vegar virðist ástæða til að óttast, að sú yfirgripsmikla endurskoðun taki langan tíma og verði a. m. k. ekki lokið fyrir það þing, sem nú situr. Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til, að rammalög verði sett um landshlutasamtökin, sem síðar verði felld inn í hina almennu endurskoðun. Sýnist nefndinni rétt, að frv. það, sem lagt var fram á síðasta þingi, verði lagt fram óbreytt."

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá hálfu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, þegar það var flutt á síðasta þingi:

Forustumenn landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa eindregið óskað þess, að Samband íslenskra sveitarfélaga hlutaðist til um, að meðfylgjandi frumvarp fengist flutt og afgreitt á yfirstandandi þingi.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið stofnuð og hafa starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir þeim og Sambandi íslenskra sveitarfélaga tími til kominn, að tilvera þeirra verði staðfest í lögum og að í sveitarstjórnarlögum séu ákvæði um þau.

Að formi til felur frv. í sér viðauka við sveitarstjórnarlögin, nr. 58 frá 29. mars 1961, en efnislega hefur frv. að geyma ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga: hver þau séu, um aðild að þeim, um hlutverk þeirra, um kosningu á aðalfundi þeirra og um tekjur þeirra.

Ákvæði frv. hagga í engu ákvæðum gildandi laga um einstök sveitarfélög og sýslufélög.

Um 110. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. eru landshlutasamtökin talin upp. Umdæmi þeirra eru einstök kjördæmi nema á Norðurlandi, þar sem Fjórðungssamband Norðlendinga nær yfir bæði kjördæmin.

Reykjavíkurborg er utan við landshlutasamtökin, enda eina sveitarfélagið, sem er sérstakt kjördæmi, en rétt þótti, að kveðið væri á um, að ákvæði frv. giltu um Reykjavíkurborg, eftir því sem við ætti. Sýnist þar einkum koma til greina ákvæði b-liðs 112. gr. frv. um áætlanagerð.

Um 111. gr.

Í 1. mgr. gr. felst, að öllum sveitarfélögum sé skylt að eiga aðild að landshlutasamtökum. Reyndar er það svo, að langflest sveitarfélög eru þegar orðin aðilar að samtökunum og í sumum umdæmum öll sveitarfélög. Samkvæmt lögum er öllum sveitarfélögum skylt að eiga aðild að sýslufélögum, og sýnist ekki síðri ástæða vera til, að sama regla gildi um aðild að landshlutasamtökunum.

Í 2. mgr. 111. gr. er ákvæði um heimild til að veita sýslufélögum aðild að landshlutasamtökunum. Rétt þótti að hafa slíka heimild í frv. til samræmis við gildandi ákvæði laga sumra landshlutasamtakanna, sbr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og 4. mgr. 113. gr. um kosningu fulltrúa sýslufélaga.

Um 112. gr.

Í gr. þessari eru hlutverk landshlutasamtakanna talin í fjórum stafliðum. Er það í samræmi við gildandi lög og samþykktir landshlutasamtakanna, sbr. og 10. gr. laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 113. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um, hvernig háttað skuli kosningu á fulltrúum sveitarfélaganna á aðalfundi landshlutasamtakanna, svo og á fulltrúum sýslufélaga, þar sem þau eiga aðild.

Í 3. mgr. gr. er einstökum sveitarfélögum heimilað að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en skv. aðalreglunni í 2. mgr., enda staðfesti ráðherra ákvæði í sam-

þykktum þar um. Er þetta talið nauðsynlegt, til þess að unnt verði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í landshlutunum.

Um 114. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um yfirstjórn samtakanna, stjórn þeirra og kosningu stjórnar. Vegna mismunandi aðstæðna í landshlutunum þykir ekki rétt að fastákveða fjölda stjórnarmanna. Gert er ráð fyrir, að hann verði ákveðinn í samþykktum einstakra landshlutasamtaka.

Um 115. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 116. gr.

Þar eð í frv. felast aðeins meginákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga, er í þessari grein ákvæði um, að einstök landshlutasamtök setji sér samþykktir (lög), þar sem nánar verði kveðið á um skipulag og stjórn hverra landshlutasamtaka. Enn fremur verði í samþykktum kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga samtakanna, endurskoðun reikninga þeirra, starfssvið framkvæmdastjóra og önnur atriði, er þurfa þykir. Í greininni eru ákvæði um, að ráðherra staðfesti samþykktir hinna einstöku landshlutasamtaka til að tryggja, að þær séu í samræmi við lögin og að sem mest samræmi verði milli samþykkta einstakra landshlutasamtaka. Þá verði samþykktir birtar í Stjórnartíðindum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að setja landshlutasamtökunum frest til endurskoðunar samþykkta (laga) sinna til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður, og þykir hann hæfilegur til ársloka 1974.

Í 111. gr. 1. mgr. er gert ráð fyrir skylduaðild einstakra sveitarfélaga að landshlutasamtökunum. Rétt þykir þó, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, að veita þeim sveitarfélögum, sem standa utan við landshlutasamtökin við gildistöku laga þessara, frest til aðildar, enda sé þeim þá heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., að fara með umboð sitt á aðalfundum landshlutasamtakanna til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978, þ. e. til vors 1978.

Ed. 135. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

a) a-liður 19. gr. laganna orðist svo: Vegir að öllum býlum, sem hafa ekki beint vegasamband við þjóðvegi, enda sé vegalengd frá þjóðvegi að býli yfir 200 metrar.
b) Síðasta málsgrein falli niður.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Sýsluvegasjóður greiðir þó ekki kostnað við vegargerð innan 200 metra frá býli, ef vegurinn endar þar.

3. gr.

a) Á eftir orðunum „andvirði þriggja“ í 21. gr. laganna komi: til sex.
b) Næstsíðasti málsliður sömu lagagreinar orðist svo: Sýslunefnd ákveður hámarksgjald viðkomandi sýslu, og reiknar sýslumaður út gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars.

4. gr.

Á eftir 2. málslið 2. málsgr. 28. gr. laganna komi nýr málsliður, sem orðist svo: Ef sýslunefnd ákveður, að gjald í sýsluvegasjóð skuli vera hærra en samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, sbr. 21. gr., skal þó framlag úr ríkissjóði móti umframgjaldinu í sýsluvegasjóð eigi vera lægra en nemur því gjaldi tvöföldu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um tekjuöflun til sýsluvega var lagt fram á Alþingi árið 1970, og lagði samgöngumálanefnd til, að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, en frv. hlaut ekki endanlega afgreiðslu á þingi. Síðan hefur ekki neitt gerst í þessum málum, sem orðið hefur til þess að hraða endurbótum á sýsluvegakerfinu. Á sama tíma hefur kostnaður allur við vegagerð stórum hækkað, en fjáröflun til sýsluvega alltaf verið þröngur stakkur skorinn.

Meðfylgjandi skýrslur sýna annars vegar lengd þjóðvega og hins vegar sýsluvega. Lætur nærri, að fjórði hlutinn af vegakerfi landsins tilheyri sýsluvegum.

Tekjur sýsluvegasjóða voru áætlaðar á s. l. ári kr. 41 603 000.00, en til þjóðvega á sama ári var áætlað fyrir utan lántökur 360 millj. kr. til viðhalds vega og 491 millj. kr. til nýbygginga, þar af til hraðbrauta 245.8 millj. kr. Lætur því nærri, að veittar séu 100 000 kr. til jafnaðar á km í þjóðvegi á móti 13 þús. kr. til jafnaðar á km í sýsluvegi.

Okkur flutningsmönnum er ljóst, að frv. þetta brúar ekki bilið á milli fjárveitinga til þjóðvega og sýsluvega, en það getur bætt talsvert fyrir þeim sýslufélögum, sem þurfa og vilja nota þá viðbótarfjáröflun, sem frv. heimilar. Mörg sýslufélög hafa tekið lán til þess að bæta úr brýnustu þörfum í vegagerð og borgað stórar upphæðir í vexti, svo að sú viðbótarfjáröflun, sem frv. gerir ráð fyrir, þarf ekki í öllum tilvikum að vera aukin útgjöld sýsluvegasjóða.

Það er margt, sem veldur því, að hraða verður vegagerð sýsluvega. Flutningaþörf heimila er meiri nú en áður, bílar stærri og fleiri, umferð því meiri. Mjólkurtankar eru komnir á marga bæi og eru að koma nú sem víðast. Þetta leiðir til þess, að mjólkin verður sótt heim á bæina á stórum tankbílum, sem komast ekki að vetrinum, nema því aðeins að vegir séu vel gerðir og miklu betri en heimreiðarnar yfirleitt eru, þar sem þær voru miðaðar við allt önnur flutningatæki en nú þekkjast.

Fylgiskjal.

Þjóðvegir 1. janúar 1972.

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbrautir km	Þjóðbrautir km	Landsbrautir km	Þjóðvegir alls km
Suðurlandskjördæmi	10.2	83.4	227.3	1 213.7	1 534.6
Reykjaneskjördæmi	31.6	168.4	23.9	183.5	407.4
Vesturlandskjördæmi	7.3	113.1	382.2	914.2	1 416.8
Vestfjarðakjördæmi	14.0	5.1	479.5	794.0	1 292.6
Norðurlandskjördæmi vestra	8.3	5.1	351.0	762.0	1 121.3
Norðurlandskjördæmi eystra	12.3	26.4	540.0	679.0	1 257.7
Austurlandskjördæmi	15.1	2.3	661.9	802.2	1 481.5
Samtals	98.8	398.7	2 665.8	5 348.6	8 511.9

Hraðbrautir 1. janúar 1969 og 1972.

	Samkv. vegáætl. 1969—1972					Samkv. till. til þingsál. um vegáætl. 1972—1975				
	Ekki bílfært km	Ófullgert km	Fullgert km	Akfært km	Hraðbr. alls km	Ekki bílfært km	Ófullgert km	Fullgert km	Akfært km	Hraðbr. alls km
Suðurlandskjördæmi	–	68.9	–	68.9	68.9	–	66.6	16.8	83.4	83.4
Reykjaneskjördæmi	9.3	99.8	38.6	138.4	147.7	9.3	104.1	55.0	159.1	168.4
Vesturlandskjördæmi....	–	100.7	–	100.7	100.7	–	113.1	–	113.1	113.1
Vestfjarðakjördæmi	–	–	–	–	–	–	5.1	–	5.1	5.1
Norðurl.kjördæmi vestra.	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Norðurl.kjördæmi eystra.	–	14.8	–	14.8	14.8	–	26.4	–	26.4	26.4
Austurlandskjördæmi ...	–	2.3	–	2.3	2.3	–	2.3	–	2.3	2.3
Samtals	9.3	286.5	38.6	325.1	334.4	9.3	317.6	71.8	389.4	398.7

Þjóðbrautir 1. janúar 1972.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	12.0	215.3	227.3
Reykjaneskjördæmi		23.9	23.9
Vesturlandskjördæmi		382.2	382.2
Vestfjarðakjördæmi		479.5	479.5
Norðurlandskjördæmi vestra		351.0	351.0
Norðurlandskjördæmi eystra		540.0	540.0
Austurlandskjördæmi		661.9	661.9
Samtals	12.0	2 653.8	2 665.8

Landsbrautir 1. janúar 1972.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	54.4	1 159.3	1 213.7
Reykjaneskjördæmi	7.3	176.2	183.5
Vesturlandskjördæmi	48.9	865.3	914.2
Vestfjarðakjördæmi	62.4	731.6	794.0
Norðurlandskjördæmi vestra	65.1	696.9	762.0
Norðurlandskjördæmi eystra	8.5	670.5	679.0
Austurlandskjördæmi	40.5	761.7	802.2
Samtals	287.1	5 061.5	5 348.6

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1969 og 1972.

	1. janúar 1969			1. janúar 1972		
	Vegir með			Vegir með		
	malarslitlagi km	varanl. slitl. km	Vegir alls km	malarslitlagi km	varanl. slitl. km	Vegir alls km
Suðurlandskjördæmi	7.2	2.5	9.7	6.4	3.8	10.2
Reykjaneskjördæmi	14.8	16.3	31.1	8.2	23.4	31.6
Vesturlandskjördæmi	6.3	1.0	7.3	5.8	1.5	7.3
Vestfjarðakjördæmi	13.1	0.9	14.0	12.9	1.1	14.0
Norðurlandskjördæmi vestra	5.8	2.5	8.3	5.8	2.5	8.3
Norðurlandskjördæmi eystra	11.4	0.9	12.3	10.2	2.1	12.3
Austurlandskjördæmi	14.0	1.1	15.1	13.3	1.8	15.1
Samtals	72.6	25.2	97.8	62.6	36.2	98.8

Sýsluvegir 1. janúar 1972.

	Samkvæmt a—c lið 19. gr.				Skv. d—e lið 19. gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakfært km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
Vestur-Skaftafellssýsla		38.0	62.7	100.7	0.8	101.5	
Rangárvallasýsla		58.3	124.8	183.1	40.5	223.6	
Árnessýsla		23.1	171.3	194.4	19.0	213.4	
							538.5
Gullbringusýsla		1.6	17.5	19.1	4.1	23.2	
Kjósarsýsla		8.4	42.7	51.1	5.4	56.5	
							79.7
Borgarfjarðarsýsla		6.0	51.0	57.0	6.0	63.0	
Mýrasýsla	2.0	19.2	104.3	125.5	19.1	144.6	
Snæfellsness- og Hnappadalss.	1.6	22.1	87.3	111.0	39.1	150.1	
Dalasýsla	4.3	22.1	31.0	57.4	11.4	68.8	
							426.5
Austur-Barðastrandarsýsla		28.7	9.8	38.5	45.6	84.1	
Vestur-Barðastrandarsýsla		14.6	27.3	41.9	15.7	57.6	
Vestur-Ísafjarðarsýsla		47.7	9.5	57.2	47.4	104.6	
Norður-Ísafjarðarsýsla		8.3	34.5	42.8	26.5	69.3	
Strandasýsla		20.0	33.9	53.9	78.2	132.1	
							447.7
Vestur-Húnavatnssýsla	0.6	15.1	108.0	123.7	33.4	157.1	
Austur-Húnavatnssýsla	1.5	18.6	75.1	95.2	19.7	114.9	
Skagafjarðarsýsla	9.0	62.0	76.3	147.3	22.3	169.6	
							441.6
Eyjafjarðarsýsla		31.3	48.5	79.8	2.1	81.9	
Suður-Þingeyjarsýsla		72.6	79.1	151.7	7.0	158.7	
Norður-Þingeyjarsýsla	4.5	66.0	99.5	161.0	0.2	161.2	
							401.8
Norður-Múlasýsla	3.7	117.0	105.0	225.7	25.3	251.0	
Suður-Múlasýsla	0.4	61.0	66.6	128.0	25.3	153.3	
Austur-Skaftafellssýsla		22.0	35.4	57.4	22.7	80.1	
							484.4
Samtals	27.6	783.7	1 492.1	2 303.4	516.8		2 820.2

Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

	1. janúar 1969		1. janúar 1972	
Kjördæmi	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m
Suðurlandskjördæmi	7	10	7	9
Reykjaneskjördæmi	1	1	1	1
Vesturlandskjördæmi	7	3	1	1
Vestfjarðakjördæmi	19	6	3	5
Norðurlandskjördæmi vestra	3	5	2	4
Norðurlandskjördæmi eystra	2	1	2	1
Austurlandskjördæmi	20	10	15	8
Alls	59	36	31	29

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Óbrúðaðar ár á sýsluvegum.

Kjördæmi	1. janúar 1969		1. janúar 1972	
	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m
Suðurlandskjördæmi	4	2	1	1
Reykjaneskjördæmi	1	4	1	4
Vesturlandskjördæmi	6	6	5	4
Vestfjarðakjördæmi	31	9	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	4	5	2	5
Norðurlandskjördæmi eystra	3	1	2	1
Austurlandskjördæmi	23	13	20	11
Alls	72	40	43	28

Ed. 136. Frumvarp til laga [113. mál]

um skipulag ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

I. KAFLI
Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenzkt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslenzku atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Um Ferðamálastofnun Íslands.

3. gr.

Ferðamálastofnun Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands skal skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn.

Skulu þrír skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins, en tveir skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaráðs.

Varastjórn er skipuð á sama hátt.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og setur henni starfsreglur.

5. gr.

Ráðherra skipar ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, samkvæmt því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Ferðamálastjóri skal ekki vera í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, en situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Verkefni Ferðamálastofnunar Íslands eru:

I. **Skipulagning ferðamála:**

1) Áætlanagerð og heildarskipulagning.
2) Markaðskannanir.
3) Landkynningarstarfsemi, þ. á m. aðild að rekstri kynningarskrifstofa erlendis.
4) Fjárfestingaráætlanir og fjármögnun.
5) Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.

II. **Þjónustustarfsemi:**

1) Að efla og styrkja starfsemi ferðamálafélaga og aðstoða Ferðamálaráð við dagleg störf, undirbúning og framkvæmd árlegs Ferðamálaþings.
2) Að skipuleggja og sjá um námskeið fyrir leiðsögumenn samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er ráðherra setur.
3) Að veita almennar upplýsingar í sambandi við ferðir innanlands.
4) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir pantanir á gistihúsnæði í samráði við samtök gistihúsaeigenda.
5) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum í samráði við samtök veiðiréttareigenda.
6) Að veita aðstoð í sambandi við fjölþjóðaráðstefnur á Íslandi og vinna að því í samráði við flutningafyrirtæki og eigendur gistihúsa, að slíkar ráðstefnur séu haldnar.
7) Að vinna að því, að hópferðir fyrir almenning til öræfa landsins verði samræmdar og skipulagðar.

III. **Eftirlit og umhverfisvernd:**

1) Að stuðla að því, að umhverfi, fornminjar eða önnur náttúru- eða menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til. Skal stofnunin hafa náið samstarf við náttúruverndarráð og aðra þá aðila, sem um slík mál fjalla.
2) Að líta eftir, að uppfylltar séu nauðsynlegar hreinlætiskröfur, sér í lagi á stöðum utan alfaraleiða, sem fjölsóttir eru af ferðafólki.
3) Að stuðla að fegrun umhverfis og snyrtilegri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
4) Að kanna, eftir því sem ástæða er til, réttmæti kvartana, sem berast um það, sem ábótavant kann að þykja í starfi þeirra aðila, sem veita ferðafólki þjónustu.

IV. **Sölustarfsemi:**

1) Að annast skipulagningu orlofsferða og orlofsdvala með sem hagkvæmustum kjörum fyrir orlofsfólk með eigin ferðum eða í samvinnu við starfandi ferðaskrifstofur. Skal stofnunin í þessu skyni leita samvinnu við stéttasamtök og önnur almannasamtök.
2) Að hafa með höndum fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, sem almenn ferðaskrifstofa.
3) Að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um kann að semjast við forráðaaðila skólanna.

V. **Önnur verkefni:**

Að inna af hendi annað það, sem stofnuninni er falið með lögum þessum eða á annan hátt.

III. KAFLI
Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.

7. gr.

Ferðamálafélög eru samtök einstaklinga, sveitarfélaga og annarra aðila, sem hafa það markmið að vinna að bættri aðstöðu fyrir ferðafólk á félagssvæðinu.

Ferðamálafélög skulu leitast við að hafa sem nánasta samvinnu við sveitarstjórnir og náttúruverndarnefndir um framkvæmd þeirra mála, sem félögin vinna að.

8. gr.

Ferðamálaþing skal halda í septembermánuði ár hvert. Ráðherra ákveður með reglugerð, hvaða aðilar, samtök og stofnanir, er hafa hagsmuna að gæta, hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið, svo og hverjir hafa rétt til að sitja þingið án atkvæðisréttar.

Í reglugerðinni skal kveðið á um aðild ferðamálafélaga að Ferðamálaþingi og hámarkstölu fulltrúa ferðamálafélaga úr hverju kjördæmi.

Hlutverk Ferðamálaþings er að fjalla um ferðamál og þróun þeirra og gera tillögur um þau, miðað við heildarstefnu laga þessara.

9. gr.

Ferðamálaþing kýs, til eins árs í senn, sjö manna Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Þingið kýs formann og varaformann Ferðamálaráðs úr hópi aðalmanna í ráðinu.

Hlutverk Ferðamálaráðs skal vera að fylgja eftir ályktunum Ferðamálaþings, ræða ný viðhorf í ferðamálum og bera fram tillögur um þær aðgerðir, sem það telur nauðsynlegar, vera ríkisstjórn og Ferðamálastofnun Íslands ráðgefandi í ferðamálum og inna af höndum annað það, sem því er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

10. gr.

Ferðamálaráð boðar til Ferðamálaþings, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið fundarstjóra.

IV. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

11. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar, í einhverri mynd, um innlend eða erlend ferðamál.
b. Hvers konar farmiðasölu með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um, hvort starfsemi telst falla undir a.—d.-lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

12. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 11. gr. svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

13. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálráðs um allar slíkar umsóknir.

14. gr.

Skilyrði til að geta öðlazt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. 25 ára aldur.
b. Verzlunarskólapróf eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfin skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilandaferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrifstofu samkvæmt þessari grein.

d. Fjárræði og forræði á búi sínu.
e. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a.—e.-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

15. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 3.0 millj. kr. Ráðuneytið getur ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins, svo og sérstaka hækkun hjá einstökum ferðaskrifstofum, ef rekstur þeirra gefur tilefni til.

Ráðuneytið setur nánari reglur um á hvern hátt trygging samkvæmt 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveizlu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

16. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkvæmt 15. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

17. gr.

Ferðaskrifstofur, sem öðlast leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu árlega, eigi síðar en 1. maí, senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skylt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðamálastofnunar Íslands.

Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

19. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 15. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfið fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 15. gr. nemur eða ef slík vanskil eru fyrirsjáanleg. Einnig getur ráðuneytið afturkallað leyfið, ef skuldir eru hærri en eignir, að viðbættu tryggingarfé, en að frádregnu firmavirði, svo og ef ársreikningi ekki er skilað samkv. 17. gr.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

20. gr.

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 19. gr.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

21. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenzkra ferðamála með lán- og styrkveitingum.

22. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenzkra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita Ferðamálastofnun Íslands framlag til að koma upp eða endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan alfaraleiða, svo og til annarrar umhverfisverndar, sem nauðsynleg er vegna ferðamanna, samanber 6. gr. III. lið þessara laga. Styrkveitingar mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en 10% af árlegum tekjum sjóðsins samkvæmt 23. gr.

23. gr.

Tekjur ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 10 millj. kr.
2. Hluti tekna af aðgöngumiðagjaldi að vínveitingahúsum samkvæmt lögum.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

24. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 200 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

25. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

26. gr.

Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði eða framlag til Ferðamálastofnunar Íslands, samkvæmt 22. gr. laga þessara, skulu sendar samgönguráðuneytinu.

Umsóknunum skulu fylgja þær upplýsingar, sem máli skipta og ráðuneytið kann að óska eftir.

Ráðherra skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að fjalla um málefni Ferðamálasjóðs. Skulu þeir gera rökstuddar tillögur um lán eða framlög úr sjóðnum. Ferðamálaráð tilnefnir tvo fulltrúanna.

Ráðherra ræður útlánum og styrkjum af fé Ferðamálasjóðs.

27. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅕ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

28. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

29. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

30. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

31. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálaráðs, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma.

33. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráðs þess, er starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969.

Á sama hátt kemur Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðamálaráð samkvæmt lögum nr. 4/1969 skal boða til Ferðamálaþings eigi síðar en 30. september 1974. Þar til nýtt Ferðamálaráð er kosið, fer eldra Ferðamálaráð með þau mál, sem undir Ferðamálaráð eru lögð samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi að tilhlutan ríkisstjórnarinnar, en varð þá ekki útrætt.

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju óbreytt að öðru leyti en því, að gildistökuákvæði í 34. gr. er breytt, svo og ákvæði til bráðabirgða II. um boðun til Ferðamálaþings.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir og fylgiskjöl, er það var lagt fyrir síðasta Alþingi:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði 2. febrúar 1972 til að endurskoða gildandi lög um ferðamál nr. 4/1969, með sérstöku tilliti til endurskipulagningar á uppbyggingu og starfsemi Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Heimir Hannesson, lögfræðingur og Lúðvík Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri. Starfsmaður nefndarinnar var Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, sem sat alla fundi nefndarinnar og tók virkan þátt í störfum hennar.

Frumvarpið er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar. Hún lét eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl fylgja tillögum sínum:

„Það er tilgangur frumvarps þessa að koma á skipulegri vinnubrögðum en áður í ferðamálum Íslendinga, bæði vegna ferðalaga landsmanna sjálfra og útlendinga, sem til landsins koma, svo og að auka hlutdeild Íslendinga í alþjóðlegum ferðamálum, að því marki, sem þjóðhagsleg hagkvæmni og umhverfisverndarsjónarmið leyfa.

Af margvíslegum orsökum hafa ferðalög aukizt mjög ört síðustu áratugina og eru enn í örum vexti. Batnandi lífskjör og aukinn frítími almennings víða um heim hafa gert fleira fólki fært að ferðast meira og lengra en áður þekktist. Skipulagning ferðamála, sérfargjöld og hópdvalir hafa gert almenningi fjárhagslega kleift að njóta ferðalaga, sem fyrr voru aðeins á færi hinna efnuðustu. Aukinni verslun, þekkingu á högum annarra þjóða og náinni fjölþjóðlegri samvinnu hefur fylgt mjög aukin þörf á ferðalögum landa á milli, í viðskipta-, embættis- og stjórnmálaerindum.

Öll þessi aukning byggist þó á þeirri byltingu, sem orðið hefur síðasta aldarfjórðunginn í flutningamálum, fyrst og fremst með tilkomu reglubundinna, tíðra og öruggra flugsamgangna um allan heim, en einnig með bættum samgöngum á landi og sjó.

Hér hefur skapast markaður með fjármagni, sem skiptir geysilegum fjárhæðum. Nefna má sem dæmi, að samkv. opinberum skýrslum notuðu bandarískir ferðamenn erlendis 2.335 millj. dollara árið 1971 eða tæplega 190 milljarða ísl. kr., þar af 1.373 millj. dollara í Evrópu eða liðlega 120 milljarða ísl. kr.

Sé litið á ferðaþjónustu sem útflutning hefur árleg aukning í heiminum undanfarna tvo áratugi orðið að meðaltali 12%, en á sama tímabili hefur annar útflutningur aukist um 7.7% að meðaltali árlega. Það er því orðinn þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi margra þjóða að fullnægja hinni sívaxandi eftirspurn eftir ferðamannaþjónustu og keppikefli þeirra að eiga þar sem stærstan hlut.

Aukinn straumur erlendra ferðamanna til hvaða lands sem er hefur fjölþætt áhrif. Ber þá fyrst að nefna hina beinu viðskiptahagsmuni, þ. e. auknar tekjur flugfélaga, skipafélaga, gisti- og veitingastaða, svo og bætta gjaldeyrisstöðu almennt. Hins vegar hefur ferðamannastraumurinn örvandi áhrif langt út fyrir það á óbeinan hátt á framleiðendur alls þess, sem ferðamaðurinn þarfnast, meðan hann dvelur í landinu. Þannig má nefna framleiðendur hvers konar matvæla, framleiðendur og seljendur minjagripa og fatnaðar, svo og leigubifreiðastjóra, sérleyfis- og hópferðabifreiðastjóra, rakara og snyrtistofur, eigendur veiðiréttar og þannig mætti lengi telja. Mætti geta þess hér til frekari skýringar, að samkvæmt bandarískum rannsóknum eru margfeldisáhrif hvers dollara, sem ferðamaðurinn eyðir, sjöföld í efnahagskerfinu.

Loks má ekki gleyma því atriði, sem ef til vill er þyngst á metunum frá sjónarhóli Íslendinga, að erlent ferðafólk, sem fer um Ísland, með eða án dvalar, gerir Íslendingum kleift að halda uppi betra og fullkomnara samgöngukerfi við umheiminn en nokkur kostur væri á, ef einungis væri um íslenzkan heimamarkað að ræða.

Nú skal því ekki neitað, að miklum straumi erlendra ferðamanna getur fylgt ýmislegt miður æskilegt og jafnvel varasamt, einkum fyrir fámenna þjóð.

Þó er málið þannig vaxið, að sýnu hættulegra er að opna allar gáttir fyrir óskipulögðum ferðamannastraumi eftirlitslaust, en að vinna skipulega að hæfilegri þróun og aukningu á hlutdeild Íslands í hinum mikla alþjóðlega ferðaþjónustumarkaði, því að naumast aðhyllast margir þá skoðun að loka eigi Íslandi fyrir útlendingum með einhvers konar Kínamúr af ótta við mengun og menningarspjöll.

Frumvarp þetta hvílir á þeirri meginskoðun, að Íslendingar eigi að vera stoltir af að sýna erlendu ferðafólki náttúruundur landsins og leyfa því að njóta töfra íslenskrar náttúru, að því marki sem eðlileg umhverfisvernd setur.

Hafa verður í huga að íslenskt atvinnulíf er mjög einhæft og ólíklegt, að hinir hefðbundnu atvinnuvegir geti til frambúðar tekið við öllum hinum mikla fjölda fólks, sem árlega bætist við á íslenskum vinnumarkaði. Hins vegar er tækifæri fyrir verulegan hóp fólks til að finna margs konar störf í ferðamannaþjónustu, ef að henni er hlúð.

Eins og áður er að vikið, eru ferðamálin orðin þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi margra þjóða. Hér á landi hafa þessir möguleikar alls ekki verið nýttir til fullnustu enn, og enda þótt stefnt hafi í rétta átt undanfarin ár virðist mikið skorta á, að menn átti sig nægilega á því, að hér er um atvinnuveg að ræða, sem á rétt á stuðningi ríkisvaldisins til jafns við aðra eldri atvinnuvegi landsmanna.

Á árinu 1971 komu hingað tæplega 61.000 ferðamenn (farþegar skemmtiferðaskipa ekki taldir með), og var aukningin frá árinu 1970 14.8%. Fram til loka október 1972 nam tala erlendra ferðamanna, sem hingað komu á sama hátt 63 802, sem er 13.4% aukning, miðað við fyrstu 10 mánuði ársins 1971. Meðalaukningin síðustu árin, hefur verið um 15% árlega. Beinar og óbeinar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu námu árið 1971 alls 1 223 millj. kr., sem 9.3% af heildarútflutningsverðmæti Íslendinga, sem nam það ár tæplega 13 200 millj. kr. Í fskj. III. er að finna frekari upplýsingar um gjaldeyristekjur af ferðamönnum. Ferðamálin eru þannig nú þegar orðin verulegur þáttur í efnahagslífi okkar, og ber því að veita þeim viðurkenningu og stuðning, sem einum af atvinnuvegum Íslendinga.

Það er ríkisvaldsins að sjá svo um, að atvinnugreinum sé ekki mismunað innbyrðis og að fjárfestingarsjóðir þeirra verði ekki undir í kapphlaupinu við einkaneyslu, heldur sé þannig að þeim búið, að nægileg uppbygging geti orðið innan atvinnugreinanna. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, í skýringum í kafla þeim, sem fjallar um Ferðamálasjóð, hefur opinber stuðningur við þennan unga atvinnuveg ekki verið fullnægjandi til að skapa honum viðunandi vaxtarskilyrði.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að aðskilja og skilgreina betur en nú er annars vegar hlutverk hinnar opinberu hliðar á stjórn ferðamálanna og hins vegar hlutverk og stöðu samtaka þeirra aðila, sem ferðamálin snerta á margvíslegan hátt, án þess að þeir séu beinlínis hluti af þeim þætti stjórnkerfis ríkisins, sem ferðamálin lúta.

Með lögum nr. 29/1964 var komið nýrri og fastari skipun á íslensk ferðamál en áður hafði verið, en fram að þeim tíma hafði Ferðaskrifstofa ríkisins einkarétt á almennri ferðaskrifstofustarfsemi, enda þótt ekki hefði þá um skeið verið haldið fast á þeim einkarétti. Með lögum nr. 29/1964 var almennur ferðaskrifstofurekstur leyfður með tilteknum skilyrðum. Þessi stefnubreyting var skýrð þannig í athugasemdum við frumvarpið:

„Í þriðja kafla frv. er skilgreint, hvert vera skuli hlutverk Ferðaskrifstofu ríkisins. Um hana hafa gilt lög nr. 33, 1. febrúar 1936, en þeim var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 20 12. marz 1947. Samkvæmt lögunum frá 1936 hafði Ferðaskrifstofan ein rétt til þess að hafa með höndum móttöku erlendra ferðamanna, en heimilt var þá ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður höfðu starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi.

Meginrökin fyrir einkarétti til handa Ferðaskrifstofunni voru þau, að ella væri hætta á óeðlilegri samkeppni um viðskipti við erlenda ferðamenn, sem meðal annars gæti komið fram í því, að þeim yrði veitt lakari þjónusta en efni stæðu til, að tiltölulega fáir menn hefðu reynslu af þeim störfum, sem unnin eru á almennum ferðaskrifstofum og að ferðamannastraumur erlendra manna til landsins væri enn eigi svo mikill að til skipta væri fyrir margar ferðskrifstofur. Að því er varðar tvennt hið síðartalda, hefur mikil breyting orðið á síðustu árum. Upp hafa risið ferðaskrifstofur, sem skipulagt hafa fjölmargar ferðir til útlanda, og starfsmenn þeirra öðlast nokkra reynslu. Ferðamannastraumurinn vex hröðum skrefum og gistimöguleikar hafa aukist verulega, bæði með byggingu nýrra hótela og með því að gerð hafa verið veruleg átök til nýtingar skólahúsnæðis. Að öllu þessu athuguðu er talið tímabært, að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði afnuminn, en jafnframt gerðar strangar kröfur til hæfni forstöðumanna almennra ferðaskrifstofa og þess freistað að tryggja hagsmuni hinna fjölmörgu viðskiptamanna slíkra ferðaskrifstofa, með skyldu til setningar tryggingarfjár. Eru allir þeir aðilar, sem lagt hafa hönd á plóg um samningu frumvarps þessa sammála því meginefni þessa frumvarps, sem hér um ræðir. Mun það og mála sannast, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi eigi haldið fast á þessum einkarétti sínum hin síðari ár".

Síðan lög nr. 29/1964 tóku gildi hefur Ferðaskrifstofa ríkisins haldið áfram starfsemi sinni líkt og fyrir gildistöku laganna og annast ýmis verkefni almenns eðlis, þar á meðal landkynningu.

Í frumvarpi að lögum nr. 29/1964 var lagt til, að tryggingarfé ferðaskrifstofa væri 200 þús. kr., en Alþingi taldi það of lágt og hækkaði í 350 þús. kr. Kom í ljós þegar árið 1968, að uggur Alþingis var ekki ástæðulaus, en það ár urðu tvær íslenskar ferðaskrifstofur gjaldþrota, og hafði það mjög slæm áhrif erlendis á íslensk ferðamál og rýrði traust á íslenzkum ferðaskrifstofum erlendis. Það var því horfið að því þegar á næsta Alþingi, haustið 1968, að hækka tryggingarféð verulega eða í 1.5 millj. kr. og jafnframt auka möguleika á eftirliti með fjárhag ferðaskrifstofa.

Hér er lagt til, að tryggingarféð verði hækkað nokkuð og möguleikar samgönguráðuneytisins til að stöðva rekstur ferðaskrifstofa verði rýmkaðir. Opinber afskipti af þessari starfsgrein umfram aðrar eru fyrst og fremst byggð á eðli starf-

seminnar, en að því er vikið í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 29/1964 með eftirfarandi orðum:

„Rekstur ferðaskrifstofa er að því leyti frábrugðinn flestri annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir þar oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á það þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlast og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótelum og greiðasölustöðum liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rektursfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til þess að hefja rekstur ferðaskrifstofa í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum".

Samkvæmt gildandi lögum um ferðamál er starfandi níu manna Ferðamálaráð annars vegar og Ferðaskrifstofa ríkisins hins vegar, en mörk milli þessara tveggja aðila eru að ýmsu leyti óljós.

Lagt er til að árlegt Ferðamálaþing komi í stað ferðamálaráðstefna þeirra, sem haldnar hafa verið árlega frá því Ferðamálaráð var stofnað 1964, en ákveðið verður með reglugerð, hverjir hafa þar rétt til setu. Í fskj. VII eru tillögur nefndarinnar um aðila, sem nefndin telur að eiga ættu sæti á Ferðamálaþingi með fullum réttindum, en tekið skal fram, að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Að sjálfsögðu er erfitt eðli málsins vegna að sjá fyrir, hverjir eðlilegt er að sitji Ferðamálaþing. Þar geta ávallt bæst nýir aðilar við og aðrir horfið af sviðinu. Því er talið rétt, að ákvæði um þetta efni séu fremur í reglugerð en lögum. Líklegt er þó, að á Ferðamálaþingi ættu sæti eigi færri en um 60 atkvæðisbærir fulltrúar auk áheyrnarfulltrúa.

Lagt er til, að Ferðamálaþing kjósi sjö manna Ferðamálaráð, sem er sá hluti hagsmunasamtakanna, sem hefur beint samband við stjórnkerfi ríkisins. Í þessu felst engan veginn vantraust á núverandi Ferðamálaráð, sem ólaunað hefur unnið ágætt starf um margra ára skeið, og með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er síður en svo ástæða til að ætla, að ráðið verði verkefnalítið. Lagt er til, að Ferðamálaráð kjósi tvo af fimm mönnum í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands og tvo af þremur í Ferðamálasjóðsnefnd, auk þess sem ráðið á að fylgja eftir ályktunum og áhugamálum Ferðamálaþinga.

Samkvæmt frumvarpinu eru Ferðamálaþing og Ferðamálaráð tengiliður milli þeirra fjölmörgu aðila, stofnana og samtaka, sem ferðamálaþjónustuna varðar á einhvern hátt, og þess hluta af stjórnkerfi ríkisins, sem þessi starfsemi lýtur. Lagt er til, að slík yfirstjórn verði áfram hjá samgönguráðuneytinu, en framkvæmd verði falin stofnun, Ferðamálastofnun Íslands, sem kemur í stað Ferðaskrifstofu ríkisins og núverandi skrifstofu Ferðamálaráðs.

Ferðamálaráð fær aðild að stjórn stofnunarinnar, enda þótt opinberir aðilar skipi meiri hluta stjórnarinnar. Rétt er að leggja áherslu á, að með þessu er ekki stefnt að aukningu á starfsmannahaldi.

Í fskj. I er skipurit, þar sem sýnt er skipulag ferðamála samkv. frv. þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Rétt hefur þótt að skipa efni frv. í eftirgreinda kafla:

I. kafli. — Tilgangur og yfirstjórn.
II. kafli. — Um Ferðamálastofnun Íslands.
III. kafli. — Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.
IV. kafli. — Almennar ferðaskrifstofur.
V. kafli. — Ferðamálasjóður.
VI. kafli. — Ýmis ákvæði.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða I og II.

I. KAFLI
Um tilgang og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Í gr. er almennt lýst tilgangi frumvarpsins og tekið fram, að við þróun og skipulagningu ferðamála skuli bæði hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að eins og áður fari samgönguráðuneytið með yfirstjórn ferðamála.

II. KAFLI
Um Ferðamálastofnun Íslands.

Um 3. gr.

Eins og komið hefur fram í hinni almennu greinargerð hér á undan, er gert ráð fyrir því, að sérstök stofnun, Ferðamálastofnun Íslands, fari með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins. Stofnunin verður til við sameiningu Ferðaskrifstofu ríkisins og starfsliðs Ferðamálaráðs þess, sem nú starfar. Verkaskipting milli þessara tveggja aðila hefur ekki verið nægilega skýr, og er hér reynt að bæta úr því, svo og stuðla að aukinni hagkvæmni í störfum með þessari sameiningu. Auk þeirra verkefna, sem þessum tveimur stofnunum eru nú falin með gildandi lögum um ferðamál, er gert ráð fyrir ýmsum nýjum verkefnum, sem rakin verða nánar hér á eftir, sbr. aths. við 6. gr. frv. Rétt er að leggja áherslu á, að þrátt fyrir aukin verkefni er ekki að sinni gert ráð fyrir auknu starfsmannahaldi, frá því sem nú er við Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráð, nema eftir því sem ný sérverkefni kunna að gefa tilefni til síðar.

Um 4. gr.

Lagt er til, að Ferðamálastofnun Íslands verði sett sérstök stjórn, sem í skulu vera 5 menn. Skulu 3 þeirra skipaðir af samgönguráðherra, og er gert ráð fyrir því, að einn þeirra sé úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins. Tilgangurinn er að tryggja sem nánast samband og samstarf milli ráðuneytis og stofnunar. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaráðs, en um skipun þess er rætt í aths. við 9. gr. frv.

Um 5. gr.

Í embætti ferðamálastjóra eru samkvæmt greininni sameinuð núverandi störf forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins og framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, auk nýrra verkefna. Rétt þykir að taka fram í lögum, að ferðamálastjóri geti ekki átt sæti í stjórn Ferðamálastofnunarinnar, en almennt er talið stjórnunarlega rangt, að forstöðumenn stofnana eigi jafnframt sæti í stjórnum þeirra. Hins vegar er nauðsynlegt, að ferðamálastjóri sitji stjórnarfundi og þá með málfrelsi og tillögurétti.

Um 6. gr.

Í þessari grein er leitast við að skilgreina sem best verkefni Ferðamálastofnunar Íslands. En verkefnunum er skipt í eftirtalda 5 flokka:

I. Skipulagning ferðamála.
II. Þjónustustarfsemi.
III. Eftirlit og umhverfisvernd.
IV. Sölustarfsemi.
V. Önnur verkefni.

Þessir aðalflokkar eru síðan skilgreindir nánar.

Í aðalatriðum er hægt að segja, að verkefnum þeim, sem Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráði eru falin með gildandi lögum, er haldið í þessari upptalningu, en auk þess koma ýmis ný verkefni til, auk verkefna, sem leiðir beint af nýjum ákvæðum í frv. þessu. Skulu verkefnin skýrð hér frekar:

I. **Skipulagning ferðamála.** Auk landkynningarstarfsemi og þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál, sem nú er meðal verkefna bæði Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráðs, er hér gert ráð fyrir skipulagningu íslenzkra ferðamála til langs tíma, meðal annars með áætlunargerð, markaðskönnun og fjárfestingaráætlunum. Landkynningarstarfsemin er að sjálfsögðu nátengd þessum þáttum. Fyrstu skrefin í skipulagningu þessara mála með langtímasjónarmið í huga hafa þegar verið stigin, og hafa Sameinuðu þjóðirnar veitt til þess fjárstyrk. Bandarískt fyrirtæki vinnur nú að gerð áætlunar um ýmis viðfangsefni, sem til þess væru fallin að lengja ferðamannatímabilið vor og haust. Skýrsla um þessar athuganir er væntanleg í mars 1973. Um þetta mikilsverða mál er fjallað frekar í fskj. VIII.

II. **Þjónustustarfsemi.** Af nýjum verkefnum samkvæmt þessum lið má nefna, að frv. gerir ráð fyrir, að Ferðamálastofnunin efli og styrki starfsemi ferðamálafélaga og aðstoði hið nýja Ferðamálaráð. Ekki er þó kveðið nákvæmlega á um það, á hvern hátt stofnunin styrki ferðamálafélögin eða aðstoði Ferðamálaráð. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða fjárhagslegan stuðning, og verður að gera ráð fyrir að Ferðamálastofnuninni verði árlega ætlað nokkurt fé til að styrkja starfsemi ferðamálafélaga og taka þátt í kostnaði við Ferðamálaþing.

Ferðamálaþing og Ferðamálaráð eru tengiliðir milli hinnar opinberu yfirstjórnar ferðamálanna og hinna fjölmörgu aðila í þjóðfélaginu, sem ferðamálin snerta ýmist sem neytendur, framleiðendur og þjónustuaðilar eða fulltrúar samtaka og starfsemi, sem tengd er ferðamálunum óbeint og á þar hagsmuna að gæta.

Þar sem gott og greitt samband milli yfirstjórnar ferðamálanna og þeirra aðila, sem skipa Ferðamálaþing og — ráð er fyrir sendra hagstæðrar þróunar í þessum málum, er sjálfsagt að tryggja fjárhagslegan grundvöll þessara samtaka. Svipað er um ferðamálafélögin að segja. Bæði þau, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð eru ómissandi leiðarvísir fyrir yfirstjórn ferðamálanna, enda er þeim í frv. þessu ætlað tækifæri til beinnar þátttöku í yfirstjórninni í miklu ríkari mæli en nú er. Fjárstuðningur við þessi samtök verður því að vera á þann hátt, að þau verði ekki of háð Ferðamálastofnuninni og glati ekki því skoðanalega sjálfstæði, sem á að vera styrkur þeirra og höfuðkostur.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að Ferðamálastofnunin vinni að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir pantanir á gistihúsnæði og hafi um það samráð við samtök gistihúsaeigenda. Slíkar miðstöðvar eru algengar erlendis og til mikils hagræðis, bæði fyrir gistihúsaeigendur og ferðafólk. Einnig er Ferðamálastofnuninni falið að vinna að því að starfrækja miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum, og skal stofnunin hafa um það samráð við samtök veiðiréttareigenda. Hingað til hefur vantað heildarskipulagningu á þessum málum, að því leyti sem að ferðafólki snýr. Þá er og gert ráð fyrir að Ferðamálastofnunin veiti aðstoð í sambandi við ráðstefnuhald á Íslandi og vinni að fjölgun slíkra ráðstefna.

Síðast nefndir þrír liðir eru raunar sérstaklega til athugunar, bæði ástand mála nú og hugsanleg þróun þeirra, hjá fyrirtæki því, sem nú vinnur að áætlanagerð um ferðamál á Íslandi, sbr. fskj. VIII.

Loks er í þessum lið gert ráð fyrir, að Ferðamálastofnunin vinni að því að samræma og skipuleggja hópferðir fyrir almenning um öræfi landsins. Eins og nú er, eru þessar hópferðir í höndum ýmissa aðila, og er lítið sem ekkert samstarf milli þeirra innbyrðis um dreifingu ferðanna. Er því ekki óalgengt, að margir hópar séu á ferð samdægurs um sömu slóðir og gisti á sömu áningarstöðum, en aðra daga er enginn hópur á ferð. Bæði frá náttúruverndarsjónarmiði og almennu ferðamanna-

sjónarmiði er nauðsynlegt að á þessu verði breyting og heildarskipulag þessara ferða verði í höndum eins aðila, ekki síst þar sem ör fjölgun ferðafólks verður ár frá ári einmitt í þessum ferðum.

III. Eftirlit og umhverfisvernd. Í gildandi lögum um ferðamál eru engin ákvæði um þau verkefni, sem talin eru í þessum lið. Þessi verkefni eru umhverfis- og náttúruvernd, vernd fornminja og annarra menningarverðmæta, svo og nauðsynlegar hreinlætiskröfur. Á síðustu árum hafa augu heimsins opnast fyrir þeim geigvænlega vanda, sem ógætileg skipti mannanna við náttúruna hafa stofnað til. Hvarvetna er rætt um nauðsyn breyttrar stefnu. Það er, eins og í 1. gr. frv. segir, stefna þessa frv., að ferðamannaþjónustan verði skipulögð í fullu samræmi við raunsæ umhverfisverndarsjónarmið.

Loks er gert ráð fyrir, að Ferðamálastofnunin kanni kvartanir, sem berast kunna um ófullnægjandi þjónustu þeirra aðila, sem veita ferðafólki fyrirgreiðslu, en svokallaðar kvartananefndir hafa t. d. verið settar á stofn á Norðurlöndum til að fjalla um slík mál, og starfa þær ekki síst fyrir tilverknað ferðaskrifstofanna sjálfra eða heildarsamtaka þeirra.

IV. Sölustarfsemi. Þau verkefni, sem getið er um í þessum lið, eru í verkahring Ferðaskrifstofu ríkisins samkvæmt gildandi lögum, en orðalag frv. er þó nokkuð breytt frá þeim. Að sjálfsögðu orkar tvímælis, hvort rétt sé, að hin nýja stofnun haldi áfram þeim almenna ferðaskrifstofurekstri, sem Ferðaskrifstofa ríkisins nú heldur uppi. Hér er þó ekki lagt til, að breytt verði um stefnu, enda ljóst, að þessi starfsemi leggur að verulegu leyti grundvöll að fjárhag stofnunarinnar.

V. Önnur verkefni. Rétt þykir að gera ráð fyrir, að Ferðamálastofnuninni megi fela önnur verkefni en talin eru upp í I.—IV. lið 6. gr.

III. KAFLI

Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.

Um 7. gr.

Síðan gildandi lög um ferðamál voru samin, hafa allvíða risið upp sérstök ferðamálafélög, sem eru samtök einstaklinga, sveitarfélaga og annarra aðila, sem vinna að bættri aðstöðu fyrir ferðafólk á svæði því, sem undir hvert félag heyrir, svo og að kynningu svæðisins sem ferðamannasvæðis. Af þessum félögum eru þó tvö stofnuð fyrir allmörgum árum, en það eru félögin í Reykjavík og á Akureyri. Fyrirsjáanlegt er, að ferðamálafélögum á eftir að fjölga allmjög á næstu árum, enda er starfsemi þeirra til mikils gagns fyrir ferðamál.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að árlega séu haldnar ráðstefnur um ferðamál, er nefndar eru Ferðamálaþing. Koma þau í stað ferðamálaráðstefna þeirra, sem haldin hafa verið á ári hverju undanfarin ár á vegum Ferðamálaráðs. Af ferðamálaráðstefnunum hefur fengist allmikil reynsla um það, hvernig Ferðamálaþing ætti að vera skipulagt, og er stuðst við hana hér. Í greininni segir, að í reglugerð skuli ákveðið hvaða aðilar, samtök og stofnanir skuli hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið. Rétt þykir, að um þetta gildi reglugerðarákvæði en ekki lagaákvæði, meðal annars þar sem nýir aðilar geta bæst við, sem erindi eiga á þingið, og aðrir fallið út, og er þá eðlilegra, að um þátttökurétt sé fjallað í reglugerð fremur en í lögum. Í fskj. VII hér á eftir eru þeir aðilar taldir upp, sem rétt þykir, að hafi rétt til fundarsetu og atkvæðagreiðslu á Ferðamálaþingi. Þó er rétt að leggja áherslu á, að upptalningin er ekki tæmandi.

Einnig er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði á einhvern hátt takmörkuð tala fulltrúa ferðamálafélaganna, þannig að einstakir landshlutar fái ekki óeðlilega mikil áhrif á þinginu.

Loks er gert ráð fyrir, að í reglugerðinni verði taldir þeir aðilar, sem rétt eiga á þingsetu án atkvæðisréttar. Á þetta m. a. við um ferðamálastjóra, sem að sjálfsögðu verður að sitja Ferðamálaþing og gefa upplýsingar um störf og fyrirætlanir Ferðamálastofnunarinnar.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að Ferðamálaþing kjósi til eins árs í senn sjö fulltrúa til setu í Ferðamálaráði og jafnmarga til vara. Er þetta veruleg breyting á skipun Ferðamálaráðs, frá því sem nú er, en ráðið er skipað samkvæmt tilnefningu 8 aðila, sem taldir eru upp í lögunum, en formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar af ráðherra.

Gert er ráð fyrir, að formaður og varaformaður ráðsins séu kosnir af Ferðamálaþingi úr hópi aðalmanna í ráðinu. Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk Ferðamálaráðs að nokkru leyti svipað og hlutverk ráðsins er samkvæmt gildandi lögum, en þó yrði Ferðamálaráð ekki beint ráðgefandi fyrir yfirstjórn ferðamálanna, eins og nú er, heldur myndi skoðana þess og áhrifa gæta fyrir atbeina fulltrúa þeirra, sem lagt er til að ráðið eigi í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, sbr. 4. gr.

Ferðamálaráð það, sem nú starfar, hefur unnið þarft verk og stuðlað mjög að réttri þróun ferðamála hér á landi síðustu árin. Þó verður að telja, að skipun þess sé of einhliða bundin við tiltölulega lítinn hluta þeirra stétta, sem hlut eiga að máli, og neytendur eiga engan fulltrúa í ráðinu. Það er því nauðsynlegt annað hvort að fjölga mikið í ráðinu, eða fara þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

IV. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum um ferðamál nr. 4/1969, 1. gr., að öðru leyti en því, að í d-lið er skotið inn orðunum „og sala.“ Í skýringum við frumvarp til núgildandi laga var eftirfarandi tekið fram um 1. gr.:

„Hér er hugtakið ferðaskrifstofa skilgreint á sama hátt og í þeirri fyrirmynd OEEC að löggjöf um ferðaskrifstofur, er áður getur, að því viðbættu, sem segir í síðustu málsgrein varðandi úrskurð í vafatilfellum. Þess má geta, að t. d. Norðmenn fylgja þessari fyrirmynd allnákvæmlega. Ætti þar með að vera allvel fyrir því séð, að einkaaðilar, sem hyggjast gera fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn að atvinnu sinni, þyrftu ekki að vera í vafa um í hverju starfsemin ætti að vera fólgin til þess að hún fengist viðurkennd sem ferðaskrifstofurekstur.

Sú þjónusta, sem um ræðir í liðum a—d, verður að vera innt af hendi í atvinnuskyni til þess að teljast veitt af ferðaskrifstofu. Orðin „ að einhverju eða öllu leyti“ lúta að því, að starfsemin geti talist vera innt af hendi af ferðaskrifstofu, þótt hún nái aðeins til hluta af því, sem talið er í greininni.“

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að bætt er í greinina ákvæði um, að óheimilt sé að stunda störf þau, sem greind eru í 11. gr., nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins, en það er hvergi beinlínis tekið fram í gildandi lögum, þótt þau hafi ætíð verið túlkuð á þann veg.

Um 13. gr.

Greinin er hliðstæð og 3. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að auk Ferðamálaráðs er hér gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar Ferðamálastofnunar Íslands um umsóknir.

Um 14. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga, en rétt þykir að taka hér upp skýringar við hana í frumvarpinu til þeirra:

„Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er fyrst og fremst bundin við persónu. Kemur hér til, að sú tegund þjónustu, sem veitt er á ferðaskrifstofum, verður eigi innt af hendi svo vel sé, nema forstöðumaður, sem væntanlega er þá leyfishafi, hafi til að bera staðgóða þekkingu á ferðamálum, enda er svo til ætlazt, að hann hafi með höndum daglega stjórn. Í e- lið er svo fyrir mælt, að leyfishafi verði að hafa alllanga starfsreynslu. Í fyrirmynd OEEC er þó kveðið allmiklu fastar að orði, en þar er til þess ætlazt, að viðkomandi hafi hlotið alhliða þjálfun og reynslu í öllum þeim störfum, sem fyrir koma í rekstri ferðaskrifstofu.

Þrátt fyrir þetta þykir þó sjálfsagt að halda opnum þeim möguleika, að veita félagi eða fyrirtæki heimild til reksturs ferðaskrifstofu enda sé dagleg stjórn í höndum manns, sem uppfyllir skilyrði. . ."

Um 15. gr.

Er frumvarp til gildandi laga um ferðamál var lagt fyrir Alþingi, var gert ráð fyrir, að trygging sú, sem sett væri fyrir ferðaskrifstofurekstri, yrði 200 þús. kr., en Alþingi hækkaði tryggingarféð við meðferð málsins í 300 þús. kr., eins og vikið er að áður. Síðar kom í ljós, að sú tryggingarfjárhæð var alltof lág, og var hún árið 1968 hækkuð í 1.5 millj. kr., sem hún er nú. Er ljóst, að þessi fjárhæð nægir ekki nú orðið til að tryggja viðskiptaaðila ferðaskrifstofu nægilega, enda er einnig gert ráð fyrir því, að unnt sé að hafa tryggingarféð hærra en þessu nemur hjá einstökum ferðaskrifstofum, ef rekstur þeirra gefur tilefni til. Um þetta segir meðal annars í skýringum við 5. gr. í áðurnefndu frumvarpi:

„Það ákvæði, sem hér um ræðir, er sett af tveimur ástæðum fyrst og fremst. Hin fyrri er sú, að eðlilegt þykir að veita viðskiptamönnum ferðaskrifstofu fjárhagslega tryggingu þ. e. þeim sem greiða fyrirfram fyrir veitta þjónustu fyrir hennar milligöngu. Hin ástæðan er sú, að grípa þurfi til tryggingarfjárins til þess að mæta réttmætum kröfum erlendra aðila, sem skipta við íslenzkar ferðaskrifstofur. Sennilega yrði í framkvæmd algengast að sett yrði bankatrygging."

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum og er sett til tryggingar því, að eigi sé gripið til greiðslu krafna af tryggingarfé, nema enginn minnsti vafi leiki á réttmæti þeirra, og þá því aðeins, að kröfurnar séu sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð hert frá því sem nú er, þar sem ferðaskrifstofunum yrði gert að skila reksturs- og efnahagsreikningi undanfarandi árs fyrir ákveðinn tíma eða fyrir 1. maí. Veitir fresturinn ferðaskrifstofum aukið aðhald, sem ekki er fyrir hendi nú.

Um 18. gr.

Í 8. gr. gildandi laga er að finna hliðstæð ákvæði, en samkvæmt þeim er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin því að setja tryggingu eða öðlast leyfi til ferðaskrifstofureksturs, enda hér um að ræða ríkisfyrirtæki og ríkissjóður því ábyrgur fyrir skuldbindingum skrifstofunnar. Hliðstæð rök hníga og að því, að ákvæði 4. kafla frv. taki ekki til Ferðamálastofnunar Íslands.

Í 2. mgr. gr. er gert ráð fyrir því, að ákveðið verði nánar í reglugerð á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja sé heimilt að skipuleggja og selja farseðla í eigin ferðir með slíkum tækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Ákvæði um þetta efni eru í 8. gr. gildandi laga, en eðlilegra þykir, að þau verði framvegis í reglugerð, svo sem hér er lagt til. Nýmæli er það í gr., að heimild þessi geti náð bæði til eigenda og umráðamanna samgöngutækja. Þykir ekki ástæða til að binda heimildina við, að viðkomandi aðili, hvort sem um er að ræða eiganda samgöngutækja eða ferðahönnuð (tour operator) sé raunverulegur eigandi allra samgöngutækja þeirra, sem notuð eru, heldur nægi að hann sé umráðamaður þeirra og myndi hann þá í flestum tilvikum vera eigandi þeirra að hluta. Þá er það nýmæli í gr., að heimilt er í reglugerð, að binda heimild þá, sem hér um ræðir tilteknum skilyrðum varðandi hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og um tryggingarfé. Mál varðandi hreinlæti, einkum í öræfaferðum, sem er algengust þeirra tilvika, sem falla undir þessa gr., verður að taka föstum tökum og hafa um þau náið samráð við Náttúruverndarráð, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og aðra slíka aðila.

Vel virðist koma til greina að setja það skilyrði fyrir slíkum ferðum, ef um er að ræða stórfellda starfsemi, að tryggingarfé sé þá sett, ekki síður en í almennum ferðaskrifstofurekstri. Myndi slíkt væntanlega verða ákveðið í hverju einstöku tilfelli, svo og upphæð tryggingarfjárins.

Ákvæði 3. mgr. eru ný að því leyti, að í 8. gr. gildandi laga er talað um „viðurkennd ferðafélög“, en hér er gert ráð fyrir, að ákveðið verði í reglugerð, hvaða ferðafélög skuli undanþegin ákvæðum laganna. Í framkvæmd hafa tvö félög notið slíkrar viðurkenningar hingað til, þ. e. Ferðafélag Íslands og Bandalag íslenskra farfugla.

Um 19. gr.

Í greinina eru sett fyllri ákvæði en nú gilda um afturköllun leyfis til reksturs ferðaskrifstofu. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að nauðsynlegt er að hafa þessa heimild rýmri en verið hefur, enda þótt hún verði að sjálfsögðu aldrei notuð, nema brýna nauðsyn beri til.

Að öðru leyti eru í greininni taldar ástæður þess, að leyfi falli niður. Frumskilyrði þess, að leyfi sé veitt, er að umsækjandi uppfylli þau persónulegu skilyrði að hafa forráð bús síns og að hann sé búsettur í landinu (14. gr.), og að hann setji tryggingu fyrir rekstrinum (15. gr.). Það er því eðlilegt, að skilyrði fyrir því, að leyfi viðhaldist, séu þau, að ekki verði grundvallarbreyting á högum leyfishafa að þessu leyti. Þetta þýðir, að leyfið hlýtur að falla niður, ef leyfishafi hættir að vera fjár síns ráðandi, en sviptur lögræði, flyst af landinu eða trygging samkvæmt 15. gr. fellur niður eða hættir að fullnægja settum reglum.

Um 20. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Almenn þekking á ferðamálum og starfsreynsla á þeim vettvangi er eitt af skilyrðunum fyrir því, að leyfi sé veitt til reksturs ferðaskifstofu. Af því leiðir, að almenna reglan hlýtur að vera sú, að leyfi til rekstursins falli niður við andlát leyfishafa.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að ekkju leyfishafa, sem situr í óskiptu búi, sé heimilt að halda rekstrinum áfram í eitt ár. Vilji hún hins vegar halda rekstrinum lengur áfram, þarf hún að sækja um rekstrarleyfi, og þarf þá sá, er veita skal fyrirtækinu forstöðu, að uppfylla skilyrði til leyfisveitingar, en auk þess þarf að sjálfsögðu að fullnægja almennum skilyrðum um tryggingarfé. Eins árs frestur inn er hugsaður til þess að veita ekkjunni eða dánarbúinu frest til búskipta, til sölu á fyrirtækinu eða þess háttar aðgerða, sem eru afleiðingar af fráfalli leyfishafa. Almennt er ekki talin þörf á að hafa þennan frest lengri en eitt ár.

V. KAFLI
Ferðamálasjóður.

Um 21.—22. gr.

Samkvæmt þessum greinum er gert ráð fyrir nokkuð víðtækara starfssviði Ferðamálasjóðs, en er samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt þeim má sjóðurinn eingöngu lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og er því í reynd ekki almennur Ferðamálasjóður, heldur hótelsjóður.

Í ljós hefur komið, að með þessu móti verða vissir þættir ferðamála útundan, þar sem Ferðamálasjóður hefur ekki heimild til að lána til þeirra og aðrir aðilar telja sér það ekki skylt. Auk þess er enginn aðili til, sem hefur aðstöðu til þess að leggja fjármagn í að endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan alfaraleiða, svo og til annarrar umhverfisverndar vegna umferðar ferðafólks. Er því gert ráð fyrir því, að sjóðurinn megi veita Ferðamálastofnun Íslands framlag, sem Ferðamálastofnunin geti síðan notað í þessu skyni. Rétt þykir hins vegar að takmarka þetta óafturkræfa framlag verulega, þannig að það verði ekki hærra en 10% af árlegum tekjum sjóðsins. Er þá ætlast til þess, að styrkveitingar Ferðamálastofnunarinnar gangi fyrst og fremst til endurbóta á þeim stöðum, þar sem engum öðrum opinberum aðila teldist skylt að koma til, svo sem á öræfum landsins, en þar sem um nauðsynlega umhverfisvernd eða endurbætur á aðstöðu fyrir ferðafólk væri að ræða í byggð, væri heimilt að lána viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi úr sjóðnum til þeirra hluta.

Í fskj. VI eru upplýsingar um fjármálalega fyrirgreiðslu við ferðamál í nokkrum löndum.

Um 23. gr.

Í fskj. V hér á eftir kemur fram, að þau ár, sem Ferðamálasjóður hefur starfað, hefur hann lánað til gisti- og veitingahúsa samtals um 84 millj. króna. Enda þótt sjóðurinn hafi þannig stuðlað töluvert að framkvæmdum í þessum efnum, ekki hvað minnst í sveitum og kauptúnum landsins, hefur hann þó einatt haft yfir alltof litlu fjármagni að ráða, og lánin, sem hann hefur þurft að taka til endurlána, hafa verið of dýr. Eigið fé sjóðsins er því mjög lítið.

Til þess að geta gegnt víðtækara hlutverki, eins og gerð er grein fyrir hér að framan, eflt stöðu sína og komizt til jafns við aðra fjárfestingarsjóði aðalatvinnuveganna, verður því að gera ráð fyrir allmjög aukinni tekjuöflun Ferðamálasjóðs.

Talið er eðlilegt, að tekna til sjóðsins sé aflað með skatti, sem lagður sé á atvinnuveginn sjálfan, í þessu tilviki með hluta tekna af aðgöngumiðagjaldi af vínveitingahúsum. Til þess að þetta sé framkvæmanlegt þarf að breyta lögum um söluskatt, og fylgir frekari greinargerð um málið hér með í fylgiskjali IX. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óverulegri hækkun á framlagi ríkissjóðs.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Rétt er að geta þess hér, að Búnaðarbanki Íslands hefur frá upphafi annast um Ferðamálasjóð á sama hátt og gert er ráð fyrir í greininni.

Um 26. gr.

Samkvæmt 29. gr. gildandi laga um ferðamál skulu umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði sendar Ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar tillögur til samgönguráðherra um lánveitingar, en hann ræður útlánum af fé sjóðsins.

Fyrirkomulag þetta hefur þótt nokkuð þungt í vöfum, og hefur því verið reynt að einfalda það með því að fela sérstakri nefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá Ferðamálaráði og einn frá ráðuneytinu, að fjalla um allar umsóknir um lán úr sjóðnum og segja álit sitt á þeim. Er með tillögunni í 3. mgr. verið að lögfesta þetta

fyrirkomulag, en Ferðamálaráð fylgist eins og áður með umsóknunum og hefur áhrif á afgreiðslu þeirra.

Um 27. gr.

Ákvæðið í þessari gr. er ætlað til þess að tryggja, að fjármagni Ferðamálasjóðs verði ekki varið til örfárra staða, enda er talið með tilliti til þess hversu almenn þörfin sé fyrir fjármagn úr sjóðnum að farsælla sé að dreifa því nokkuð, og muni það á þann hátt koma að betri notum.

Um 28. gr.

Hér er um óbreytt fyrirkomulag að ræða frá því, sem verið hefur. Allflest lán hafa verið veitt til 15 ára. Í nokkrum tilvikum hefur verið veittur afborgunarfrestur fyrstu 2 árin, enda greiðast þá lánin upp á næstu 13 árum. Vextir hafa verið ákveðnir með hliðsjón af vöxtum á því lánsfé, sem sjóðurinn hefur haft til endurlána. Aldrei hefur verið um að ræða nema í mesta lagi ½% vaxtamun.

Samkvæmt ákvæðum í reglugerð eru lánin bundin framfærsluvísitölu. Eðlilegra er, að þau séu bundin vísitölu byggingarkostnaðar, og því er þessi breyting gerð. Haldið er óbreyttu ákvæði um, að erlent lánsfé sé endurlánað með gengistryggingu.

Um 29.—31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 32. gr.

Ákvæðið í þessari grein um greiðslu aðgangseyris að fjölsóttum ferðamannastöðum er í 36. gr. gildandi laga um ferðamál.

Enda þótt þessi heimild hafi lítið verið notuð, þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn áfram. Gjöld sem þessi eru algeng í öðrum ferðamannalöndum, og ekki er óeðlilegt, að fjár til uppbyggingar og viðhalds viðkomandi staðar verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé. Innheimta slíks gjalds er tiltölulega auðveld og færi þá ýmist fram á staðnum sjálfum eða væri innheimt sem hluti af fargjaldi fyrir hópa, sem til staðarins koma.

Um 33.—34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.


Um ákvæði til bráðabirgða I—II.

Þessi bráðabirgðaákvæði þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Listi yfir fylgiskjöl.

Fylgiskjal I. Skipulag ferðamála (skipurit).
Fylgiskjal II. Töflur um fjölda erlendra ferðamanna til Íslands.
Fylgiskjal III. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum.
Fylgiskjal IV. Hótelrými á Íslandi 1972.
Fylgiskjal V. Lánveitingar úr Ferðamálasjóði.
Fylgiskjal VI. Fjármálaleg fyrirgreiðsla við ferðamál í nokkrum löndum.
Fylgiskjal VII. Tillögur um aðila að Ferðamálaþingi.
Fylgiskjal VIII. Ferðamálakönnun á vegum Sameinuðu þjóðanna.
Fylgiskjal IX. Greinargerð um fastan tekjustofn fyrir Ferðamálasjóð.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands árið 1971.
Sundurliðun eftir mánuðum og flutningsmáta.

	Fjöldi ferðamanna með			Hlutfallsleg skipting eftir mán
	Flugvélum	Skipum	Samtals	
Janúar	2 371	30	2 401	4.0
Febrúar	2 048	6	2 054	3.4
Mars	2 549	45	2 594	4.3
Apríl	3 395	64	3 459	5.7
Maí	5 458	42	5 500	9.1
Júní	7 946	268	8 214	13.5
Júlí	11 923	407	12 330	20.3
Ágúst	10 368	281	10 649	17.5
September	5 228	103	5 331	8.8
Október	3 678	42	3 720	6.1
Nóvember	2 194	10	2 204	3.6
Desember	2 260	3	2 263	3.7
Árið allt	59 418	1 301	60 719	100.0
Tímabilið:				
Júní—ágúst	30 237	956	31 193	51.3%
Maí—september	40 923	1 101	42 024	69.2%

Fjölgun erlendra ferðamanna 1971—1972 eftir mánuðum.

	Fjöldi ferðamanna			Aukning			
	1970	1971	1972	1970—71	'71—'72	'70—'71 í %	'71—'72 í %
Janúar	1 999	2 401	2 030	402	÷ 371	20.1	÷ 15.5
Febrúar	2 066	2 054	2 447	÷ 12	393	÷ 0.6	19.1
Mars	1 994	2 594	2 829	600	235	30.1	9.0
Apríl	3 428	3 459	3 758	31	299	0.9	8.6
Maí	3 724	5 500	5 000	1 776	÷ 500	47.7	÷ 9.1
Júní	6 986	8 214	10 178	1 228	1 964	17.6	23.9
Júlí	11 774	12 330	16 128	556	3 798	4.7	30.8
Ágúst	8 733	10 649	11 494	1 916	845	21.9	7.9
September	4 829	5 331	5 894	502	563	10.4	10.6
Október	3 330	3 720	4 044	390	324	11.7	8.7
Nóvember	1 991	2 204		213		10.7	
Desember	2 054	2 263		209		10.2	
Allt árið	52 908	60 719		7 811		14.8	

Þar sem ekki liggja fyrir tölur um fjölda erlendra ferðamanna nema fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 1972, er samanburður fyrir það ár ekki endanlegur. Sé hins vegar miðað við fyrstu 10 mánuði ársins 1971, er aukning fyrir sama tímabil árið 1972 um 13.4%.

Fjöldi erlendra ferðamanna 1970 og 1971.
Sundurliðun eftir þjóðerni.

	Fjöldi ferðamanna		Hlutfallsleg skipting	
	1970	1971	1970	1971
1. Danir	4 694	4 223	8.9	7.0
2. Norðmenn	2 277	2 018	4.3	3.3
3. Svíar	2 681	3 304	5.1	5.5
4. Finnar	948	818	1.8	1.4
(Samtals Norðurl.búar)	(10 600)	(10 363)	(20.0)	(17.0)
5. Bretar	5 295	5 785	10.0	9.5
6. Írar	138	130	0.3	0.2
7. Þjóðverjar	5 497	6 460	10.4	10.6
8. Frakkar	1 894	2 375	3.6	3.9
9. Hollendingar	922	1 090	1.7	1.8
10. Belgar	626	567	1.2	0.9
11. Svisslendingar	1 070	1 230	2.0	2.0
12. Austurríkismenn	527	643	1.0	1.1
13. Ítalir	469	630	0.9	1.0
14. Grikkir	69	48	0.1	0.0
15. Luxemborgarar	127	233	0.2	0.4
16. Spánverjar	114	198	0.2	0.3
17. Portúgalir	25	60	0.0	0.1
18. Aðrir Evrópubúar	717	615	1.4	1.0
(Samtals Evrópubúar)	(28 090)	(30 427)	(53.1)	(50.1)
19. Kanadabúar	1 035	1 283	2.0	2.1
20. Bandaríkjamenn	22 352	27 588	42.2	45.5
21. Suður-Ameríkubúar	482	416	0.9	0.7
22. Aðrir	949	1 005	1.8	1.7
Ferðamenn samtals	52 908	60 719	100.0	100.0

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir fjölda erlendra ferðamanna til Íslands og innkomnar gjaldeyristekjur af þeim frá 1950.

Erlendir ferðamenn			Gjaldeyristekjur á gengi hvers tíma		Gjaldeyristekjur fast gengi: $ 1969		Árleg aukn. í %	
Ár	Tala	Árleg aukning í %	Alls í þús. kr.	Á ferðamann í kr.	Alls í þús. kr.	Á ferðamann í kr.	Alls	Á ferðamann
1950	4 383		845	193	4 564	1 041		
1951	4 084	÷ 6.8	1 073	263	5 795	1 419	27.0	36.3
1952	4 823	18.1	1 571	326	8 484	1 759	46.4	24.0
1953	6 380	32.3	2 846	446	15 370	2 409	81.2	37.0
1954	6 847	7.3	2 437	356	13 160	1 992	÷ 14.4	÷ 20.2
1955	9 107	33.0	2 208	242	11 925	1 309	÷ 9.4	÷ 31.9
1956	9 607	5.5	2 106	219	11 371	1 184	÷ 4.7	÷ 9.6
1957	9 279	÷ 3.4	4 869	525	26 295	2 834	131.2	139.4
1958	10 111	9.0	2 988	296	16 137	1 596	÷ 38.7	÷ 43.7
1959	12 296	21.6	3 042	247	16 426	1 336	1.8	÷ 16.3
1960	12 806	4.1	17 208	1 344	39 751	3 104	142.0	132.3
1961	13 629	6.4	25 890	1 900	53 074	3 894	33.5	25.5
1962	16 835	23.5	42 497	2 524	87 119	5 175	64.1	32.9
1963	17 360	3.1	56 326	3 245	115 468	6 651	32.5	28.5
1964	22 383	28.9	81 722	3 651	167 530	7 485	45.1	12.5
1965	28 879	29.0	82 108	2 943	168 321	5 828	0.5	÷ 22.1
1966	34 733	20.3	94 513	2 721	193 752	5 660	15.1	÷ 2.9
1967	37 728	8.6	97 415	2 582	199 701	5 293	3.1	÷ 6.5
1968	40 447	7.2	147 727	3 652	227 499	5 625	13.9	6.3
1969	44 099	9.0	274 372	6 222	272 372	6 222	20.6	10.6
1970	52 908	20.0	379 715	7 177	379 715	7 177	38.4	15.3
1971	60 719	14.8	466 210	7 678	466 210	7 678	22.8	7.0

Ath. Gjaldeyristekjur eru innkomnir ferðatékkar og peningar. Ekki eru meðtalin fargjöld milli landa og tekjur af Fríhöfninni í Keflavík, sbr. næstu töflu.

Beinar og óbeinar gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna árin 1969—1971. (Í millj. kr.)

	1969	1970	1971
Innlend flugfélög	341.2	531.9	665.3
Erlend flugfélög	10.6	9.6	9.6
Fríhöfnin í Keflavík	53.7	69.3	82.1
Íslenskur markaður h.f.	–	23.8	75.4
Ferðaskrifstofur	71.8	97.3	104.7
Hótel	21.6	43.4	54.7
Ferðamenn	181.0	215.2	231.3
	679.9	990.5	1 223.1
Í % af heildarútflutningsverðmæti ...	7.2 %	7.8 %	9.3 %

Fylgiskjal IV.

Heildarhótelrými á Íslandi sumarið 1972.

Svæði		Herbergjastærð 1 m	2 m	3 m	4 m	Herb. alls	Rúm alls	Þar af sumarhótel Herb.	Rúm
I.	Reykjavík og nágr.	137	603	10	–	750	1373	113	194
II.	Borgarfjörður	8	62	22	25	117	298	75	218
III.	Snæfellsn.- og Dalas.	5	45	2	2	54	109	46	91
IV.	Vestfirðir	15	55	9	2	81	160	33	69
V.	Norðurl. vestra	17	80	11	9	117	246	69	149
VI.	Akureyri	10	125	19	–	154	317	70	140
VII.	Norðurl. eystra	27	52	6	4	89	165	55	96
VIII.	Austurland	28	165	24	8	225	462	91	201
IX.	Suðurland	48	203	24	8	285	562	241	476
X.	Vestmannaeyjar	3	9	–	–	12	21	–	–
	Alls	298	1399	127	58	1884	3713	793	1634

Fylgiskjal V.

Lánveitingar Ferðamálasjóðs frá stofnun til 30. nóvember 1972.

	Tala lána	Tala staða	Lánsfjárhæð í þús. kr.
Reykjavík	10	6	12 900
Kaupstaðir	24	13	18 680
Kauptún	38	14	29 075
Sveitir	34	16	21 570
Annað	3	3	1 500
Samtals	109	52	83 725

Fylgiskjal VI.

FJÁRMÁLALEG FYRIRGREIÐSLA VIÐ FERÐAMÁL Í NOKKRUM LÖNDUM

Þýtt úr „Report on international tourism and tourism policy in OECD member countries, 1972".

Opinber lán og ríkisábyrgð.

Lán, með allt frá 4% upp í 9½% vexti til 10—20 ára eru fáanleg í flestöllum löndum OECD. Eru þessi lán einungis hugsuð til eflingar ferðamála, og þá sérstaklega á þróunarsvæðum.

Enn fremur er ríkisábyrgð fáanleg allt upp í 90% af fjárfestingunni, t. d. vegna hótelbygginga í Danmörku.

Opinberir styrkir og vaxtastyrkir.

Austurríki:

Iðnaðar- og viðskiptamálaráðuneytið stjórnar vaxtastyrkjakerfi, sem greiðir lánsvexti af fjárfestingu í ferðamálum umfram 3% vexti.

Sama er að segja í **Belgíu**, þar sem styrkir eru veittir af hinu opinbera til endurnýjunar hótela og gistirýmis. Þessir styrkir eru þannig, að þeir lækka vexti niður í 2% fyrstu 3 árin og síðan í 3% vexti næstu 5 ár.

Danmörk:

Þar er hægt að fá opinbera styrki, sem nema um 10—20% af heildarfjárfestingarkostnaði við byggingu nýrra hótela.

Frakkland:

Opinber sjóður, sem hefur til ráðstöfunar 1.7 milljón dollara veitir styrki til fjárfestingar í almennum ferðamálum.

Sjóður, er veitir styrki til innri uppbyggingar ferðamála (t. d. samgöngubóta og almennt bættrar þjónustu við ferðamenn), er enn fremur starfandi með um 5.9 milljón dollara fjármagn.

Sérstakir 10% styrkir eru fáanlegir fyrir fjárfestingu, sem fer yfir 137 000 dollara, á svæðum, þar sem skortur er á hótelrými eða vinnu. Þessir styrkir eru fáanlegir til hótela með a. m. k. 20 herbergi og a. m. k. 10 fastráðna starfsmenn eða 20 árstíðabundna starfsmenn. Enn fremur eru þessir styrkir veittir við stækkun gistihúsa, sem eru með yfir 40 herbergi og sem a. m. k. tvöfalda herbergjafjölda.

Framkvæmdir við áningastaði ferðamanna og bætta aðstöðu þar, sem kostaðar eru af samtökum, fá styrk er nemur 20—25% af kostnaðarverði.

Noregur:

Hótel og önnur mannvirki, sem einungis eru byggð til að bæta þjónustu við ferðamenn, fá fjárfestingarstyrki, sem nema allt að 35% af heildarbyggingarkostnaði og tækjakaupum. Þessir styrkir eru þó einungis fyrir þjónustufyrirtæki í ferðamálum, sem byggja á upp á svæðum, þar sem skortur er á slíkri þjónustu.

Japan:

Ríkisstyrkir eru veittir yfirvöldum þeirra héraða, eða þeim samtökum, sem vinna að varðveitingu menningarlegra og sögulegra minja. Enn fremur má veita opinbera styrki til uppbyggingar á ferðaaðstöðu æskufólks í Japan.

Finnland:

Varðandi fjárfestingar í Finnlandi á þróunarsvæðum í ferðamálum eru til svo kölluð þróunarsvæðaframlög (1969) sem skiptast í svæði I og svæði II, þar sem hið opinbera veitir einkafyrirtækjum fjárstyrk á eftirfarandi hátt:

Svæði I. Fyrstu 2 árin eftir að fjárfestingum er lokið greiðir hið opinbera alla vexti af lánum. Næstu 2 ár þar á eftir greiðir hið opinbera 50% vaxtakostnaðar.

Svæði II. Fyrstu 2 árin eftir að viðkomandi fjárfestingu er lokið greiðir ríkið 80% vaxtakostnaðar, en næstu 2 ár 40%.

Undanþágur og tilslakanir frá skatti.

Austurríki:

⅘ af innkomnum tekjum af seldu gistirými til ferðamanna eru undanþegnir veltuskatti og afgangurinn (⅕) er skattlagður eftir almennum reglum. Kostnað vegna uppsetningar hitakerfis, hreinlætistækja og lyftu má afskrifa algjörlega á því ári, sem lagt var í viðkomandi kostnað.

Frakkland:

Flokkuð hótel greiða 17.6% virðisaukaskatt.

Hins vegar er þessi skattprósenta lögð á fullt gjald fyrir gistiherbergi, en aftur á móti aðeins á ¾ af fæðisgjaldi.

Írland:

Árleg skattalækkun um 10% er leyfð á öllum fjárfestingum til hótela (til endurbóta), mótela, og sumarbúða. Ný hótel geta enn fremur fengið um 20% skattafrádrátt á fjárfestingu í nýjum tækjum og munum.

Ítalía:

Eignarskattur nýbyggðra hótela á Ítalíu er lækkaður úr almennt gildandi 7% í 4%.

Portúgal:

Eignar- og iðnaðarskattar eru felldir niður í 10 ár og ýmsir staðbundnir skattar (aðstöðugjöld) eru felldir niður í allt að 15 ár, þegar um er að ræða stofnanir, sem taldar eru vera mikilvægar fyrir ferðamál landsins. Þær eiga þar á eftir kröfu um allt að 50% lækkun á ýmsum öðrum skattliðum.

Fylgiskjal VII.

Tillögur um aðila að Ferðamálaþingi.

1. **Alþýðusamband Íslands.**
2. Bandalag íslenskra farfugla.
3. **Búnaðarfélag Íslands.**
4. **Eimskipafélag Íslands.**
5. **Félag hópferðamanna.**
6. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
7. **Félag leiðsögumanna.**
8. **Félag sérleyfishafa.**
9. **Félag veiðiréttareigenda.**
10. **Ferðafélag Íslands.**
11. **Ferðamálafélög.**
12. **Flugfélag Íslands h. f.**
13. **Flugmálastjórn.**
14. **Fríhöfnin í Keflavík.**
15. **Gjaldeyrisdeild bankanna.**
16. **Heilbrigðiseftirlit ríkisins.**
17. **Hótel- og veitingaþjónaskólinn**
18. Íslenskur markaður.

19. **Landssamband leigubifreiðastjóra.**
20. **Landssamband stangveiðimanna.**
21. **Loftleiðir h. f.**
22. **Náttúruverndarráð.**
23. **Neytendasamtökin.**
24. Samtök íslenskra ferðaskrifstofa.
25. Samband íslenskra samvinnufélaga.
26. Samband íslenskra sveitarfélaga.
27. **Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.**
28. **Seðlabanki Íslands.**
29. **Vegagerð ríkisins.**
30. **Veiðimálastofnunin.**
31. Verslunarráð Íslands.

Fylgiskjal VIII.

Ferðamálakönnun á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Strax eftir að Ferðamálaráð var stofnað eða á árinu 1964 fóru ráðsmenn að ræða um möguleika á því að gera áætlun um framtíðarþróun íslenskra ferðamála. Átti ráðið vegna þessa máls í bréfaskiptum við aðila á Norðurlöndum og Írlandi. Varð það úr að prófessor við Verslunarháskólann danska, prófessor Ejler Alkjær var ráðinn til að gera stutta áætlun um þróun íslenskra ferðamála. Þetta var á árinu 1965 og kom Alkjær hingað á vegum Ferðamálaráðs. Benti Alkjær þá jafnframt á þann möguleika, en hann hafði unnið sem ferðamálasérfræðingur fyrir Sameinuðu þjóðirnar, að þær hefðu í einstökum tilvikum styrkt gerð slíkra ferðamálaáætlana.

Í framhaldi af þessu voru teknar upp viðræður við Sameinuðu þjóðirnar um styrkveitingu til könnunar á eflingu íslenskra ferðamála, og samþykktu þær að senda prófessor Alkjær hingað til lands til að gera úttekt á ferðamálum á Íslandi og koma fram með hugmyndir um þróun þeirra. Var þá jafnframt ákveðið, að yrði athugun prófessor Alkjærs jákvæð, gæti hún orðið grundvöllur fyrir frekari styrkveitingu frá Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Prófessor Alkjær kom svo hingað sumarið 1969 og skilaði skýrslu til Sameinuðu þjóðanna í september sama ár og var skýrslan samin í nánu samstarfi við formann Ferðamálaráðs. Athuganir Alkjærs eru byggðar á eins traustum tölulegum upplýsingum og hægt var að fá um fjölda ferðamanna, þjóðerni þeirra, gjaldeyristekjur og aðrar tekjur af ferðamönnum, hótelrými o. s. frv.

Alkjær er á þeirri skoðun, að Ísland eigi mikla framtíðarmöguleika sem ferðamannaland. Hann leggur þó aðaláherslu á að eins og nú sé háttað, sé ferðamannatímabilið of stutt, og beri því fyrst og fremst að stefna að því að lengja ferðamannatímann. Leggur hann til, að ferðamálaáætlun, sem gerð yrði, væri fyrst og fremst miðuð við fjóra þætti, þ. e. ráðstefnuhald, stangveiði í ám og vötnum, uppbyggingu heilsuhæla og skíðaíþróttir, enda væru þessir þættir heppilegir til að lengja ferðamannatímabilið. Raunverulega kemur prófessor Alkjær þarna ekki með hugmyndir, sem eru nýjar af nálinni, nema þá ef vera skyldi að gera Ísland að ráðstefnulandi. Hinar þrjár tillögurnar voru fram komnar löngu áður. Út frá þessum grundvallartillögum áætlar Alkjær síðan kostnað við áætlunargerð að þróun þessara fjögurra þátta. Er þá miðað við, að ferðamálaáætlunin sé bæði skammtímaáætlun til tveggja ára og langtíma áætlun til átta ára, eða samtals tíu ára áætlun. Er niðurstaða hans sú, að til slíkrar áætlunargerðar myndi þurfa að veita frá Sameinuðu þjóðunum 140 þús. dollara styrk. Allt það, sem síðar hefur verið gert í þessu máli er í meginatriðum byggt á tillögum prófessors Alkjærs, þótt eðlilega hafi þurft að gera á þeim ýmsar breytingar.

Skömmu eftir áramót 1970 óskaði samgönguráðuneytið eftir því við utanríkisráðuneytið, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum legði fram umsókn um aðstoð til áætlunargerðar um ferðamál, sem byggð væri á tillögum Alkjærs eða 140 þús. dalir. Var þá gert ráð fyrir, að kostnaður við íslenskt starfslið, við skrifstofuaðstöðu og ferðalög hér innanlands væri greiddur af Íslendingum sjálfum.

Í ágúst 1971 staðfesti Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna, að hann væri tilbúinn að leggja fram aðstoð til gerðar ferðamálaáætlunar, sem ekki væri lægri en 140 þús. dalir.

Í janúar 1972 dvaldist hér á landi ferðamálasérfræðingur frá Sameinuðu þjóðunum. Kynnti hann sér íslensk ferðamál, ferðaðist nokkuð um landið, átti fjölda funda með innlendum aðilum varðandi ýmsa þætti ferðamálanna og samdi svo að lokum í samráði við samgönguráðuneytið útboðslýsingu á hinu fyrirliggjandi verkefni vegna forvals á ferðamálafyrirtækjum.

Í fyrsta kafla útboðslýsingarinnar er talað um takmark það, sem ætlað er að ná með skýrslugerðinni, og tekið er fram að athugunin skuli ná yfir:

1. notkun heita vatnsins til heilsuhæla;
2. notkun á vötnum, ám og sjó til sportveiði;
3. notkun skíðalanda;
4. notkun fundaaðstöðu fyrir minni fundi, ráðstefnur og því um slíkt, stundum í sambandi við vörusýningar.

Skammtímaáætlunin er að lengja ferðamannatímann, bæði vor og haust og hefja aukna móttöku ferðamanna að vetrarlagi, en langtímamarkið er að auka straum erlendra ferðamanna til Íslands með því að þróa íslenzk ferðamál á kerfisbundnari hátt en gert hefur verið.

Í þriðja kafla útboðsins er komið frekar að hlutverki ferðamálafyrirtækisins. Það er í fyrsta lagi að ákveða nánar þá möguleika, sem Ísland hefur yfir að ráða til þróunar og uppbyggingar heilsuhæla, skíðaíþróttar, stangveiði og ráðstefnuhalds, í öðru lagi að ákveða markaðsmöguleika Íslands erlendis vegna þessara fjögurra greina og í þriðja lagi að gera tillögur um þá heildarstefnu sem íslenska ríkið ætti að marka í þróun þessara fjögurra greina og þá með tilliti til annarra þátta ferðamálanna. Síðan er í smáatriðum lýst, hvernig unnið skuli að þessum þáttum.

Í fjórða kafla útboðsins er lýst hinum einstöku þáttum í áætlunargerðinni, og er þar að mestu leyti byggt á tillögum Alkjærs. Í fyrsta hluta áætlunargerðarinnar er gert ráð fyrir rannsókn þeirri, sem þegar hefur verið lýst og nær útboðið aðeins til þessa hluta hennar. Annar hluti áætlunargerðarinnar felst í undirbúningi og vinnu að framkvæmdaáætlun fyrir þessar fjórar greinar, þar sem jafnframt verður tekið tillit til annarra greina ferðamálanna. Í þessum hluta fer einnig fram val á ákveðnum framkvæmdum. Í þriðja hluta er gert ráð fyrir, að gerðar verði nákvæmar áætlanir um fyrstu framkvæmdir og jafnframt fjárfestingaráætlanir og fjármögnunaráætlanir. Annar hluti á að hefjast strax og fyrsta hluta er lokið og þriðji hluti strax að loknum öðrum hluta.

Næsti kafli útboðslýsingarinnar fjallar um skýrslu þá, sem fyrirtækið á að skila, og síðan koma ákvæði um að fyrirtækið leggi til að minnsta kosti einn sérfræðing fyrir hverja af hinum fjórum greinum, einn markaðskönnuð og einn hagfræðilega menntaðan mann, sem stjórnar verkinu og hefur milligöngu milli starfsliðs síns og samgönguráðuneytisins. Þessu næst koma ákvæði um þátttöku íslenska ríkisins. Þar er fyrst gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytið ráði einn íslenskan starfsmann fyrir hvern af hinum fjórum erlendu sérfræðingum og í fimmta lagi íslenskan markaðskönnuð til að starfa með erlenda markaðskönnuðinum. Sjötti íslenski starfsmaðurinn sér um öll dagleg störf viðvíkjandi rannsókninni og samræmingu á störfum íslensku sérfræðinganna.

Störfum Íslendinganna er frekar lýst í útboðinu og er sú lýsing í meginatriðum þannig:

1. **að sjá um að koma á sambandi milli erlendu sérfræðinganna og ríkisstofnana og annarra aðila og að útvega sérfræðingunum allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að óska eftir**
2. **að fá þjálfun í verki, sem þessu með daglegu samstarfi við erlendu sérfræðingana og**
3. **að ræða og endurskoða með erlendu sérfræðingunum allt það sem fram kemur við rannsóknina, áður en skýrslu er skilað til ríkisstjórnarinnar.**

Sameinuðu þjóðirnar munu styrkja íslensku starfsmennina til kynnisferða og **námsferða erlendis í allt að tvo mánuði hvern mann. Er þá gert ráð fyrir því að þeir kynni sér sérgrein sína.**

Í störf íslensku sérfræðinganna var ráðið strax síðastliðið vor og hófu þeir þegar **undirbúningsvinnu. Tóku þeir saman skýrslu um viðkomandi greinar, og söfnuðu tölulegum upplýsingum. Jafnframt gerðu þeir tillögur um þá staði, sem erlendu sérfræðingarnir skyldu heimsækja og skipulögðu á annan hátt starf þeirra fyrirfram, eftir því sem unnt var.**

Í byrjun marz 1972 sendu Sameinuðu þjóðirnar útboðsgögnin til sex fyrirtækja og voru þau valin úr á milli 150—200 fyrirtækjum, sem starfa að ferðamálarannsóknum.

Fyrirtækið, sem endanlega var valið til starfsins, er bandarískt, Checchi & Co. Komu starfsmenn þess hingað til lands í ágústlok s. l. Dvöldust flestir þeirra hér á landi fram í september, ferðuðust um landið, söfnuðu upplýsingum og ræddu við fjölda manna hér á landi, sem starfa að ýmsum þáttum ferðamála. Skýrslu sinni mun fyrirtækið skila í lok mars 1973.

Íslensku sérfræðingarnir störfuðu allan tímann með erlendu aðilunum, meðan þeir voru hér á landi, og skiluðu síðan skýrslu til ráðuneytisins um þau störf sín. Þeir munu flestir fara í náms- og kynnisferðir þær, sem áður getur, fyrrihluta árs 1973. Að loknum ferðunum munu þeir skila skýrslu um þær til Sameinuðu þjóðanna og samgönguráðuneytisins.

Þegar þessum fyrsta hluta áætlunargerðarinnar er lokið mun, eins og áður getur, annar hluti áætlunargerðarinnar hefjast, en hann felst í undirbúningi og vinnu að framkvæmdaáætlun fyrir þær fjórar greinar, sem hér um ræðir. Mun sú vinna að sjálfsögðu byggjast á niðurstöðum erlenda fyrirtækisins, en ekkert verður sagt um það að svo stöddu, hverjar þær verða.

Fylgiskjal IX.

Greinargerð um fastan tekjustofn fyrir Ferðamálasjóð.

Það fer vart á milli mála, að ferðamál og þá fyrst og fremst móttaka erlendra ferðamanna verður æ þýðingarmeiri atvinnugrein hér á landi. Þannig mun láta nærri, að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum hafi á síðastliðnu ári numið 9.3% af útflutningsverðmætinu í heild eða 1223.1 millj. kr. Sambærileg tala fyrir árið 1970 var 990.5 millj. kr. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna var árið 1971 tæplega 61 þúsund, auk gesta frá erl. skemmtiferðaskipum um 10 þús. Árleg fjölgun ferðamanna síðustu árin hefur verið 14—20%.

Samkvæmt spá, sem gerð hefur verið um árlega aukningu erlendra ferðamanna fram til ársins 1980, má ætla, að það ár verði fjöldi þeirra orðinn um 150 þús. Þá eru ekki meðtaldir farþegar af erlendum skemmtiferðaskipum, enda þarf ekki að sjá þeim fyrir gistirými.

Við þessa fjölgun myndu gjaldeyristekjur af ferðamönnum aukast um 100—150%. Það er þó naumast kleift, nema búið verði sæmilega að fjárfestingarmálum

þessa unga atvinnuvegar og hann njóti stuðnings ríkisvaldsins til jafns við hina eldri, hefðbundnu atvinnuvegi.

Við móttöku erlendra ferðamanna skiptir góð gisti- og veitingaþjónusta höfuðmáli, auk þess sem nauðsynlegt er, að jafnan sé nægilegt gistirými fyrir hendi, svo að ekki þurfi að synja um móttöku erlendra ferðamanna af þeim sökum. Með þetta í huga var Ferðamálasjóður stofnaður árið 1964. Farið var hóflega í sakirnar í byrjun, en komið hefur í ljós, að æ brýnni þörf hefur orðið fyrir starfssemi sjóðsins og lánveitingar úr honum.

Eins og lögin um Ferðamálasjóð eru nú, er sjóðurinn raunverulega aðeins lánasjóður fyrir gisti- og veitingahús, en með hverju árinu verður ljósara, að þörf er fyrir lánveitingar og jafnvel styrkveitingar til að koma upp hreinlætisaðstöðu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, bæði í byggðum og óbyggðum.

Þá má einnig benda á það, að með síauknum ferðalögum Íslendinga um eigið land, skapast æ meiri þörf fyrir tjaldsvæðaaðstöðu og nauðsynlegan aðbúnað í sambandi við hana, svo og aðra þá aðstöðu, sem teljast verður sjálfsögð á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Engum aðila er eins og nú standa sakir skylt að hafa frumkvæði um fjáröflun til slíkra hluta, enda enginn aðili heldur til, sem skylt er að veita lán eða styrki í þessu skyni.

Ferðamálasjóður hefur alla tíð haft litlu eigin fé úr að spila. Meiri hluti lánveitinga hans til gisti- og veitingastaða hefur verið í formi endurlána, ýmist af gengistryggðu erlendu lánsfé eða vísitölutryggðu innlendu fé. Fyrst framan af var árlegt framlag ríkissjóðs á fjárlögum til sjóðsins 1 millj. kr. árlega, en nú tvö síðustu árin hefur verið um að ræða 5 millj. króna framlag. Sýnt var fram á það í sérstöku nefndaráliti um Ferðamálasjóð frá árinu 1970, að hann gæti engan veginn gegnt hlutverki sínu, nema að gerðar yrðu verulegar breytingar á eigin fjáröflun sjóðsins.

Í 4. mgr. 27. gr. laga um ferðamál segir svo:

„Ferðamálaráð skal leita annarra fjáröflunarleiða og vera ráðgefandi um slík mál gagnvart ráðherra.“

Löggjafinn hefur þannig miðað við, að sjóðurinn ætti sér fjáraflavon annars staðar en í ríkisframlagi og framkvæmdalánum.

Ferðamálaráð og samgönguráðuneytið hafa á undanförnum árum athugað og kannað fjölda margar leiðir til að afla slíks fjár til Ferðamálasjóðs.

Nýlega hefur komið fram tillaga um varanlega fjáröflun í sjóðinn. Tillagan hefur verið könnuð rækilega og borin undir ýmsa þá aðila, sem málið snertir, og er það almennt álit flestra, að hér sé á ferðinni sjálfsögð fjáröflunaraðferð.

Fyrir tæpum áratug reyndist nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum um skemmtanaskatt, þar sem sýnt þótti, að skatturinn innheimtist ekki sem skyldi. Vegna galla á innheimtunni misstu félagsheimilasjóður og Þjóðleikhús af tekjum, sem skemmtanaskattslögin gerðu ráð fyrir. Með breytingunni var ákveðið að taka upp svokallað rúllugjald í þeim veitinga- og samkomuhúsum, þar sem vínveitingar voru um hönd hafðar. Rúllugjaldið var ákveðið 25 krónur, og skiptist þannig, að krónur 8.00 fóru í skemmtanaskatt, krónur 2.00 í menningarsjóð og krónur 15.00 runnu til veitingahússins sem fatagjald og þóknun fyrir innheimtu. Þetta gjald hefur nú verið óbreytt í nær áratug.

Hér er lagt til, að gjaldið verði hækkað í kr. 100.00, sem skiptist þannig:

Skemmtanaskattur hækki um helming og verði kr. 16.00. Gjald í menningarsjóð hækki um helming og verði kr. 4.00. Hluti veitingahússins hækki um helming og verði kr. 30.00. Í Ferðamálasjóð renni kr. 50.00.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þörf Ferðamálasjóðs fyrir þessa gjaldheimtu og er ekki ástæða til að rekja það mál frekar.

Einungis skal undirstrikað, að með þessari fjáröflun opnast leið til þess að gera Ferðamálasjóð starfhæfan, en það getur hann tæplega talist í dag. Einnig er hægt að vikka starfssvið hans verulega frá því, sem nú er og gera honum kleift að veita

lán til annarra þátta ferðamálanna en gisti- og veitingahúsaframkvæmda, en einmitt nú að undanförnu hefur mjög verið rætt um brýna þörf á bættri aðbúð á fjölsóttum ferðamannastöðum. Á ýmsum fallegustu og fjölsóttustu ferðamannastöðunum á Íslandi er ástandið að verða algjörlega óviðunandi fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Framangreind atriði hafa verið rædd itarlega í nefnd þeirri, sem starfar að endurskoðun laga um ferðamál. Er það samhljóða álit nefndarmanna, að efling Ferðamálasjóðs sem stofnlánasjóðs þessarar atvinnugreinar sé forsenda þess, að ferðamálin geti þróast eðlilega, miðað við félagslegar kröfur almennings og þjóðhagslega hagkvæmni.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til, að núgildandi lögum um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús verði breytt eins og að framan greinir og þar með skapaður grundvöllur fyrir fjárfestingarsjóð ferðamálanna."

Sþ. 137. Fyrirspurnir. [114. mál]

I. Til menntamálaráðherra um félagsráðgjöf.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Er fyrirhugað að taka upp kennslu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands?
2. Ef svo er, hvað líður undirbúningi námsbrautar í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands?

II. Til dómsmálaráðherra um sölu á tækjum til ölgerðar.

Frá Helga F. Seljan.

Er sala í verslunum á tækjum og efni til ölgerðar ásamt meðfylgjandi leiðbeiningum um bruggun áfengs öls heimil skv. áfengislögum?

III. Til landbúnaðarráðherra um lán til íbúðarhúsabygginga bænda.

Frá Helga F. Seljan.

Hvernig er háttað útborgun íbúðarhúsalána til bænda frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, og í hverju eru greiðsluhættir frábrugðnir því, sem er hjá húsnæðismálastofnun ríkisins?

IV. Til dómsmálaráðherra um mál togarans Henriette.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvað hefur gerst í máli belgiska togarans Henriette 236 frá Ostende, sem staðinn var að því á Höfn í Hornafirði 8. okt. s. l. að vera með of smáriðna vörpu og enn fremur að hafa klætt poka vörpunnar innan með smáriðnu nælonneti?
2. Gefur slíkt brot á samningnum við Belgíu um heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands ekki tilefni til að taka togarann Henriette af skrá yfir þá belgíska togara, sem hér hafi veiðileyfi, eða heldur þessi lögbrjótur áfram veiðum hér við land, eins og ekkert hafi í skorist?

Ed. 138. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjáhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Þrír nefndarmenn, Páll Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson og Halldór Blöndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. nóv. 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson.

Geir Hallgrímsson.

Nd. 139. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hjálp má einnig veita samkvæmt lögum þessum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú flutt á ný óbreytt.

Lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 frá 25. jan. 1952, voru sett til þess að aðstoða heimili, er húsmóðir gat ekki sinnt heimilisstörfum vegna veikinda eða annarra skyldra orsaka. Skv. skilningi laganna mun atvinna húsmóður utan heimilis — eða einstæðs föður — ekki tryggja rétt til hjálpar skv. lögunum, þegar börn eða aðrir, sem kunna að vera á framfæri heimilisins, veikjast og þurfa umönnunar **við.**

Þegar lög um heimilishjálp í viðlögum voru sett, kom fram í umræðum á Alþingi, að slík hjálp ætti að tryggja, að heimilishættir röskuðust sem minnst, þótt húsmóðurinnar nyti ekki við um stundarsakir, að börn, aldraðir og sjúklingar, sem á heimilinu væru, fengju eftir sem áður nauðsynlega umönnun og að fyrirvinnan þyrfti ekki að leggja niður vinnu til að taka að sér heimilisstörfin.

Móðir, sem sér sjálfri sér og börnum sínum farboða með starfi sínu utan heimilis, stendur oft frammi fyrir því að verða að biðja um leyfi frá störfum vegna veikinda barna sinna. Oft er hún af þeim ástæðum dæmdur lélegur vinnukraftur og býr við skert atvinnuöryggi af þeim sökum. Einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, fer einnig fjölgandi, og ætti réttur til heimilishjálpar einnig að standa þeim til boða, er veikindi steðja að heimilinu.

Það er skoðun flm., að tímabært sé að breyta lögum um heimilishjálp á þann veg, sem að ofan greinir, til þess að tryggja sem best umönnun veikra barna eða

annarra, sem eru í umsjá húsráðanda, og atvinnuöryggi húsráðenda sjálfra. Sanngjarnt virðist, að heimilishjálp nái til allra, er þurfa hennar við, án tillits til hjúskaparstéttar eða kynferðis fyrirvinnunnar.

Lögð skal áhersla á, að ekki er átt við veikindi á heimilum, þar sem heimilishjúkrunar er þörf. Ætti því ekki að þurfa að breyta í neinu þeim kröfum, sem nú eru gerðar til þess starfsfólks, sem vinnur á vegum heimilishjálpar sveitarfélaga.

Sþ. 140. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Flm.: Gils Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Ásgeir Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason, Eggert G. Þorsteinsson, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar, að þar til öðruvísi verður ákveðið skuli árlega veitt fé á fjárlögum í því skyni, að sjóðurinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar" fái starfað samkvæmt tilgangi sínum, sem er sá að verðlauna vel samin vísindaleg rit og styrkja útgáfu slíkra rita. Skal árleg fjárveiting til sjóðsins eigi nema lægri upphæð en sem svarar árslaunum prófessors við Háskóla Íslands. Verði verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar heimilað að úthluta þessari viðbótarfjárhæð í samræmi við þær reglur, sem um vexti sjóðsins gilda, þó með þeirri breytingu, að þegar sérstök ástæða þyki til, megi verja fé til viðurkenningar á viðfangsefnum og störfum höfunda, sem hafa vísindarit í smíðum.

Greinargerð.

Jón Sigurðsson forseti andaðist í Kaupmannahöfn 7. desember 1879. Ekkja hans, Ingibjörg Einarsdóttir, andaðist hinn 16. sama mánaðar. Hafði hún hinn 12. desember gert erfðaskrá, þar sem m. a. segir á þessa leið:

„Ég Ingibjörg Einarsdóttir veit, að það var einlægur vilji míns elskaða eiginmanns, Jóns Sigurðssonar, að gefa Íslandi mestan hlut eigna sinna eftir okkur bæði látin, til framfara landinu, samkvæmt því er hann alla ævi varði lífi sínu, en vegna veikinda hans dróst þetta og varð ekki framkvæmt verklega, svo mér sé kunnugt.

Vil ég því, til þess að þessu hans áformi verði framgengt, gefa eftir minn dag tvo þriðju parta af eignum mínum, þeim er verða afgangs skuldum og útfararkostnaði. Skal sjóður þessi nefnast „Gjöf Jóns Sigurðssonar", en Alþingi það, er kemur fyrst saman eftir dánardag minn, skal kveða á um það, hvaða fyrirtæki það er, sem landinu er mest til gagns, að fénu sé varið til. Það skal og semja reglur fyrir sjóðinn, er upp frá því verður fylgt. Þó skal það tekið fram, að einungis vöxtunum skal árlega útbýtt, en höfuðstóllinn látinn óskertur . . . .

. . . . Bréf þetta er skrifað af elsku til Íslands, sem mér ætíð hefur verið svo kært, og ást og virðingu til míns ógleymanlega eiginmanns, sem hefur verið mér allt, mitt líf og mitt yndi. Það er íhugað með fullu ráði og óskertum sönsum í votta viðurvist."

Árið 1881 samþykkti Alþingi með þingsályktun að veita viðtöku fyrir hönd þjóðarinnar gjöf þeirri, sem í erfðaskránni getur. Voru þá jafnframt settar reglur um sjóðinn. Árið 1911 samþykkti Alþingi nokkrar breytingar á reglunum, og eru þær nú á þessa leið (Sbr. Stj.tíð. 1912, B. nr. 119):

1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu stjórnarráðs Íslands, sem annist um, að hann ávaxtist.

2. gr.

Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Alþingi velur í hvert skipti, er það kemur saman, 3 menn, sem kveða á um, hver njóta skuli verðlaunanna.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands semur skýrslu um ástand sjóðsins og sendir hana til forseta hins sameinaða Alþingis.

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar var sett erindisbréf árið 1885. Er þar lagt á vald nefndarinnar að ákveða, hversu há eða lág verðlaun hún veitir fyrir ritgerðir þær, sem hún telur verðlauna verðar.

Verðlaun eða viðurkenningu úr sjóðnum hafa þeir hlotið, sem hér eru taldir:

Þorvaldur Thoroddsen 1889,
Hannes Þorsteinsson 1891,
Björn M. Ólsen 1895,
Jón Jónsson, prófastur, Stafafelli, 1895, 1901, 1913,
Finnur Jónsson 1897,
Ólafur Davíðsson 1901,
Einar Arnórsson 1913,
Jón Jónsson Aðils 1919,
Guðbrandur Jónsson 1919, 1951,
Magnús Jónsson, próf. theol. 1919, 1929,
Klemens Jónsson 1921,
Björn Þórðarson 1923,
Alexander Jóhannesson 1923,
Eggert Briem, bóndi, Viðey, 1925,
Helgi P. Briem 1927,
Páll Eggert Ólason 1929,
Vigfús Guðmundsson frá Keldum 1931,
Barði Guðmundsson 1939,
Einar Ól. Sveinsson 1941,
Gunnar Árnason, prestur, 1941,
Gústaf A. Sveinsson 1943,
Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður 1945.

Eftirgreind félög hafa hlotið styrki úr sjóðnum til útgáfustarfsemi:

Sögufélagið 1915, 1917, 1921, 1925, 1931, 1933.
Hið ísl. bókmenntafélag 1917, 1921, 1923, 1925, 1927, 1953.
Hið ísl. fornritafélag 1929.
Félagið Ingólfur 1941.

Loks hefur sjóðurinn styrkt útgáfu þessara rita:

Rit Jónasar Hallgrímssonar (Matthías Þórðarson) 1935.
Örnefni í Vestmannaeyjum (Þorkell Jóhannesson) 1937.

Eins og skrá þessi ber með sér, var um nær 60 ára skeið úthlutað úr sjóði þessum til ýmissa þeirra vísindamanna, sem sömdu merk rit um þau efni, er í reglum um sjóðinn greinir.

Þegar verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar var fyrst kosin af Alþingi árið 1885, var sjóðurinn að fjárhæð 8600 krónur. Hann óx svo smám saman vegna vaxtaviðlags. Þannig nam hann árið 1915 21 þúsund krónum, árið 1956 31. þús. kr., 1965 50 þús. kr. og nú í árslok 1972 75 þús. kr.

Áður en hraðfara verðfall peninga hófst hér á landi um og eftir heimsstyrjöldina síðari, voru verðlaun úr sjóðnum, ásamt þeim sóma, er þeim fylgdi, höfundum bæði hvatning og styrkur. En þar sem handbært fé til úthlutunar stóð að mestu í stað þrátt fyrir ört rýrnandi verðgildi peninga, hlaut að því að reka, að sjóðurinn yrði á engan hátt fær um að gegna hlutverki sínu. Eftir 1950 gat ekki komið til mála að bjóða höfundi 1500—2000 króna verðlaun fyrir vel samið vísindalegt rit, en til þess tíma höfðu hæstu verðlaun numið 2000 krónum. Veiting verðlauna úr sjóðnum hefur því fallið niður um tuttugu ára skeið og verður fráleitt tekin upp aftur, nema sjóðurinn verði með einhverjum hætti gerður hæfur til að gegna því hlutverki, sem honum var ætlað í öndverðu.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu líta svo á, að Alþingi megi ekki, sóma síns vegna, láta sjóð þennan liggja öllu lengur einskis megnugan og þann lofsverða tilgang, sem lá að baki sjóðsstofnuninni, að engu gerðan. Sá háttur hefur haldist, sem reglur sjóðsins gera ráð fyrir, að sameinað Alþingi kýs á hverju ári þrjá menn í verðlaunanefnd sjóðs, sem reistur er á dánargjöf Jóns Sigurðssonar og ber nafn hans, en síðan líða ár og áratugir, án þess að fært þyki að veita verðlaun úr sjóðnum. Skylda Alþingis og þjóðarinnar til að halda í heiðri minningu Jóns Sigurðssonar og konu hans er að dómi flm. næg röksemd fyrir því, að sjóðurinn verði reistur við með einhverjum hætti. En auk þess er ekki minni þörf nú en áður að hvetja menn og styrkja til vísindalegra afreka á þeim sviðum, sem sjóðnum er ætlað að sinna. Flm. líta svo á, að skjótvirkasta aðferðin til að tryggja sjóðnum starfsgrundvöll á ný sé að ætla honum nokkurt fé á fjárlögum hverju sinni og komi það til úthlutunar eftir þeim reglum, sem um meðferð á vöxtum sjóðsins gilda. Þó þykir rétt að veita verðlaunanefnd heimild til að styrkja vísinda- og fræðimenn, sem eru með rit í smíðum, en ekki eingöngu fullsamin rit, enda væri þá slík fjárveiting jöfnum höndum viðurkenning á viðfangsefninu og hæfni höfunda til að vinna verkið. Sjái sjóðsstjórn eitthvert ár ekki ástæðu til að úthluta fjárlagafénu á viðkomandi ári, er eðlilegt, að það, eða eftirstöðvar þess, bætist um áramót við höfuðstólinn, á sama hátt og ónotaðir vextir. Flm. telja við hæfi, að árleg upphæð sjóðnum til handa á fjárlögum hafi þá viðmiðun, að tryggt megi telja, að hún haldi nokkurn veginn gildi sínu, hvað sem verðgildi krónunnar líður. Því segir í tillögugreininni, að miðað skuli við upphæð, sem eigi sé lægri en árslaun prófessors við Háskóla Íslands.

Sþ. 141. Fyrirspurnir. [117. mál]

I. Til utanríkisráðherra um málefni Vladimirs Ashkenazy.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Vilja íslensk stjórnvöld taka upp að nýju við sovésk stjórnvöld þá beiðni föður Vladimirs Ashkenazy, að hann fái að heimsækja son sinn og fjölskyldu hans á Íslandi?
2. Hver voru svör sovésku stjórnarinnar á sínum tíma við sömu ósk?

II. Til fjármálaráðherra um fjárlagaáætlanir.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað líður gerð fjárlagaáætlana til nokkurra ára í senn, í samræmi við þingsályktun, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi?

III. Til iðnaðarráðherra um fjármagn og fjármagnsöflun til niðursuðuverksmiðja.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hvaða fjármagn hafa niðursuðuverksmiðjur í landinu fengið til uppbyggingar og endurbóta á tímabilinu 1972—1973?
2. Hvaða fjárfestingarsjóður á að veita lán til ofangreindra framkvæmda niðursuðuverksmiðjanna?

IV. Til iðnaðarráðherra um erlent hráefni til lagmetis.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hver hefur haft forustu um hráefniskaup erlendis frá á þessu ári fyrir Siglósíld, Norðurstjörnuna og K. Jónsson & Co., Akureyri?
2. Hvað hefur verið keypt mikið hráefni erlendis, og hvernig skiptist það á milli ofangreindra verksmiðja?
3. Í hvaða gæðaflokki hefur þetta erlenda hráefni verið, og hver hefur eftirlit með innflutningi þess, að því er varðar gæði og hollustu?
4. Er trygging fyrir því, að þetta hráefni gefi okkur samkeppnisaðstöðu á þeim hefðbundnu mörkuðum, þar sem Sölustofnunin er að leita fyrir sér um sölu á íslensku lagmeti?

V. Til iðnaðarráðherra um Sölustofnun lagmetis.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hver hefur söluárangur Sölustofnunar lagmetis orðið á fyrsta starfsári hennar, þ. e. hefur orðið aukning á magni útflutts lagmetis og hafa ný markaðslönd opnast fyrir atbeina Sölustofnunarinnar, frá því að hún hóf starfsemi sína?
2. Hefur afkoma lagmetisiðnaðarins batnað við tilkomu Sölustofnunar lagmetis, þ. e. hafa hagkvæmari sölusamningar fengist?

VI. Til fjármálaráðherra um Norðurstjörnuna o. fl.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Varð Norðurstjarnan h/f í Hafnarfirði ríkisfyrirtæki, þegar ríkissjóður breytti gömlum skuldum fyrirtækisins í hlutafé?
   Ef svo er, hvað er hlutafé ríkissjóðs mikið í Norðurstjörnunni, og hve stór hluti er það af heildarhlutafé?
2. Hve mikið fjármagn hefur ríkissjóður lagt í Sölustofnun lagmetis, Lagmetisiðjuna Siglósíld og Norðurstjörnuna h/f á s. l. ári og árinu 1973?

Ed. 142. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp það, sem hér um ræðir, og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 11. nóv. 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm. | Helgi F. Seljan, fundaskr. | Jón Árnason.
Oddur Ólafsson. | Steingrímur Hermannsson. | Jón Árm. Héðinsson.
Geir Gunnarsson.

Ed. 143. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd ræddi frumvarp það, sem hér um ræðir, á fundi sínum í dag. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frumv. óbreytts.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Helgi F. Seljan og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 19. nóv. 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm. | Geir Gunnarsson. | Karl St. Guðnason.
Jón Árnason. | Axel Jónsson.

Sþ. 144. Fyrirspurn [118. mál]

til samgönguráðherra um hafnamál.

Frá Karli St. Guðnasyni.

Hvenær er fyrirhugað að ljúka við þær framkvæmdir við landshöfnina Keflavík, Njarðvík, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, að gera þarf, svo að höfnin í Ytri-Njarðvík verði nothæf?

Nd. 145. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Ágúst Þorvaldsson, Lárus Jónsson, Gils Guðmundsson, Karvel Pálmason, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Skal til bráðabirgða miða við áætlun fjárlaga þess árs, en leiðrétta síðan í samræmi við innheimt skipulagsgjöld, sem renna skulu óskipt til þessara mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem lætur fylgja svofellda greinargerð:

Frá því að lög nr. 64 11. júní 1938 voru sett, hefur ríkissjóður ekki haft nein bein útgjöld vegna skipulagsmála, því að sérstakur tekjustofn, skipulagsgjald, 3‰ af brunabótaverði nýbygginga, hefur staðið undir kostnaði við þau mál, sbr. nú 35. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, og reglugerð nr. 209 21. okt. 1952.

Lengst af síðan 1938 hefur áætlun fjárlaga reynst lægri en innheimt skipulagsgjöld, en fjárveiting til skipulagsmála hefur verið miðuð við þá áætlun; hefur það, sem umfram hefur orðið, þar til 1970 runnið til almennra þarfa ríkissjóðs, en þá fékkst viðurkenning ríkisvaldsins á því, að skipulagsgjaldið ætti að renna óskipt til skipulagsmála. Það, sem oftekið var fyrir þann tíma, hefur hins vegar ekki fengist endurgreitt þrátt fyrir ákveðnar óskir um það, bæði frá skipulagsstjórn ríkisins og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Nemur þessi fjárhæð á annan tug milljóna, og er þá miðað við allt annað verðgildi peninga en við búum við í dag.

Nú er mjög vaxandi skilningur á gildi vandaðs skipulags, og menn gera sér stöðugt betur ljóst, hvílíkur kostnaður og óþægindi geta stafað af skipulagi, sem ekki er unnið svo vel sem kostur er. Þá er það ekki lítils virði, að skipulag sé í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar aðstæður og ný sjónarmið. En bæði gerð skipulags og endurskoðun kostar mikið fé.

Með skipulagslögum frá 1964 var lögfest, að heimila mætti sveitarfélögum að annast gerð skipulags undir yfirstjórn skipulagsstjórnar, og gætu þau vænst hlutdeildar úr ríkissjóði í kostnaði við slíkt. Þessari heimild voru þó svo þröngar skorður settar, að óviðunandi var, og tókst að fá heimildina víkkaða nokkuð með lögum nr. 41 24. maí 1972.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur margsinnis lýst sig fylgjandi því, að sveitarfélögin fái að hafa meiri veg og vanda af skipulagningu en verið hefur, og ýmis sveitarfélög hafa óskað þess mjög eindregið að fá slíka heimild og hún verið veitt í fáeinum tilvikum. Þess má geta, að Reykjavíkurborg hefur farið með sín skipulagsmál sjálf og að langmestu leyti á eigin kostnað, en í náinni samvinnu við skipulagsstjórn og áður skipulagsnefnd ríkisins.

Tvennt styður þessa þróun, annars vegar það, að skipulag ríkisins með alls sjö manna föstu starfsliði er gersamlega yfirhlaðið störfum, hvað snertir gerð skipulags og endurskoðun á um það bil 100 skipulagsskyldum stöðum, og svo hitt, að með því að gera fleiri aðila virka í skipulagsstarfinu ætti að fást meiri fjölbreytni og nýjar hugmyndir fremur að geta komið fram en verður, ef svo að segja öll skipulagning fer fram í einni stofnun. Slíkt gæti og orðið til þess, að landshlutasamtök sveitarfélaga gætu með tímanum tekið að sér skipulagsstörf, en mikla nauðsyn ber til þess að skapa tæknimenntuðum mönnum starfsskilyrði úti um land.

Nú eru uppi sívaxandi óskir sveitarfélaganna um það að fá meiri ítök um sín skipulagsmál og þar með fjárframlög, sem skipulagsstjórn hefur ekki getað sinnt nema að nokkru leyti vegna féleysis. Þykir brýna nauðsyn bera til þess, að ríkisvaldið sinni skipulagsmálum miklu meira en verið hefur og veiti framvegis fé til þeirra, í fyrsta lagi til þess að gjalda þá skuld, sem segja má, að stofnast hafi vegna þess, að það hefur áratugum saman tekið til almennra þarfa sinna fé, sem beinlínis var ætlað til skipulagsmála, en auk þess virðist eðlilegt, að ríkið leggi fram beinlínis nokkurt fé til þessara mikilvægu mála, er segja má, að skipti framtíðina meira en flest þau málefni, sem hæst ber á líðandi stund.

Einhver kynni að benda á, að til álita kæmi hækkun skipulagsgjaldsins. Stjórnin getur ekki lagt til slíka hækkun. Skipulagsgjaldið var frá byrjun óheppilegur tekjustofn að því leyti, að það kemur mjög illa við gjaldendur, því að það fellur í gjalddaga, þegar flestir húsbyggjendur eru í miklum fjárhagsörðugleikum með nýbyggingar sínar. Hins vegar þykir ekki fært að leggja til, að það verði afnumið, meðan ekki er fundinn annar tekjustofn, er að gangi mætti koma.

Benda má á, að í lögum nr. 41/1972 er á ýmsan hátt takmarkað, hve mikil fjárframlög sveitarfélög, sem taka í eigin hendur skipulagsmálin, geti vænst að fá í þessu skyni, þannig að félagsmálaráðuneytið getur haft hemil á slíku. Má í því sambandi benda sérstaklega á þörf þess, að gerður sé samningur eða settar reglur um það, hvaða kostnaði við gerð skipulags skipulagsstjórnin taki þátt í, hvernig greiðslum skuli hagað, og annað slíkt. Skipulagsstjórn hefur gengist fyrir skipun nefndar ýmissa aðila, sem hlut eiga að máli, til að fjalla um þetta efni, sem er, eins og að líkum lætur, erfitt úrlausnar, en eigi að síður nauðsynlegt er að leysa til að koma í veg fyrir ágreining síðar meir.

Fylgiskjal.

SKIPULAGSSTJÓRINN

Reykjavík, 1.3. 1973.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs vegna skipulagsmála 1956—1970 samkvæmt upplýsingum ríkisbókara og skipulagsstjóra.

Ár	Fjárlög Tekjur áætlaðar jafnar gjöldum	Raunverulegar tekjur ríkissj. af skipulagsgj. 3‰ brunabótamati húsa	Raunveruleg gjöld ríkissjóðs vegna skipulagsmála	Mismunur tekjur ríkissjóðs umfram kostnað
1956	541 776	758 457	534 196	224 261
1957	644 166	1 169 754	565 756	603 998
1958	721 834	1 340 576	736 021	604 555
1959	812 638	1 308 777	712 954	595 823
1960	972 625	1 665 539	941 813	723 726
1961	1 109 917	2 500 675	1 101 049	1 399 626
1962	1 290 842	2 563 013	1 320 462	1 242 551
1963	1 358 471	2 145 432	1 497 534	647 898
1964	3 030 630	3 319 948	3 030 630	289 318
1965	3 926 286	4 178 233	3 926 286	251 947
1966	4 036 280	4 077 462	4 396 960	÷ 319 498
1967	5 366 000	7 033 000	5 366 000	1 667 000
1968	6 701 000	7 534 406	6 701 000	833 406
1969	7 765 000	9 328 423	6 765 000	2 563 423
1970	8 600 000	10 186 654	8 600 000	1 586 654
Samtals		59 110 349	46 195 661	12 914 688

Á þessu 15 ára tímabili hefur ríkissjóður þannig haft alls 12 914 688 króna hagnað af skipulagsgjöldum fram yfir kostnað vegna skipulagsmála á sama tíma.

Árið 1971 námu innheimt skipulagsgjöld ..... kr. 12 687 992.00
en árið 1972 námu innheimt skipulagsgjöld ..... — 13 809 000.00

Z. Pálsson.

Sþ. 146. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram hið fyrsta ítarlega rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta við mismunandi veðurskilyrði á hafinu um-

hverfis Ísland, enn fremur á búnaði bátanna, þar á meðal radíósenditækjum, sem staðsett væru í þeim. Skal Sjóslysanefnd hafa forgöngu um rannsókn þessa, en kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Með henni fylgdi svofelld grg. þá:

„Þegar eldur kom upp í útjaðri byggðar í Vestmannaeyjum, þótti ganga kraftaverki næst, að til lands tókst að flytja nær alla íbúa eyjanna á skömmum tíma, án þess að nokkur slys á fólki hlytust af.

Nokkrum vikum áður en náttúruhamfarir þessar hófust urðu miklar umræður á Alþingi um tryggingarmál sjómanna. Þótt fram kæmu í þeim umræðum mismunandi skoðun á bótaupphæðum og fyrirkomulagi slíkra trygginga, dró enginn í efa þá sérstöku hættu, sem stétt sjómanna okkar býr við í starfi sínu. Enda hefur legið fyrir um langan tíma sem tölfræðileg staðreynd, að reikna megi með, að ákveðið hlutfall þeirra, sem sjómennsku stunda hér við land, láti líf sitt í starfi árlega.

En kaldhæðnisleg hlýtur sú staðreynd að vera fyrir þá, sem allar tryggingar sjómanna telja vera of góðar tryggingar, að þurfa að hafa í huga, að um líkt leyti og náttúruhamfarirnar miklu í Vestmannaeyjum standa yfir, eru íslenskir sjómenn að láta líf sitt vegna náttúruhamfara, ekki langt undan.

Í janúar og febrúar í ár hafa 12 íslenskir sjómenn látið líf sitt í starfi og 5 færeyskir. Af þeim fórust 9 íslenskir og allir þeir færeysku með tveim skipum, sem fórust með allri áhöfn, einn féll útbyrðis og tveir drukknuðu í höfnum. Tala þeirra íslensku sjómanna, sem farist hafa frá síðasta sjómannadegi til loka febrúar í ár, er nú samtals 23.

Þrátt fyrir bættar líf- og örorkutryggingar sjómanna má að sjálfsögðu ekkert lát verða á, að áfram sé unnið að auknu öryggi sjófarenda. Sannleikurinn er líka sá, að í dag eigum við hina hæfustu menn, sem að þessu vinna, bæði hjá Slysavarnafélagi Íslands og Sjóslysanefnd. Þá er bæði rétt og skylt að geta þess, að flestir skipstjórar og útgerðarmenn kappkosta að hafa öryggisútbúnað skipanna í sem bestu lagi og nokkrir hafa sérstöðu um leitun slíkra hjálpartækja og búnað skipa sinna á þessu sviði fram yfir það, sem reglur segja um.

Flest sjóslys sýna fram á eitt og annað fyrir þá, sem áhuga hafa á, og lærdóm má draga af. Enn fremur vekja þau spurningar, sem nauðsynlegt er að fá svar við.

Síðasta sjóslysið hér við land, er v/s Sjöstjarnan fórst, og sú umfangsmikla leit, sem þá átti sér stað frá innlendum og erlendum skipum og flugvélum, segir okkur, að í ýmsu sé ábótavant um vitneskju okkar á því, hvaða áhrif vindar og straumar hafi á rek gúmbjörgunarbáta af ýmsum stærðum með mismunandi hleðslu.

Straumar eru mismunandi að stefnu og styrkleika, og liggur ekki of mikið af fróðleik þar um fyrir skipstjórnendum, þótt vel hafi verið að unnið hin síðari ár. Vindhraði og sjávarrót er breytilegt, en áhrif þessara afla sameiginlega á rek björgunarbáta hafa lítt verið könnuð hér við land við aðstæður, sem til verða, þegar þessir þættir, sem nefndir hafa verið, fara nokkrir eða allir saman. Þetta þarf að gera víða við landið sérstaklega á hafsvæðum, þar sem einn þessara þátta hefur meiri áhrif en annar. Þess skal getið, að sú er álitið, að vindur hafi meiri áhrif á rek slíkra báta en almennt hefur verið talið til þessa, þótt hleðsla og djúprista hafi þar einhver áhrif á.

Gúmbjörgunarbátarnir hafa þegar bjargað fjölda mannslífa hér við land. En gerð þeirra og búnaður hlýtur að verða áfram sem hingað til undir gagnrýni og til endurskoðunar með frekara öryggi í huga.

Það, sem nú þarf sérstaklega að kanna, er, hvernig megi búa báta þessa, svo að þeir verði betur séðir í augnmáli en nú er, enn fremur um ratsjárendurskinsmerki á bátana eða að hægt verði að gera þá sjálfa endurskinshæfa, að ekki sé talað um rannsókn á því, með hvaða hætti sé hægt að koma fyrir í bátunum sjálf-

virkum radíó-s sendi á neyðarbylgju, sem fari af stað, þegar báturinn blæs upp. Fleira má að sjálfsögðu upp telja, og á það mun minnst í framsögu fyrir tillögu þessari.

Þegar flm. þessarar tillögu flutti ásamt fleiri þingmönnum fyrir rúmum áratug hér á Alþingi þáltill. um daglegt eftirlit með fiskiskipum, að gefnu tilefni, þótti mörgum úr röðum sjómanna og þeirra, sem að slysavarnamálum unnu, seint ganga með framkvæmd till. Enda fór svo, að Slysavarnafélagið og samtök skipstjórnarmanna beittu sér fyrir framgangi málsins. Tilkynningarskyldan, sem nú starfar allan sólarhringinn og er rekin á vegum Slysavarnafélagsins, hefur stóreflst á síðustu árum með heill og öryggi sjófarenda í huga auk mikilsháttar þjónustuhlutverks fyrir fjölskyldur sjómanna og útgerðarmanna.

Með þeirri till., sem hér er flutt, ef samþykkt verður, er verið að slá föstu um vilja Alþingis til að leggja í þann kostnað, sem af slíkri rannsókn leiðir. Ágreiningur verður ekki meðal sjómanna um forustu málsins. Þeir bera traust til Sjóslysanefndar og þeirra aðila, sem að henni standa, en þar er Slysavarnafélag Íslands einn aðila, auk fulltrúa Siglingamálastofnunar, útgerðarmanna og sjómanna, bæði yfir- og undirmanna.

Þess er því að vænta, að aðilar þessir hefjist þegar handa um framkvæmd till. þessarar, ef Alþingi veitir samþykki sitt þar til."

Ed. 147. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um starfskjör launþega o. fl.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið sammála um að mæla með samþykki þess óbreytts.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 22. nóv. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.	Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um Z í ritmáli.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Helgi F. Seljan, Ellert B. Schram, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar, að hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella Z niður í íslenzku ritmáli.

Greinargerð.

Ákvörðunin um að fella Z niður í ritmáli er undanhald. Öllu undanhaldi er varðar íslenzkt mál, talað eða ritað, ber þegar í stað að snúa í sókn.

Ed. 149. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960, um Verslunarbanka Íslands h/f.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Björn Jónsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1973.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Karl Steinar Guðnason.	Magnús Jónsson.	Geir Hallgrímsson.

Sþ. 150. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um, að hraðað verði rannsóknum og framkvæmdum við nýtingu jarðhita.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein, Ólafur G. Einarsson, Matthías Bjarnason, Jón Árnason, Gunnar Gíslason, Friðjón Þórðarson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða svo sem frekast má skipulegri athugun á því, hvar hagkvæmast er að nýta jarðhita í stað olíu til húsahitunar, og gera sem skjótast ráðstafanir til nýtingar hans í þessu skyni.

Þá ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að gera hið bráðasta allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hraða þeim hitaveituframkvæmdum, sem undirbúnar hafa verið.

Greinargerð.

Fáar framkvæmdir munu gefa þjóðinni jafnmikið í aðra hönd og hitaveituframkvæmdir. Eins og málum er nú komið, mun kostnaður við upphitun húsa frá hitaveitum vart meiri en 40% af kostnaði við upphitun þeirra með olíu.

Sé hitunarkostnaður Reykvíkinga athugaður og gerður samanburðar á kostnaðinum eins og hann er og eins og hann yrði, ef olía væri notuð, kemur best í ljós, hvílíka hagsmuni hér er um að ræða.

Árið 1973 er hitunarkostnaður Reykvíkinga talinn vera 450 millj. kr., í stað þess að með olíu er áætlað, að hitunarkostnaður þeirra hefði orðið með núverandi verðlagi 1130 millj. kr. Mun því hitaveitan spara Reykvíkingum á þessu ári 680 millj. kr. Af hitunarkostnaði í Reykjavík eru um 70% vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis, og er því sparnaðurinn um 23 þús. kr. á ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Gert er ráð fyrir, að olíuverð hækki á næstunni um 90%. Lætur þá nærri, að 1974 hefði hitunarkostnaður Reykvíkinga orðið 2150 millj. kr. með olíu í stað 585 millj. kr. frá hitaveitunni, og er þá miðað við 30% hækkun á gildandi gjaldskrá. Sparnaður Reykvíkinga vegna hitaveitunnar á næsta ári er því áætlaður um 1565 millj. kr. eða um 50 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Á árunum 1969—70 beitti Atvinnumálanefnd ríkisins, er þá starfaði, sér fyrir mikilli aukningu rannsókna á hugsanlegum hitaveituframkvæmdum og aukinni fjáröflun til þeirra framkvæmda, sem hagkvæmt reyndist að ráðast í. Voru rannsóknir framkvæmdar á Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Siglufirði, og ráðist var í framkvæmdir á Dalvík, Húsavík, Ólafsfirði, Reykja-

hlíðarhverfi við Mývatn, Hvammstanga og Seltjarnarnesi, auk þess sem framkvæmdum í Reykjavík var hraðað.

Á undanförnum árum hefur hins vegar dregið úr rannsóknum og framkvæmdum á þessu sviði á vegum ríkisins. Hins vegar hafa verið gerðir samningar á milli Hitaveitu Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar um lagningu hitaveitu til þessara staða, og samningar við Garðahrepp eru á lokastigi, en hætta er á, að framkvæmdir dragist, þar sem ríkisstjórnin virðist ekki ætla að leyfa eðlilegar hækkanir á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur.

Undirbúningur og rannsóknir hafa farið fram vegna hitaveituframkvæmda á Suðurnesjum og í Borgarfirði, en fjármagnsskortur hefur mjög tafið fyrir, enda þótt talið sé, að mjög góður grundvöllur sé fyrir hitaveituframkvæmdum á báðum þessum jarðhitasvæðum. Sjálfsagt eru mun fleiri jarðhitasvæði í landinu, sem hagkvæmt væri að virkja til húsahitunar, sem hefði í för með sér mikinn sparnað fyrir neytendur.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, að einskis má láta ófreistað til að flýta því, að unnt reynist að ráðast í þessar og aðrar framkvæmdir, sem til greina geta komið. Íslendingar hljóta að leggja aukna áherslu á nýtingu sinnar eigin orku til upphitunar híbýla sinna, svo og annarra hagnýtrar notkunar, enda atburðir síðustu vikna til aðvörunar í þessum málum.

Sþ. 151. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um nýtingu raforku til húsahitunar og verðjöfnun á raforku.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar fyrri áætlanir um raforkuframleiðslu til húsahitunar með það fyrir augum, að öllum aðgerðum í þessum efnum verði flýtt svo sem kostur er á. Jafnframt beiti ríkisstjórnin sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, ef með þarf, til þess að á verði komið jöfnunarverði á raforku til húsahitunar, þannig að kostnaður við upphitun húsa með raforku verði sambærilegur við hitun húsa á jarðhitasvæðum, þar sem hitaveitur eru fyrir hendi eða verður við komið með eðlilegum hætti.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur verð á olíu hækkað allmikið nú að undanförnu og fyrirsjáanlegar gífurlegar verðhækkanir í náinni framtíð. Kemur þessi verðhækkun sérstaklega hart niður á atvinnurekstri, sem háður er olíunotkun, svo og öllum almenningi í landinu, sem ekki hefur aðstöðu til að nota jarðvarma eða raforku á hagstæðu verði til húsahitunar.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins munu hafa verið gerðar áætlanir um aukna orkuframleiðslu og aukna sölu á raforku til húsahitunar. Allar munu þær áætlanir miðaðar við eðlilega þróun þessara mála, þannig að hitun húsa með raforku tæki við af olíukyndingu, en þróun þessi mundi eiga sér stað á nokkuð löngu árabili. Nú hefur hins vegar átt sér stað, svo sem að framan greinir, að verð á olíum hefur snögglega og óvænt hækkað og það svo mjög, að miklum fjárhagserfiðleikum mun valda hjá fjölskyldum með meðaltekjur að standa undir kyndingarkostnaði húsa sinna, ef þau eru utan svæða, þar sem til jarðvarma næst.

Fram að þessu hafa þeir, sem þurft hafa að kynda hús sín með olíu, búið við miklu lakari aðstöðu en þeir, sem á hitaveitusvæðum búa. Hefur þetta óneitanlega skapað verulegan aðstöðumun í landinu og fram að þessu á engan hátt gert ráð fyrir neinni verðjöfnun þar á milli. Við þá breytingu, sem fyrirsjáanlega verður á olíu-

verðinu til hækkunar, verður þessi mismunur enn tilfinnanlegri, og verður ekki annað séð en að stjórnvöld verði að leggja allan þunga á að nýta þá raforku, sem fyrir hendi er í landinu, og gera þegar í stað ráðstafanir til aukinnar orkuvinnslu í því skyni, að veruleg aukning verði á notkun raforku til húsahitunar, og jafnframt að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, ef með þarf, til þess að á verði komið jöfnunarverði á raforku til húsahitunar, og verði raforkuverð við það miðað, að kostnaður við upphitun húsa með raforku verði eigi meiri en hitunarkostnaður húsa á jarðhitasvæðum, þannig að landsmenn búi allir við sömu aðstöðu varðandi þetta atriði, hvar sem er á landinu.

Sþ. 152. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um, að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík.

Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela stjórn S. R. að hefja nú þegar undirbúning að því að reisa verksmiðju í Grindavík, er geti brætt um 2500 tonn af loðnu á sólarhring og verði tilbúin til vinnslu í ársbyrjun 1975.

Greinargerð.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning, og veiðast þá um 125 þús. tonn. En næstu tvö árin er aflinn heldur minni eða rétt innan við 100 þús. tonn. Síðan verður mikil breyting og aflast frá 170—190 þús. tonn á árunum 1969—71. Fleiri skip taka þátt í veiðunum en áður og aukin þekking og auknar rannsóknir á göngum loðnunnar stuðla að þessari þróun. Geysileg aukning varð svo í aflanum árið 1972, en þá veiddust 277 þús. tonn, og á s. l. vertíð veiddust 440 þús. tonn. Þá tóku um 90 skip þátt í veiðunum, og þótti mörgum það mikil þátttaka. En nú er fyrirsjáanlegt, að allt að því 120 skip munu taka þátt í veiðunum. Þessi aukning skipa í loðnuveiðum mun kalla á betra skipulag og aukna móttöku við löndun en áður hefur verið. Á s. l. vertíð var stofnað til Loðnuflutningasjóðs, sem þegar sannaði gildi sitt, og mun ákveðið, að hann starfi áfram. Hins vegar er það ljóst, að aukning í veiðiflota um 30 skip er svo mikil, að mæta verður afkastagetu flotans með því að reisa nýjar verksmiðjur sem allra fyrst. Vitað er einnig, að margir hafa hug á því að kaupa enn ný og stór veiðiskip, og fari svo, að þau verði keypt, er afkastageta þeirra svo mikil, að þau mundu ein sér gera meira en að afla fyrir verksmiðju með 2500 tonna sólarhrings vinnslu. Það er því augljóst mál, að brýna nauðsyn ber til að hefja nú þegar undirbúning að nýrri stórri verksmiðju á vegum Síldarverksmiðja ríkisins. S. R. eiga frá fyrri tíma mikið af tækjum, sem ekki eru nýtt, og hlýtur að teljast tímabært að taka þessi tæki í notkun, þegar verkefni eru fyrir hendi, og það sem fyrst.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir svo á bls. 5, í kaflanum um atvinnulíf: „Að gera sérstakt átak til að endurbæta frystihúsareksturinn og taka löggjöf og rekstur Síldarverksmiðja ríkisins til endurskoðunar.“

Með hliðsjón af þessu og svo augljósri þörf til að bjarga auknum afla er þessu máli hreyft hér á þingi. Þessu til viðbótar kemur svo, að nú innan tíðar verður höfnin í Grindavík gjörbreytt og getur tekið við öllum skipum. Heildarfjármagn í þessar framkvæmdir verður nokkuð yfir 600 milljónir, og er augljóst, að höfnin mun þurfa á öllum möguleikum til tekjuöflunar að halda.

Þótt Loðnuflutningasjóður starfi með ágætum, má ekki gleyma því, að það kostar tugi milljóna í olíueyðslu að sigla með loðnu norður fyrir land, og hækkandi

verð á olíunni veldur mönnum áhyggjum. Þótt ný verksmiðja verði reist í Grindavík mun hún samt sem áður ekki gera meira en að mæta hluta af þeirri aukningu, sem vænta má. Það er skoðun flutningsmanns, að ekki verði langt í það, að S. R. verði einnig að reisa aðra verksmiðju og staðsetja hana í Þorlákshöfn, þegar höfnin þar er orðin betri en nú er.

Rekstur ríkisverksmiðjanna hefur gengið erfiðlega undanfarin ár, og mundi verksmiðja í Grindavík bæta hér verulega úr. Geysilegur hagnaður varð hjá öllum verksmiðjum á s. l. loðnuvertíð, og hlýtur að vera eðlilegt, að Síldarverksmiðjur ríkisins endurbæti rekstur sinn svo sem einkaaðilar gera nú hver sem betur getur. Eftir því, sem bráðabirgðauppgjör hjá S. R. sýnir, varð um 50 millj. kr. nettó-hagnaður hjá þeim á loðnuvertíðinni. Þessu fjármagni þarf að verja til endurbóta og betri greiðslustöðu S. R. En áfram þarf að halda og byggja einnig upp fyrir framtíðina, og vegna loðnuveiðanna hníga öll rök að því, að stór og nýtískuleg verksmiðja verði reist í Grindavík. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Ed. 153. Lög [31. mál]

um breyting á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960, um Verslunarbanka Íslands h.f.

(Afgreidd frá Ed. 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 39.

Ed. 154. Frumvarp til laga [125. mál]

umum breyting á læknalögum nr. 80 23. júní 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

2. grein hljóði svo:

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og heilbrigðisráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi, samkvæmt 1. málsgrein, skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum heilbrigðisstjórnar og læknadeildar Háskóla Íslands.

Þeir einir geta hlotið ótakmarkað lækningaleyfi sem hafa til þess meðmæli læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef önnur málsgrein 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Meðmæli samkvæmt ofanrituðu er óheimilt að veita, ef einhverjum meðmælanda er kunnugt um andlega ágalla hjá umsækjanda, sem gera mundu hann óhæfan til læknisstarfa.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjandi hafi gengt starfi við heilsugæslustöð í allt að sex mánuði að námi loknu.

3. gr.

3. grein hljóði svo:

Ráðherra getur veitt manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. grein, lækningaleyfi (takmarkað eða ótakmarkað) og þar með rétt til þess að kalla sig lækni hér á landi enda uppfylli hann skilorð 2. greinar að öðru leyti.

Læknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni fyrir henni, að próf hans sé sambærilegt að gæðum við próf frá deildinni.

4. gr.

4. grein hljóði svo:

Ef nauðsyn krefur, má ráðherra, eftir meðmælum landlæknis, fela læknanemum að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim störfum.

5. gr.

1. mgr. 7. greinar hljóði svo:

Læknar eru skyldir til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga, er þeir hafa eða hafa haft undir höndum, er slíkra vottorða er almennt krafist, vegna viðskipta sjúklinganna við hið opinbera og ber þeim að fara nákvæmlega eftir öllum fyrirmælum um gerð vottorðanna. Sama skylda hvílir á sjúkrahúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum. Heimilt er að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef ástæða þykir til vegna ákvæða 10. gr.

6. gr.

4. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Ákvæði þessi gilda einnig um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Síðari málsgrein 12. greinar hljóði svo:

Ákvæði þessi gilda einnig um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa svo og um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni, og viðkomandi stéttarfélög, eftir því sem við getur átt.

8. gr.

13. grein falli burtu og númer annarra greina breytist í samræmi við það.

9. gr.

14. grein verði 13. grein og hljóði svo:

Allir, sem lækningaleyfi hafa, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber honum að gæta þess, að þeir haldi ákvæði þessara laga og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Hann má heimta af þeim skýrslur viðvíkjandi störfum þeirra og heilbrigðismálum, sem hann telur nauðsynlegar, og að þeir haldi þær bækur, sem eru nauðsynlegar til skýrslugerðarinnar.

Ákvæði þessi skulu einnig gilda um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni eftir því, sem við getur átt, svo og um hvers konar heilbrigðisstofnanir.

10. gr.

Upphaf 3. tl. 15. greinar hljóði svo:

„ef einhver, ...“

11. gr.

1. mgr. 18. greinar hljóði svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu lækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram um breyting á læknalögum nr. 80 frá 23. júní 1969, hefur verið undirbúið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Í aprílmánuði s. l. barst ráðuneytinu bréf Læknafélags Íslands þar sem segir meðal annars: „Stjórn L. Í. telur að skilyrðislaust eigi að breyta núgildandi læknalögum á þann veg, að unnt sé að veita erlendum ríkisborgurum, er lokið hafa embættisprófi í læknisfræði við Háskóla Íslands, ótakmarkað lækningaleyfi".

Bréfi þessu fylgdi ljósrit af bréfi, sem Læknafélaginu hafði borist frá tveim konum, sem lokið höfðu prófi frá læknadeild Háskóla Íslands. Þær eru báðar giftar íslenskum mönnum, en halda erlendu ríkisfangi sínu. Eftir núgildandi læknalögum er því ekki heimilt að veita þeim annað en tímabundið lækningaleyfi og því aðeins að um sé að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenskur læknir hefur fengist til að gegna.

Að fenginni jákvæðri umsögn landlæknis um hugmynd að breytingu á læknalögum í þessa átt, ákvað ráðuneytið að leggja fyrir þing nú á þessu hausti, tillögu þessa til breytinga á læknalögunum.

Samkvæmt framansögðu er það meginbreyting frá gildandi læknalögum, að hér er gert ráð fyrir því í 2. grein frumvarps þessa, að íslenskt ríkisfang sé ekki skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis.

Aðrar efnisbreytingar eru ekki gerðar frá gildandi lögum. Hins vegar er orðalagi nokkurra greina breytt til nútímalegra horfs og felld er burtu 13. grein núgildandi laga, sem fjallar um borgun fyrir störf lækna, annarra en héraðslækna. Ákvæði þeirrar greinar eru úrelt þar sem nú er fjallað um þetta í lögum um almannatryggingar annars vegar og hins vegar í nýsettum lögum um heilbrigðisþjónustu, sem taka eiga gildi 1. janúar næstkomandi.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði frumvarps þessa ekki frekari skýringa.

Sþ. 155. Fyrirspurnir. [126. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um málefni útflutningsiðnaðar og lagmetis.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hafa ákvarðanir verið teknar af hálfu stjórnvalda um greiðslur til útflytjenda iðnaðarvarnings og lagmetis vegna gengistaps þessara aðila í sambandi við gengisbreytingar á þessu ári?
2. Ef slíkar ákvarðanir hafa ekki verið teknar, er þeirra að vænta á þessu ári?

II. Til dómsmálaráðherra um embætti umboðsmanns Alþingis.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis, sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 1972, um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis?

III. Til Samgönguráðherra um Aðaldalsflugvöll og flugsamgöngur við Kópasker.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Eru uppi fyrirætlanir um endurbætur á aðstöðu á Aðaldalsflugvelli?
2. Hyggjast stjórnvöld beita sér fyrir því, að áætlunarflug verði hafið aftur til Kópaskers?

IV. Til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?
2. Hvað hefur nefndin haldið marga fundi, og hvenær voru þeir haldnir?
3. Eru líkur á, að nefndin ljúki störfum fyrir þann tíma, sem ætlað er, að minnst verði ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar á næsta ári?

V. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Snæfellsnesi.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvenær er þess að vænta, að Snæfellsnes verði tengt við Andakíls- og Landsvirkjanir eða aðrar umbætur verði í raforkumálum Snæfellinga?

VI. Til iðnaðarráðherra um hitun húsa með raforku.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun um hitun húsa með raforku, sem samþykkt var í neðri deild Alþingis 1. mars 1971?

VII. Til landbúnaðarráðherra um verðlagningu ríkisjarða.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

1. Hefur landbúnaðarráðherra sett sér einhverjar ákveðnar reglur til þess að fara eftir við ákvörðun söluverðs ríkisjarða?
2. Ef svo er, hverjar eru þær reglur, og eru þær breytilegar eftir því, hvort kaupandi er sveitarfélag eða einstaklingur?
3. Er ákvörðun um söluverð ríkisjarðar í hendi landbúnaðarráðherra eins?

Ed. 156. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 22. nóvember 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundarskr.	Páll Þorsteinsson.
Auður Auðuns.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. **157. Tillaga til þingsályktunar** [127. mál]

um umhverfismál.

Flm.: Heimir Hannesson, Jónas Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja hið fyrsta heildarlöggjöf um umhverfismál.

Greinargerð.

Alkunna er, að hugmyndir manna, bæði um nánasta umhverfi sitt í byggð, svo og um náttúruvernd, hafa breyst mikið, jafnt hér á landi sem erlendis. Er mönnum að verða æ ljósari sú staðreynd, að beita þarf öllum tiltækum ráðum til að forða frá mengun og náttúruspjöllum. Kemur sá skilningur fram nú þegar í íslenskum lögum og þá einkum lögum um náttúruvernd og lögum um olíumengun í sjó, svo og í heilbrigðislöggjöfinni.

Sú þróun er enn fremur hröð, þó að til þessa hafi hennar e. t. v. ekki gætt í jafnríkum mæli hér sem víða í nágrannaríkjum okkar, að ekki þarf síður að hafa öflugar gætur á umhverfisvernd í byggð — hinu næsta umhverfi mannsins mestan hluta ársins, jafnt við heimili og vinnustaði. Því miður hefur þessum málum ekki verið almennt sinnt sem skyldi. Það er skoðun flutningsmanna, að hugtakið fagurt land beri ekki eingöngu að skoða í ljósi hinnar sjálfsögðu varðveislu náttúruverðmæta, heldur líka í varðveislu og sköpun fagurs umhverfis jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Flutningsmenn telja t. d., að of algengt sé, að við byggingarframkvæmdir hér á landi sé ekki nægilega hirt um sjálfsögð umhverfissjónarmið, eins og frágang lóða, málun húsa og almenna snyrtilega umgengni. Eins sé það of algengt, að bæjar- og sveitarfélög láti undir höfuð leggjast að fylgja eftir ákvæðum byggingarsamþykkta um ýmiss konar frágang, er snertir umhverfismál. Með nýrri heildarlöggjöf um umhverfismál þurfi að ýta undir og örva áhuga og viðleitni opinberra aðila og einkaaðila að láta umhverfissjónarmið, sem oft geta verið í formi listrænnar tjáningar, koma fram við hönnun og alla framkvæmd ýmissa verklegra framkvæmda, m. a. í byggingarframkvæmdum. Á þetta sérstaklega við skipulagningu nýrra hverfa, opinberar byggingar, söfn o. fl., auk fjölmargra annarra atriða.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vilja leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess, að löggjafarvaldið flýti fyrir þessari jákvæðu þróun með lagasetningu, sem sameinaði þá löggjöf, sem þegar er fyrir hendi, og þau sjónarmið, sem hér er lýst. Á þann hátt væri komið til móts við vaxandi áhuga landsmanna á umhverfisvernd í byggð jafnt sem utan byggðar og um leið studd vaxandi viðleitni ýmissa áhugamannafélaga um þessi mál, m. a. náttúruverndarfélaga og fegrunarfélaga. Slík lagasetning yrði að stefnumörkun til nátengd þeirri stefnu, er þegar kemur fram í náttúruverndarlögunum, en næði mun lengra. Sjálfsagt er að kanna löggjöf Norðurlandaþjóðanna um þessi efni.

Telja flutningsmenn aldrei of oft á það minnt, að landsmenn allir ættu með sameiginlegu átaki að varðveita og fegra þá náttúruperlu, sem Ísland er, og á mörgum sviðum þurfi aðeins lítið átak, til að miklar breytingar verði. Jafnframt verði menn að hafa í huga, að Ísland er fyrst og fremst matvælaframleiðsluland, þar sem sýna verður fullkomið hreinlæti og góða umgengni úti sem inni — jafnt í hinum daglegu störfum í byggð sem í samskiptum við náttúruna. Flutningsmenn telja þó, að árangurs sé ekki að vænta með valdboðum, heldur miklu frekar lagasetningu, er styddi að því, sem að framan er sagt, á margvíslegan hátt í samvinnu hins opinbera aðila við alla þá, sem þessi víðtæku mál skipta, og með þeim reynt að styrkja það almenningsálit og þá umgengnishætti, er fegruðu landið. Hér er áreiðanlega þörf á stóraukinni fræðslustarfsemi í skólum og í fjölmiðlum. Núverandi löggjöf er ekki fullnægjandi sem heildarlöggjöf í þessu sambandi, og ný löggjöf þyrfti að marka hin nýju viðhorf, er rutt hafa sér rúms á síðustu árum — að lífsgæðin væru ekki

sist í því fólgin að njóta ánægjulegra samskipta við umhverfið, hvort sem það er á vinnustað, við heimilin eða í ferðalögum um landið. Flutningsmenn telja, að samþykkt slíks frumvarps væri verðug afmælisgjöf til þjóðarinnar á 1100 ára afmæli byggðar í landinu, og leggja því á það áherslu, að málið nái fram að ganga á árinu 1974.

Nd. 158. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til laga um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
   Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

Nd. 159. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum. Fram komu m. a. upplýsingar um ráðstöfun þess fjár, sem ekki var endurlánað Framkvæmdasjóði Íslands, en það skiptist þannig:

Til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun 1973	273 millj. kr.
Til togarakaupa	233 — —

Að fengnum ýmsum upplýsingum ákvað nefndin að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndinni barst bréf frá fjármálaráðuneytinu um lántöku vegna hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði. Þar er þess óskað, að nefndin flytji breytingartillögu við ofangreint frumvarp um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka 7 millj. dollara lán hjá Alþjóðabankanum til framkvæmda í téðum höfnum.

Nefndin ræddi þetta atriði sérstaklega og kvaddi til viðtals þá Davíð Ólafsson seðlabankastjóra, Halldór E. Sigurðsson fjármálaráðherra, Björn Jónsson samgönguráðherra og Brynjólf Ingólfsson ráðuneytisstjóra. Mun formaður nefndarinnar flytja breytingartillögu við frumvarpið í samræmi við téðar óskir fjármálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um það atriði og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fram kom í nefndinni athugasemd við það að flytja þetta mál sem breytingartillögu við frumvarp, og fundið var að efnismeðferð.

Alþingi, 28. nóv. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
Matthías Bjarnason.	Karvel Pálmason.	Matthías Á. Mathiesen.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Sþ. 160. Fyrirspurnir [128. mál]

I. Til félagsmálaráðherra varðandi byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga í samræmi við heimild laga nr. 58 frá 30. apríl s. l. um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins?
2. Hefur verið sett reglugerð um framkvæmd þessa?
3. Hve margar umsóknir hafa borist frá sveitarfélögum um stuðning samkvæmt þessum ákvæðum?

II. Til iðnaðarráðherra um tafir á lagningu rafmagns á sveitabæi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hefur skortur á efni, svo sem spennum, valdið töfum á því, að hægt væri að tengja bæi við samveitur, sem fyrirhugað var að fengju rafmagn á s. l. sumri eða hausti, og ef svo er, hverju sætir slíkt?

Nd. 161. Frumvarp til laga [129. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.

Flm.: Matthías Bjarnason, Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Bolungarvíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Hólshrepp og heitir Bolungarvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Um valdsvið bæjarfógeta í Bolungarvíkurkaupstað og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Hólshrepp og ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Norður-Ísafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Ef þessir aðilar ná ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur farið þess á leit við þingmenn Vestfjarðakjördæmis, að þeir flyttu frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvíkurkauptún og standa allir þingmenn Vestfjarða að flutningi þessa frv.

Í bréfi hreppsnefndar Hólshrepps segir, að forsendur fyrir samþykkt hreppsnefndar um kaupstaðarréttindi fyrir Bolungarvík séu m. a. þessar:

1. Að embætti lögreglustjóra verði gert að fullgildu embætti bæjarfógeta.
2. Að skapa Bolungarvík þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa, og losa tengsl við Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með lögum nr. 14 frá 25. jan. 1934 var stofnað embætti lögreglustjóra í Bolungarvík, með lögsögu fyrir Hólshrepp. Með síðari útfærslu á starfssviði embættisins hefur það nú á hendi alla helstu málaflokka, sem heyra undir embætti bæjarfógeta, og er því nánast um nafnbreytingu að ræða. Varðandi 2. lið er bent á, að kaupstaðir heyra beint undir félagsmálaráðuneytið, sem fer með sveitarstjórnarmálefni, en eiga enga aðild að sýslufélögum.

Með ákvæðum í lögum nr. 67 frá 1971 um sjúkrasamlög var sjúkrasamlag Bolungarvíkur lagt niður, og verða íbúar byggðarlagsins að sækja í annað byggðarlag þá þjónustu, sem þeim hefur verið veitt heima um áratugaskeið.

Þar sem landfræðileg lega Hólshrepps er þannig, að lítil sem engin samskipti eiga sér stað við önnur sveitarfélög Norður-Ísafjarðarsýslu, hefur oft komið til umræðu að æskja kaupstaðarréttinda fyrir Bolungarvík. Fyrsta fundarsamþykkt þar um er frá 4. mars 1915.

Með byggðaröskun, sem átt hefur sér stað í sýslunni á undanförnum árum, og með sameiningu Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar, hefur skapast það óæskilega ástand, að í 5 af 6 hreppum sýslunnar býr aðeins ⅓ hluti af íbúunum. Tengsl Hólshrepps við Norður-Ísafjarðarsýslu eru því orðin óeðlileg, þar sem áhrif hans á stjórn málefna sýslunnar miðast við einn fulltrúa í sýslunefnd, en hluti hreppsins af sýslusjóðsgjöldum miðast við íbúafjölda, sem er um ⅔ af öllum íbúum sýslunnar.

Sþ. 162. Breytingartillaga [65. mál]

við till. til þál. um kaup á farþegaskipi, er sigli milli Íslands, Færeyja, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur.

Frá Svövu Jakobsdóttur og Gils Guðmundssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta gera rækilega könnun á rekstrarmöguleikum og hagkvæmu rekstrarformi nýs farþegaskips, sem uppfyllir nútímakröfur í slíkum efnum. Sé við það miðað, að skipið haldi uppi reglubundnum ferðum milli Íslands, Færeyja, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur. Skal athugað sérstaklega, hvort ekki reynist kleift að leysa málið með norrænu samstarfi á grundvelli Samstarfssamnings Norðurlanda um samgöngumál, sem tók gildi 1. mars 1973.

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um athugun og tillögur til úrbóta á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að athuga og gera tillögur um úrbætur á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins. Skal nefndin m. a. taka til athugunar rekstrarafkomu og rekstrarfjárþörf þessara þjónustuaðila yfir vetrarmánuðina, ásamt leit að leiðum til bættrar afkomu, enn fremur tillögur um aðstoð hins opinbera, ef þess er þörf, og samræmingu slíkrar aðstoðar.

Nefndin skal skila áliti eigi síðar en svo, að leggja megi tillögu hennar fyrir Alþingi á næsta hausti.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur áhugi á ferðamálum og ferðamannaþjónustu farið vaxandi hér á landi. Sá áhugi hefur mest virst beinast að því að koma hér upp aðstöðu til þess að taka við sívaxandi fjölda erlendra ferðamanna, gera Ísland að ferðamannalandi. Þrátt fyrir, að það verði æ augljósara, með hve mikilli varúð þarf að ganga inn á þá braut, benda nýjar áætlanir um ferðamál, sem nú eru til athugunar hjá stjórnvöldum, mjög ótvírætt til, að þar sé enn stefnt í sömu átt.

Á sama tíma hefur þeim aðilum, sem fást við hina venjulegu ferðamannaþjónustu víðs vegar um landið, fyrst og fremst fyrir Íslendinga sjálfa, verið lítill gaumur gefinn. Margir einkaaðilar af þessu tagi, þ. e. þeir, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur utan aðalþéttbýlissvæða landsins, eiga nú við mikla og vaxandi erfiðleika að etja í því að halda starfsemi sinni í gangi yfir vetrarmánuðina, þegar tekjur af ferðamönnum eru í lágmarki. Til þessa liggja þær höfuðorsakir, að á síðustu árum hefur rekstrarkostnaður við þessa þjónustustarfsemi vaxið mjög, ekki síst í kjölfar vinnutímastyttingarinnar, sem óhjákvæmilega leiddi af sér fjölgun starfsfólks, kröfur um aðstöðu og aðbúnað ferðafólks hafa farið vaxandi, svo sem eðlilegt má telja í tímans rás, og síðast, en ekki síst hafa afskipti opinberra aðila af þessum málum m. a. komið fram í því að veita harðnandi samkeppni á þessu sviði með því að opna sem víðast ríkisrekin gistihús yfir bestu sumarmánuðina, þegar hægt er að fleyta rjómann af mesta ferðamannastraumnum. Er það og í samræmi við þá skoðun, að alla áherslu beri að leggja á þann tíma ársins, sem útlendir leggja hingað tíðast leið sína. Afleiðingin er sú, að ýmsir þeirra, sem lagt hafa kapp á að auka og bæta þessa mikilvægu þjónustu og halda henni uppi allt árið, ná ekki þeim tekjum út úr rekstri sumarsins, sem dugi til að vega upp hallarekstur vetrarins. Yfir vofir, verði ekki úr bætt, að þeir kunni að neyðast til að loka yfir veturinn, þegar síst má án þjónustu þeirra vera. Má rekja mörg dæmi þess, hver nauðsyn er slíkrar þjónustu fyrir ferðamenn, sem þurfa að brjótast í misjafnri færð í hrakviðrum vetrarins yfir hina ýmsu fjallvegi landsins eða setjast um kyrrt og komast hvergi, stundum dögum saman. Getur þá jafnvel riðið á lífi eða dauða, hvar áningarstað er að finna.

Á undanförnum árum hefur verið varið nokkru fé á fjárlögum til þess að styrkja þjónustuaðila af því tagi, sem hér hefur verið lýst. Nú liggur fyrir beiðni um fjárframlög frá fleiri aðilum en áður, auk þess sem farið er fram á hækkun til sumra þeirra, sem notið hafa framlaga að undanförnu.

Á síðasta Fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Húsavík 21.—23. okt. s. l., komu þessi mál til umræðu, og var þar afgreidd svofelld ályktun:

„Fjórðungsþing Norðlendinga skorar á alþingismenn Norðlendinga að beita sér fyrir fyrirgreiðslu og fjárhagsaðstoð til þeirra aðila, sem reka hótelstarfsemi við þýðingarmiklar samgönguleiðir að vetrarlagi, vegna ómissandi þjónustu við ferðamenn, án þess að nokkur fjárhagsgrundvöllur sé fyrir starfseminni. Jafnframt skorar

þingið á alþingismenn, að beita sér fyrir samsvarandi aðstoð til þeirra, sem stunda ómissandi hótelþjónustu í minni þéttbýlsistöðum að vetrarlagi, án þess að von sé um hallalausan rekstur.

Jafnframt vekur Fjórðungsþing athygli á lánakjörum Ferðamálasjóðs, en lán hans eru bundin vísitölu framfærslukostnaðar."

Mörg rök virðast því mæla með því, að mál þessi verði nú tekin til gagngerðar athuganar í heild, eins og lagt er til með þessari tillögu. Hér er um vandamál að ræða, sem snertir ekki einvörðungu þá aðila, sem hér eiga mest hlut að; það er einnig mál, sem ástæða sýnist til, að þjóðfélagið sem heild gefi vaxandi gaum. Því er þessi tillaga flutt.

Hér með birtist sem fylgiskjal skrá yfir framlög á fjárlögum 1973 til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Þess má geta, að hluti af því fé, sem rennur til gistihússins í Fornahvammi, gengur til framkvæmda við mannvirki ríkisins þar á staðnum.

Fylgiskjal.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Styrkir á fjárlögum árið 1973 til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum.

1.	Skíðafélag Reykjavíkur	kr.	25.000,00x)
2.	Hreðavatnsskáli	—	50.000,00
3.	Staðarskáli í Hrútafirði	—	50.000,00
4.	Kirkjuból í Langadal	—	15.000,00
5.	Fremri-Kot, Skagafirði	—	15.000,00
6.	Víðidalur, N.-Múl.	—	20.000,00
7.	Möðrudalur, N.-Múl. (Sv.V.)	—	15.000,00
8.	Möðrudalur, N.-Múl. (Þórh.J.)	—	15.000,00
9.	Húsavík eystri, N-Múl.	—	10.000,00
10.	Býli á Hólsfjöllum:		
	a. Grímsstaðir (Kr. Sig.)	—	8.000,00
	b. Grímsstaðir (Karl Kr.)	—	8.000,00
	c. Grímstunga	—	8.000,00
	d. Hólssel	—	8.000,00
	e. Nýhóll	—	8.000,00
11.	Gistihúsin Bjarkarlundi og Flókalundi	—	750.000,00
12.	Gistihúsið Fornahvammi (rekstur allt árið)	—	1.000.000,00
13.	Flókalundur Vatnsfirði, byggingarstyrkur	—	100.000,00
14.	Guðlaugsvík	—	30.000,00
15.	Hólmavík	—	50.000,00
16.	Fornihvammur (greiðist til H. Ó.)	—	300.000,00
17.	Hótel Bjarg, Búðardal	—	30.000,00
	Gistingarstyrkir samtals	kr.	2.515.000,00
	Til bílastæða við fjölsótta ferðamannastaði (Styrkir til snjóbíla falla niður)	—	290.000,00
	Til greiðslu styrkja alls	kr.	2.805.000,00
	Fjárv. á fjárlögum 1973	kr.	2.305.000,00
	Mismunur	kr.	500.000,00

Rvík. 5/2 1973. E. H. K.

x) Fellur væntanl. niður, þar sem félagið hefur hætt rekstri skíðaskálans.

Ed. 164. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Ellert B. Schram og Lárus Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisútvarpið getur veitt landshlutasamtökum og/eða einstökum sveitarfélögum heimild til að reka sjálfstæðar, en staðbundnar útvarpsstöðvar. Nánar skal kveða á um slíkan útvarpsrekstur í reglugerð, sem háð er samþykki Ríkisútvarpsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Fljótlega eftir að gos hófst í Heimaey og Vestmanneyingar höfðu tvístrast frá heimabyggð sinni, hóf Ríkisútvarpið útsendingar á sérstökum þætti, „Eyjapistli", sem sérstaklega var ætlaður Vestmanneyingum. Þetta var lofsvert framtak, og reynslan hefur sýnt, að þessi útvarpsþjónusta á ekki aðeins rétt á sér, heldur er einnig mjög vel framkvæmanleg. Hins vegar er ljóst, að slíkar útsendingar eiga ekki erindi til allra hlustenda og verða því, þegar fram í sækir, dagskrárliður fyrir mjög lítinn og þröngan hóp útvarpsnotenda.

Þessi tilraun Ríkisútvarpsins hefur gefið þeim hugmyndum byr undir báða vængi, að sjálfsagt og nauðsynlegt sé að bjóða fleiri landshlutum eða byggðakjörnum sambærilega þjónustu með öðrum og víðtækari hætti. Af þeim ástæðum er tillaga þessi flutt.

Þeir, sem lengst vilja ganga, eru talsmenn þess, að útvarpsrekstur sé gefinn frjáls. Vel má vera, að í framtíðinni megi slíkt verða að veruleika, en af eðlilegum ástæðum er rétt að fara varlega í þeim efnum. Virðist einmitt ákjósanlegt að stíga fyrsta skrefið eins og hér er lagt til, þannig að nokkur reynsla fáist á, hver þróunin verður, þegar reknar eru fleiri en ein útvarpsstöð í landinu. Fáir eru líklegri til að valda því verkefni en ábyrg stjórnvöld einstakra byggðarlaga.

Almennt fylgi virðist vera fyrir því meðal stjórnmálamanna að auka sjálfsforræði sveitarfélaga og dreifa valdinu í þjóðfélaginu. Með samþykkt á þessu frumvarpi fá alþingismenn kjörið tækifæri til að sanna í verki raunverulegan vilja sinn til að færa aukin áhrif og ábyrgð í hendur fólksins í landinu. Útvarpsrekstur á vegum landshlutasamtaka eða einstakra sveitarfélaga veitti því ábyrgð og skyldur, sem stuðluðu að þeirri valddreifingu, sem menn tjá sig fylgjandi.

Enginn vafi er á því, að staðbundnar útvarpssendingar þjöppuðu fólkinu í viðkomandi byggðarlagi saman og vekti það betur til vitundar um sameiginlega hagsmuni, jafnframt því sem möguleikar sköpuðust fyrir eflingu menningar og kynningu á listrænu starfi heimamanna sjálfra.

Gert er ráð fyrir að útvarpsreksturinn verði innan þess lagaramma, sem gildir um Ríkisútvarpið, en fjármálaleg og efnisleg ábyrgð verði í höndum þess útvarpsráðs (sveitarstjórnar), sem stöðin heyrir undir. Útvarpa mætti 2—5 tíma á dag, staðbundnum fréttum, tilkynningum, tónlist, samtalsþáttum og öðru menningarefni eftir aðstæðum. Það er mat kunnugra, að slíka stöð megi reka án óhóflegs kostnaðar.

Þá er gert ráð fyrir, að útvarpað verði á annarri bylgjulengd (FM) en útvarp Reykjavík.

Engin ástæða er til að ætla, að heimild í lögum til slíks útvarpsrekstrar leiddi til erfiðleika Ríkisútvarpsins af þeim sökum. Fjárhagslega yrði reksturinn borinn

uppi af viðkomandi byggðarlagi, með framlagi sveitarstjórna, afnotagjöldum og auglýsingatekjum. Ólíklegt er, að tekjur Ríkisútvarpsins mundu breytast verulega hvað auglýsingatekjur snertir, enda til annarra aðila leitað, annars konar markaður og önnur sjónarmið að baki auglýsingum í staðbundnu útvarpi. Þess er og að minnast, að fjárhagserfiðleikar Ríkisútvarpsins eru vegna þess, að afnotagjöldum hefur verið haldið niðri, og mundu sérstök gjöld í hinum einstöku landshlutum litlu breyta, þegar á heildina er litið.

Efnislega má telja víst, að það yrði Ríkisútvarpinu til hvatningar að hafa nokkra samkeppni frá öðrum stöðvum, og eins gæti Ríkisútvarpið fengið aðgang að efni sérstöðvanna, ef það vegna gæða eða innihalds þætti eiga erindi til þjóðarinnar allrar.

Nd. 165. Breytingartillögur [107. mál]

við brtt. á þskj. 158 (lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973).

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 1. tölulið. Liðurinn orðist svo:

Á eftir 2. gr. komi ný gr., er orðist svo:

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda og samgöngubóta í Vestmannaeyjum og til hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn.

2. Við 2. tölulið. Liðurinn orðist svo:

Við fyrirsögn frv. bætist: og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda og samgöngubóta.

Ed. 166. Frumvarp til laga [132. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bonita, James Thomas, barn, f. í Bandaríkjunum 18. apríl 1965.
2. Branner, Renald, barn, f. í Þýzkalandi 27. apríl 1958.
3. Buhl, Erna Frieda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. nóvember 1924.
4. Clark, Robert Jón, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. júlí 1943.
5. Drake, Hellen Linda, barn, f. á Íslandi 29. júní 1960.
6. Drake, Oddný Inga, barn, f. á Íslandi 1. mars 1963.
7. Drake, Unnur Millý, barn, f. í Englandi 16. september 1961.
8. Olesen, Anna María, barn, f. á Íslandi 19. nóvember 1964.
9. Olesen, Ása, barn, f. á Íslandi 11. febrúar 1963.
10. Petersen, Boye, iðnaðarmaður í Keflavík, f. í Danmörku 15. október 1945.
11. Róbert Hannesson, barn, f. á Íslandi 3. júní 1963.
12. Teske, Gerda Irene (f. Ziebert), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 2. júní 1923.
13. Thinat, Bärbel Gisela, nuddkona í Keflavík, f. í Þýzkalandi 11. mars 1938.
14. Weitendorf, Edda Valeska, barn, f. á Íslandi 19. ágúst 1963.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 531 á 93. löggjafarþingi 5. apríl 1973.

Nd. 167. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Heimir Hannesson og Jónas Jónsson.

Alþingi, 30. nóv. 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. Jón Skaftason, fundaskr. Pétur Pétursson.
Ellert B. Schram. Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 168. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um áætlunargerð um verndun gróðurs og uppgræðslu lands í Árnessýslu.

Flm.: Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd þriggja manna til þess að gera, í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefnd, áætlun um verndun gróðurlendis og uppgræðslu örfoka lands í Árnessýslu.

Áætlunin skal taka til alls lands upp að 400 m hæðarlínu og fela í sér tillögur um það, hvar skuli í þessu skyni beita skógrækt og hvar grasrækt, svo og um hagnýtingu þess lands, sem áætlunin nær til. Nefndin getur krafist aðstoðar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands og annarra opinberra stofnana um viss tæknileg atriði, sem áætlun þessa kynni að varða.

Stefnt skal að því, að áætlunin liggi fyrir svo tímanlega, að Alþingi geti fjallað um hana á haustþingi 1974 og ákveðið þá um fjárframlög til fyrstu framkvæmda samkvæmt henni á árinu 1975.

Í nefndinni skulu vera þessir embættismenn: skógræktarstjóri, landgræðslustjóri og landnámsstjóri, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Margir telja, að innan Árnessýslu sé að finna þau landssvæði, sem einna viðkvæmust séu fyrir eyðingu og uppblæstri. Bent er á, að þar er jarðvegur þykkur víðast hvar og sandorpinn, svo að af litlu sári í svörðinn getur orðið alvarleg jarðvegseyðing, ef illa tekst til. Hingað og þangað sjást þessa merki. Enginn spillir landi sínu viljandi, og margur bóndinn hefur hugleitt það, með hverjum hætti hann mætti bæta þær skemmdir, sem bújörð hans hefur orðið fyrir af ýmsum sökum.

Gróðurverndarnefnd sýslunnar hefur kynnt sér gróðurfarið og ástand jarðvegsins í öllum sveitum Árnessýslu og gefið út verðmæta skýrslu um það. — Þar kemur það fram, sem margan uggði, að allrar aðgæslu er þörf í þessu efni, en horfur eru að dómi nefndarinnar þó ekki svo slæmar, að nein ástæða sé til að örvænta um árangur, ef réttum aðferðum er beitt við uppgræðslu, gróðurvernd og nýtingu landsins. Með þessar staðreyndir í huga, er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Flutningsmanni er kunnugt um það, að þeir embættismenn, sem tillagan gerir ráð fyrir að starfi saman í nefnd, búa hver um sig yfir mikilvægum upplýsingum um gróðurfar Árnessýslu, svo og hafa þeir og þær stofnanir, sem þeir stýra, verðmæta reynslu um uppgræðslu og gróðurvernd, og ætti þeirra ráð, þegar þau eru borin saman, að vera árangursríkari en ráð einstakra bænda, sem ýmist eftir eigin hugmyndum eða ráðleggingu ráðgjafa, sem valinn er af handahófi, hefur leitast við að snúast gegn eyðingunni og á sveif með þeim gróðursnildum, sem höllum fæti standa.

Flutningsmanni er ljóst, að sú áætlanagerð, sem hér er gerð tillaga um, að gengið verði til, er yfirgripsmikil, og telur þess vegna ráðlegast að taka ekki í byrjun fyrir stærri landssvæði en svo, að ætla mætti, að unnt væri að vinna á einu sumri. Því er Árnessýsla valin, að hún er af þeirri stærð. Auk þess er af mörgum talið, að þar sé í hættu statt stærra landssvæði í einni heild en kunnugt er um annars staðar. Þá má og geta þess, að þangað leitar margur sá, er vill festa sér land undir sumarhús, og ræður því þá allajafna hending, hvort þau koma niður á þá staði, sem best samrýmast allsherjarnýtingu landsins. Sömu sögu má segja um Skógrækt ríkisins. Hún hefur orðið að sæta því landi, sem náðst hefur til, og þá ekki getað fellt starfsemi sína að annarri nýtingu landsins, sem þó væri full þörf á. Það, sem nú var sagt um Skógræktina, á einnig við um Landgræðslu ríkisins. Um landið hefur ekki verið stofnað til þeirrar rökræðu, sem er nauðsynlegur undanfari framtíðarlausnar á vandamálum þess. Í fullvissu þess, að tillaga þessi komi heim rökræðum af stað, er hún flutt, og verður frekar fjallað um málefnið í heild við framsögn.

Ed. 169. Nefndarálit [60. mál]

við frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingamefnd.

Nefndin hefur kannað frv. og flytur við það tvær breytingartillögur. Að öðru leyti mælir nefndin einróma með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Bjarni Guðbjörnsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 30. nóv. 1973.

Helgi F. Seljan, form.,frsm.
Auður Auðuns, fundaskr.
Ásgeir Bjarnason.
Axel Jónsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 170. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs, er ráðherra skipar. Hjúkrunarráð skal skipað 3 mönnum, og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

2. 3. gr. orðist svo:

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Hjúkrunarráð gerir tillögur um sérnám í hjúkrun, sem ráðherra staðfestir. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þau þá atkvæðisrétt í ráðinu.

Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um sérfræðileyfi.

Nd. 171. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972 og lögum nr. 60 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Tekjum og eignum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og skattur reiknaður af hverjum helmingi um sig, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Skattfjárhæðir skulu birtar skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Hjónin ábyrgjast skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess af þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur vegna séreignar eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

2. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

1) Í stað orðanna „55 000 kr.“ í A-lið komi orðin: 124 000 kr.
2) Í stað orðanna „25 000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. D-liðar komi orðin: 62 000 kr.
3) Í stað orðanna „15 000 kr.“ í síðustu mgr. D-liðar komi orðin: 37 200 kr.
4) Nýr liður bætist við, er verði G-liður, svohljóðandi: Heimilt skal fjármálaráðherra að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

Í stað orðanna „800 kr.“ í 1. mgr. og orðanna „5 000 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. laganna komi orðin: 3 100 kr. og 18 600 kr.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einhleyping 310 000 kr.
B. Fyrir hjón samtals 435 000 kr., 217 500 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 62 000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, skal það draga frá hreinum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 124 000 kr., að viðbættum 13 500 kr. fyrir hvert barn.

Við ákvörðun sameiginlegra hreinna tekna hjóna skal draga frá tekjum, auk frádráttar skv. 1. mgr., kostnað vegna heimilishalds. Frádrátturinn skal reiknast þannig:

Ef hjón vinna bæði utan heimilis, eða vinna önnur tekjuaflandi störf en heimilisstörf á heimilinu, skal draga frá sameiginlegum hreinum tekjum þeirra 124 000 kr., auk 13 500 kr. vegna hvers barns þeirra innan 16 ára aldurs. Sé ekki um fullt ársstarf að ræða hjá öðru hvoru eða báðum hjónanna, þá skulu áðurnefndir frádrættir lækka hlutfallslega miðað við starfstíma.

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er nemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu skv. 1. mgr. 12. gr. greindra laga og 1. mgr. 34. gr. og örorka nemur a. m. k. 75%, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði síðustu mgr. 12. gr. greindra laga.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

5. gr.

25. gr. laganna breytist þannig:

1) I. liður orðist svo:
Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
Af fyrstu 125 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 15%. Af 125 000 kr. — 375 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 18 750 kr. af 125 000 kr. og 25% af því, sem fram yfir er. Af 375 000 kr. skattgjaldstekjum og hærri greiðist 81 250 kr. af 375 000 kr. og 38% af því, sem fram yfir er.
2) IV. liður falli niður.

6. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., samkvæmt skattvísitölu, sem ákveðin skal af kauplagsnefnd ár hvert, í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973.

Greinargerð.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er flutt fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna af fulltrúum flokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar. Það er undirbúið af nefnd, sem þingflokkurinn kaus á s. l. sumri, og eiga sæti í henni:

Gunnar Thoroddsen, formaður,
Geir Hallgrímsson,
Magnús Jónsson,
Matthías Bjarnason,
Matthías Á. Mathiesen og
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nefndin hefur notið aðstoðar dr. Guðmundar Magnússonar, prófessors, og um ýmis tæknileg atriði hefur hún leitað til Sigurbjörns Þorbjörnssonar, ríkisskattstjóra.

Lagafrumvarp þetta tekur einvörðungu til tekjuskatta einstaklinga.

Mikil tekjuaukning í krónutölu hefur orðið hjá öllum þorra almennings undanfarin þrjú ár. Ríkissjóður hefur síður en svo gefið eftir sinn hlut. Skattheimta hefur margfaldast á tveimur árum.

Snar þáttur þessarar þróunar er skattbreyting sú, sem núverandi ríkisstjórn framkvæmdi árið 1972. Þá voru tekjuskattar hækkaðir verulega frá því, sem áður var. Við álagningu 1973 námu tekjuskattar einstaklinga 4 678 millj. kr. (með Byggingarsjóðsálagi), við frumálagningu 1972 3 426 millj. kr. og við álagningu 1971 námu þeir 1 117 millj. kr. Þetta jafngildir 318.8% hækkun 1971 til 1973. Á sama tíma hafa brúttótekjur framteljenda hækkað um 60%.

Samanburður þessara hlutfallstalna endurspeglar vitaskuld þá staðreynd, að ríkissjóður hefur seilst til æ stærri hluta teknanna. Á þetta að nokkru leyti rót sína að rekja til breyttrar hlutverkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þótt tillit sé tekið til þessa, haggast ekki sú staðreynd, að hlutfall ríkisútgjalda af vergri þjóðarframleiðslu jókst árið 1972 úr 25.4% í 26.9%.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins vöruðu á sínum tíma við ýmsum afleiðingum skattbreytingarinnar 1972. Ríkisstjórnin daufheyrðist að mestu við þessu, en hefur séð að sér eftir á í einstökum atriðum með setningu bráðabirgðalaga.

Þessar breytingar hafa þó fremur verið til þess að sníða verstu agnúana af lagasmíð ríkisstjórnarinnar en að færa tekjuskattakerfið í heild til betri vegar. Er nú svo komið, að launþegar í landinu hyggjast setja skattamálin á oddinn í þeim kjarasamningum, sem fram undan eru. Þeir gera sér ljóst, að ekki er leggjandi á sig mikil vinna, ef meiri hluti viðbótartekna fer í skatt, og að kauphækkanir í krónutölu eru lítils virði, ef þær verða til þess, að menn lenda í hærra þrepi í tekjuskattstiganum, enda eru skattþrepin það kröpp, að þau renna nánast saman í eitt. Þessu til stuðnings má benda á, að um 72% allra tekjuskattsgreiðenda á árinu 1973 greiddu skatt í hæsta skattþrepi, en þá er tekjuskattur orðinn 44.44% (með Byggingarsjóðsálagi). Að viðbættu útsvari og kirkjugarðsgjaldi renna því í flestum tilvikum 54.69% hverrar krónu, sem þá er aflað í viðbót, til opinberra aðila, og er þá Viðlagasjóðsgjald ekki meðtalið.

Þær tillögur, sem hér liggja fyrir um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eru því fyllilega tímabærar. Jafnframt teljum við, að þessar breytingar séu viðráðanlegar fyrir ríkissjóð, þar sem hann getur bætt sér upp tekjumissinn með breyttri efnahagsstefnu, sparnaði á ríkisútgjöldum, hagræðingu í ríkisrekstrinum og ef nauðsyn krefur með breyttum fjáröflunarleiðum.

Af hálfu Sjálfstæðisflokksins er frumvarp þetta skoðað sem áfangi á þeirri leið að minnka beina skattheimtu ríkisins enn frekar. Flutningsmenn frumvarpsins telja,

að sé stærra stökk tekið í einu í þessum efnum, kalli það á gagngera breytingu á öllu skattakerfinu, sem tæki nokkurn umþóttunartíma og krefðist vandlegs undirbúnings á ýmsum tæknilegum framkvæmdaatriðum. Er þá höfð í huga upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts, mótun hentugs staðgreiðslukerfis og e. t. v. breyting á sjálfu tekjuskattakerfinu og tryggingakerfinu. Við breytingu á útsvari yrði að endurskipuleggja hlutverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því yfirlýsta marki Sjálfstæðisflokksins, að tekjum og eignum hjóna beri að skipta til helminga milli þeirra, áður en tekju- og eignarskattar eru álagðir. Hvort heldur annað hjónanna eða bæði færa heim peningatekjur til heimilisins, þá afla þau lífsgæða sér til handa, beint eða óbeint, í sameiningu og fyllilega að jöfnu og í flestum tilfellum njóta þau þeirra að jöfnu. Eitt er víst, að tveir eru einstaklingarnir í þessu tilfelli, miðað við aðeins einn einstakling, afli og njóti einhleypur teknanna. Sama má segja um eignir hjóna. Hér er um sameign, eða jafnvel séreign, að ræða, sem hjónin hafa tekið þátt í að mynda í flestum tilvikum og er að hálfu eign hvors um sig. Þessi skipting á tekjum og eignum hjóna er því réttlætismál á þeim grundvelli, að tveir afla teknanna og eiga eignirnar, beint eða óbeint, og tveir njóta hvors tveggja, tekna og eigna. Það er orðið tímabært að viðurkenna hlutverk eiginkonunnar í teknaöflun heimilisins og þá ekki síður ráðdeildarsemi hennar við eignamyndun hjónanna.

Með frumvarpi þessu er einnig stefnt að því, að fjárhæðir persónufrádrátta verði í nánu samræmi við samsvarandi frádrætti í skattbreytingunni, sem Viðreisnarstjórnin framkvæmdi árið 1960. Sömuleiðis er innbyrðis afstaða þessara frádráttarliða í samræmi við það, sem gilti 1960, en ekki í samræmi við gildandi reglur.

Persónufrádráttarliðirnir eru við það miðaðir, að tekjur almenns verkamanns árið 1973, sem vinnur 51 stund á viku í fullar 52 vikur, séu skattfrjálsar. Er þá gert ráð fyrir 24.5% hækkun tekna að meðaltali á þessu ári, en þær koma til álagningar á næsta ári. Samsvarar þetta þeim persónufrádrætti, sem gilti við álagningu 1960, en þá voru almennar launatekjur gerðar skattfrjálsar.

Enn fremur er með frumvarpi þessu stefnt að því að létta óhóflega álagningu tekjuskatts á þær hreinu tekjur manna, sem eru umfram persónufrádrátt, þannig að menn haldi ávallt óskertum yfir 50% þeirra tekna, sem þeir afla. Með þeim tekjuskattsstiga, sem lagður er til í frv. þessu, ásamt 1% álagi til Byggingarsjóðs ríkisins, fer tekjuskattur aldrei yfir 38.38%. Sé þar að auki litið til hæstu lögleyfðra útsvara og kirkjugarðsgjalds, er algjört hámark allra skatta af tekjum 49.66%.

Að lokum er með frv. þessu lagt til, að skattvísitala verði ákveðin af kauplagsnefnd í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

Þetta er í fyrsta skipti, sem flokkur í stjórnarandstöðu leggur fram frumvarp um breytingu á skattalöggjöf, þar sem nákvæmir útreikningar fylgja á því, hvaða áhrif breytingin hafi á fjárhag ríkissjóðs og einstaka tekjuhópa í þjóðfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um, að tekjum og eignum hjóna, sem samvistum eru, skuli skipta til helminga og skattar, þ. e. tekjuskattur og eignarskattur, reiknaðir af hvorum helmingi um sig. Skv. gildandi lögum eru þessar tekjur og eignir lagðar saman til skattgjalda. Þó er hjónum heimilt að krefjast sérsköttunar á launatekjum eiginkonunnar. Sé sérsköttunar ekki krafist, er skv. gildandi lögum veittur 50% frádráttur án takmörkunar frá launatekjum eiginkonu, sem aflað er hjá vinnuveitanda ótengdum hjónunum eða ófjárráða börnum þeirra. Enn fremur er heimill 50% frádráttur atvinnutekna eiginkonu, sem aflað er í atvinnurekstri hjónanna, annars hvors eða beggja, og ófjárráða barna þeirra eða aflað hjá vinnuveitanda, sem er tengdur hjónunum eða ófjárráða börnum þeirra. Þessi 50% frádráttur er þó takmarkaður og mátti nema að hámarki 70 400 kr. við síðustu álagningu tekjuskatts. Með frv.

þessu eru sérreglur þessar um tekjur eiginkonu afnumdar. Þess í stað er veittur sérstakur frádráttur, sbr. 4. gr. frv. þessa, vinni hjónin bæði utan heimilis eða vinni önnur störf en heimilisstörf á heimilinu.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um, að frádráttarheimild vegna heimilisstofnunar hækki úr 55 000 kr. í 124 000 kr., að lífeyrisiðgjald hækki úr 25 000 kr. í 62 000 kr. og hámarksfrádráttur vegna lífsábyrgðar úr 15 000 kr. í 37 200 kr.

Þessar breytingar eru til samræmis við breytingar skv. 4. gr., sem fjallar um breytingar á 16. gr. laganna, þ. e. til samræmis við persónufrádrátt.

Þá er bætt við nýjum staflið, þar sem fjármálaráðherra er veitt heimild til þess að veita sérstakan frádrátt þeim til handa, sem við fiskvinnslu starfa.

Um 3. gr.

Hér er einnig frádráttur, sem veittur er sjómönnum, hækkaður til samræmis við hækkun persónufrádráttar.

Um 4. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að við álagningu tekjuskatts árið 1974 verði persónufrádráttur einhleypings 310 000 kr., sameiginlegur persónufrádráttur hjóna 435 000 kr., 217 500 kr. hjá hvoru, og frádráttur fyrir hvert barn, sem er yngra en 16 ára, 62 000 kr. Ber að skoða þessar upphæðir sem grunntölur, sem breytast eiga miðað við skattvísitölu í framtíðinni, sbr. 6. gr. frv.

Með þeirri skattvísitölu, sem fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1974, yrðu samsvarandi frádráttarliðir í gildandi lögum við álagningu 1974 (fyrir tekjur ársins 1973) sem hér segir: Einhleypingur 223 300 kr.; hjón 338 800 kr.; barn 46 200 kr.

Aukafrádráttur einstæðra foreldra var við álagningu 1973 76 800 kr. og þeir fengu 8 320 kr. í aukafrádrátt fyrir hvert barn. Með nýjustu skattvísitölu hækka þessar tölur í 92 400 kr. og 10 010 kr. (við álagningu 1974). Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að þessir frádráttarliðir hækki í 124 000 kr. og 13 500 kr. Í gildandi lögum er aukafrádráttur einstæðs foreldris tvöfaldur barnafrádráttur, og aukafrádráttur vegna barns er 10.83% af aukafrádrætti einstæðs foreldris. Þessum innbyrðis hlutföllum er haldið óbreyttum, þar sem barnafrádrátturinn skv. 4. gr. 62 000 kr. er lagður til grundvallar.

Í 4. gr. er einnig að finna ákvæði þess efnis, að vinni hjónin bæði utan heimilis eða vinni önnur störf en heimilisstörf á heimilinu og skili bæði tekjum af fullu ársstarfi, skuli veita þeim í frádrátt frá sameiginlegum tekjum þeirra 124 000 kr. og 13 500 kr. að auki fyrir hvert barn, innan 16 ára, á framfæri þeirra. Þessi frádráttur skal síðan lækkaður hlutfallslega, skili hjónin ekki bæði tekjum af fullu ársstarfi. Vinni hjónin bæði fullt ársstarf eða hluta úr ársstarfi, er afleiðing þessa, að hjónin, annað hvort eða bæði, sinna ekki að fullu heimilisstörfum og verða óhjákvæmilega fyrir auknum kostnaði — beint eða óbeint — vegna heimilishalds, og sá kostnaður er meiri, sé um börn að ræða á heimilinu. Með þessu er litið til heimilisins sem heildar, en jafnframt afnumin, sbr. aths. um 1. gr., ákvæði 3. gr. gildandi laga, þar sem stórvægileg skattfríðindi eru veitt einungis á grundvelli teknaöflunar eiginkonunnar og eiginkonur flokkaðar eftir því, hvort þær eru annars vegar launþegar hjá vinnuveitanda eða hins vegar starfa sjálfstætt eða í samvinnu við eiginmann sinn og afla tekna til heimilisins á þann hátt.

Í 4. gr. er einnig að finna ákvæði um frádrátt frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu (tekjuárinu). Er þá gert ráð fyrir, að frádrátturinn nemi fullum árlegum ellilífeyri, eins og hann væri, ef hann hefði verið tekinn frá 67 ára aldri, hvort sem hann var tekinn þá í reynd eður ei. Ákvæðin um aukafrádrátt ellilífeyrisþega eru hér í samræmi við þau lagaákvæði, sem Viðreisnarstjórnin fékk sett vorið 1971 og áttu að koma

til framkvæmda við álagningu 1972, en þessi ákvæði voru afnumin í tíð núverandi ríkisstjórnar og komu því ekki til framkvæmda.

Í 4. gr. er enn fremur að finna ákvæði þess efnis, að þeir, sem áttu rétt til örorkulífeyris skv. 12. gr. og 34. gr. laga um almannatryggingar og örorka þeirra nemur a. m. k. 75%, skuli njóta aukafrádráttar, sem nemi fullum árlegum örorkulífeyri.

Um 5. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir eftirfarandi tekjuskattsstiga:

Af fyrstu 125 000 kr. greiðast 15%,
af næstu 250 000 kr. greiðast 25%,
en 38% af því, sem umfram er.

Til samanburðar líta skattþrepin þannig út með boðaðri skattvísitölu í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir 1974:

Af fyrstu 77 000 kr. greiðast 25%,
af næstu 38 500 kr. greiðast 35%,
en 44% af því, sem umfram er.

Af þessu sést greinilega, að auk þess sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir skiptingu tekna hjóna til tekjuskatts, mun hærri persónufrádrætti og aukafrádráttum, hafa hvort tveggja í senn, skattþrepin víkkað og álagsprósentur lækkað. Hámarksskattur er samkvæmt frumvarpi þessu 38% í stað 44% í gildandi lögum. Með þessu er gert ráð fyrir, að samanlagðir beinir skattar einstaklings til ríkis og sveitarfélags verði aldrei hærri en sem nemur tæpum 50%.

Í fylgiskjali eru tekin dæmi um, hvernig skattgreiðslur yrðu samkvæmt frumvarpi þessu, og niðurstöður bornar saman við gildandi lög. Enn fremur eru þar sýndir útreikningar á því, hvernig tekjuskattur, sem reiknaður er samkvæmt frumvarpinu, kemur út fyrir vissa tekjuhópa.

Önnur ákvæði 4. og 5. gr. en þau, sem hér hefur verið fjallað um, eru óbreytt frá gildandi lögum, og má þar sérstaklega nefna skattgjald félaga og stofnana.

Um 6. gr.

Í frv. þessu er lagt til, að kauplagsnefnd í stað Alþingis verði falin ákvörðun skattvísitölu í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

Fylgiskjal.

1. **Dæmi um skattgreiðslur samkvæmt frumvarpinu og samanburður við gildandi lög.**

Hér eru tekin nokkur dæmi um tekjuskatt miðaðan við ákveðnar brúttótekjur og hreinar tekjur til skatts á álagningarárinu 1973 (tekjuári 1972), eins og hann annars vegar var við álagningu 1973, skv. gildandi lögum, og hann hins vegar hefði orðið á sama álagningarári skv. frumvarpinu (miðað við 24.5% tekjuaukningu milli tekjuáranna 1972 og 1973). Enn fremur eru tekin dæmi um tekjuskatt, miðaðan við sambærilegar brúttótekjur og hreinar tekjur til skatts á álagningarárinu 1974 (tekjuári 1973), eins og hann annars vegar yrði á því álagningarári skv. gildandi lögum og þá miðað við skattvísitölu 154 (sbr. frumvarp til fjárlaga 1974, bls. 151) og hins vegar hver hann yrði skv. frumvarpinu. (Með í tekjuskatti er 1% álag til Byggingarsjóðs.)

1.1.0 **Hjón með 2 börn á framfæri (annað hjónanna með tekjur):**

1.1.1 **Álagningarár 1973:** Brúttótekjur 650.0 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 503.1 þús. kr.

Tekjuskattur skv. gildandi lögum	kr.	49 114.00
— — frumvarpinu	—	8 240.00

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 568 þús. kr. og hreinar tekjur 448.7 þús. kr. án þess að bera tekjuskatt, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 25 457.00.

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 1374 þús. kr. og hreinar tekjur 1051.1 þús. kr., áður en hámarki skattstiga af umframtekjum (38.38%) er náð. Tekjuskattur hefði þá numið kr. 131 824.00, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 292 645.00 og 44.44% af umframtekjum.

1.1.2 **Álagningarár 1974:** Brúttótekjur 809.2 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 626.3 þús. kr.

Tekjuskattur skv. gildandi lögum	**kr. 68 426.00**
— — frumvarpinu	— 10 194.00

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 707.6 þús. kr. og hreinar tekjur 559 þús. kr. án þess að bera tekjuskatt, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 38 518.00.

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 1711.2 þús. kr. og hreinar tekjur 1309 þús. kr., áður en hámarki skattstiga af umframtekjum (38.38%) er náð. Tekjuskattur hefði þá numið kr. 164 124.00, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 371 818.00 og 44.44% af umframtekjum.

1.2.0 **Einhleypingur:**

1.2.1 **Álagningarár 1973:** Brúttótekjur 400 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 343.6 þús. kr.

Tekjuskattur skv. gildandi lögum	**kr. 55 024.00**
— — frumvarpinu	— 14 347.00

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 286.8 þús. kr. og hreinar tekjur 248.9 þús. kr. án þess að bera tekjuskatt, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 15 983.00.

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 656.5 þús. kr. og hreinar tekjur 550.1 þús. kr., áður en hámarki skattstiga af umframtekjum (38.38%) er náð. Tekjuskattur hefði þá numið kr. 65 912.00, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 146 793.00 og 44.44% af umframtekjum.

1.2.2 **Álagningarár 1974:** Brúttótekjur 498 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 427.7 þús. kr.

Tekjuskattur skv. gildandi lögum	kr. 72 559.00
— — frumvarpinu	— 17 831.00

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 357.2 þús. kr. og hreinar tekjur 310 þús. kr. án þess að bera tekjuskatt, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 22 871.00.

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 817.5 þús. kr. og hreinar tekjur 685 þús. kr., áður en hámarki skattstiga af umframtekjum (38.38%) er náð. Tekjuskattur hefði þá numið kr. 82 062.00, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 186 903.00 og 44.44% af umframtekjum.

1.3.0. **Hjón, sem bæði eru ellilífeyrisþegar** (annað hjónanna með tekjur).

1.3.1 **Álagningarár 1973:** Brúttótekjur 650 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 546 þús. kr., þ. m. t. ellilífeyrir 148 þús. kr.

Tekjuskattur skv. gildandi lögum ..... kr. 91 594.00
— — frumvarpinu ..... — 7 378.00

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 584.7 þús. kr. og hreinar tekjur 497.3 þús. kr., þ. m. t. ellilífeyrir 148 þús. kr., án þess að bera tekjuskatt, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 62 738.00.

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 1428.9 þús. kr. og hreinar tekjur 1099.7 þús. kr., þ. m. t. ellilífeyrir 148 þús. kr., áður en hámarki skattstiga af umframtekjum (38.38%) er náð. Tekjuskattur hefði þá numið kr. 131 824.00, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 348 373.00 og 44.44% af umframtekjum.

1.3.2 **Álagningarár 1974: Brúttótekjur 803.2 þús. kr., hreinar tekjur til skatts** 673.9 þús. kr., þ. m. t. ellilífeyrir 178.3 þús. kr.

Tekjuskattur skv. gildandi lögum ..... kr. 120 268.00
— — frumvarpinu ..... — 9 180.00

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 722.1 þús. kr., og hreinar tekjur 613.3 þús. kr., þ. m. t. ellilífeyrir 178.3 þús. kr., án þess að bera tekjuskatt, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 84 360.00.

Skv. frumvarpinu hefðu brúttótekjur mátt nema 1773.3 þús. kr. og hreinar tekjur 1363.3 þús. kr., þ. m. t. ellilífeyrir 178.3 þús. kr., áður en hámarki skattstiga af umframtekjum (38.38%) er náð. Tekjuskattur hefði þá numið kr. 164 124.00, en tekjuskattur skv. gildandi lögum næmi kr. 437 011.00 og 44.44% af umframtekjum.

2. **Áhrif tekjuskattsbreytinga samkvæmt frumvarpinu á mismunandi þjóðfélagshópa.**

Þeir útreikningar, sem hér fara á eftir, sýna mismun tekjuskattsgreiðslna hjá hjónum með 0—4 börn á framfæri, hjá einhleypingum og einstæðu foreldri með 1 barn á framfæri. Enn fremur er sýnd hlutfallsleg minnkun tekjuskattsbyrði af brúttótekjum hjá hjónum með 2 börn og hjá einhleypingum. Varðandi forsendur vísast til upphafs þessa fylgiskjals. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir sérsköttun og viðbótarfrádrætti eftir vissum reglum, þegar hjón vinna bæði utan heimilis, hefur verið gerð áætlun um, hvernig tekjur og vinnutími skiptist eftir fjölskyldustærð og tekjubilum. Í eftirfarandi samanburði milli gildandi laga og frumvarpsins er því tekið tillit til þessa atriðis. Sömuleiðis taka tölurnar til margra hópa, sem ekki eru tekin dæmi um áður í fylgiskjalinu þannig að beinn samanburður fæst ekki við þau dæmi, sem áður eru tekin. Ber að hafa þetta í huga við lestur taflnanna.

Tafla 2.1.1 **Áætlaður mismunur tekjuskattsgreiðslna skv. gildandi lögum og frumvarpinu 1974 (af tekjum ársins 1973). Hjón með 0—4 börn á framfæri. (Upphæðir í þús. kr.)**

Brúttótekjur	Hjón án barna	Hjón m. 1 barn	Hjón m. 2 börn	Hjón m. 3 börn	Hjón m 4 börn
0—400	0	0	0	0	0
401—450	3	0	0	0	0

Brúttótekjur	Hjón án barna	Hjón m. 1 barn	Hjón m. 2 börn	Hjón m. 3 börn	Hjón m 4 börn
451—500	17	0	0	0	0
501—550	29	6	0	0	0
551—600	42	16	11	2	0
601—650	52	32	23	11	0
651—700	59	45	35	20	7
701—750	70	58	54	36	18
751—800	78	66	63	49	30
801—900	91	85	82	73	59
901—1000	103	102	101	94	81
1001—1500	177	170	174	173	175
1500 og yfir	213	222	225	238	220

Tölurnar í töflunni ber að lesa á þann veg t. d., að hjón með 2 börn, sem eru á tekjubilinu 701—750 þús. (tekjuárið 1973), mundu greiða 54 þús. kr. minna skv. frumvarpinu en gildandi lögum.

Þeir, sem eru það tekjulágir, að þeir njóta hvorki hækkunar persónufrádráttar né vikkunar skattþrepa og lægri prósentna, hagnast hins vegar ekki á breytingunni.

Tafla 2.1.2. sýnir sams konar mismun og tafla 2.1.1. fyrir einhleypinga og einstætt foreldri með 1 barn.

Tafla 2.1.2. **Mismunur tekjuskattsgreiðslna skv. gildandi lögum og frumvarpinu við álagningu 1974. Einhleypingar og einstætt foreldri með 1 barn á framfæri. (Upphæðir í þús. kr.)**

Brúttótekjur	Einhleypingar	Einstætt foreldri með 1 barn
0—250	0	0
251—300	9	0
301—350	21	0
351—400	32	0
401—450	45	10
451—500	58	19
501—550	68	33
551—600	77	47
601—650	86	64
651—700	94	74
701—750	103	87
751—800	111	104
801—900	121	117
901—1000	129	136
1001—1500	156	183
1501 og yfir	183	221

Næst verður sýnt, hvaða áhrif skattbreytingin hefði á skattbyrði hjóna með tvö börn á framfæri sínu, þ. e. nánast vísitölufjölskylduna.

Tafla 2.1.3. **Samanburður gildandi laga og frumvarps við álagningu 1974. Hjón með tvö börn.**

Brúttótekjur Þús. kr.	Minnkun tekjuskattsbyrði % af brúttótekjum
0—550	0
551—600	1,5—2
601—650	3—4
651—700	4,5—5
701—750	7—7,5
751—800	7,5—8
801—900	9—10
901—1000	10—11

Tafla 2.1.4. sýnir, hvað skattbyrði léttist hjá einhleypingi.

Tafla 2.1.4. **Minnkun skattbyrði hjá einhleypingum.**

Brúttótekjur Þús. kr.	Minnkun tekjuskattsbyrði % af brúttótekjum
0—250	0
251—300	3—3,5
301—350	6—6,5
351—400	8—9
401—450	10—11
451—500	11,5—12,5
501—550	12,5—13,5
551—600	13—14
601—650	13,5—14
651—700	13,5—14
701—750	14—14,5
751—800	14—14,5
801—900	14—14,5
901—1000	13—14

3. **Áhrif frumvarpsins á fjárhag ríkissjóðs.**

Álagður tekjuskattur einstaklinga á öllu landinu árið 1973 nemur um 4 680 millj. kr. að meðtöldu 1% álagi til Byggingarsjóðs ríkisins. Álagning skv. frumvarpinu hefði gefið ríkissjóði um 1 580 millj. kr. í tekjuskatt (með Byggingarsjóðsálagi) sama ár. Tekjumissirinn hefði þá numið um 3 100 millj. kr. við álagningu 1973.

Ef reiknað er með 24.5% meðalhækkun tekna á þessu ári til álagningar 1974, en ekki nema 20% hækkun skattvísitölu, eins og í fjárlagafrumvarpi fyrir 1974, má áætla, að álagður tekjuskattur einstaklinga yrði um 6 320 millj. kr. árið 1974 skv. gildandi lögum. Sé hins vegar reiknað með persónufrádrætti, skattþrepum og skattprósentum þessa frumvarps, ásamt skiptingu á tekjum hjóna og öðrum ákvæðum, yrði álagningin um 1 975 millj. kr. árið 1974. Tekjumissirinn yrði þá um 4 345 millj. kr.

Sé reiknað með 24.5% hækkun skattvísitölu í stað 20%, en gildandi lögum, yrði tekjumissirinn með hliðstæðum hætti um 3 850 millj. kr.

Í þessum samanburði er ekki tekið tillit til þess, að raunverulegt tekjutap ríkissjóðs yrði að öllum líkindum minna, þar sem gera má ráð fyrir, að tekjur yrðu betur taldar fram til skatts og innheimta betri, þegar tekjuskattar lækka, enda varð sú reyndin við gjörbreytingu skattakerfisins, sem Viðreisnarstjórnin framkvæmdi 1960.

Nd. 172. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 3. des. 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Jónas Jónsson.
Ellert B. Schram.	Ólafur G. Einarsson.	Pétur Pétursson.
	Heimir Hannesson.	

Nd. 173. Frumvarp til laga [135. mál]

um umboðsmann Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosning gildir til fjögurra ára frá og með 1. janúar eftir kjör.

Umboðsmaður Alþingis skal vera þeim kostum búinn, er þarf til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ef umboðsmaður Alþingis andast eða verður af öðrum orsökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis, skal sameinað þing kjósa af nýju umboðsmann til fjögurra ára. Sama hátt skal á hafa, ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá starfi eða sameinað þing samþykkir með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða að svipta hann starfanum.

Ef umboðsmaður Alþingis getur ekki um stundarsakir sinnt starfi sínu sakir veikinda eða annarra atvika, er sameinuðu þingi rétt að kjósa staðgengil til að leysa starf hans af hendi, meðan hann er fjarri.

2. gr.

Sameinað þing kýs 5 manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður skal njóta sömu launakjara og hæstaréttardómarar. Að auki má veita honum viðbótargreiðslur, dagpeninga o. s. frv., eftir því sem þurfa þykir.

Umboðsmaður má ekki án samþykkis umboðsmannsnefndar sameinaðs þings taka sér stöðu eða starf í fyrirtæki eða stofnun í eign hins opinbera eða einkaaðila.

3. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur og segir upp starfsliði sínu. Um starfslið, tölu þess og launakjör, skal ákveða nánar í reglugerð um starfsemi umboðsmanns.

4. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu, og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum.

5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess og gegnir starfi sínu samkvæmt lögum þessum og reglugerð, sem sameinað þing setur um starfsemi hans. Að öðru leyti framkvæmir umboðsmaður starf sitt sjálfstætt og óháður Alþingi.

6. gr.

Umboðsmaður Alþingis fjallar um opinbera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum á verksviði, sem hér skal greina:

1) Í ríkiskerfinu eru eftirtaldar stofnanir skildar undan verksviði umboðsmanns:
   a) Alþingi.
   b) Dómstólar í dómsathöfnum.
   c) Þjóðkirkjan um trúarkenningar.

2) Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum, sem hér skal greina:
   a) Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður eingöngu til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr.
   b) Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga, ber honum að hyggja að sérhögum þeirra.

3) Sameinað þing getur kveðið nánar á um verksvið umboðsmanns í reglugerð um starfsemi hans.

7. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði.

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann, sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum.

Sá, sem sviptur hefur verið frelsi, á rétt til að bera mál undir umboðsmann í lokuðu bréfi.

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Öll tiltæk sönnunargögn skal hann láta fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs, frá því að stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur.

Ef stjórnsýslugerningi má skjóta til æðra stjórnarvalds, er ekki unnt að kvarta undan honum, fyrr en æðra stjórnarvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Þá hefst ársfrestur samkvæmt 5. mgr.

Umboðsmaður sker úr, hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar.

8. gr.

Umboðsmaður Alþingis á heimtingu á, að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju, sem hann þarfnast til framkvæmdar starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o. s. frv.

Réttur umboðsmanns til að krefjast vitneskju sætir þeim takmörkunum, sem taldar eru upp í 2. tl. 125. gr., 2. og 4. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 94 gr. laga nr. 73/1973.

Umboðsmaður getur kvatt mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik, sem máli þykja skipta. Gilda þá, eftir því sem við á, bæði reglur laga nr. 73/1973 um rannsókn opinberra mála fyrir dómi, sbr. X. kafla þeirra laga, og reglur þeirra laga um vitni, mat skoðun og skjöl. Heimilt er þeim, er hlut á að máli að vera viðstaddur vitnaleiðslur. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 73/1973. Ákveða má, að vitnaleiðslur þessar fari fram fyrir luktum dyrum.

9. gr.

Umboðsmaður Alþingis skal hafa frjálsan aðgang að skrifstofu, vinnustað, þjónustustofnun eða öðru húsnæði stjórnarvalds og hverri þeirri starfsemi, sem verksvið hans tekur til.

10. gr.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnarvaldi, skal þá skýra frá efni kvörtunar, nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess.

11. gr.

Svo framarlega sem ekki leiðir annað af starfi umboðsmanns samkvæmt lögum þessum og reglugerð um starfsemi hans, ber honum að gæta þagnarskyldu um atvik, sem honum verða kunn í starfi, enda þurfi þau eðli máls samkvæmt að fara leynt og séu ekki þegar á almennings vitorði. Þagnarskylda helst, þótt umboðsmaður láti af starfi. Sama þagnarskylda hvílir á starfsliði hans.

12. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur sagt álit sitt á hverju því máli, sem kemur til meðferðar hans.

Umboðsmaður getur bent á, að stjórnarvaldi eða opinberum sýslunarmanni hafi orðið á mistök, vanræksla, ranglæti eða hvaðeina annað, er ábótavant þykir. Ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, að stjórnsýslugerningur brjóti í bág við lög, skorti stoð í lögum eða sé ógildur o. s. frv., getur hann látið það álit sitt í ljós.

Umboðsmaður getur látið mál niður falla, að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnarvalds.

Umboðsmaður getur látið saksóknara eða handhafa ögunarvalds vita, á hvern hátt hann telur hæfilegt að hafast að gagnvart opinberum starfsmanni.

Umboðsmaður getur lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Umboðsmaður getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna ætlaðs afbrots í opinberu starfi, sbr. þó 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

13. gr.

Ef umboðsmaður Alþingis verður áskynja meinbuga á gildandi lögum eða reglugerðum, skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn.

14. gr.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnarvalds, getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut, getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur, hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál, skal hann skýra frá, hvað stjórnarvald, er í hlut á, hefur fært fram sér til varnar.

15. gr.

Lög þessi taka gildi frá og með?.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. maí 1972 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum.

Frumvarp þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Forsætisráðherra fól Sigurði Gizurarsyni hæstaréttarlögmanni að semja frumvarp til laga um umboðsmann. Skilaði hann frumvarpi og greinargerð í marslok 1973.

Á frumvarpinu voru svo gerðar fáeinar breytingar í samráði við ráðuneytið.

Eftirfarandi greinargerð er samin af Sigurði Gizurarsyni.

Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um stöðu og starf umboðsmanns Alþingis.

Hvað er „umboðsmaður"?

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er nýmæli hérlendis. Ráðgert er með lagafrumvarpi þessu, að til starfa taki umboðsmaður Alþingis.

„Umboðsmaður" er embættismaður, sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnarvöldum og sýslunarmönnum landsstjórnarinnar frá fólki, sem þykir misgert við sig. Umboðsmaður rannsakar þessar kvartanir, og ef þær skoðast á rökum reistar, leggur hann til, hvað sé til bóta því, sem áfátt er. Jafnframt því að leysa þannig vandræði manna, er hlutverk umboðsmanns að stuðla almennt að bættri stjórnsýslu. Þeirri skoðun vex fylgi, að umboðsmannskerfið sé ómissandi í réttarríkjum, þ. e. þjóðfélögum, þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til þess að tryggja sjálfstæði umboðsmanns sem best gagnvart stjórnarvöldum er víða höfð sú skipan á, að umboðsmaður starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess.

Uppruni og útbreiðsla hugmynda um umboðsmenn.

Hugmyndin um umboðsmann Alþingis er sótt til hinna Norðurlandanna. Þjóðir þessara landa búa við sömu réttarhefð og Íslendingar.

Fyrst var embætti umboðsmanns sett á stofn í **Svíþjóð** árið 1809. Nýlunda starfs hans og stöðu var einkum sú, að umboðsmaður kom fram fyrir hönd Ríkisþingsins og stóð utan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þannig var stuðlað að sjálfstæði hans gagnvart þeim stjórnarvöldum, sem hann átti að veita aðhald. Sænsku umboðsmennirnir störfuðu síðan mann fram af manni í meira en heila öld, án þess að starf þeirra ætti sér nokkra hliðstæðu á öðrum löndum.

Finnar urðu næstir til að setja á laggir embætti umboðsmanns. Þeir bjuggu við mjög áþekka stjórnhætti og Svíar. Umboðsmaður finnska þjóðþingsins tók til starfa árið 1919, rétt eftir að Finnar höfðu öðlast sjálfstæði.

Á síðustu árum sívaxandi stjórnsýslu og valds opinberra starfsmanna þykir umboðsmaður hafa sannað ágæti sitt sem ómissandi stofnun í réttarríkjum.

Danir stofnsettu árið 1954 embætti umboðsmanns Þjóðþingsins. Starfshættir hans eru þó í ýmsu frábrugðnir sænska fyrirkomulaginu.

Nokkrum árum síðar fetuðu **Norðmenn** í fótspor Dana og lögfestu umboðsmannstilhögunina. Umboðsmaður norska Stórþingsins tók til starfa í ársbyrjun 1963. Fer hann í flestu að á líkan veg og danski umboðsmaðurinn.

Til fróðleiks skal þess geta, að hugmyndir um umboðsmann hafa borist víða um heim og skotið rótum. Oftast nær er fyrirmyndin sótt til Norðurlanda, þótt mótuð sé í framkvæmd á ýmsa vegu.

Á **Nýja-Sjálandi** var umboðsmannsstaða sett á laggir árið 1962. Gætti þar mjög danskra áhrifa. Hann starfar á vegum þingsins (Parliamentary Commissioner) og rannsakar það, sem kvartað er undan í ríkisstjórnsýslunni.

Árið 1966 var í stjórnlögum **Guyana** kveðið á um stofnsetningu umboðsmannsstöðu. Um fyrirkomulag hennar var í mörgum greinum litið til Nýja-Sjálands.

Árið 1966 kvað stjórnarskrá **Tansaníu** á um rannsóknarnefnd á vegum þjóðþingsins. Hlutverk hennar er að rannsaka atferli fulltrúa almannavaldsins, hvernig þeir beita valdi sínu eða hvort þeir misbeita því. Rannsóknarnefndin tekur við kvörtunum á hendur stjórnarvöldum.

Á **Stóra-Bretlandi** var árið 1967 stofnuð staða umboðsmanns þingsins (Parliamentary Commissioner for Administration). Gætir í starfsháttum hans bæði einkenna norrænu umboðsmannanna og hins nýsjálenska.

Á **Norður-Írlandi** tók til starfa árið 1969 umboðsmaður með sams konar verksviði og brezki umboðsmaðurinn.

Um frekari útbreiðslu umboðsmannshugmynda má nefna:

Í **Kanada** hafa verið lagðar fram tillögur um umboðsmenn á vegum sambandsríkisins. Þrjú ríki innan ríkjasambandsins hafa fengið umboðsmann, Alberta (1967), New Brunswick (1967) og Manitoba (1969).

Hin nýja stjórnarskrá **Ghana**, sem lögfest var 1969, geymir ákvæði um umboðsmann.

Í **Indónesíu** stofnuðu sex félög lögfræðinga árið 1967 til starfsemi, sem hefur það hlutverk að fjalla um kvartanir einstaklinga vegna meðferðar yfirvalda og þjóðfélagsins á málum þeirra.

Í **Írska lýðveldinu** stendur til að stofna embætti umboðsmanns.

Í **Ísrael** hefur eftirlitsmaður ríkisins (State Controller) talið sig hafa vald til að fjalla um kvartanir á hendur stjórnarvöldum. Nú er í undirbúningi lagasetning um umboðsmann sem deild innan embættis eftirlitsmanns ríkisins. Borgirnar Jerúsalem og Tel Aviv hafa umboðsmenn.

Í **Malasíu** var árið 1958 sett á laggir stofnun til baráttu gegn spillingu (Anti Corruption Agency) sem deild í forsætisráðuneytinu. Er hún talin gegna að nokkru leyti sama hlutverki og umboðsmaður mundi gegna.

Í **Niðurlöndum** lagði hollenska ríkisstjórnin fyrir þjóðþingið frumvarp til laga um umboðsmann, sem þingið skyldi ráða til starfa. Í því er gert ráð fyrir, að sérstök þingnefnd fjalli um kvartanir, áður en þeim er vísað til umboðsmanns.

Í **Bandaríkjum Norður-Ameríku** verður víða vart áhuga á umboðsmannstilhöguninni. Hafa bæði verið lögð fram frumvörp til alríkislaga og til laga innan sambandsríkja um umboðsmann. Á Hawaii starfar umboðsmaður frá árinu 1969. Sama ár var stofnuð staða umboðsmanns í Oregon ríki. Einnig hafa komið fram frumvörp um umboðsmann í New York borg, Philadelphia, Minneapolis og öðrum borgum.

Umboðsmannstilhögunin í hnotskurn.

Hér að upphafi má nefna helztu einkenni umboðsmanns.

Hann:

1. Starfar í þágu þegna þjóðfélagsins og auðveldar þjóðþingi að veita stjórnarvöldum aðhald.
2. Er sjálfstæður bæði gagnvart stjórnarvöldum framkvæmdarvalds og þjóðþingi um úrlausn einstakra mála.
3. Nýtur virðingar og áhrifa sakir sjálfstæðis, hlutleysis, mikillar þekkingar og sanngirni.
4. Tekur við kvörtunum út af rangindum stjórnarvalda eða á sjálfur frumkvæði að könnun á atferli stjórnarvalda.
5. Rannsakar mál á hlutlausan hátt, aflar skjala og vitneskju með skýrslum stjórnarvalda og einstaklinga.
6. Viðhefur málsmeðferð, sem er skjótvirk, einföld og kostnaðarlítil.

7. Hefur ekki vald til að ákveða viðurlög við misgerðum. Í Svíþjóð og Finnlandi eru umboðsmenn þó saksóknarar. Hann hefur ekki heldur vald til að afturkalla, ógilda eða breyta stjórnsýslugerningum. Aðaltæki hans eru álitsgerðir.
8. Gefur víðast hvar árlega skýrslu um starfsemi sína. Er hún prentuð og birt opinberlega.
9. Gefur kvartanda skýringu, ef hann vísar kvörtun frá, með því að hún er utan verksviðs hans eða ekki á rökum reist.
10. Hefur rétt til að skoða skrifstofur, dvalarheimili, fangelsi o. s. frv. til almenns aðhalds eða til rannsóknar einstakra mála.
11. Er til aðstoðar hverjum og einum þegn, sem til hans vill leita. Ekkert kostar að bera fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal ekki þurfa að útvega sér aðstoð lögfræðings á eigin kostnað. Umboðsmaður fylgir máli hans fram með nægilegum hraða.
12. Er almennt athugull um, hvort ekki sé einhvers staðar að finna brotalamir eða ósamræmi í lögum eða reglugerðum, og gerir tillögur til endurbóta.

Áhrif lífsháttа vorra tíma á réttaröryggi þegna.

Þjóðfélagsþegnar hlutu margvísleg mannréttindi gagnvart valdhöfum, þegar hin frjálslegu stjórnlög voru sett víða í Norðurálfu á 19. öld. Þá skaut sú regla rótum, að yfirvöld gætu ekkert aðhafst án lagaheimildar. Hér var endurborin gamla reglan: „Með lögum skal land byggja“. Meginregla þessi er uppistaðan í hugmyndum um réttarríkið.

Á allra síðustu árum er þó öllu fremur tíðrætt um velferðarríkið. Og um leið og allt kapp er lagt á að hrinda í framkvæmd hugmyndum um velferðarríkið, tefla menn stundum í tvísýnu þeim verðmætum, sem réttarríkinu eru tengd.

Umfangsmikil félagsmála- og efnahagslöggjöf vorra tíma nær ekki fram að ganga, nema með víðtækum afskiptum yfirvalda af gerðum þegna. Venjulega er afskiptum þannig hagað, að réttindi og skyldur stofnast með opinberum stjórnsýslugerningi. Efni hans ákveður stjórnarvald með meira eða minna frjálsu mati. Á þennan hátt er fólk í fjölda mörgum atriðum orðið háð ákvörðunum opinberra sýslunarmanna.

Mistök eru förunautar athafna. Gildir þar einu, hverjar sem þær eru og hver sem í hlut á. Opinbera sýslunarmenn henda mistök eins og aðra. Og þótt vandað sé til, tekst val þeirra misvel.

Vitaskuld er réttaröryggi þegna þjóðfélagsins hætta búin af auknu valdi og sýslu opinberra starfsmanna. Þegar mál manna eru komin í hendur annarra er hætt við, að umhyggjan verði ekki söm og áður. Starf umboðsmanna erlendis sýnir langan lista alls kyns kvartana og ásakana á hendur opinberum starfsmönnum og stjórnarvöldum. Kvartanir beinast gegn mistökum eða vanrækslu, einföldustu pennaglöpum, yfirsjónum, skeytingarleysi, ófullnægjandi könnun máls, ósanngirni, skorti á nærgætni, hrottaskap, seinagangi og töfum, hlutdrægni og mannamun, vanrækslu að gera viðvart, skilningsleysi, handahófi og gerræði, hroka, sleifarlagi, röngum og ófullnægjandi forsendum ákvörðunar, kúgun, lögbrotum, misnotkun valds og hvers konar ranglæti.

Varnaglar réttar- og stjórnkerfisins til tryggingar góðri stjórnsýslu voru flestir slegnir, þegar fyrirferð almannavaldsins var ólíkt minni en nú gerist. Gera verður allt sem unnt er til að tryggja réttarstöðu þegna sem bezt gagnvart stjórnarvöldum. Því er nú horfið að því ráði hér á Íslandi að leggja frumvarp fyrir Alþingi um embætti umboðsmanns Alþingis.

Hvernig hefur góð stjórnsýsla og réttarstaða þegnanna verið tryggð hingað til?

Fjölmörg atriði í löggjöf og þjóðfélagsskipulagi eiga að tryggja góða stjórnsýslu og jafnframt réttarstöðu þegna gagnvart opinberum stjórnarvöldum. Má raða þessum atriðum saman í eins konar „tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu“. Skal hér vikið að helztu atriðum:

A. Eftirlit.

Í stjórnkerfi hins opinbera fer fram eftirlit yfirmanna með undirmönnum.

Enn fremur starfa ýmsar stofnanir eða sýslunarmenn til eftirlits á vissum sviðum. Skulu þess nefnd dæmi:

1) Sameinað þing kýs 3 yfirskoðunarmenn til að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og til að gæta þess, hvort tekjur landsins séu allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar, sbr. 43. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
2) Ríkisendurskoðandi hefur yfirstjórn sérstakrar stofnunar, sem yfirfara skal bókhaldslega alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana, sbr. lög nr. 61/1931.
3) Félagsmálaráðuneytið hefur auk þess eftirlit með sveitarstjórnum, sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar á meðal fjárreiðum þeirra, sbr. lög nr. 58/1961. Sýslunefndir fylgjast og með fjárreiðum hreppsnefnda, sbr. 2. mgr. 58. gr. nefndra laga.
4) Ýmsar stofnanir eru starfandi á vegum ríkisins til almenns eftirlits á vissum sviðum, eins og t. d. heilbrigðiseftirlit, brunavarnaeftirlit, rafmagnseftirlit o. s. frv. Tekur eftirlit þetta til ríkisstofnana sem annarra aðila í þjóðfélaginu.

B. Viðurlög.

1) Opinberir starfsmenn bera refsiábyrgð á mistökum og vanrækslu í starfi. Í XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er lögð refsing við ýmiss konar brotum í opinberu starfi. Þar er m. a. um að ræða ýmiss konar misgjörðir opinberra starfsmanna í skiptum þeirra við almenning.
2) Opinberir starfsmenn bera skaðabótaábyrgð á tjóni, sem þeir kunna að valda í sýslu sinni eftir almennum skaðabótareglum.
3) Ráðherrar bera bæði refsi- og skaðabótaábyrgð samkvæmt sérstökum lögum um ráðherraábyrgð, sbr. lög nr. 4/1963. Í þeim málum dæmir Landsdómur, sbr. lög nr. 3/1963.
4) Starfsmenn ríkisins kunna að sæta viðurlögum yfirmanna sinna. Veita má áminningu vegna yfirsjóna og vanrækslu í ögunarskyni, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur má veita starfsmanni lausn frá starfi, ef hann vanrækir starf sitt eða á annan hátt brýtur starfsskyldur sínar, sbr. III. kafla laga nr. 38/1954. Starfsmaður, sem brotlegur gerist, kann með dómi að verða sviptur rétti til að gegna stöðunni, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1954.

C. Málskot.

1) Einstaklingi, sem vill ekki sætta sig við ákvörðun stjórnarvalds í máli hans, er almennt talið heimilt að skjóta ágreiningnum til æðra stjórnarvalds til úrskurðar. Stundum eru skýr ákvæði í lögum um slíka stjórnlega kæru, en það er alls ekki alltaf.
2) Enn fremur er jafnan heimilt hér á landi að bera ágreining við stjórnarvöld undir dómstóla, nema ágreiningur sé skilinn undan lögsögu dómstóla, með fortakslausu ákvæði í settum lögum, sbr. m. a. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944.

Að jafnaði er það ekki nauðsynlegt, að maður hafi notað heimild sína til að skjóta máli til æðra stjórnvalds, áður en hann freistar þess að rétta hlut sinn með dómsúrskurði, sbr. ritið „Stjórnarfarsrétt“ eftir Ólaf Jóhannesson á bls. 321.

D. Reglur um málsmeðferð.

Í lögum og reglugerðum um stjórnsýslu eru víða reglur um, hverri meðferð mál skuli sæta. Markmiðið er að stuðla að svo vandaðri málsmeðferð, að ákvörðun verði ekki tekin á grundvelli ófullnægjandi eða rangra forsendna.

E. Aðhald þjóðþingsins.

Alþingi veitir stjórnarvöldum aðhald. Ríkisstjórn og ráðherrar bera ábyrgð gagnvart Alþingi á því, að sýslunarmönnum framkvæmdarvaldsins fari starfið vel úr hendi. Ríkisstjórn og einstakir ráðherrar eru af eðlilegum ástæðum undir vökulli gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðu.

Sem ein þriggja megingreina ríkisvaldsins hefur Alþingi það hlutverk að halda framkvæmdarvaldinu í skefjum, sbr. m. a. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Að baki er sú hugsun, að þannig megi forðast ofvöxt valds og yfirtroðslur gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

Þjóðþing hafa hönd í bagga með framkvæmdarvaldi á ýmsan hátt:

a) Samkvæmt þingræðisreglunni verða ríkisstjórnar og einstakir ráðherrar að beygja sig fyrir samþykktum þjóðþings í meginstefnumálum. Ríkisstjórn, sem ekki nýtur stuðnings þingmeirihlutans, skal fara frá völdum. Þingræðisreglan gildir í aðalatriðum hér á landi.

b) Stjórnarvöld mega ekki hafast að nema með fullkominni lagaheimild, hvort heldur er að ræða um boð, bönn eða aðra íhlutun.

c) Þjóðþing kýs stjórnir, ráð og nefndir innan stjórnkerfis framkvæmdarvalds, sbr. t. d. hér á landi kjör Alþingis í Menntamálaráð, Útvarpsráð, Húsnæðismálastjórn, stjórn Seðlabanka og annarra ríkisbanka og sjóða.

d) Ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum er stundum skylt að hafa samráð við þingnefndir um vissa málaflokka, sbr. t. d. hér á landi 16. gr. laga nr. 61/1958 og 5. gr. laga nr. 54/1972 um utanríkismálanefnd.

e) Þingmenn hafa það hlutverk að gagnrýna gerðir framkvæmdarvaldshafa. Einstakir þingmenn eiga þess kost að beina fyrirspurnum til ráðherra og krefja þá sagna um gerðir sínar og sinna undirmanna í stjórnsýslu, sbr. hér á landi 31. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis og 10. gr. laga nr. 54/1972, sbr. og 9. gr. laga nr. 54/1972 um ráðherraskýrslur.

Varnaglarnir halda ekki lengur?

Það tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu, sem vér búum við og nú var greint frá, þykir ekki duga nógsamlega. Svo mjög hafa völd og umsvif stjórnarvalda aukist.

1) Málskot til æðra stjórnarvalds hefur að líkindum veitt þegnum virkasta vernd gegn röngum stjórnsýslugerningum fram til þessa. Kæruleið þessi er ekki flókin og kostar ekki mikið fé. Dómstólaleiðin er hins vegar venjulega bæði dýr og seinfarin, svo að hún vex fólki í augum.

   En annmarki kæruleiðarinnar er sá, að æðra stjórnarvald lendir iðulega í aðiljaaðstöðu vísvitandi eða óafvitandi. Því hættir til að leggjast á sveif með lægra settu stjórnarvaldi, sem á í deilu við þegn.

2) Valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds hefur jafnframt raskast frá því, sem áður var.

a) Áður höfðu þingmenn góða innsýn í verkefni hins einfalda stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þá veitti gagnrýni þeirra valdhöfum við stjórnsýslu mikið aðhald. Nú verður ekki ávallt sagt, að svo sé. Ráðherrar bera að formi til ábyrgð á gerðum embættismanna, sem vinna að sérhæfðum verkefnum. En embættismennirnir bera sjálfir hina raunverulegu ábyrgð. Fyrirspurnum þingmanna getur ráðherra oft ekki svarað, nema með því að endurtaka orð embættismanna eða að leggja fram sérfræðilega skýrslu þeirra. Á framlögðum skýrslum er oft sérfræðilegt málfar og röksemdaleiðsla, sem erfitt er að hrekja með almennum rökum. Þetta bil til sérfræðanna veldur því iðulega, að gagnrýni þingmanna hittir ekki í mark. Á móti þessu er m. a. reynt að vega með sérfræðilegri aðstoð við þingflokka, sbr. lög nr. 56/1971.

b) Frumkvæði stjórnmálalegrar leiðsögu er á síðustu árum að miklu leyti komið úr höndum þjóðþings til ríkisstjórnar og sérfræðinga framkvæmdarvalds. Þingmenn anna ekki sakir tíma- og sérþekkingarskorts hinum flóknu og fjölbreytilegu verkefnum lagasetningar nú á tímum.

Ríkisstjórnir fá ekki stjórnað, svo að lag sé á, nema þær geti stuðst við öruggan þingmeirihluta. Ef þingið synjar stefnumálum ríkisstjórnar samþykkis, getur það haft miklu víðtækari afleiðingar en áður var. Þess vegna m. a. hefur flokksagi farið vaxandi. Verða þingmenn að beygja sig fyrir honum, ef vinna á skipulega. Í reynd er framvinda þessi takmörkun á þingræðisreglunni.

Í æ ríkara mæli er jafnframt gripið til þess ráðs að framselja sérhæfðum stjórnarvöldum með víðtækum heimildarlögum vald til að setja reglugerðir, sem eru löggjafareðlis. Á hverju einstöku sérsviði stjórnsýslu þarf oftast nær að marka sérstaka stjórnarstefnu. Fá sérfræðingar með þessum hætti í reynd stjórnmálalegt, stefnumarkandi vald.

Endurbót á stjórnkerfinu: Umboðsmaður Alþingis.

Skipulag ríkis og sveitarfélaga hefur gengið úr fyrri böndum með ýmsum hætti, eins og á hefur verið drepið hér að framan. Umboðsmanni Alþingis er ætlað að ráða bót á agnúum, er af hafa hlotist.

a) Umboðsmaður Alþingis stendur utan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem sjálfstæður og hlutlaus aðili. Hann fjallar um þau mál, sem fólk ber undir hann, þegar því þykir stjórnarvald hafa gengið á hlut sinn. Þannig á umboðsmaður að geta orðið hlífiskjöldur lítilmagnans, þegnsins, gegn mistökum, vanrækslu og öðrum rangindum frá hendi stjórnarvalda. Hann rannsakar mál og segir álit sitt. Þetta gerir hann fólki að kostnaðarlausu og með sem skjótustum hætti. Hann kannar mál með hlutlausum hætti og verður því ekki „málflytjandi almennings“ gegn stjórnarvöldum. Fyrir þá sök eru stjórnarvöld líklegri til að virða álit hans. Hlutleysis og sjálfstæðis skal umboðsmaður gæta ekki aðeins gagnvart þegn og stjórnarvaldi, heldur einnig gagnvart Alþingi. Gildir þar einu, þótt umboðsmaður sé trúnaðarmaður Alþingis. Það skal ekki hafa áhrif á afgreiðslu hans á einstökum málum. Á hinn bóginn verður umboðsmaður vitaskuld að fara eftir ákvæðum laga um umboðsmann og ákvæðum reglugerðar, sem sameinað þing kann að setja um starfsemi hans.

b) Umboðsmaður auðveldar Alþingi að veita stjórnarvöldum aðhald. Hann kemur fram sem trúnaðarmaður Alþingis í heild, en hvorki stjórnarliðs né stjórnarandstöðu sérstaklega. Samstaða þingmeirihluta og ríkisstjórnar leggur hömlur á þingmenn meirihlutans, svo að þeir eru jafnan ekki skeleggir í gagnrýni á gerðir framkvæmdarvalds. Þeir vilja ekki koma ríkisstjórn í vandræði. Á hinn bóginn freista þingmenn í stjórnarandstöðu að nota fyrirspurnir til ráðherra út í æsar í baráttu sinni. En eins og drepið hefur verið á, eiga þeir iðulega

óhægt um vik. Stjórnarvöld skipa sér gjarnan í varnarstöðu. Umboðsmaður er allt öðruvísi settur. Hann hefur víðtækar heimildir til að krefjast vitneskju frá stjórnarvöldum með skýrslugjöf og framlagningu skjala. Og hann á ekki á hættu tortryggni stjórnarvalda með sama hætti og þingmenn. Umboðsmaður hefur þjálfuðu starfsliði á að skipa til málskönnunar. Að lokinni gagnasöfnun er aðstaða hans ólíkt betri en þingmanna til að leggja dóm á gerðir stjórnarvalds. Þannig verður umboðsmaður nýr þáttur í valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds. Starf hans getur og orðið til að létta tímafrekum erindrekstri af þingmönnum. Kjósandi beiðist ef til vill, að þingmaður greiði götu hans gagnvart stjórnarvaldi. Þingmaður á óhægt með að skorast undan, þótt hann þekki málavexti aðeins, eins og kjósandi lýsir þeim. Fyrir áhrif þingmanns afgreiðir stjórnarvald ef til vill málið, þótt það telji kjósanda eiga vafasaman rétt til þess. Ef umboðsmaður er til staðar, getur þingmaður vísað kjósanda til umboðsmanns með slík mál, sem áður hafa mætt tregðu frá hendi stjórnarvalds. Þar fær málið hlutlausa afgreiðslu.

c) Alþingi kýs umboðsmann sem trúnaðarmann sinn. Honum er þannig skipaður sess utan stjórnkerfis framkvæmdarvalds. Og tengsl hans við Alþingi eru til þess fallin að auka honum álit og veita orðum hans mikla þyngd. Staða umboðsmanns stendur og fellur með því áliti, sem hann nýtur, því að hann hefur ekki vald til að knýja fram vilja sinn og skoðun. Til starfsins þurfa því að veljast menn, sem almennrar viðurkenningar njóta. Umboðsmaður þarf að vera þeim kostum búinn, sem krafist er af hæstaréttardómurum. Lögfræðikunnátta er þar ómissandi.

d) Umboðsmaður tekur mál til meðferðar, þ. e. gagnaöflunar og rannsóknar, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Kvörtun getur hver og einn borið fram, sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Að sjálfs sín frumkvæði tekur umboðsmaður mál til meðferðar, ef honum þykir tilefni til, t. d. ef í dagblöðum er sneitt óþyrmilega að stjórnarvaldi.

e) Þá er kvörtun berst umboðsmanni, tekur hann hana fyrst til frumkönnunar. Kemur þá oft í ljós, að kvörtun er augljóslega ekki á rökum reist eða fellur utan verkahrings umboðsmanns. Vísar umboðsmaður henni þá þegar í stað frá með skýringu sinni. Ef kvörtun fellur hins vegar innan verkahrings umboðsmanns og hefur hugsanlega við rök að styðjast, tekur hann hana til meðferðar. Hann aflar allra tiltækra gagna frá stjórnarvaldi og þegn, svo sem skjala og skýrslna. Að lokinni rannsókn máls segir umboðsmaður álit sitt, eftir því sem honum þykir við eiga. Hann gefur ráð og leiðbeiningar. Hann gagnrýnir. Álit hans geta beinst að hverju því, sem ábótavant þykir í stjórnskýslu, sbr. nánar hér á eftir um 12. gr. frv. Er einkar mikilvægt, að umboðsmaður hafi rétt og skyldu til að segja álit sitt á öllum þáttum samskipta þegns og stjórnarvalds. Kvartanir fólks eru tíðum á þann veg, að stjórnarvald hafi að vísu ekki gengið í berhögg við bókstaf laga, en þó farið ranglega með vald sitt, skort sanngirni, nærgætni o. s. frv.

f) Stjórnarvöldum er í sjálfsvald sett, hvort þau fara eftir álitsgerðum umboðsmanns Alþingis. Honum er ekki ætlað að leggja hönd á sjálfa stjórnsýsluna. Hann stendur utan hennar. En álit hans, þekking, sanngirni og hlutleysi munu væntanlega vega svo þungt, að oftast nær taki stjórnarvald orð hans til greina. Sú hefur raunin orðið í Danmörku og Noregi, þar sem þessi háttur er hafður á valdi umboðsmanns.

g) Umboðsmaður kemur ekki til skjalanna, fyrr en eftir á. Starf hans á ekki að stuðla að auknu umstangi í stjórnsýslu. Hann getur m. a. leiðbeint í því efni. Hann á ekki heldur að draga úr einurð stjórnarvalda. Í starfi sínu þarf hann að vega hvora gegn annarri, þörfina á vönduðum undirbúningi ákvörðunar eða athafnar og þörfina á skilvirkni og framkvæmdarhraða. Norrænir umboðsmenn gagnrýna oft seinagang stjórnarvalda við afgreiðslu mála.

h) Umboðsmaður getur fjallað um tiltekin vinnubrögð eða ástand í stjórnsýslu, sem kann að snerta marga aðila og fjölda mála samtímis. Í því efni getur hann gert tillögur um endurbætur á lögum eða reglugerðum, ef honum þykir þar gæta ósamræmis, ranglætis eða annarra meinbuga, sbr. 13. gr. frv.
i) Umboðsmaður fjallar um nær alla stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Vissar takmarkanir eru þó gerðar í verksviði hans:

1) Alþingi er skilið undan verksviðinu. Umboðsmaður stendur ekki utan Alþingis, heldur starfar á vegum þess og er trúnaðarmaður þess. Alþingi hefur sárasjaldan á hendi stjórnsýslu, heldur gegnir aðallega löggjafarhlutverki og veitir stjórnarvöldum aðhald, eins og áður greinir. Af þessum ástæðum þykir rétt, að umboðsmaður skipti sér ekki af gerðum Alþingis, hvorki gerðum þingmanna né skrifstofu Alþingis.
2) Umboðsmaður fjallar ekki um dómsathafnir. Ef embætti fylgja bæði dómsathafnir og stjórnsýsla, getur umboðsmaður fjallað um stjórnsýslugerningana. Ef umboðsmanni þykir mikils um vert að fá úrlausn dómstóla um tiltekin vafaatriði í lögum, getur hann leiðbeint í því efni og mælt með því við Dómsmálaráðuneyti, að það veiti gjafsóknarleyfi.
3) Umboðsmaður fjallar ekki um trúarkenningar þjóðkirkjunnar, enda er þar ekki um stjórnsýslu að ræða.
4) Að öðru leyti ber alla stjórnsýslu ríkisins undir verksvið umboðsmanns, þar á meðal stjórnsýslu ríkisstjórnar og ráðherra. Stjórnsýslustörf ríkisstjórnar og ráðherra eru í reynd að jafnaði unnin af embættismönnum. Álitsgerðir umboðsmanns beinast því raunverulega gegn embættismönnum, þótt stjórnsýslugerningur sé gerður í nafni ráðherra eða ríkisstjórnar. Starfsemi umboðsmanns hefur ekki í för með sér neina takmörkun á stjórnmálalegri og stjórnskipulegri ábyrgð ríkisstjórnar eða ráðherra gagnvart Alþingi. Undir verksvið umboðsmanns ber alla stjórnsýslu opinberra sýslunarmanna, þótt þeir séu aðeins kjörnir til starfans um skamman tíma eða gegni honum sem algjöru aukastarfi.
5) Nokkrar takmarkanir eru hins vegar gerðar á afskiptum umboðsmanns af stjórnsýslu sveitarstjórna. Til meðferðar með venjulegum hætti tekur hann ákvarðanir sveitarstjórnarvalds, sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins. Hins vegar tekur hann eingöngu að sjálfs sín frumkvæði til meðferðar stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna, ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv.

Stutt sögudrög.

Til fróðleiks skal hér stuttlega rekja sögu umboðsmanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

a) Svíþjóð.

Árið 1809 settu Svíar sér ný stjórnlög. Gætti þar sjónarmiða valdskiptingarkenningarinnar. Ríkisþingið gat ekki samkvæmt þeim lögum haft afskipti af ákvörðunum konungs og framkvæmd laga. Til að vega upp á móti afskiptaleysi þessu átti umboðsmaður Ríkisþingsins (Riksdagens Justitieombudsmann eða JO), sem nú kom til skjalanna, að gæta þess, að konungsvaldið seildist ekki út fyrir vébönd sín með ólöglegum athöfnum undirmanna konungs við stjórnsýslu.

Öðrum þræði höfðu menn og í huga, að umboðsmaður gæti treyst réttaröryggi þegna gegn yfirtroðslum og gerræði frá hendi konungsmanna. Í reynd var umboðsmaður fyrst og fremst hlífiskjöldur þegna gagnvart stjórnarvöldum konungs, því að þingræði komst á, áður en langt um leið, og fékk þá framkvæmdarvaldið aðhald frá Ríkisþinginu.

Samkvæmt 96. gr. sænsku stjórnlaganna skal umboðsmaður í umboði Ríkisþingsins hafa almenna umsjón með, að dómendur og aðrir embættis- og starfsmenn ríkisins fari að lögum og öðrum fyrirmælum. Ef umboðsmaður verður áskynja ólöglegs athæfis í embættissýslu, skal hann draga opinberan starfsmann til ábyrgðar fyrir dómstólum.

„Reglugerð fyrir umboðsmenn Ríkisþingsins“ var síðast gefin út 29. desember 1967. Þar segir í 2. mgr. 2. gr. m. a.:

„Umboðsmaður skal vera sérstakur saksóknari og höfða mál, þegar einhver, sem eftirliti hans sætir, hefur í framkvæmd þjónustu sinnar brotið gegn lögum eða öðrum fyrirmælum eða á annan hátt vanrækt þjónustuskyldu sína.“

Þá segir enn fremur í 1. mgr. 2. gr.:

„Eftirlit sitt framkvæmir umboðsmaður með eftirlitsferðum, rannsókn og ákvörðunum, sem nauðsyn þykir bera til, vegna þess sem fram hefur komið við athugun á eftirlitsferð, í kæru eða á annan hátt.“

Í 2. mgr. 3. gr. segir:

„Umboðsmaður skal þá fyrst og fremst grípa í taumana, þegar réttaröryggi einstaklinga er skert eða teflt í hættu eða einhver hefur vanrækt þjónustuskyldu sína í eiginhagsmunaskyni, sakir manngreiningarálits eða stórfellds skeytingarleysis.“

Embætti sænska umboðsmannsins var skipt árið 1915. Var þá sett á stofn sérstakt embætti fyrir hermál.

Verksvið sænska umboðsmannsins var rýmkað árið 1957. Upp frá því fjallaði hann einnig um stjórnsýslu sveitarfélaga. Allir sem bera fulla embættisábyrgð eru háðir eftirliti umboðsmanns.

Starfi umboðsmanns var skipt á milli þriggja manna árið 1968. Skipta þessir þrír menn með sér verkum, en embættið er eitt eftir sem áður. Allir þrír bera þeir titilinn umboðsmaður, og hver og einn þeirra starfar sem umboðsmaður.

Sænskri stjórnsýslu er um margt á annan veg farið en danskri og norskri. Sænskir ráðherrar eru ekki sjálfstæðir yfirmenn stjórnsýslu. Þeir hafa að jafnaði ekki úrskurðarvald. Og þeir geta ekki heldur skipað lægra settum stjórnarvöldum fyrir. Þátttaka í ríkisstjórn er þeirra höfuðhlutverk. Af þessari ástæðu tekur verksvið sænsku umboðsmannanna ekki til ráðherra.

Mestmegnis taka lægra sett stjórnarvöld stjórnsýsluákvarðanir í Svíþjóð. Æðri stjórnarvöld geta ekki gripið í taumana um úrlausn einstakra mála og ekki heldur sett almennar starfsreglur. Sá starfsmaður ríkisins, sem um mál fjallar, tekur að jafnaði ákvörðun á eigin ábyrgð. Og ekki er heldur um að ræða fyrirspurnir á Ríkisþinginu frá þingmönnum til ráðherra, er veitt geti stjórnarvöldum aðhald.

Réttmæti stjórnsýslugerninga má í Svíþjóð fá kannað með kæru („besvär“). Fer mál annaðhvort til fullnaðarúrskurðar yfirvalds eða til stjórnsýsludómstólsins („Regeringsrätten“).

Þess er þó getandi, að láta má reyna á lögmæti stjórnsýslugernings fyrir almennum dómstólum með því að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmanni. Stjórnsýslugerningi verður að vísu ekki haggað með dómi í því máli. En sé þar staðfest, að starfsmaður hafi gerzt sekur um mistök eða vanrækslu, dæmist hann til refsingar og skaðabóta. Sænskir ríkisstarfsmenn bera ríka refsiábyrgð á starfi sínu. Samkvæmt refsilögum getur starfsmaður bakað sér ábyrgð sakir „vanrækslu, skilningsskorts eða gáleysis“. Sakamál á hendur sænskum ríkisstarfsmönnum eru alls ekki fátíð. Og það eru einmitt sænsku umboðsmennirnir, sem hafa það hlutverk að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmönnum.

Jafnframt umboðsmönnunum hefur réttarkanslarinn (Justitiekanslern eða JK) það hlutverk að líta eftir því, hvort opinberir starfsmenn rækja skyldu sína. Hann er hinn eiginlegi saksóknari ríkisins. En akkilesarhæll hans er, að hann er maður ríkisstjórnarinnar. Það er því talið treysta mjög tilfinningu manna fyrir réttarör-

yggi og tiltrú almennings til opinberrar stjórnsýslu, að einnig má leita til umboðsmanns, sem er með öllu óháður ríkisstjórninni og þar með stjórnarvöldum.

Sænsku umboðsmennirnir geta átt sjálfir frumkvæði að rannsókn mála. Tilefni finnast í fjölmiðlum og við athugun á eftirlitsferðum. Til eftirlitsferðar þykir hæfilegt, að umboðsmaður verji 4—5 vikum á ári hverju. Embætti ríkis og sveitarfélaga úti á landsbyggðinni eru sótt heim, þar er skoðaður allur rekstur og aðbúnaður og sýnishorn tekin úr bókum. Helzt verða fyrir valinu dómstólar, lögregla, fangelsi, saksóknarar og lénstjórnir.

Sumir umboðsmenn hafa gefið dómstólum talsverðan gaum, en vitaskuld er stjórnsýsla framkvæmdarvaldsins aðalverkefnið.

Sænsku umboðsmennirnir hafa ýmis önnur verkefni lögum samkvæmt. Ef Ríkisþingið afræður að höfða landsréttarmál á hendur ráðherra, skal umboðsmaður vera sækjandi. Sjálfur getur umboðsmaður einnig átt frumkvæði slíks máls.

Hver og einn þegn eða félagsskapur þegna getur kært mál til umboðsmanns í Svíþjóð. Hann rannsakar málið. Á hann þá heimtingu á, að stjórnarvöld láti honum í té öll nauðsynleg gögn.

Samkvæmt orðum reglugerðar um starfsemi umboðsmanns hefur umboðsmaður ekki vald til ögunar né fyrirskipana gagnvart stjórnarvöldum. Hlutverk hans er samkvæmt reglugerðinni að höfða sakamál. En í reynd framkvæmir umboðsmaður drjúgan þátt starfs síns án þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Á eftirlitsferðum gefst umboðsmanni tækifæri til að gefa opinberum starfsmönnum ráð og leiðbeiningar. Og verði umboðsmaður var við mistök stjórnarvalds, getur hann látið við það sitja að benda stjórnarvaldi á mistök. Ef um er að ræða túlkun á lögum, getur umboðsmaður látið málsókn farast fyrir, að því tilskildu að starfsmaður fallist skýlaust á lögskýringu hans og heiti því að fara eftir henni framvegis. Ef einhver hefur beðið tjón af völdum opinbers starfsmanns, getur umboðsmaður látið saksókn velta á því, hvort tjón er bætt. Það meginsjónarmið hefur orðið ofan á, að umboðsmaður höfðar ekki sakamál, nema nauðsynlegt teljist sakir réttaröryggis. Þá er ekki höfuðmarkmiðið að fá opinberan starfsmann dæmdan, heldur hitt að fá staðfest með dómi, hvað sé rétt túlkun laga eða rétt beiting hins frjálsa mats.

Sænsku umboðsmennirnir fjalla aðallega um lagaleg atriði stjórnsýslunnar og stundum einnig um hrein matsatriði hennar. Umboðsmaðurinn Bertil Wennergren segir í bæklingi sínum „JO-riksdagens ombudsmän“ m. a. um grundvallarreglur laga:

„Meðal almennra grundvallarreglna réttarins, sem umboðsmaður skal hafa vakandi auga með, að virtar séu, þykir hér hlýða að nefna sérstaklega lagaheimildarregluna (legalitetsprincip: engin íhlutun án lagastoðar), hlutlægnisregluna (objektivitetsprincip: sams konar tilvik skulu sæta sams konar meðferð) og hlutleysisregluna (þess skal gæta að halla ekki máli). Umboðsmaður beitir enn fremur oft þurftarreglunni og hlutfallsreglunni, sem svo má kalla. Reynir einkanlega á gildi þeirra, þegar um er að ræða mál lögreglu og saksóknara, heilsu- og náttúruverndar, barnaverndar og bindindis, en jafnframt í málum um herskyldu og aðbúð nemenda. Með þurftarreglu er átt við, að íhlutun skal ekki eiga sér stað, nema á knýi raunveruleg, brýn þörf. Hlutfallsreglan felur í sér, að íhlutun að því er varðar tegund, stærð og varanleik, skal standa í sanngjörnu hlutfalli við markmið sitt (ekki meiri íhlutun en nauðsyn krefur).“

Orð sænska umboðsmannsins þykja gefa nokkra innsýn í, hvaða meginreglur Svíar telja máli skipta í stjórnsýslu.

Umboðsmenn gefa Ríkisþinginu skýrslu. Hún er prentuð og gefin út opinberlega í ítarlegu máli. Þar segir frá höfðuðum dómsmálum og ýmsu öðru, svo sem álitsgerðum umboðsmanna, og því, sem þeir telja til almennra gagnsmuna.

Fjörutíu og átta kjörmenn Ríkisþingsins kjósa umboðsmennina til 4 ára í senn. Sá sem kosinn er, skal vera kunnur fyrir lögþekkingu sína og einstaka ráðvendni.

Oftast eru það dómarar, sem kosningu hljóta, en stundum málflutningsmenn eða háskólakennarar. Viðurkennt er, að embætti umboðsmanns stendur og fellur með áliti þeirra, sem það hafa á hendi. Þess vegna er rík áhersla lögð á að fá sem mikilhæfasta menn til starfsins.

b) Danmörk.

Danskur umboðsmaður hefur starfað frá árinu 1954. Þegar eftir síðari heimsstyrjöld var í Danmörku vakin athygli á, að umboðsmannsfyrirkomulag Svía væri eftirbreytnivert. Sérstakri nefnd hafði verið falið árið 1946 að endurskoða stjórnarskrána. M. a. fjallaði hún um lögfestingu umboðsmannstilhögunar, þegar hún kannaði, hvernig stjórnarvöldum yrði veitt aðhald. Á þessum árum uxu mjög verkefni danskrar stjórnsýslu.

Niðurstaða stjórnarskrárnefndarinnar var, að taka bæri upp sænska fyrirkomulagið að breyttu breytanda. Í nýju stjórnarskránni, sem gekk í gildi árið 1953, var tekið ákvæði þess efnis, að þjóðþingið skyldi kjósa einn eða tvo menn til umboðsmannsstarfs gagnvart starfsmönnum framkvæmdarvaldsins.

Lög um umboðsmann Þjóðþingsins (Folkatingets ombudsmand) voru sett árið 1954 og reglugerð um starfsemi umboðsmanns árið 1956. Þótt sænska umboðsmannsfyrirkomulagið væri haft að fyrirmynd, þótti, eins og áður segir, þó nauðsyn bera til að aðlaga starfsháttu umboðsmanns að dönskum aðstæðum.

Danskir ráðherrar hafa sjálfstætt stjórnsýsluvald, en það hafa sænskir starfsbræður þeirra ekki. Þeir geta gefið lægra settum stjórnarvöldum fyrirskipanir. Iðulega hafa þeir úrskurðarvald um málefni stjórnsýslu. Danska Þjóðþingið hefur meira vald en sænska Ríkisþingið til afskipta af stjórnsýslu. Þingmenn geta m. a. beint fyrirspurnum til ráðherra á þingi. Höfundar danska lagafrumvarpsins um umboðsmann voru þeirrar skoðunar, að stjórnskipulegs og stjórnmálalegs aðhalds Þjóðþingsins gætti einungis í meiri háttar málum. Auk þess væri fátítt, að ráðherrar bæru raunverulega ábyrgð á málum, er ráðuneyti afgreiddu. Stjórnsýslugerningar yrðu að vísu til í nafni ráðherra og þeir bæru ábyrgð að formi til. En þeir fengju allt að einu ekki vitneskju um fjölda mála, sem afgreidd væru í ráðuneytum þeirra. Því þótti einsýnt, að verkahringur umboðsmanns ætti að taka til ráðherra að formi til. Á hinn bóginn var ekki talið ráðlegt að tefla sjálfstæði dómstóla í tvísýnu með afskiptum umboðsmanns. Sérstakur kærudómstóll fjallar í Danmörku um mál á hendur dómurum sakir dómaraverka. Öll embættissýsla dómstóla var undanskilin verksviði umboðsmanns.

Upphaflega fjallaði danski umboðsmaðurinn eingöngu um stjórnsýslu ríkisins. Prófessor Stephan Hurwitz, sem fyrst valdist til hins nýja umboðsmannsstarfs og ávann því mikinn hróður, lagði til, að verksvið umboðsmanns yrði rýmkað, svo að það tæki einnig til stjórnsýslu sveitarstjórnar. Var sú rýmkun gerð árið 1961 með vissum takmörkunum.

Umboðsmaður danska Þjóðþingsins tekur mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Hann á heimtingu á skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, þar á meðal vinnugögnum stjórnarvalds. Hann rannsakar mál með svipuðum hætti og sænski umboðsmaðurinn. Ef fram er komin kvörtun, biður hann um skýringar, á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi.

Umboðsmaður er ekki saksóknari. En hann getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að höfða opinbert mál. Þessarar heimildar mun danski umboðsmaðurinn þó ekki hafa neytt, heldur haldið sig við að segja álit sitt á máli. Jafnan hefur verið farið eftir álitsgerðum hans.

Umboðsmaður getur tekist á hendur eftirlitsferðir til embætta, fangelsa, dvalarheimila o. s. frv., en ekki er gert ráð fyrir slíkum ferðum sem föstum þætti í starfi hans, eins og tíðkast í Svíþjóð.

Á árunum 1957—66 voru alls um 11000 mál lögð fyrir danska umboðsmanninn. Þar af snerti 721 mál stjórnarvöld í sveitarfélögum, eftir að umboðsmaður tók að fjalla um málefni þeirra árið 1962.

Venjulega hefur rannsókn leitt í ljós, að ekki var ástæða til gagnrýni á hendur þeim opinberu sýslunarmönnum, sem kvartað var undan. Í þessu felst ekki, að kvartanir hafi verið ástæðulausar eða óskynsamlegar. Oft ber við, að stjórnarvald greinir ekki ákvörðunarástæður sínar, og þar eð kvartandi hefur ekki nægа vitneskju um grundvöll ákvörðunar, fær hann ekki skilið hana. Í allmörgum málum hefur umboðsmanni með því að skýra málið í smáatriðum tekizt að gera kvartanda skiljanlegt, að meðferð máls og ákvörðun gáfu ekki tilefni til gagnrýni.

Af þeim málum, sem voru rannsökuð á árunum 1957—66, gáfu 456 mál tilefni til að gagnrýna stjórnarvald. Til viðbótar voru ráðleggingar gefnar stjórnarvöldum í 157 málum. 1808 mál, eða 75% þeirra mála, er rannsökuð voru, gáfu ekki tilefni til aðgerða af hálfu umboðsmanns. Hlutfall þeirra mála, er gáfu tilefni til gagnrýni eða ráðlegginga, kann að þykja fremur lágt, en hugfesta verður, að almenn varnaðaráhrif umboðsmanns skipta jafnvel meira máli en þau einstöku mál, sem árangur bera.

Danski umboðsmaðurinn hefur farið varlega í sakir, þegar um er að ræða svokallað frjálst mat stjórnarvalds. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um starfsemi hans segir, að umboðsmanni beri að athuga, hvort nokkur maður, sem verksvið hans tekur til, stefni að ólöglegu markmiði, taki handahófskenndar eða ósanngjarnar ákvarðanir eða á annan hátt gerist sekur um mistök eða vanrækslu við framkvæmd starfs síns. Ákvæði þessu beitir umboðsmaður með ýtrustu varúð. Hann gagnrýnir þá því aðeins ákvarðanir á sviði hins frjálsa mats, þegar hann getur til stuðnings máli sínu skírskotað til kenninga sérfræðinga og hann getur bent á áreiðanlegar skjalfestar sannanir fyrir því, að ákvörðun er handahófskennd eða óskynsamleg.

Alls kyns kvartanir berast umboðsmanni. Margar beinast gegn mismunun. Því er haldið fram, að stjórnarvöld taki mismunandi ákvarðanir í sams konar málum. Oftast hefur rannsókn leitt í ljós, að mál kvartanda er frábrugðið „sams konar" máli í einhverju veigamiklu atriði. En þó hafa kvartanir í nokkrum slíkum málum haft við rök að styðjast. Skattayfirvöld hafa t. d. metið tvær sams konar íbúðir í sama fjölbýlishúsi mismunandi til skatts. Mismunandi auðvelt hefur verið eftir landshlutum að fá ökuleyfi að nýju eftir sviptingu þess sakir aksturs undir áhrifum áfengis. Umboðsmaður hefur lagt til, að meira samræmi sé komið á þau mál. Í nokkrum málum hefur reynt á spurninguna, hvort opinber sýslunarmaður sé vanhæfur til að hafast að, t. d. þátttaka prófessors í umræðum háskóladeildar um doktorsritgerð tengdasonar hans. Umboðsmaður benti háskólanum á mikilvægi reglna um vanhæfi, og háskólinn setti síðan ítarlegar reglur um þátttöku kennara í meðferð mála, þar sem frændur eða tengdafólk hefur hagsmuna að gæta. Tíðari eru þó kvartanir um vanhæfi, þar sem opinber starfsmaður, sem áður hefur tekið þátt í meðferð máls, á aftur hlut að meðferð þess á málskotsstigi. Þannig hafa ýmsir ráðuneytisstjórar átt sæti í eða jafnvel verið formenn stjórnsýsludómstóla, sem málum á þeirra stjórnsýslusviði er skotið til. Jafnvel þótt slíkt fyrirkomulag hafi við viss rök hallkvæmis að styðjast, hefur umboðsmaður álitið það ganga svo í berhögg við undirstöðurök stjórnsýsludómstóla, að hann hefur lagt til endurskoðun reglna á þessu sviði.

Umboðsmaður hefur fjallað um valdþurrð stjórnarvalda, t. d. hvort skólastjóra sé heimilt að segja starfsmanni upp án þess að leggja málið fyrir skólanefnd. Í allmörgum málum hefur umboðsmaður fjallað um, hvort stjórnarvald hafi haft nægа lagaheimild til að taka ákvörðun. Umboðsmaður kannaði þannig mál, þar sem lögreglustjóri hafði bannað eiganda leigubifreiðar að leita eftir viðskiptavinum á leigubílastæði um mánaðarskeið, af því að eigandi átti í deilu við nokkra starfsbræður sína. Niðurstaða umboðsmanns var, að lögreglustjórinn hefði ekki haft nægа laga-

heimild til að banna eiganda leigubifreiðarinnar að nota stæðið. Í nokkrum málum hefur sú spurning verið lögð fyrir umboðsmann, hvort gildandi lög veiti stjórnarvaldi heimild til að setja þegnum almennar reglur á tilteknu sviði. Iðulega hefur umboðsmaður tekið til meðferðar mál, þar sem opinber starfsmaður hefur ekki farið eftir lögmætum reglum um málsmeðferð, t. d. þar sem lögregla hefur ekki virt reglur um handtöku og leit. Hann hefur sömuleiðis sagt álit sitt á málum, þar sem stjórnarvald hefur látið undir höfuð leggjast að leiðbeina þegn um, að honum sé heimilt að skjóta úrskurði til æðra stjórnarvalds. Margar kvartanir hafa snúist um seinagang við afgreiðslu mála og orðið umboðsmanni tilefni til gagnrýni. Hefur umboðsmaður m. a. rannsakað afgreiðsluhátt mála á breiðum grundvelli í því skyni að finna nýjar aðferðir til að stytta afgreiðslutímann. Árangur slíkra almennra rannsókna hefur jafnan verið ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda um endurbætur. M. a. hefur hann bent stjórnarvöldum á gamla reglugerð fyrir stjórnarvöld, sem kveður svo á, að mál milli stjórnarvalda skuli sæta meðferð án skriffinnsku og án ónauðsynlegra millilíða og að allrar vitneskju skuli afla eftir beinni boðleið en ekki krókaleiðum. Þá hefur umboðsmaður gagnrýnt í nokkrum málum, að stjórnarvald hefur ekki kannað mál nægilega, áður en það tók ákvörðun.

Þjóðþingið kýs umboðsmann. Hann skal vera lögfræðingur og má ekki eiga sæti á þingi. Danir álíta árangur af umboðsmannsstarfinu velta á virðingu þess manns, er embættinu gegnir.

c) Noregur.

Árið 1953 lagði stórþingsmaðurinn Lars Ramndal fram lagafrumvarp um umboðsmann fyrir Noreg, sem hann hafði sjálfur samið. Frumvarpið hlaut ekki samþykki þingsins, en lýðum varð ljóst, að nýmæli þetta átti sér marga stuðningsmenn. Árið áður höfðu verið sett lög um umboðsmann fyrir hermál. Nokkrum árum síðar samþykkti Stórþingið frumvarp til laga um umboðsmann. sem stjórnsýslunefnd þingsins hafði samið.

Umboðsmaður Stórþingsins hóf störf árið 1963. Meginröksemdin var, að heppilegt væri að gefa fólki kost á stofnun, þar sem það gæti sér að kostnaðarlausu fengið kvartanir sínar rannsakaðar á einfaldan hátt.

Fyrsti umboðsmaður Norðmanna, Andreas Schei, fyrrverandi hæstaréttardómari, er enn við störf.

Norsku umboðsmannslögin eru í aðalatriðum sniðin eftir dönsku lögunum Þykir því ekki ástæða til að endurtaka það hér í öllum atriðum.

Reglugerð um starfsemi umboðsmanns mælir svo fyrir, að álíti hann kvörtun rakalausa, skuli hvorki látið getið nafns kvartanda né opinbers starfsmanns eða stjórnarvalds. Í reynd hefur nafn ekki heldur verið getið, þegar kvörtun hefur haft við rök að styðjast.

Í umræðum Stórþingsins um ársskýrslu umboðsmanns hefur komið fram almenn ánægja með umboðsmannsstarfið. Taka bæði stjórnarvöld og almenningur undir það. Og léttara þykir nú að hreyfa erindum við stjórnarvöld en áður.

Norski umboðsmaðurinn hefur á að skipa auk skrifstofufólks fjórum ráðunautum og skrifstofustjóra. Eru þeir allir lögfræðingar. Ráðunautar binda sig ekki við tiltekið málefnasvið.

Umboðsmaður les allar kvartanir og útdeilir til ráðunauta þeim kvörtunum, sem ekki er vísað frá þegar í stað. Þeir rannsaka málið og leggja niðurstöður sínar fyrir umboðsmann. Hann leggur síðan síðustu hönd á verkið og gefur álitsgerð í eigin nafni.

Umboðsmanni er rétt að heimta allar nauðsynlegar skýrslur og skjöl af stjórnarvöldum. Þeim hefur þó ekki verið talið skylt að láta honum í té vinnugögn til undirbúnings ákvörðun. Umboðsmaður beiðist þó venjulega slíkra gagna, enda geyma þau iðulega veigamikla vitneskju um ákvörðunarástæður. Árið 1967 gengu í gildi í Noregi

lög um opinbera stjórnsýslu. Samkvæmt þeim skal stjórnarvald greina frá ákvörðunarástæðum að sjálfs sín frumkvæði eða eftir beiðni.

Að hætti starfsbróður í Danmörku getur norski umboðsmaðurinn ekki knúið stjórnarvöld til eins eða neins né heldur afturkallað stjórnsýslugerninga eða ógilt.

Á hinn bóginn getur hann ekki aðeins kannað lögmæti ákvörðunar heldur og þá spurningu, hvernig frjálsu mati hefur verið beitt í ýmsum atriðum.

Umboðsmaður fjallar ekki um dómstóla, hvorki dómsathafnir né stjórnsýsluathafnir þeirra.

Árið 1967 tók norski umboðsmaðurinn við 1089 kvörtunum. Að sjálfs sín frumkvæði tók hann 14 mál til meðferðar. Um tveimur þriðju hlutum kvartana var strax vísað frá, með því að þær féllu utan valdsviðs umboðsmanns. Þar má geta kvartana á hendur dómstólum eða einstaklingum, kvartana í málum, þar sem kvartandi hafði ekki notað kæruleið til æðra stjórnarvalds, og kvartana, sem augljóslega voru ekki á rökum reistar. Kvörtunum af þessu tagi fækkar ekki með árunum, þótt starfsemi umboðsmanns verði æ kunnari með almenningi.

Árlega hafa um 300—400 mál þótt verðskulda rannsókn norska umboðsmannsins. Af þeim hafa um 250 mál verið látin niður falla, með því ekkert athugavert þótti koma þar fram. Afgangurinn, um 100 mál, hefur borið árangur að nokkru eða öllu leyti. Stjórnarvöld hafa breytt ákvörðun sinni eða komist að samkomulagi við kvartanda í um það bil 50 málum árlega. Oftlega hefur riðið baggamuninn, að umboðsmaður hefur bent á þungvæg málsatriði. Milli 50 og 100 mál hafa árlega í för með sér gagnrýni eða ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda.

Fjöldi mála snýst um almannatryggingar og lífeyri. Tíðar eru kvartanir um vinnuaðstöðu og launamál. Þá er iðulega kvartað undan því, að synjað hafi verið um leyfi til eins eða annars. Margar eru kvartanir á hendur saksóknarvaldinu fyrir að það hefur látið hjá líða að höfða sakamál vegna misgerðar, og sama er að segja um kvartanir, vegna þess að lögregla þykir ekki hafa verið nógu ötul við málsrannsókn. Komið hefur stöku sinnum fyrir, að kvartað er undan því, að lögreglumenn gerist offarar í starfi. Fjölmennir meðal kvartenda eru þeir, sem sitja í fangelsum. Kvartanir þeirra snúast m. a. um meðferð í fangelsi eða synjun fangelsisstjóra á beiðni fanga um að vera látinn laus til reynslu. Sjúklingar á geðveikrahælum senda enn fremur nokkrar kvartanir árlega.

Oftast nær beinast kvartanir gegn ákvörðun stjórnarvalds. Ýmist er því haldið fram, að lögum hafi verið ranglega beitt eða að mál hafi ekki verið rannsakað nægilega og ákvörðun því reist á röngum grundvelli málsatvika. Ef um frjálst mat stjórnarvalds er að ræða, snúast kvartanir m. a. um mismunun, sem ekki styðjist við réttlát rök.

Um það bil fjórði hluti kvartana varðar málsmeðferð stjórnarvalds. Er þar helzta kvörtunarástæða óhóflegur seinagangur stjórnarvalds við afgreiðslu máls.

Afar fáar kvartanir beinast gegn einstökum opinberum sýslunarmönnum.

Meðal kvartenda eru vitaskuld nöldurseggir, en þeir eru ekki margir, og ásókn þeirra veldur umboðsmanni ekki neinum vandkvæðum.

Eftir nokkurra ára starf norska umboðsmannsins telja Norðmenn fullvíst, að hans hafi verið þörf. Af þeim 1719 málum, sem voru rannsökuð á fyrstu fimm starfsárunum, báru kvartanir árangur í 496 eða 24.8%. Fyrir utan beinan árangur í einstökum málum eru almenn varnaðaráhrif umboðsmannskerfisins ekki álitin skipta minna máli. Vitneskja stjórnarvalda um, að þegn geti ávallt leitað til umboðsmanns, er stjórnarvaldi hvöt til að rækja starf sitt svo samvizkusamlega sem best má verða. Á hinn bóginn eyðir starf umboðsmanns einatt órökstuddum grunsemdum í garð stjórnarvalda. Fólk ber meira traust til álitsgerðar umboðsmanns en skýringa stjórnarvaldsins sjálfs.

Um einstakar greinar lagafrumvarpsins.

Skal nú víkja að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing Alþingis kýs umboðsmann. Kjör umboðsmanns kann að fara fram, hvenær sem er á kjörtímabili Alþingis. Ekki er víst, að umboðsmaður sitji út kjörtímabil sitt, sbr. 3. mgr. 1. gr. frv. Ef umboðsmaður lætur af starfi, skal kjósa nýjan umboðsmann til 4 ára. Alþingi kann að verða rofið, áður en 4 ára kjörtímabili þess lýkur, sbr. 24. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Kjörtímabil Alþingis og umboðsmanns þurfa ekki að falla samaan.

Ráð er fyrir því gert, að Alþingi ákveði sjálft, eftir hvaða reglum umboðsmannskjör skuli fara fram. Þykir rétt, að inn í þingskapalög Alþingis séu felldar reglur um það efni.

Um 2. mgr. 1. gr.:

Kjörgengi umboðsmanns er sama og embættisgengi hæstaréttardómara, sbr. 5. gr. laga um Hæstarétt nr. 75/1973, sbr. og almenn dómaraskilyrði í 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Um 3. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing getur svipt umboðsmann starfi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Er þar tekin upp regla norsku laganna, sem þykir eðlilegri en danska reglan um, að meirihluti Þjóðþingsins geti svipt umboðsmann starfi.

Um 4. mgr. 1. gr.:

Staðgengill umboðsmanns um stundarsakir skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. 2. gr.:

Sameinað þing kýs 5 manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns. Nefnd þessi á að hafa á hendi það trúnaðarsamband, sem er á milli Alþingis og umboðsmanns. Getur umboðsmaður því ávallt snúið sér til hennar með erindi sín við þingið. Er eðlilegt, að umboðsmannsnefndin leggi drög í samráði við umboðsmann að reglugerð um starfsemi hans, sbr. 2. gr. frv.

Um 2. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. frv. um launakjör umboðsmanns miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði í starfi á borð við hæstaréttardómara og þá virðingu, sem því er samfara að njóta launa á við þá.

Um 3. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. frv. skal stuðla að því að gera umboðsmann sem sjálfstæðastan og óháðastan og tryggja sem best hlutleysi hans í hverju máli.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. frv. á enn fremur að stuðla að sjálfstæði umboðsmanns. Þess vegna skal hann vera sjálfráður um, hverja hann velur sem aðstoðarmenn sína.

Um 4. gr.

Umboðsmanni Alþingis er ekki ætlað að halda uppi reglubundnu eftirliti með opinberri stjórnsýslu í stóru og smáu. Því fær hann ekki annað með takmörkuðu

starfsliði. Hann bregður jafnan ekki við nema að gefnu tilefni, er honum berst kvörtun eða honum verður kunnugt um gagnrýni á hendur stjórnarvaldi, sem honum þykir rétt að kanna nánar, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Í frumvarpi þessu er því sniðgengið að kalla starfsemi umboðsmanns „eftirlit“.

Hlutverk umboðsmanns er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu, og að stjórnarvöld beiti ekki nokkrum mann rangindum. Með þessari yfirlýsingu 4. gr. frv. er mörkuð sú stefna, sem umboðsmaður skal fylgja í starfi sínu. Samkvæmt henni er það réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Ákvæði 4. gr. frv. skal skilja þannig, að einnig einkafyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög og hvers konar félög geta leitað aðstoðar umboðsmanns og borið fram kvartanir við hann. Mál, sem umboðsmaður tekur til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, þurfa þó ekki beinlínis að varða réttaröryggi einstakra þegna eða félaga gagnvart stjórnarvöldum. Hvers konar hugsanleg lögbrot, óreiðu og vanstjórn í opinberri stjórnsýslu getur umboðsmaður tekið til rannsóknar. Einn þáttur í starfi umboðsmanns skal vera að gera tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu. Þar á meðal skal hann gera tillögur til að ráða bót á meinbugum á lögum og reglugerðum, sem hann kemur auga á, sbr. 13. gr. frv.

Um 5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess. Af því þykir leiða, að hann getur ekki tekið þátt í stjórnmálum né átt setu á Alþingi.

Umboðsmaður getur af þessari ástæðu ekki fjallað um kvartanir á hendur Alþingi eða einstökum þingmönnum vegna starfa þeirra sem þingmenn. Umboðsmaður fjallar því ekki um umræður á Alþingi, nefndarálit o. s. frv. Og hann skal að jafnaði ekki taka afstöðu til álitamála af stjórnmálatoga eða til mála, sem teflt geta í tvísýnu trausti almennings til hlutleysis hans. Verður umboðsmaður sjálfur að skera úr, hvað hann telur rétt að hætta sér langt í þeim efnum. Sjá nánar um 12. gr. frv.

Af trúnaðarsambandi umboðsmanns og Alþingis leiðir ekki, að það geti boðið honum eða bannað varðandi úrlausn einstakra mála. Um úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður vera óháður Alþingi að öðru en því, sem Alþingi hefur þegar ákveðið í lögum um umboðsmann og í reglugerð um starfsemi hans.

Rétt þykir, að sameinað þing hafi samráð við umboðsmann þann, sem kosinn verður, um setningu reglugerðar um starfsemi hans. Getur það orðið verkefni þingnefndar þeirrar, sem fjalla skal um málefni hans, sbr. 1. mgr. 2. gr. frv.

Um 6. gr.

Verksvið umboðsmanns Alþingis tekur bæði til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í 6. gr. frv. eru þó settar nokkrar takmarkanir á verksviðið.

Í 6. gr. frv. er sniðgengið að tala um „opinbera starfsmenn“, þótt í reynd hljóti rannsókn mála að beinast gegn stjórnsýslu þeirra. Eins og lögin eru orðuð getur könnun umboðsmanns tekið til stjórnsýslu hvers þess, sem starfar sem „opinber sýslunarmaður“, þótt hann gegni starfi aðeins stuttan tíma sem borgaralegri kvöð.

Í stað þess að tala um „opinbera starfsmenn“ eða „opinbera sýslunarmenn“ er í lögunum oftast talað um „stjórnsýslu“, „stjórnarvöld“, „stofnanir“ o. s. frv. Er álitið miklu skipta í hinu fámenna íslenska þjóðfélagi, að aðgerðir umboðsmanns beinist sem minnst gegn persónu þeirra, sem við opinbera stjórnsýslu fást, sbr. þó 2., 4., 5. og 6. mgr. 12. gr. frv.

Um 1. tl. 6. gr.:

a) Alþingi er, eins og áður segir, skilið undan verksviði umboðsmanns, sbr. það, sem segir um 5. gr. frv. Gildir það bæði um löggjafarmálefni og stjórnsýslu. Skrifstofa Alþingis er því undanskilin verksviði hans. Sama máli gegnir, ef Alþingi tekur sér fyrir hendur að fremja einstaka stjórnsýslugerninga.

b) Dómstólar eru undanskildir verksviði umboðsmanns um dómsathafnir. Stjórnsýsluathafnir dómstóla getur umboðsmaður hins vegar fjallað um. Hér á landi fara sýslumenn og bæjarfógetar bæði með dómsmál og stjórnsýslu. Þar sem stjórnsýsluathafnir eru svo stór þáttur starfs þeirra, þykir ekki rétt að þiggja þá að því leyti undan verksviði umboðsmanns. Verður umboðsmaður að skera úr vafaatriðum um, hvort um dómsathöfn eða stjórnarathöfn sé að ræða. Sama regla gildir um öll dómaraembætti, svo fremi þau fást einnig við stjórnsýslu.

c) Þjóðkirkjan er skilin undan verksviði umboðsmanns um trúarkenningar sínar. Sker umboðsmaður úr, hvort um trúarkenningar sé að ræða.

d) Samkvæmt 1. tl. 6. gr. frv. fellur stjórnsýsla ráðherra og ríkisstjórnar undir verksvið umboðsmanns. Í reynd hafa embættismenn þessa stjórnsýslu á hendi, þótt stjórnsýslugerningar séu gefnir út og undirritaðir af ráðherra. Beinist hugsanleg rannsókn og gagnrýni því venjulega ekki að ráðherrum, heldur að embættismönnunum.

Um 2. tl. 6. gr.:

Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum, sem hér skal greina:

Þær ákvarðanir stjórnarvalda sveitarfélaga, sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins, tekur umboðsmaður til meðferðar með sama hætti og ákvarðanir ríkisstjórnarvalda.

Málskot til æðra stjórnarvalds er jafnan talið heimilt, ef lægra sett stjórnarvald er eðlilegur þáttur í föstu stjórnkerfi ríkisins. Samkvæmt því má jafnan skjóta ákvörðunum stjórnarvalda sveitarfélaga til ráðuneytis eða annars ríkisstjórnarvalds, þótt ekki sé til þess sérstök heimild í settum lögum, ef ríkisstjórnarvaldið hefur yfirstjórn þess málefnis, sem sveitarstjórnarvaldið fjallar um.

Hins vegar eru sums staðar í lögum sérstök ákvæði um slíka kæruheimild, sbr. t. d. lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Barnaverndarnefndir eru kostnar af hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, sbr. 6. gr. þeirra laga. Barnaverndarnefndarúrskurðum má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs, sbr. 1. mgr. 56. gr. laganna. Ráðherra skipar barnaverndarráð.

Sú almenna takmörkun á verksviði umboðsmanns, sem getið er í 6. mgr. 7. gr. frv., gildir vitaskuld, þegar um er að ræða ákvarðanir sveitarstjórnarvalds, sem skjóta má til ríkisstjórnarvalds. Getur umboðsmaður því ekki tekið slíka kvörtun á hendur sveitarstjórnarvaldi til meðferðar, fyrr en kvartandi hefur neytt kæruheimildar til ríkisstjórnarvalds og það fellt úrskurð í málinu. Ef svo ber við, leiðbeinir umboðsmaður kvartanda um notkun kæruheimildar.

a) Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til. Honum er hins vegar ekki skylt að taka stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna til meðferðar eftir kvörtun.

Með þjóðkjörnum sveitarstjórnum er átt við aðalstjórnvöldin í sveitarfélögum, sveitarstjórnir, sem kjörnar hafa verið í almennum kosningum. Eru það hreppsnefndir, bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur.

b) Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga, ber honum að hyggja að sérhögum þeirra. Annars vegar á það sérstaklega við, þegar umboðsmaður tekur mál upp að sjálfs sín frumkvæði gagnvart þjóðkjörnum sveitarstjórnum. Þær eru eins konar smækkuð mynd Alþingis. Hins vegar er stjórnsýsla smærri sveitarfélaga, einkum hreppsfélaga, mjög almenns eðlis. Starfsmenn þeirra eru ekki sérhæfðir og reisa ákvarðanir sínar gjarnan á þekkingu á staðháttum og fólki í sveitarfélagi. Þar myndast því síður reglubundin stjórnsýsluiðkun eins og í stærri sveitarfélögum.

Um 3. tl. 6. gr.:

Rétt þykir, að sameinað þing hafi heimild til að afmarka verksvið umboðsmanns frekar, ef því þykir nauðsyn til bera. Má þá setja þær reglur í reglugerð um starfsemi umboðsmanns, sbr. 5. gr. frv.

Um 7. gr.

Um 1. mgr. 7. gr. frv.:

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar, hvort heldur er, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Allar kvartanir tekur hann fyrst til frumkönnunar. Leiðir hún þá til þess, að vísað er frá þeim kvörtunum, sem umboðsmaður hefur ekki vald til að fjalla um eða eru augljóslega ekki á rökum reistar o. s. frv. Aðrar kvartanir tekur umboðsmaður til meðferðar.

Að sjálfs sín frumkvæði getur umboðsmaður tekið til meðferðar hvers konar atferli stjórnarvalda, sem honum þykir rannsóknar vert. Er gert ráð fyrir, að hann fái vitneskju um slík mál aðallega í gegnum fjölmiðla, dagblöð, útvarp o. s. frv. Umboðsmaður er þá ekki bundinn við rannsókn eins einstaks máls, heldur getur tekið til könnunar ákveðið ástand innan stjórnsýslunnar, sem enginn einn, starfsmaður eða stjórnarvald, er riðið við. Þó er gert ráð fyrir, að meginverkefni umboðsmanns verði rannsókn einstakra mála, þar sem kvörtun hefur borist á hendur einstöku stjórnarvaldi.

Þegar umboðsmaður tekur mál til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, er hann ekki bundinn af ákvæði 6. mgr. 7. gr. frv. Æðra stjórnarvald þarf því ekki hafa fellt úrskurð í máli að undangengnu málskoti, sbr. orðalag 6. mgr. 7. gr. frv.

Um 2. mgr. 7. gr.:

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann, sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Kvörtunarheimild takmarkast því ekki við þá, sem hafa íslenskt ríkisfang.

Um 3. mgr. 7. gr.:

Sá, sem sviptur hefur verið frelsi, á rétt til að bera mál sitt undir umboðsmann í lokuðu bréfi. Mikilsvert þykir, að þeir, sem lokaðir eru inni í fangelsum eða á hælum, eigi þess kost að bera fram kvartanir, án þess að þær fari í gegnum hendur yfirmanna þessara stofnana, sem þær oft beinast gegn.

Um 4. mgr. 7. gr.:

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Umboðsmaður tekur því ekki við nafnlausum bréfum. Enn fremur skal kvartandi láta fylgja öll þau gögn, sem stoða kunna mál hans. Reynslan á hinum Norðurlöndum sýnir, að margt fólk á mjög óhægt með að skrifa upp hugsanir sínar skipulega. Er því gert ráð fyrir, að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. frv., geti fólk gengið inn á skrifstofu umboðsmanns og greint frá kvörtun sinni. Aðstoðar starfsfólk umboðsmanns við að semja skriflega kvörtun og leiðbeinir um útvegun allra tiltækra sönnunargagna.

Um 5. mgr. 7. gr.:

Kvörtun skal bera fram innan árs, frá því að gagnrýndur stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur. Er þá miðað við, hvenær kvörtun berst umboðsmanni. Nauðsyn þykir bera til að setja ákveðinn frest, sem unnt sé að bera fram kvartanir á, því að endalaust skulu menn ekki geta tekið upp gerðir stjórnarvalda og kvartað undan þeim við umboðsmann. Þykir eitt ár hæfilegur frestur.

Ef um er að ræða stjórnsýslugerninga, sem skjóta má til æðra stjórnarvalds, hefst fresturinn ekki, fyrr en það hefur úrskurðað málið. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. frv. verður að skilja á þann veg í málum, þar sem kvartað er undan seinagangi á afgreiðslu máls, að fresturinn telst ekki hefjast, fyrr en drætti málsins lýkur hjá stjórnvaldi. Ef mál dregst þannig óhæfilega í höndum stjórnvalds, þarf kvartandi þó ekki að

bíða allt til þess, er drætti lýkur. Hann getur borið fram kvörtun, þegar dráttur er orðinn óhæfilegur.

Um 6. mgr. 7. gr.:

Í 6. mgr. 7. gr. frv. felst sú regla, að sé kæruheimild fyrir hendi innan stjórnkerfisins, þá skal fullreyna þá leið fyrst, áður en borin er fram kvörtun til umboðsmanns. Stjórnarvöld skulu sjálf fá fyrst tækifæri til að leiðrétta ákvarðanir, sem hugsanlega eru rangar, áður en farið er til aðila utan stjórnkerfis þeirra með kvartanir. Það væri óviðeigandi. Síðar kæmi ef til vill á daginn, að æðra stjórnarvald hefði örugglega leiðrétt, ef það hefði fengið tækifæri til þess. Ef umboðsmaður vísar frá sér kvörtun með þeim rökum, að æðra stjórnarvald hafi ekki fjallað um málið, er rétt, að hann láti stjórnarvaldi þessu í té vitneskju um afstöðu sína.

Af reglu 6. mgr. 7. gr. frv. leiðir, að sé kvartað undan öðru atferli en því sem sætir málskoti, t. d. málsmeðferðinni eða framkomu opinbers starfsmanns, þarf einstaklingur ekki að kæra til æðra stjórnarvalds og bíða eftir úrskurði þess, áður en hann ber fram kvörtun við umboðsmann.

Um 7. mgr. 7. gr.:

Umboðsmaður sker úr, hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar. Þá er kvartanir berast umboðsmanni, er vitaskuld mismunandi ljóst, hvort þær falla undir verksvið umboðsmanns og hvort þær eru rannsóknar verðar. Sumar kvartanir falla augljóslega utan verkahrings hans, eins og t. d. kvartanir á hendur einstaklingum. Vísar hann þeim þá strax frá. Aðrar kvartanir berast ef til vill of seint, eftir að ársfrestur 5. mgr. 7. gr. frv. er liðinn. Er þeim þá vísað frá án frekari athugunar, nema umboðsmaður telji rétt að eiga sjálfstætt frumkvæði að rannsókn málsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Aðrar kvartanir kunna að vera vafasamari. Er það lagt á vald umboðsmanns að meta, hversu miklum tíma og vinnu hann ver til rannsóknar á hverju máli. Varðandi þær kvartanir, sem hann tekur til meðferðar, sker hann úr á hvaða stigi málsmeðferðar sem verða vill, hvort mál skuli niður falla, þar sem ekkert athugavert hafi komið í ljós o. s. frv.

Af markmiði starfsins leiðir vitaskuld, að umboðsmaður skal ávallt gera kvartanda rökstudda grein fyrir því, hvers vegna hann vísar máli frá eða lætur það falla niður, eftir að meðferð þess er hafin.

Um 8. gr.

Umboðsmaður á heimtingu á, að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju, sem hann þarfnast til framkvæmdar starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o. s. frv.

Heimild þessi er nauðsynleg, til þess að umboðsmaður fái rækt starf sitt með árangri. Ráð er gert fyrir því, að umboðsmaður geti m. a. krafist vinnugagna stjórnarvalds, sem notuð hafa verið til undirbúnings ákvörðun, en honum kann sakir þagnarskyldu að vera óheimilt að skýra frá, hvað í þeim stendur, sbr. 11. gr. frv.

Til þess að fá samræmi milli þessara heimilda umboðsmanns til öflunar vitneskju og lagaákvæða um öflun gagna í dómsmálum, eru þó takmarkanir þær, sem gilda um undanþágu og bann við vitnisburði fyrir dómi einnig að nokkru látnar gilda gagnvart umboðsmanni. Reglur 2. mgr. 8. gr. frv. eru þó ekki eins víðtækar og reglur 125. og 126. gr. laga nr. 85/1936, ýmist af því að sum ákvæði þessara greina eiga ekki við um stjórnarvöld eða af því að umboðsmaður sjálfur skal gæta þagnarskyldu, sbr. 11. gr. frv. Á því ekki að vera varhugavert að láta honum í té vitneskju, sem leynt skal fara.

Víðtækar heimildir umboðsmanns til öflunar vitneskju varða ekki aðeins stjórnarvöldin, heldur getur hann og neytt þeirra ráða, sem tiltæk eru í dómsmálum til rannsóknar og gagnaöflunar, sbr. 3. mgr. 8. gr. frv. Getur hann bæði neytt þeirra heimilda, sem kveðið er á um í lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og í lögum um meðferð opinberra mála nr. 73/1973. Getur umboðsmaður samkvæmt

þessum ákvæðum kvatt einstaklinga, sem við mál eru riðnir, fyrir dóm til vitnisburðar.

Ákvæði 9. gr. frv. um aðgang umboðsmanns að húsnæði stjórnarvalds þjónar sama tilgangi.

Um 9. gr.

Umboðsmaður getur notað heimild 9. gr. til að skoða skrifstofur og gögn í þeim, embættisbækur og skjöl, og tekið sýnishorn úr þeim. Einnig getur hann heimsótt dvalarheimili, fangelsi, spítala o. s. frv. og kynnt sér stjórn stofnunar og aðbúnað vistmanna.

Ákvæðið þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar gilda sömu sjónarmið og um rannsókn mála, vettvangsgöngu o. s. frv. Hins vegar getur umboðsmaður notað heimildina til almenns aðhalds. Vitneskjan um, að von geti verið á heimsókn umboðsmanns, veitir aðhald.

Um 10. gr.

Ákvæði 10. gr. frv. er ætlað að tryggja, að það stjórnarvald eða sá opinberi sýslunarmaður, sem kvörtun beinist gegn, fái fullt tækifæri til að verja sig, eða m. ö. o. að tryggð sé drengileg meðferð máls hans. Frá þessari reglu má umboðsmaður ekki víkja, nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess, t. d. af því að sakargögnum kunni að verða spillt.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frv. er kveðið á um þagnarskyldu umboðsmanns.

Umboðsmaður hefur víðtækt vald til að afla gagna frá stjórnarvöldum, sbr. 8. gr. frv. Verða honum þá ef til vill kunn atvik, sem lögum eða eðli máls samkvæmt þurfa að fara leynt. Samkvæmt 12. gr. frv. er umboðsmanni hins vegar rétt að láta uppi álit sitt og skýra opinberlega frá málefnum innan verkahrings hans. Verður umboðsmaður því að meta, hverju hæfilegt og viðeigandi sé að skýra frá. Á það ekki síst við vinnugögn, sem umboðsmaður fær frá stjórnarvöldum. Gögn þessi sýna títt, hvernig stjórnarvald komst að niðurstöðu og ákvörðun. Ef umboðsmaður ætlar sér að gagnrýna forsendur ákvörðunar, verður hann því stundum að vitna til þessara gagna og það er honum heimilt. Sama gildir, þegar umboðsmaður fær vitneskju frá opinberum sýslunarmönnum, sem þagnarskylda hvílir á.

Hins vegar má umboðsmaður ekki skýra frá vitneskju, sem honum verður kunn í starfi og engu skiptir við framkvæmd starfs hans, nema sérstakar ástæður mæli með því. Gilda hér venjulegar reglur um þagnarskyldu.

Um 12. gr.

Um 1. mgr. 12. gr.:

Umboðsmaður getur sagt álit sitt á hverju því máli, sem kemur til meðferðar hans.

Samkvæmt ákvæði þessu ber umboðsmanni að láta í ljós ráð og leiðbeiningar, óskuldbindandi tilmæli eða beina gagnrýni við stjórnarvald, sem í hlut á, eftir því sem við þykir eiga hverju sinni. Ráð er fyrir því gert, að heimild 1. mgr. 12. gr. frv. verði þungamiðjan í starfsaðferð og valdi umboðsmanns. Sams konar heimildir eru í dönsku og norsku lögunum, og er málum sem meðferð umboðsmanns sæta, nánast alltaf lokið með álitsgerð. Leggja Norðmenn sérstaka áherslu á, að umboðsmaður beiti sér ekki á annan hátt í málum en með óskuldbindandi álitsgerð.

Um 2. mgr. 12. gr.:

Þá er umboðsmaður hefur lokið könnun sinni á máli, skal hann segja stjórnarvaldi og þegn álit sitt. Getur hann þá bent á, að stjórnarvald hafi framið lögbrot, að athafnir þess eða ákvarðanir skorti stoð í lögum, eða að þær séu reistar á ófullnægjandi eða röngum forsendum. Er vonast til, að umboðsmaður á grundvelli mikillar þekkingar sinnar á málefninu, álits síns og þeirrar stöðu, sem hann skipar, verði svo áhrifaríkur, að stjórnarvöld og þegnar muni jafnaðarlega virða og sætta

sig við álit hans á máli. Til að umboðsmaður sé þó ekki máttvana, ef álit hans er virt að vettugi, getur hann, ef nauðsyn krefur, lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga nr. 38/1954 eða lagt fyrir saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna afbrots í opinberu starfi, sbr. 5. og 6. mgr. 12. gr. frv. Er yfirvaldi eða saksóknara skylt að fara eftir fyrirmælum umboðsmanns í þessu efni.

Sömuleiðis getur umboðsmaður sagt álit sitt á, hvort stjórnarvald hafi sýnt þegn nægilega nærgætni, sanngirni, hvort það hafi viðhaft handahóf o. s. frv. Samkvæmt þessu skal umboðsmaður því geta sagt álit sitt á hreinum matsatriðum. En vitaskuld verður umboðsmaður að vera því varfærnari í yfirlýsingum sínum, ef hann hefur ekki við réttarreglur að styðjast. Verður hann þar m. a. að varast að draga á nokkurn hátt úr sjálfstæði stjórnarvalds til að vinna að verkefnum hins frjálsa mats. En eins og á síðustu árum hefur verið sýnt skýrlega fram á, er mat stjórnarvalds að norrænum rétti afar sjaldan algjörlega frjálst. Þar koma til greina almennar reglur laga þess efnis, að fullnægjandi og málefnalegar forsendur séu lagðar til grundvallar ákvörðun, að gætt sé vissra jafnræðis- og réttlætisreglna o. s. frv. Á þessum jaðri grundvallarreglna laga og hins frjálsa mats getur þörfin verið brýn, að umboðsmaður segi álit sitt á því, hvort stjórnarvald hafi beitt valdi sínu réttilega.

Um 3. mgr. 12. gr.:

Umboðsmanni er í sjálfsvald sett, hvenær hann lætur mál niður falla. Kemur þar m. a. til greina að láta mál niður falla, þegar stjórnarvald hefur gefið skýringu sína eða leiðrétt mistök, sem því hafa orðið á. Gert er ráð fyrir því, að umboðsmaður afli skýrslna og gagna á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi og gefi báðum aðilum þegar í stað kost á að kynna sér gögn og skýrslur, sem hinn aðilinn lætur umboðsmanni í té.

Um 4. mgr. 12. gr.:

Mistök stjórnarvalds eða vanræksla geta verið svo alvarlegs eðlis, að umboðsmaður telji nauðsynlegt að segja æðra stjórnarvaldi eða saksóknara, hvað hann áliti rétt að gera í málinu.

Um 5. og 6. mgr. 12. gr.:

Ákvæði 5. og 6. mgr. 12. gr. frv. eru sett til öryggis fyrir umboðsmann, en ekki er ætlast til að aðgerðir samkvæmt þeim verði fastur þáttur í starfi hans. Óheppilegt verður að teljast, að umboðsmaður lendi í aðiljastöðu í málum, en komist hann í þá erfiðu aðstöðu, að stjórnarvald virðir álitsgerð hans að vettugi, kann að skipta hann miklu að geta gripið til heimilda 5. eða 6. mgr. 12. gr. frv.

Um 13. gr.

Auk starfs síns við úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður hafa vakandi auga með því, hvort ekki finnist meinbugir á lögum eða reglugerðum. Þar getur verið um margs kyns galla að ræða, svo sem beinar prentvillur eða missagnir, hugsunarvillur og ósamræmi af flestu tagi. Einnig geta meinbugir verið fólgnir í því, að megns óréttlætis eða mismunar gæti í lögum eða reglugerðum o. s. frv. Skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn þar um.

Um 14. gr.

Um 1. mgr. 14. gr.:

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Úrlausn hans á einstökum málum getur síðar orðið leiðbeinandi í fjölda annarra mála og þannig orðið fordæmi. Auk þess getur umboðsmaður látið uppi álitsgerðir almenns eðlis, sem fyrirfram er vitað, að varða fjölda mála. Af þessum ástæðum er útgáfa ársskýrslu umboðsmanns veigamikill þáttur í starfi hans. Er

gagnlegt, að ársskýrslan sé lögð fyrir sameinað þing og þingmenn taki hana til umræðu. Fæst þannig opinber umræða um stjórnsýsluna og endurbætur á henni.

Um 2. mgr. 14. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. frv. ber að skilja á þann veg, að komi í ljós stórvægileg mistök eða afbrot stjórnarvalds, þá getur umboðsmaður látið þar við sitja að gefa Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn sérstaka tilkynningu um málið. Er honum ekki skylt að fjalla einnig um málið í ársskýrslu. Enn fremur getur hann látið saksóknara ríkisins vita um málið, sbr. 4. mgr. 12. gr. frv.

Um 3. mgr. 14. gr.:

Efni 3. mgr. 14. gr. frv. gengur í sömu átt og efni 2. mgr. 14. gr. frv. Er ákvæðinu einkum ætlað að vera umboðsmanni vörn gegn ágangi blaðamanna og annarra, sem sækjast eftir vitneskju um, hvernig umboðsmaður hefur farið með mál. Mál umboðsmanns er einatt eftirsótt blaðaefni. Er algjörlega lagt á vald umboðsmanns, hvernig hann skýrir opinberlega frá málum.

Um 4. mgr. 14. gr:

Ákvæði þessarar málsgreinar gegnir svipuðu hlutverki og ákvæði 10 gr. frv. Stjórnarvald varðar eðlilega miklu, að allt það, sem það hefur fært fram sér til varnar, komi fram í tilkynningum umboðsmanns. Getur það vitaskuld haft mikil áhrif á, hverjar skoðanir almenningur myndar sér á grundvelli tilkynninga og skýrslna umboðsmanns.

Nd. 174. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd leggur samhljóða til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. — Stefán Gunnlaugsson, fundaskr. — Pétur Sigurðsson.

Guðl. Gíslason. — Björn Pálsson. — Karvel Pálmason.

Jón Skaftason.

Nd. 175. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd leggur samhljóða til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. — Stefán Gunnlaugsson, fundaskr. — Pétur Sigurðsson.

Guðl. Gíslason. — Björn Pálsson. — Karvel Pálmason.

Jón Skaftason.

Nd. 176. Lög [66. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

(Afgreidd frá Nd. 3. des.)

Samhljóða þskj. 72.

Sþ. 177. Fyrirspurnir. [136. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um grænfóðurverksmiðjur.

Frá Pálma Jónssyni.

a. Hyggst ríkisstjórnin standa við eða hraða framkvæmd áætlunar um nýjar grænfóðurverksmiðjur, sem staðfest var með bréfi landbúnaðarráðherra 2. júní 1972?
b. Hvaða áætlanir liggja fyrir um fjármagn til þessara framkvæmda á næstu árum og heildarfjárþörf á áætlunartímabilinu?
c. Hvert var kaupverð grænfóðurverksmiðjunnar í Saurbæ í Dölum, hvaða skuldbindingar fylgdu kaupunum, og hve mikið fé skorti til framkvæmda, er kaupin voru gerð, til þess að verksmiðjan gæti náð fullum afköstum?

II. Til ráðherra bankamála um vexti og þóknun, sem leyfilegt er, að lánastofnanir taki.

Frá Birni Pálssyni.

1. Var vaxtahækkun sú, sem ákveðin var s. l. vor, gerð með samþykki ráðherra bankamála og ríkisstjórnarinnar?
2. Álítur bankamálaráðherra, að Seðlabanki Íslands geti ákveðið hækkun og lækkun vaxta án samþykkis ríkisstjórnarinnar?
3. Hvað voru vextir hækkaðir mikið s. l. vor, og hvað eru vextir nú:
   a) í Stofnlánadeild landbúnaðarins,
   b) í Fiskveiðasjóði,
   c) í Iðnlánasjóði,
   d) af viðskiptavíxlum,
   e) af afurðavíxlum landbúnaðarins,
   f) af afurðavíxlum sjávarútvegsins,
   g) af afurðavíxlum iðnaðar,
   h) af lánum úr lífeyrissjóðum?
4. Er viðskiptabönkum heimilt að taka þóknun, auk vaxta og stimpilgjalds, er þeir kaupa víxla? Sé svo, í hvaða tilfellum er slíkt heimilt og hve mikil má slík þóknun vera?

III. Til viðskiptaráðherra um innflutning á olíu og olíuverð.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin kannað, hvort þeir aðilar, sem stjórnvöld hafa gert samninga við um innflutning á olíu, geti staðið við þá, að því er varðar magn?
2. Hyggst ríkisstjórnin létta með einhverjum hætti byrðar þeirra heimila, sem verða að hita híbýli sín með olíu?

Ed. 178. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo, að á eftir orðunum „erlendra háskóla og tækniskóla“ komi: svo og aðrar hliðstæðar erlendar og innlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting, að í hópi þeirra, sem rétt eiga til námslána úr Lánasjóði íslenskra námsmanna, séu þeir nemendur, er nám stunda í öðrum þeim skólum innlendum, er séu hliðstæðir við þær skólastofnanir, sem upp eru taldar í 1. gr. laganna.

Samkvæmt gildandi lagaákvæði eru þær kennslustofnanir innlendar, þar sem nemendur eiga rétt til lántöku úr sjóðnum, taldar tæmandi í 1. gr. — Að þessu sinni er sérstaklega haft í huga að veita nemendum við Fiskiðnskóla Íslands umræddan rétt.

Nd. 179. Frumvarp til laga [107. mál]

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun, en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 180. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

3. gr. orðist svo:

1. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri og til samgöngubóta fyrir Vestmannaeyjar.
2. Við fyrirsögn bætist: og samgöngubóta.

Nd. 181. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

a. Aftan við lið h í 43. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
   i. Tannlækningar samlagsmanna, barna og fósturbarna, sbr. 40. gr., allt að 20 ára aldri.
b. Í stað orðanna „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu mgr. komi: svo og greiðslu fyrir allar tannlækningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Greinargerð.

Samhljóða frumvörp hef ég flutt á tveim síðustu þingum, og fylgdi þeim svo hljóðandi greinargerð:

„Frá upphafi almannatrygginga á Íslandi hefur það verið hugmynd forustumanna um tryggingamál, að nauðsynlegar tannlækningar skyldu greiddar af sjúkrasamlögum. Um skeið var í lögum heimilt að greiða kostnað við tannlækningar þeirra, sem eru innan 18 ára, en sú heimild var ekki notuð. Var ákveði þetta numið úr lögum og í stað þess sett almenn heimild til handa sjúkrasamlögum til að greiða tannlækningar, en sú heimild hefur ekki heldur verið notuð, að talist geti.

Ekki er þörf á að færa rök að nauðsyn þess, að sjúkrasamlög greiði kostnað við tannlækningar eins og aðrar lækningar. Er raunar sérstök ástæða til þess, þar eð mörgum hættir til að draga um of að leita tannlæknis sökum kostnaðar.

Mikill áhugi hefur verið á því að fella tannlækningar undir tryggingakerfið, en fjárhagsástæður hafa verið aðalástæða þess, að það hefur ekki verið gert. Oft hafa verið flutt um þetta mál frumvörp á Alþingi, m. a. af Alfreð Gíslasyni lækni og síðast af Einari Ágústssyni, núverandi hæstv. utanríkisráðherra.

Málið er nú tekið upp enn einu sinni. Enda þótt Alþýðuflokkurinn hafi mikinn áhuga á að koma öllum tannlækningum, sem telja má heilsufarslega nauðsyn, undir tryggingakerfið, er nú aðeins gerð tillaga um, að slíkar tryggingar nái til allra undir 20 ára aldri. Þessi leið er valin í þeirri von, að unnt reynist að koma málinu fram í áföngum. Alþingi samþykkti fyrir 25 árum, að tryggingar skyldu greiða tannlækningar til 18 ára aldurs, en tryggingakerfið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að framkvæma þá ákvörðun. Nú er þjóðin stórum auðugri en þá og hefur vafalaust

góð ráð á að stuðla að bættri tannheilsu ungmenna, sem þau geta búið að alla ævi, ef vel tekst. Spyrja mætti, hvort þjóðin hafi ráð á að gera þetta ekki.

Ekki er lagt til, að breytt verði ákvæðum um samninga sjúkrasamlaga við lækna o. fl., þar eð telja má, að orðið „læknar" geti einnig átt við tannlækna."

Ed. 182. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. l. nr. 32 frá 7. apríl 1971, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd ræddi þetta mál á fundi sínum 3. des. og varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1973.

Ragnar Arnalds, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson, frsm.

Magnús Jónsson. Geir Hallgrímsson.

Ed. 183. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna er gerð þessi breyting:

85.15.33 orðist svo:

33 Talstöðvar til skipa og neyðartalstöðva af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmíbjörgunarbátum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins 4%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um tollskrá, nr. 1 frá 11. febr.1970, er í því fólgin, að framan við liðinn 85.15.33, í 85. kafla laganna, koma orðin: Talstöðvar til skipa.

Svo sem kunnugt er, er fyrir hendi heimild í lögum til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, vélahlutum, efnisvörum og fleiru til fiskiskipa, ef verðmæti þess, sem um ræðir, er að upphæð 100 000 kr. eða meira. Undir þennan lið féllu m. a. talstöðvar til fiskiskipa.

Nú er það svo, að með aukinni tækni hefur tekist að framleiða talstöðvar fyrir minni fiskibáta og svokallaðar trillur fyrir upphæð, sem nemur nokkru undir 100 þús. kr. Með hliðsjón af því og einnig með tilliti til þess öryggis, sem í því er fólgið að hafa talstöðvar í öllum fiskibátum, jafnt stórum sem smáum, er brýn nauðsyn, að sjómönnum verði auðveldað að afla sér umræddra öryggistækja.

Sþ. 184. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um verðlækkun á húsnæði.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Ellert B. Schram,
Auður Auðuns, Sverrir Hermannsson.

Í þeim tilgangi að undirbúa verðlækkun á húsnæði ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar, sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Á grundvelli þeirrar skýrslu láti ríkisstjórnin gera tillögur um niðurfellingu eða verulega lækkun þeirra gjalda.

Greinargerð.

Húsnæðiskostnaður reynist mörgum miklu þyngri byrði en eðlilegt getur talist, miðað við annan framfærslukostnað. Sérstaklega á þetta við um ungt fólk og barnmargar fjölskyldur. Kostnaðarbyrðin er þung, hvort heldur byggt er eigin húsnæði eða búið í leiguhúsnæði.

Lækkun sjálfs byggingarkostnaðarins er sjálfsögð leið til að draga úr útgjöldum húsbyggjenda og leigjenda. Auk þess er lækkun byggingarkostnaðar þjóðhagslega æskileg til að draga úr spennu í efnahagsmálum. Eru þetta allt alkunnar staðreyndir.

Augljóst er, að hinn hái húsnæðiskostnaður veldur ríkinu margvíslegum vanda. Þegar byggingarkostnaður hækkar, aukast skyldur ríkisins til að leggja fé til húsnæðismála, að ótöldum hugsanlegum aðgerðum vegna áhrifa húsnæðiskostnaðar á vísitölu. Það má því kallast mótsagnakennt, að ríkið sjálft skuli með ýmsum hætti verða til þess að halda þessum kostnaði uppi, með opinberum álögum á byggingarefni og nokkra aðra þætti byggingarkostnaðar. Má þar nefna aðflutningsgjöld, söluskatt, launaskatt o. fl.

Það virðist liggja beint við að leggja til, að ríkið dragi sjálft úr aðgerðum, sem hækka húsnæðiskostnað. Það er meginhugsun bak við þessa tillögu, að hvort tveggja gerist í senn, að ríkið felli niður eða lækki álögur á húsbyggjendur og geti hlutfallslega dregið úr skuldbindingum, sem það ella yrði að taka á sig um fjárútvegun til húsbyggingalána. Samþykkt tillögu þessarar þýðir því ekki raunverulegt tap fyrir ríkissjóð. Hér er öllu fremur um að ræða millifærslu, reiknislega hagræðingu, sem ein saman getur lækkað húsnæðiskostnað í landinu um 11—15%.

Hér fylgir lausleg ágiskun um skiptingu byggingarkostnaðar í verðþætti íbúðarhúsa í Reykjavík:

	%	Á þessu bili
Laun á byggingarstað (útseld vinna)	41	35—45
Cif-verð innfl.	16	12—20
Aðflutningsgjöld	6	5—7
Söluskattur	6	5½—6½
Borgargjöld	4	2—8
Teikningar	4	3—5
Annað (laun utan byggingarstaða, innl. efni, álagning á vöru, vélavinna o. fl., o. fl.)	23	20—28
	100	

Opinberar álögur eru 15—20% af byggingarkostnaði, til ríkis 11—15% (tollur, söluskattur, launaskattur, skipulagsgjald, gatnagerðargjald, o. fl., o. fl.).

Af þessu yfirliti má marka, að sá hluti byggingarkostnaðar, sem ríkið leggur á, nemur verulegum fjárhæðum. Þessar fjárhæðir verða svo m. a. til þess að auka kröfur á hendur ríkinu. Lækkun þeirra fjárhæða gæti dregið úr spennu, ríki og almenningi til hagsbóta.

Nd. **185. Frumvarp til laga** [141. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenska stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenska landbúnaðarskóla, 2. og 3. áfanga Fiskvinnsluskólans, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 39 24. maí 1972.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á lögum um lánasjóð íslenskra námsmanna, að nemendur 2. og 3. áfanga Fiskvinnsluskólans hljóti réttindi til lána og styrkja úr lánasjóðnum.

Eins og öllum er í fersku minni, hafa málefni Fiskvinnsluskólans verið ofarlega á baugi að undanförnu. Skóli þessi er nýr og að flestu leyti ómótaður, staða hans óljós í skólakerfinu og réttarstaða nemenda hans óákveðin. Hins vegar ber væntanlega öllum saman um það, að fátt sé okkur nauðsynlegra nú en að efla með ráðum og dáð almenna þekkingu í sjávarútvegi og fiskiðnaði og reyna þess vegna eftir föngum að efla Fiskvinnsluskólann nýja.

Almennt hefur óskum og tillögum forráðamanna og nemenda skólans verið tekið vel af stjórnvöldum, og er með þessu frumvarpi gengið til móts við óskir, sem þessir aðilar hafa beint til sjávarútvegsráðherra.

Nám við Fiskvinnsluskólann er lögum samkvæmt í 3 áföngum. 1. áfangi felur í sér bóklegt nám og vinnu í fiskiðnaði jöfnum höndum í tæp 3 ár, þannig að hið verklega starf, sem jafnframt er launað, tekur yfir ⅓ áfangans. Hins vegar er 2. áfangi, sem útskrifar fiskvinnslumeistara, og 3. áfangi, sem útskrifar fisktækna, hvor um sig eitt ár og skólanám eingöngu, án nokkurra möguleika til tekjuöflunar.

Þykja því veigamikil rök liggja til þess, að þessi breyting verði nú gerð á lögum um lánasjóðinn, enda í samræmi við ný viðhorf í þessum efnum. Er þess skemmst að minnast, að 24. maí 1972 voru samþykkt á Alþingi lög um breyting á lögum um námslán og námsstyrki, þess eðlis, að íslenskum stýrimannaskólum og Vélskóla Íslands var veittur réttur að lánasjóðnum.

Með þessu frumvarpi verður staða Fiskvinnsluskólans bætt og aðstaða nemenda hans gerð sambærileg aðstöðu nemenda hliðstæðra skóla.

Ed. 186. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur kannað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson.

Alþingi, 5. des. 1973.

Helgi Seljan, form., frsm. Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Auður Auðuns. Ásgeir Bjarnason. Axel Jónsson.

Ed. 187. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Borist hefur bréf frá fjármálaráðuneytinu, þar sem óskað er eftir því, að inn í frv. verði tekin ný grein, sem heimili sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Nefndin hefur fallist á þessi tilmæli fyrir sitt leyti og mælir með, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.
2. Við fyrirsögn bætist: og ferjuskipi.

Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Magnús Jónsson. Geir Hallgrímsson.

Nd. 188. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. ítarlega. Á fund hennar, sem haldinn var 26. nóv. s. l., komu þeir Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæslunnar og Baldur Möller ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu og gáfu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar um

Landhelgisgæsluna og svöruðu fyrirspurnum þeirra. Kom m. a. fram í máli þeirra, að Landhelgisgæslan hefði fengið þau framlög til fjárfestingar og rekstrar, sem fram á hefði verið farið hin síðustu ár.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Undirritaðir nefndarmenn, sem skipa meiri hl. í nefndinni, leggja til, með skírskotun til ofanritaðra upplýsinga frá þeim, sem best geta dæmt um fjárþarfir Landhelgisgæslunnar, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún leysi fjárhagsþarfir gæslunnar áfram sem hingað til.

Alþingi, 5. des. 1973.

Svava Jakobsdóttir, form. Jón Skaftason, fundaskr. Jónas Jónsson.

Heimir Hannesson.

Ed. 189. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h/f. og Loftleiða h/f.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1973.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.

Helgi F. Seljan. Jón Árnason. Steinþór Gestsson.

Ásgeir Bjarnason.

Ed. 190. Frumvarp til hjúkrunarlaga. [60. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. des.)

Samhljóða þskj. 64 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs, er ráðherra skipar. Hjúkrunarráð skal skipað 3 mönnum, og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og ritaðu íslensku máli.

3. gr. hljóðar svo:

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Hjúkrunarráð gerir tillögur um sérnám í hjúkrun, sem ráðherra staðfestir. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þau þá atkvæðisrétt í ráðinu.

Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um sérfræðileyfi.

Sþ. 191. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um heimild til kaupa á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Steingrimur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Karvel Pálmason, Þorv. Garðar Kristjánsson, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að heimila samgönguráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að festa kaup á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði, ef hún reynist fáanleg á sanngjörnu verði.

Greinargerð.

Þegar síldargengdin var hvað mest á Húnaflóamiðum og við Horn um og eftir 1920, risu miklar síldarverksmiðjur á Eyri í Ingólfsfirði og á Djúpuvík. Fyrstu árin eftir að síldarleysið hélt innreið sína var þessum mannvirkjum haldið vel við, en þegar frá leið og þau höfðu ekki lengur hlutverki að gegna, var af eðlilegum ástæðum slakað á klónni um viðhald þeirra, og eru sum þeirra nú aðeins svipur hjá sjón og nokkur þegar orðin eyðingu og hrörnun að bráð.

Frá þessu tímabili er síldarplan, löndunarbryggja og hafskipabryggja á Eyri í Ingólfsfirði. Þetta er einasta hafskipabryggjan í Strandasýslu norðan Hólmavíkur.

Við hafskipabryggjuna á Eyri hafa strandferðaskipin fengið sig afgreidd, og er svo enn. Hún hefur því haft ómetanlega þýðingu fyrir samgöngur á sjó í þágu fólksins í norðurhluta Strandasýslu, ekki hvað síst að vetrinum, þegar aðrar samgönguleiðir eru lokaðar.

Enn er bryggjan vel nothæf, en sjái enginn ástæðu til að halda henni við, má búast við, að eftir fá ár verði hún ónothæf. Væri vissulega illa farið, ef svo færi.

Það er því álit flutningsmanna þessarar tillögu, að einasta færa leiðin til að tryggja viðhald hafskipabryggjunnar á Eyri í Ingólfsfirði sé sú, að ríkið festi kaup á henni, sé hún fáanleg á sanngjörnu verði, og tryggi þannig áfram nothæfi hennar í þágu héraðsbúa. Þetta teljum við líka fjárhagslega hagstæðast, því að hægara er að styðja en reisa.

Nd. 192. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Á fyrsta þingi þessa kjörtímabils var frv. þetta fyrst flutt. Það kom þá aldrei úr nefnd.

Í fyrra var frv. endurflutt á fyrstu dögum þingsins, en kom ekki úr nefnd fyrr en á síðustu dögum þess. Þá lagði meiri hl. allshn. til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, einkum með þeim rökstuðningi, að ekki lægju fyrir neinar upplýsingar um smíðakostnað nýs varðskips og því engin leið að meta fjárþörf næstu ára.

Nú er þetta frv. flutt í þriðja sinn, og ber nú svo við, að það er afgreitt í allsherjarnefnd með eðlilegum hraða. Enn leggur meiri hl. n. til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nú þarf hins vegar að finna önnur rök, þar sem samningur um smíði nýs varðskips hefur verið gerður og fjárþörf vegna þess ætti því að vera ljós. Nú eru rökin fyrir frávísun frv. þau, að aldrei hafi staðið á fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar, frá því að núverandi ríkisstjórn kom til valda, og því óþarfi að samþ. frv.

Undirritaðir nefndarmenn leggja hins vegar til, að frv. verði samþykkt. Fyrir því eru sömu rök sem áður, nauðsynin á eflingu Landhelgissjóðs vegna vaxandi

verkefna, sem Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna, svo og hin brýna þörf fyrir, að landhelgisgæslunni verði búin góð aðstaða í landi. Þessi verkefni kosta mikið fé, og er því fyllilega tímabært að fara að safna í sjóð. Öruggur tekjustofn, sem hér er lagt til að samþykktur verði, er forsenda fyrir því, að hægt sé að gera skynsamlegar áætlanir um uppbyggingu Landhelgisgæslunnar í framtíðinni. Þar dugir ekki að treysta á óviss framlög, sem kunna að hrjóta af borðum valtrar ríkisstjórnar. Ljóst er einnig, að sektarfé vegna landhelgisbrota mun að mestu hverfa sem tekjustofn Landhelgissjóðs. Sektarfé hefur að lang mestu leyti komið í sjóðinn vegna landhelgisbrota breskra togara. Vegna hins nýgerða samnings við Breta um veiðar þeirra innan 50 mílna landhelginnar verður ekki um sektir að ræða, ef þeir brjóta þann samning.

Með vísun til framanritaðs leggjum við til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1973.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Pétur Pétursson. Ellert B. Schram.

Sþ. 193. Fyrirspurnir. [143. mál]

I. Til menntamálaráðherra um gjald til Iðnnemasambands Íslands.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Hvað líður innheimtu gjalds til Iðnnemasambands Íslands skv. lögum nr. 68/1972, um breyting á lögum nr. 68 11 maí 1966, um iðnfræðslu?
2. Hve hárri fjárhæð nemur þetta gjald frá gildistöku laganna?

II. Til forsætisráðherra um fjölda starfsliðs við stjórnsýslu.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hversu stór hluti þjóðarinnar starfar við opinbera stjórnsýslu, þ. á m. bankastörf og önnur opinber þjónustustörf á vegum ríkis og sveitarfélaga?
2. Eru á dagskrá fyrirætlanir stjórnvalda um að reyna að koma því til leiðar, að hluti þessa vinnuafls hefji bein störf hjá framleiðsluatvinnuvegunum?

III. Til samgönguráðherra um yfirbyggingar á Bolungarvíkurvegi.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hefur verið lokið athugun á staðháttum og áætlunargerð um yfirbyggingar yfir gil á Bolungarvíkurvegi, þar sem snjóflóð falla að jafnaði oft á ári?
2. Ef svo er, hvenær geta framkvæmdir hafist?

IV. Til utanríkisráðherra um Félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvað dvelur af Íslands hálfu undirritun og staðfestingu Félagsmálasáttmála Evrópu (European Social Charter).

V. Til raforkuráðherra um framkvæmd sveitarafvæðingar á Austurlandi 1973.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hversu mörg býli af þeim, sem eru á framkvæmdaáætlun 1973, verður eftir að tengja um næstu áramót?
2. Hvað veldur seinkun þessara framkvæmda?

Nd. 194. Frumvarp til laga [144. mál]

um hömlur á vínveitingum á vegum ríkisins.

Flm.: Ingvar Gíslason, Heimir Hannesson.

1. gr.

Gæta skal hófs í veitingum áfengra drykkja í gestaboðum og öðrum samkvæmum á vegum ríkisins.

Íslenska ríkinu er óheimilt að standa fyrir sérstökum vínboðum (cocktailboðum) hér á landi, en heimilt er að veita vín í opinberum matarveislum.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. eiga einnig við um Alþingi og ríkisbanka, svo og hvers kyns stofnanir, fyrirtæki, ráð og nefndir, sem heyra undir eða eru í tengslum við ríkið. Dómsmálaráðuneytið sker úr, ef ágreiningur rís um gildissvið laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Almenn áfengisneysla fer mjög vaxandi hér á landi og veldur mörgum verulegum áhyggjum. Ekki þarf að fara í grafgötur um það, að víðtæk misnotkun áfengis er fylgifiskur hinnar almennu neysluaukningar og viðteknu drykkjutísku í landinu. Áfengisböl er mikið á Íslandi og birtist í ýmsum myndum. Áfengissýki er útbreiddur sjúkdómur, áfengi er slysavaldur og ofneysla þess orsök vanrækslu í störfum og undirrót margs konar ógæfu í þjóðfélaginu. Auk þess er óhófsdrykkja illþolandi smekkleysi og menningarskortur.

Þótt flm. þessa frumvarps telji naumast raunhæft að ræða algert vínbann eða óskorað vínbindindi meðal Íslendinga, þá teljum við tíma til þess kominn, að ráðamenn þjóðarinnar gefi fullan gaum að ástandi áfengismálanna og geri sitt til þess að koma í veg fyrir óhóflega vínnautn, m. a. með því að setja meiri hömlur en nú gerist á vínveitingar hins opinbera. Má ætla, að slíkar hömlur verði öðrum fordæmi um takmörkun vínveitinga, þ. á m. sveitarfélögum.

Með þessu frv. er mörkuð sú almenna stefna, að ríkið skuli gæta hófs í vínveitingum. Þar með er þó ekki verið að gefa í skyn, að opinberir aðilar ástundi óhóf í þessum efnum. Slík ásökun er fjarri flm., enda á hún ekki við rök að styðjast. Hins vegar mun það henda í opinberum gestaboðum, sem algengt er á Íslandi yfirleitt, að áfengis sé neytt í óhófi, ef það er um hönd haft á annað borð. Einkum er hætta á óhóflegri drykkju í hinum sérstöku vínboðum (cocktail-boðum), sem nú er algengt form gestamóttöku, bæði hjá ríki og einkaaðilum.

Flm. telja það spor í rétta átt, að vínboð séu aflögð sem þáttur í risnu hins opinbera. Í rauninni eru vínboð fánýt samkvæmi og ekki þess virði, að þeim sé við haldið. Það er helsta nýmæli þessa frv., að íslenska ríkinu skuli óheimilt að

efna til cocktail-boða hér innanlands, en yrði eftir sem áður leyfilegt að halda vínboð erlendis, enda erfiðleikum háð að láta íslensk lagafyrirmæli gilda í útlöndum.

Í 1. gr. frv. er að finna almenna stefnuyfirlýsingu um hófsemi í vínveitingum hins opinbera. Flm. er ljóst, að einhver vandkvæði kunna að vera á framkvæmd hennar, en þó verður ekki hjá því komist að hafa uppi slíka stefnumörkun, enda felst m. a. í henni mikilvæg viljayfirlýsing Alþingis. Auðvitað dettur flm. ekki í hug, að ekki verði einhver smuga að misnota vínveitingar á vegum ríkisins. Þessu frumvarpi er ekki heldur ætlað að koma í veg fyrir öfgafyllstu afbrigði af drykkjuskap, enda mun það ógerningur hvort sem er. Frv. hefur þann tilgang að draga úr vínveitingum hins opinbera og tryggja svo sem unnt er eins takmarkaða neyslu og tök eru á, ef áfengi annars er um hönd haft í opinberum veislum.

Ed. 195. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Björn Jónsson og Geir Hallgrímsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 196. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

1.—2. ml. a-liðar 29. gr. laganna orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, sem falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að 60% þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár, eða sama hlutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til ríkissjóðs skv. 4. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 60/1973, um breyting á þeim lögum. Sveitarstjórn setur fyrir 20. janúar ár hvert nánari reglur um þessar greiðslur og auglýsir þær á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

2. gr.

3. tl. bráðabirgðaákvæðis laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóvember 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga hefur lengi verið heimild til handa sveitarstjórnum til að innheimta útsvör með tíu jöfnum afborgunum á ári, þar af fyrirframgreiðslu upp í væntanlegt útsvar gjaldársins með fimm jöfnum greiðslum í gjalddögum 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní allt að helmingi þess útsvars, sem gjaldanda bar að greiða næstliðið ár. Æ fleiri sveitarfélög hafa notfært sér þessa heimild.

Fyrirframgreiðslur hafa hingað til ekki mátt nema meira en helmingi af útsvari fyrra árs, og því hefur greiðslubyrði gjaldenda verið óeðlilega lítil fyrri hluta árs, en óeðlilega mikil síðari hluta árs, ef álagt útsvar á innheimtuárinu hefur hækkað frá fyrra ári, eins og oftast hefur verið. Það virðist því hagsmunamál gjaldenda — ekki síður en sveitarfélaga, — að á þessu sé ráðin bót, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Samkvæmt þessu frumvarpi er sveitarstjórnum heimilað að innheimta fyrir fram upp í útsvar á 5 gjalddögum fyrri hluta árs allt að 60% af útsvari gjaldanda næstliðið ár eða sama hlutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til ríkissjóðs skv. lögum nr. 60/1973, 8. gr. 4. mgr., en þar er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð, að fyrirframinnheimtur skuli nema ákveðnum hluta þinggjalda fyrra árs. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar ber að gæta þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa.

Um 2. gr.

Gildandi fasteignamat varð fyrst grundvöllur fasteignaskatta og annarra gjalda, sem miðast við fasteignamat, á árinu 1972, en matið var miðað við verðlag í árslok 1969.

Samkvæmt heimild í tekjustofnalögunum, ákvæði til bráðabirgða, 3. tl., ákvað fjármálaráðuneytið vorið 1972 að heimila sveitarfélögum 20% hækkun fasteignamatsins að því er varðaði grundvöll til álagningar fasteignaskatts.

Síðan 20% hækkun fasteignamatsins var ákveðin vorið 1972, hafa fasteignir hækkað mjög í verði. Sérstaklega hafa þessar hækkanir orðið miklar á undanförnum mánuðum. Byggingarvísitala hefur t. d. hækkað um 30% á síðastliðnum 8 mánuðum.

Byggingarvísitalan var 1. mars 1970 439 stig, en 1. þ. m. var hún 913 stig. Á þessum þremur árum og átta mánuðum hefur byggingarvísitalan því hækkað um 474 stig eða um 108%, þar af um 272 stig eða 50% síðan í árslok 1971.

Grundvöllur fasteignaskatts var óbreyttur á þessu ári frá árinu 1972. Með tekjustofnalögunum nr. 8/1972 hækkaði hlutdeild fasteignaskatts í heildartekjum sveitarfélaganna úr 3% árið 1971 í 18% árið 1972. Af því er ljóst, að nauðsynlegt er, að fasteignaskatturinn sem tekjustofn rýrni ekki.

Ed. 197. Frumvarp til laga [146. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.

Flm.: Helgi F. Seljan, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Eskifjarðarhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Eskifjarðarhrepp og heitir Eskifjarðarkaupstaður. Umdæmi þetta er í alþingiskjördæmi Austurlands.

2. gr.

Sýslumaður Suður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti Eskifjarðarkaupstaðar.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Eskifjarðarhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli Suður-Múlasýslu og Eskifjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Suður-Múlasýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sveitarstjórnar Eskifjarðarhrepps og standa allir þingmenn Austurlandskjördæmis að baki þessum frumvarpsflutningi.

Eskifjörður var einn hinna sex verslunarstaða, sem fengu með konunglegri tilskipun árið 1786 kaupstaðarréttindi. Á 175 ára afmæli þessara kaupstaðarréttinda gerði sveitarstjórn Eskifjarðarhrepps þá samþykkt, að vinna skyldi að því að endurheimta þessi fornu réttindi. Endurheimt þeirra réttinda, þótt í öðru formi séu nú, hlýtur að vera eðlilegt áhuga- og metnaðarmál Eskfirðinga.

Sveitarfélagið er nú í örum vexti og uppbygging staðarins hröð. Þar er aðsetur prests og héraðslæknis, og aðalbankaútibúið á Austurlandi er á Eskifirði. Sýslumaður Suður-Múlasýslu situr og á Eskifirði, og því verður kostnaðarauki ríkissjóðs við stofnun kaupstaðar þar hverfandi lítill, því að sýslumaður yrði að sjálfsögðu einnig bæjarfógeti á Eskifirði.

Það hlýtur að teljast eðlilegt og sanngjarnt, að sveitarfélagi eins og Eskifirði sé veitt það aukna sjálfsforræði, sem felst í kaupstaðarréttindum, ekki síst með tilliti til forsögu málsins.

Ed. 198. Frumvarp til laga [93. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og ferjuskipi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 199. Lög [107. mál]

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 179.

Ed. 200. Frumvarp til laga [147. mál]

um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embætlisins (sbr. 6. gr), auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru: Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakallsins (aðalmenn). Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns, ef forfallaður er. Ef safnaðarfulltrúi er jafnframt sóknarnefndarmaður, tekur varamaður sæti hans í sóknarnefnd.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast til í hans stað.

3. gr.

Á kjörmannafundi skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar. Fundurinn er lokaður, og stýrir prófastur honum. Ef meiri hluti kjörmanna samþykkir, að kjör skuli fram fara, skal það framkvæmt með þeim hætti, sem segir í 4. gr. Að öðrum kosti ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu að fenginni tillögu biskups.

4. gr.

Ef samþykkt er, að kjör fari fram, ákveður prófastur kjörfund kjörmanna þá þegar eða næsta dag hið síðasta. Kjörfundur er lokaður, og stýrir prófastur honum. Fer þar fram leynileg, skrifleg atkvæðagreiðsla um umsækjendur. Prófastur afhendir hverjum kjörmanni einn atkvæðaseðil, og setur kjörmaður kross framan við nafn þess, er hann kýs. Prófastur skilar atkvæði á sama hátt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu eru atkvæði innsigluð og send biskupi í póstábyrgð, ásamt afriti af gjörðabók kjörfundar. Verði ágreiningur um undirbúning eða framkvæmd kosninga eða hún kærð, fellir kjörstjórn úrskurð um málið.

Kjörstjórn skipa, auk biskups, 2 menn, er kirkjumálaráðuneytið skipar til 5 ára í senn.

5. gr.

Þegar kjörstjórn hefur kynnt sér niðurstöðu kjörfundar, sendir biskup afrit af bókun hennar til kirkjumálaráðherra, ásamt rökstuddri tillögu sinni um veitingu. Biskup styður með tillögu sinni þann umsækjanda, er hlotið hefur ⅔ atkvæða kjörmanna. Skal veita honum embættið, enda telst hann hafa hlotið lögmæta kosningu.

Nái umsækjandi ekki ⅔ atkvæða kjörmanna, telst kosningin ólögmæt, og mælir biskup þá með þeim tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, er hann telur, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, standa næst því að hljóta embættið, og í þeirri röð, sem næst liggur að hans dómi. Veitir ráðherra því næst embættið öðrum hvorum þessara tveggja.

6. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku, og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættisins, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandídat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skulu sett í reglugerð.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af menntamálanefnd efri deildar á s. l. vetri að beiðni hæstvirts dómsmálaráðherra og er nú endurflutt óbreytt. Á síðasta þingi var frumvarpið sent víða til umsagnar. Ljóst er, að skiptar skoðanir eru um efni frumvarpsins. Menntamálanefnd hefur tekið að sér að flytja frumvarpið öðru sinni, án þess að í því felist, að nefndin hafi tekið efnislega afstöðu til málsins, og hafa því einstakir nefndarmenn óbundnar hendur við síðari meðferð málsins.

Frumvörp um þetta efni voru lögð fyrir Alþingi 1962—63 og 1964 og voru flutt af menntamálanefnd neðri deildar að beiðni kirkjumálaráðherra. Frumvörpin komu aðeins til 1. umræðu, en ekki aftur úr nefnd. Frumvörpin höfðu áður verið samþykkt á Kirkjuþingi, 1962 með 10:5, 1964 með 10:4 atkv. Kirkjuþing 1972 hefur nú enn samþykkt slíkt frumvarp með 14:1 atkv. Frumvörp þessi eru öll mjög lík í aðalatriðum, og höfuðeinkenni þeirra er að leggja niður hina almennu prestskosningu. Í hennar stað kemur: 1) Heimild sóknarnefnda prestakalls til að „kalla“ prest til embættis, þ. e. ef ¾ sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru sammála um val löghæfs prests eða guðfræðings, eiga þeir rétt á að fá hann skipaðan í embætti (án auglýsingar), sbr. 6. gr. frumvarpsins, og 2) ef til kjörs kemur, fer það fram með þeim hætti, að þessir sömu kjörmenn kjósa, og ef umsækjandi fær ⅔, er kosning hans lögmæt, en annars gerir biskup tillögu um 2 umsækjendur (ef umsækjendur eru tveir eða fleiri) í þeirri röð, sem hann metur, en ráðherra skipar annan hvorn, sbr. 4. gr. frv. — Ef meiri hluti kjörmanna óskar ekki eftir, að kjör fari

fram, sem mundi langoftast vera, ef aðeins er einn umsækjandi, ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu að fengnum tillögum biskups, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um forsögu tillagna frumvarpsins er að öðru leyti vísað til greinagerða á Alþingi 1962—63 (þskj. 362) og 1964 (þskj. 114).

Að þrennu leyti er frumvarpið breytt frá þeim frumvörpum um sama efni, sem borin voru fram 1962 og 1964.

1) Í 2. grein er bætt ákvæði, sem segir fyrir um, að varamaður skuli koma inn í sóknarnefnd, ef safnaðarfulltrúi er jafnframt sóknarnefndarmaður.
2) Í 3. grein er gerð sú breyting, að í stað orðanna „samkvæmt tillögu biskups" kemur „að fenginni tillögu biskups", þar sem ræðir um skipun í embætti, þegar prestakall hefur verið auglýst, en kjörmenn óska þess ekki, að kjör fari fram.
3) Fellt er niður ákvæði, sem var í frumvörpunum 1962 og 1964, um sérstakar reglur um skipun í prestsembætti í Skálholti, á Hólum og Þingvöllum.

Sþ. 201. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um val á nýju byggingasvæði fyrir Alþingi, ríkisstjórn og aðrar helstu stjórnarstofnanir ríkisins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til að gera um það tillögur í samráði við skipulagsyfirvöld, hvar hagkvæmast sé að velja nýjum byggingum stað fyrir æðstu stjórn landsins, þar sem ljóst er orðið, að á núverandi miðbæjarsvæði í Reykjavík verður ekki í framtíðinni nægilegt landrými fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins.

Á því svæði, sem valið yrði, skal m. a. gera ráð fyrir byggingum fyrir Alþingi, ríkisstjórn og ráðuneyti, Seðlabanka Íslands og aðrar ríkisstofnanir, eftir því sem þurfa þykir. Þó skal gert ráð fyrir, að ríkisstofnunum, sem ekki eru háðar æðstu stjórn landsins í daglegum störfum sínum, verði í framtíðinni valinn staður í þéttbýliskjörnum úti um land utan höfuðborgarsvæðisins.

Forsætisráðherra kallar nefndina saman til fyrsta fundar, en nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en Alþingi kemur saman til fundar í október 1974.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er, að tekin verði stefnumarkandi ákvörðun um það, hvort helstu stofnunum ríkisvaldsins er ætlaður staður til frambúðar í núverandi miðbæ Reykjavíkur með þeim gagngeru breytingum og skipulagsvandamálum, sem það mundi hafa í för með sér, eða hvort valinn verði nýr og rúmgóður staður fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins.

Undanfarin ár og þó einkum á s. l. ári hafa orðið miklar umræður um staðarval nokkurra stórbygginga á vegum ríkisins. Fyrirhugað stórhýsi Seðlabanka Íslands á Arnarhóli hefur mest verið í sviðsljósinu undanfarna mánuði, og skammt er einnig að minnast harðra umræðna um byggingu stjórnarráðshúss á Bernhöftstorfu við Lækjargötu. Jafnframt hafa menn velt vöngum yfir aðstöðu Alþingis í framtíðinni, þ. e. hvort reynt yrði með viðbyggingum og öðrum bjargráðum á svæðinu umhverfis Alþingishúsið að skapa þinginu viðunandi starfsaðstöðu eða hvort horfið yrði að því ráði að byggja nýtt alþingishús á öðrum og hentugri stað.

Alþingishús og stjórnarráðshús þurfa að vera á rúmgóðum stað og liggja nærri hvort öðru. Í grennd við Alþingi og stjórnarráð er heppilegt, að ýmsum öðrum

stjórnarstofnunum sé valinn staður, t. d. Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins.

Þegar rætt er um að velja nýtt byggingasvæði fyrir helstu stjórnarstofnanir ríkisins, er eðlilegt að taka til skoðunar sem flesta valkosti, en samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins skal ríkisstjórn Íslands sitja í Reykjavík. Með því að velja stjórnarstofnunum ríkisins nýjan stað á höfuðborgarsvæðinu, t. d. á Fossvogssvæðinu eða á einhverjum stað, sem hugsanlega hentar betur, væri afgerandi skref stigið í þá átt að skapa nýtt miðbæjarsvæði, eins og lengi hefur verið talað um. Gæti þá jafnvel komið til greina fyrir Reykjavíkurborg að byggja ráðhús sitt á þessum sama stað, en það er enn ein stórbyggingin, sem ekki hefur tekist að koma fyrir í miðbæjarkvosinni í Reykjavík, þrátt fyrir ákafan vilja og viðleitni borgaryfirvalda.

Það er löngu orðið ljóst, að nýjar stórbyggingar á borð við alþingishús, stjórnarráð eða Seðlabankahús verða ekki reistar á núverandi miðbæjarsvæði, nema með verulegum náttúruspjöllum eða með því að fórna merkum byggingum frá liðnum tíma að meira eða minna leyti. Það er því tími til kominn að velja nýjan stað fyrir þessar byggingar, og þá ákvörðun verður Alþingi sjálft að taka í samráði við skipulagsyfirvöld. Að sjálfsögðu mun gamli miðbærinn í Reykjavík halda gildi sínu eftir sem áður sem ein helsta miðstöð verslunar og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Mjög er mismunandi með stofnanir ríkisins, hversu sjálfstæðar þær eru og hvort þær þurfa að vera í daglegum tengslum við ríkisstjórn og ráðuneyti. Stofnanir, sem hafa það sjálfstæða starfsemi með höndum, að þær eru ekki háðar því að vera í daglegu sambandi við æðstu stjórn landsins, eiga að vera sem flestar utan höfuðborgarsvæðisins, og er æskilegt, að Alþingi lýsi nú jafnframt yfir vilja sínum í þessu efni.

Nd. 202. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 19 13. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Flm.: Guðmundur Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað orðsins „Galloway-kyni“ í 1. málsgrein 11. gr. laganna komi orðið: holdakynjum.

2. gr.

Í stað orðsins „Galloway-nautum“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi orðið: holdanautum.

3. gr.

Í stað orðsins „Galloway-nautum“ í 20. gr. laganna komi orðið: holdanautum.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla hljóði svo:
Um innflutning á sæði úr nautum af holdakynjum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingin, sem hér er lagt til að gerð verði á umræddum lögum, er sú ein, að leyfisveitingar til innflutnings á holdanautasæði verði ekki einskorðaðar við Galloway-kynið eitt, eins og gert er í gildandi lögum.

Þær raddir hafa lengi verið uppi meðal bænda, að önnur kyn væru heppilegri til einblendingsræktunar með íslenska mjólkurkúastofninum. Um slíkt er þó ógerlegt að fullyrða neitt, þar sem ekki hefur verið unnt að framkvæma neinar tilraunir í þá átt, og liggja til þess alkunnar ástæður. Það er hins vegar mikið hagsmunamál bænda, og ætti að vera keppikefli neytenda einnig, að sem fyrst fáist úr því skorið, hvort eitthvert eitt holdakyn er öðrum heppilegra til þeirra hluta, og er það markmiðið með flutningi þessa frumvarps.

Höfuðröksemdin fyrir vali Galloway-kynsins til innflutnings umfram önnur kyn er sú, að það kyn er fyrir í landinu og því fljótlegra að koma upp sæmilega arfhreinum stofni af því en öðrum kynjum; auk þess virðast engir sérstakir annmarkar vera á blöndun þess við íslenska stofninn.

Eina röksemdin, sem komið hefur fram gegn því að reyna önnur kyn, er sú, að því mundi fylgja aukinn kostnaður, sem yrði nærfellt jafnmikill fyrir hvert kyn, sem bættist við, og Galloway-kynið eitt.

Slíkt er þó ofmælt, þar sem vinnukraftur og fleira mundi nýtast betur á stórri stöð en smárri. Auk þess mætti hugsa sér, að jafnframt þeim stofnræktargripum af Galloway-kyni, sem verða á stöðinni, væru teknar inn á hana u. þ. b. 10 kýr af íslenska mjólkurkúastofninum og þær frjóvgaðar árlega með sæði af þeim stofni, sem álitlegastur þætti hverju sinni. Þeir kálfar yrðu svo aldir til u. þ. b. 18 mánaða aldurs, en þá ætti að vera unnt að gera sér grein fyrir holdsöfnunareiginleikum þeirra.

Þannig mætti gera samanburð á nokkrum kynjum og fá einhverja hugmynd um, hvort ástæða væri til að taka fleiri holdakyn til stofnræktar hér á landi en Galloway-kynið eitt, og hvert þeirra væri þá líklegast til góðs árangurs, án þess að um stórfellda stækkun á sóttvarnarstöðinni væri að ræða.

Um þýðingu þessarar starfsemi í heild vísast til greinargerða með frumvörpum til þeirra laga, sem nú eru í gildi og getið er í fyrirsögn þessa frumvarps, og umsagna um þau frumvörp.

Sþ. 203. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um bætt skipulag tónlistarnáms.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til gagngerðrar endurskoðunar allt tónlistarnám í landinu.

M. a. skal starf hinna einstöku tónlistarskóla samræmt skyldunáminu og almenn tónlistarkennsla skipulögð, þar sem engin er nú.

Skal að því stefnt að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu.

Við þessar aðgerðir, svo og aðrar, sem nauðsynlegar reynast, skal stuðst við álit tónmenntunarnefndar menntamálaráðuneytisins frá 30. ágúst 1972.

Greinargerð.

Alhliða gildi tónlistar er hafið yfir efa. Sem uppeldistæki og þroskagjafi er hún talin ómetanleg, og af því hafa margar þjóðir mikla og góða reynslu.

Ungverjar munu einna fremstir í tónlistaruppeldi og telja sig ekki geta án þess verið, telja það ótvíræðan og ómissandi þátt í uppeldi ungu kynslóðarinnar. Hér á landi hefur þessum þætti verið allt of lítill gaumur gefinn, áhugastarfið hefur að vísu verið talsvert með góðum stuðningi ríkis og sveitarfélaga, en skipulegt átak hefur ekki verið gert í því skyni að gera tónlistina að almenningseign, að almennu tjáningartæki með beinni kennslu í nótnalestri og hljóðfæraleik.

Ein skyldugreina skólakerfisins er söngur, en mjög víða hafa skólar skyldustigsins orðið að sleppa þessari grein, t. d. vegna þess að kennara hefur vantað.

Úti á landsbyggðinni hefur víða verið komið á fót tónlistarskólum, oft af miklum vanefnum, en engu að síður hafa þeir reynst mikil lyftistöng öllu tónlistarlífi staðanna, og oftast hafa barnaskólarnir notið góðs af beint og óbeint.

En mjög víða eru möguleikar til tónlistarnáms heima í héraði alls engir. Hér þarf sannarlega úr að bæta.

Í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi um grunnskóla, er gert ráð fyrir aukningu á tónlistarfræðslu og henni verulegri, en til þess að þau ákvæði, ef að lögum verða, verði eitthvað annað en orðin tóm, þarf mikið átak að gera og það víða um landið. Eins þarf að auka möguleika nemenda til náms í hljóðfæraleik að miklum mun, án þess að fyrir það þurfi hver einstaklingur að greiða of fjár.

Í dag er allt of dýrt að njóta undirstöðukennslu í hljóðfæraleik, það flokkast nánast undir forréttindi þeirra betur stæðu í þjóðfélaginu, ef miðað er við hvort tveggja: kennsluna og hljóðfærakaup, sem oftast fylgja. Eflaust þarf einnig að koma til betra skipulag á menntun tónlistarkennara sem nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að skipuleggja og auka tónlistarnámið í heild.

Fyrri hluti tillögunnar gerir ráð fyrir tvennu: Annars vegar að samræma starf tónlistarskólanna sjálfu skólanáminu á skyldustigi, og ætti það að vera tiltölulega auðvelt svo og að koma á tónlistarfræðslu, þar sem hún fyrirfinnst ekki eða er nánast nafnið eitt í dag, og verður þar um miklu þyngri róður að ræða, vanda, sem ekki verður auðleystur.

En að því marki verður að stefna engu að síður. Öll mismunun eftir búsetu verður þarna að hverfa eins og í öðrum greinum.

Síðari hluti tillögunnar er svo rökrétt framhald af fyrri hlutanum: markmiðið, sem að er stefnt með hinu skipulega átaki, það að færa tónlistarkennslu (ekki aðeins söngkennslu) inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. Séum við sannfærð um það, að tónlistaruppeldi ungs fólks hafi alhliða gildi, uppeldislegt og menningarlegt, þá ber að stefna að því, að þessi þáttur verði ekki vanræktur, og enn fremur, að hann verði ekki aðeins fyrir einhverja útvalda eða þá, sem þyngst bera gull í vösum.

Í lok tillögunnar er vísað til ítarlegs álits tónmenntunarnefndar menntamálaráðuneytisins, þar sem gerðar eru tillögur um námsefni í tónlist á skyldustiginu. Á því áliti hlýtur að verða að byggja, þó að tillaga þessi geri raunar ráð fyrir, að í sumu sé lengra gengið en álitið segir til um.

Þó að grunnskólafrumvarpið verði að lögum, sem verður að vona, og þar með fáist viðunandi aukning á grunnfræðslu í tónlist, telur flm. rétt að vekja nú athygli á málinu sérstaklega, einkum með tilliti til þeirrar þarfar, sem er á stórátaki í tónlistaruppeldi okkar í heild.

Sþ. **204. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 02 101 Menntamálaráðuneytið 01 Yfirstjórn. Fyrir „61 071“ kemur	62 631
2.	Við 4. gr. 1 02 101. Nýr liður: 10 Styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn	275
3.	Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands. a. Við 03 Læknadeild. Fyrir „54 365“ kemur	57 046
	b. Við 09 Verkfræðideild. Fyrir „76 421“ kemur	77 456
4.	Við 4. gr. 1 02 203 Raunvísindastofnun Háskólans 05 Rannsóknastofa í jarðvísindum. Fyrir „12 948“ kemur	13 754
5.	Við 4. gr. 1 02 276 Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Fyrir „16 034“ kemur	31 034
6.	Við 4. gr. 1 02 302 Menntaskólinn á Akureyri. Nýr liður: 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000
7.	Við 4. gr. 1 02 304 Menntaskólinn við Hamrahlíð 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „2 000“ kemur	3 000
8.	Við 4. gr. 1 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „44 700“ kemur	48 000
9.	Við 4. gr. 1 02 307 Menntaskóli á Austurlandi. Fyrir „5 000“ kemur	15 000
10.	Við 4. gr. 1 02 308 Menntaskólinn í Kópavogi. Nýr liður: 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 000
11.	Við 4. gr. 1 02 321 Kennaraháskóli Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „22 000“ kemur	28 600
12.	Við 4. gr. 1 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „6 300“ kemur	7 300
13.	Við 4. gr. 1 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 000“ kemur	2 500
14.	Við 4. gr. 1 02 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 000“ kemur	2 000
15.	Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar almennt. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Iðnskólar (02 516).

1. Reykjavík	12 325
2. Hafnarfjörður	5 175
3. Keflavík	5 000

		Þús. kr.	
4. Akranes		1 000	
5. Ísafjörður		2 000	
6. Akureyri		3 000	
7. Neskaupstaður		1 000	
8. Vestmannaeyjar		500	
			30 000

16. Við 4. gr. 1 02 523 Fósturskóli Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „1 000“ kemur 2 000

17. Við 4. gr. 1 02 553 Húsmæðraskólar almennt 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Húsmæðraskólar (02 553).

1. Staðarfell		100	
2. Blönduós		1 000	
3. Akureyri		1 000	
4. Laugar		900	
5. Laugarvatn		2 000	
			5 000

18. Við 4. gr. 1 02 561 Myndlista- og handíðaskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „500“ kemur 750

19. Við 4. gr. 1 02 608 Héraðsskólar.
a. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „55 100“ kemur 71 500
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Héraðsskólar (02 608).

1. Reykholt		25 200	
2. Núpur		6 000	
3. Reykjanes		14 500	
4. Reykir		13 000	
5. Eiðar		9 000	
6. Skógar		1 000	
7. Laugarvatn		2 800	
			71 500

20. Við 4. gr. 1 02 621 Skálholtsskóli.
Fyrir „5 000“ kemur 6 000

21. Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla o. fl.
a. Fyrir „500 000“ kemur 658 406
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

	Þús. kr.
1. Réttarholtsskóli	3 936
2. Fossvogsskóli, 1. áf.	9 121
3. Árbæjarskóli, 2. áf.	4 417
4. Árbæjarskóli, 3. áf.	10 013
5. Hvassaleitisskóli, 2. áf.	217
6. Hvassaleitisskóli, 3. áf.	13 552
7. Fellaskóli, 1. áf.	26 980
8. Fossvogsskóli, 2. áf.	6 493
9. Hólaskóli	6 923

		Þús. kr.
10.	Höfðaskóli, 1. áf.	4 389
11.	Hlíðaskóli, 4. áf.	6 057
12.	Hagaskóli, íþróttahús	9 986
13.	Fellaskóli, breytingar	3 464
14.	Fjölbrautaskólinn	30 000
15.	Akranes, gagnfræðaskóli	6 617
16.	Akranes, íþróttahús	6 027
17.	Akranes, lóð	1 263
18.	Kleppjárnsreykir, íbúð	1 710
19.	Varmaland, íbúð	3 379
20.	Varmaland, íþróttahús	5 798
21.	Borgarnes, íþróttahús	6 594
22.	Borgarnes, lóð	709
23.	Laugargerði, íbúð	1 341
24.	Hellissandur, íþróttahús	9 643
25.	Hellissandur, skóli	1 955
26.	Grundarfjörður, íbúð	1 163
27.	Grundarfjöður, skóli	2 102
28.	Stykkishólmur, skóli	1 000
29.	Stykkishólmur, íbúð	1 954
30.	Búðardalur, skóli	3 773
31.	Laugar, skóli, 3. áf.	7 472
32.	Ísafjöður, gagnfræðaskóli	3 138
33.	Ísafjörður, samkomusalur	500
34.	Ísafjöður, barnaskóli	1 384
35.	Ísafjörður, smábarnaskóli	4 000
36.	Ísafjörður, íbúð Hnífsdal	323
37.	Reykhólahreppur, skóli	2 710
38.	Barðaströnd, skóli	2 261
39.	Barðaströnd, íbúð	342
40.	Patreksfjörður, skóli	820
41.	Mýrahreppur, skóli	1 372
42.	Flateyri, íþróttahús	3 502
43.	Suðureyri, skóli	715
44.	Bolungarvík, sundlaug	8 339
45.	Súðavík, íbúð	2 384
46.	Kaldrananeshreppur, skóli	1 766
47.	Hólmavík, skóli, íbúð	1 946
48.	Borðeyri, skóli	5 945
49.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli, 1. áf.	619
50.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli, 2. áf.	7 400
51.	Staðarhreppur, V.-Hún., skóli	2 892
52.	Laugarbakki, skóli, 1. áf.	2 248
53.	Laugarbakki, skóli, 2. áf.	8 372
54.	Hvammstangi, íbúð	2 272
55.	Þverárhreppur, skóli	2 240
56.	Húnavellir, skóli, 2. áf.	9 278
57.	Húnavellir, íbúð	1 262
58.	Húnavellir, lóð	750
59.	Blönduós, skóli	1 214
60.	Varmahlíð, skóli, 1. áf.	28 254

		Þús. kr.
61.	Skagaströnd, skóli	1 507
62.	Lýtingsstaðahreppur, íþróttaaðstaða	1 217
63.	Hofsós, skóli, 1. áf.	5 259
64.	Hofsós, skóli, 2. áf.	3 896
65.	Haganeshreppur, sundlaug	3 437
66.	Akureyri, Glerárskóli, 1.—2. áf.	9 632
67.	Aukureyri, Lundsskóli, 1. áf.	7 753
68.	Akureyri, lóðir	1 000
69.	Húsavík, skóli	262
70.	Húsavík, íbúð	638
71.	Ólafsfjörður, skóli	4 013
72.	Ólafsfjörður, heimavist	850
73.	Svarfaðardalur, skóli	2 078
74.	Svarfaðardalur, mötuneyti	1 000
75.	Dalvík, heimavist o. fl.	10 881
76.	Árskógshreppur, íbúð	271
77.	Þelamörk, skóli, 2. áf.	5 281
78.	Hrafnagil, skóli, 1. áf.	6 180
79.	Hrafnagil, skóli, 2. áf., íbúðir	3 472
80.	Svalbarðsströnd, skóli, íbúð	100
81.	Stórutjarnir, skóli	13 161
82.	Stórutjarnir, sundlaug	500
83.	Skútustaðahreppur, skóli	1 200
84.	Hafralækur, skóli, 1. áf.	8 567
85.	Hafralækur, íþróttaaðstaða	3 933
86.	N.-Þingeyjarsýsla (Lundur, Skúlag., Kópasker)	1 409
87.	Laugar, íþróttahús	5 000
88.	Seyðisfjörður, skóli	1 880
89.	Neskaupstaður, skóli	2 499
90.	Neskaupstaður, gagnfræðaskóli	2 790
91.	Neskaupstaður, gagnfræðaskóli eldri	357
92.	Múlasýslur	300
93.	Borgarfjörður, íbúð	1 278
94.	Borgarfjörður, íþróttaaðstaða	500
95.	Egilsstaðir, íþróttahús, sundlaug	6 202
96.	Eiðahreppur, íbúð	85
97.	Norðfjarðarhreppur	425
98.	Eskifjörður, skóli	2 765
99.	Reyðarfjörður, íþróttahús	4 824
100.	Búðahreppur, skóli	3 189
101.	Djúpivogur, skóli	2 095
102.	Djúpivogur, íþróttaaðstaða	500
103.	Nesjahreppur, skóli, 1.—2. áf.	14 739
104.	Nesjahreppur, mötuneyti	1 000
105.	Höfn, Hornafirði, gagnfræðaskóli	4 251
106.	Kirkjubæjarklaustur, skóli	8 924
107.	Vík í Mýrdal, skóli	3 815
108.	Dyrhólahreppur, skóli	839
109.	Selfoss, gagnfræðaskóli	18 664
110.	Selfoss, verknámshús	1 700
111.	Hraungerðishreppur	569
112.	Skeiðahreppur, sundlaug	4 134

		Þús. kr.	
113.	Gnúpverjahreppur, íbúð	981	
114.	Biskupstungnahreppur, íbúð	915	
115.	Biskupstungnahreppur, sundlaug	670	
116.	Grímsneshreppur, sundlaug	3 229	
117.	Hveragerði, íþróttahús	3 104	
118.	Þorlákshöfn, íþróttaaðstaða	1 455	
119.	Þinghólsskóli, 1. áf.	1 875	
120.	Þinghólsskóli, 2. áf.	5 504	
121.	Kópavogsskóli	7 330	
122.	Digranesskóli	1 973	
123.	Íþróttahús í Austurbæ	5 955	
124.	Digranesskóli, nýr áfangi	4 000	
125.	Hafnarfjörður, íþróttahús	3 583	
126.	Víðistaðaskóli, Hafnarfirði, 1. áf.	1 174	
127.	Víðistaðaskóli, 2. áf.	4 081	
128.	Flensborgarskóli	17 773	
129.	Víðistaðaskóli, 3.—4. áf.	3 000	
130.	Keflavík, gagnfræðaskóli, 2. áf.	9 523	
131.	Keflavík, íþróttahús	2 955	
132.	Keflavík, barnaskóli	3 000	
133.	Krýsuvík, skóli	12 608	
134.	Grindavík, skóli, bústaður skólastjóra	80	
135.	Grindavík, sundlaug	1 008	
136.	Sandgerði, íþróttahús	1 128	
137.	Gerðahreppur, lóð	150	
138.	Njarðvíkurhreppur, íþróttahús	1 142	
139.	Njarðvíkurhreppur, skóli	8 172	
140.	Vatnsleysustrandarhreppur, skóli	2 344	
141.	Garðahreppur, íþróttahús	4 449	
142.	Garðahreppur, gagnfræðaskóli	8 758	
143.	Bessastaðahreppur, skóli	1 389	
144.	Seltjarnarneshreppur, skóli	12 631	
145.	Seltjarnarneshreppur, lóð	250	
146.	Mosfellshreppur, íþróttahús	3 000	
147.	Kjalarneshreppur, íþróttaaðstaða	200	
148.	Kjósahreppur, skóli	2 000	
149.	Færanlegar kennslustofur	10 000	
			648 506
	Undirbúningsframkvæmdir vegna skólabygginga:		
1.	Reykjavík, Laugalækjarskóli, 3. áf.	300	
2.	Seljaskóli, Breiðholt 2	300	
3.	Skógaskóli í Breiðholti	300	
4.	Eiðisgrandaskóli	300	
5.	Kvennaskólinn	300	
6.	Kleppjárnsreykir	300	
7.	Ólafsvík, skóli	300	
8.	Stykkishólmur, sundlaug	300	
9.	Bíldudalur, íþróttahús	300	
10.	Þingeyri, skóli	300	
11.	Súðavík, skóli	300	
12.	Fells- og Óspakseyrarhreppur, skóli	300	
13.	Hvammstangi, íbúðir, sundlaug	300	
14.	Holts- og Hagneshreppur, skóli	300	

			Þús. kr.
15.	Akureyri, Oddeyrarskóli, íþróttahús	300	
16.	Dalvík, gagnfræðaskóli	300	
17.	Þelamerkurskóli, íþróttahús	300	
18.	Skútustaðahreppur, sundlaug	300	
19.	Raufarhöfn, sundlaug, íþróttahús	300	
20.	Þórshöfn, stækkun skóla	300	
21.	Vopnafjörður, sundlaug og leikfs.	300	
22.	Hallormsstaður, íþróttahús, kennarabúst.	300	
23.	Kirkjubæjarklaustur, sundlaug og íbúðir	300	
24.	Hvolhreppur, skóli, sundlaug	300	
25.	Rangárvallahreppur, skóli, stækkun	300	
26.	Laugaland, skóli, stækkun	300	
27.	Eyrarbakki, skóli, stækkun	300	
28.	Hraungerðishreppur, skóli, 2. áf.	300	
29.	Hrunamannahreppur, íbúðir, íþróttah.	300	
30.	Grindavík, skóli	300	
31.	Garðahreppur, skóli	300	
32.	Seltjarnarnes, sundlaug	300	
33.	Hafnarfjöður, Öldutúnsskóli	300	
			9 900
			658 406

22. Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:

800	**Dagheimili fyrir fjölfötluð börn:**			
	0 10	Laun	4 245	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	200	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	155	
		Gjöld samtals		4 600

23. Við 4. gr. 1 02 803 Dagvistunarheimili.
a. Fyrir „55 000“ kemur 85 000
b. Við liðinn bætist skýringargrein, neðanmáls:
Upphæðin skiptist þannig: 45 millj. kr. til rekstrar, 40 millj. kr. kr. til byggingarframkvæmda. Fjárveitinganefnd úthlutar af upphæðinni til einstakra framkvæmda eigi síðar en hinn 1. maí 1974, enda hafi verið fullnægt ákvæðum laga nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila um undirbúning viðkomandi framkvæmdar.

24. Við 4. gr. 1 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Fyrir „456 600“ kemur 486 600

25. Við 4. gr. 1 02 881 03 Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum.
Fyrir „1 600“ kemur 1 800

26. Við 4. gr. 1 02 881 09 Styrkur til útgáfustarfa.
Fyrir „4 300“ kemur 5 465

27. Við 4. gr. 1 02 881 11 Starfsemi stúdenta.
Fyrir „210“ kemur 310

28. Við 4. gr. 1 02 882 Styrkur til myndlistarskóla 02 Reykjavík.
Fyrir „300“ kemur 500

29. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „11 337“ kemur 11 637
b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „3 790“ kemur 4 390

		Þús. kr.
	c. Við 0 27 Viðhald.	
	Fyrir „5 923“ kemur	6 173
	d. Við 0 92 Til sveitarfélaga.	
	Fyrir „2 250“ kemur	2 300
30.	Við 4. gr. 1 02 903 Þjóðskjalasafn 0 10 Laun.	
	Fyrir „6 815“ kemur	7 075
31.	Við 4. gr. 1 02 907 Listasafn Íslands 0 10 Laun.	
	Fyrir „2 686“ kemur	3 046
32.	Við 4. gr. 1 02 976 Menningarsjóður, framlag.	
	Fyrir „8 320“ kemur	9 020
33.	Við 4. gr. 1 02 982 02 Aðrir tónlistarskólar.	
	Fyrir „19 000“ kemur	22 000
34.	Við 4. gr. 1 02 982 03 Barnamúsikskólinn í Reykjavík.	
	Fyrir „1 475“ kemur	2 075
35.	Við 4. gr. 1 02 982 05 Til Leikfélags Reykjavíkur.	
	Fyrir „4 000“ kemur	5 500
36.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
	06 Til Bandalags íslenskra leikfélaga	800
37.	Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.	
	Fyrir „3 500“ kemur	5 200
38.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
	14 Til leiklistarskóla	1 500
39.	Við 4. gr. 1 02 982	
	a. Við 17 Heiðurslaun listamanna.	
	Fyrir „2 100“ kemur	3 000
	b. Við 18 Starfslaun listamanna.	
	Fyrir „1 500“ kemur	2 500
	c. Við 19 Listamannalaun.	
	Fyrir „7 330“ kemur	10 000
40.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
	24 Til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar vegna stofnkostnaðar (síðasta greiðsla)	460
41.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
	25 Til Tónlistarfélags Mosfellssveitar, Tónlistarfélags Árnessýslu og Tónlistarfélags Hafnarfjarðar vegna endurbóta á húsnæði, 144 þús. kr. til hvers (síðari greiðsla)	432
42.	Við 4. gr. 1 02 984. Nýr liður:	
	0 10 Styrkur til færeysks rithöfundar til dvalar á Íslandi	100
43.	Við 4. gr. 1 02 986 Íþróttasjóður.	
	a. Við 03 Rekstrarstyrkir o. fl.	
	Fyrir „5 300“ kemur	6 300
	b. Við 04 Til byggingar íþróttamannvirkja.	
	Fyrir „5 000“ kemur	21 100
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Til byggingar íþróttamannvirkja (02 986 04).	
	a. Íþróttamannvirki, sem samþykki hlutu í fjárlögum 1973:	
	1. Fimleikafélag Hafnarfj., íþróttavöllur	450
	2. Kópavogur, leikvangur, I. áfangi	2 715
	3. Reykjavík, Árbæjarvöllur	420
	4. Reykjavík, Bláfjöll	926
	5. Reykjavík, Laugardalsframkv. II	3 900
	6. Reykjavík, Sundl. Vesturb., II. áf.	2 141
	7. Knattspyrnufél. Fram, vallarhús	780

		Þús. kr.	
8.	Glímufél. Ármann, íþróttahús	1 590	
9.	Knattspyrnufél. Valur, grasvöllur	280	
10.	Knattspyrnufél. Reykjavíkur, íþróttahús	860	
11.	Ísafjörður, gras- og malarvöllur	230	
12.	Ólafsfjörður, malarvöllur	150	
13.	Knattspyrnufél. Þór, Akureyri, malarvöllur	151	
14.	Húsavík, grasvöllur	350	
15.	Vestmannaeyjar, stækkun grasvallar	630	
16.	Umf. Víðir, Gerðahr., malarvöllur	150	
17.	Umf. Þróttur, Vatnsleysustr., malarvöllur	100	
18.	Umf. Afturelding, Mosf., malarvöllur	180	
19.	Borgarnes, malarvöllur	320	
20.	Ums. Borgarfjarðar, íþróttav. Varmal.	70	
21.	Eyrasveit, malarvöllur Grundarfirði	161	
22.	Stykkishólmur, malarvöllur	141	
23.	Patreksfjörður, malarvöllur	145	
24.	Þingeyri, malarvöllur	165	
25.	Hólshreppur, malarvöllur Bol.v.	220	
26.	Skagaströnd, malarvöllur	150	
27.	Þórshöfn, sundlaug	65	
28.	Egilsstaðahreppur, malarvöllur	150	
29.	Hvammshreppur, malarvöllur í Vík	120	
30.	Selfoss, íþróttasvæði	290	
			18 000
b.	Ný íþróttamannvirki í fjárlögum 1974:		
1.	Knattspyrnufél. Haukar, íþróttahús	210	
2.	Golfkl. Keilir, golfvöllur og hús	35	
3.	Kópavogur, malarvellir og vallarhús	25	
4.	Tennis- og badmintonfél. Rvíkur, íþróttahús	475	
5.	Knattspyrnufél. Rvíkur, grasvöllur og þakl.	100	
6.	Knattspyrnufél. Rvíkur, áhöld	1	
7.	Knattspyrnufél. Víkingur, skíðaskáli	20	
8.	Ungtemplarafél. Hrönn, skíðaskáli	15	
9.	Knattspyrnufél. Víkingur, lýsing við völl	5	
10.	Knattspyrnufél. Fram, grasvöllur	75	
11.	Reykjavík, vallarhús í Árbæjarhverfi	150	
12.	Reykjavík, vélfryst skautasvell	650	
13.	Akranes, lokaframkv. við grasv. og hlaupabraut	80	
14.	Golfkl. Leynir, golfvöllur	10	
15.	Sauðárkrókur, framhaldsframkv. við vallarsvæði	35	
16.	Golfkl. Siglufjarðar, golfvöllur	10	
17.	Skíðafél. Siglufj. Skíðaborg, stökkbr.	40	
18.	Íþ. Siglufjarðar, íþróttamannvirki á Hóli	35	
19.	Ólafsfjörður, golfvöllur	10	
20.	Akureyri, Skíðahótelið í Hlíðarfj., hækkun styrkja	308	
21.	Akureyri, skíðatogbr. og snjótroðari í Hlíðarfj	50	
22.	Akureyri, skíðastökkbraut við Miðhúsaklöpp	30	
23.	Knattsyprnufél. Akureyrar, íþróttavöllur	30	
24.	Sjóferðafél. Akureyrar vegna Bótar	4	
25.	Húsavík, skíðatogbraut	25	
26.	Neskaupstaður, stækkun malarvallar	35	

		Þús. kr.
27. Vestmannaeyjar, malarvöllur	40	
28. Miðneshreppur, íþróttavöllur	20	
29. Njarðvíkurhreppur, íþróttavöllur	10	
30. Grindavíkurhreppur, íþróttavöllur	7	
31. Umf. Íslendingur, Andakíl, lokaframkv. sundl.	16	
32. Umf. Dagrenning, Lundareykjadal, íþróttav.	3	
33. Umf. Barðastrandar, sundlaug	20	
34. Flateyrarhreppur, íþróttavöllur	25	
35. Suðureyrarhreppur, íþróttavöllur	35	
36. Hólmavíkurhreppur, íþróttavöllur	8	
37. Umf. Kirkjubólshrepps, stækkun vallar	3	
38. Umf. Kormákur, Hvammstanga, íþróttavöllur	42	
39. Umf. Öxdæla, Öxadalshr., íþróttavöllur	1	
40. Umf. Geislinn, Aðaldælahr., íþróttavöllur	16	
41. Reykjahreppur, íþróttavöllur	6	
42. Skútustaðahreppur, íþróttavöllur	70	
43. Hálshr. Umf. Bjarmi, íþróttavöllur	1	
44. Umf. Borgarfj., Borgarfjarðahr., íþróttav.	6	
45. Eskifjarðarhreppur, íþróttavöllur	135	
46. Umf. Hrafnkell Freysgoði, Breiðd., íþróttav.	2	
47. Umf. Máni, Nesjahr., íþróttavöllur	20	
48. Hafnarhreppur, íþróttavöllur	135	
49. Hveragerði, böð sundlaugar	16	
		3 100
		21 100
44. Við 4. gr. 1 02 988 Æskulýðsmál.		
a. Við 02 Æskulýðsráð ríkisins.		
Fyrir „1 000“ kemur		1 800
b. Við 04 Ungmennafélag Íslands.		
Fyrir „1 300“ kemur		2 200
c. Við 05 Bandalag ísl. skáta.		
Fyrir „600“ kemur		750
d. Við 06 Æskulýðssamband Íslands.		
Fyrir „200“ kemur		400
e. Við 07 Bandalag ísl. farfugla.		
Fyrir „50“ kemur		75
f. Við 11 Starfsemi KFUM í Vatnaskógi.		
Fyrir „25“ kemur		50
g. Nýir liðir:		
14 Samband bindindisfélaga í skólum		50
15 Íslenskir ungtemplarar		50
16 Æskulýðsnefnd Suður-Þingeyjarsýslu		50
45. Við 4. gr. 1 02 989. Nýr liður:		
09 Frjálsíþróttasamband Íslands vegna Evrópumóts		100
46. Við 4. gr. 1 02 999 02 Matthíasarsafnið, Akureyri.		
Fyrir „40“ kemur		80
47. Við 4. gr. 1 02 999 08 Sædýrasafnið.		
Fyrir „300“ kemur		1 000
48. Við 4. gr. 1 02 999 21 Til Skáksambands Íslands.		
Fyrir „400“ kemur		500
49. Við 4. gr. 1 02 999 22 Styrkur vegna alþjóðaskákmóta.		
Fyrir „150“ kemur		250

Þús. kr.

50. Við 4. gr. 1 07 999 23 Til sjómannastofa.
Fyrir „950“ kemur 1 550
51. Við 4. gr. 1 02 999 24. Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir.
Fyrir „550“ kemur 600
52. Við 4. gr. 1 02 999 33 Til Kvenfélagasambands Íslands.
Fyrir „1 350“ kemur 1 700
53. Við 4. gr. 1 02 999 44 Styrkur til Hlíðardalsskóla.
Fyrir „600“ kemur 900
54. Við 4. gr. 1 02 999. Nýir liðir:
60 Til þjóðhátta- og byggðakvikmynda 300
61 Til sumarnámskeiða í Leirárskóla 300
62 Styrkur vegna norræns laganemamóts á Íslandi 250
55. Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:
65 Sædýrasafnið í Hafnarfirði vegna stofnkostnaðar 1 334
56. Við 4. gr. 1 02 999 Nýr liður:
68 Til rannsókna á fornum þingstað í Kópavogi 75
57. Við 1 03 101 Utanríkisráðuneytið.
a. Við 05 Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi.
Fyrir „1 500“ kemur 3 550
b. Við 06 Til kaupa á Iceland Review.
Liðurinn fellur niður.
58. Við 4. gr. 1 04 172 Jarðeignasjóður ríkisins.
Fyrir „6 000“ kemur 8 000
59. Við 4. gr. 1 04 206 10 Tilraunastöðin Akureyri.
Fyrir „2 100“ kemur 4 100
60. Við 4. gr. 1 04 241 Landnám ríkisins. Nýr liður:
04 Til byggingar gróðurhúsa 1 000
61. Við 4. gr. 1 04 246 Veiðimálaskrifstofan 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka. —
Fyrir „2 700“ kemur 4 000
62. Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur.
Fyrir „13 170“ kemur 17 200
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Fyrirhleðslur (04 286 03).
a. Til fyrirhleðslna:

1. Rannsóknir á Kötlu	250	
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	200	
3. Þverá og Markarfljót	2 000	
4. Markarfljót við Seljaland	800	
5. Markarfljót við Merkurengjar	200	
6. Markarfljót í Landeyjum	500	
7. Jökulsá á Dal	2 300	
8. Kelduá í Fljótsdal	350	
9. Norðfjarðará (efri hluti)	150	
10. Jökulsá í Lóni	350	
11. Hólmsá á Mýrum við Fláajökul	50	
		7 150

b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:

1. Djúpós og Hólsárbakkar	100	
		100

c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:

1. Aurá hjá Núpsstað	50
2. Laxá hjá Blómsturvöllum	100

		Þús. kr.
3.	Djúpá hjá Maríubakka	500
4.	Fossálar hjá Þverá	100
5.	Eldvatn hjá Hnausum	50
6.	Langholtssk. hjá Langholti	70
7.	Kúðafljót	400
8.	Eldvatn hjá Ásum	50
9.	Skálm hjá Skálmarbæ	100
10.	Klifandi og Hafursá	100
11.	Klifandi og Hafursá (vatnaf.)	200
12.	Kaldaklifsá neðan þjóðvegar	100
13.	Bakkakotsá	100
14.	Svaðbælisá	100
15.	Holtsá	200
16.	Miðskálaá hjá Ásólfsskála	100
17.	Miðskálaá og Írá	100
18.	Þjórsá hjá Þrándarholti	1 000
19.	Stóra-Laxá hjá Sólheimum	50
20.	Stóra-Laxá hjá Hólakoti	80
21.	Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	100
22.	Litla-Laxá hjá Berghyl	40
23.	Litla-Laxá hjá Skyggni	20
24.	Litla-Laxá hjá Hvammi	150
25.	Hvítá hjá Auðsholti	80
26.	Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	200
27.	Ölfusá hjá Eyrarbakka	200
28.	Sandá í Kjós	50
29.	Laxá hjá Vindási	50
30.	Leirá í Leirársveit	130
31.	Hvítá við Þræley	100
32.	Hvítá í Hvítársíðu	80
33.	Norðurá í Norðurárdal	200
34.	Rauðsgil í Hálsasveit	80
35.	Gil hjá Bjarnarhöfn í Helgafellssv.	100
36.	Hörðudalsá	150
37.	Miðá hjá Harastöðum	50
38.	Hundadalsá í Miðdölum	60
39.	Reykjadalsá hjá Fellsenda	100
40.	Fagradalsá á Skarðsströnd	60
41.	Vatnsdalsá frá Grímsst. að Hofi	200
42.	Vatnsdalsá hjá Bakka og Kornsá	100
43.	Vatnsdalsá hjá Eyjólfsstöðum	50
44.	Vatnsdalsá hjá Hvammi	40
45.	Giljá	50
46.	Laxá hjá Balaskarði og Núpi	30
47.	Blanda frá Æsust. að Geitask.	100
48.	Svartá við Ártún	20
49.	Laxá hjá Þorbjargarst. og Sævarlandi	80
50.	Þverá í Blönduhlíð	60
51.	Sæmundará hjá Reynisstað	20
52.	Héraðsvötn	400
53.	Héraðsvötn, Vindheimagarður	450
54.	Hörgá hjá Möðruvöllum	50
55.	Hörgá hjá Hlöðum	100

Þús. kr.

56.	Jökulsá í Fljótsdal	450	
57.	Geitdalsá	200	
58.	Múlaá	200	
59.	Norðfjarðará (neðri hluti)	300	
60.	Stuðlaá í Reyðarfirði	100	
61.	Tunguá	50	
62.	Geithellnaá	50	
63.	Norðurdalsá í Breiðdal	200	
64.	Hoffellsá	100	
65.	Kolgríma	700	
66.	Virkisá	300	
			9 950
			17 200

63. Við 4. gr. 1 04 286 04 Landþurrkun.
Fyrir „550“ kemur 625
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

1.	Í Austur-Landeyjum	60
2.	Í Vestur-Landeyjum	110
3.	Neðan Þverár í Rangárvallahr.	85
4.	Í Út-Hjaltastaðaþinghá	110
5.	Háfsósar	110
6.	Holtsós	75
7.	Leiðvallarhreppi	75
		625

64. Við 4. gr. 1 04 299 06 Einangrunarstöð holdanauta.
Fyrir „6 000“ kemur 8 000
65. Við 4. gr. 1 04 299. Nýr liður:
16 Til endurbóta íbúðarhúss á Skriðuklaustri 1 000
66. Við 4. gr. 1 04 299 17 Félagssamtökin Landvernd.
Fyrir „300“ kemur 500
67. Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnun 16 Útibú.
Fyrir „2 000“ kemur 3 500
68. Við 4. gr. 1 05 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 05 Útibú.
Fyrir „2 000“ kemur 2 500
69. Við 4. gr. 1 05 299 02 Til sjóvinnunámskeiða og skólabáta.
Fyrir „720“ kemur 2 720
70. Við 4. gr. 1 05 299 09 Veiðieftirlit.
Fyrir „561“ kemur 3 561
71. Við 4. gr. 1 05 901 Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna 0 10 Laun.
Fyrir „12 094“ kemur 12 974
72. Við 4. gr. 1 06 211 04 Rekstur sýslusamlaga.
Liðurinn fellur niður.
73. Við 4. gr. 1 06 213 Sýslumaðurinn, Borgarnesi 01 Yfirstjórn.
Fyrir „5 686“ kemur 6 186
74. Við 4. gr. 1 06 214 Sýslumaðurinn, Stykkishólmi 01 Yfirstjórn.
Fyrir „5 725“ kemur 6 095
75. Við 4. gr. 1 06 215 Sýslumaðurinn, Búðardal 01 Yfirstjórn.
Fyrir „2 344“ kemur 2 644
76. Við 4. gr. 1 06 217 Lögreglustjórinn, Bolungarvík. Nýr liður:
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður 2 000
77. Við 4. gr. 1 06 218 Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði 01 Yfirstjórn.
Fyrir „7 376“ 8 126

		Þús. kr.
78.	**Við 4. gr. 1 06 222 Sýslum. og bæjarfógeti, Sauðárkróki 01 Yfirstjórn.**	
	Fyrir „5 955“ kemur	6 655
79.	**Við 4. gr. 1 06 226 Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík 01 Yfirstjórn.**	
	Fyrir „5 624“ kemur	6 374
80.	**Við 4. gr. 1 06 229 Sýslumaðurinn, Eskifirði 01 Yfirstjórn.**	
	Fyrir „5 913“ kemur	6 613
81.	Við 4. gr. 1 06 234 Sýslumaðurinn, Selfossi 0 10 Laun.	
	Fyrir „18 057“ kemur	18 568
82.	**Við 4. gr. 1 06 235.**	
	a. Fyrirsögn verður:	
	Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík.	
	b. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir, „25 958“ kemur	28 379
	c. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „2 680“ kemur	6 680
83.	**Við 4. gr. 1 06 236 Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði 01 Yfirstjórn.**	
	Fyrir „24 713“ kemur	25 172
84.	**Við 4. gr. 1 06 281. Nýr liður:**	
	08 Matsnefnd eignarnámsbóta	1 250
85.	**Við 4. gr. 1 06 301 34 Til Auðkúlukirkju.**	
	Fyrir „75“ kemur	100
86.	**Við 4. gr. 1 06 371 Kirkjubyggingasjóður.**	
	Fyrir „4 000“ kemur	5 000
87.	Við 4. gr. 1 07 981 11 Til Iðnnemasambands Íslands.	
	Fyrir „230“ kemur	350
88.	Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.	
	Fyrir „250“ kemur	450
89.	Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:	
	24 Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík	250
90.	Við 4. gr. 1 07 999 27. Liðurinn orðist svo:	
	Blindrafélagið, styrkur	700
91.	Við 4. gr. 1 07 999 33 Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra.	
	Fyrir „500“ kemur	1 000
92.	Við 4. gr. 1 08 371 Landspítalinn.	
	Fyrir „100 900“ kemur	113 200
93.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
	Fyrir „243 352“ kemur	294 070
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 03).

a. Sjúkrahús o. fl.:

1.	Borgarspítalinn í Rvík, skuldagr.	29 200
2.	Borgarspítalinn í Rvík, þjónustudeild	5 000
3.	Borgarspítalinn í Rvík, Arnarholt	8 000
4.	Akranes, sjúkrahús	23 200
5.	Borgarnes, H 2	17 000
6.	Patreksfjörður, H 2	8 000
7.	Ísafjörður, H 2	9 800
8.	— læknismótt. Súðavík	2 000
9.	Blönduós, skuldagr. og rafstöð	1 300
10.	Sauðárkrókur	1 000

			Þús. kr.
11. Siglufjörður		1 300	
12. Dalvík, H 2		10 300	
13. Akureyri, sjúkrahús, 1. áf.		23 100	
14. — læknismótt., síðari gr.		1 800	
15. Húsavík, skuldagr.		7 000	
16. Egilsstaðir, H 2		10 400	
17. — læknismótt. Borgarf.		1 100	
18. Neskaupstaður, sjúkrahús		23 300	
19. Stöðvarfjörður, læknismótt.		1 500	
20. Breiðdalsvík, læknismótt.		1 500	
21. Höfn í Hornafirði H 2		13 000	
22. Vestmannaeyjar, sjúkrahús		20 000	
23. Selfoss, sjúkrahús		20 500	
24. Keflavík, sjúkrahús		10 500	
25. Hafnarfjörður, Sólvangur		2 000	
26. Laugarás, skuldagr. o. fl.		2 300	
27. Til undirbúnings framkvæmda:			
a. Búðardalur	1 000		
b. Þingeyri	1 000		
c. Sauðárkrókur	1 000		
d. Vopnafjörður	1 000		
e. Seyðisfjörður	1 000		
f. Vík í Mýrdal	1 000		
g. Kirkjubæjarklaustur	1 000		
		7 000	
			261 100
b. Elliheimili:			
1. Akranes		3 000	
2. Borgarnes		3 000	
3. Akureyri		3 000	
4. Egilsstaðir		3 000	
5. Til undirbúnings framkvæmda:			
a. Flateyri	800		
b. Ísafjörður	800		
c. Dalvík	800		
d. Húsavík	800		
e. Vopnafjörður	800		
f. Vík í Mýdal	800		
g. Hella	800		
		5 600	
			17 600
c. Læknisbústaðir:			
1. Álafoss		500	
2. Hellissandur		300	
3. Ólafsvík		1 500	
4. Grundarfjörður		1 200	
5. Patreksfjörður		400	
6. Flateyri		400	
7. Bolungarvík		1 400	
8. Ísafjörður		350	
9. Hólmavík		1 500	
10. Hvammstangi		3 000	
11. Blönduós		700	

		Þús. kr.
12. Skagaströnd	500	
13. Sauðárkrókur	700	
14. Seyðisfjörður	200	
15. Neskaupstaður	800	
16. Egilsstaðir	420	
17. Fáskrúðsfjörður	1 000	
18. Hella	500	
		15 370
		294 070

94. Við 4. gr. 1 08 381. Nýr liður:
08 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði, byggingarstyrkur 3 500

95. Við 4. gr. 1 08 399 18 Námskeið sjúkraliða.
Fyrir „600“ kemur 1 200

96. Við 4. gr. 1 08 399 27 Sjúkraflug.
Fyrir „950“ kemur 1 600

97. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
33 Til tækniaðstoðar við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála 3 000

98. Við 4. gr. 1 08 481 02 Áfengisvarnir.
Fyrir „5 346“ kemur 5 596

99. Við 4. gr. 1 08 481 05 Stórstúka Íslands.
Fyrir „1 000“ kemur 1 300

100. Við 4. gr. 1 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
Fyrir „12 230“ kemur 12 303
Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist þannig:

a. Niður falla þessir liðir:
1. Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki.
2. Björgúlfur Ólafsson.
3. Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.
4. Einar Eiríksson.
5. Ingibjörg Pétursdóttir.
6. Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir.
7. Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
8. Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
9. Kristinn E. Andrésson, rithöfundur.
10. Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona.
11. Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður.
12. Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur.
13. Sigurlás Nikulásson.
14. Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
15. Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur.

b. Við bætast í stafrófsröð:

1. Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	70 000
2. Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri	50 000
3. Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	40 000
4. Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	35 000
5. Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	40 000
6. Magnús Ingimundarsson, fyrrv. hreppstjóri	70 000
7. Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	40 000
8. Ólafur Magnússon	70 000
9. Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	35 000
10. Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	50 000
11. Stefán Karlsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	50 000

		Þús. kr.
12. Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	40 000	
13. Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis	56 000	
c. Eftirfarandi liðir breytast:		
1. Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður. Fyrir „56 835“ kemur	76 834	
2. Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður. Fyrir „89 780“ kemur	119 780	
3. Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „37 887“ kemur	57 887	
4. Guðmundur Jónsson. Fyrir „108 891“ kemur	120 891	
5. Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „56 834“ kemur	76 834	
6. Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „47 361“ kemur	67 361	
7. Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „48 078“ kemur	68 078	
8. Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „37 887“ kemur	57 887	
9. Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „37 887“ kemur	57 887	
10. Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „48 078“ kemur	68 078	
11. Pétur Jónsson, fyrrv. póstur. Fyrir „44 890“ kemur	59 890	
12. Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri. Fyrir „82 418“ kemur	120 418	
104. Við 4. gr. 1 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur. Fyrir „8 191“ kemur		8 419
Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist þannig:		
a. Niður falla þessir liðir:		
1. Guðrún Ragúels.		
2. Kristólína Kragh.		
3. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal.		
4. Þóra Sigurðardóttir.		
b. Við bætast í stafrófsröð:		
1. Borghildur Thorarensen	95 000	
2. Guðný Þórarinsdóttir	35 000	
3. Magnea Magnúsdóttir	57 000	
4. Sigríður Stefánsdóttir	40 000	
5. Þóra Vigfúsdóttir	90 000	
c. Eftirfarandi liðir breytast.		
1. Hlíf Magnúsdóttir. Fyrir „55 236“ kemur	60 000	
2. Hulda Þ. Björnæs. Fyrir „55 706“ kemur	75 706	
102. Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka. Fyrir „2 305“ kemur		4 797
103. Við 4. gr. 1 10 332 Vitamál 0 10 Laun. Fyrir „25 184“ kemur		25 719
104. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.		
a. Fyrir „300 000“ kemur		444 000
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		

		Þús. kr.	
Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).			
1.	Akranes	24 400	
2.	Arnarstapi	3 200	
3.	Ólafsvík	24 700	
4.	Grundarfjörður	18 400	
5.	Stykkishólmur	17 400	
6.	Patreksfjörður	5 000	
7.	Þingeyri	400	
8.	Súgandafjörður	3 800	
9.	Bolungarvík	21 500	
10.	Ísafjörður	25 200	
11.	Súðavík	1 500	
12.	Flateyri	9 900	
13.	Drangsnes	2 600	
14.	Hvammstangi	4 500	
15.	Blönduós	2 300	
16.	Skagaströnd	8 100	
17.	Sauðárkrókur	15 000	
18.	Hofsós	5 700	
19.	Siglufjörður	3 000	
20.	Ólafsfjörður	27 200	
21.	Dalvík	3 900	
22.	Hrísey	3 900	
23.	Árskógssandur	2 000	
24.	Akureyri	27 900	
25.	Grímsey	4 300	
26.	Húsavík	24 700	
27.	Raufarhöfn	200	
28.	Þórshöfn	1 100	
29.	Bakkafjörður	500	
30.	Vopnafjörður	200	
31.	Borgarfjörður eystri	15 000	
32.	Seyðisfjörður	300	
33.	Neskaupstaður	5 200	
34.	Eskifjörður	1 600	
35.	Fáskrúðsfjörður	3 900	
36.	Stöðvarfjörður	2 300	
37.	Breiðdalsvík	1 000	
38.	Djúpivogur	5 900	
39.	Vestmannaeyjar	8 100	
40.	Stokkseyri	5 000	
41.	Eyrarbakki	19 600	
42.	Grindavík	1 900	
43.	Hafnir í Höfnum	2 300	
44.	Sandgerði	41 000	
45.	Vogar	7 400	
46.	Hafnarfjörður	31 000	
			444 000

Þús. kr.

105. Við 4. gr. 1 10 333 04 Ferjubryggjur. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

1. Brjánslækur	200	
2. Gemlufall	2 000	
3. Hjarðardalur	200	
4. Múlanes, undirb.	1 000	
5. Vigur	2 300	
6. Viðhald	1 300	
		7 000

106. Við 4. gr. 1 10 333 07 Hafnabótasjóður.
Fyrir „36 000“ kemur 53 300

107. Við 4. gr. 1 10 333 08 Sjávarnargarðar.
a. Fyrir „4 000“ kemur 2 700
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Sjóvarnargarðar (10 333 08).

1. Akranes	200	
2. Álftanes	200	
3. Bessastaðatjörn	200	
4. Borgarfjörður eystri	100	
5. Búðardalur	100	
6. Flateyri	300	
7. Garðsskagi	300	
8. Grótta	150	
9. Höfn í Hornafirði	150	
10. Melar í Melasveit	50	
11. Miðneshreppur	300	
12. Sauðárkrókur	150	
13. Seltjarnarnes	200	
14. Vestmannaeyjar	300	
		2 700

108. Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn.
Fyrir „315 581“ kemur 349 381
Á liðnum 2 10 471 330 Fjárfestingar kemur sundurliðun á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Fjárfestingar í flugmálum (2 10 471 3 30).

1. Reykjavík	19 600
2. Stykkishólmur	5 700
3. Patreksfjörður	3 000
4. Tálknafjörður	3 000
5. Bíldudalur	4 000
6. Þingeyri	1 300
7. Súgandafjörður	4 000
8. Ísafjörður	1 400
9. Blönduós	2 200
10. Sauðárkrókur	12 000
11. Siglufjörður	4 400
12. Grímsey	1 000
13. Ólafsfjörður	6 000
14. Akureyri	18 000
15. Aðaldalsflugvöllur	11 200
16. Kópasker	400
17. Raufarhöfn	400
18. Þórshöfn	1 600

19.	**Egilsstaðir**	28 500	
20.	**Seyðisfjörður**	5 000	
21.	**Neskaupstaður**	1 400	
22.	**Höfn, Hornafirði**	300	
23.	**Vestmannaeyjar**	6 800	
24.	**Endurnýjun radíóvitakerfis**	8 000	
25.	Símakerfi flugmálastjórnar	2 900	
26.	**Mælitæki radíóverkstæða**	1 000	
27.	**Sjúkraflugvellir**	7 100	
28.	**Óráðstafað**	11 800	
			172 200
109.	**Við 4. gr. 1 10 481 Flugbjörgunarsveitir.**		
	a. **Fyrir „100“ kemur**		450
	b. **Við liðinn bætist:**		
	Viðfangsefni:		
	01 Flugbjörgunarsveitir, rekstrarstyrkir	150	
	02 Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík til bifreiðakaupa	300	
			450
110.	**Við 4. gr. 1 10 651 04 Til að bæta hreinlætisaðstöðuna á fjölsóttum ferðastöðum.**		
	Fyrir „1 000“ kemur		2 540
111.	**Við 4. gr. 1 10 651. Nýr liður:**		
	05 Til að bæta aðstöðu ferðamanna við Gullfoss		5 000
112.	**Við 4. gr. 1 11 299 04 Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði.**		
	Fyrir „6 500“ kemur		7 500
113.	**Við 4. gr. 1 11. Nýr liður:**		
	399 Endurskoðun áætlana um nýtingu innlendra orkugjafa til húsahitunar og annarra þarfa:		
	0 10 Laun	2 000	
	Gjöld samtals		2 000

Ed. 205. Frumvarp til laga [151. mál]

um skráningu og mat fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Markmið með setningu laga þessara er að tryggja, að á hverjum tíma sé til á einum stað véltæk skráning allra fasteigna í landinu, ásamt upplýsingum um eiginleika þeirra eigna, rétt til þeirra og verðmæti, allt eftir því, sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Fasteign skv. lögum þessum telst vera annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands, sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, **hagnýtingar, auðkenna eða landmarka getur talist sjálfstæð eind.**
2. Mannvirki, þ. e. hvert það mannvirki, sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt, með hliðsjón af þeim rétti til lands, sem mannvirkinu fylgir.

Að því marki sem sérgreindur eignarréttur eða sérstök notkun einstakra hluta mannvirkja er ríkjandi skipan, skal samkv. lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, sbr. 3. gr., lið 3.22.

3. gr.

Skráning skv. 1. gr. á fasteignum skv. 2. gr. skal fela í sér nýjustu upplýsingar, sem á hverjum tíma eru tiltækar um eftirtalin atriði, sem fasteignina varða, auk nauðsynlegra greinitalna hverrar fasteignar:

3.1 Upplýsingar um land:

Nafn lands.
Flatarmál lands, eftir gæðaflokkum, ef við á.
Landmörk eða vísan til, hvar þau eru skráð.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Afnotaréttur á öðru landi, sem eigninni fylgir.
Kvaðir, sem á eign hvíla.
Hlunnindi.
Tegund eignar- og umráðaréttindi yfir landinu.
Lok leigutíma, ef við á.
Ársleiga, ef við á.
Tilvitnun til mannvirkja á landinu.
Metið gangverð.

3.2 Upplýsingar um mannvirki:

3.21 Upplýsingar um mannvirkið sem heild.
Nafn mannvirkis, ef það er annað en lóðar.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Gerð eftir nánari ákvörðun.
Byggingarár.
Byggingarstig, ef við á.

Byggingarefni.
Byggingarlag, fjöldi hæða o. þ. h.
Fjöldi skráningarhluta.
Grunnflatarmál mannvirkis.
Gólfflatarmál mannvirkis.
Tegund hitunarkerfis (ofnakerfi, lofthitun, geislahitun).
Hitagjafi (heitt vatn, olía, kol, rafmagn).
Tenging við rafveitu.
Tenging við vatnsveitu.
Tenging við skolpveitu.

3.22 Upplýsingar um einstaka hluta mannvirkis.
Nafn, ef við á.
Greinitala skráningarhluta mannvirkis.
Rúmmál og flatarmál skráningarhluta og hlutfall skráningarhluta af mannvirkinu, eftir rúmmáli, sé það ekki ákveðið með öðrum hætti.
Aðalnotkun.
Aukanotkun.
Byggingarstig, skv. nánari ákvörðun.
Ásigkomulag.
Tegund eignar- og umráðaréttinda yfir skráningarhluta.
Metið gangverð.

3.3 Upplýsingar um eigendur og/eða umráðamenn, sem skráðar skulu um land og mannvirki eða skráningarhluta mannvirkis, eftir því sem við á:

Nafn eiganda og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nafn umráðamanns og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nafn ábúanda og nafnnúmer eða fyrirtækisnúmer.
Nöfn eigenda annarra réttinda yfir hinni skráðu eign, ásamt nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri.

Þar sem um er að ræða leigjendur, skal skráning takmörkuð við leigjendur að heilum skráningarhlutum.

4. gr.

Upplýsingar skv. 3. gr. skulu skráðar og skráning þeirra breytt, þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamnings, en ella þegar mannvirkjagerð hefst, þegar mannvirkið er fullgert fyrir gerð innréttinga, þegar hús er fullgert og loks þegar mannvirki er eytt, allt eftir nánari skýrgreiningu í reglugerð. Upplýsingar skulu einnig skráðar við eignaskipti eða breytingu á umráðum eignar, sbr. 12. gr.

5. gr.

Skráningaraðila er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld, að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga frá því, sem kveðið er á um í 3. gr., að því marki sem eignir eru þess eðlis, að slík upplýsingasöfnun er erfið og hefur ekki tilgang fyrir opinbera aðila.

Ráðherra getur með reglugerð fjölgað þeim upplýsingaatriðum um fasteignir sem færð skulu í fasteignaskrá skv. 3. gr.

Fasteignaskrá ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa, sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis, sem taki til landsins alls.

6. gr.

Gerð og viðhald þeirrar skráningar, sem um ræðir í lögum þessum, annast sérstök ríkisstofnun, sem nefnist Fasteignaskrá. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignaskrá er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum aðila framkvæmd laganna, ef slík breyting þykir hagkvæm.

7. gr.

Fasteignaskrá starfar undir stjórn forstjóra, sem ráðherra ræður til starfs með 6 mánaða uppsagnarfresti. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því, sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni hrökkva til. Hann ákveður einnig innra skipulag stofnunarinnar.

8. gr.

Við Fasteignaskrá skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila, sem nýta eða nýtt geta skrána í rekstri sínum. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga, fulltrúi Hús- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi samstarfsnefndar banka og sparisjóða.

Fasteignaskrá getur veitt fleiri aðilum rétt til þátttöku í störfum nefndarinnar eftir því, sem henta þykir.

Ráðgjafarnefnd er skv. þessari grein vettvangur fyrir umræður um hvaðeina, sem varðar rekstur Fasteignaskrár. Nefndin gerir tillögur og ábendingar eftir því, sem henni þykir við þurfa, til forstjóra og ráðuneytis um viðfangsefni skrárinnar og lausn þeirra.

Fundi í ráðgjafarnefnd skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin kýs sér sjálf formann til tveggja ára í senn. Formaður kallar nefndina saman og stýrir fundum. Forstjóri Fasteignaskrár skal sitja fundi nefndarinnar.

9. gr.

Byggingafulltrúar eru ábyrgir fyrir, að Fasteignaskrá berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig. Sömuleiðis ber þeim að tilkynna breytingar og eyðingu mannvirkja.

Fasteignaskrá kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar, en byggingafulltrúar eru ábyrgir fyrir, að þær séu efnislega réttar.

Fasteignaskrá getur leyst byggingafulltrúa undan ábyrgð skv. 1. mgr. á upplýsingasöfnun um einstakar tegundir mannvirkjagerðar og lagt hana á aðra aðila, enda er opinberum stofnunum, sem slíkum upplýsingum safna á sínu verksviði, skylt að leggja Fasteignaskrá til þær upplýsingar.

Í þeim landshlutum, þar sem byggingafulltrúar starfa ekki, ræður Fasteignaskrá, meðan svo standa sakir, menn til gagnasöfnunar, sem byggingafulltrúum er ætluð skv. þessum lögum.

Fasteignaskrá ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

Byggingafulltrúar í dreifbýli geta, ef nauðsyn krefur og að fengnu samþykki Fasteignaskrár, valið sér trúnaðarmenn í einstökum byggðarlögum til aðstoðar við upplýsingasöfnun.

Fasteignaskrá greiðir þeim aðilum, sem bera kostnað af starfsemi byggingafulltrúa, fjárhæð, sem ráðherra ákveður með reglugerð, fyrir hverja tilkynningu, sem byggingafulltrúinn sendir skránni skv. þessari grein.

10. gr.

Sveitarstjórnir eru hver í sínu sveitarfélagi ábyrgar fyrir sérstakri endurskoðun á því, að Fasteignaskrá hafi borist upplýsingar um mannvirkjagerð, breytingar á mannvirkjum eða eyðingu þeirra, sbr. 9. gr.

Fasteignaskrá sendir hverju sveitarfélagi árlega skrá með nægum upplýsingum um fasteignir, til að gengið verði úr skugga um, að byggingafulltrúi hafi fullnægt lagaskyldu sinni skv. 9. gr.

11. gr.

Fasteignaskrá getur, hvenær sem hún telur þörf á, látið endurskoða upplýsingar, sem fyrir liggja um einstakar fasteignir, einstakar tegundir fasteigna eða fasteignir á tilteknum svæðum.

Slík endurskoðun skal jafnan fara fram, ef sýnt er, að upplýsingar í fasteignaskrá gefa ekki rétta lýsingu á fasteign eða fasteignum, sem um ræðir.

Eigandi fasteignar eða annar aðili, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta í lýsingu fasteignar eða mati, getur krafist endurskoðunar skv. 1. mgr. Séu þessir hagsmunir að mati stofnunarinnar svo miklir, að réttlæti endurskoðun, skal sú endurskoðun fara fram svo fljótt sem við verður komið.

Breyting á fasteignaskrá, hvernig sem til hennar er stofnað, skal tilkynnt skráðum eiganda fasteignar bréflega, strax og slík breyting hefur verið gerð.

12. gr.

Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignaskrár um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni skv. fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu, sbr. 3. gr. i. f.

Fasteignaskrá kveður á um form og efni slíkra tilkynninga, og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar, sem um er beðið, þ. á m. um söluverð eða leigu.

Þinglýsingardómurum er við þinglýsingu afsala skylt að ganga úr skugga um, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynningar og sendingu, ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu. Fasteignaskrá er heimill aðgangur að skattframtölum til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra.

Fasteignaskrá ber að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi, með samriti, sem sjálfkrafa er fullnægjandi tilkynning til skrárinnar.

13. gr.

Fasteignaskrá ber að safna gögnum eftir föngum og vinna úr þeim yfirlitsupplýsingar um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því. Eftir því, sem við verður komið, skulu niðurstöður þessara rannsókna birtar almenningi jafnóðum.

14. gr.

Fasteignaskrá selur þeim, sem þess óska, upplýsingar úr skránni og úrvinnslu á þeim.

Verðstefna við sölu þessarar þjónustu skal miðast við endurgreiðslu kostnaðar við rekstur skrárinnar og matskerfisins að því marki, sem fjárlög á hverjum tíma gera ráð fyrir.

15. gr.

Opinberir aðilar, ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og allar stofnanir þeirra skulu í öllum viðskiptum og í hvers konar verðmætisviðmiðun nota upp-

lýsingar fasteignaskrárinnar sem grundvöll viðskipta sinna eftir því, sem við getur átt.

16. gr.

Skráð matsverð fasteignar skal vera gangverð, sem ætla má, að eign hefði í kaupum og sölum gegn staðgreiðslu, í nóvembermánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma. Sé slíkt gangverð sambærilegra eigna ekki þekkt, skal skráð matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um sennilegt gangverð, með hliðsjón af kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum, hlunnindum, jarðvegsgerð, gróðurfari, náttúrufegurð og öðrum þeim atriðum, sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar. Hlunnindi, sem eru óháð búsetu, þ. e. önnur en dúntekja, eggjatekja, fuglatekja, hvers konar veiði til eigin nota og reki, skulu í þessu sambandi sérmetin sem hluti gangverðs sem næst tíföldum árlegum nettótekjum af þeim.

Bújarðir skulu metnar miðað við notkun þeirra til búskapar, á meðan þær eru nýttar þannig. Jarðir skulu í þessu tilliti því aðeins taldar nýttar til búskapar, að þær séu lögbýli og hafi eigi minni bústofn en sem svarar tíu kúgildum eða samsvarandi áhöfn í öðru búfé, sem fóðrað er af landi jarðarinnar. Þó skal ekki meta jörð sem bújörð, ef áhöfn síðustu 5 árin, sem búið hefur verið á henni, hefur að meðaltali verið minni en sem svarar hálfu kúgildi á hvern hektara ræktaðs lands.

Við skiptingu verðmætis leigulands milli eiganda og leigjanda skal metið gangverð landsins að jafnaði sem nemur fimmtánfaldri ársleigu eftir landið teljast afgjaldskvaðarverðmæti, þ. e. verðmætishluti landeiganda. Metið gangverð umfram afgjaldskvaðarverðmæti skal hins vegar teljast verðmætishluti leigjanda landsins. Sé leigutími lands skemmri en 5 ár, skal verðmætishluti leigjanda með hliðsjón af því minnkaður eftir ákvörðun matsaðila.

17. gr.

Við ákvörðun matsverðs skv. 16. gr. skal eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, s. s. stærð, gerð, búnað, stað o. s. frv., og sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga.

Huglægu, órökstuddu mati skal ekki beitt, nema engra annarra kosta sé völ um ákvörðun matsverðs.

Ákvæði skulu sett í reglugerð um aðferð við útreikning staðgreiðsluvirðis miðað við mismunandi greiðslukjör við kaup og sölu.

18. gr.

Mat fasteigna annast sérstakir matsmenn, sem ráðherra ræður með sex mánaða uppsagnarfresti úr hópi umsækjenda, sem yfirfasteignamatsnefnd, skv. 19. gr., telur hæfa til starfsins. Starf matsmanns getur hvort heldur verið fullt starf eða hluti úr starfi eftir því, sem þörf krefur og henta þykir að dómi ráðherra.

Matsmaður metur skráðar eignir skv. lögum þessum. Sveitarfélagi er heimilt að tilnefna á sinn kostnað trúnaðarmann til að eiga aðild að mati. Verði ágreiningur þeirra í milli um matið, skal niðurstaða skipaðs matsmanns ráða að svo stöddu, en matið ganga til yfirmats.

Ráðherra tilnefnir úr hópi matsmanna sérstakan matsstjóra, sem jafnframt matsstörfum skal annast umsjón með störfum matsmanna, samræmingu starfa þeirra, miðlun upplýsinga þeirra í milli um það, sem máli skiptir um framkvæmd matsins, svo og útvegun sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Matsmenn starfa skipulagslega innan Fasteignaskrár sem stofnunar. Matsstjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra Fasteignaskrár fyrir fjármálum og öðrum stjórnunarlegum atriðum, sem varða matsmenn, en matsstörfum gegna matsmenn sjálfstætt

og á eigin ábyrgð innan marka laga, reglugerða og fordæma um mat, sem fyrir liggja.

Ráðherra ákveður fjölda matsmanna og aðsetur í þessari röð: Í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Ísafirði, í Borgarnesi, á Sauðárkróki og í Keflavík. Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til.

19. gr.

Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt.

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn, úr hópi átta manna, sem Hæstiréttur tilnefnir.

Kostnaður við yfirmat greiðist úr ríkissjóði. Yfirfasteignamatsnefnd getur þó gert eiganda fasteignar að greiða kostnað vegna tilefnislausrar kæru til nefndarinnar.

20. gr.

Matsstjóri skv. 3. mgr. 18. gr., skal hlutast til um, að allar nýjar eða breyttar eignir, sem upplýsingar berast um skv. 9. gr., skuli metnar frummati innan tveggja mánaða frá því, að upplýsingar um þær bárust Fasteignaskrá, nema sérstakar ástæður hamli.

Matsmönnum er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld, að meta ásláttarmati eignir, sem eru þess eðlis, að venjulegt mat er erfitt og hefur ekki tilgang fyrir opinbera aðila.

21. gr.

Aðili, sem verulega hagsmuni getur átt í matsverði eignar og sættir sig ekki við skráð mat skv. 20. gr., getur krafist nýs úrskurðar matsmanna um matið. Krafa um endurmat skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum.

Nýtt matsverð skal þegar skráð í fasteignaskrá og gildir með þeim almennu breytingum, sem á því geta gerst, sbr. 22. og 23. gr., þar til því er hrundið með nýju mati eða yfirmati.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að sá, sem krefst endurmats, beri kostnað af því mati, ef krafan er bersýnilega tilefnislaus.

22. gr.

Hagsmunaaðilar skv. 21. gr. geta kært niðurstöðu endurmats skv. þeirri grein til yfirfasteignamatsnefndar. Kæra skal vera skrifleg og studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Um meðferð máls fyrir nefndinni, framlagningu gagna eða málflutning, fer eftir ákvörðun nefndarinnar.

Nefndin skal úrskurða slíkt mál innan þriggja mánaða frá kæru, nema sérstök heimild fyrir frestun sé veitt af hálfu ráðuneytisins. Niðurstaða kærumáls skal þegar tilkynnt aðila þess og nýtt matsverð þegar skráð í fasteignaskrá.

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er fullnaðarúrskurður.

23. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd er heimilt, sé þess krafist af hálfu fjármálaráðuneytis eða sveitarfélags, að taka til endurmats einstakar tegundir eigna eða eignir í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum með gildistöku frá þeim tíma, sem nefndin ákveður, ef hún telur matsverð ekki í samræmi við gangverð, eins og til er ætlast skv. lögum þessum. Endurmat einstakra eigna skal fara fram eftir ákvæðum 21. gr.

24. gr.

Nú varðar mat eða yfirmat á tiltekinni fasteign matsmann, trúnaðarmann sveitarfélags skv. 2. mgr. 18. gr., eða yfirmatsnefndarmann, maka hans, skylda menn honum eða tengda að feðgatali eða niðja, kjörbarn hans eða kjörforeldri,

fósturbarn eða fósturforeldri, og skal hann þá víkja sæti, þegar mat fer fram, og annar matsmaður eða varamaður annast matsgerðina.

25. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd ber í nóvembermánuði ár hvert að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins á grundvelli gagna, sem Fasteignaskrá safnar og vinnur úr, sbr. 13. gr. Matsstjóri og matsmenn gera tillögur um slíka framreikningsstuðla eftir því, sem yfirfasteignamatsnefnd óskar eftir. Stuðlar þessir geta verið misjafnir, til hækkunar eða lækkunar fyrir mismunandi tegundir eigna, byggðahverfi, sveitarfélög eða landshluta, eftir mati nefndarinnar.

Ef eignir í einstökum sveitarfélögum verða fyrir verulegum og óvenjulegum verðbreytingum, hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn umsagnarrétt, áður en yfirfasteignamatsnefnd tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í fasteignaskrá í samræmi við ofangreinda stuðla, og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 1. desember til jafnlengdar næsta ár, nema sérstakt endurmat komi til.

26. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Áður en slík reglugerð er sett, skal um hana leitað umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skal farið með hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema þyngri refsing komi til skv. öðrum lögum.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1974. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 29. apríl 1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Umboð yfirfasteignamatsnefndar skv. lögum nr. 28/1963 fellur niður við gildistöku laganna, svo og umboð millimatsmanna skv. 22. gr. laga nr. 28/1963, þó svo, að þeir skulu skila gögnum fyrir árið 1973. Þá eru stöður við Fasteignamat ríkisins, sem ekki eru uppsegjanlegar með 3 mánaða fresti eða minna, lagðar niður frá gildistökudegi laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Ákvæði til bráðabirgða:

I.

Fasteignamat skv. aðalmati 1970, með þeim breytingum, sem á því hafa verið gerðar lögum samkvæmt, gilda, þar til því er breytt skv. ákvæðum þessara laga.

II.

Fasteignaskrá tekur við öllum eignum og gögnum, sem nú eru í vörslu skrifstofu fasteignamatsins í Reykjavík eða utan Reykjavíkur, þar með talin hvers konar kerfisgögn og forrit vegna vélvinnslu fasteignaskrár.

III.

Jafnhliða framkvæmd 4. mgr. 11. gr. laganna skal Fasteignaskrá búa fasteignaskrá sína svo úr garði, að flytja megi þá skrásetningu réttinda yfir fasteignum, sem nú fer fram við þinglýsingu, inn í fasteignaskrá, þegar slík breyting þykir tímabær. Því til undirbúnings ber Fasteignaskrá að gera og gefa út staðlaðar gerðir skuldabréfa með veði í fasteignum, sem falla mundu að slíku nýju skráningarkerfi eignar- og veðréttar á fasteignum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalmat fasteigna 1970, sem fjármálaráðherra staðfesti á árinu 1971 var gert skv. lögum nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Skipulagslega var allur undirbúningur og framkvæmd þessa máls í stórum dráttum sambærilegur við fasteignamat fyrri ára, sem út var gefið 1922, 1932 og 1942. Efnislegur undirbúningur aðalmats 1970 var hins vegar allur annar en verið hafði um hið fyrra mat. Var gagnasöfnun um fasteignir öll miklum mun víðtækari og umfangsmeiri, einkum í Reykjavík. Auk þess var gerð alvarleg tilraun til að láta matsfjárhæðir spegla raunverulegt gangverð eigna á þeim tíma, sem matið miðaðist við.

Meginástæðan til, að ráðist var í þessa víðtæku gagnasöfnun, hefur verið sú, að nútímatækni við vörslu og vinnslu slíkra gagna í skýrsluvélum hefur gert meðhöndlun svo mikils magns upplýsinga viðráðanlega, bæði tæknilega og fjárhagslega.

Þessi umfangsmikla gagnasöfnun hefur gert aðalmat 1970 brotameira og kostnaðarsamara en eldra mat, þótt e. t. v. sé það hlutfallslega ekki dýrara en eldra matið. Hins vegar skilur aðalmat 1970 eftir mikið upplýsingasafn í véltæku formi, **sem er verðmætur grundvöllur fyrir framhaldandi starf á þessu sviði. Þessu upplýsingasafni hefur síðan verið haldið við eftir því,** sem frekast hefur verið kostur, og stendur nú yfir söfnun upplýsinga um breytingar á árinu 1973 og vinnsla þeirra í véltækt form.

Þetta upplýsingasafn hefur verið grundvöllur álagningar fasteignaskatta eftir nýjum lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972.

Lengi hefur verið ljóst, að lagagrundvöllur aðalmats 1970 gæti ekki dugað sem frambúðarstefna um þróun þessa viðfangsefnis. Var þávarandi prófessor og formanni Yfirfasteignamatsnefndar, Ármanni Snævarr, falið að semja frumvarp um þetta efni síðari hluta árs 1970. Skilaði hann frumvarpi ásamt greinargerð árið 1971, miklu verki, sem samið var í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, en stefna af hálfu ráðherra varð ekki mörkuð á grundvelli þess frumvarps. Á sömu leið fór um verk fjögurra manna, sem ráðherra skipaði til að íhuga þetta mál á árinu 1971. Frumvarpsdrög þessara aðila munu send þingnefndum þeim, sem fá þetta frumvarp til meðferðar.

Þessi verk hafa þó þróað stefnu af hálfu ráðuneytisins á þessu sviði. Meðfylgjandi frumvarp felur í sér megindrætti þeirrar stefnu, og er þess vænst, að frumvarpið, ef að lögum verður, leysi til nokkurrar frambúðar úr þeim hnút, sem málefni fasteignamats hafa verið í síðustu misseri. Frumvarpið er að vísu nýsmíði á kerfi, sem ekki hefur verið reynt. Verður að reyna á, hvort einhverjar breytingar verða nauðsynlegar til að kerfið skili þeim árangri, sem til er ætlast.

Frumvarpið, eins og það liggur fyrir hér, felur í sér einfalt kerfi til að viðhalda og leiðrétta fasteignaskrá, eins og hún er á hverjum tíma. Þetta kerfi byggist í megindráttum á gagnasöfnum aðila, sem þegar eru starfandi á því sviði, sem hér um ræðir og þurfa að skrá hjá sér sambærilegar upplýsingar hvort sem er. Má ætla, að sú samhæfing á skráningu upplýsinga, sem af þessari skipan mundi leiða, hefði nokkurt hagræði í för með sér.

Jafnframt þessari breytingu felst sú breyting í frumvarpinu, þegar það er borið saman við gildandi lög, að aðaláhersla laganna hvílir á haldgóðri skráningu fasteigna og upplýsinga um þær, en mat á verðmæti þeirra kemur í annarri röð. Þessu er öfugt farið í gildandi lögum. Þar er ákvörðun á matsverðmæti eignanna meginmarkmið laganna.

Þessi breyting ber vott um, að skráning upplýsinga um fasteignir hefur sívaxandi gildi fyrir fleiri og fleiri aðila í nútímaþjóðfélagi, ekki einungis í sambandi við skattheimtu og fjármál, heldur í vaxandi mæli í tengslum við önnur atriði við stjórn málefna opinberra aðila, áætlunargerð og skipulagningu, svo og í viðskiptum einkaaðila og við rannsóknir. Notagildi véltækra gagna af þessu tagi í tengslum við aðrar skrár, s.s. þjóðskrá og fyrirtækjaskrá, er einnig geysimikið og vaxandi.

Jafnframt því sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að gagnasöfnun fasteignaskrárinnar tengist annarri starfsemi stjórnvalda eftir því, sem kostur er, er í frumvarpinu gert ráð fyrir sjálfstæðu matsmannakerfi, sem annist mat eigna á grundvelli upplýsinga fasteignaskrárinnar. Gert er ráð fyrir, að slíkt mat fari fram jafnharðan og eignir verða til eða breytast. Sérstakar ráðstafanir eru gerðar til að tryggja samræmi í störfum matsmanna.

Þá er gert ráð fyrir málsskotsrétti til yfirfasteignamatsnefndar, eins og verið hefur til fullnaðarúrskurðar um mat.

Skipan yfirfasteignamatsnefndar skv. frumvarpinu er að því leyti frábrugðin fyrirkomulagi gildandi laga, að henni má jafna til dómkvaðningar í stað þess, að nú er nefndin skipuð af ráðherra. Felur þessi breyting í sér tilraun til að flytja matsstarfsemi með þessum hætti á einn stað, í stað þeirra fjölmörgu aðila, sem nú fást við mat fasteigna með mjög ósamræmdum hætti eftir sérstakri dómkvaðningu hverju sinni.

Þá er enn ógetið einnar mikilvægrar stefnubreytingar, sem frumvarpið felur í sér. Ekki er gert ráð fyrir allsherjar aðalmati á öllu landinu með ákveðnu árabili og millimatskerfi þess í milli, heldur er gert ráð fyrir, að mat nýrra eigna, breytingar á mati, kærur til hækkunar og/eða lækkunar sé sífelld starfsemi, sem leiðir til þess, að skráning fasteigna og verðmætismat á hverjum tíma sé eins nálægt sanni og frekast er kostur. Með þessum hætti er reynt að virkja þá aðila, eigendur, sveitarfélög eða aðra, sem hagsmuna eiga að gæta í skráningu og mati eignanna, til að skráin sé hverju sinni eins rétt og frekast verður tæknilega við komið. Liður í þessari stefnu felst í sérstakri lagaskyldu yfirfasteignamatsnefndar til að **framreikna verðmætismat fasteigna árlega eftir því, sem breyting verðlags á fasteignum** í landinu eða einstökum hlutum þess kann að gefa tilefni til.

Um þá stefnu og stefnubreytingu, sem felst í einstökum greinum frumvarpsins, vísast til eftirfarandi athugasemda.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér almenna markmiðsetningu laganna, þ. e., að til sé á hverjum tíma á einum stað **véltæk skráning allra fasteigna** með upplýsingum um **eiginleika** þeirra og **verðmæti** og **réttindi yfir þeim.** Ætlast er til, að framkvæmd laganna leiði til eins réttrar skráningar þessara atriða og kostur er á hverjum tíma.

Um 2. gr.

Í 2. til 5. gr. frumvarpsins er fjallað um, hvaða efni fasteignaskrá skuli geyma.

Töluliðir 1 og 2 1. mgr. 2. gr. fela í sér skýrgreiningu á hugtakinu fasteign, sem notuð er í 1. gr. Skýrgreiningin er tvíþætt. Annars vegar er fasteign í skilningi laganna afmarkaður skiki lands, en hins vegar mannvirki að meðtöldum rétti til lands.

Með þessari sundurgreiningu lands og mannvirkis í skráningunni er ætlunin að gera meðferð eigandaskráningar brotaminni en ella, m. t. t. hversu algengt er, að **eignarréttur að landi og að mannvirki á landi fari ekki saman.**

Efnislega verður ekki talinn munur á þessum ákvæðum og gildandi lögum. Frumvarpið mælir fyrir um sérskráningu, en gildandi lög um sérmat.

Í 2. mgr. 2. gr. er hins vegar tekinn af vafi um, að ætlast er til sérskráningar einstakra hluta mannvirkja og þá miðað við það, sem almennt er ríkjandi um eignaraðild. Þannig yrði hver íbúð í sambýlishúsi sjálfstæð skráningareining.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er ekki tekin afstaða til, hvaða gögnum skuli safna um einstakar fasteignir. Í framkvæmd hefur þessi gagnasöfnun orðið mjög mismunandi, miklum mun meiri í Reykjavík en annars staðar á landinu.

Atriðafjöldinn, sem ákveðið er að safna upplýsingum um og halda við til frambúðar, ræður mjög miklu um tilkostnað við þá starfsemi, sem hér er verið að marka stefnu fyrir. Því þykir rétt að ákveða í öllum megindráttum í lögunum sjálfum, hvaða upplýsingum um þetta efni skuli safnað. Er þá gert ráð fyrir, að óheimilt sé að kosta til söfnunar á frekari upplýsingum. Í 5. gr. eru heimildir til nokkurs fráviks frá þessari aðalreglu.

Reynt hefur verið að tína til í skrár 3. gr. nauðsynlegustu atriði, sem ætla má, að opinberir aðilar eða einkaaðilar kynnu að þarfnast upplýsinga um fyrir landið allt eða einstök byggðarlög. Þess er að vænta, að reynslan leiði innan tíðar í ljós agnúa á þessari skrá. Það er hins vegar talið eðlilegt, að töluverðar stefnubreytingar um umfang þessarar skráningar verði bornar undir Alþingi, áður en í þær yrði ráðist.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um, hvenær skráning og breyting skráningar skuli fram fara. Þannig er gert ráð fyrir, að þegar við gerð lóðarsamnings skuli skráning eiga sér stað, þegar um er að ræða leigulóð, en við upphaf mannvirkjagerðar, þegar mannvirki er gert á eignarlóð. Síðan er gert ráð fyrir skráningu við tiltekna áfanga í mannvirkjagerðinni, sem nánar verði skýrgreindar í reglugerð. Þykir slík ákveðin áfangaskipting skráningarinnar mikilvæg fyrir ýmsa sennilega notendur upplýsinga úr fasteignaskrá.

Af sjálfu leiðir, að gert er ráð fyrir, að aðrar breytingar á eignum og réttindum yfir þeim verði skráðar jafnóðum og þær eiga sér stað.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega framhald af 3. gr. 1. mgr. felur í sér heimild til að takmarka upplýsingasöfnun um eignir, sem eru þess eðlis, að upplýsingasöfnun er erfið og þjónar ekki opinberum hagsmunum. Í mörgum tilvikum væri hér um að ræða eignir eins og vegi, raflínur, símalagnir o. fl. slíkar eignir, þar sem skráning er eðlileg og sjálfsögð að einhverju marki, en ekki þykir rétt að gera lagakröfu til skráningar upplýsinga, sem tilgangslausar eru.

2. mgr. heimilar ráðherra á hinn bóginn fjölgun upplýsingaatriða, sem skráð skulu um fasteignir almennt. Er hér átt við upptöku einstakra nýrra atriða, sem reynslan leiðir í ljós, að þörf er fyrir að skrá. Hins vegar er gert ráð fyrir, að verulegar stefnubreytingar um upplýsingamagn, sem safnað skal af Fasteignaskrá, verði ákveðnar á Alþingi, sbr. það, sem áður segir um það mál.

Loks er í 3. mgr. Fasteignaskrá falin ábyrgð á gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa, sem notuð er um fasteignir. Þar er m. a. átt við staðgreinitölukerfi, sem verið hefur til umræðu að fastmóta fyrir allt landið, með sama hætti og gert hefur verið í Reykjavík.

Um 6. gr.

Greinin gerir ráð fyrir starfsemi sérstakrar ríkisstofnunar, sem nefnist Fasteignaskrá, sem falið er að annast gerð og viðhald þeirrar fasteignaskrár, sem um ræðir í lögunum. Stofnunin kemur í stað Fasteignamats ríkisins, sem skv. 25. gr. laga um fasteignamat nr. 28/1963 er sérstök deild í fjármálaráðuneytinu, en hefur starfað mun sjálfstæðar en aðrar deildir þess.

Sérstök heimild er í 2. mgr. greinarinnar til að fela öðrum aðila það viðfangsefni, sem hér um ræðir. Er þar höfð hliðsjón af, að þjóðskrá og fyrirtækjaskrá eru báðar í umsjá Hagstofu Íslands, og þykir rétt að gera því skóna, að svo samstæð starfsemi kynni að eiga að sameinast með einhverjum hætti. Þótti rétt að opna leið til slíks án sérstakrar lagasetningar.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um framkvæmdastjórn Fasteignaskrár. Gert er ráð fyrir ráðningu forstjóra með 6 mánaða uppsagnarfresti, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um réttindi

og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Gert er ráð fyrir, að forstjóri ráði starfsfólk á eigin spýtur innan þeirra fjárhagsmarka, sem fjárlög setja á hverjum tíma. Sömuleiðis eru forstjóra veittar frjálsar hendur um innra skipulag stofnunarinnar.

Um 8. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að til sé ráðgefandi nefnd helstu aðila, sem nýta eða nýtt geta fasteignaskrána í rekstri sínum. Er með þessum hætti ætlunin að skapa þessum aðilum formlegan vettvang, þar sem þeir geta haft áhrif á þróun Fasteignaskrár sem stofnunar og starfshátta hennar.

Um 9. gr.

Greinin felur í sér ákveðna stefnubreytingu um, hvernig upplýsingar um land og mannvirki og breytingar í því efni skuli berast Fasteignaskrá. Gildandi lög gera ráð fyrir tveimur millimatsmönnum í hverju sveitarfélagi, sem annist fasteignamat milli þess sem aðalmat er gert á 15 ára fresti.

Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að viðhald og endurnýjun fasteignaskrár, svo og endurmat eigna, sé stöðugt verkefni, svo að skráin sé á hverjum tíma eins nálæg sanni og tæknilega er kostur.

Svo virðist sem skipa megi þessu gagnsöfnunarverkefni með tvennum hætti í megindráttum. Er önnur leiðin sú að halda uppi sérstöku gagnasöfnunarkerfi á vegum Fasteignaskrár, en hin að fella gagnasöfnunarkerfi skrárinnar inn í einhverja þá starfsemi á þessu sviði, sem til er fyrir.

Í frumvarpinu er síðari leiðin valin og gagnasöfnunin falin byggingafulltrúum, enda skrá þeir nú þegar hjá sér verulegan hluta þeirra upplýsinga, sem skráin þarf á að halda.

Ljóst er að vísu, að þessi aðferð leggur meiri störf á herðar byggingafulltrúum en þeir hafa haft, og getur verið, að sums staðar fái þeir ekki að óbreyttu komist yfir þetta viðbótarverkefni. Hins vegar þykir nær að styrkja byggingafulltrúakerfið með þessum hætti en setja við hlið þess upp kerfi, sem fjallar að verulegu leyti um sama efni og þeir fást við.

Skv. 2. mgr. greinarinnar kveður Fasteignaskrá á um form, efni og tímasetningar þeirrar upplýsingagjafar, sem lögð er á byggingafulltrúana. Til þess er ætlast, að þeirri ákvörðun verði hagað þannig, að þau tímabil ársins sem rýmst er um tíma byggingarfulltrúa verði nýtt í þessu sambandi eins og kostur er.

Á það er lögð áhersla, að byggingafulltrúar eru ábyrgir fyrir, að upplýsingar, sem þeir senda, séu efnislega réttar.

Sérstök heimild er í 3. mgr. til að leysa byggingafulltrúa undan þessari ábyrgð gagnvart einstökum tegundum mannvirkjagerðar. Er hér átt við mannvirki eins og ræktun eða girðingar, enda er þá gert ráð fyrir, að aðrir aðilar safni þeim upplýsingum eftir öðrum leiðum og leggi Fasteignaskrá til, s. s. héraðsráðunautar og Búnaðarfélag Íslands.

Í 4. mgr. er Fasteignaskrá heimilað að ráða menn til gagnasöfnunar í þeim landshlutum, þar sem enginn byggingafulltrúi starfar, hvorki á vegum sveitarfélaga né Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Í 5. mgr. er Fasteignaskrá falið frumkvæði að samræmingu í gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, í því skyni að koma í veg fyrir tvíverknað mismunandi stofnana.

Sérstök heimild er veitt í 6. mgr. til, að byggingafulltrúi geti valið sér trúnaðarmann til aðstoðar í byggðarlögum, þar sem slíkt kann að vera nauðsynlegt.

Um 10. gr.

Greinin mælir fyrir um sérstakt kerfi endurskoðunar til að tryggja, að Fasteignaskrá berist upplýsingar um allar breytingar landa og mannvirkja. Vegna hagsmuna þeirra, sem sveitarfélög eiga í því, að allar slíkar upplýsingar komi til skrán-

ingar og mats, þykir rétt að gera þau ábyrg fyrir slíkri endurskoðun. Er þá gert ráð fyrir, að sveitarfélag fái í hendur gögn frá Fasteignaskrá til endurskoðunarinnar. Þessi endurskoðun snýst um, hvort upplýsingar hafa borist, en eftir sem áður er byggingafulltrúi ábyrgur fyrir efni upplýsinga, sem hann sendir.

Um 11. gr.

Greinin fjallar efnislega um endurskoðun þeirra upplýsinga, sem á hverjum tíma eru skráðar í fasteignaskrá. Fjalla tvær fyrstu mgr. um heimildir Fasteignaskrár sjálfrar, en hin þriðja fjallar um heimildir eiganda eða annars hagsmunaaðila til að krefjast endurskoðunar af þessu tagi.

Stefna laganna er, að upplýsingar skrárinnar séu á hverjum tíma eins nálægt sanni og kostur er, og því er þessi heimild tilraun til að virkja hagsmuni mismunandi aðila til að koma þessu til leiðar.

Loks er í 4. mgr. greinarinnar almennt ákvæði um skyldu Fasteignaskrár til að tilkynna eiganda fasteignar bréflega hverja þá breytingu, sem gerð er á skráningu upplýsinga um eign hans.

Um 12. gr.

1. til 3. mgr. greinarinnar fjalla um, hvernig tryggja skal, að Fasteignaskrá berist vitneskja um breytingar á eignaraðild eða umráðum yfir skráðri eign skv. fasteignaskrá.

Tilkynningarskylda er lögð á eiganda eða fyrrverandi eiganda, þ. e. seljanda eignar. Gert er ráð fyrir, að tilkynningarskyldan feli í sér skyldu til að gefa upp söluverð eða leigu, ef svo ber undir, enda gegna þær upplýsingar mikilsverðu hlutverki í frummati og í framreikningi matsverðmætis eigna.

Í 3. mgr. er lögð ákveðin eftirlitsskylda á þinglýsingardómara og sömuleiðis á fasteignasala, hvort tveggja til að tryggja, að vitneskja um eigendaskipti berist Fasteignaskrá strax og þau eiga sér stað.

Til að greiða fyrir þessari upplýsingasöfnun er sú skylda í 4. mgr. lögð á Fasteignaskrá að gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteign, þar sem samrit getur verið fullnægjandi tilkynning til Fasteignaskrár. Er hér leitast við að draga úr fyrirhöfn almennings við að sinna þessari tilkynningarskyldu.

Um 13. gr.

Í greininni er Fasteignaskrá falið að safna og vinna úr upplýsingum, sem völ er á um gangverð fasteigna og breytingar á því. Er gert ráð fyrir birtingu þessara niðurstaðna jafnóðum eftir því, sem við verður komið.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um sölu upplýsinga og úrvinnslu gagna úr Fasteignaskrá, svo og um verðstefnu í þeim viðskiptum. Gjald fyrir afnot skrárinnar skal miðast við rekstrarkostnað hennar og matskerfisins að því marki, sem fjárlög gera ráð fyrir á hverjum tíma. Er þannig gert ráð fyrir, að fjárlagasetning ár hvert marki verðstefnu stofnunarinnar ár frá ári að þessu leyti.

Um 15. gr.

Greinin leggur almenna lagaskyldu á alla opinbera aðila að miða starfsemi sína við upplýsingar fasteignaskrár í hvers konar viðskiptum. Er að því stefnt með þessu að ná fram sams konar almennri notkun fasteignaskrár eins og nú orðið þykir sjálfsögð, að því er varðar þjóðskrá.

Um 16. gr.

Efnislega svarar þessi grein til 14. gr. gildandi laga. Hin almenna regla um mat til gangverðs við kaup og sölu er óbreytt í frumvarpinu frá gildandi lögum.

Er gert ráð fyrir, að mat þetta verði reist á bestu fáanlegri vitneskju um verð eigna við kaup og sölu. Gerð er þó tillaga um fasta reglu um mat hlunninda, sem miðast við margfeldi af árlegum nettóarði af þeim.

Að því er varðar bújarðir, er gert ráð fyrir, að þær séu metnar sem slíkar, svo lengi sem þær eru notaðar þannig, en ekki miðað við það verð, sem fá mætti fyrir þær við kaup og sölu, t. d. sem sumarbústaðalönd. Meginreglan, sem frumvarpið gerir tillögu um, er hins vegar, að við slíkt fáanlegt gangverð skuli miðað í mati, ef jarðir eru ekki notaðar til búskapar.

Þessi háttur gerir kröfu til, að skýrgreint sé í lögunum, hvaða kröfur skuli gera til búskapar, til að jörð geti talist bújörð. Er slík skýrgreining gerð í 2. mgr. greinarinnar. Sú skýrgreining er til þess ætluð, að smábúskapur dugi ekki, til að jarðir séu metnar eins og bújarðir.

Loks er skeytt aftan við greinina 3. mgr., sem mælir fyrir um skiptingu verðmætis lands milli eiganda og leigjanda. Er gert ráð fyrir, að afgjaldskvaðarverðmæti hið mesta teljist verðmætishluti eiganda, reiknaður sem fimmtánföld leiga eftir landið, en metið gangverð umfram afgjaldskvaðarverðmæti sé leiguvirði landsins, þ. e. það verðmæti, sem leigjandi nýtur með því að hafa landið á leigu við hinu umsamda leiguverði.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mörkuð stefna um aðferð við mat eigna, þegar gangverð liggur ekki ljóst fyrir. Er í 2. mgr. tekin skýr afstaða til þess, að huglægu, órökstuddu mati skuli ekki beitt nema engra annarra kosta sé völ. Tölfræðilegir útreikningar og ályktanir á grundvelli þeirra skuli hins vegar vera meginregla við matið.

Sérstaklega er kveðið á um í 3. mgr., að setja skuli ákvæði í reglugerð um útreikning staðgreiðsluvirðis eigna í kaupum og sölum, miðað við mismunandi greiðslukjör í slíkum viðskiptum.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um, hverjir meti fasteignir til verðs og um skipan þeirrar starfsemi.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra skipi sérstaka matsmenn úr hópi umsækjenda, en yfirfasteignamatsnefnd gefi áður umsögn um, hverja umsækjendur hún telur hæfa til starfans. Rétt þykir að fastbinda það ekki um of, að starf matsmanns skuli í öllum tilvikum vera fullt starf, ef annað getur reynst heppilegra.

Ljóst er, að margar leiðir koma til greina við ákvörðun um, hvernig mat skv. lögum þessum skuli fara fram. Flestir, sem um frumvarpið hafa fjallað við undirbúning þess, eru sammála um, að millimatsmannakerfi núgildandi laga þarfnist endurskoðunar og finna megi virkari leið til að leysa þetta verkefni.

Skv. 2. mgr. er matsmanni ætlað að meta eign, og jafnframt er viðkomandi sveitarfélagi gefinn kostur á að tilnefna trúnaðarmann sinn til að taka þátt í mati. Er með þessum hætti ætlunin að tryggja hvort tveggja, að samræmis sé gætt um mat hvarvetna á landinu og að staðarþekkingar trúnaðarmanns sveitarfélags njóti við í matinu. Gert er ráð fyrir, að niðurstaða matsmanns ráði, ef ágreiningur verður, en slíkur ágreiningur leiði sjálfkrafa til málsskots til yfirmatsnefndar.

Við undirbúning málsins á lokastigi hefur komið fram önnur hugmynd um tyrirkomulag í þessu efni. Hún felur í sér, að 2. mgr. verði efnislega á þá leið, að einn matsmaður skv. 1. mgr. og auk þess annar matsmaður, tilnefndur af landshlutasamtökum sveitarfélaga, annist matið. Komi hann í stað trúnaðarmanns, sem 2. mgr. 18. gr. gerir ráð fyrir. Að öllu athuguðu sýnist semjendum frumvarpsins sú leið, sem valin er í frumvarpinu, hafa fleiri kosti, en rétt þykir, að þessi hugmynd komi fram í greinargerð.

Í 3. mgr. eru ákvæði um sérstakan matsstjóra, sem ráðherra skipar úr hópi matsmanna, og um verksvið hans. 4. mgr. kveður hins vegar á um skipulagsleg

tengsl matsmannakerfisins við Fasteignaskrá. Er það stefna frumvarpsins að koma í veg fyrir, að þessi starfsemi verði tvær stofnanir. Hins vegar þykir nauðsynlegt, að matsmenn séu sjálfstæðir í matsstörfum sínum og að því leyti óháðir Fasteignaskrá um annað en skráðar upplýsingar til að grundvalla mat sitt á. Með þessum hætti eru tveir aðilar gerðir ábyrgir, þ. e. forstjóri Fasteignaskrár fyrir þeim þætti, sem að skráningu eigna snýr, og matsstjóri fyrir matsstörfum. Er hvorum um sig mikilvægt í sínu starfi að fá sem besta vitneskju um efni, sem hinum ber að afla upplýsinga um.

Það sjónarmið hefur þó komið fram við undirbúning málsins, að matsstarfsemin ætti að öllu leyti að heyra undir Fasteignaskrá og lúta stjórn forstöðumanns hennar. Skv. því ráði Fasteignaskrá matsmenn eins og aðra starfsmenn.

Loks er fjármálaráðherra með 5. mgr. fengin ákvörðun um, hversu margir matsmenn skuli vera og hvar búsettir, enda verður reynslan að leiða það í ljós. Matsstjóra er veitt sérstök heimild til að skipa matsmönnum til starfa, hvar sem er í landinu, til að tryggja sem besta nýtingu þessara starfskrafta.

Til glöggvunar fara hér á eftir drög að 18. gr. frumvarpsins miðað við þær hugmyndir að breytingum frá frumvarpsgreininni, sem að framan eru nefndar:

1. mgr. eins og í frv.

Matsmaður skv. 1. mgr. ásamt matsmanni, sem tilnefndur er af landshlutasamtökum sveitarfélaga, metur eignir í hlutaðeigandi umdæmi. Verði ágreiningur þeirra í milli um matið, skal niðurstaða skipaðs matsmanns ráða að svo stöddu, en matið ganga til yfirmats.

3. mgr. eins og í frv.

Matsstjóri og matsmenn starfa að öllu leyti innan Fasteignaskrár og lúta stjórn forstöðumanns hennar.

5. mgr. eins og í frv.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um skipan yfirfasteignamatsnefndar. Það er nýmæli í því sambandi, að gert er ráð fyrir, að Hæstiréttur dómkveðji átta menn í nefndina, en ráðherra tilnefni úr þeirra hópi þrjá aðalmenn og þrjá varamenn. Er með þessu leitast við að láta niðurstöðu nefndarinnar jafngilda mati dómkvaddra matsmanna í því skyni að fækka slíkum mötum, eins og kostur er.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður við yfirmat greiðist yfirleitt úr ríkissjóði, eins og verið hefur, en heimilað að leggja yfirmatskostnað af tilefnislausri kæru á kæranda.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um matsskyldu matsmanna og þeim settur 2 mánaða frestur til að meta nýjar og breyttar eignir. Forganga um matsstörf er falin matsstjóra.

Í 2. mgr. er veitt heimild til að láta tilteknar tegundir eigna ómetnar eða slá á þær ónákvæmu mati, þegar matsverð skiptir ekki verulegu máli fyrir neinn aðila, en mat gæti verið illgerlegt. Ákvæðið er hliðstætt 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, að því er varðar skráningu.

Um 21. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild aðila, sem hagsmuni getur átt í mati eignar, til að fá eign endurmetna hvenær sem er, ef stofnunin telur um verulega hagsmuni að tefla.

Hér er um að ræða matsatriði, sem móta verður í framkvæmd. Meginstefna frumvarpsins að þessu leyti er sú, að heimild af þessu tagi opni leið til að virkja hagsmunaöfl, sem orkað geta á skráningu og mat fasteigna í þá átt, að hin opinbera skráning sé á hverjum tíma sem næst sanni.

Um 22. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild til kæru á mati til yfirfasteignamatsnefndar. Kæruheimildin er þannig rýmri en verið hefur, að hagsmunaaðilar aðrir en eig-

endur geta jöfnum höndum kært mat með sama hætti og þeir geta krafist endurmats skv. 21. gr.

Um 23. gr.

Með greininni er yfirfasteignamatsnefnd heimilað að kröfu fjármálaráðuneytis eða sveitarfélags að gera allsherjarendurmat á einstökum tegundum eigna, eignum í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum, ef orðið hefur einhver sú röskun, að matsverð eigna þar er ekki í samræmi við gangverð.

Hér er enn merki um þá stefnu frumvarpsins að freista þess að hafa skráningu og mat á hverjum tíma sem réttast og losna við allsherjarmat á tilteknu árabili, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Um 24. gr.

Greinin felur í sér almennt ákvæði um vanhæfi matsmanns vegna skyldleika við hagsmunaaðila.

Um 25. gr.

Greinin felur í sér mikilvægt nýmæli þess efnis, að yfirfasteignamatsnefnd ákveði ár hvert framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna með hliðsjón af verðbreytingum. En gert ráð fyrir, að framreikningur þessi eigi sér stað í nóvember ár hvert og taki gildi 1. desember, þannig að nýtt matsverð fasteigna, sem næst raunverði, gildi um hver áramót í öllu tilliti.

Til að nálgast markmið laganna um skráð raunverulegt gangverð, gerir heimildin ráð fyrir mismunandi framreikningsstuðlum fyrir mismunandi tegundir eigna og eftir atvikum fyrir einstök sveitarfélög eða landshluta.

Um 26. gr.

Greinin felur í sér almenna heimild til reglugerðarsetningar og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Greinin er almenn refsiheimild, sem þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Greinin felur í sér gildistökuákvæði og tekur af vafa um, að umboð yfirfasteignamatsnefndar og millimatsmanna falli niður frá og með gildistöku. Til að draga skýr mörk milli Fasteignamats ríkisins og hinnar væntanlegu Fasteignaskrár er gert ráð fyrir, að stöður þar séu lagðar niður, að því marki sem ekki er ráðið í þær með 3 mánaða uppsagnarfresti.

Eins og fram kemur í almennri greinargerð hér að framan, er þess ekki vænst, að sú nýsmíði, sem það kerfi er, sem þetta frumvarp kynnir, geti orðið gallalaust frá byrjun. Þess er hins vegar vænst, að það geti verið nothæf viðmiðun til að hefja nýtt þróunarskeið, sem löngu er orðið tímabært á sviði fasteignaskráningar og mats.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Með ákvæðinu er staðfest, að gildandi mat á fasteignum skv. aðalmati frá 1970 með síðari breytingum skuli gilda, uns annað leiðir af framkvæmd hinna nýju laga.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið fjallar um flutning eigna og gagna til hinnar nýju stofnunar og þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæði þetta er mikilvæg stefnuvísbending, ef samþykkt verður, þar eð það gerir ráð fyrir undirbúningi að flutningi veðmálaskrásetningar, sem nú fer fram hjá þinglýsingadómurum, í hina almennu fasteignaskrá. Á því er enginn vafi, að núgildandi þinglýsingakerfi er mjög gamaldags og þungt í vöfum, og vafalaust hagræði að því að færa það með hægð inn í vélvætt, almennt skráningarkerfi fasteigna. Ákvæðið felur Fasteignaskrá að undirbúa slíka breytingu, en gert yrði ráð fyrir ákvörðunum Alþingis síðar til framkvæmdar þeirri breytingu.

Ed. 206. Frumvarp til laga [152. mál]

um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

I.

Tollskráin o. fl.

A.

Vöruskrá með tolli.

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá,

þannig, að dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upprunalegri mynd þess, þ. e. frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Þýskalandi, svo og frá Írlandi:

03.03.09	16.03.00
05.04.00	16.04.00
05.06.00	16.05.00
05.15.00	20.02.01
14.02.00	21.03.00
14.03.00	21.05.03
14.04.00	22.01.01
14.05.00	22.08.00
15.04.00	23.01.00
15.05.00	24.02.32
15.06.00	

Að því er varðar innflutning frá **Danmörku** og **Bretlandi** í eftirtöldum tollskrárnúmerum, þá gilda til 1. júlí 1977 tollar eins og þeir voru ákveðnir 1. mars 1970, þannig:

03.03.09	35%	16.03.00	70%
05.04.00	25%	16.04.00	70%
05.06.00	25%	16.05.00	70%
05.15.00	25%	20.02.01	35%
14.02.00	21%	21.03.00	70%
14.03.00	21%	21.05.03	70%
14.04.00	21%	22.01.01	70%
14.05.00	25%	22.08.00	18%
15.04.00	25%	23.01.00	25%
15.05.00	25%	24.02.32	25%
15.06.00	25%		

Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.

Við skýringar á tollskránni skal fylgt eftirfarandi reglum:

1. **Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt eftirfarandi reglum:**
2. **a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri, tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning, að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur, sem flokkast þannig skv. þessum lið), þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.**
   b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. **Nú kemur það til álita skv. 2. lið að framan eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera, og skal þá tollflokkurinn fara eftir því sem hér segir:**
   a. Tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.
   b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum, og ekki verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta, sem helst einkennir vöruna, enda **verði slíku mati komið við.**
   c. Ef ekki er hægt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan, skal telja þær til þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll.
4. **Vörur, sem ekki falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur, sem þeim eru líkastar.**

I. flokkur.

Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.

1. kafli.

Lifandi dýr.

Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema:

a. Fiskur, krabbadýr og lindýr, sem teljast til nr. 03.01 og 03.03.
b. Hreinræktaður sýklagróður og aðrar vörur, sem teljast til nr. 30.02.
c. Dýr, sem teljast til nr. 97.08.

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
01.01	00	**Hestar, asnar, múlasnar og múldýr**	50		50		50		50	
01.02	00	**Nautgripir**	50		50		50		50	
01.03	00	**Svín**	50		50		50		50	
01.04	00	**Sauðfé og geitfé**	50		50		50		50	
01.05	00	**Alifuglar (hænsni, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni)**	50		50		50		50	
01.06		**Önnur lifandi dýr:**								
	10	*Einkum ætluð til neyzlu handa mönnum*	50		50		50		50	
		Annað (þar á meðal dýr í dýragarða, hundar og kettir):								
	21	Loðdýr	0		0		0		0	
	29	Annað	50		50		50		50	

2. kafli.

Kjöt og ætir hlutar af dýrum.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Vörur þær, er teljast til nr. 02.01—02.04 og nr. 02.06, ef þær eru óhæfar til neyzlu handa mönnum.

b. Þarmar, blöðrur og magar (nr. 05.04), og dýrablóð (nr. 05.15).

c. Dýrafeiti, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 02.05 (15. kafli).

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
02.01		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst:**								
	10	*Af nautgripum*	50		50		50		50	
	20	*Af sauðfé og geitum*	50		50		50		50	
	30	*Af svínum*	50		50		50		50	
	40	*Af hrossum, ösnum, múlösnum og múldýrum*	50		50		50		50	
	50	*Kjötúrgangur*	50		50		50		50	
02.02	00	**Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst**	50		50		50		50	
02.03	00	**Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi**	50		50		50		50	
02.04		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**								
	01	Hvalkjöt og hvalrengi	0		0		0		0	
	09	Annars	50		50		50		50	
02.05	00	**Svínafita án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**	50		50		50		50	
02.06		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:**								
	10	*„Bacon", svínslæri og annað svínakjöt*	50		50		50		50	
	20	*Annað*	50		50		50		50	

3. kafli.

Fiskur, krabbadýr og lindýr.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Sjávarspendýr (nr. 01.06) og kjöt af þeim (nr. 02.04 eða 02.06).

b. Fiskur (þar með talin hrogn og lifur), krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis vegna uppruna síns eða ástands (5. kafli); eða

c. Styrjuhrogn, einnig eftirlíkingar (nr. 16.04).

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
03.01		**Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur:**								
	01	Lifandi fiskur í fiskabúri eða öðru íláti	50		50		50		50	
	02	Síld ný	0		0		0		0	
	03	Annar fiskur nýr	0		0		0		0	
	04	Síld, ísvarin eða kæld	0		0		0		0	
	05	Síld fryst	0		0		0		0	
	09	Annar fiskur, ísvarinn, kældur eða frystur	0		0		0		0	
03.02		**Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu:**								
	01	Síld	0		0		0		0	
	09	Annar	0		0		0		0	
03.03		**Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:**								
	01	Smokkfiskur og skelfiskur til beitu	0		0		0		0	
	09[1])	Önnur	50	35	45	30	40	25	35	20

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

4. kafli.

Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang; ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

1. Til *mjólkur* telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, kefír, jóghúrt og þess háttar gerjuð mjólk.
2. Mjólk og rjómi í loftþéttum dósum telst niðursoðin mjólk og rjómi og heyrir þannig til nr. 04.02. Hins vegar telst mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuriserað, dauðhreinsað eða peptoniserað, ekki niðursoðið, nema vörurnar hafi verið lagðar niður í loftþéttar dósir.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
04.01	00	**Mjólk og rjómi, nýtt, þó ekki þurrkað eða sykrað**	50		50		50		50	
04.02		**Mjólk og rjómi, niðursoðið, þurrkað eða sykrað:**								
	10	*Fljótandi eða hálffljótandi*	50		50		50		50	
	20	*Í föstu formi, svo sem kökur eða duft*	50		50		50		50	
04.03	00	**Smjör**	70		70		70		70	
04.04	00	**Ostur og ostahlaup**	70		70		70		70	
04.05	00	**Fuglaegg og eggjarauður, nýtt, rotvarið, þurrkað, sykrað eða ósykrað**	35		18		18		0	
04.06	00	**Náttúrlegt hunang**	35		35		35		35	
04.07	00	**Ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.**	0		35		35		35	

5. kafli.

Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ætar afurðir (að undanteknum þörmum, blöðrum og mögum úr dýrum, heilum eða í stykkjum, enn fremur dýrablóð, fljótandi eða þurrkað).
   b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim, er teljast til nr. 05.05—05.07 (41. eða 43. kafli).
   c. Spunaefni úr dýraríkinu, að undanteknu hrosshári og hrosshársúrgangi (XI. flokkur).
   d. Hárknippi tilsniðin til burstagerðar (nr. 96.03).
2. Mannshár, flokkað eftir lengd, telst vera óunnið (nr. 05.01), enda sé það ekki jafnframt flokkað þannig, að rótarendarnir séu allir sömu megin.
3. Til *fílabeins* teljast alls staðar í tollskránni vígtennur úr fílum, mammútum, mastódonum, rostungum, náhvelum og villisvínum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
4. Hvarvetna í tollskránni er með *hrosshári* átt við hár af makka eða svíra og tagli eða hala dýra, er teljast til hrossa- eða nautgripaætta.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
05.01	00	**Mannshár óunnið, einnig þvegið eða affitað; úrgangur af mannshári**	55		25		25		0	
05.02	00	**Hár og burstir af tömdum svínum og villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári**	15		7		7		0	
05.03	00	**Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum**	15		7		7		0	
05.04	00[1])	**Þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum**	35	25	30	21	27	17	24	14
05.05	00	**Fiskúrgangur**	0		0		0		0	
05.06	00[1])	**Sinar og taugar; afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum**	35	25	30	21	27	17	24	14
05.07	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum með áföstum fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (hvort heldur jaðrarnir hafa verið jafnaðir eða ekki) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða frágengið til geymslu; duft, fjaðraúrgangur eða hlutar af fjöðrum**	30		15		15		0	
05.08	00	**Bein og hornsló, óunnið, affitað, lauslega lagað (en ekki formað), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt; mjöl og úrgangur úr beinum og hornsló**	25		12		12		0	
05.09	00	**Horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef af dýrum, óunnið eða lauslega lagað en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskíði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað, og skíðishár og úrgangur frá þessum vörum**	25		12		12		0	
05.10	00	**Fílabein, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; mjöl og úrgangur frá fílabeini**	35		18		18		0	
05.11	00	**Skjaldbökuskeljar (skildir og plötur), óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; klær og úrgangur frá skjaldbökuskel**	35		18		18		0	

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
05.12	00	**Kórallar og slík vara, óunnin eða lítils háttar búin undir vinnslu, en ekki frekar unnin; skeljar, óunnar eða lítils háttar búnar undir vinnslu, en ekki formaðar; mulningur og úrgangur úr skeljum** ..	35		18		18		0	
05.13	00	**Svampar náttúrlegir**	100		100		100		100	
05.14	00	**Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; afurðir úr dýraríkinu af því tagi, sem notaðar eru við lyfjagerð, nýjar, kældar, frystar eða meðfarnar á annan hátt til bráðabirgða vegna geymslu**	35		18		18		0	
05.15	00[1])	**Afurðir úr dýraríkinu, ót. a., dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæf til manneldis**	35	25	30	21	27	17	24	14

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

II. flokkur.

Afurðir úr jurtaríkinu.

6. kafli.

Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast aðeins lifandi trjáplöntur og vörur (þar með taldir græðlingar), sem gróðrarstöðvar og garðyrkjuskólar venjulega hafa á boðstólum til gróðursetningar eða til skreytingar. Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, matlaukur, skalotlaukur, hvítlaukur og aðrar vörur, sem teljast til 7. kafla.
2. Til nr. 06.03 eða 06.04 teljast einnig blómvendir, blómakörfur, kransar og þess háttar að öllu eða nokkru gert úr vörum, sem teljast til þessara númera, og hafa fylgihlutar ekki áhrif á flokkunina, þó þeir séu úr öðrum efnum.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
06.01	**00**	**Blómlaukar, rótar- og stöngulhnýði, jarðstönglar og aðrir forðastönglar í dvala, í vexti eða í blóma**	80		40		40		40	
06.02		**Aðrar lifandi jurtir, þar með taldar trjáplöntur, runnar, rætur, græðlingar og gróðurkvistir:**								
	01	Trjáplöntur og runnar	40		40		40		40	
	09	Annað	40		40		40		40	
06.03	**00**	**Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt**	100		100		100		100	
06.04		**Laufblöð, greinar og aðrir plöntuhlutar (þó ekki blóm og blómknappar) af trjám, runnum og öðrum jurtum, og mosi, skófir og gras nothæft í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða sérstaklega meðfarið á annan hátt:**								
	01	Jólatré (án rótar) og jólatrésgreinar	100		100		100		100	
	09	Annað	100		100		100		100	

7. kafli.

Grænmeti, rætur og hnýði til neyzlu.

Athugasemd:

Með orðinu *grænmeti* í nr. 07.01, 07.02 og 07.03 er einnig átt við ætisveppa, jarðsveppa, ólívur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, eggplöntur (aubergínur), pipar (sweet peppers), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa, sætt majoran (majorana hortensis eða origano majorana), piparrót og hvítlauk.

Til nr. 07.04 telst allt það grænmeti þurrkað eða eimað, sem annars telst til nr. 07.01—07.03, nema:

a. Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir (nr. 07.05).
b. Malaður pipar (sweet peppers) (nr. 09.04).
c. Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05 (nr. 11.03).
d. Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum (nr. 11.05).

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
07.01		**Grænmeti, nýtt eða kælt:**								
	10	*Kartöflur* ..... 100 kg	20 kr.		20 kr.		20 kr.		20 kr.	
	20	*Tómatar*	70		70		70		70	
		Annað grænmeti:								
	31	Laukur	50		50		50		50	
	39	Annars	70		70		70		70	
07.02	00	**Grænmeti (einnig soðið), fryst**	70		70		70		70	
07.03	00	**Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax**	70		40		40		40	
07.04	00	**Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið**	70		70		70		70	
07.05	00	**Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir** ..	*0		*0		*0		*0	
07.06	00	**Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rótarhnýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans**	70		70		70		70	

8. kafli.

Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum og sítrusávöxtum.

Athugasemdir:

1. Til kaflans teljast ekki ávextir og hnetur, sem eru óhæfar til neyzlu.
2. Kældir ávextir flokkast á sama hátt og nýir.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
08.01		**Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokathnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt:**								
	10	*Bananar nýir*	15		15		15		15	
		Kókoshnetur, parahnetur og akajuhnetur, nýjar eða þurrkaðar:								
	21	Kókosmjöl	35		18		18		0	
	29	Annað	70		70		70		70	
	30	*Aðrir framangreindir ávextir, nýir*	40		40		40		40	
	40	*Aðrir framangreindir ávextir, þurrkaðir*	70		70		70		70	
08.02		**Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir:**								
	10	*Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur*	15		15		15		15	
		Aðrir sítrusávextir:								
	21	Sítrónur	15		15		15		15	
	29	Annars	15		15		15		15	
08.03		**Fíkjur, nýjar eða þurrkaðar:**								
	10	*Nýjar*	40		40		40		40	
	20	*Þurrkaðar*	70		70		70		70	
08.04		**Vínber, ný eða þurrkuð:**								
	10	*Vínber ný*	40		40		40		40	
		Vínber þurrkuð:								
	21	Rúsínur	*20		*20		*20		*20	
	22	Kúrennur	20		20		20		20	
08.05	00	**Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með eða án hnotskurnar**	45		20		20		20	
08.06		**Epli, perur eða kveður, nýtt:**								
	10	*Epli*	*12		*12		*12		*12	
	20	*Perur og kveður*	15		15		15		15	
08.07	00	**Steinaldin ný**	40		40		40		40	
08.08	00	**Ber ný**	40		40		40		40	
08.09		**Aðrir ávextir, nýir:**								
	01	Melónur	40		40		40		40	
	09	Annars	40		40		40		40	
08.10	00	**Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir**	70		70		70		70	
08.11	00	**Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteinsdíoxydgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða annarri niðurlagningarupplausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað**	40		40		40		40	
08.12		**Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01-08.05:**								
	01	Sveskjur	*20		*20		*20		*20	
	02	Apríkósur	*40		20		20		20	
	03	Ávextir blandaðir	*40		20		20		20	
	09	Annars	*40		20		20		20	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
08.13	00	**Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir**	50		50		50		50	

9. kafli.

Kaffi, te, maté og krydd.

Athugasemdir:

1. Blöndur af vörum, sem teljast til nr. 09.04—09.10, flokkast þannig:
   a. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til sama númers, flokkast í það númer.
   b. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til tveggja eða fleiri númera, flokkast í nr. 09.10.

   Hafi verið bætt öðrum efnum í vörur þær, sem teljast til nr. 09.04—09.10 (eða í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan), hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Pipar (sweet peppers), ómalaður (7. kafli).
   b. Pipar af afbrigðinu piper cubeba og aðrar vörur, sem teljast til nr. 12.07.

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
09.01		**Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:**								
		Kaffi og kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:								
	11	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	10		10		10		10	
	12	Í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
	20	*Kaffiskurn og kaffihýði*	0		0		0		0	
09.02	00	**Te**	10		10		10		10	
09.03	00	**Maté**	50		50		50		50	
09.04	00	**Pipar af tegundinni Piber, piment (allrahanda) af tegundunum Capsicum eða pimenta**	100		80		80		80	
09.05	00	**Vanilla**	100		80		80		80	
09.06	00	**Kanill og kanilblóm**	100		80		80		80	
09.07	00	**Negull, heill, negulnaglar og negulstilkar**	100		80		80		80	
09.08	00	**Múskathnetur, múskatblóm og kardamómur**	100		80		80		80	
09.09	00	**Anís, stjörnuanís, finkull, kóríandri, rómverskt kúmen, kúmen og einiber**	100		80		80		80	
09.10	00	**Blóðberg, safran, lárviðarlauf; annað krydd**			80		80		80	

10. kafli.
Korn ómalað.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki afhýtt korn eða korn unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó, auk óunnins ríss, ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður ris og brotris, en ekki frekar unninn ris.

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
10.01	00	**Hveiti og meslín**	0		0		0		0	
10.02	00	**Rúgur**	0		0		0		0	
10.03	00	**Bygg**	0		0		0		0	
10.04	00	**Hafrar**	0		0		0		0	
10.05	00	**Maís**	0		0		0		0	
10.06		**Ris:**								
		Ris, með eða án ytra hýðis, en ekki frekar unninn:								
	11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
	19	Í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
		Annar ris:								
	21	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
	29	Í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
10.07	00	**Bókhveiti, hirsi, kanarífuglafræ og dúrra; annað korn**	0		0		0		0	

11. kafli.

Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín.

Athugasemdir:

Til kaflans telst ekki:

1. a. Brennt malt, er nota má sem kaffilíki (nr. 09.01 eða 21.01).
   b. Mjöl og grjón, tilreidd sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, sem telst til nr. 19.02.
   c. Steiktar maísflögur (corn flakes) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 19.05.
   d. Lyfjavörur (30. kafli).
   e. Sterkja, sem hefur einkenni ilmvara, snyrtivara eða hreinlætisvara og telst til nr. 33.06.
2. A. Malaðar afurðir úr þeim korntegundum, sem taldar eru upp í eftirfarandi töflu, teljast til þessa kafla, ef þær innihalda þurrar, miðað við þunga:
   a. Sterkju (sem ákvörðuð er skv. Ewers-aðferðinni) í meira magni en tilgreint er í dálki 2.
   b. Ösku (að frádregnum viðbættum steinefnum) í því magni, sem tilgreint er í dálki 3, eða minna.

   Annars teljast þær til nr. 23.02.

   B. Afurðir, sem teljast til þessa kafla skv. áðurnefndri skýrgreiningu, flokkast í nr. 11.01 (*mjöl úr korni*), *ef* það magn þeirra, sem fer í gegnum silkigrisju eða sigti úr tilbúnu trefjaefni, með þeim þéttleika, sem tilgreindur er í 4. og 5. dálki, er ekki minna, miðað við þunga, en sá hundraðshluti, sem tilgreindur er fyrir hverja korntegund.

   Annars teljast þær til nr. 11.02.

Korntegund	Sterkju-innihald	Ösku-innihald	Magn, sem fer í gegnum sigti af þéttleikanum	
			315 micron	500 micron
1	2	3	4	5
Hveiti og rúgur	45%	2,5%	80%	–
Bygg	45%	3,0%	80%	–
Hafrar	45%	5,0%	80%	–
Maís og dúrra	45%	2,0%	–	90%
Rís	45%	1,6%	80%	–
Bókhveiti	45%	4,0%	80%	–

		Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
11.01	**Mjöl úr korni:**	%	%	%	%	%	%	%	%
	Mjöl úr hveiti eða úr meslini:								
11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
12	Í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
	Annað mjöl úr korni:								
21	Byggmjöl	0		0		0		0	
22	Maísmjöl	0		0		0		0	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
	23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
	24	Rísmjöl í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
	25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
	26	Rúgmjöl í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
	29	Annars	0		0		0		0	
11.02		**Grjón úr korni og annað unnið korn, t. d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotris), en ekki frekar unnið; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:**								
	10	*Hveitigrjón og meslingrjón*	0		0		0		0	
		Önnur grjón úr korni:								
	21	Maís kurlaður	0		0		0		0	
	22	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
	23	Hafragrjón í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
	29	Annars	0		0		0		0	
	30	*Annað unnið korn (þó ekki mjöl og grjón), t. d. valsað, flatt út, fágað, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotris), en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir*	0		0		0		0	
11.03		**Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05:**								
	01	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxtum, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0		0		0		0	
	09	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxtum, í öðrum umbúðum	0		0		0		0	
11.04	00	**Mjöl úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8. kafla**	25		25		25		25	
11.05		**Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum:**								
	01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15		15		15		15	
	09	Í öðrum umbúðum	15		15		15		15	
11.06		**Mjöl og grjón úr sagó, maníókahnýði, arrowrót, saleprót og öðrum rótum og rótarhnýðum, sem teljast til nr. 07.06:**								
	01	Maníókamjöl til skepnufóðurs	0		0		0		0	
	09	Annað	15		15		15		15	
11.07	00	**Malt, óbrennt eða brennt**	25		12		12		0	
11.08		**Sterkja og inúlín:**								
	01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15		7		7		7	
	02	Kartöflusterkja í öðrum umbúðum	15		7		7		7	
	03	Önnur sterkja og inúlín í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15		7		7		7	
	09	Önnur sterkja og inúlín í öðrum umbúðum	15		7		7		7	
11.09	00	**Hveitiglúten, einnig þurrkað**	15		15		15		15	

12. kafli.

Olíufræ og olíurík aldin; ýmis önnur fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóðurplöntur.

Athugasemdir:

1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, olíuvalmúafræ, valmúafræ og kopra. Til þessa númers teljast ekki kókoshnetur eða aðrar vörur í nr. 08.01, og ekki heldur olíuvur (7. eða 20. kafli).
2. Sem fræ til sáningar í nr. 12.03 telst rófnafræ, grasfræ og annað grænfóðurfræ, blómafræ, matjurtafræ, trjáfræ, ávaxtafræ, fræ af umfeðmingsgrasi og úlfabaunum.
   Til nr. 12.03 teljast hins vegar ekki, þótt til sáningar séu:
   a. Þurrkaðir belgávextir (7. kafli).
   b. Krydd og aðrar vörur, er teljast til 9. kafla.
   c. Korn (10. kafli).
   d. Vörur, er teljast til nr. 12.01 eða 12.07.
3. Til nr. 12.07 teljast m. a. eftirtaldar plöntur og plöntuhlutar: Basilikum, borasurt, ísópur, allar tegundir myntu, rósmarín, ruda, salvía og malurt.
   Til nr. 12.07 teljast hins vegar ekki:
   a. Olíufræ og olíurík aldin (nr. 12.01).
   b. Lyfjavörur, er teljast til 30. kafla.
   c. Ilm- og snyrtivörur, er teljast til 33. kafla.
   d. Efni til sótthreinsunar, til varnar gegn skordýrum, sveppum og illgresi og þess háttar efni, er teljast til nr. 38.11.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Núverandi tollur Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
12.01		**Olíufræ og olíurík aldin, heil eða sundurskorin:**								
	10	*Jarðhnetur*	20		20		20		20	
	20	*Kopra*	20		20		20		20	
	30	*Pálmahnetur og kjarnar*	20		20		20		20	
	40	*Sojabaunir*	0		0		0		0	
	50	*Línfræ*	20		20		20		20	
	60	*Baðmullarfræ*	20		20		20		20	
	70	*Rísínusfræ*	20		20		20		20	
	80	*Önnur*	20		20		20		20	
12.02	00	**Mjöl ófitusneytt, úr olíufræjum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl**	20		20		20		20	
12.03		**Fræ, aldin og sporar til sáningar:**								
	01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri	0		0		0		0	
	09	Annað	0		0		0		0	
12.04	00	**Sykurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr**	40		40		40		40	
12.05	00	**Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar**	0		0		0		0	
12.06	00	**Humall og humalmjöl (lúpúlín)**	25		12		12		0	
12.07	00	**Plöntur og plöntuhlutar (þar með talin fræ og aldin af trjám, runnum og öðrum plöntum), sem aðallega eru notaðir til framleiðslu á ilmvörum, lyfjavörum eða efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýir eða þurrkaðir, heilir, sundurskornir, malaðir eða muldir**	25		12		12		0	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
12.08	00	**Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.**	70		70		70		70	
12.09	00	**Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið**	0		0		0		0	
12.10	00	**Beðjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og þess háttar fóðurefni**	0		0		0		0	

13. kafli.

Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sútunar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu.

Athugasemd:

Til 13.03 telst m. a. lakkrísextrakt, pyrethrumextrakt, humlaextrakt, alóeextrakt og ópíum. Til þessa númers telst ekki:

a. Lakkrísextrakt, sem inniheldur meira en 10% sakkarósa, miðað við þunga, eða tilreiddur er sem sykurvara.
b. Maltextrakt (nr. 19.01).
c. Extraktar úr kaffi, tei eða maté (nr. 21.02).
d. Áfengir vökvar og extraktar, sem teljast drykkjarvörur, og áfengar blöndur, svonefndir „konsentreraðir extraktar", til framleiðslu á drykkjarvörum (22. kafli).
e. Kamfóra, glycyrrhizín og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.13 og 29.41.
f. Lyf, sem teljast til nr. 30.03, og prófefni til blóðflokkunar (nr. 30.05).
g. Sútunar- og litarextraktar (nr. 32.01 og 32.04).
93.03	00	**Stórskotaliðsvopn, vélbyssur og önnur hernaðarskotvopn og sprengjuvörpur (þó ekki skammbyssur)**	60		60		60		60	
93.04		**Önnur eldvopn, þar með taldar merkjabyssur, hvellbyssur, línubyssur og annað þess háttar:**								
	01	Línubyssur	20		20		20		20	
	02	Hvalveiðibyssur	20		20		20		20	
	03	Fjárbyssur	20		20		20		20	
	09	Annars	60		60		60		60	
93.05	00	**Önnur vopn, þar með *taldar loftbyssur, fjaðrabyssur og annað þess háttar***	60		60		60		60	
93.06		**Hlutar til vopna, þar með talin hlaup, en ekki hlutar, er teljast til nr. 93.01:**								
	10	*Hlutar til vopna, sem teljast til nr. 93.04-93.05*	60		60		60		60	
	20	*Aðrir*	60		60		60		60	
93.07		**Sprengjur, handsprengjur, tundurskeyti, tundurdufl, fjarstýrð vopn, flugskeyti og svipuð hernaðarvopn og hlutar til þeirra; skotfæri og hlutar til þeirra, þar með talin forhlöð; blýhögl:**								

		Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
		Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%	%	%
10	*Skotfæri til sportvopna*	35		35		35		35	
	Annað:								
21	Skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur	4		4		4		4	
22	Skot sérstaklega gerð fyrir fjárbyssur	20		20		20		20	
29	Annars	35		35		35		35	

XX. flokkur.
Ýmsar vörur.

94. kafli.
Húsgögn og hlutar til þeirra; rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dýnur, höfuðpúðar og aðrir púðar, sem fylla má með lofti eða vatni (39., 40. og 62. kafli).
   b. Gólflampar, borðlampar, vegglampar, lampastæði og annar ljósabúnaður, sem flokkast eftir því efni, sem hann er gerður úr (t. d. nr. 44.27, 70.14 og 83.07).
   c. Vörur úr steini, leir eða nokkrum öðrum efnum, sem tiltekin eru í 68. eða 69. kafla og notaðar eru sem sæti, borð eða súlur í lystigörðum, blómagörðum eða anddyrum (68. og 69. kafli).
   d. Speglar, sem gerðir eru til að standa á gólfi eða jörðu (t. d. hverfispeglar), er teljast til nr. 70.09.
   e. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07); enn fremur peningaskápar, er teljast til nr. 83.03.
   f. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af kæliskápum, er teljast til nr. 84.15; húsgögn sérstaklega gerð fyrir saumavélar (nr. 84.41).
   g. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af útvarpsgrammófónum, útvarpsviðtækjum og sjónvarpstækjum (nr. 85.15).
   h. Spýtubakkar fyrir tannlæknastofur (nr. 90.17).
   ij. Vörur, sem teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   k. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af grammófónum, diktafónum eða öðrum hljóðupptöku- og hljóðflutningstækjum, er teljast til nr. 92.13.
   l. Leikfangahúsgögn (nr. 79.03), ballskákarborð og önnur húsgögn sérstaklega gerð fyrir leiki (nr. 97.04) og töfrabrögð (nr. 97.05).
2. Vörur (aðrar en hlutar), sem tilteknar eru í nr. 94.01, 94.02 og 94.03, skulu því aðeins flokkast í þessi númer, að þær séu gerðar til að standa á gólfi eða á jörðu.

   Þetta tekur þó ekki til eftirtalinna húsgagna, þótt þau séu gerð til að hengjast eða festast á vegg eða standa hvert ofan á öðru:
   a. Eldhússkápar og þess háttar skápar.
   b. Sæti og rúm.
   c. Raðbókaskápar og áþekk raðhúsgögn.
3. a. Sem hlutar til vöru í 94. kafla teljast ekki plötur úr gleri (þar með taldir speglar), marmara eða öðrum steintegundum, þó að þær séu tilskornar, ef þær eru ekki festar við aðra húsgagnahluta.
   b. Séu vörur, sem teljast til nr. 94.04, fluttar inn sér í lagi, flokkast þær til þess númers, en ekki til nr. 94.01—94.03, enda þótt þær séu fluttar inn sem hlutar til húsgagna, er teljast til nr. 94.01—94.03.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
94.01		**Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02:**								
	01	Dráttarvélasæti	7		7		7		7	
	02	Öryggissæti í ökutæki, fyrir börn	90	65	20		20		20	
	09	Annað	90	65	80	55	70	45	60	35
94.02	00	**Húsgögn fyrir læknisaðgerðir, þar með taldar tannlæknis- og dýralæknisaðgerðir (t. d. skurðarborð, rannsóknarborð, sjúkrarúm með mekanískum útbúnaði); tannlæknastólar og önnur slík sæti með mekanískum lyfti- og öðrum hreyfiútbúnaði; hlutar til þessara húsgagna**	35		35		35		35	
94.03		**Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:**								
	01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60	40	55	35	50	30	45	24
	09	Annað	90	65	80	55	70	45	60	35
94.04	00	**Rúmbotnar; rúmfatnaður eða áþekkur húsbúnaður, með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni, eða úr blásnu gúmmíi, frauð- eða svampgúmmíi, eða úr blásnu plasti, frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklæði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssængur, sessur, púðar og koddar)**	90	65	80	55	70	45	60	35

95. kafli.

Vörur úr útskurðar- og mótunarefnum; unnin útskurðar- og mótunarefni.

Athugasemdir:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Vörur, er teljast til 66. kafla (t. d. hlutar til regnhlífa og göngustafa).
b. Blævængir, ekki mekaniskir (nr. 67.05).
c. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. glysvarningur).
d. Hnífar og aðrar vörur, er teljast til 82. kafla, með skafti eða öðrum hluta úr útskurðar- eða mótunarefnum. Séu sköftin og aðrir hlutar til þessara vara fluttir inn sér í lagi, teljast þeir þó til þessa kafla.
e. Vörur, er teljast til 90. kafla (t. d. gleraugnaumgerðir).
f. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukku- og úrkassar).
g. Vörur, er teljast til 92. kafla (t. d. hljóðfæri og hlutar til þeirra).
h. Vörur, er teljast til 93. kafla (t. d. vopn og hlutar til þeirra).
ij. Vörur, er teljast til 94. kafla (t. d. húsgögn og hlutar til þeirra).
k. Burstagerðarvörur og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
l. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
m. Vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar, reykjarpípur og greiður).
n. Vörur, er teljast til 99. kafla (t. d. listaverk, safnmunir og forngripir).

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
95.01	00	**Skjaldbökuskel unnin og vörur úr skjaldbökuskel**	100		80		80		80	
95.02	00	**Perlumóðir unnin og vörur úr perlumóður**	100		80		80		80	
95.03	00	**Fílabein unnið og vörur úr fílabeini**	100		80		80		80	
95.04	00	**Bein unnið og vörur úr beini**	100		80		80		80	
95.05	00	**Horn unnið, kórall (náttúrlegur eða tilbúinn) og önnur útskurðarefni úr dýraríkinu og vörur úr þessum efnum**	100		80		80		80	
95.06	00	**Útskurðarefni úr jurtaríkinu (t. d. fílabeinshnetur), unnin, og vörur úr þeim**	100		80		80		80	
95.07	00	**Harðkol (jet) (þar með harðkolaeftirlíkingar úr jarðefnum), raf, merskúm, tilbúið raf og tilbúið merskúm, unnið, og vörur úr þessum efnum**	100		80		80		80	
95.08		**Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:**								
	01	Gelatínbelgir utan um lyf	15		7		7		0	
	09	Annað	100		80		80		80	

96. kafli.

Sópar, penslar, burstar, fjaðrakústar, duftpúðar og sáld.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur, er teljast til 71. kafla.
   b. Burstar sérstaklega gerðir fyrir lyf-, skurð-, tannlæknis-, dýralæknis- eða aðrar læknisaðgerðir (nr. 90.17).
   c. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Með orðunum *tilbúin knippi til framleiðslu á sópum og burstum* í nr. 96.03 er einungis átt við óáfest knippi úr dýrahári, jurtatrefjum eða öðru efni, sem án sundurgreiningar eru tilbúin til að festast í bursta eða annað þess háttar, eða þarfnast aðeins smávægilegrar lagfæringar, svo sem limingar eða tilskurðar, til að nota megi þau á þennan hátt.

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
96.01	00	**Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts**	70	50	60	40	55	35	50	30
96.02		**Aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar, sem eru hlutar af vélum), málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:**								
	01	Málningarpenslar og málningarrúllur	70	50	60	40	55	35	50	30
	02	Listmálunarpenslar	35		35		35		35	
	03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum	25		12		12		0	
	04	Tannburstar	50		50		50		50	
	09	Annars	100	70	90	60	80	50	70	40
96.03	00	**Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum**	35		35		35		35	
96.04	00	**Fjaðrasópar**	100		80		80		80	
96.05	00	**Duftpúðar o. þ. h., úr hvers konar efni**	100		80		80		80	
96.06	00	**Handsíur og handsáld, úr hvers konar efni**	80		80		80		80	

97. kafli.

Leikföng, leiktæki og íþróttavörur og hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Jólakerti (nr. 34.06).
   b. Flugeldar og skrauteldar o. þ. h. í nr. 36.05.
   c. Garn, einþráðungar, línur, þarmar o. þ. h. til fiskveiða í hæfilegum lengdum, en ekki uppsett, sem telst til 39. kafla, nr. 42.06 eða til XI. flokks.
   d. Íþróttatöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og nr. 43.03.
   e. Íþróttafatnaður og grímubúningar úr vefjarefnum, sem teljast til 60. og 61. kafla.
   f. Flögg og flaggdúkur úr vefnaði og segl á báta og farartæki, er teljast til 62. kafla.
   g. Íþróttaskófatnaður (þó ekki skautaskór með áföstum skautum), legghlífar o. þ. h., er telst til 64. kafla, enn fremur höfuðfatnaður til íþróttaiðkana, er telst til 65. kafla.
   h. Klifurstafir, svipur, keyri o. þ. h. (nr. 66.02) og hlutar til þeirra vara (nr. 66.03).
   ij. Gleraugu í brúður eða önnur leikföng, óuppsett, er teljast til nr. 70.19.
   k. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr *ódýrum málmum* (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
   l. Vörur, sem falla undir nr. 83.11.
   m. Sportökutæki (nema rennisleðar (bobsleighs, toboggans) og aðrir svipaðir sleðar), sem teljast til XVII. flokks.
   n. Barnahjól með kúlulegum og smíðuð eins og venjuleg hjól fyrir fullorðna (nr. 87.10).
   o. Sportbátar, svo sem eintrjáningar og kappróðrarbátar (89. kafli), og árar o. þ. h. til þeirra (44. kafli, ef árarnar eru úr trjáviði).
   p. Hlífðargleraugu til íþróttaiðkana og útileikja (nr. 90.04).
   q. Tálflautur o. þ. h. (nr. 92.08).
   r. Vopn og aðrar vörur, er teljast til 93. kafla.
   s. Strengir í boltaspaða, tjöld og annar ferðaútbúnaður, enn fremur hanzkar (flokkast yfirleitt eftir því efni, sem vörurnar eru gerðar úr).
2. Til þessa kafla teljast einnig vörur, sem í eru einhverjir óverulegir hlutar úr perlum, eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum), góðmálmi eða góðmálmspletti.
3. Orðið *brúður* í nr. 97.02 tekur aðeins til slíkra hluta, sem gerðir eru í mannsmynd.
4. Ef annað er ekki tekið fram í 1. athugasemd hér að ofan, teljast hlutar og fylgihlutar, sem eingöngu eða aðallega eru hæfir og notaðir sem hlutar eða fylgihlutar vara þeirra, er teljast til þessa kafla, til sama númers og varan fullgerð.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
97.01	00	**Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. hlaupahjól, barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur**	90		50		50		50	
97.02	00	**Brúður**	90	65	80	55	70	45	60	3
97.03	00	**Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar**	90	65	80	55	70	45	60	3
97.04		**Samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna (þar með talin borðleiktæki, ballskákarborð (billardborð), spilaborð (rouletborð) og borðtennisútbúnaður):**								
	01	Taflborð og taflmenn	50		50		50		50	
	02	Spil	90		90		90		90	
	09	Önnur	90		90		90		90	

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
97.05	00	**Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)**	100		80		80		80	
97.06		**Áhöld, tæki og útbúnaður til fimleika, aflrauna og annarra íþrótta og útileikja (þó ekki vörur, er teljast til nr. 97.04):**								
	01	Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir	50		50		50		50	
	02	Skautar (þar með hjólaskautar)	50		50		50		50	
	09	Annað	50		50		50		50	
97.07		**Fiskiönglar, *fiskistengur og annar* útbúnaður til stangaveiði; veiðiháfar (t. d. fyrir fisk og fiðrildi), tálfuglar, lerkispeglar og annar þess háttar veiðiútbúnaður:**								
	01	Fiskiönglar	4		4		4		4	
	02	Veiðistengur	50	35	45	30	40	25	35	20
	03	Hlutir í veiðistengur, flugur eða tálbeitur	35		18		18		0	
	09	Annað	50	35	45	30	40	25	35	20
97.08	00	**Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús**	100		80		80		80	

98. kafli.

Ýmsar unnar vörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Augnabrúnalitur og aðrir þvílíkir litir (nr. 33.06).
   b. Hnappar, ermahnappar og aðrar vörur, sem taldar eru í nr. 98.01 og 98.12, ef þessar vörur eru gerðar að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmi, góðmálmspletti (sjá þó athugasemd 2.a við 71. kafla) eða í þeim eru eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða perlur (71. kafli).
   c. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
   d. Rissfjaðrir (nr. 90.16).
   e. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Ef annað leiðir ekki af ákvæðunum í 1. athugasemd hér á undan, teljast til kaflans vörur, sem eru að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmum, góðmálmspletti, eðalsteinum og hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum) og náttúrlegum perlum.
3. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn með vörum í þessum kafla, flokkast í sömu númer og vörurnar sjálfar, ef umbúðirnar eru ætlaðar utan um vörurnar og umbúðir af þessu tagi eru almennt seldar með þessum vörum. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn sér í lagi, flokkast eftir gerð þeirra og efni.

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
98.01	00	**Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smelluhnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar**	% 10	%	% 5	%	% 5	%	% 0	%
98.02		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**								
	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	14		7		7		0	
	09	Annað	35	25	30	21	27	17	24	14
98.03	00	**Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar, pennastengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)**	*50		*50		*50		*50	
98.04	00	**Pennar og pennaoddar**	50		50		50		50	
98.05	00	**Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, grifflar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít**	*50		50*		*50		*50	
98.06		**Rit- og teiknispjöld, einnig í ramma:**								
	01	Skólatöflur	35		35		35		35	
	09	Annað	80		80		80		80	
98.07	00	**Dagsetningar-, innsiglis- og tölusetningarstimplar o. þ. h. (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar**	80	55	75	50	65	40	55	30
98.08	00	**Ritvéla- og reiknivélabönd o. þ. h., einnig á spólum; stimpilpúðar, einnig í kössum**	80		80		80		80	
98.09	00	**Innsiglislakk og flöskulakk í stöngum, plötum eða öðru svipuðu formi; fjölritunar- og valsamassi o. þ. h. gert aðallega úr gelatíni, einnig á pappírs- eða spunaefnagrunni**	80		80		80		80	
98.10	00	**Vindla- og vindlingakveikjarar og aðrir áþekkir kveikjarar (þar með taldir kemískir kveikjarar og rafmagnskveikjarar) og hlutar til þeirra (þó ekki steinar og kveikir)**	80		80		80		80	
98.11	00	**Reykjarpípur; pípuhausar, munnstykki og aðrir pípuhlutar (þar með talin lauslega formuð trjá- eða rótarstykki); vindla- og vindlingamunnstykki og hlutar til þeirra**	80		80		80		80	

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
98.12	00	**Greiður, hárkambar o. þ. h.**	100		90	60	80	50	70	40
98.13	00	**Lífstykkjateinar og aðrir slíkir teinar til fata eða fatahluta**	30		15		15		0	
98.14	00	**Ilmsprautuílát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra**	100		80		80		80	
98.15	00	**Hitaflöskur og önnur hitaeinangrandi ílát, hlutar til þeirra (þó ekki innri glerílátin)**	100		80		80		80	
98.16	00	**Mannslíkön fyrir klæðskera, sýningar o. þ. h.; mekaníska og hreyfanlegur sýningarútbúnaður í búðarglugga o. þ. h**	45		45		45		45	

XXI. flokkur.
Listaverk, safnmunir og forngripir.

99. kafli.
Listaverk, safnmunir og forngripir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ónotuð frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi (nr. 49.07).
   b. Máluð leiktjöld, máluð baktjöld í myndastofur og annað þess háttar (nr. 59.12).
   c. Náttúrlegar perlur, eðal- og hálfeðalsteinar (nr. 71.01 og 71.02).
2. Með orðunum *myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir* í nr. 99.02 er átt við þrykk í svörtu og hvítu eða í litum með einni eða fleiri plötum, gerðum að öllu leyti í höndunum af listamanninum sjálfum og skiptir ekki máli, hvaða aðferð eða efni eru notuð, þó þannig að ekki mega hafa verið notaðar mekanískar aðferðir eða ljósmyndun.
3. Til nr. 99.03 teljast ekki endurgerðir af listaverkum í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verzlunarvöru. Slíkar endurgerðir flokkast eftir efni og annarri gerð.
4. a. Geti vara eftir orðalagi textans í einstökum númerum bæði talizt til þessa kafla og einnig til annars kafla tollskrárinnar, skal hún teljast til þessa kafla, nema annað leiði af ákvæðunum í 1.—3. athugasemd hér að ofan.
   b. Vörur, sem eftir orðalagi textans geta bæði talizt til nr. 99.06 og nr. 99.01—99.05, skulu teljast til nr. 99.01—99.05.
5. Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir skoðast hlutar af verkunum, ef efni og verðmæti rammanna er í samræmi við þau.

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
99.01	00	**Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndunum að öllu leyti (þó ekki tæknilegir uppdrættir í nr. 49.06, og handskreyttar iðnaðarvörur)**	0		0		0		0	
99.02	00	**Myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir, enda sé um frumverk að ræða**	0		0		0		0	
99.03	00	**Höggmyndir og myndastyttur, úr hvers konar efni, enda sé um frumsmíð að ræða**	0		0		0		0	
99.04	00	**Frímerki, stimpilmerki og önnur áþekk merki (þar með talin póststimpilmerki, póststimpluð umslög, bréfkort o. þ. h.), notuð, eða ef ónotuð þá ógild hér á landi**	0		0		0		0	
99.05	00	**Dýrafræðileg, grasafræðileg, jarðfræðileg, líffærafræðileg, sögu-leg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg og mynt-fræðileg söfn og safnmunir**	0		0		0		0	
99.06	00	**Forngripir yfir 100 ára gamlir**	20		20		20		20	

B.
Tollfrjáls innflutningur.

2. gr.

Auk þeirra vara, sem eru tollfrjálsar eftir tollskránni í 1. gr., eru eftirtaldar vörur einnig undanþegnar aðflutningsgjöldum:

1. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og að dómi tollyfirvalds ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum til notkunar í þeim, svo og áhöfn og farþegum til neyslu og notkunar, og vistir þessar og nauðsynjar geti talist hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
3. Aðrar vörur, sem ekki á að flytja hér úr farartæki, en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
4. Vanalegur farangur áhafna í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri áhafna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra áhöfnum í skipum og öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota áhafnanna sjálfra í farartækinu.
5. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látist hafa erlendis, enda beri vörur þessar með sér, að þær séu notaðar.
7. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár, áður en þeir fluttu hingað til lands. Munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár. Þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.

Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð, m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis, að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni og að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.

Bifreiðar, bifhjól og bátar teljast ekki til heimilismuna, né munir, sem notaðir hafa verið við atvinnurekstur innflytjanda.

Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvaða vörur skuli teljast til heimilismuna samkvæmt þessum tölulið.

8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatiskra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda
   a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milligöngu aðilja, sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,
   b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið, að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
   c. viðkomandi afhendi og undirriti sundurliðaða tollskýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina innfluttu eða keyptu vöru, sú skýrsla sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan sé skýrslan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
   d. og því sé lýst yfir, að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeiganda, fjölskyldu hans og/eða fyrir heimilishald hans hér.

   Fjármálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tollfrelsi samkvæmt þessum tölulið, svo sem um merkingu varanna o. þ. h. Enn fremur um, að erlend ríki, sem ekki veita íslenskum sendisveitum og sendimönnum sams konar tollfrelsi, skuli ekki njóta þess hér.
9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjörræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.
10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaunagripir fyrir íþróttaafrek og önnur afrek, sem unnin eru erlendis.
11. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

    Það er skilyrði fyrir tollfrelsinu, að vörurnar komi hingað innan árs frá því þær fóru héðan. Ráðuneytið má þó víkja frá þessu, ef sérstaklega stendur á.
12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

C.
Undanþágu- og lækkunarheimildir.

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæslunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur, eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörslum tollgæslunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða anarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld að heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.
   Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 3 000 kr. virði að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, innfluttum af mönnum, sem haft hafa fasta búsetu erlendis í a. m. k. 2 ár (og hafa ekki jafnframt verið heimilisfastir hér á landi). Framangreind tollfrelsisheimild gildir þó ekki lengur en í 3 mánuði frá komu farartækisins. Þeir einir geta fengið framlengingu leyfisins, er færa fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á, að þeir uppfylli eftirtalin skilyrði:
    a. Hafi hér ekki launaða atvinnu né reki hér atvinnufyrirtæki.
    b. Hafi ekki tekið sér heimilisfang hér á landi.
    c. Hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

    Að framantöldum skilyrðum uppfylltum er tollyfirvaldi heimilt að framlengja leyfið um 3 mánuði til viðbótar hverju sinni, allt að einu ári alls.

    Uppfylli menn ekki framangreind skilyrði til framlengingar leyfis, skal þó í undantekningartilvikum heimilt, að framlengja akstursleyfi einstaklinga um

3 mán. í senn, en lengst allt að einu ári, (að upphaflegu 3 mánuðunum meðtöldum) gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta á mánuði af cif-verði viðkomandi bifreiða. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildarákvæðis þessa.

Leyfið er að öðru leyti háð eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Hlutaðeigandi aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir borgun.
c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að þau voru flutt hingað til lands.
d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka ökutækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um endurútflutning þeirra á kostnað innflytjanda.

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,
enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar, eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulið telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenskt útflutningslýsi.

12. Að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.
13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni, að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
14. Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
17. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af vörum, sem teljast til tnr. 38.19.19 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með efnum þeim, sem hér um ræðir.
18. Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslustofnunum.

20. Að fella niður gjöld af bókum á íslensku, prentuðum erlendis, enda séu bækurnar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt.
21. Að fella niður, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar.
22. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsiðngreinum, eða til framleiðslu á ótollvernduðum vörum.

    Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessa ákvæðis.
23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila, að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að fella niður gjöld af lifandi dýrum í dýragarða.
27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 300 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús. krónur fyrir þá, sem mest eru fatlaðir eða lamaðir, en geta þó ekið sjálfir sérlega útbúinni bifreið.

    Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

    Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og tækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

    Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.
28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundraðshluta af samningsverði. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 1 000 000.00. Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu tolla af viðgerðinni.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 400 hestöfl DIN, sem settir eru í báta

eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

31. Að lækka gjöld af efni í rafmagnsspenna, rafmótora og rafala.
32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til tnr. 30.05.00 og til númera í 12., 13., 17., 21., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.
34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum, sykri og kaffi, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.
35. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.
37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.
38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
39. Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.
40. Að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekaniskum útbúnaði, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því, að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur.
41. Að lækka tollgjöld af bifreiðum til bifreiðastjóra, sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi, úr 90% í 40%. Ennfremur er heimilt að lækka tollgjöld af bifreiðum til bifreiðastjóra, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi, úr 90% í 65%. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verslunarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um, að hún nái ekki til ákveðinna vöruflokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.
43. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.
44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því, að greiddur sé 10% verðtollur.
46. Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.

47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tnr. 85.15.21, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
48. Að ákveða, að ýmsar vörur, ei bera sama hundraðshluta tolls, í smásendingum allt að kr. 10 000.00 að fob-verðmæti, megi við tollafgreiðslu sameina í eitt tollskrárnúmer. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
49. Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.
50. Að endurgreiða tollamismun af efnivörum:
    a) Til framleiðslu á rafmagnseldavélum, bökunar- og steikarofnum þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 7% af neinni notaðri efnivöru. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
    b) Til framleiðslu á rafmagnslýsingartækjum þannig, að fram til 1. janúar 1976, verði tollur ekki hærri en 18% af neinni notaðri efnivöru annarri en þeirri, sem telst til sömu tollskrárnúmera og lamparnir fullgerðir. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
    c) Til framleiðslu á veiðistöngum og veiðiflugum þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 9% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til tnr. 97.07. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
    d. Til framleiðslu á tvöföldu gleri þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur á rakaeyðingarefni, sem telst til tnr. 38.19.19, þéttilími í tnr. 32.12.00 og plastþynnum í tnr. 39.02.94 og 39.02.99, ekki hærri en 10%. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
    e) Til framleiðslu á sjálfvirkum stilli- og stýribúnaði fyrir skip og vélar þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 4% af neinni notaðri efnivöru eða hlutum. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll á sömu vörum.
51. Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01 00	80%	19.07 00	80%
08.05 00	90%	19.08 00	80%
08.12 02	40%	20.07 01	40%
08.12 03	40%	21.05 00	100%
08.12 09	40%	21.07 01	40%
10.01 00	0	22.05 01	20%
10.05 00	0	22.05 02	20%
10.06	0	22.05 03	20%
11.01 11	0	22.05 09	20%
11.01 12	0	22.09 05	20%
11.01 22	0	22.09 09	20%
11.01 23	0	23.07 00	0
11.01 24	0	28.30 01	20%
11.02 21	0	30.04 00	35%
15.07 89	30%	31.04 22	0
15.10 19	30%	32.05 00	25%
15.12 09	35%	32.07 00	25%
18.03 00	40%	32.09 09	60%
18.04 00	40%	32.12 00	60%
18.05 00	50%	33.06 02	125%
19.03 00	80%	33.06 03	125%

33.06	04	125%	73.12	00	15%
34.02	01	110%	73.13	10	15%
34.02	09	110%	73.13	20	15%
37.07	00	1 kg 50 kr.	73.13	30	15%
38.19	19	50%	73.13	51	15%
39.02	87	35%	73.13	59	15%
39.02	99	40%	73.15	82	15%
39.07	89	70%	73.18	31	15%
40.09		35%	73.27	02	20%
44.23	01	40%	78.04	01	15%
53.07		50%	82.02	00	35%
55.09	23	50%	82.03	00	35%
58.04	30	65%	82.05	00	35%
64.01	01	25%	82.06	00	35%
64.02	01	80%	83.07	05	70%
64.02	09	80%	84.09	00	25%
64.06	00	100%	84.19	09	25%
69.11	00	100%	84.23	09	25%
69.12	00	100%	84.30	05	10%
70.04	00	35%	84.32	00	25%
70.05	00	35%	84.35	00	25%
70.06	00	35%	84.36	00	25%
70.07		50%	84.37	01	25%
70.08	00	50%	84.37	09	25%
70.10	09	60%	84.40	11	35%
73.09	00	15%	84.42	00	25%
73.10	11	15%	84.45	00	25%
73.10	19	35%	84.47	01	25%
73.10	21	35%	84.49	00	25%
73.10	23	35%	84.59	23	25%
73.10	29	15%	85.05	00	35%
73.11	10	15%	87.07	00	25%
73.11	20	15%	90.16	00	35%

52. Að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafagnatækja; einnig gjöld af efni til rafbúnaðar til húshitunar og rafmagnsvatnshitunartækja (tnr. 85.12.02 og 85.12.06).
53. Að endurgreiða mismun á gjöldum innfluttra bifreiða, sem eftir innflutning verður breytt í slökkvibifreiðar, sem svari því, að 15% tollur sé innheimtur af bifreiðunum.
54. Að endurgreiða eða lækka í 50%, toll af borðbúnaði í tnr. 69.11.00, 70.13.00, 73.38.11, 73.38.19, 82.09.01 og 82.14.00, sem fluttur er inn af hótel- og veitingahúsaeigendum, enda sé varan greinilega merkt og ætluð til veitingarekstrar.

D.

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.

4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgr., og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld, sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum, skal greiða af munanum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að munirnir séu sýndir tollstarfsmanni, áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi votti, að munir þessir hafi verið sýndir honum, og hann skrái lýsingu á munanum á vottorðið og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hins vegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum, sem fram fara erlendis. Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal þó greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi.

II.

Tollmeðferð o. fl.

A.

Tollverð vara og verðtollun.

5. gr.

Tollverð (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er **eðlisverð** (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar.

Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað,

a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld, sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

Innflutningsstaður vöru telst sá staður, þar sem hún er affermd úr farartæki, sem flutti hana til landsins.

6. gr.

Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsgr. 5. greinar, skulu innifalin í eðlisverði, og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýsluþóknun.
4. Miðlaraþóknun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl, sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld, sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð, eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki, skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

7. gr.

Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvorir öðrum, skal við það miðað,

a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
b. að það hafi ekki áhrif á verðið, að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila, sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.

Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef

a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til rétts eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vörum, sem keyptar eru til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því, að kaup eru gerð, og þar til vörurnar eru teknar til tollmeðferðar.

8. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða, hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli, hvað sé eðlilegt flutningsgjald í eðlis- og tollverði og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í þeim verðum.

9. gr.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar.

10. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest kann að vera með framlögðum skjölum, sé ekki hið rétta tollverð hennar, og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara. Sama gildir, ef ekkert verð á vörunni er tilgreint.

Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni, er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert, ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Ef viðtakandi vöru telur sig ekki geta sætt sig við það verð, sem ákveðið hefur verið samkv. 1. og 2. málsgr., getur hann gert kröfu um yfirmat á henni, en gera skal hann skriflega kröfu um matið til tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Tollyfirvald getur einnig krafist yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat, skal tollyfirvald gera ráðstafanir til, að matið verði framkvæmt, en það skulu gera þrír óvilhallir, dómkvaddir menn, og skulu þeir tilkynna viðtakanda vöru og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því, sem við verður komið, og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því, sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi vöru bætur fyrir skemmdir eða rýrnun, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum tollvörugeymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, og hann eða aðrir eiga ekki sök á skemmdunum eða rýrnuninni, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir matsgerðina og telji bæturnar ekki of háar eftir ásigkomulagi vörunnar.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi, þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og skiptir á aðflutningsskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða í reglugerð, að greiða skuli tiltekna tollfjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða, að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum tilteknum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir

breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 21. gr. laga þessara.
3. Endursendingarskirteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 30. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka, eftir að skjöl eru afhent samkv. 1. tölulið, en áður en tollafgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komist í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalda, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

B.
Aðflutningsskýrsla.

15. gr.

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar, skal hann afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga, sem póststofnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir, að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vörur eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar, þar sem tollafgreiðslan á að fara fram, og hvenær þær komu þangað (heiti farartækis, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjafjölda og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hverrar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúmmál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hverrar einstakrar vöru kominnar um borð í farartæki, sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hverrar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til, að tekin séu upp í aðflutningsskýrslu, og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð þau, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir, að svarað verði um þessi atriði.

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 37. gr. þessara laga,

að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt,

að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,

að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,
að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðhækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,
að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma, sem kaup vöru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendrar myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu, má setja fyrirmæli um það, að þessi atriði skuli vera skráð á framlagðan vörureikning.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og ákveða, hvað þær skuli afhentar í mörgum eintökum.

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollyfirvald geti krafist þess af innflytjanda, að hann framvísi skírteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningsskýrslu.

17. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar, ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent, eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós, að afhentum skjölum er áfátt, getur tollstofnun neitað um tollafgreiðslu, uns úr er bætt.

C.
Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

18. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu, og skal tollyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands, skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út. Enn fremur hvaða dag sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum, hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn þeirra vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki, eins og t. d. verslunarafsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um það,
    að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki,
    að vörurnar séu tilgreindar með því verði, sem þær séu seldar fyrir, og
    að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra, skal einnig tilgreina það á reikningnum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða reglugerð, að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um, að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara, samkvæmt Brüssel-tollnafnaskránni.

Nú er vara ekki endanlega seld hingað til lands, og skal þá vörureikningurinn, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslunni, vera gerður og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, og skal vörureikningurinn tilgreina, eftir því sem við á, sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málsgr. þessarar gr. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og

tíma, sem sendingin er send til Íslands, og hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði, skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi, ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, fylgibréfi eða öðru flutningsskírteini). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis, skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir í auglýsingu eða með reglugerð, að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og skal ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá einstökum atriðum í henni, ef þurfa þykir.

19. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini, reikning yfir umbúðakostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum, sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningar hennar, magn og verð. Krefjast má þess, að farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini sé afhent í tvíriti, og má tollstofnunin þá halda öðru eftir. Gera má hún afrit af staðfestingarskjölum, ef ástæða þykir til.

Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækkun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði, að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því, hvernig nauðsynlegustu eftirliti verði við komið.

20. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 18. og 19. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð er í 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

21. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 18. og 19. gr. taka til, eða ef þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

22. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða

hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verslunarbókum hlutaðeiganda, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

23. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

25. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík, og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

D.
Undirboðs- og jöfnunartollar.

26. gr.

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsgr. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

27. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsgr., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

28. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

29. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsgr. 26. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollalögum.

30. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

31. gr.

Til rannsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins, og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verslunarbækur hlutaðeiganda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að áliti þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

E.
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur, og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á. m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

33. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og er sá **úrskurður** fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, **markaðsverð** hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr., skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 19. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

34. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, uns gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

35. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

36. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undangengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

F.
Refsiákvæði.

37. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvéfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita, að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verslunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margítrekað.

38. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., lög nr. 100/1970, lög nr. 17/1971, lög nr. 110/1972 og lög nr. 7/1973 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til nýrra laga um tollskrá o. fl., sem nú er lagt fyrir Alþingi, er til komið vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) og enn fremur af annarri nauðsyn á endurskoðun tollskrárinnar. Ljóst hefur verið frá því samið var um aðild Íslands að EFTA að taka þyrfti tollskrána til heildarendurskoðunar í því skyni að veita iðnaðinum svigrúm til aðlögunar að hinum breyttu markaðsaðstæðum, eftir því sem tollar á iðnaðarvörum (verndarvörum) fara smám saman lækkandi fram til ársins 1980.

Frumvarp þetta er samið af starfshóp embættismanna, sem fjármálaráðherra fól að undirbúa málið. Send voru erindi til Félags íslenskra iðnrekenda, Félags íslenskra stórkaupmanna, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Verslunarráðs Íslands, þar sem leitað var eftir tillögum viðkomandi aðila, sem þeir kynnu að vilja koma á framfæri. Svör bárust frá öllum þessum aðilum og hafa þau auðveldað undirbúning frumvarpsins.

Endurskoðun laganna um tollskrá o. fl. hefur aðallega tekið mið af eftirfarandi:

1. Að láta koma til framkvæmda tollalækkunarákvæði vegna aðildar Íslands að EFTA og samnings Íslands við EBE.
2. Að gera áætlun um lækkun ytri tolla á verndarvörum, þ. e. a. s. á vörum frá löndum utan EFTA og EBE, samhliða lækkun tolla á vörum frá þeim löndum.
3. Að gera tillögur um lækkun tolla á vélum og hráefnum til iðnaðar.
4. Að taka afstöðu til fjölda erinda, sem fjármálaráðuneytinu hafa borist síðan síðasta heildarendurskoðun tollskrárlaga fór fram og ekki hefur verið hægt að afgreiða m. a. vegna skorts á lagaheimildum. Ennfremur að gera tillögur um samræmingu tolla á hliðstæðum vörum úr mismunandi efnum, nýjar tillögur um toll af leigu- og sendibifreiðum til atvinnubifreiðastjóra, og tillögur um lækkun tolla á nokkrum vörutegundum, sem viðkvæmar eru fyrir smygli sökum hárra tolla.
5. Að stiga fyrsta skref til lækkunar fjáröflunartolla almennt m. a. með tillögugerð um lækkun á mörgum 100% tollum í 80% og ennfremur um lækkun tolla á vörum, sem jöfnum höndum eru notaðar sem hráefni til iðnaðar og til neyslu eða fjárfestingar. Ef að líkum lætur verður óhjákvæmilegt að gera áætlun um lækkun fjáröflunartolla á næstu árum eins og nánar verður vikið að síðar.

Í frumvarpinu eru tollar ákvarðaðir eins og þeim er ætlað að vera á hverju ári frá ársbyrjun 1974 til ársloka 1976. Er þetta nýmæli og fyrst og fremst gert í hagræðingarskyni, til að ekki þurfi að gefa tollskrána út að nýju á hverju ári fram til 1980, en á þessu tímabili á sér stað sá tollalækkunarferill, sem um var samið með aðild Íslands að EFTA og í samningi Íslands og EBE. Skal nú vikið nokkrum orðum að þeim þáttum endurskoðunarinnar, sem fyrr er að vikið.

Tollalækkanir gagnvart EFTA og EBE.

Samkvæmt þeim fríverslunarsamningum, sem fyrr er vitnað til, hefur Ísland skuldbundið sig til að fella niður toll í áföngum af innfluttum iðnaðarvörum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, samkvæmt sérstakri áætlun, sem er að finna bæði í EFTA-samningnum og samningi Íslands og EBE. Gagnvart EFTA átti fyrsti þáttur þessara tollalækkana sér stað hinn 1. mars 1970, en þá voru tollar á verndarvörum frá EFTA-löndum lækkaðir að meðaltali um 30% frá því sem þeir voru í ársbyrjun sama ár.

Sams konar lækkun gagnvart EBE tók gildi 1. apríl s. l. Hinn 1. janúar 1974 og síðan árlega fram til 1. janúar 1980 skulu tollar á sömu vörum lækka um 10% af upphaflegum tolli á ári, þar til þeir eru fallnir niður hinn 1. janúar 1980. Þar sem framleiðsla á ýmsum vörutegundum hefur hafist innanlands frá því síðasta heildarendurskoðun tollskrárinnar fór fram, hefur þurft að taka upp nýjan EFTA/EBE-toll á ýmsum vörutegundum. Ber frumvarpið þess nokkur merki.

Frá samtökum iðnaðarins hefur í stöku tilvikum komið fram ósk um, að tollalækkunum á verndarvörum væri hraðað, einkum þegar viðkomandi vara er jafnhliða hráefni í innlenda iðnaðarframleiðslu. Felast í frumvarpinu nokkrar breytingar, sem ganga í þá átt, og eru þær nær eingöngu í tollskrárköflum 50—60.

Tollalækkanir gagnvart löndum utan EFTA og EBE.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun almennra tolla á verndarvörum, þ. e. frá löndum, sem standa utan EFTA og EBE. Ljóst var, að tolla þessa yrði að lækka, samhliða því sem EFTA og EBE-tollar lækkuðu smám saman, enda gæti mikill tollmunur leitt til óeðlilegrar viðskiptaþróunar. Engin hugmynd er hins vegar sett fram um það, hvaða tollmunur teljist hæfilegur í lok tollalækkunartímabilsins, en gert er ráð fyrir, að hann yrði mismunandi eftir vörutegundum. Í stað þess er sett fram tillaga, sem miðar að því, að tollmunurinn aukist ekki í tollflokkum, sem bera 12% almennan toll eða hærri. Til skýringar fylgir greinargerð þessari tafla (fylgiskjal nr. 1, bls. 216).

Lækkun tolla á vélum og hráefnum til iðnaðar.

Aðalþáttur endurskoðunar þessarar er tillögugerð um lækkun tolla á vélum og hráefnum til iðnaðar. Gerir frumvarpið almennt ráð fyrir, að tollar á vélum og hráefnum falli alveg niður í tveimur jöfnum áföngum, hinum fyrri 1. janúar 1974 og hinum síðari 1. janúar 1976. Eru allar lækkanir látnar standa á heilum prósentum. Þannig verður 1. janúar 1974 7% tollur lækkaður í 4%, 15% í 7%, 21% í 10%, 35% í 18% o. s. frv.

Þessi almenna regla er þó ekki án undantekninga. Þar sem ýmsar vörur eru jöfnum höndum notaðar til iðnaðarframleiðslu og til almennrar neyslu eða fjárfestingar hefur í þeim tilvikum orðið að vega og meta hvort tveggja í senn, tekjulækkunaráhrif fyrir ríkissjóð og mikilvægi viðkomandi vöru fyrir einstakar iðngreinar. Hefur þá í sumum stórum vöruflokkum verið farið bil beggja og gert ráð fyrir nokkurri lækkun, en þó ekki eins mikilli og gert er ráð fyrir á hreinum hráefnum. Dæmigert vandamál af þessu tagi er t. d. tollur á ýmsum tjáviði, krossviðarplötum og byggingarplötum í tollskrárnúmerum (hér eftir skammstafað tnr.) 44.05.21-29; 44.15.00, 44.18.00 og 48.09.00. Vegna þarfa húsgagnaiðnaðarins, hefur í þessum tnr., verið gert ráð fyrir, að tollar lækki yfirleitt um helming, þrátt fyrir að flestar þessara vara séu að verulegu leyti jafnframt almennar byggingarvörur. Rétt er að taka fram, að yfirleitt hefur verið reynt að veita mikilvægari vöruflokkun úrlausn í þessu tilliti, en þá litið framhjá minniháttar atriðum.

Sum trn. eru ákaflega viðtæk, þar eð innan þeirra falla margar mismunandi vörutegundir og þá oft jafnt vörur til iðnaðar og vörur til annarra nota. Vegna hagsmunar iðnaðarins hefur í slíkum tilvikum orðið að skipta númerum upp og er með því leitast við að ná út þeim vörutegundum, sem sérstaka þýðingu hafa sem iðnaðarhráefni, vélar eða vélahlutar. Skal í þessu sambandi sérstaklega bent á tnr. 70.20, 83.01, 83.02, 83.05, 84.10, 84.18, 84.22, 84.59, 84.61, 85.01, 85.19 og 85.21

Fjáröflunartollar.

Vegna fríverslunarsamninga þeirra, sem Ísland hefur gerst aðili að, verður það deginum ljósara, að ekki verður til lengdar haldið áfram á braut þeirrar hátollastefnu, sem einkennt hefur íslenska tollalöggjöf undanfarna áratugi. Hinir háu tollar eiga rætur sínar að rekja til þess, að í upphafi voru eingöngu lagðir á tollar í fjáröflunarskyni og gætti þá þeirrar tilhneigingar, sem síðan hefur að jafnaði verið ríkjandi, að tolla bæri þá vöru hæst, sem á hverjum tíma væri talin munaðarvara. Ennfremur hefur þróun hér á landi auk þess að verulegu leyti markast af því, hversu gengi íslenskrar krónu hefur á undanförnum áratugum verið langtímum saman of hátt skráð. Tilhneiging var því til að vega á móti gengisskráningunni með háum tollum og stundum innflutningshöftum, til þess að mæta greiðslujafnaðarerfiðleikum og afla fjár til styrktar útflutningsatvinnuvegunum. Á kreppuárunum og raunar síðar óx þannig upp við þessar óvenjulegu aðstæður ýmis iðnaður, sem eingöngu átti lífsvon í tollverndarumhverfi. Með umfangsmiklum breytingum á tollskránni árið 1963, þegar Brüssel-tollnafnaskráin var innleidd hér á landi, voru umtalsverðar lagfæringar gerðar á tollakerfinu, en framtíðarstefna um þróun fjáröflunartolla hér á landi hefur þó ekki enn verið mörkuð. Er sá skortur á stefnumörkun því tilfinnanlegri nú, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að öðrum þáttum tollastefnunar séu almennt gerð skil til frambúðar.

Þegar því er slegið föstu að brýna nauðsyn beri til að falla frá þeirri hátollastefnu, sem hér hefur verið ríkjandi, liggja m. a. eftirfarandi ástæður því til grundvallar:

a. Mörk þess, hvort vara teljist fjáröflunarvara, iðnaðarvél eða hráefni til iðnaðar, eru oft á tíðum mjög óglögg. Má í þessu sambandi t. d. nefna hluti til véla og tækja, sem jöfnum höndum eru notaðir til viðgerða og nýsmíði. Ennfremur má nefna ýmsar byggingarvörur, sem nú eru almennt í 35% tolli. Haldi innflutningur tilbúinna húsa hingað til landsins áfram í einhverju mæli, getur reynst nauðsynlegt í framtíðinni að lækka verulega tolla af ýmsum byggingarefnum til framleiðslu á verksmiðjusmíðuðum húsum og húseiningum, en framleiðsla þessi hefur þegar hafist hér innanlands.
b. Oft ræður hending því, hvaða vörur eru framleiddar hér á landi og þá um leið hvort vara telst verndarvara eða ekki. Þannig eru t. d. rafmagnseldavélar verndarvara og lækkar tollur af þeim í áföngum fram til 1980 í 0. Önnur heimilistæki, svo sem ísskápar, straujárn, brauðristar o. fl., eru hins vegar í 80% tolli og helst tollur á þessum vörum óbreyttur enn sem komið er. Segja má að tilviljunarkenndur tollmunur af þessu tagi sé afar óeðlilegur þar sem um mjög hliðstæðar vörur er að ræða.
c. Eins og áður er að vikið, hefur tilhneiging verið í þá átt að munaðarvara skyldi tolluð hátt. Þegar almenningur bjó við mun knappari kjör en nú almennt gerist, var mun auðveldara að koma slíkri mismunun við. Bætt lífskjör hafa hins vegar raskað heföbundnu gildismati hvað þetta snertir, svo að mun erfiðara er í dag en áður fyrr að kveða upp úr um það, hvaða vara skuli teljast munaðarvara og hvaða vara ekki. Verður því t. d. varla lengur haldið fram, að algengustu heimilistæki séu munaðarvara. Verður því að telja að forsendur séu ekki lengur fyrir hendi til jafnhárra tolla á slíkum vörum eins og hingað til hafa gilt.
d. Telja verður að mikill tollamunur á skyldum eða hliðstæðum vörum geti ýtt undir óhagstæð innkaup erlendis frá og óeðlileg hlutföll innflutnings milli vörutegunda innbyrðis. Háir fjáröflunartollar freista manna jafnframt oft til að hefja framleiðslu á vörutegundum sem aðeins standast samkeppni innan

hárra tollmúra, sem grundvellinum er síðan kippt undan, þegar tollverndinni lýkur.

c. Telja verður vafasamt að háir fjáröflunartollar á vörum til almennra nota samrýmist þeim tekjujöfnunarsjónarmiðum, sem mótað hafa skattalöggjöf okkar allt fram á þennan dag. Miðað við neyslusamsetningu fólks almennt, má fullt eins gera ráð fyrir, að gildandi fjáröflunartollakerfi sé sá hluti skattakerfisins sem hafi einna minnst áhrif til tekjujöfnunar, og sé litið á það kerfi eitt út af fyrir sig, geti verið um stighækkandi skattheimtu að ræða, sé hún mæld sem hlutfall af tekjum.

Það liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að setja fram róttækar tillögur um breytingu á fjáröflunartollakerfinu nema samhliða uppstokkun á tekjuöflunarkerfi ríkisins í heild. Að þeirri endurskoðun er nú unnið. Stefnumörkun af því tagi kemur væntanlega innan tíðar til kasta Alþingis. Þegar, og ef, sú stefna verður mörkuð að lækka beri fjáröflunartolla almennt, yrði að sjálfsögðu að útfæra þær hugmyndir nánar í enn nýju tollskrárfrumvarpi, sem hæfilegt geti verið að kæmi til kasta Alþingis á árinu 1976.

Engu að síður eru í frumvarpinu gerðar tillögur um nokkrar brgeytingar á fjáröflunartollum. Er þar aðallega lagt til, að nokkrar nauðsynjavörur, sem bera 100% toll lækki í 80%. Einkum er þar um að ræða lækkun á borðbúnði og búsáhöldum úr ýmiss konar efni, grænmeti, ávöxtum og kryddi. Þótt ekki sé um stórt skref að ræða, ber að líta á lækkanir þessar sem viðleitni til lækkunar fjáröflunartolla almennt, sem væntanlega verður hægt að auka síðar.

Aðrar tillögur.

Meðal þeirra atriða, sem athuguð hafa verið, skal nefna beiðni frá Ljósmyndarafélagi Íslands um tollalækkun á ljósmyndavélum og tækjum til atvinnuljósmyndara. Gerðar eru tillögur um lækkun tolla á ljósmyndavélum úr 50% í 35% og er þar nokkuð komið til móts við óskir félagsins. Jafnframt er lagt til að tollur á leifturljósatækjum til atvinnuljósmyndara lækki í 15%, svo og að tollur á ljósmyndavélum, 3 kg og þyngri, verði 4%. Slíkar ljósmyndavélar munu þó almennt frekar vera notaðar í iðnaði en hjá atvinnuljósmyndurum. Þar að auki er lagt til, að tollur á kvikmynda- og sýningarvélum fyrir 16 mm filmu og stærri lækki í 15%, en slíkar vélar munu nær eingöngu notaðar í atvinnuskyni. Að lokum er lagt til að tollur á stækkunar- og minnkunarvélum fyrir ljósmyndir verði lækkaður úr 50% í 7% svo og tollur af tækjum og áhöldum til notkunar í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum í 7%.

Verður að telja, að með þessu sé komið eins langt til móts við hagsmuni atvinnuljósmyndara og atvinnukvikmyndatökumanna og kostur er að svo stöddu. Þá eru gerðar tillögur um verulegar tollalækkanir á smyglnæmum vörum, þ. e. a. s. vörum, sem sökum hárra aðflutningsgjalda eru ekki sem skyldi keyptar hér á landi, heldur í tollfrjálsum verslunum heima eða erlendis. Ber þar fyrst að nefna tillögur um lækkun tolla af ilmvötnum úr 100% í 35%. Í þessu sambandi er vert að benda á, að á árinu 1972 nam innflutningur til landsins í ilmvötnum um 5,0 M.kr. að cif-verðmæti, á sama tíma sem tollfrjáls innflutningur til fríhafnar á sömu vöru nam um 19 M.kr. cif. Fyrrgreindar tölur gefa glöggt til kynna, að hér er um mjög óeðlilegt ástand að ræða, sem almennt hefur haft mjög neikvæð áhrif á verslun með þessa vöru hér á landi. Segja tölur þessar þó ekki allt, þar sem töluvert af ilmvötnum er án efa keypt af ferðamönnum í erlendum fríhöfnum og flutt þannig til landsins, án greiðslu gjalda. Þá er jafnframt gerð tillaga um lækkun tolla af sjónaukum úr 80% í 35%. Segja má að myndavélar falli jafnframt undir þennan

flokk vara, en áður er getið um tillögu til lækkunar á þeim. Er ekki gert ráð fyrir, að tollalækkanir þessar komi til með að skerða tekjur ríkissjóðs.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að breytt verði ákvæðum 41. tl. 3. gr. tollskrárinnar þannig, að eftirgjöf aðflutningsgjalda til handa leigubifreiðastjórum og ökukennurum verði aukin, eða úr mismun 90% og 70% tolls + 50 000 kr. í 40%. (Almennur tollur á fólksbifreiðum er 90%.) Jafnframt er gert ráð fyrir, að sendibifreiðastjórar með sendibifreiðaakstur að aðalstarfi geti notið sömu eftirgjafar, en til þessa tíma hefur slíkt ekki verið hægt fyrir sendibifreiðar með hliðargluggum, þar sem þær hafa verið í 90% tolli. Sendibifreiðar án hliðarglugga hafa hins vegar verið í 40% tolli og verður engin breyting þar á. Ennfremur er gerð tillaga um, að hafi sömu aðilar akstur að aukastarfi, verði heimiluð eftirgjöf aðflutningsgjalda um 25 %-stig eða að tollar lækki úr 90% í 65%. Setur fjármálaráðuneytið nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Þá er lagt til, að tollur á gleraugnagleri lækki úr 20% í 15%, og gleraugnaumgjörðum úr 50% í 15% til samræmis við toll af ýmsum hjúkrunar- og lækningavörum. Ennfremur er lagt til að tollur á endurskinsmerkjum verði lækkaður úr 70% í 21% og tollur af öryggisstólum í bifreiðar fyrir börn lækki úr 65% í 20% til samræmis við toll af öryggisbeltum.

Áhrif tollalækkananna á tekjur ríkissjóðs.

Um áhrif tollalækkana þessara á tekjur ríkissjóðs er ekki hægt að segja til með mikilli nákvæmni. Kemur þar einkum til, að í þeim tollskrárnúmerum, sem skipt hefur verið upp á nýtt, en sum þeirra eru verulega stór, liggur ekki fyrir skipting innflutnings eftir vörutegundum innan númersins. Á grundvelli innflutnings frá miðju ári 1972 til miðs árs 1973 munu tollalækkanir þessar þó lauslega áætlað nema um 535 M.kr. en á grundvelli áætlaðs innflutnings 1974, um 615 M.kr. Tollalækkanir þessar má í stórum dráttum flokka þannig, miðað við áætlaðan innflutning á árinu 1974:

	M. kr.
Vélar og hráefni	325
Verndarvörur	235
Fjáröflunartollar	55
	615

Þessum tekjumissi verður að sjálfsögðu að mæta með annarri skattlagningu. Með hliðsjón af hvernig sama vanda var mætt við aðild Íslands að EFTA árið 1970, þykir eðlilegt að mæta tekjumissinum með söluskattshækkun. Því verður að líta á samþykkt þessa frumvarps sem skuldbindingu um hækkun söluskatts, sem nemur a. m. k. einu söluskattstigi.

Um 3. gr.

Nokkrar breytingar verða á 3. gr. frumvarpsins, þar sem upp eru taldar undanþágu- og lækkunarheimildir ýmiss konar.

9. tl. Í 9. tl. er heimild til að fella niður gjöld af gjöfum, sem aðilar erlendis senda til landsins af sérstöku tilefni, allt að 1 500 kr. að mati tollyfirvalda. Lagt er til, að upphæð þessi verði hækkuð í 3 000 kr.

10. tl. Þar er fjallað um tímabundna undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum, sem aðilar búsettir erlendis hafa meðferðis hingað til lands. Mikið er um það, að einstaklingar, sem hafa hér bíla á erlendum númerum, þurfi einhverra hluta vegna að ílendast hér á landi lengur en heimilt er að veita þeim tollfrjáls not bifreiðar.

Er oft sótt mjög fast á um framlengingu akstursleyfis og hefur í einstaka tilvikum ekki þótt fært annað en að verða við slíkum óskum, þó það sé strangt til tekið ekki heimilt samkvæmt tollskrárlögum. Betra væri ef heimild væri fyrir hendi til veitingu akstursleyfa umfram 3 mánuði gegn greiðslu ákveðins gjalds, sem væri ákveðið sem hundraðshluti af cif-verði viðkomandi bifreiðar eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setti. Er tekin upp ný málsgrein, sem gengur í ofangreinda átt.

17. tl. Gerð er tillaga um lækkun verðtolls af vörum í tnr. 38.19.19, sem notaðar eru sem hráefni og hjálparefni í iðnaðarvörur, úr 30% í 15% til samræmis við lækkun tolla af hráefnum almennt.

Í samráði við samtök iðnaðarins hefur verið gerð tillaga um nýja skiptingu í tnr. 34.02.09, sem veldur því, að ekki er lengur þörf fyrir sérstaka undanþágu í því tollskrárnúmeri.

26. tl. Tekið er inn nýtt heimildarákvæði um að fella niður gjöld af lifandi dýrum í dýragarða.

30. tl. Gerð er tillaga um breytingu í þeim lið, þannig að í stað 300 hestöfl komi 400 hestöfl til samræmis við breytingar í tnr. 84.06.22 og 23.

31. tl. Ekki er lengur talið heppilegt að miða tollalækkun á efnivörum til framleiðslu á rafmagnsspennum og rafmótorum við ákveðna hundraðstölu og því er ákvæðið um 40% lækkun fellt niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimildin verði notuð áfram og verði tollur á efnivörum lækkaður um helming um n. k. áramót frá því, sem gjöldin hafa verið í reynd fram til þessa. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að inn í ákvæðið verði bætt heimild til lækkunar gjalda af efnivörum til framleiðslu á rafölum, en tilraunaframleiðsla á þeim mun í þann veginn að hefjast hér á landi.

33. tl. Við bætast vörur í 12. og 21. kafla tollskrárinnar.

34. tl. Við bætast umbúðir fyrir kaffi.

41. tl. Sjá almennar athugasemdir við frumvarpið að framan.

50. tl. Lækkunarheimildum er breytt þannig, að viðkomandi efnivörur lækka um helming eins og hráefni til iðnaðar almennt, jafnframt því sem tekin er inn heimild um að fella gjöld af efnivörum þessum niður að fullu 1. jan. 1976, og er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eftirtalin heimildarákvæði gildandi tollskrárlaga verði felld niður:

26. tl. Framkvæmd þeirri um gjöld af skýrsluvélum, sem er að finna í gildandi lögum, hefur verið breytt að ósk innflytjenda og því ekki lengur þörf fyrir heimildarákvæðið.

50. tl.e Fjármálaráðuneytið hefur ekki treyst sér til að framkvæma með neinu viðhlítandi öryggi heimildarákvæði þetta, sem tekið var inn á síðasta þingi. Er því lagt til, að það verði fellt niður.

53. tl. Breyting sú, sem hér um ræðir, hefur þegar verið gerð með auglýsingu, og er hún staðfest í frumvarpi þessu, þar sem lagt er til að tollar á flugvélaeldsneyti verði felldir niður.

55. tl. Ákvæðið á ekki lengur við.

Fylgiskjal nr. 1.

Lækkun tolla á verndarvörum 1974—1976.

Flokkur	1973		1/1 1974		1/1 1975		1/1 1976	
	Alm. %	EFTA/EBE %	Alm. %	EFTA/EBE %	Alm. %	EFTA/EBE %	Alm. %	EFTA/EBE %
1.	100	70	90	60	80	50	70	40
2.	90	65	80	55	70	45	60	35
3.	80	55	75	50	65	40	55	30
4.	70	50	60	40	55	35	50	30
5.	65	45	60	40	50	30	45	25
6.	60	40	55	35	50	30	45	24
7.	50	35	45	30	40	25	35	20
8.	40	30	35	24	30	20	25	16
9.	35	25	30	21	27	17	24	14
10.	30	21	27	18	24	15	21	12
11.	25	18	22	15	20	13	17	10
12.	20	14	18	12	16	10	14	8
13.	15	11	13	9	11	7	10	6
14.	12	8	11	7	10	6	10	5
15.	10	7	10	6	10	5	10	4
16.	7	5	7	3	7	3	7	2
17.	5	4	5	3	5	3	5	2
18.	4	4	4	3	4	3	4	2
19.	2	2	2	0	2	0	2	0

Nd. 207. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og gilda til loka þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi 1½%, á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launaskatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971 um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið, að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið. Með lögum nr. 104 31. desember 1972, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1973. Með lögum nr. 63 30. apríl 1973 var gerð breyting á 1. mgr. 1. gr. laga 14 15. mars 1965, um launaskatt sbr. 1. gr. laga 104 31. desember 1972, og fólst í þeirri breytingu, að launaskatt fyrir árið 1973 skyldi ekki greiða af tekjum sjómanna á fiskiskipum þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna. Með frumvarpi þessu er lagt til, að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1974 og var árið 1973 þannig, að skatturinn verði 2½% og renni 1% til Byggingarsjóðs en 1½% til ríkissjóðs. Þá er lagt til, að launaskattur verði ekki greiddur af tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna og er þetta í samræmi við 1. gr. laga nr. 63 30. apríl 1973.

2. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. l. nr. 104 31. desember 1972 og felur í sér, að hlutur Byggingarsjóðs í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Fyrirhuguð er breyting á gjöldum þeim, er launagreiðendum hefur verið gert að greiða ríkissjóði og Tryggingastofnun vegna starfsmanna sinna. Er ætlunin að sameina hin ýmsu gjöld í einn skatt. Af þessari ástæðu þykir rétt, að gildistími frumvarpsins verði aðeins eitt ár.

Sþ. 208. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um atvinnumál aldraðra.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eðvarð Sigurðsson, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra, og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að knýja á um skipulega lausn á atvinnumálum aldraðs fólks. Mjög algengt er orðið, að fyrirtæki og atvinnurekendur segi mönnum upp starfi við sjötugsaldur, og í lögum um opinbera starfsmenn er skýrt kveðið á um aldurshámark. Ekki verður réttmæti þessara reglna dregið í efa, en á hinn bóginn verður ekki lengur horft fram hjá þeim persónulega og félagslega vanda, sem það veldur mörgum manninum að vera kippt úr starfi fyrir fullt og allt sakir aldurs. Fjöldi þessa fólks býr yfir reynslu, talsverðri starfsorku og vilja til að halda áfram störfum í einhverjum mæli.

Þau lausastörf, sem öldruðu fólki standa til boða á almennum vinnumarkaði, krefjast yfirleitt af því fulls vinnudags og eru því oft og tíðum ofraun. Þá er hætt við, að þróun atvinnumála skerði líka möguleika aldraðs fólks til að fá slíka vinnu. Má í því sambandi benda á sívaxandi vélvæðingu, aukið hagræðingarskipulag, t. d. ákvæðisvinnustörf.

Ekki verður fullyrt á þessu stigi, hvernig atvinnumálum aldraðra verði best fyrir komið, en flutningsmenn leggja áherslu á, að hafa verður fullt samráð við launþegasamtök landsins. Efalaust koma fleiri leiðir en ein til greina. Jafnframt því sem sú skylda væri lögð á atvinnufyrirtæki að sjá öldruðu starfsfólki sínu fyrir vinnu, kannske við sérstök störf og styttri vinnutíma en almennt gerist, jafnvel aðeins hálfan daginn, væri hugsanlegt að koma á fót sérstökum vinnustöðum, t. d. léttum iðnaði, þar sem aldrað fólk gæti starfað eftir þreki og aðstæðum hvers og eins. Flm. leggja þó áherslu á þá skoðun sína, að æskilegast sé, að mönnum sé gert kleift að starfa áfram á þeim vinnustöðum og í því umhverfi, sem þeir hafa unnið í, og að reynt sé að finna lausn, sem feli í sér sem minnsta persónulega röskun fyrir hvern og einn.

Ed. 209. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Jón Árnason, Steinþór Gestsson.

1. gr.

B-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að fullu.

2. gr.

C-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, og nauðsynleg lyf fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að fullu. Önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin á lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni.

Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.

3. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta“ komi: skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% lágmarksbóta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, skortir enn allmikið á, að nægjanlegt sjúkrarými sé fyrir hendi í landinu. Af því leiðir, að fjöldi sjúklinga, sem þarfnast nauðsynlegra rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum, eiga þess ekki kost að njóta sjúkrahúsvistar og verða því að ganga á milli þeirra sérfræðinga og sjúkrahúsa, sem hafa nauðsynleg rannsóknartæki til hvers konar sjúkdómsgreininga.

Samkvæmt gildandi lögum fær sá sjúklingur, sem lagður er inn á sjúkrahús, alla þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir, svo sem læknisrannsóknir, röntgenmyndatökur, lyf og aðgerðir, allt án endurgjalds, og auk þess allan fæðiskostnað, á meðan sjúklingurinn dvelst á sjúkrahúsinu.

Eigi sjúklingur þess hins vegar ekki kost að njóta sjúkrahúsvistar, verður hann að greiða vissan hluta rannsókna- og lyfjakostnaðar. Hér er því um augljóst misrétti að ræða, sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Samkvæmt 1. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir, að allir sitji við sama borð hvað þetta snertir og fái rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun samlagslæknis að fullu

greitt. Sú mismunun, sem hér hefur átt sér stað, hefur oft komið sérstaklega þungt niður á elli- og örorkulífeyrisþegum og í sumum tilfellum leitt til þess, að viðkomandi hefur orðið að fresta nauðsynlegri læknisaðstoð.

Frá sjónarmiði þjóðfélagsins má líta á þá staðreynd, að sjúklingar, sem ekki njóta sjúkrahúsvistar, spara verulega fjárútlát hins opinbera, þegar það er haft í huga, að dagvistarkostnaður t. d. á Landsspítalanum og Borgarspítala mun nú kominn nokkuð yfir sex þúsund krónur á dag.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að öll lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota, svo og öll nauðsynleg lyf fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, verði að fullu greidd.

Í 3. gr. frumvarpsins er um þá breytingu að ræða, að í stað þess að Tryggingastofnunin hafi heimild til þess að greiða 25% lágmarksbóta, skuli Tryggingastofnunin skyldug að greiða umræddan hundraðshluta lágmarksbóta.

Nd. 210. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 10. des. 1973.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 211. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til laga um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Steingr. Hermannsson.
Geir Gunnarsson.	Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.
	Axel Jónsson.	

Nd. 212. Breytingartillaga [86. mál]

við till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá útfærslu 1. sept. 1972

og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarða- og Austfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast.

Nefndin skal hafa rétt til að krefjast skýrslna, munnlegra og bréflegra, bæði af embættismönnum og ráðherra dómsmála svo og starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og öðrum einstaklingum.

Að loknum störfum skal nefndin gefa neðri deild skýrslu um niðurstöður sínar.

Nd. 213. Lög [73. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.)

Samhljóða þskj. 79.

Sþ. 214. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 á 42 fundum, auk þess, að undirnefndir hafa unnið að sérstökum málaflokkum. Talsvert á 6. hundrað erindi hafa borist nefndinni, og á fund hennar hafa komið fjölmargir aðilar frá ríkisstofnunum, sveitarstjórnum og félagssamtökum.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, og munu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna gefa út sérálit. Nefndin flytur þó sameiginlega brtt. á þskj. 204, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hafa tekið fram, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur, og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Nefndin hefur fyrir 2. umræðu lagt fram tillögur varðandi alla helstu framkvæmdaliði og skiptingu þeirra á einstök verkefni. Af ákvörðunum um fjárveitingar, sem bíða 3. umræðu, má nefna: Útgjöld vegna launahækkana, hækkunar lífeyrisgreiðslna og hækkunar sjúkratrygginga, húsnæðismál Tækniskólans, málefni Orkustofnunar vegna nýjustu viðhorfa í orkumálum og málefni Ríkisútvarpsins. Enn fremur bíða heimildartillögur 3. umræðu að venju.

Stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar hafa á valdatíma sínum markvisst unnið að því að tryggja í senn afkomu þjóðarbúsins og sérhvers þjóðfélagsþegns með stóreflingu atvinnulífsins um allt land og sérstökum aðgerðum á þeim stöðum, þar sem áður var landlægt atvinnuleysi.

Í þessu skyni hefur landhelgin verið færð út eftir rúmlega áratugs athafnaleysi fyrrv. ríkisstjórnar, fiskiskipaflotinn verið stórefldur eftir eyðingu togaraflotans á viðreisnarárunum, átak verið unnið í endurnýjun og umbótum á frystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum og framlög ríkissjóðs til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna verið stóraukin.

Árangur þessarar stefnu blasir við hvarvetna um landið í umskiptum frá staðbundnu atvinnuleysi, sem áður var ríkjandi víða úti á landsbyggðinni, til þess atvinnuástands, sem nú ríkir hvarvetna í landinu, þar sem vinnuaflið er það, sem nú skortir mest.

Jafnframt eflingu atvinnulífsins með aðgerðum ríkisvaldsins hefur verið stefnt að stórauknum félagslegum framförum, ekki síst í heilbrigðis- og tryggingamálum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og félagsmálum stefna að því að tryggja í ríkara mæli en áður hefur verið gert, að þjóðfélagsþegnarnir búi, án tillits til

búsetu, við sem jafnasta aðstöðu að því er varðar atvinnuöryggi, tekjur og félagslega þjónustu.

Til þess að ná þessu marki hafa núv. stjórnarflokkar staðið að lagasetningu um aukin ríkisframlög til fjárfestingarsjóða, um aukna hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sjúkrahúsa og hafnagerð, og sett hafa verið lög um þátttöku ríkisins í byggingu elliheimila og í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Með lagasetningu hafa verið tryggð veruleg framlög ríkisins til jöfnunar námskostnaðar eftir búsetu, og sett hafa verið lög, sem hafa tryggt stóraukinn kaupmátt tryggingabóta.

Þessar aðgerðir og lagasetningar hafa að sjálfsögðu í för með sér aukna tekjuþörf og hækkun heildarútgjalda á fjárlögum. Þrátt fyrir áhugaleysi sitt um framgang þessara málefna á valdatímum „viðreisnarstjórnarinnar“ hafa þeir flokkar, sem að henni stóðu, ekki treyst sér til þess að hafa uppi andstöðu við þá lagasetningu og fjárveitingar til tryggingar atvinnuöryggi og félagslegum framförum, sem hér hafa verið að nokkru taldar. Það sýnir hins vegar raunverulegan hug þessara flokka og er í samræmi við athafnaleysi þeirra á stjórnarárum þeirra, að þeir snúast síðan gegn þeim óhjákvæmilegu afleiðingum, að þessi útgjöld valda hækkun á fjárlögum og að afla verður tekna til þeirra málaflokka, sem vanræktir voru, en verið er að efla.

Skal nú farið nokkrum orðum um ýmsa þá málaflokka, sem mest áhersla hefur verið lögð á, og getið tillagna um fjárveitingar til þeirra á næsta ári.

Framlög til hafnarframkvæmda hækka frá frv. um 144 millj. kr. og framlag til Hafnabótasjóðs um 17.3 millj. Hækka þá framlög ríkisins til hafnarframkvæmda úr 206.8 millj. kr. á núgildandi fjárlögum í 838 millj. kr. á næstu fjárlögum, eða um 631.2 millj. kr. Er þá meðtalin 394 millj. kr. fjárveiting til sérstakra hafnarframkvæmda í Höfn í Hornafirði, Þorlákshöfn og Grindavík. Af þeirri upphæð er 290 millj. kr. aflað með lánsfé, en bein fjárveiting til þeirra framkvæmda nemur 164 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs til annarra hafnarframkvæmda hækkar samkvæmt framansögðu um 237.2 millj. kr., og beinar fjárveitingar, sem ekki er aflað með lánsfé, hækka samtals um 341.2 millj. kr. eða um 165% frá núg. fjárlögum. Framlag til hafnabótasjóðs hækkar úr 22 millj. kr. í 53.3 millj. kr. eða um 150%. Heildarframlög ríkissjóðs til hafnarframkvæmda á næsta ári nema þá samtals 891.3 millj. kr., og er þar um alger tímamót að ræða um stuðning ríkisins við hafnagerð.

Hlutdeild ríkisins í hafnarframkvæmdum hefur nú verið verulega aukin, og ætti það að bæta hag hafnarsjóðanna, en hann er yfirleitt mjög bágborinn. Til viðbótar við aukna þátttöku ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að aðstoða hafnarsjóðina. Voru þeim á s. l. sumri veittar 117 millj. kr. að láni úr Hafnabótasjóði, þar af voru á grundvelli heimildar í núg. fjárlögum veittar 40 millj. kr. sem sérstök fjárhagsaðstoð til þeirra hafna, sem verst voru settar. Þau lán eru til 15 ára og afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Við 3. umr. um fjárlögin mun verða flutt tillaga um sams konar heimild til aðstoðar við hafnarsjóði á næsta ári.

Á eftirfarandi töflu eru sýnd framlög vegna kostnaðarhluta ríkisins í hafnarframkvæmdum s. l. 4 ár og framlög á næsta ári skv. fjárlfrv. og tillögum, sem fyrir liggja á þskj. 204:

	Hafnarframkvæmdir Þús. kr.		Hafnabótasjóður Þús. kr.
1970	78 050	1970	17 000
1971	99 365	1971	17 000
1972	161 800	1972	22 000
1973	206 800	1973	22 000
1974	838 000	1974	53 300

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um úrbætur og jöfnuð, að því er tekur til félagslegrar þjónustu, hafa nú tekið gildi ný lög um frumkvæði og

aukinn kostnaðarhlut ríkisins við uppbyggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, læknamiðstöðva, elliheimila og læknabústaða. Hækka framlög á fjárlögum til þessara þátta verulega, úr 170 987 þús. kr. á núg. fjárl. í 306 170 þús. kr. Eru ríkissjúkrahús þá ekki meðtalin.

Framlög ríkisins til ofangreindra framkvæmda hafa verið sem hér segir:

		Þús. kr.
	1970	57 625
	1971	82 900
	1972	151 578
	1973	170 987
Samkvæmt till. á þskj. 204	1974	306 170

Á síðasta þingi beittu stjórnarflokkarnir sér fyrir setningu laga um stuðning ríkisins við byggingu og rekstur dagvistunarheimila, og er nú í fyrsta sinn varið verulegum fjárhæðum úr ríkissjóði til þessarar þjónustu.

Framlög ríkissjóðs til dagvistunarheimila og sumardvalarheimila hafa verið sem hér segir undanfarin ár:

		Byggingarstyrkur. Þús. kr.	Rekstrarstyrkur Þús. kr.
	1970	600	900
	1971	600	900
	1972	1 000	2 000
	1973	1 150	2 000
Samkvæmt till. á þskj. 204	1974	40 000	47 000

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum, voru vangreidd framlög ríkissjóðs til íþróttamannvirkja í eign íþróttasamtaka og sveitarfélaga um 80 millj. kr. og höfðu hækkað með ári hverju, þar sem fjárveitingum fékkst ekki hnikað til hækkunar. Núverandi stjórnarflokkar hækkuðu framlög til Íþróttasjóðs um 160% þegar á fyrsta stjórnarári, og hefur fjárveitingum síðan verið hagað skv. áætlun um að rétta hag sjóðsins við, ljúka greiðslu skuldasúpunnar á næstu 3 árum og styðja jafnframt áframhaldandi óhjákvæmilega uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu. Samkv. till. á þskj. 204 hækkar framlag til Íþróttasjóðs um 19 millj. kr. frá núg. fjárl. og nemur þá 44 millj. kr., sem er um 9 sinnum hærri upphæð en Sjálfstfl. og Alþýðufl. töldu hæfilegt að veita til þessara mála árið 1971.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Íþróttasjóðs hafa verið sem hér segir á undanförnum árum:

		Þús. kr.
	1970	5 000
	1971	5 000
	1972	13 000
	1973	25 000
Samkvæmt till. á þskj. 204	1974	44 000

Fjárveitingar til flugmála hafa hækkað verulega í stjórnartíð núv. ríkisstjórnar, og í brtt. á þskj. 204 er gert ráð fyrir, að fjárveitingar í þessum málaflokki hækki um nær 100 millj. kr. eða um nál. 130%. Framlög til flugvalla, sem eru mjög mikilvægur þáttur í samgöngumálum almennings úti á landsbyggðinni, hafa þannig nær 6-faldast frá síðasta stjórnarári „viðreisnarflokkanna".

Fjárveitingum til flugvalla er nú í fyrsta sinn skipt á einstaka staði, enda má segja, að til skamms tíma hafi fjárveitingar verið svo lágar, að naumast hafi tekið því að sundurliða þær í fjárlögum.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugvallagerðar hafa verið sem hér segir á undanförnum árum:

	Þús. kr.
1970	21 874
1971	31 000
1972	75 000
1973	75 000
Samkvæmt brtt. á þskj. 204 1974	172 200

Ríkisstjórnarflokkarnir tryggðu stuðning til jöfnunar námsaðstöðu eftir búsetu með sérstakri lagasetningu, og er gert ráð fyrir, að á næsta ári verði veittar 75 millj. kr. til jöfnunar á námskostnaði.

Jafnframt er á þskj. 204 gerð tillaga um að hækka fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 30 millj. kr., og nemur sú fjárveiting þá alls 486.6 millj. kr. á næsta ári, sem svarar til þess, að lán nemi um 83% af umframfjárþörf, en námu 62.9% 1971.

Sérstakur stuðningur úr ríkissjóði við námsmenn, þ. e. námslán og framlög til jöfnunar námskostnaði, hafa numið neðangreindum upphæðum á undanförnum árum:

	Þús. kr.
1970	67 990
1971	105 625
1972	215 000
1973	373 600
Samkvæmt brtt. á þskj. 204 1974	561 600

Hafa þessi framlög rúmlega 8-faldast frá árinu 1970.

Það hefur verið stefna stjórnarflokkanna að bæta þjónustu sjúkratryggingganna og auka kaupmátt lífeyrisgreiðslna samtímis því, að þeir hafa beitt sér fyrir niðurfellingu nefskatta til almannatryggingakerfisins, en þeir komu harðast niður á efnalitlu fólki í þjóðfélaginu. Þessi stefna hefur í för með sér stóraukin útgjöld úr ríkissjóði til almannatrygginga, útgjöld, sem núv. stjórnarandstöðuflokkar hafa ekki treyst sér til að standa gegn, enda þótt þeir leiði hjá sér tekjuþörfina, sem *af úrbótum í tryggingamálum* leiðir.

Framlög á fjárlögum til almannatrygginga hafa verið sem hér segir neðangreind ár:

	Þús. kr.
1970	2 185 100
1971	2 953 100
1972	5 522 200
1973	7 076 470
Áætlað 1974	9 700 000

Meðal margháttaðra ráðstafana, sem stjórnarflokkarnir hafa gert til þess að styðja atvinnuvegina í landinu, hafa verið stórauknar fjárveitingar úr ríkissjóði til stofnlánasjóða.

Framlög í eftirgreinda sjóði eru á fjárlagafrv. sem hér greinir, til samanburðar eru framlög á fjárl. 1970:

	1974 Þús. kr.	1970 Þús. kr.
Iðnlánasjóðir	100 000	0
Stofnlánad. landb.	121 000	21 000
Fiskveiðasjóður	210 000	0

Við 2. umræðu um fjárlög eru kjaramál í landinu enn í deiglunni. Samningar standa yfir milli atvinnurekenda og almennu verkalýðsfélaganna svo og milli ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins. Ákvarðanir um fiskverð hafa ekki verið teknar. Samtímis eiga sér stað meiri sveiflur í efnahags- og verðlagsmálum í helstu við-

skiptalöndum okkar en áður hefur þekkst á friðartímum. Sérstakar viðræður standa yfir milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um lausn kjaramálanna, þ. m. t. verðlags- og vísitölumál. Óljóst er enn, hvernig þessi mál ráðast og flytur meirihl. fjvn. því ekki fyrr en við 3. umr. tillögur um breytingar á tekjuhlið frumvarpsins.

Sú framfarastefna að efla íslenskt atvinnulíf og efnahagslegt sjálfstæði með margháttaðri aðstoð og forustu ríkisvaldsins, að stórauka samfélagslegar framkvæmdir í því skyni að bæta þjónustu við almenning og jafna aðstöðu þegnanna hvarvetna í landinu og að auka í ríkum mæli kaupmátt tryggingabóta hefur að sjálfsögðu kallað á aukin útgjöld úr ríkissjóði. Sú stefna, sem áður ríkti, stefna „viðreisnarflokkanna", olli landlægu atvinnuleysi og fólksflótta úr mikilsverðum framleiðslubyggðum, m. a. vegna þess, að þá var því í engu sinnt að tryggja því fólki, sem þar bjó, nauðsynlegustu aðstöðu og þjónustu, sem sjálfsögð þykir í þéttbýlinu.

Þeir, sem styðja stefnu núv. ríkisstjórnar um auknar samfélagslegar framkvæmdir og jöfnuð að því er varðar atvinnumöguleika og þjónustu, svo sem í heilbrigðismálum og samgöngumálum, gera sér að sjálfsögðu ljóst, að fjárveitingar og óhjákvæmileg skattheimta til þessara samfélagslegu framkvæmda og þjónustu er grundvöllur framfara og jafnréttis þegnanna, hvar sem þeir búa í landinu.

Þess er því að vænta, að launþegasamtökin og stjórnvöld landsins tryggi með viðræðum sínum og samningum framgang þeirra tillagna, sem stjórnarflokkarnir hafa flutt við fjárlagaafgreiðsluna um nýtt átak til framkvæmda og framfara hvarvetna um landið.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Aðalskrifstofa: Lagt er til, að veittar verði 560 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns til að sinna málefnum dagvistunarheimila. — Fjárveiting til námsskrárgerðar vegna iðnfræðslu hækkar um 1 000 þús. kr. — Lagt er til, að veittar verði 275 þús. kr. til að styrkja kennara, einn eða fleiri, til náms í talkennslu fyrir vangefin börn.

Háskóli Íslands: Gerð er tillaga um 2 681 þús. kr. hækkun launagreiðslna í læknadeild vegna fjölgunar lækna við kennslu, til þess að unnt sé að komast hjá takmörkun á inngöngu læknanema í deildina. — Ennfremur hækka laun í verkfræðideild um 1 035 þús. kr., þar sem gert er ráð fyrir ráðningu prófessors frá 1. apríl og dósents frá 1. sept. n. k. í því skyni að hefja á næsta hausti kennslu í haffræði við Háskólann.

Lagt er til, að veittar verði 806 þús. kr. til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands vegna uppsetningar og rekstrar jarðskjálftamæla.

Gerð er tillaga um að verja 15 000 þús. kr. til að hefja nýbyggingu við hús Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins að Keldnaholti.

Gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann á Akureyri er hækkaður um 2 000 þús. kr. vegna endurbóta á húsnæði. — Gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann á Ísafirði hækkar um 3 300 þús. kr. vegna gerðra verksamninga. — Gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann í Hamrahlíð hækkar um 1 000 þús. kr. í 3 millj. kr. — Framlag til byggingar menntaskóla á Austurlandi hækkar um 10 000 þús. kr.

Lagt er til, að Stýrimannaskólanum í Reykjavík verði veitt hækkun á framlagi til tækjakaupa um 1 millj. kr. — Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður Fósturskóla Íslands hækki um 1 millj. kr. — Framlag til Myndlista- og handíðaskólans til áhalda- og tækjakaupa hækkar um 250 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 2 000 þús. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað við Menntaskólann í Kópavogi.

Gjaldfærður stofnkostnaður við Kennaraháskóla Íslands hækkar um 6 600 þús. kr. og við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans um 1 000 þús. kr.

Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar við Íþróttakennaraskóla Íslands hækkar um 1 500 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til héraðsskóla, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 16 400 þús. kr. — Flutt er tillaga um, að framlag til byggingar Skálholtsskóla hækki um 1 millj. kr.

Framlag til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla o. fl. hækkar um 158 406 þús. kr.

Lagt er til að veittar verði 4.6 millj. kr. til að koma á fót í leiguhúsnæði dagheimili fyrir fjölfötluð börn. — Flutt er tillaga um, að framlag til byggingar dagvistunarheimila hækki um 30 000 þús. kr. í 40 000 þús. kr.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 30 000 þús. kr. í 486 600 þús. kr., og ættu lán því að nema a. m. k. 83% af umframfjárþörf.

Lagt er til, að liðurinn: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækki um 200 þús. kr. í 1 800 þús. — Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 1 165 þús. kr. — Framlag til starfsemi stúdenta, þ. e. til Stúdentaráðs Háskólans og Sambands ísl. námsmanna erlendis, hækkar um 100 þús. kr.

Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík hækkar um 200 þús. kr.

Lagt er til, að greiðslur til Þjóðminjasafns Íslands hækki samtals um 1 200 þús. kr. Þar er um að ræða 300 þús. kr. hækkun launa og 200 þús. kr. hækkun rekstrarkostnaðar vegna Örnefnastofnunar til örnefnasöfnunar, 400 þús. kr. hækkun rekstrargjalda til söfnunar minja, sem tengdar eru sjósókn og útgerð vegna væntanlegs sjóminjasafns. Enn fremur 300 þús. kr. hækkun rekstrargjalda vegna hækkunar framlags til viðhalds gamalla húsa og 50 þús. kr. hækkun yfirfærslu vegna hækkunar greiðslu til Safnastofnunar Austurlands.

Laun við Þjóðskjalasafn hækkun um 260 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns í hálft starf í viðgerðarstofu safnsins.

Lagt er til, að laun við Listasafn Íslands hækki um 360 þús. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða. Upphæðin er í núg. fjárlögum.

Lagt er til, að framlag til Menningarsjóðs verði hækkað um 700 þús. kr. Hér er um að ræða styrk til að gera heimildarkvikmynd.

Liðurinn Aðrir Tónlistarskólar hækkar um 3 000 þús. kr., en þessi liður hefur reynst vanáætlaður á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir, að ríkið greiði ⅓ hluta rekstrarkostnaðar skólanna. — Lagt er til, að rekstrarframlag til Barnamúsíkskólans hækki um 600 þús. kr.

Framlag til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 1 500 þús. kr. í 5 500 þús. kr. — Lagt er til, að framlag til Bandalags ísl. leikfélaga verði nú sem sérstakur liður á fjárl. og nemi 800 þús. kr. Þar er um 300 þús. kr. hækkun að ræða. —Þá er lagt til, að liðurinn Önnur leiklistarstarfsemi hækki um 1 700 þús. kr. og nemi 5 200 þús. kr. — Gerð er tillaga um nýjan lið í fjárlögum: Til leiklistarskóla 1 500 þús. kr. Skóli þessi yrði á vegum Þjóðleikhússins og Leikfélags Reykjavíkur.

Nefndin leggur til, að heiðurslaun listamanna hækki um 900 þús. kr., starfslaun listamanna um 1 000 þús. kr. og listamannalaun um 2 670 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 460 þús. kr. í greiðslu stofnkostnaðar til Tónlistarskóla Sigursveins D. Kristinssonar. — Lagt er til, að Tónlistarfélagi Mosfellssveitar, Tónlistarfélagi Árnessýslu og Tónlistarfélagi Hafnarfjarðar verði veittar 144 þús. kr. hverju vegna endurbóta á húsnæði. Hér er um síðari greiðslu af tveimur að ræða.

Nýr liður: Styrkur til færeysks rithöfunar á Íslandi 100 þús. kr.

Framlag til Íþróttasjóðs hækkar um 17 100 þús. kr., þar af rekstrarstyrkir um 1 000 þús. og til byggingar íþróttamannvirkja um 16 100 þús. kr.

Framlög til Æskulýðsráðs Íslands og félagssamtaka á liðnum Æskulýðsmál hækkar samtals um 2 250 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Æskulýðsráð	800	þús. kr.
Ungmennafélag Íslands	900	— —
Bandalag ísl. skáta	150	— —
Æskulýðssamband Íslands	200	— —
Bandalag ísl. farfugla	25	— —
Starfsemi KFUM í Vatnaskógi	25	— —
Nýir aðilar eru:		
Samband bindindisfélaga í skólum	50	— —
Íslenskir ungtemplarar	50	— —
Æskulýðsnefnd S.-Þingeyjarsýslu	50	— —

Lagt er til, að Frjálsíþróttasamband Íslands verði veittur styrkur vegna Evrópumeistaramóts á næsta ári, 100 þús. kr.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Sædýrasafnsins í Hafnarfirði hækki um 700 þús. kr.

Framlag til Skáksambands Íslands hækkar um 100 þús. kr. og styrkur vegna alþjóðaskákmóta um jafnháa upphæð.

Lagt er til, að framlag til sjómannastofa hækki um 600 þús. kr. — Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir, hækkar um 50 þús. kr. Þar er um að ræða hækkun á styrk vegna sporhunds.

Framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækkar um 350 þús. kr. í 1 700 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til Hlíðardalsskóla hækki um 300 þús. kr. í 900 þús. kr.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Til þjóðhátta- og byggðakvikmynda 300 þús. kr. — Lagt er til, að veittar verði 300 þús. kr. til sumarnámskeiða í Leirárskóla. — Norrænt laganemamót verður haldið á Íslandi á næsta ári. Lagt er til, að Félagi laganema við Háskóla Íslands verði veittur 250 þús. kr. styrkur vegna mótsins.

Nýr liður: Til rannsókna á fornum þingstað í Kópavogi 75 þús. kr. Styrkurinn er veittur Lista- og menningarsjóði Kópavogs.

Um 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til upplýsinga- og kynningarstarfsemi hækki um 2 000 þús. kr., en jafnframt falli niður sérstakur styrkur, 500 þús. kr., til tímaritsins Iceland Review. Er þá gert ráð fyrir, að ráðuneytið ráðstafi fé af viðbótarupphæðinni til kaupa á tímaritinu.

Um 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Jarðeignasjóðs ríkisins hækki um 2 000 þús. kr. í 8 000 þús. kr. — Framlag til Tilraunastöðvar landbúnaðarins á Akureyri hækkar um 2 000 þús. kr. vegna væntanlegs flutnings stofnunarinnar.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr undirliður við liðinn Landnám ríkisins: Til byggingar gróðurhúsa 1 000 þús. kr., en samkv. lögum er gert ráð fyrir slíkum styrkveitingum.

Lagt er til, að framlag til Fiskræktarsjóðs hækki um 1 300 þús. kr.

Framlag til fyrirhleðslna hækkar um 75 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 204.

Framlag til einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey hækkar um 2 000 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 1 000 þús. kr. til endurbóta íbúðarhúss að Skriðuklaustri.

Rekstrarstyrkur til félagssamtakanna Landvernd hækkar um 200 þús. kr. í 500 þús. kr.

Um 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til stofnunar útibúa Hafrannsóknastofnunar hækki um 1 500 þús., og er þá gert ráð fyrir stofnun og starfrækslu tveggja útibúa.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, útibú: Lagt er til, að liðurinn hækki um 500 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir einu útibúi.

Lagt er til, að liðurinn til sjóvinnunámskeiða og skólabáta hækki um 2 000 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir að koma á fót námskeiðum í meðferð veiðarfæra úti á landi.

Lagt er til, að veittar verði 3 000 þús. kr. til veiðieftirlits á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Lagt er til, að launaliður hjá Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna hækki um 880 þús. kr. Hér er um að ræða ráðningu fulltrúa allt árið og aðstoðargjaldkera hálft árið.

Um 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Liðurinn rekstur sýslusamlaga fellur niður, en sömu upphæð, 4 529 þús. kr., er deilt niður á launa- og rekstrarkostnað viðkomandi embætta.

Gjaldfærður stofnkostnaður hjá embætti lögreglustjórans í Bolungarvík hækkar um 2 000 þús. kr. Þar er um að ræða skuld við hreppsfélagið vegna húsbyggingar.

Launaliður hjá sýslumannsembættinu á Selfossi hækkar um 511 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanna sjá tryggingaumboði.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, sem um n. k. áramót verður jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, er gert ráð fyrir aukningu starfsliðs, og hækkar launaliður um 2 421 þús. kr. Þar er að nokkru um hækkun að ræða vegna vanáætlunar í frv.

Nýr liður: Matsnefnd eignarnámsbóta, skv. lögum um framkvæmd eignarnáms. Nettókostnaður er áætlaður 1 250 þús. kr.

Styrkur til endurbóta á Auðkúlukirkju hækkar um 25 þús. kr. í 100 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Kirkjubyggingasjóðs hækki um 1 000 þús. kr. í 5 000 þús. kr.

Um 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Lagt er til, að styrkur til Iðnnemasambandsins hækki um 120 þús. kr.

Framlag til Neytendasamtakanna hækkar um 200 þús. kr. í 450 þús. kr.

Nýr liður: Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 250 þús. kr. Þessi liður er á núg. fjárlögum.

Lagt er til, að styrkur til Blindrafélagsins hækki um 500 þús. og sú textabreyting verði, að styrkurinn verði ekki einskorðaður við byggingarstyrk.

Framlag til Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra hækkar um 500 þús. kr. í 1 000 þús. kr.

Um 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Lagt er til, að stofnkostnaðarframlag til Landspítalans hækki um 12 300 í 113 200. Liðurinn verður sundurliðaður í B-hluta.

Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa hækkar um 50 718 þús. kr. í 294 070 þús. kr. Þar af er framlag til elliheimila 17 600 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 204.

Lagt er til, að veittur verði byggingarstyrkur til St. Jósepsspítala í Hafnarfirði 3 500 þús. kr.

Liðurinn námskeið sjúkraliða hækkar um 600 þús. kr. í 1 200 þús. kr.

Framlag til sjúkraflugs hækkar um 650 þús. kr. í 1 600 þús. kr.

Lagt er til, að tekinn verði inn að nýju liðurinn til tækniaðstoðar við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála 3 000 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til áfengisvarna á vegum áfengisvarnaráðs hækki um 250 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til Stórstúku Íslands hækki um 300 þús. kr. í 1 300 þús. kr.

Um 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, og liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, hækka samtals um 301 þús. kr. í 20 722 þús. kr.

Um 1 10 Samgönguráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn Vegagerð: Til einstaklinga, heimila og samtaka hækki um 2 492 þús. kr. Hér er um að ræða skuld á liðnum frá árinu 1973 vegna vanáætlunar, hækkun styrkja til að halda uppi byggð og gistingu og skuldagreiðslur og rekstrarkostnaðar vegna Fornahvamms.

Lagt er til, að launaliður á aðalskrifstofu Vita- og hafnamálastofnunarinnar verði hækkaður um 535 þús. kr. vegna vanáætlunar í frumvarpi.

Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 144 000 þús. í 444 000 þús. kr. Sundurliðun er á þskj. 204.

Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar í samræmi við hækkun til hafnarmannvirkja og lendingarbóta (samkv. ákvæði í hafnalögum) um 17 300 þús. kr.

Framlag til sjóvarnargarða lækkar um 1 300 þús. kr. í 2 700 þús. kr.

Framlag til fjárfestinga hjá Flugmálastjórn hækkar um 33 800 þús. kr. í 172 000 þús. kr. Sundurliðun er á þskj. 204.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til flugbjörgunarsveita hækki um 50 þús. kr. í 150 þús. kr. og að enn fremur verði flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík veittur styrkur til bifreiðarkaupa, 300 þús. kr.

Lagt er til, að það fé, sem samgönguráðuneytið hefur til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum, verði hækkað úr 1 000 þús. kr. í 2 540 þús. kr. vegna áætlunar um framkvæmdir í þeim málum, sem Náttúruverndarráð og samgönguráðuneytið standa að.

Nýr liður: Til að bæta aðstöðu ferðamanna við Gullfoss 5 000 kr., vegna fyrirætlana um að byggja nýjan skála við Gullfoss.

Um 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði hækki um 1 000 þús. kr. í 7 500 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 2 000 þús. kr. til endurskoðunar áætlana um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar og annarra þarfa með hliðsjón af nýjum viðhorfum í orkumálum.

Alþingi, 10. des. 1973.

Geir Gunnarsson, form., frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.
Karvel Pálmason.
Ingvar Gíslason.
Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fjárveitinganefnd Alþingis,
Reykjavík.

7. des. 1973.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið staðfesta, að það hefur ákveðið að nota ekki heimild þá, sem veitt er í 6. gr. LVI. fjárlaga 1973 til 15% niðurskurðar fjárveitinga, gagnvart fjárveitingum til framkvæmda 1973.

Halldór E. Sigurðsson. Jón Sigurðsson.

Sþ. 215. Fyrirspurn [156. mál]

til sjávarútvegsráðherra um línusvæði fyrir Vestfjörðum.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Telur sjávarútvegsráðherra koma til greina að afmarka sérstakt línusvæði fyrir Vestfjörðum, og ef svo er, hefur ráðherra í huga að gera það?

Sþ. 216. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um réttlátari reglur í veitingu húsnæðislána á landsbyggðinni.

Flm.: Lárus Jónsson, Magnús Jónsson, Pálmi Jónsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða reglugerð um úthlutun lána húsnæðismálastjórnar í því skyni, að fullt tillit sé tekið til sérstöðu húsbyggjenda á landsbyggðinni, þannig að fólk, sem hefur húsbyggingar á eðlilegum árstíma, miðað við aðstæður, þar sem það býr, hafi jafna möguleika til húsnæðisláns á því ári og húsbyggjendur á mesta þéttbýlissvæði landsins.

Greinargerð.

Í reglugerð um veitingu íbúðarlána á vegum húsnæðismálastjórnar er miðað við komutíma lánsumsókna og hvenær viðkomandi húsnæði verður fokhelt. Miðað er við, að umsóknir, sem hljóða á nafn, þurfi að vera komnar fyrir 1. febr. ár hvert, til þess að lán fáist á því ári. Þessi regla er mjög óeðlileg gagnvart húsbyggjendum á landsbyggðinni, vegna þess að aðstaða þar til lóðaúthlutunar er víða erfið og því oft á tíðum óhægt um vik að afla lóðasamninga og teikninga fyrir 1. febrúar. Þá er og á það að líta, að sé úthlutun miðuð við eindaga fokheldisvottorðs, sem er snemma á hausti, er það mjög óhagstætt fyrir þau byggðarlög, sem búa við frumstæðari byggingartækni, óhæga aðstöðu til öflunar sérhæfðs vinnuafls, svo og óblíðari náttúruskilyrði en eru hér suðvestanlands.

Reglan um komutíma umsókna, sem hljóða á nafn einstaklings, er sérstaklega óhagstæð fyrir verktaka í byggingaiðnaði, einkum byggingaverktaka á landsbyggðinni. Ljóst er, að vel má standa að sölu þeirra íbúða, sem hafin er bygging á í byrjun

árs og eru orðnar fokheldar á hausti, þannig að hinn 1. febrúar sé unnt að leggja inn hjá húsnæðismálastjórn umsókn um slíkar íbúðir frá kaupendum sjálfum. Þótt þetta sé vissulega örðugt hér á þéttbýlissvæðinu, tekur steininn úr á landsbyggðinni, því að þar tíðkast alls ekki að selja íbúðir á teikniborðinu, eins og mun gerast hér syðra, enda eftirspurn eftir fjölbýlishúsnæði alla jafna miklu minni á landsbyggðinni.

Reynslan sýnir, að það er mikið réttlætismál að breyta þessum reglum. Þetta hefur raunar stundum verið gert á undanförnum árum með sérstökum samþykktum húsnæðismálastjórnar hverju sinni, og hafa þá umsóknir frá bygginaverktökum verið teknar gildar, hafi slíkar umsóknir verið komnar fyrir 1. febr., þótt sérumsóknir með nöfnum íbúðarkaupenda hafi borist síðar. Hugsanlegt væri að taka upp þá reglu, að því er þessa aðila varðar, að breyta eindaga umsókna. Höfuðatriðið er að ná eðlilegum jöfnuði á þessu sviði milli þjóðfélagsþegna án tillits til búsetu. Í því sambandi er rétt að undirstrika, að harkaleg beiting eindaga um, að íbúðir séu fokheldar, þannig að ákveðið sé að úthluta til þeirra á yfirstandandi ári, sem hafa gert fokhelt snemma á hausti, er ekki síður óréttlát regla fyrir húsbyggjendur í strjálbýli en áðurnefnd komutímaregla umsókna.

Þessi tillaga er að formi til almenn áskorun á ríkisstjórnina um að leiðrétta þetta misrétti. Flm. þótti það eðlilegast, vegna þess að þeir aðilar, sem vinna að þessum málum, ættu að geta fundið þá lausn, sem fullnægir kröfum Húsnæðismálastofnunarinnar um eðlilega upplýsingaöflun og áætlunargerð um húsbyggingar, jafnframt því sem fullt tillit sé tekið til sérstöðu húsbyggjenda eftir búsetu, hvort sem þeir byggja yfir sig sjálfir eða kaupa af byggingaverktökum.

Nd. 217. Lög [89. mál]

um breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.)

Samhljóða þskj. 97.

Sþ. 218. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 er þriðja fjárlagafrumvarpið, sem núv. ríkisstj. leggur fram. Öll þessi þrjú fjárlagafrv. eiga það sameiginlegt, að í þeim endurspeglast sú verðbólgustefna, sem verið hefur allsráðandi á valdatímabili þessarar ríkisstjórnar.

Í fjárlögum fyrir árið 1971, sem voru síðustu fjárlög fyrrv. ríkisstjórnar, voru tekjur áætlaðar 11 milljarðar 54.7 millj. kr., en gjöld 11 milljarðar 23.3 millj. kr. Greiðsluafgangur það ár var áætlaður 270.4 millj. kr. Á fjárlögum 1972, fyrstu fjárlögum núv. ríkisstj., voru tekjur áætlaðar 16 milljarðar 898.8 millj. kr., en gjöld 16 milljarðar 549.5 millj. kr. Greiðsluafgangur var þá áætlaður 87.5 millj. kr. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru tekjur áætlaðar 21 milljarðar 970.3 millj. kr. og gjöld 21 milljarður 457.2 millj. kr. Greiðsluafgangur er áætlaður 24.4 millj. kr.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1974 gerir ráð fyrir, að tekjur verði 27 milljarðar 343.4 millj. kr. og gjöld 27 milljarðar 437.3 millj. kr. Greiðsluafgangur er áætlaður 103.7 millj. kr.

Gjaldahlið fjárlaga, frá því að þessi ríkisstj. tók við, hefur því hækkað sem hér segir: 1971—1972 um 5 526.2 millj. kr. eða 50.13%. 1972—1973 um 4 907.7 millj. kr. eða 29.65%. Útgjaldaaukning frá síðasta fjárlagafrv. er áætluð 5 980.1 millj. kr.,

og nú við 2. umr. liggja fyrir brtt. frá fjvn. til hækkunar á gjöldum að upphæð 648 407 millj. kr. Hækkun gjalda nemur því 6 628.5 millj. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skylt er að geta þess, að hluta þeirra gjalda, sem áður hafa verið á framkvæmdaáætlun, er nú bætt við rekstrarútgjöldin, en þar er um 690 millj. kr. að ræða.

Hins vegar er sjáanlegt, að við 3. umr. eiga fjárl. eftir að hækka stórkostlega frá því, sem þau nú liggja fyrir. Lífeyristryggingar og sjúkratryggingar eiga eftir að hækka um nokkur hundruð millj. kr. frá fjárlfrv. Launaliðir fjárlagafrv. eiga eftir að hækka, því að þeir eru í A-hluta frv. miðaðir við vísitölu septembermánaðar. Heildarlaun í A-hluta frv. nema 5 809.6 millj. kr., en miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. desember, 149.89 stig, hækka launin á næsta ári um 430 millj. kr. Í B-hluta frv. eru launaliðir ýmist miðaðir við kaupgreiðsluvísitölu eins og hún var í marsmánuði eða í septembermánuði. Ef launaliðir í B-hluta frv. eru miðaðir við gildandi kaupgreiðsluvísitölu, þurfa launin í þessum hluta fjárlfrv. að hækka um 560 millj. kr., en heildarlaun í B-hluta nema 3 602 millj. kr. Þá er vitað, að samningar við opinbera starfsmenn koma til með að auka verulega útgjöld ríkissjóðs á næsta ári, en sú stærðargráða er enn óþekkt. Auk þessa, sem nú hefur verið nefnt, eru óafgreidd mörg mál og erindi, sem send hafa verið.

Þá eru komnar fram kröfur aðildarsamtaka ASÍ um miklar kauphækkanir, og má búast við verulegum kauphækkunum, sem munu hafa áhrif á fjárl. og á atvinnureksturinn í landinu. Sjómannasamtökin hafa sett fram sínar kröfur um hækkun skiptaprósentu og hækkun á lágmakskaupi. Hvernig kaup- og kjarasamningar kunna að vera til lykta leiddir, skal hér ósagt látið, en eitt má fullvíst telja, að verulegar hækkanir verða á öllu kaupgjaldi og munu hafa í för með sér vaxandi tilkostnað við atvinnureksturinn.

Tvær höfuðástæður fyrir nýrri kröfugerð launastéttanna eru annars vegar algert aðgerðaleysi ríkisstj. til að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem á sér stað í efnahagsmálum og leitt hefur til þeirrar mestu óðaverðbólgu, sem nú flæðir yfir þjóðina, hin ástæðan er gengdarlaus skattpíningarstefna, sem launþegar í landinu stynja undir. Skal nú vikið að gerðum ríkisstj. í skattamálum.

Við gerð fjárlaga haustið 1971 boðaði ríkisstj. gagngerar breytingar í skattamálum. Við, sem stöndum að þessu nál., vöruðum við þeim áformum, sem ríkisstj. hafði uppi í þeim efnum, þar sem við töldum slíkar aðgerðir í efnahagsmálum gera hvort tveggja í senn að hækka fjárl. geigvænlega og verða á þann hátt hættulega virkur verðbólguvaldur í þjóðfélaginu, svo og mundi sú skattahækkun höggva háskalega nærri getu skattborgaranna, einkum þeirra, sem minna mættu sín. Þessi illi grunur okkar hefur fullkomlega verið staðfestur síðan. Kröfur launþegasamtakanna beinast nú fyrst og fremst að því að lina skattpíningu síðustu ára fremur en að hækka launataxta, og skal engan undra það, þegar borin er saman skattgreiðsla einstaklinga og félaga árið 1971 og síðan.

Eftirfarandi yfirlit sýnir álagðan tekju- og eignarskatt áranna 1971, 1972 og 1973 eftir skattumdæmum. Upphæðir eru taldar í milljónum króna.

Skattumdæmi	1971	1972	1973	% hækkun '71—'73
Reykjavík-	779	2 210	2 862	367.4
Vesturlands-	63	200	282	447.6
Vestfjarða-	50	167	252	504.0
N.-lands vestra-	28	93	131	468.0
N.-lands eystra-	122	342	449	368.0
Austfjarða-	49	149	196	400.0
Suðurlands-	57	208	273	480.0
Vestmannaeyja-	53	134	158	300.0
Reykjanes-	324	946	1 156	357.0
Samtals	1 525	4 449	5 759	377.7

Í málefnasamningi ríkisstj. eru fyrirheit gefin um, að nú skuli breytt um stefnu í skattamálum og skattabyrðin látin koma réttlátar niður, þ. e. að láta breiðu bökin bera skattana. En hverjar eru svo staðreyndir í þessum málum? Allt stefnir í sömu átt, eins og komið var hjá hinni fyrri vinstri stjórn, sem sat að völdum á árunum 1956—1958. Eftirfarandi tafla sýnir glögglega þróunina, hver hún var og er í tíð núv. stjórnarflokka, og svo hins vegar þá breytingu, sem átti sér stað með tilkomu tekjuskattslaga viðreisnarstjórnarinnar á árinu 1960:

Ár	Skattgreiðendur	Þeir, sem ekki greiða skatt
1959	61 900 eða 79.2%	16 261 eða 20.8%
1960	15 080 — 20.84%	63 620 — 79.16%
1973	57 987 — 57.5%	42 855 — 42.5%

Á þessu ári hefur kaupgreiðsluvísitalan hækkað úr 117 stigum í 149.89 stig eða um 28%. Framfærsluvísitalan hefur hækkað á sama tíma úr 176 stigum í 226 stig, eða um 28.41%. Byggingarvísitalan hefur hækkað á sama tíma úr 689 stigum í 913 stig, eða um 32.6%. Til samanburðar má geta þess, að byggingarvísitala hækkaði á 12 ára valdaferli fyrrverandi ríkisstjórnar um 403 stig, eða um 33 stig á ári að meðaltali. Síðan núv. ríkisstj. tók við, hefur byggingarvísitalan hækkað um 378 stig á 2½ ári eða um 152 stig að meðaltali á ári.

Allar aðgerðir stjórnvalda síðasta hálfa þriðja ár hafa miðað að því, að ríkið er sífellt að taka meira af þjóðarframleiðslunni í sínar þarfir, eins og meðfylgjandi tafla sýnir:

Ár	Þjóðarframleiðsla (verg) á markaðsv.	Tekjur skv. A-hluta ríkisreiknings	Hlutfall
1965	21 257 millj. kr.	3 690 millj. kr.	17.4%
1970	42 833 — —	9 800 — —	22.9%
1971	53 210 — —	13 258 — —	24.9%
1972	65 450 — —	17 837 — —	27.2%
1973	89 100 — —	áætl. 23 970 — —	ca. 27.0%

Þrátt fyrir það, að afurðaverð á flestöllum útflutningsvörum okkar hefur verið hagstæðara en nokkurn gat grunað, hafa erlendar lántökur aukist stórlega. Gengdarlausar fjárfestingar hafa átt sér stað, sem hafa leitt til kapphlaups um vinnuaflið og ýtt undir og magnað óðaverðbólguna, sem nú tröllríður íslensku efnahagslífi.

Hinar stórfelldu erlendu lántökur valda öllum hugsandi mönnum áhyggjum, og er nauðsynlegt að hugleiða í alvöru þá alvarlegu þróun, sem þar á sér stað. Þannig hafa erlend lán til langs tíma hækkað:

Ár	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973
millj. kr. ..	3 926	4 520	6 576	11 467	11 726	11 095	14 445	17 246	ca. 20 670

(gengið 1965—1966 1 dollar 42.95 kr. 1967 56.93. 1968—1971 87.90. 1972 87.12. 1973 84.00).

Afborganir og vextir af erlendum lánum eru í millj. kr.:

Ár	1970	1971	1972	1973	1974
Afborganir	1645.1	1445	1965.9	2005	ca. 2797 millj. kr.
Vextir	731.8	793.8	986.9	1427	— 1710 — —

Samkvæmt þessu hafa árlegar afborganir og vextir erlendra lána hækkað frá árinu 1970 úr 2 376.9 millj. kr. í 4 568 millj. kr., sem áætlað er að verði á næsta ári.

Framlög á fjárlagafrv. fyrir árið 1974 til verklegra framkvæmda hækka verulega að krónutölu, en mikið þarf í þessu dýrtíðarflóði til að halda framkvæmdamætti óskertum. Einn stærsti liðurinn til verklegra framkvæmda er stofnkostnaður

skyldunámsskólanna, sem sýnir, hvað framlög hafa breyst frá árinu 1970 til þessa fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Þessi breyting hefur orðið þannig:

	1970	1971	1972	1973	1974	
	206 860	288 071	394 660	477 478	658 406	þús. kr.
Hlutfallsl. hækkun		39%	37%	20%	37%	— —

Það er eftirtektarvert, að á sama tíma og byggingarvísitala hækkar, miðað við 1. nóvember hvers árs, frá árinu 1970 til 1971 um 2.1%, á árinu 1972 hækkar hún um 28.7% og á árinu 1973 um 32.6%. Þrátt fyrir það, að byggingarvísitala hækkar ekki nema um 2.1% á síðasta ári fyrrv. ríkisstjórnar, hækka framlög til þessara þátta skólabygginga um 39% eða hlutfallslega meira á því eina ári en á valdatíma núverandi ríkisstj. þrátt fyrir þá gífurlegu hækkun, sem orðið hefur á byggingarvísitölunni.

Hér hefur áður verið vakin athygli á því, hversu stórkostleg hækkun hefur orðið á fjárl. í heild í tíð núv. ríkisstj. Sýnt hefur verið fram á, að sú hækkun stafar í stórum mæli af ört vaxandi ríkisbákni og ríkisafskiptum, en hefur ekki að sama skapi orðið vegna verklegra framkvæmda, enda hafa þær í heild ekki aukist að magni til. Þá hefur í þessu nál. verið leitt í ljós, að skattheimtustefna ríkisstj. hefur verið þannig í framkvæmd, að allur almenningur stynur undan og undrast, og þá ekki síst þeir, sem byggja þau héruð, sem erfiðasta baráttu heyja varðandi búsetuskilyrði fólksins, félagsleg réttindi þess og afkomuöryggi. Þetta er illa farið, og er stefnt í óefni, ef svo heldur fram.

Við leggjum því á það þunga áherslu, að algerlega verði breytt um stefnu í efnahagsmálum. Sköttum verður að stilla í hóf. Ríkisstjórn og Alþingi verða að gera sér grein fyrir því, hversu stóran skatt er hollt og nauðsynlegt að taka til sameiginlegra þarfa þegnanna, og áætlanir síðan gerðar um skiptingu þeirrar upphæðar milli efnisþátta fjárlaganna. Að því loknu getur fjárveitinganefnd með ábyrgum hætti gengið frá endanlegum tillögum um ráðstöfun ríkisfjár til hinna ýmsu staða á landinu.

Sú ríkisstj., sem nú situr hér að völdum og taldi landsmönnum trú um, að hún mundi taka upp áætlanagerð um alla þætti ríkisbúskaparins, hefur gengið á svig við þau heit og horfið frá því að fela Framkvæmdastofnun ríkisins heildaráætlanir og röðun framkvæmda, en leyft liðsmönnum sínum að bítast um fjármagnið til einstakra framkvæmda og til vissra staða og gengið að því búnu í það að telja saman bitana. Þá kemur í ljós, að niðurstöðutölur fjárl. hafa hækkað meir en áætlað var. Þá eru góð ráð dýr og ekki önnur fyrir hendi en að teygja tekjudálkinn og leggja hærri álögur í formi skatta á þjóðina.

Stefnunni verður að breyta og starfsaðferðum við fjárlagagerð, til þess að Alþingi tapi ekki tökum á fjármálum ríkisins og stjórnun þess.

Með vísun til þeirra athugasemda, sem hér hafa verið gerðar, teljum við, að þessar breytingar séu meðal hinna mikilvægustu, sem gera þarf:

Dregið verði stórlega úr ríkisafskiptum og miðstjórnarvaldi ríkisins verði settar skorður, m. a. með því að skipa verkefnum, sem það hefur nú, á nýjan hátt þannig, að verksvið sveitarfélaganna verði aukið verulega frá því, sem nú er, og valdsvið ríkisins fært saman að sama skapi.

Sú valddreifing mundi strax koma fram í lækkandi kostnaði við opinberar framkvæmdir byggðarlaganna og verða um leið raunhæfasta leiðin að framkvæma þá byggðastefnu, sem tekur mið af getu almennings og nánustu vandamálum borgaranna. Fyrir gerð fjárl. teljum við að nauðsynlegt sé að hverfa meira að áætlunum til lengri tíma, bæði um verklegar framkvæmdir ríkisins og fjárlagaáætlanir.

Á þskj. 204 flytur fjvn. brtt. sameiginlega, sem leiða til nokkurrar hækkunar fjárl., eins og áður greinir. Þótt við undirritaðir berum ekki ábyrgð á þeim till. sem gerðar eru um heildarfjárhæðir einstakra þátta, svo sem til hafna, sjúkrahúsa ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga, menntaskóla og hvers konar annarra skóla-

mannvirkja, fyrirhleðslna, svo og til hinna ýmsu ríkisfyrirtækja, þar sem þær virðast hafa ákvarðast í megindráttum án tillits til þess, að um fasta fjármagnsáætlun hafi verið að ræða, þá höfum við staðið að skiptingu þess fjármagns. Sama má segja um aðrar brtt., sem n. flytur á greindu þskj., að um nokkrar þeirra var full samstaða. Þó teljum við, að skipulegri vinnubrögð hefði þurft að viðhafa við afgreiðslu hinna ýmsu erinda, sem til n. bárust, til þess að viðhlítandi samræmis gætti um afgreiðslu þeirra. Því höfum við undirritaðir nm. áskilið okkur rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til hinna einstöku tillagna.

Svo sem bent hefur verið á í þessu nál., þá teljum við það óhæfa starfsaðstöðu fyrir fjvn. að ætla henni að fjalla um útgjaldabeiðnir, sem skipta hundruðum millj., þegar ekki bólar á neinum viðunandi till. stjórnvalda um tekjuöflunarleiðir.

Við munum því ekki flytja frekari brtt. við þessa umr.

Hér að framan höfum við sýnt fram á, að ríkisfjármálin verður að taka allt öðrum og fastari tökum en gert hefur verið á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, svo að með ábyrgum hætti verði lokið gerð fjárl. fyrir næsta ár. Efnahagsmálin horfa þannig við, að hinn almenni borgari er uggandi um sinn hag og öryggi hans er teflt í tvísýnu. Það leiðir af stjórn ríkisfjármálanna, sem er laus og fálmandi, að ekki er hægt að taka með ábyrgum hætti afstöðu til þess, hversu langt megi ganga í fjárveitingum án þess að ofbjóða getu almennings með skattaálögum.

Alþingi, 11. des. 1973.

Matthías Bjarnason, frsm. Jón Árnason. Steinþór Gestsson.

Sþ. 219. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Á Þingskjali nr. 204 ber fjárveitinganefnd sameiginlega fram tillögur til hækkunar um 650 milljónir frá frumvarpi til fjárlaga, eins og það liggur nú fyrir. Þrátt fyrir þessa hækkun af hálfu nefndarinnar eru óvenjumörg erindi enn óafgreidd, sem undirritaður telur, að sterk rök mæli með að fái jákvæða afgreiðslu. Auk þessa má svo gera ráð fyrir, að tillögur til hækkunar útgjalda komi fram frá einstökum þingmönnum samkvæmt venju. Með samþykkt á þessum tillögum, er fjárveitinganefnd leggur fram, verður útgjaldahlið fjárlaga rúmlega 28 milljarðar nú, en var á fjárlögum yfirstandandi árs 21.4 milljarðar. Fyrirsjáanleg hækkun er því um 31% frá fjárlögum fyrir árið 1973. Þessi hækkun í krónutölu mun þó ekki gera meir en svo að halda í við verðbólguvöxtinn, svo gífurleg óðaverðbólga ríkir nú hér á landi. Framkvæmdagetan verður því hvergi nærri eins mikil og talnahækkun fjárlaga milli áranna bendir til.

Mánudaginn 18. október 1971 flutti forsætisráðherra hæstv. ríkisstjórnar fyrstu stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar hér á Alþingi og boðaði gerbreytta stefnu í þjóðfélags- og efnahagsmálum. Nú átti að taka á vandanum með festu og nýjum úrræðum, og ekki skyldi beitt gamalkunnum ráðum frá viðreisnartímabilinu. Öllum er nú mætavel ljóst, hvernig til hefur tekist í þessum efnum. Almenningur er samdóma um það, að frá stríðsárum hefur önnur eins óðaverðbólga ekki ríkt hér á landi, og það sem verra er, að ekki eru þess nein merki, að lát sé á henni á næstunni. Augljóst er, að innan sjálfrar ríkisstjórnarinnar er ekki samstaða um átak til þess að draga af krafti úr verðþenslunni. Undanfarna mánuði hefur þess gætt í sívaxandi mæli, að almenningur telur sér best borgið með eins mikilli eyðslu og kostur er að koma í lóg. Allir keppast við að fjárfesta, og ríkir nú meiri spenna á

vinnumarkaðnum en verið hefur um fjölda ára. Þessi spenna, sem forsætisráðherra hefur þó oft varað við, kyndir rösklega undir verðbólgubálinu, og efnahagsvandinn er sem eins konar vítahringur. En ríkisstjórnin ræður ekki við að stjórna. Því var heitið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar, að hún skyldi leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Þetta fyrirheit hefur gersamlega mistekist að standa við.

Til þess að reyna að leysa úr efnahagsvanda, sem atvinnulífið var komið í undir áramótin s. l., felldi ríkisstjórnin gengi íslensku krónunnar um 10.7% hinn 17. des. 1972. Þessi gengisfelling var hin mestu mistök, og áhrif frá henni ýttu undir enn meiri spákaupmennsku vegna mikils óróleika á erlendum gengismarkaði og vegna þess, hversu staða dollarans var lengi fram eftir árinu ótrygg.

Til þess að vega á móti óhagstæðum áhrifum frá gengisfellingunni hækkaði svo ríkisstjórnin gengið á íslensku krónunni gagnvart dollar í vor. Sú ráðstöfun kom afar illa við marga og einkum þó mjög misjafnt niður á einstaka framleiðendur, svo að nam jafnvel mörgum milljónum, eftir því, hvernig stóð á skilum fyrir seldar afurðir.

Nú á síðustu vikum hefur staða dollarans farið batnandi gagnvart Evrópugjaldeyri, og hefur íslenska krónan fylgt honum. Þessi hreyfing hefur sem betur fer dregið mikið úr erlendum verðhækkunum hér innanlands. Á hinn bóginn kemur þetta sér illa fyrir iðnaðinn, þar sem sú atvinnugrein hafði gert sölusamninga til langs tíma, og þá var gengi krónunnar gagnvart dollar 96 krónur í dollar. Þessar gengishreyfingar hafa því bitnað illa á iðnaðinum, og eru sumar greinar hans í verulegum þrengingum um þessar mundir, einkum þær, er flytja út.

Staða sjávarútvegsins er hins vegar miklum mun betri en verið hefur undanfarin ár. Verðlag hefur reynst 10—15% hærra en reiknað var með að yrði á árinu. Afkoma þessa árs er því hagstæð. Innstæða í verðjöfnunarsjóði hjá sjávarútveginum mun nú nema nálægt 2 milljörðum. Sú furðulega hugmynd hefur skotið upp kollinum innan ríkisstjórnarinnar, að nú væri unnt að „hirða“ verðjöfnunarsjóðinn og afhenda hann til annarra greina atvinnulífsins, sem væru í vanda staddar. Þetta má aldrei verða. Sjóðurinn er eingöngu myndaður af fjármagni, sem atvinnugreinar sjávarútvegsins hafa lagt til hliðar til þess að mæta verðbreytingum á afurðum sínum, og er hrein eign þeirra, er við framleiðslu sjávarafurða starfa. Öðrum greinum atvinnulífsins er auðvitað innan handar að leggja nokkra kvöð á sjálfa sig til þess að mæta verðsveiflum innan sinna vébanda og draga þannig úr óhagstæðum áhrifum verðbreytinganna á reksturinn.

Þótt afkoma sjávarútvegsins hafi verið óvenjugóð á þessu ári, eru miklar blikur nú framundan vegna geysilegra hækkana á olíum og veiðarfærum. Þessar hækkanir hafa verið metnar allt að 2000 millj. á ársgrundvelli. Sum veiðarfæri hafa hækkað frá því í vor s. l. um 60—70%, og auk þess er kominn til mjög alvarlegur skortur á öllum veiðarfærum úr næloni, eða netum og nótum. Þetta getur haft mjög alvarlegar afleiðingar á árinu 1975, en þá mun fyrst alvarlega koma í ljós skortur á þessum veiðarfærum. Í dag hafa nokkur lönd sem næst lokað fyrir útflutning til Íslands á netum og nótarefni úr nælonþræði. Einstaka aðilar geta enn fengið pantanir afgreiddar, en þá aðeins með því að staðgreiða þær og á mjög hækkuðu verði. Alkunnur rekstrarfjárskortur hér á landi hjá útveginum kemur í veg fyrir, að menn geti hagnýtt sér þessa fáu möguleika til veiðarfærakaupa.

Það hefur komið fram í umræðum á Alþingi, að afkoma togaraflotans mun vera erfið og bein útgjöld umfram tekjur á ársgrundvelli eru um 3—6 milljónir á skip. Talið er, að aflaverðmæti hinna minni skuttogara sé frá 50—65 milljónir. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, ríkti það kerfi við verðlagningu, að fiskkaupandi varð að greiða aukalega til útgerðarinnar 11%, en þetta var fljótt afnumið, og nú lítur út fyrir, að miklir rekstrarörugleikar séu að þrengja strax að hinum nýju skuttogurum. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst. Ekki kemur til greina, að þessi skip verði bundin glæný við bryggju vegna þess, að enginn möguleiki sé að standa í skilum með gjöld þeirra. Eins og áður er sagt, er verðlag afurða

óvenjuhátt og því ekki að vænta þess, að það geti hækkað, svo að það lagi vandann. Hann er heimatilbúinn og verður að leysast á innlendum vettvangi.

Frá hendi launþegahópa liggja nú fyrir kröfur um mikla hækkun launa. Ekki er tekið tillit til þeirra í gerð fjárlagafrumvarpsins. Eins og útlit er nú, má því vænta þess, að fjárlagafrumvarpið verði afgreitt, án þess að nokkuð sé vitað, hvað hækkun launa vegur á útgjaldahlið fjárlaga. Það er ljóst, að mikil hækkun hefur átt sér stað á öllum þáttum yfirstandandi fjárlaga. Alls mun vera talið, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði fast að 2000 milljónum hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Einnig munu útgjöld hækka verulega. Þrátt fyrir það er augljóst, að afkoma ríkissjóðs á yfirstandandi ári verður óvenjugóð. Aukning á útflutningi er talin nema um 50%. Aukning á innflutningi er talin nema um 50—55%. Grundvöllur tollstofns var metinn við fjárlagagerðina með 27% aukningu, en verður, að því er best verður séð í dag, allt að 37% hærri. Þetta gefur ríkissjóði hinar auknu tekjur. Þegar svona árar og eins þegar geysileg spenna ríkir á öllum sviðum, væri full ástæða og þörf fyrir að leggja myndarlega til hliðar hjá ríkissjóði til hinna mögru ára. En því miður fer ekki mikið fyrir því. Það er gleðilegt að sjá miklar framkvæmdir um allt land. En það flokkast undir stjórnleysi að ráða ekki við framkvæmdahraðann og stuðla að of mikilli spennu, er kyndir látlaust undir ríkjandi óðaverðbólgu. Hvar er nú hinn gildi þáttur Framkvæmdastofnunar ríkisins í skipulögðum vinnubrögðum?

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1974 var samið, var miðað við kaupgjald eins og það var í september s. l. Nú mun vera í undirbúningi að endurmeta þennan grundvöll og miða þá við kaupgjald eins og það er nú í desember. Til samræmingar verður einnig að meta tekjuhlið frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir, að 2 stig í söluskatti verði innheimt í viðbót eða hann hækkaður úr 11% í 13%. Í athugasemdum við frv., á bls. 146, segir svo, að endurskoðun álögum um tekjuöflun ríkisins sé nú það vel á veg komin, að gert sé ráð fyrir, að ný lög verði sett á þessu þingi. Nú hefur það hins vegar skeð, að ríkisstjórnin hefur misst einn stuðningsmann sinn og hefur ekki lengur meiri hluta í neðri deild. Hún getur því ekki komið fram breytingum, sem hún metur nauðsynlegar til tekjuöflunar. Þessi staðreynd eykur enn á óvissuna í efnahagsmálunum.

Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt fram tillögur um úrbætur í skattamálum. Þær eru þó verulega misjafnar. Við í Alþýðuflokknum leggjum til, að hlutfall beinna skatta verði mjög minnkað í tekjuöflun ríkissjóðs og hver einstaklingur verði sjálfstæður skattþegn. En til þess að mæta augljósu tekjutapi fyrir ríkissjóð með slíkri breytingu er lagt til, að söluskattur verði hækkaður og sérstakur sjóður myndaður til aðstoðar láglaunafólki. Sjálfstæðismenn leggja til mikla minnkun á beinum sköttum, og reikna má með, að tekjutap ríkissjóðs nemi um eða yfir 4 milljörðum króna við það. Hins vegar eru ekki settar fram neinar tillögur um niðurskurð samtímis, og verður því fróðlegt að sjá nú við afgreiðslu fjárlaga, hvaða tillögur þeir koma með. Frumvarp um slíkan niðurskurð er óraunhæft, ef ekki fylgja tillögur til lækkunar útgjalda samtímis eða þá vísbending um tekjuöflun á móti skattbreytingunni.

Enginn vafi er á því, að allur almenningur er nú svo mikið skattlagður, að ekki verður lengra gengið í þeim efnum. Þess vegna verður að fara með meiri gát í innheimtu skatta á komandi árum en verið hefur. Með breytingu yfir í hærra hlutfall í óbeinum sköttum er það í frjálsu vali, hvað hver vill eyða umfram venjulegar nauðsynjar. Verðbólgan hefur pínt menn út í mikla fjárfestingu undanfarin þrjú ár. Byggingarvísitalan var 1. mars 1970 439 stig, en 1. þ. m. var hún 913 stig. Á þessum þremur árum og átta mánuðum hefur byggingarvísitalan því hækkað um 474 stig eða um 108%, þar af um 272 stig síðan í árslok 1971 eða um 50%. Þessi þróun er svo geigvænleg, að til róttækra aðgerða verður að grípa til þess að hamla hér vel á móti.

Við afgreiðslu fjárlaga nú sem í fyrra munum við fulltrúar Alþýðuflokksins ekki koma með tillögur til hækkunar fjárlaga. Verðþenslan er slík, að miklu

fremur er nauðsyn að gera átak til niðurskurðar. En um það er ekki samstaða á Alþingi.

Alþingi, 11. des. 1973.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 220. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um lyfjaframleiðslu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ýtarlega um frumvarpið, kynnt sér umsagnir og kallað aðila á sinn fund. Meiri hl. n. flytur breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali, en mælir að öðru leyti með samþykkt frv. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 11. des. 1973.

Helgi Seljan, form., frsm. Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 221. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til laga um lyfjaframleiðslu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tilraunastofnanir, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, mega framleiða og selja lyf, þar með talin dýralyf, sem þær gera tilraunir með, enda uppfylli þær öll meginskilyrði varðandi framleiðsluhætti, gæðamat, lyfjaeftirlit og eftirlitsgjald, sbr. 1. gr. laga þessara.
   Forstöðumenn tilraunastofnana þessara og framkvæmdastjóri lyfjaframleiðslufyrirtækis samkvæmt II. kafla laga þessara mynda samstarfsnefnd, og er síðasttalinn aðili formaður hennar.
   Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að sem bestri nýtingu starfskrafta og tækjabúnaðar þessara stofnana til lausnar verkefnum, sem geta verið sameiginleg, svo sem gæðapróf, rannsóknir, innkaup og heildsöludreifing. Enn fremur skal nefndin stuðla að sameiginlegu átaki til framleiðslu nýrra lyfja fyrir innlendan og erlendan markað.
   Nefndin skal koma saman eftir þörfum og skila skýrslu um starfsemi sína á sex mánaða fresti til hlutaðeigandi stofnana og heilbrigðisráðherra.
2. Við 6. gr. 1. málsgr. Greinin orðist svo:
   Lyfsalar og lyfjafræðingar, sem óska að vera aðilar að fyrirtækinu, mynda félag, er leggur sameiginlega fram allt að helmingi eignarhluta fyrirtækisins. Eignarhluti ríkisins skal vera helmingur eða meira, svo sem samkomulag verður um milli aðila.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn fyrirtækisins skal skipuð 4 mönnum til 2 ára í senn. Félag lyfsala og lyfjafræðinga kýs 2 stjórnarmenn á aðalfundi sínum, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt.
   Heilbrigðisráðherra skipar 2 stjórnarmenn á sama hátt og félagið.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn, og skal formennskan færast til skiptis milli eignaraðila.

Ed. 222. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

B-liður 8. gr. laganna orðist svo:

Lánsfjárhæð má nema allt að kr. 1 200 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, er verði III. kafli, 10.—15. gr., með fyrirsögninni: **Íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi**, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að III.—VI. kafli verði IV.—VII. kafli og 10.—33. gr. verði 16.—39. gr.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórnar sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins, þar sem aðstoðar er þörf til eflingar byggðajafnvægis í landinu.

4. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir sveitarstjórn um aðstoð til eflingar byggðajafnvægis, sbr. 10. gr., og skal þá ríkisstjórnin leita umsagnar stjórnar Byggðasjóðs um viðkomandi umsókn. Meta skal þörfina fyrir aðstoð eftir því, hvort aukið íbúðarhúsnæði geti stuðlað að fólksflutningum til byggðarlagsins, ef skortur er á vinnuafli til fullnýtingar þeirra atvinnutækja, sem þar eru, eða til að mæta aukinni atvinnuuppbyggingu.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú ákveður ríkisstjórnin að lokinni rannsókn samkvæmt 11. gr. að veita aðstoð til eflingar byggðajafnvægis, og skulu þá næstu 4 ár lán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt 8. gr., sem veitt eru aðilum innan viðkomandi sveitarfélags, vera að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúðar og vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum.

6. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Byggðasjóður skal kaupa árlega skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr. til að mæta þeirri fjármagnsþörf, er nemur mismuninum á almennri lánsupphæð samkvæmt 8. gr. og lánsfjárhæð, er nemur 80% af byggingarkostnaði, sbr. 12. gr.

7. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Þegar 5 ár eru liðin frá töku íbúðarláns samkvæmt 12. gr. og þar til lánið hefur verið að fullu greitt, getur upphaflegur lántakandi óskað eftir, að Byggingarsjóður

ríkisins yfirtaki íbúðina, og er þá sjóðnum skylt að gera það fyrir kaupverð, er nemur byggingarkostnaði að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu að frádreginni fyrningu að mati dómkvaddra manna. Nú er sveitarfélag lántakandi, og er þá Byggingarsjóði ekki skylt að yfirtaka viðkomandi íbúð.

Íbúð, sem Byggingarsjóður kaupir samkvæmt 1. mgr., skal hann selja á hæsta fáanlegu verði. Ekki er heimilt, að söluverð íbúðar sé lægra en sem nemur byggingarkostnaði. Nú fær Byggingarsjóður ekki kaupanda að íbúð fyrir kaupverð, er nemi byggingarkostnaði, og er þá heimilt að selja viðkomandi sveitarfélagi íbúðina, þótt á lægra verði sé.

Til að mæta tapi, sem Byggingarsjóður kann að verða fyrir vegna mismunar á kaupverði íbúðar samkvæmt 1. mgr. og söluverði hennar, skal ráðstafa sem svarar tekjum sjóðsins af 1% lántökugjaldi samkvæmt 4. gr. e.

8. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

9. gr.

Í stað orðsins „helmingi“ í 2. mgr. 18. gr. laganna (er verði 24. gr.) komi: fjórðungi.

10. gr.

Í stað orðanna „jafnhátt og“ í 2. mgr. 20. gr. laganna (er verði 26. gr.) komi: þreföld.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þessa efnis var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Eftirfarandi greinargerð er að stofni til hin sama og áður fylgdi:

Nauðsyn byggðajafnvægis.

Á nauðsyn byggðajafnvægis er víðtækur skilningur. Þó er það svo, að við þetta mál hefur verið fengist með minni árangri en flest önnur viðfangsefni. Þetta er vegna þess, að mönnum hefur seint skilist, að til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þarf að koma til alhliða uppbygging þeirra byggðarlaga eða landssvæða, sem efla skal til aukins byggðajafnvægis. Enn fremur hafa menn lengi skirrst við að viðurkenna, að ekki verður unnið að jafnvægi í byggð landsins nema mismuna þannig, að meira verði gert fyrir þá staði, sem efla þarf, en hina.

Efling byggðajafnvægis er í framkvæmd margslungið viðfangsefni. Ekki tjóar að láta til sín taka hluta vandamálsins. Venjulega þurfa að koma til samverkandi aðgerðir á ýmsum sviðum, svo sem á vettvangi samgöngumála, atvinnumála, skólamála, heilbrigðismála og félagsmála.

Í allri viðleitni til eflingar byggðajafnvægi kreppir nú skórinn ekki síst að í húsnæðismálunum. Víða úti um land skortir nú íbúðarhúsnæði. Þetta á einkum við þróttmikla útgerðarstaði. Þar er húsnæðisskorturinn þess eðlis, að hann kemur í veg fyrir fólksflutninga til þessara staða, sem annars væri grundvöllur fyrir. Þetta er á stöðum, þar sem skortir fólk á vinnumarkaðinn, til þess að framleiðslutækin, sem þar eru þegar fyrir hendi, verði fullnýtt og rekin með eðlilegum hætti. Á þessum sömu stöðum eru víða hinar hagkvæmustu aðstæður til frekari atvinnuuppbyggingar. Þar sem svo háttar til, getur því verið hinn ákjósanlegasti grundvöllur til eflingar byggðajafnvægi í landinu, ef ýtt er undir fólksflutninga til þessara staða frá þeim landssvæðum, þar sem fjölmenni hefur raskað eðlilegu byggðajafnvægi.

Til að hagnýta þennan grundvöll til eflingar byggðajafnvægi þarf aðgerðir, sem koma í veg fyrir, að húsnæðisskortur hindri búsetuskipti fólks, sem vill leita til

þessara staða í atvinnuskyni. Þessar aðgerðir þurfa og að vera þess eðlis, að þær í sjálfu sér örvi til þessara fólksflutninga. Þess vegna eru ekki önnur úrræði í þessu máli en að gera mögulegt, að íbúðarlán, sem veitt eru til þessara staða, verði hærri og hagkvæmari en almennt gerist.

Þetta þarf að gilda um öll íbúðarhús, sem veitt eru til þeirra byggðarlaga, sem njóta þessarar aðstoðar. Ekki er t. d. nægilegt að binda þessi sérstöku lán við byggingu leiguíbúða. Á þessum stöðum eru leiguíbúðir að vísu nauðsynlegar, en þær leysa ekki allan vandann. Engin frambúðarlausn fæst, nema öllum, sem byggja íbúðarhús, séu veitt þessi lán. Ekki á þetta síst við um þá, sem vilja koma sér upp eigin íbúðum, svo sem algengast er um landsmenn. Mest er um vert að ýta undir íbúðarhúsabyggingar einstaklinga á þessum stöðum, því að það eru einstaklingarnir, sem eru driffjöðrin í þessum framkvæmdum í landinu. Hins vegar hefur í þessum efnum reynst sá Þrándur í Götu, að einstaklingar hafa oft veigrað sér við að byggja sér íbúðir á mörgum þeim stöðum, þar sem þessi sérstaka aðstoð í húsnæðismálunum þarf einmitt að koma til. Menn hafa óttast, að fjármunir þeir, sem þeir legðu í íbúðarbyggingar á þessum stöðum, rýrnuðu í verði vegna ótryggrar framtíðar viðkomandi staða. Þeir hafa óttast, að þeir gætu ekki selt íbúðir sínar á kostnaðarverði eða í eðlilegu samræmi við almennt verðlag, ef þeir þyrftu að selja þær, t. d. vegna brottflutnings. Gegn þessum vanda verður ekki snúist, nema þessir menn fái nokkra tryggingu fyrir því, að þeir bíði ekki tjón af framtaki sínu, sem er þjóðfélaginu svo mikilvægt til eflingar byggðajafnvægi.

Íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, gerir frumvarp þetta ráð fyrir, að í lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins komi nýr kafli, er fjalli um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi. Þar segir, að ríkisstjórnin geti ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórnar sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins, sem aðstoðar er þörf, til eflingar byggðajafnvægi í landinu. Lagt er til, að stjórn Byggðasjóðs sé kvödd til ráða um slíkar ákvarðanir. Þarf þá að meta, hvort aðstoðar er þörf og hvort aðstoð kemur að tilætluðum notum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Enn fremur getur þurft að meta, hvaða staðir hafi forgang eða í hvaða röð hin einstöku byggðarlög hljóta aðstoð þessa, ef ekki verður hægt að sinna öllum réttmætum umsóknum samtímis.

Frumvarpið kveður svo á um form þeirrar aðstoðar, sem veita skal: Ákvörðun um aðstoð á að gilda fyrir 4 ár í senn. Hér er reiknað með ákveðnu framkvæmdatímabili hliðstætt því, sem lög mæla nú fyrir um aðstoð úr Byggingarsjóði verkamanna, til að koma við skipulegum vinnubrögðum og áætlunargerð um að ná settum áfanga í íbúðabyggingum. Á þessu tímabili skal veita í viðkomandi sveitarfélag sams konar lán og veitt eru nú úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúða, sem byggðar eru á vegum framkvæmdanefndar Byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholtinu í Reykjavík. Þessi sérstöku íbúðarlán á að veita öllum byggingaraðilum, bæði til byggingar eigin íbúða og leiguíbúða, hvort sem það eru einstaklingar, byggingarfélög eða viðkomandi sveitarfélag sjálft. Hin sérstaka aðstoð er fólgin í því, að lán þessi eru að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúðar og eru til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum. Hér er um að ræða miklum mun betri lán en hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins. Þau lán, sem nú eru ákveðin 800 þús. kr. á hverja íbúð, nema naumast 40% af byggingarkostnaði meðalstórrar íbúðar og eru einungis til 25 ára og með engum afborgunarfresti.

Hlutverk Byggðasjóðs.

Til að mæta fjármagnsþörf Byggingarsjóðs ríkisins vegna framangreindra íbúðarlána til eflingar byggðajafnvægi er í frumvarpinu lögð sú skylda á Byggðasjóð að kaupa skuldabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands er heimilt að gefa út til öflunar fjár í Byggingarsjóðinn. Þessi skuldabréfakaup Byggðasjóðs hljóta að nema verulegri

fjárhæð á ári hverju, ekki undir 300—400 millj. kr., ef miðað er við, að íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi verði ekki til færri en 200—300 íbúða árlega. Með tilvísun til þess, sem áður segir um mikilvægi þessara aðgerða, getur ráðstöfunarfé Byggðasjóðs ekki verið betur varið miðað við tilgang sjóðsins en að standa undir því, sem sérstaklega er gert í húsnæðismálunum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Ef hins vegar kann að þykja nauðsynlegt að auka tekjur Byggðasjóðs í þessu skyni, þá er það aðgerð, sem krefst forgangs.

Verðtrygging íbúða.

Þá felur frumvarpið í sér ákvæði um verðtryggingu þeirra íbúða, sem hin sérstöku lán til eflingar byggðajafnvægi hafa verið lánuð út á. Þessi verðtrygging er til góða upphaflega lántakendum, en nær ekki til eigenda íbúðanna, sem síðar kunna að verða. Er verðtryggingin í því fólgin, að Byggingarsjóði ríkisins er að beiðni lántakanda gert skylt að yfirtaka viðkomandi íbúð, ef 5 ár eru liðin frá lántöku og lánið er ekki greitt að fullu. Skal þá kaupverð íbúðar nema byggingarkostnaði að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu að frádreginni fyrningu að mati dómkvaddra manna. Þessa verðtryggingu er ekki skylt að láta í té, ef sveitarfélag er lántakandi.

Ekki er gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins hafi eignarhald til frambúðar á þeim íbúðum, sem hann yfirtekur. Sjóðnum er gert skylt að selja þessar íbúðir á hæsta fáanlegu verði. Hins vegar er ekki heimilt, að söluverð þessara íbúða sé lægra en nemur byggingarkostnaði, nema sveitarfélag sé kaupandi.

Til að mæta tapi, sem Byggingarsjóður kann að verða fyrir vegna mismunar á kaupverði og söluverði hinna verðtryggðu íbúða, kveður frumvarpið svo á, að ráðstafa skuli fjárhæð, sem svarar tekjum af 1% lántökugjaldi, sem sjóðurinn tekur nú samkvæmt lögum af öllum útlánum sínum. Erfitt er af augljósum ástæðum að gera sér grein fyrir, hve miklu Byggingarsjóður kann að tapa við framkvæmd verðtryggingarinnar. Það hlýtur að fara mikið eftir árangri þeirra aðgerða, sem gerðar eru samkvæmt þessu frumvarpi. Ef vel tekst til, eru líkur fyrir því, að fólksflutningur til staða, sem njóta verðtryggingarinnar, stuðli þar að hækkun húsaverðs eða geti komið í veg fyrir óeðlilega lágt verðlag húsa. Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um, hvað heimilt er að verja miklu fjármagni vegna verðtryggingarinnar. Þess vegna er lagt til, að fjárhæð, sem svarar lántökugjaldi Byggingarsjóðsins, megi verja í þessu skyni.

Í bili þarf aftur á móti ekkert fjármagn vegna verðtryggingarinnar. Samkvæmt ákvæðunum um verðtryggingu getur hún ekki komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir 5—6 ár, frá því að frumvarp þetta verður að lögum. Ekki er óvarlegt að reikna með, að það fjármagn, sem lántökugjaldið gefur á þessu tímabili, verði orðið samtals að minnsta kosti 100 millj. kr., þegar komið getur til útgjalda að ráði vegna verðtryggingarinnar. Nauðsyn ber hins vegar til að hafa hliðsjón af þessari nýju fjármagnsþörf vegna verðtryggingarinnar, þegar hinir almennu tekjustofnar íbúðalánakerfisins verða efldir, eins og augljóslega þarf að gera, þótt hér séu ekki settar fram tillögur um það efni, þar sem enn þykir rétt að láta reyna á, hvort félagsmálaráðherra stendur við margítrekuð loforð um að gera það.

Efling Byggingarsjóðs verkamanna.

Auk hins nýja kafla um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi, sem frumvarp þetta fjallar um, felur það í sér breytingar varðandi tvö önnur atriði. Er þar um að ræða hækkun á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna og hækkun á fjárhæð hinna almennu íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins.

Í meir en 40 ár hefur ríkissjóður greitt árlega framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem verið hefur jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til Byggingarsjóðsins hafa verið á ári hverju. Eftir að gagngerð breyting var gerð á verkamanna-

bústaðakerfinu árið 1970, komu í ljós erfiðleikar í fámennum sveitarfélögum á framkvæmd þessara mála. Kom það til af því, að byggingarframkvæmdum eru sett takmörk, sem miðast við framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna. Samkvæmt þessum ákvæðum mátti hámarksframlag sveitarfélaga ekki vera hærra en sem svaraði 400 krónum á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta hámarksframlag reyndist vera of lágt í fámennum sveitarfélögum, til þess að við yrði komið nægilega miklum og hagkvæmum byggingarframkvæmdum. Til að bæta úr þessu var samþykkt á síðasta þingi, að hámark framlagsins skyldi vera 1200 krónur í stað 400 króna.

Þrátt fyrir þessa bragarbót, sem þýddi, að möguleikar til framkvæmda þrefölduðust, hefur komið í ljós, að ekki var nóg að gert. Þar að auki hefur komið til, að sveitarfélögin hafa átt erfitt með að standa undir greiðslubyrði sinni vegna byggingar verkamannabústaða. Afleiðingin hefur orðið sú, að verkamannabústaðir hafa ekki verið byggðir í eins ríkum mæli og þurft hefði. Til að bæta úr þessu er ekki ráð að leggja þyngri byrðar á sveitarfélögin en gert hefur verið miðað við óbreytta tekjustofna þeirra og verkefni. Þess vegna er lagt til í þessu frumvarpi, að Byggingarsjóður verkamanna verði fjármagnaður af ríkissjóði að ¾ hlutum og af sveitarsjóðum að ¼ hluta.

Þessi breyting felur í sér þreföldun á upphæð framlags ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þannig er á fjárlögum þessa árs framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna ákveðið 63 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögunum. Hér er því um að ræða 126 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þetta þýðir, að ráðstöfunarfé til byggingar verkamannabústaða gæti tvöfaldast, án þess að aukið sé framlag sveitarfélaganna.

Gera má ráð fyrir, að þessi breyting á hlutfalli framlaga til sjóðsins stórauki byggingu verkamannabústaða, þar sem frumkvæði þessara framkvæmda er samkvæmt lögum í valdi sveitarstjórna. Með slíkum ráðstöfunum verður best unnið að húsnæðismálum láglaunafólks, þar sem lánskjör Byggingarsjóðs verkamanna eru þau langt um bestu, sem völ er á.

Hækkun almennra íbúðarlána.

Þá felur frumvarpið loks í sér breytingu á hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr kr. 800 000.00 í kr. 1 200 000.00 til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þegar lögfest var 600 þús. kr. hámarksupphæð í maí 1970, var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig, en er nú orðin 913 stig eða hefur hækkað síðan um 108%. Miðað við þessa hækkun byggingarkostnaðarins er það algjört lágmark að hækka lánin í 1200 þús. kr., ef þau eiga að halda raungildi sínu. Það er því ekki nægileg sú hækkun upp í 800 þús. kr., sem síðasta Alþingi samþykkti. Frumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu ófremdarástandi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að lánsfjárhæðin er ákveðin kr. 1 200 000.00 í stað kr. 800 000.00. Er þessi breyting gerð til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, sem orðið hafa, frá því að gildandi lög voru sett í maímánuði 1970.

Enn fremur er hér um að ræða þá breytingu, að húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæðinni árlega í stað á tveggja ára fresti, svo sem nú er.

Um 2. gr.

Um grein þessa skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir sendi ríkisstjórninni umsóknir um aðstoð til eflingar byggðajafnvægi.

Um 4. gr.

Í grein þessari felst, að aðstoð ríkisvaldsins er við það miðuð, að sköpuð séu húsnæðisskilyrði fyrir fólk, svo að það geti flust til staða, sem búa við vinnuaflsskort. Aðstoðin er veitt á þeirri forsendu, að fólksfjölgun viðkomandi staðar stuðli að eflingu byggðajafnvægis.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðstoð til eflingar byggðajafnvægi gildi fyrir næstu 4 ár. Skulu á því tímabili gilda þau lánskjör, sem tilgreind eru í þessari grein. Eiga þessi lánskjör við öll lán samkvæmt 1. og 3. mgr. A-liðar 8. greinar.

Að loknu þessu fjögurra ára framkvæmdatímabili getur sveitarstjórn á ný sótt um aðstoð til eflingar byggðajafnvægi samkvæmt 4. gr.

Um 6. gr.

Hér er Byggðasjóði gert að kaupa bankavaxtabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands gefur út og selur til öflunar fjár í Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 5. gr. laganna. Er hér um hliðstætt ákvæði að ræða og gildir um Atvinnuleysistryggingasjóð og tryggingarfélög, sbr. 6. gr. laganna. En kaup Byggðasjóðs eru ekki vegna hinna almennu fjárþarfa Byggingarsjóðs ríkisins, heldur til að mæta hinum sérstöku þörfum til eflingar byggðajafnvægi.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um verðtryggingu íbúða til handa húsbyggjendum í þeim byggðarlögum, sem njóta aðstoðar til jafnvægis í byggð landsins. Réttur húsbyggjenda verður ekki virkur, fyrr en 5 ár eru liðin frá töku íbúðarlánsins, og fellur niður, þegar lánið er að fullu greitt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur við sölu íbúðar. Rétt til verðtryggingar hafa allir, sem lán hafa tekið samkvæmt þessum kafla laganna, nema sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir í 2. mgr., að Byggingarsjóður hafi ekki til frambúðar eignarhald á íbúðum, sem hann hefur þurft að yfirtaka vegna verðtryggingarinnar. Þó er sjóðnum ekki heimilt að selja slíkar íbúðir undir byggingarkostnaði, nema viðkomandi sveitarfélag sé kaupandi.

Í 3. mgr. er kveðið á um, hvernig mæta skuli tapi Byggingarsjóðs ríkisins vegna framkvæmdar á verðtryggingunni. Er heimilað, að sjóðurinn verji í þessu skyni upphæð, sem svarar allt að samanlögðum tekjum hans af 1% lántökugjaldi, sem öllum lántakendum sjóðsins er gert að greiða. Ekkert tap getur komið til greina fyrir Byggingarsjóðinn fyrr en eftir 5—6 ár frá gildistöku þessarar ákvæða um verðtryggingu.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða breytingu til samræmis við breytingu samkvæmt 10. gr.

Um 10. gr.

Þessi breyting felur í sér, að fallið er frá þeirri reglu, sem nú er í lögum, að ríkissjóður og sveitarfélög greiði til helminga framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. Hér er tekin upp sú regla, að ríkissjóður greiði ¾ og sveitarfélög ¼.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 223. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

2. málsl. 1. gr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr. 97 20. des. 1972.

Greinargerð.

Með lögum nr. 97 20. des. 1972, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, var breyting gerð á 2. málslið 1. gr. l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands á þann veg, að frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi mætti vera allt að 2¼% í stað 1% áður, en flestar þjóðir heims höfðu þá tekið upp frávik að þessu marki með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Með brbl., sem sett voru 14. júní s. l., var Seðlabankanum veitt heimild með samþykki ríkisstjórnarinnar til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, en lögin áttu að falla úr gildi í árslok 1973. Í stað þess að framlengja þetta bráðabirgðaákvæði, um leið og bráðabirgðalögin eru staðfest á Alþingi, þykir fjárhags- og viðskiptanefnd eðlilegra, að höfðu samráði við viðskiptaráðherra og bankastjóra Seðlabankans, að leggja fram nýtt frumvarp um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, og afnema úr lögum bæði þau efri og neðri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, og fela þá ákvörðun á vald ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands, miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi eru í gjaldeyrismálum og útlit er fyrir, að haldast muni nú um skeið.

Nd. 224. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur margrætt frv. á fundum sínum, auk þess sem sameiginlegir fundir hafa verið haldnir með sjávarútvegsnefnd Ed.

Nefndir útvegsmanna og sjómanna hafa komið til fundar við nefndina, m. a. komu fulltrúar af öllu landinu frá aðalfundi L. Í. Ú., þar sem þeir lögðu fram tillögur sínar í smáatriðum, sem samkomulag hafði tekist um hjá þeim.

Voru tillögur þeirra, svo og margra annarra, hafðar til hliðsjónar í störfum nefndarinnar, auk allra þeirra gagna, sem fiskveiðilaganefnd hafði aflað sér í sínum störfum.

Nefndin hefur orðið sammála um að flytja sameiginlegar breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.
Stefán Gunnlaugsson, fundaskr.
Björn Pálsson.
Guðl. Gíslason.
Karvel Pálmason.
Pétur Sigurðsson.
Jón Skaftason.

Nd. 225. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. komi: Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir sérsmíðaðir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.
   b. Við A. 4. Í stað „4ra sjómílna“ komi: 3ja sjómílna.
   c. Við B. 1. Í stað orðanna „réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.)“ komi: réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.).
   d. Við B. 1. Í stað „6 sjómílna“ komi: 4ra sjómílna.
   e. Við C. 1, 2. og 3. Í stað orðanna „réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.)“ komi: réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.).
   f. Við C. 3 bætist: Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), og að línu sem hugsast dregin réttvísandi suður frá Hálsaskerjum, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.
   g. Við C. 5. Í stað „6 sjómílna“ komi: 4ra sjómílna.
   h. Á eftir lið C. 5 komi nýr liður, sem verður C. 6 og orðast svo:
      Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur af Hvalsnesi, að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalsnesi, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.
   i. Nýr liður, C. 7, orðist svo:
      Frá 17° v.l. að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.
   j. Við D. 2. Liðurinn orðist á þessa leið: Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Reykjanesaukavita, er öllum skipum heimilt að veiða á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972.
   k. Nýr liður, D. 6, bætist við, svo hljóðandi:
      Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ v.l. og að vestan af lengdarbaug 22°32′ v.l.
   l. Nýr liður, D. 7, bætist við, svo hljóðandi:
      Á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, og að vestan af 21° v.l., er öllum skipum heimilt að

veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember

m. Við E. 1. Í stað „12 sjómílur“ komi: 6 sjómílur.

n. Við F. 2. Liðurinn orðist svo:
Á svæði, sem takmarkast að sunnan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (sjá F. 1.) og að norðan af 65°05′ n.br., er auk þess heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu, skv. reglugerð nr. 189/1972.

2. Við 7. gr. Við greinina bætist: Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að ákveða hámarkshlutfall smáfisks af afla veiðiskipa, sem landa má úr hverri veiðiferð, og viðurlög við brotum á þeim reglum.

3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „sem landa má“ komi: og um búnað veiðarfæra á þilfari skuttogara, sem eru í fiskveiðilandhelgi, þar sem þeim er óheimil veiði.

4. Við 10. gr.
a. Við 1. tölulið. Orðin „fyrir eitt ár í senn“ falli niður.
b. Við 1. tölulið. Setningin „og gilda leyfin fyrir eitt veiðitímabil í senn“ falli niður.
c. Niðurlag 1. töluliðs frá og með orðunum „Heimild þessi“ falli niður.
d. Við 4. tölulið. Orðin „eingöngu“ í 1. málslið falli niður.
e. Við 4. tölulið. Á eftir orðinu „nauðsynleg“ í 2. málslið hljóði niðurlagið svo: þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til Landhelgissjóðs Íslands, ef hann fer fram úr ákveðnum hluta af heildarafla.
f. Við 5. tölulið. Á eftir orðinu „veiðarfæri“ í 2. málslið komi orðin: umfram ákveðið hlutfall af heildarafla.
g. Við 5. tölulið. Í stað orðanna „til ríkissjóðs“ í lok 2. málsliðar komi: til Landhelgissjóðs Íslands.

5. Við 11. gr.
a. 2. og 3. töluliður verði sameinaðir í 2. tölulið, sem verði svo hljóðandi: Ef um er að ræða skip frá 106—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 4000—20000 gullkr.
b. 4. og 5. töluliður verði sameinaðir í 3. tölulið, sem verði svo hljóðandi: Ef um er að ræða skip frá 351 brúttó rúmlest og stærri, skulu sektir nema 15000—60000 gullkr.

6. Við 14. gr. Í stað orðanna „að 2 árum“ í 1. málslið komi: að 6 mánuðum.

Ed. 226. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. 1. mgr. Í stað „1. júní 1974“ komi: 1. október 1974.

Alþingi, 10. des. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. — Helgi F. Seljan, fundaskr. — Páll Þorsteinsson.
Eggert G. Þorsteinsson. — Auður Auðuns. — Steingr. Hermannsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. **227. Frumvarp til laga** [160. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggignar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 11. gr. almannatryggingalaga komi:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem orðnir eru 67 ára eða eldri og átti hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs.

Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri.

Nú hefur maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, og á hann þá rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu.

Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá því að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, hefur réttur til ellilífeyris verið bundinn við 67 ára aldur. Þetta er þó engan veginn hið eina sjálfsagða aldursmark, er miða beri við réttinn til ellilífeyristöku. Allt eins gæti komið til greina 65 ára aldursmark sem almenn regla, ef menn teldu þjóðfélagsgetu gera slíkt kleift. Þá er það engan veginn sjálfgefið, að sama aldursmark skuli gilda fyrir allar starfsstéttir. Má benda á, að víða erlendis fá námumenn t. d. ellilífeyri miklu fyrr en aðrar starfsstéttir. Í þessu tilfelli vill flm. þessa frv. líta á sjómenn sem okkar „námumenn".

Í frumvarpinu er ekki breytt almennu reglunni um 67 ára aldursmarkið, heldur lagt til, að það haldist óbreytt enn um sinn.

Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá almennu reglunni: Þeirri fyrst, að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið 35 ár eða lengur á sjónum, öðlist fullan rétt til ellilífeyris, er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af þjóðfélagsins hendi til þeirra manna, sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar og eru oftast orðnir slitnir menn, þegar 50—55 ára aldri er náð. Ætti að vera óbarft að fara um það fleiri orðum.

Um þá menn, sem starfað hafa 40 ár eða lengur á sjónum, þarf naumast heldur að fjölyrða. Þeir eiga vissulega fárra kosta völ, þegar á land er komið, og væri næsta ósæmilegt að ætla þeim að draga fram lífið á einföldum ellilífeyri. Fyndist flm. það viðurkenning í allra rýrasta lagi fyrir slíkt ævistarf. Þess vegna er lagt til, að þeir eigi rétt á tvöföldum ellilífeyri.

Hin undantekningin frá almennu reglunni varðar ekkjurnar. Þeirra þjóðfélagsaðstaða er þannig, að flestir munu fallast á réttmæti og nauðsyn þess, að samfélagið létti undir með þeim á einhvern hátt, er aldur færist yfir þær. Möguleikar þeirra á atvinnusviðinu eru sjaldnast miklir eða margbreytilegir, eftir að sextugsaldri er náð. Þess vegna telur flm. rétt, að ekkjur njóti einnig undantekningar frá almennu reglunni um ellilífeyrisrétt frá 67 ára aldri.

Með því að sveigja á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, í tveimur tilvikum frá hinu allt of einstrengingslega 67 ára aldursmarki varðandi ellilífeyri, eru tekin **mannleg tillit**, sem sómi væri að að lögfesta á Íslandi, og þó er víst, að það hefur ekki meiri kostnað í för með sér en svo, að íslenskt þjóðfélag fær vel undir því risið.

Flm. hefur fyrir nokkrum árum flutt frv. samhljóða þessu. Að því sinni fékk það ekki náð fyrir augum Alþingis, og skal því enn reynt að fá þessa sanngjörnu og sjálfsögðu umbót á tryggingalöggjöfinni lögfesta.

Ed. 228. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til laga um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

2. gr. verði svo hljóðandi:

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera samtals í eign ríkisins og sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu.

Sveitarfélögunum í Austur-Barðastrandarsýslu skal standa til boða að kaupa hluta af hlutafjáreign ríkisins með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin setur.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

Sþ. 229. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

I. Frá *Gils Guðmundssyni, Eysteini Jónssyni, Hannibal Valdimarssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Gunnari Gíslasyni, Bjarna Guðnasyni, Eggert G. Þorsteinssyni* og *Friðjóni Þórðarsyni.*

Við 4. gr. 1 02 101. Nýr liður:	Þús. kr.
10 Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 000

II. Frá *Ragnhildi Helgadóttur.*

Við 4. gr. 1 02 988 05 Bandalag ísl. skáta.
Fyrir „600“ kemur 1 100

III. Frá *Ellert B. Schram.*

1. Við 4. gr. 1 02 989 02 Íþróttasamband Íslands.
   Fyrir „7 639“ kemur 18 000
2. Við 6. gr. VII. lið. Liðurinn orðist svo:
   Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða allt að einni krónu til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka.

Sþ. 230. Fyrirspurn [161. mál]

til viðskiptaráðherra um endurskoðun á skipulagi olíusölunnar í landinu.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Hvað líður endurskoðun á skipulagi olíusölu í landinu?
2. Hvenær er þess að vænta, að hugsanleg endurskipulagning á olíudreifingunni geti komið til framkvæmda?

Ed. 231. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. bætist: Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.
2. Við 3. gr.
   a) Í stað „Til stofnunar“ í upphafi greinarinnar komi: Vegna stofnunar.
   b) Upphaf 3.7 orðist svo:
   Að styrkja byggingu hafnar við Karlsey skv. 7. gr. og 3. lið 19. gr. hafnalaga, nr. 45/1973 o. s. frv. óbreytt.
3. 5. gr. orðist svo:
   5.1. Eftirgreind frávik frá lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu heimil:
   a) Íslenska ríkið og þeir aðilar aðrir, sem gerast hluthafar í fyrirtækinu skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins án tillits til 2. málsliðar 2. mgr. 4. gr. fyrrnefndra laga.
   b) Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málsliðar 2. mgr. 4. gr. sömu laga.
   c) Tala hluthafa skal óháð 38. gr. laganna.
   d) Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr., 31. gr. laganna skal ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.
   5.2. Hlutabréf í félaginu skulu stíluð á nafn og undanþegin stimpilgjaldi.
4. 6. gr. orðist svo:
   6.1. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. A. m. k. einn aðalmaður og ein varamaður í stjórn félagsins skal vera búsettur í Austur-Barðastrandarsýslu. Heimilt er, að einn aðalmaður og einn varamaður sé erlendur ríkisborgari og búsettur erlendis.
   6.2. Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnin skiptir með sér verkum.
5. Við 7. gr. bætist:
   Iðnaðarráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd 1. málsgreinar og skal sú reglugerð sett að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Jafnframt skal efla vísindalegt eftirlit og rannsóknir á þörungamiðum og dýralífi á Breiðafirði á vegum opinberra rannsóknastofnana.
6. 8. gr. fellur niður.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Björn Fr. Björnsson og Geir Hallgrímsson.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.
Ragnar Arnalds.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 232. Frumvarp til laga [162. mál]

um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkið ábyrgist samkvæmt lögum þessum greiðslu á launakröfum á hendur vinnuveitenda, sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota.

2. gr.

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Sama gildir um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi svo og orlofsgreiðslur.

Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta vegna vanskila á greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi.

Launþegi, sem hlut á í fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, getur þó ekki fengið greiðslu úr ríkissjóði á launum hjá því fyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Sama á við um forstjóra fyrirtækis, þótt hann eigi ekki hlut í því, svo og þá, sem setið hafa í stjórn gjaldþrotafélags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.

Ráðherra getur þó ákveðið með reglugerð, að 3. mgr. greinar þessarar taki ekki til þeirra, sem eiga aðeins óverulegan tiltekinn hlut í hlutafélagi eða fyrirtæki og fara ekki með umboð annarra hluthafa.

Greiðsla samkvæmt grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið þreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 27. des. 1971.

3. gr.

Ábyrgðin tekur einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti. Þetta gildir þó ekki um bú, sem reynast eignalaus og innköllun því ekki gefin út. Krafa um ábyrgð vegna ógreiddra vinnulauna í slíkum búum skal gerð eigi síðar en ári eftir að skiptameðferð lýkur. Í þessum tilvikum skal réttmæti launakröfu sannað með þeim hætti, sem ráðuneytið metur gildan.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið innir af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða samkvæmt lögum þessum. Þegar greiðsla er innt af hendi samkvæmt reglum þessara laga, skal halda eftir því, sem skylt er, á sama hátt og við útborgun launa hjá vinnuveitanda.

Ráðuneytið má eigi inna af hendi greiðslu fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið og eigi heldur fyrr en krafa launþega er komin í gjalddaga. Greiðslu á kröfu til launa í uppsagnarfresti má inna af hendi mánaðarlega eftir á, uns hún er að fullu greidd. Gagnkröfur, sem til greina ber að taka við launagreiðslur samkvæmt lögum, skulu dregnar frá greiðslum samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Kröfur á hendur ríkissjóði um greiðslu á launum samkvæmt lögum þessum ber að senda félagsmálaráðuneytinu innan árs frá lokum innköllunarfrests í þrotabúinu, sbr. þó 3. gr.

6. gr.

Kröfu, sbr. 5. gr., skulu fylgja upplýsingar skiptaráðanda um þau atriði, sem varða réttmæti kröfu og skilyrði þau, sem sett eru í lögum þessum fyrir því, að greiða beri kröfuna úr ríkissjóði.

7. gr.

Ráðuneytið annast greiðslu þeirra krafna, sem því berast, sbr. 5. gr., og fullnægja skilyrðum laganna um greiðsluskyldu innan fjögurra vikna frá því að krafan barst ráðuneytinu.

Nú telur ráðuneytið vafa leika á réttmæti kröfu, og getur það þá krafist þess, að kröfuhafi láti því í té úrskurð skiptaréttar um réttmæti hennar.

8. gr.

Ríkissjóður á rétt til endurgreiðslu úr þrotabúi skuldara á þeim fjárhæðum, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem eignir búsins hrökkva til samkvæmt úthlutun skiptaráðanda. Endurkrafa ríkissjóðs nýtur sama forgangsréttar í þrotabúinu sem sú krafa, er hann leysti til sín. Fyrnist sá réttur ekki, meðan endurkrafan er ófyrnd.

Ráðuneytið tilkynnir skiptaráðanda um greiðslur, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Nú framselur launþegi kröfu, sem um ræðir í 2. gr., og glatast þá réttur til greiðslu úr ríkissjóði, nema krafan hafi verið framseld hlutaðeigandi samtökum atvinnurekenda eða launþega, eftir að úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp.

10. gr.

Hafi launþegi gefið rangar upplýsingar eða þagað um atriði, sem máli skipta í sambandi við greiðslu úr ríkissjóði, ber launþega að endurgreiða það, sem hann hefur ranglega fengið.

Sé um vítavert athæfi að ræða, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

11. gr.

Opinber stjórnvöld, vinnuveitendur og stéttarfélög skulu eftir beiðni ráðuneytisins veita upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu samkvæmt lögunum.

12. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir löggjöf, sem tryggi, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þessar launagreiðslur og inni þær af hendi að fullnægðum þeim skilyrðum, sem sett eru í frumvarpinu um greiðslu á launum við gjaldþrot.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sem sett voru í Svíþjóð 11. desember 1970 og gengu í gildi 1. janúar 1971. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af dönskum lögum um þetta efni frá 13. apríl 1972 og uppkasti að frumvarpi um þetta efni í Noregi.

Í sænsku lögunum er gert ráð fyrir því, að ríkið annist greiðslur launaskulda vinnuveitenda, sem verða gjaldþrota. Um fjáröflun í þessu skyni gilda í Svíþjóð sérstök lög frá 11. des. 1970, sem gera ráð fyrir sérstökum skatti, sem lagður er á vinnuveitendur og rennur í sérstakan sjóð, sem endurgreiðir ríkissjóði útlagðan kostnað vegna laganna.

Í dönsku lögunum er gert ráð fyrir Tryggingasjóði launþega, sem ætlað er það hlutverk að tryggja kröfur launþega við gjaldþrot og þegar stöðvun verður á

atvinnurekstri, enda sé þá sannað, að vinnuveitandi sé ekki fær um að greiða kröfuna. Að þessu leyti eru ákvæði dönsku laganna rýmri en sænsku lögin, sem aðeins gera ráð fyrir ábyrgð á greiðslu launa, þegar um gjaldþrot er að ræða. Í dönsku lögunum er gert ráð fyrir, að vinnuveitendur greiði sérstakt gjald til sjóðsins, eins og sænsku lögin gera líka ráð fyrir. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum Viðbótarlífeyris vinnumarkaðarins samkvæmt dönsku lögunum, en í sænsku lögunum segir, að ábyrgðargreiðslur skuli inntar af hendi af því stjórnvaldi, sem konungur ákveður.

Í norska uppkastinu að lögum um ríkisábyrgð á launakröfum í sambandi við gjaldþrot o. fl. er gert ráð fyrir sérstökum skatti á atvinnurekendur til þess að standa undir útgjöldum vegna laganna og skattur þessi verði viðbótarskattur til almannatrygginganna. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði kröfurnar. Í þessu frumvarpi, er gert ráð fyrir enn rýmri ákvæðum varðandi þessar launagreiðslur en í dönsku lögunum.

Það er mjög erfitt að gera grein fyrir þeim kostnaði, sem legðist á ríkissjóð, ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, yrði lögfest. Þetta er áreiðanlega mjög breytilegt eftir því, hvernig árar hjá atvinnuvegum þjóðarinnar. Í stað þess að lögfesta sérstakt gjald til þess að standa undir þessum kostnaði væri eðlilegt að hækka launaskatt þann, sem innheimtur er. Þess má geta í þessu sambandi, að í Norðurlandaráði hefur verið lagt til, að fjár sé aflað í þessu skyni með eins konar launaskatti, sem væntanlega væri nægilegt að næmi 0,5%, eins og segir í Medlemsförslag om löneskydd ved konkurs (19. session 1971).

Hér er ekki gert ráð fyrir sérstökum sjóði og sjóðsstjórn til þess að fara með málið. Hins vegar er lagt til, að launin verði greidd beint úr ríkissjóði eftir ávísun félagsmálaráðuneytisins. Væntanlega er þessi skipan einföld í framkvæmd og ekki eins kostnaðarsöm og rekstur sérstakrar stofnunar í þessu skyni.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 1. gr. sænsku laganna.

Eins og áður segir eru dönsku lögin rýmri en hér er gert ráð fyrir, þar eð þau gera ráð fyrir launagreiðslum, þótt ekki sé um gjaldþrot að ræða, ef atvinnurekstur er stöðvaður, enda sé þá sannað, að vinnuveitandi sé ekki fær um að greiða kröfuna. Slík sönnun er varla óyggjandi, nema fyrir liggi árangurslaust fjárnám, sem veitir fjárnámshafa rétt til að krefjast gjaldþrotaskipta hjá skuldara. Þar eð sænsku ákvæðin eru að þessu leyti skýrari, er lagt til, að þeim verði fylgt hér.

Vinnuveitandi er að sjálfsögðu einstaklingur, félag og hvers konar fyrirtæki.

Um 2. gr.

Grein þessi er að efni til að mestu samhljóða 2. gr. sænsku laganna, en í 3. mgr. er þó hér lagt til, að launþegi, sem á hlut í fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, geti ekki fengið greiðslu úr ríkissjóði á launum hjá því fyrirtæki, sbr. athugasemdir við 2. gr. í frumvarpi að dönsku lögunum. Hér er þó enn fremur lagt til, að sama gildi um forstjóra fyrirtækis, þótt hann eigi ekki hlut í því, svo og þá, sem setið hafa í stjórn gjaldþrota félags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Nokkur vafi getur verið á því, hvort launakröfur síðast nefndra aðila eru forgangskröfur í þrotabú, en hvort sem svo er eða ekki sýnist ástæðulaust, að ríkissjóður ábyrgist þær.

Að því er tekur til hluthafa er þó gert ráð fyrir, að þessi regla gildi ekki fortakslaust. Í 4. mgr. greinarinnar er því gert ráð fyrir því, að ráðherra geti með reglugerð ákveðið, að hún taki ekki til þeirra, sem eiga aðeins óverulegan tiltekin hlut í fyrirtæki eða hlutafélagi, sem þeir vinna hjá, og fara ekki með umboð annarra hluthafa. Þykir nauðsynlegt og sanngjarnt að gera þessar undantekningar frá aðalreglunni, einkum með tilliti til launþega, sem eiga smáa hluti í almenningshlutafélögum, sem þeir vinna hjá.

Í sambandi við ákvæðið um forgangsrétt er ástæða til að benda á tvennt í 8 kafla laga nr. 3/1878. Í fyrsta lagi kæmi til álita að láta kröfur þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, þ. e. vinnulaun, koma í skuldaröð næst á eftir útfararkostnaði og skiptakostnaði. Breyting var gerð á dönskum lögum í þessa átt með lögum frá 18. júní 1969. Ef þetta væri gert, yrðu launakröfur betur tryggðar en þær eru nú. Í öðru lagi væri til bóta, að í stað þess, að launakröfum er nú tryggður forgangsréttur í eitt ár, væri hann styttur t. d. í sex mánuði. Slík breyting mundi leiða til styttingar á því óreiðutímabili, sem oft er undanfari gjaldþrotaskipta. Ef þessar ábendingar yrðu teknar til greina, þyrfti að breyta skiptalögunum.

Kröfur samkvæmt 2. málslið 2. mgr. yrði ekki, eða a. m. k. ekki alltaf, forgangskröfur. Ríkisábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gæti því leitt til greiðslna, sem einungis yrði hægt að endurkrefja úr þrotabúinu sem almennar kröfur.

Um 3. gr.

Efnislega samhljóða sænsku lögunum í höfuðatriðum.

Um 4. gr.

Lagt er til, eins og fyrr greinir, að félagsmálaráðuneytið inni af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða. Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar mjög í samræmi við sænsk lög.

Um 5.—7. gr.

Greinar þessar geyma reglur, sem mæla fyrir um hlutverk ráðuneytisins við framkvæmd laganna.

Um 8.—11. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við ákvæðin í sænsku og dönsku lögunum og í norska frumvarpsuppkastinu.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 233. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 og við brtt. á þskj. 204.

	Þús. kr.
I. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*	
1. Við brtt. 204, tölul. 24. (Við 4. gr. 1 02 872. — Lánasjóður ísl. námsmanna).	
a. Fyrir „486 600“ kemur	584 600
b. Við bætist svofelld athugasemd: Fjárhæðin verði notuð til þess að mæta að fullu umframfjárþörf námsmanna samkv. mati stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.	
Til vara:	
a. Fyrir „486 600“ kemur	518 600
b. Við bætist svofelld athugasemd: Fjárhæðin verði notuð til þess að mæta 88.5% umframfjárþarfar námsmanna samkv. mati stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.	
2. Við 4. gr. 1 02 975 Vísindasjóður. Fyrir „2 000“ kemur	10 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 204, tölul. 58. Liðurinn orðast svo (leiðrétting):
Við 4. gr. 1 04 171 Jarðeignir ríkisins.
Fyrir „10 000“ kemur 12 000

Sþ. 234. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um jöfnun símgjalda.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Lárus Jónsson, Helgi F. Seljan, Pétur Pétursson, Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæðið beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda. Sérstaklega ber að stefna að því, að:

1. símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt,
2. gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega.

Greinargerð.

Í þingsályktun um milliþinganefnd í byggðamálum, sem samþykkt var í lok síðasta Alþingis, er svo fyrir lagt, að nefndin skuli leggja fram þegar í upphafi næsta þings þau mál, sem hún telur, að ekki þoli bið. Nefndin er með ýmis slík mál í athugun. Eitt af þeim málum er jöfnuður á símgjöldum íbúa dreifbýlis og þéttbýlis. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja fram tillögu til þingsályktunar um jöfnun símgjalda.

Að minnsta kosti á undanförnum þremur þingum hafa verið lagðar fram tillögur til þingsályktunar um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans, sem allar stefndu að auknum jöfnuði símgjalda.

Í greinargerð með tillögu þeirri, sem flutt var af 8 þingmönnum á tveimur síðustu þingum, sagði svo m. a.:

„Með útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi hefur landinu verið skipt í 9 svæði. Hefur hvert svæði hlotið sérstakt svæðisnúmer, frá 91 til 99. Fyrir símtöl innan hinna 9 svæða gilda hins vegar mismunandi gjaldskrár.

Á Reykjavíkursvæðinu geta símnotendur hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á einu og lægsta gjaldi. Munu það vera nálægt 40 000 númer. Auk þess eru á þessu svæði flestar opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem allur þorri landsmanna þarf að leita til.

Innan annarra svæða gildir allt önnur regla. Þar er gjald mjög breytilegt innan eins og sama svæðis. Víða getur símnotandi aðeins hringt í fáeina tugi númera á lægsta gjaldi, en verður víðast að greiða hærra gjald, þegar er hann hringir í næstu sveit.

Ört hækkandi gjald með fjarlægð veldur einnig íbúum dreifbýlisins miklum útgjöldum. Þeir þurfa að sjálfsögðu ekki síður að leita símleiðis til opinberra stofnana og fyrirtækja í Reykjavík en íbúar þess svæðis. Hins vegar er ljóst, að fyrir hina fyrrnefndu er slíkt langtum kostnaðarmeira en fyrir íbúa Reykjavíkursvæðisins.“

Þótt tillaga þessi hlyti viðtækan stuðning þingmanna við umræður á Alþingi, náði hún ekki fram að ganga. Mun í nefnd hafa verið talið, að málið þyrfti nánari athugunar við.

Milliþinganefnd í byggðamálum hefur m. a. skoðað málið á fundi með póst- og símamálastjóra. Á þeim fundi komu m. a. fram eftirgreindar upplýsingar um símgjöld.

Skrá um skiptingu símgjalda milli umframsímgjalda og ársfjórðungsgjalda á árunum 1969 til 1973.

		Umframgjöld	Ársfjórðungsgjöld lágmarksgjöld	
		þús. kr.	þús. kr.	Ath.
1969	Höfuðb.-svæðið	77 378	110 839	
	Dreifb.	73 966	52 878	
1970	Höfuðb.-svæðið	96 457	114 858	
	Dreifb.	106 923	47 445	
1971	Höfuðb.-svæðið	123 888	135 076	
	Dreifb.	142 946	59 253	
				Íbúar
1972	Höfuðb.-svæðið	150 744	154 346	106 160 1/12 '72
	Dreifb.	158 963	67 825	63 443 1/12 '72
1973	Höfuðb.-svæðið	183 974	182 918	
	Dreifb.	87 520	34 766	½ ár

Í ljós kemur, að umframgjöld í dreifbýli eru yfirleitt meira en tvöfalt hærri en hin almennu afnotagjöld. Í þéttbýli er þessu hins vegar öfugt farið. Á árunum 1969—1972 eru umframgjöldin í öllum tilfellum lægri en afnotagjöldin.

Þessi ójöfnuður stafar að sjálfsögðu af því, að á Reykjavíkursvæðinu er lengd símtala ótakmörkuð á svæði, sem nær yfir um eða yfir 40 000 númer, þar á meðal eru flestallar opinberar stofnanir og þjónustuaðilar, en í dreifbýlinu nær sú regla aðeins til símnotenda í næsta nágrenni, sem eru venjulega örfáir. Hins vegar þurfa íbúar dreifbýlisins ekki síður og raunar fremur en íbúar þéttbýlisins að leita símleiðis til opinberra stofnana og þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Hinn tölulegi samanburður á afnotagjöldum og umframgjöldum staðfestir vel þann ójöfnuð, sem þannig ríkir.

Nefndin leggur áherslu á, að jafna verður þennan ójöfnuð eins og frekast er unnt og sem fyrst. Eðlilegast virðist, að það sé gert við næstu breytingar, sem gerðar verða á gjaldskrá Landssímans.

Nefndin telur, að í þessu sambandi beri sérstaklega að stefna að tvennu:

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt, að sömu reglur gildi um símgjöld innan allra svæðanna. Í sumum tilfellum getur þó verið eðlilegra, að sá jöfnuður sé bundinn við landshluta fremur en svæðisnúmer, þar sem slíkt fer ekki saman. Að öðrum kosti nær þessi breyting ekki þeim megintilgangi að lækka kostnað við símtöl við þjónustumiðstöðvar landshlutans. Um þetta þyrfti að hafa samráð við heimamenn.

Á fundi með póst- og símamálastjóra kom fram, að vegna skorts á flutningsgetu lengri lína muni ekki kleift að ná þessu markmiði um eitt og sama símgjald innan allra svæða nema í áföngum með lækkun gjaldflokka. Nefndin efast ekki um, að þetta sé rétt, en leggur áherslu á, að stefna ber engu að síður að því, að símagjöld þeirra, sem fjærst búa frá þjónustumiðstöðvum, verði hin sömu og hinna, sem nær eru.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að lækka símgjöld úr dreifbýli við höfuðborgarsvæðið. Það er réttlætismál að auðvelda íbúum dreifbýlisins samskipti við opinberar stofnanir og þjónustumiðstöðvar.

Nefndinni þótti ekki kleift að leggja til, að umræddum jöfnuði yrði náð innan tilskilins tíma. Ljóst er, að þetta verður að gerast stig af stigi. Hins vegar leggur nefndin áherslu á, að þetta verði gert eins fljótt og frekast er unnt. Virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því, að verulegum jöfnuði verði náð á næstu þremur árum.

Sþ. 235. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 og við brtt. á þskj. 204.

	Þús. kr.
I. Frá *Benedikt Gröndal.*	
Við brtt. 204, 21. tölul. (Við 4. gr. 1 02 762. — Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla o. fl.).	
a. Við a-lið.	
Fyrir „658 406“ kemur	662 406
b. Við b-lið. Sundurliðun 16. Akranes, íþróttahús.	
Fyrir „6 027“ kemur	10 027
II. Frá *Pálma Jónssyni, Gunnari Gíslasyni, Birni Pálssyni* og *Pétri Péturssyni.*	
Við brtt. 204, 93. tölul. (Við 4. gr. 1 08 381 03. — Bygging sjúkrahúsa o. fl.). Nýr liður á eftir a. 27. b:	
Blönduós	1 000
III. Frá *Ragnari Arnalds, Gylfa Þ. Gíslasyni, Steingrími Hermannssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*	
Við 4. gr. 1 09 999 03. Liðurinn orðast svo:	
Til bladanna samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	32 000

Nd. 236. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Friðjóni Þórðarsyni, Benedikt Gröndal og Guðmundi Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Við F. 2. Liðurinn falli niður.
   b. Liður F. 3 verði F. 2.
   c. Liður F. 4 verði F. 3 og orðist svo:
      Skipum, 105 brúttórúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesvita að 24°00′ v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) og að 24°00′ v.lg. Að austan takmarkast svæðið af 24°00′ v.lg.
   d. Við bætist nýr liður, sem verður F. 4, svo hljóðandi:
      Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum vegna þeirrar sérstöðu, sem er í verstöðvum við Breiðafjörð, að fiskibátar eru flestir undir 105 tonnum að stærð og hafa byggt veiðar á grunnmiðum kringum Snæfellsnes, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

Sþ. **237. Tillaga til þingsályktunar** [164. mál]

um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Hannibal Valdimarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela Landnámi ríkisins að hafa yfirumsjón með framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar um eflingu landbúnaðar í Ögurhreppi, Reykjarfjarðarhreppi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu og jafnframt gera ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni á fjárlögum á áætlanatímabilinu.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur byggð dregist mjög saman í Norður-Ísafjarðarsýslu á undanförnum áratugum. Hafa nyrstu hreppar sýslunnar farið í eyði, og jafnframt hefur fækkað svo í fjórum hreppum Inn-Djúpsins, að þar er byggð víða í hættu. Stafar þetta m. a. af því, að býli eru þar víða smá, en tekjur af útræði hafa horfið. Einkum urðu erfiðleikar miklir á síðustu kalárum. Mönnum hefur því orðið ljóst, að gera þarf sérstakt átak til þess, að byggð fái að þróast eðlilega og eflast í Inn-Djúpinu.

Að frumkvæði heimamanna og Landnáms ríkisins var ákveðið að kanna, hvort grundvöllur væri til þess að stækka býli og efla búskap á þessu svæði öllu með sameiginlegu og samræmdu átaki. Undirtektir bænda reyndust mjög jákvæðar. Frumáætlun var því gerð og sett fram í skýrslu haustið 1972.

Landbúnaðarráðherra varð við tillögum heimamanna og Landnáms ríkisins og skipaði nefnd til þess að gera svonefnda Inn-Djúpsáætlun um eflingu landbúnaðar á svæðinu. Í nefndina voru skipaðir: Árni Jónsson landnámsstjóri, formaður, Ásgeir Svanbergsson bóndi, Þúfum, Reykjarfjarðarhreppi, Engilbert Ingvarsson bóndi, Mýri, Snæfjallahreppi, Jóhann T. Bjarnason framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og Jón Guðjónsson bóndi, Laugarbóli, Nauteyrarhreppi. Jón Ragnar Björnsson frá Landnámi ríkisins vann fyrst og fremst að áætlanagerðinni ásamt Jóhanni T. Bjarnasyni.

Áætlun þessi hefur nú verið lögð fram. Segja má, að öll býli í Ögurhreppi, Reykjarfjarðarhrepi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi hafi ákveðið að vera með í framkvæmdunum. Samtals eru það 42 býli, sem áætlunin nær til. Gert er ráð fyrir nokkuð breytilegri stækkun býla. Er fyrst og fremst farið eftir óskum bænda og aðstæðum.

Áætlunin nær til ræktunar, bústofnsaukningar, útihúsa, nokkurra íbúðarhúsa og vélakaupa. Samtals er áætlað, að framkvæmdir muni kosta 127 millj. kr. á verðlagi ársins 1972. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir því að leita eftir lánum í Stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Þegar eigin framlagi bænda, fyrst og fremst sem vinnu, er bætt við lán Stofnlánadeildarinnar, er ljóst, að um 45 millj. kr. skortir á áætlaðan kostnað. Í þeirri upphæð eru þó meðtaldir vextir á áætlunartímabilinu, sem er frá 1973 til 1978, eða 6 ár. Nemur það u. þ. b. helmingnum af ofangreindri umframfjárþörf. Er þess vænst, að Byggðasjóður láni til þessara framkvæmda. Einnig hefur verið á það minnst, að greiða mætti viðauka á afurðaverð (uppbót vegna aðstöðumunar), ekki síst á mjólk, þar sem verulegur sparnaður verður á flutningskostnaði mjólkur frá fjarlægum stöðum til Ísafjarðar og annarra þéttbýlisstaða í Norður-Ísafjarðarsýslu. Á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1974 er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 5 millj. kr. í þessu skyni. Er lögð áhersla á, að gert verði ráð fyrir slíkri fjárveitingu á fjárlögum út áætlunartímabilið.

Til þess að tryggja skipulega framkvæmd áætlunarinnar er nauðsynlegt, að einum aðila verði falið að hafa yfirumsjón með framkvæmdum. Með tilliti til þess,

að gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður viðurkenni þetta einstæða framtak með styrk á fjárlögum, virðist eðlilegt, að ríkisvaldið annist þessa yfirumsjón. Jafnframt virðist slíkt eðlilegt verkefni fyrir Landnám ríkisins. Þetta er þessari þingsályktunartillögu ætlað að tryggja.

Það framtak, sem hér um ræðir, er einstakt í sinni röð. Það er jafnframt afar mikilvægt, ekki aðeins fyrir landbúnaðinn í Inn-Djúpi, heldur einnig fyrir alla framtíð byggðar þar og raunar á nærliggjandi þéttbýlissvæði. Ef þessi tilraun tekst, sem er full ástæða til að ætla með tilliti til samstöðu bænda um framkvæmdina alla, er stigið ómetanlegt skref til styrktar byggð í Norður-Ísafjarðarsýslu og raunar í Vestfjarðakjördæmi öllu. Því má með sanni segja, að ríkisvaldinu beri skylda til að stuðla myndarlega að framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar.

Sþ. 238. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á árinu 1974 hefja forrannsóknir og hagkvæmniskönnun á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatn.

Greinargerð.

Það hefur komið fram, að ef næsta virkjun fallvatns á að verða utan Þjórsársvæðisins, verður að hraða verulega forrannsóknum og hagkvæmnisathugunum á virkjunarmöguleikum í öðrum landshlutum. Undirbúningur framkvæmda við næstu virkjun verður að hefjast sem allra fyrst og alls ekki síðar en 1976 (að talið var, áður en orkukreppan, sem nú ógnar okkur sem öðrum skall yfir). Þá verður forrannsóknum til hagkvæmnisathugana að vera lokið.

Fyrir því má færa mörg og gild rök, að næsta vatnsvirkjun verði ekki Hrauneyjarfossvirkjun eða önnur virkjun á Þjórsársvæðinu, heldur verði hún í öðrum landshluta og þá frekast á Norðurlandi. Til að forðast endurtekningu skal hér aðeins vitnað til greinargerðar með tillögu til þingsályktunar „um undirbúning að næstu stórvirkjun", þskj. 49, flm. Steingrímur Hermannsson o. fl.

Þó að allt bendi til þess nú, að næsta virkjun á Norðurlandi verði 55 MW gufuvirkjun í Námafjalli eða Kröflu, og flm. þessarar tillögu styðji það eindregið, að þeirri virkjun verði hraðað svo sem frekast er mögulegt, breytir það ekki því, að hraða verður undirbúningi að vatnsvirkjun á Norðurlandi.

Að þessu hefur verið talið, að álitlegustu vatnsvirkjunarstaðir á Norðurlandi væru í Jökulsá á Fjöllum, Blöndu eða jafnvel Jökulsá eystri og vestri í Skagafirði.

Í síðustu skýrslu frá Orkustofnun til iðnaðarráðunevtisins, dagsettri í sept. 1973, er m. a. að finna eftirfarandi umsögn um Skjálfandafljót:

„Orkustofnun hefur látið gera athugun á ýmsum tilhögunum við virkjun Skjálfandafljóts. Um þessar athuganir hefur verið samin sérstök skýrsla, sem send hefur verið fjölmörgum aðilum, þ. á m. Laxárvirkjun. Í stuttu máli sagt eru niðurstöður þessara athugana neikvæðar, þar eð þær sýndu orkuverð frá væntanlegum virkjunum í Skjálfandafljóti, sem er mjög miklu hærra en sambærilegar áætlanir um aðra virkjunarstaði sýna. Af þeim sökum telur Orkustofnun ekki rétt að verja fé og mannafla til frekari rannsókna við Skjálfandafljót, meðan fjölmargir aðrir álitlegri staðir bíða."

Það, sem veldur því, að þrátt fyrir framangreint álit Orkustofnunar er lögð á það mikil áhersla, að virkjunarmöguleikar í Skjálfandafljóti verði kannaðir ræki-

lega, er það, að nú liggja fyrir niðurstöður á nýrri og nákvæmari könnun á málinu. **Þær niðurstöður benda svo ótvírætt í þá átt, að finna megi svo hagkvæma virkjunaraðstöðu í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og við Íshólsvatn, að teljast mætti glapræði að kanna það ekki nánar.**

Þær forrannsóknir þyrfti að gera svo fljótt og svo ítarlega, að bera mætti niðurstöðurnar saman við rannsóknir á öðrum möguleikum til vatnsvirkjana á Norðurlandi, þegar virkjunarstaður verður endanlega valinn. Skal nú skýrt nánar frá þessum nýjum athugunum og tildrögum þeirra.

Verkfræðifyrirtækin Virkir h/f í Reykjavík og Electro-Watt í Zürich í Sviss hafa lagt fram „þjónustuboð um verkfræðistörf", þar sem er skýrsla þeirra um athuganir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti.

Fyrir hvatningu manna í héraðinu o. fl. og eftir að hafa kynnt sér aðstæður sjálfir ákváðu forráðamenn þessara fyrirtækja að láta fara fram rannsóknir og mælingar á staðnum á eigin kostnað og ábyrgð. Bréf Virkis h/f fylgir hér með sem fylgiskjal II.

Af skýrslu Virkis og EWI kemur skýrt fram, að niðurstöður þeirra eru allt aðrar og jákvæðari fyrir virkjun á þessu svæði en niðurstöður af athugunum verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, sem gerð var að ósk Orkustofnunar. Að sjálfsögðu er hér ekki lagt mat á verkfræðivinnu þessara tveggja fyrirtækja. En á það skal bent, að áætlanir Virkis og EWI byggjast á nýjum athugunum og mælingum verkfræðinga, sem gerðar voru á s. l. sumri. Áætlanir verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen byggjast eingöngu á uppdráttum, gerðum af ameríska hernum (svonefndum USAMS uppdráttum). Þessir uppdrættir munu víða hafa reynst ónákvæmir. Erfitt er að gera tölulegan samanburð á niðurstöðum þessara tveggja athugana. Hin fyrri er miðuð við verðlag ársins 1971, en hin síðari við núgildandi verðlag, þ. e. á síðari hluta árs 1973. Í ætlun Virkis og EWI eru notaðar sömu tölur um einingarverð og við Sigölduvirkjun, en Virkir og EWI önnuðust hönnun hennar. Í niðurstöðum verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen er stofnkostnaður á orkueiningu áætlaður 5.4 kr/kWh/ári borið saman við 3.45 kr/kWh/ári á Þjórsársvæðinu.

Í niðurstöðum Virkis og EWI er stofnkostnaður á orkueiningu áætlaður á bilinu 5—6.6 kr/kWh/ári eða lægri en hann er nú áætlaður við Sigölduvirkjun, um 7 kr/kWh/ári (fylgiskjal II). Það virðist því auðsætt, að við nánari athuganir og rannsóknir á staðháttum hafi síðari verkfræðifyrirtækið komið auga á aðra og hagkvæmari leið en hið fyrra byggði sínar niðurstöður á, eða að mælingar hafi leitt það í ljós, að aðstæður séu þarna hagkvæmari en kortin sýna.

Þessa virkjunarmöguleika verður að kanna nánar og láta fara fram fullkomnar forrannsóknir og hagkvæmnisathuganir, þannig að hægt verði að velja þann virkjunarstað fyrir næstu vatnsvirkjun, sem hagkvæmastur telst að öllu athuguðu.

Það skal skýrt tekið fram, að með þessu er síður en svo verið að gera því skóna, að ekki verði gerðar jafnítarlegar rannsóknir á öðrum hugsanlegum virkjunarstöðum, svo sem við Dettifoss, og þeim hraðað svo sem tök eru á.

Á það skal að lokum bent, að lega Íshólsvatnsvirkjunar yrði slík, að hvergi yrði um skemmri leið að ræða, ef tengja á saman stórvirkjanir, sem eru sín í hvorum landshluta. Frá Íshólsvatni að Sigöldu eru um 200 km.

Íshólsvatnsvirkjun yrði fast við hugsanlega línu yfir hálendið um Sprengisandsleið og tengdi saman orkuveitusvæði Norður- og Suðurlands. Á sama hátt lægi virkjunin nánast á krossgötum þeirra lína, sem tengdu hugsanlegar stórvirkjanir á Austurlandi — í Jökulsá á Fjöllum, við virkjanir Þjórsársvæðisins. Enn má benda á, að við Íshólsvatn og á Króksdal (við Hrafnabjörg) eru óvenju heppilegar aðstæður til þess að gera veruleg miðlunarlón, og er ekki vitað um marga staði jafnheppilega til slíks, án þess að raska þurfi byggð og eyða nytjalöndum eða náttúruverðmætum.

Virkjunin yrði í byggð, en miðlunarlón í óbyggðum.

Enn skal það ítrekað, að eins og ástatt er í orkumálum má hvergi slaka á í frumathugunum og forrannsóknum á virkjunarmöguleikum og að tillaga þessi er flutt í

því trausti, að unnið verði af fullum krafti að rannsóknum á öðrum virkjunarmöguleikum á Norðurlandi, og einnig í trausti þess, að unnið verði af alefli að undirbúningi og síðan framkvæmd Námafjalls- eða Kröfluvirkjunar.

Fylgiskjal I.

ORKUSTOFNUN
Laugavegi 116
Reykjavík

Reykjavík, janúar 1973.

Virkjun Skjálfandafljóts.
Yfirlit og niðurstöður.

Að beiðni yðar var á s. l. ári unnið að athugunum á virkjun Skjálfandafljóts hér á verkfræðistofunni. Áætlanir hafa verið kynntar yður í framvinduskýrslum, en helstu atriði eru tekin saman í meðfylgjandi skýrslu.

Gerðar voru lauslegar áætlanir um að nýta allt fallið frá Hrafnabjörgum niður fyrir Barnafoss. Áætluð orkuvinnsla þessarar heildarvirkjunar eru um 1370 GWh/a og um 1560 GWh/a, ef Fnjóská er veitt í fljótið. Stofnkostnaður á orkueiningu er í báðum tilvikum áætlaður um 5.4 kr/kWh/a miðað við verðlag í ársbyrjun 1971. Þetta er mun hærri kostnaður en við sambærilegar virkjanir á öðrum vatnasviðum, sem athuguð hafa verið, og virðist ekki ástæða til frekari athugana með heildarnýtingu fljótsins í huga að sinni.

Af einstökum virkjunarstöðum eru álitlegustu staðirnir við Íshólsvatn, Goðafoss og Barnafoss. Samkvæmt samanburðaráætlunum er stofnkostnaður á orkueiningu lægstur við Íshólsvatn. Gerð hefur verið áætlun, eins ítarleg og frumgögn leyfa, um virkjun þar með veitum úr Svartá, Suðurá og Mjóadalsá. Skjálfandafljót er stíflað við Hrafnabjörg og veitt um jarðgöng í Íshólsvatn og virkjað úr norðurenda vatnsins með jarðgöngum og neðanjarðarstöð niður í Bárðardal. Við virkjunina verður um 100 Gl miðlun, aðallega í lóni við Hrafnabjörg, en að hluta í Íshólsvatni. Samkvæmt spám Orkustofnunar verður orkuvinnslugeta virkjunarinnar 390 GWh/a og aflþörf 55 MW. Stofnkostnaður 55 MW virkjunar með áðurnefndum veitum er áætlaður 2033 Mkr eða 5.2 kr/kWh/a miðað við verðlag í ársbyrjun 1971.

Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður ekki séð, að hagkvæmari virkjun verði gerð á vatnasviði Skjálfandafljóts, og kki er líklegt, að frekari gagnaöflun breyti þessum niðurstöðum.

Virðingarfyllst,
Sigurður Thoroddsen.

Fylgiskjal II.

VIRKIR HF

Reykjavík, 16.11. 1973.

Varðar: Orkumál á Norðurlandi.

Á vegum Verkfræðifyrirtækjanna Electro-Watt og Virkis leyfum við okkur hér með að senda yður stutta skýrslu um athugun okkar á mögulegri virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn.

Byggt á niðurstöðum úr mælingarferð á staðinn síðsumars hefur okkur tekist að afla gagna til mats á hinum geysilegu möguleikum til beislunar vatnsorku, sem þetta svæði býr yfir. Frumniðurstöður þessa mats er að finna í hjálagðri skýrslu.

Sé haft í huga ástand í orkumálum Norður- og Austurlands í dag, er skoðun okkar sú, að Íshólsvatni verði að gefa náinn gaum í leit að úrbótum.

Helstu niðurstöður athugana okkar eru sem hér segir:
— Hið margbreytta landslag staðarins gefur fjölmarga möguleika á valkostum um stærð og tilhögun virkjunar.
— Orkuframleiðslugeta hinna mismunandi valkosta virðist vera frá 170.10^6 kwh/ári af ódýrri grunnorku upp í 480.10^6 kwh/ári.
— Stofnkostnaður þeirra valkosta, sem hér hafa verið athugaðir, virðist vera á bilinu 5—6.6 kr/kwh/ári, eða lægra en við Sigölduvirkjun (um 7 kr/kwh/ári).

Tilgangur bréfs þessa er að bjóða þjónustu okkar við frekari rannsóknir og áætlanir til gerðar á heildarhagkvæmnisathugun fyrir svæðið.

Enn fremur er mælt með því að nauðsynlegur undirbúningur slíkrar athugunar hefjist hið allra fyrsta.

Frekari upplýsingar um þessa athugun vora eru fyrir hendi, ef óskað er.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Gunnarsson. (sign.) Finnur Jónsson. (sign.)

TILLAGA AÐ ÁÆTLUN UM VIRKJUN SKJÁLFANDAFLJÓTS VIÐ ÍSHÓLSVATN

1. INNGANGUR

Um nokkurt skeið hafa verkfræðifyrirtækin Eletctro-Watt og Virkir gert könnun á virkjunaraðstöðu við Íshólsvatn. Í september síðastliðnum dvöldust 3 af verkfræðingum fyrirtækjanna nyrðra og framkvæmdu umfangsmiklar mælingar á væntanlegum stíflu- og skurðstæðum. Byggt á niðurstöðum þessara mælinga hefur verið kleift að útbúa áætlun um virkjunartilhögun við Íshólsvatn.

Athuganir þær, sem skýrsla þessi gefur til kynna, hafa sýnt, að geysimiklir möguleikar á beislun vatnsorku eru fyrir hendi á svæðinu umhverfis Íshólsvatn. Þeir valkostir, sem hér eru sýndir, eru ekki endilega hinir hagkvæmustu. Til að finna hagkvæmustu lausn eða nálgun í áföngum að hagkvæmustu tilhögun þarf að framkvæma heildarhagkvæmnisathugun á svæðinu.

Þess ber einnig að geta, að þessar athuganir hafa leitt í ljós, að á svæðinu er unnt að beisla annaðhvort ódýrt grunnafl með framleiðslugetu 200.10^6 kwh/ári eða allt að 430.10^6 kwh/ári með grunnafli fyrir nokkru hærra verð. Sé varaafl meðreiknað getur heildarframleiðslugeta orðið um 480.10^6 kwh/ári.

Til einföldunar verður hér aðeins lýst helstu þáttum þess valkosts, er hefur framleiðslugetu allt að 480.10^6 kwh/ári, og er gerð tillaga að áfangaskiptum fyrir þá tilhögun. Enn fremur er sýnd tillaga að minni virkjun, svokallaðri Aldeyjarfossvirkjun.

Tölulegar upplýsingar um helstu þætti verksins eru í viðauka hér að aftan.

2. VIRKJUN VIÐ ÍSHÓLSVATN — LÝSING Á ÁFANGASKIPTUM

2.1 Áfangi I.

Áætlað er að stífla Skjálfandafljót um 1 km neðan við Hrafnabjörg. Þannig myndast lítið lón með vatnsborði í hæð 378 m. Stíflan yrði búin botnloku. Á sömu slóðum yrði Suðurá veitt um skurð inn í áðurnefnt lón. Nú yrði sameinuðu rennsli beggja áa veitt gegnum skurð inn í sjálft Íshólsvatn, þar sem Merkilágar heita.

Vatnsborð Íshólsvatns, sem í dag er mjög stöðugt í hæð 365 m, mun hækka upp í hæð 378 m. Til þess arna verður að stífla afrennsli vatnsins, Fiská, svo og lág norðan vatnsins. Þessar tvær stíflur hafa verið nefndar Fiskárstífla og Íshólsvatnsstífla.

Innrennsli úr Skjálfandafljótslóni í Íshólsvatn verður stýrt með lokuvirki í Merkilágaskurði. Með þessu móti má minnka ráðstafanir gegn flóðum í Íshólsvatni, þar eð stýring fæst á innrennsli flóðvatns inn í miðlunarlónið.

Aðalyfirfall þessarar tilhögunar yrði við austurenda Skjálfandafljótsstíflu í hæð 378 m. Með þessu móti er yfirfallsvatni veitt í farveg Skjálfandafljóts aftur og mundi ekki óhreinka önnur vatnsföll á svæðinu.

Til þess að nýta fallhæðina frá Íshólsvatni í hæð 378 m niður fyrir Aldeyjarfoss í hæð 264 m yrði grafinn aðrennslisskurður til norðurs úr vatninu eftir hæðarlínu 380 m í stefnu á Aldeyjarfoss. Þessum skurði væri lokað með steinsteyptu inntaki fyrir þrýstivatnspípur, sem lægju niður hlíðina að stöðvarhúsinu. Stöðvarhúsið yrði staðsett í árkrikanum neðan við Aldeyjarfoss. Þannig næst 114 m fallhæð fyrir fyrri 35 MW aflvélina, sem sett væri upp í áfanga I.

2.2 Áfangi II.

Til frekari jöfnunar á lágrennsli Skjálfandafljóts er áformað að gera miðlun ofar í fljótinu með því að stífla það efst í gljúfrinu við Hrafnabjörg. Vatnsborðinu yrði lyft í hæðina 400 m, og við það myndast 15 km² lón upp með fljótinu. Enn fremur yrði á sama stað að grafa veituskurð fyrir fljótið. Í þeim skurði væri komið fyrir steinsteyptu lokuvirki, sem stýrði rennsli úr lóninu til virkjunarinnar. Yfirfalli í hæð 400 m væri komið fyrir á hrauninu austan stíflustæðisins.

Við tilkomu þessarar miðlunar er áætlað, að 10 m³/sek. rennsli fáist til viðbótar í 140 daga. Enn fremur væri nú sett upp seinni 35 MW aflvélin, þannig að grunnafl yxi í 50 MW og varaafl 20 MW.

Áfangaskipting sú, sem hér er gert ráð fyrir, er ekki nauðsynleg, heldur möguleiki, sem bent er á, þannig að aðlaga megi framkvæmdir eftir orkuþörfinni. Að öllum líkindum væri ódýrara að framkvæmt báða áfanga samtímis, ef orkunnar væri þörf strax.

3. ALDEYJARFOSSVIRKJUN

Áætlað er að stífla Skjálfandafljót um 1 km ofan við Ingvarfoss. Á sömu slóðum er Suðurá stífluð og veitt um skurð inn í Skjálfandafljótslón. Norðurbakki skurðarins verður sprengdur í hæð 335 og myndar þannig hluta yfirfallsins, sem verður í þeirri hæð.

Aðalstíflan verður útbúin botnloku, sem sprengd verður niður í haunið í hægri bakka fljótsins. Fljótinu yrði veitt þar í gegn, á meðan á byggingu aðalstíflunnar stendur.

Grafinn verður skurður úr lóninu í stefnu á Aldeyjarfoss í hæðinni 340 m. Skurðurinn er grafinn á hrauni sennilega eldri árfarvegi, en líklega þarf að þétta skurðinn að hluta til. Enda skurðarins yrði lokað með steinsteyptu inntaksmannvirki, sem veitti vatninu um brýstivatnspípur að stöðvarhúsi; það yrði staðsett í árkrikanum neðan við Aldeyjarfoss. Með þessu móti fæst 71 m fall og uppsett afl allt að 20 MW.

Frárennsli er beint út í farveg fljótsins aftur. Jafnvel má hugsa sér þessa einföldu tilhögun byggða í tveimur áföngum, þ. e. uppsetning á einni 10 MW aflvél í byrjun og frestun á Suðurárveitu.

Enn fremur má auka framleiðslugetu þessarar virkjunar með miðlun við Hrafnabjörg og e. t. v. veitu smærri áa.

Þessari ódýru tilhögun með marga möguleika á stækkun í áföngum ætti að veita nána athygli.

4. LOKAORÐ

Athuganir þær, sem gerðar hafa verið af EWI og Virki á virkjunarmöguleikum við Íshólsvatn hafa leitt í ljós fjölmarga möguleika á beislun vatnsorku þar.

Hið breytilega landslag staðarins þarfnast heildar-hagkvæmnisathugunar með tilliti til hinna mörgu möguleika á stíflu- og veituskurðastæðum. Engu síður hafa athuganirnar sýnt, að orkuframleiðslugeta hinna ýmsu valkosta virðist vera á bilinu 200.10^6 kwh/ári af ódýru grunnafli upp í 480.10^6 kwh/ári heildarafls, sem hentað gæti stórneytanda.

Næsta skref í þessu verki væri að gera áætlun um jarðfræði- og landslagsmælingar á heildarsvæðinu. Því fyrr sem þessi undirbúningur hæfist, þeim mun betra.

Sú virkjunartilhögun, sem hér er gert ráð fyrir, orsakar litla röskun á umhverfinu. Lítil nýtileg svæði færu undir vatn eða yrðu eyðilögð öðruvísi, sem nema við suðurenda Íshólsvatns.

Minni háttar röskun á núverandi vatnsföllum svæðisins á sér stað. Veita hinnar köldu Suðurár yfir í Skjálfandafljót kann að hafa bætandi áhrif á Svartá með tilliti til fiskiræktar. Meðalhitastig Svartár mundi hækka verulega. Röskun á núverandi fiskiræktaraðstöðu í Íshólsvatni þarf að athuga sérstaklega.

Eftir sem áður ber að líta á skýrslu þessa sem niðurstöður tæknilegrar athugunar, sem miðar að því að lýsa virkjunarmöguleikum staðarins. Áður en lengra er haldið, er því nauðsynlegt að taka upp viðræður og samninga við alla aðila, sem hlut eiga að máli og hafa hagsmuna að gæta í sambandi við virkjunarframkvæmdir við Íshólsvatn.

Sþ. 239. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Ársreikningur 1967, 1968 og 1969.

Eign 1. janúar 1967:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr. 12 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 39 877.36	
		kr. 51 877.36
Vaxtatekjur:		
Af veðdeildarbréfum	kr. 1 375.00	
— sparisjóðsinnstæðu	— 8 924.74	
		— 10 299.74
	Samtals	kr. 62 177.10
Gjöld:		
Eign í árslok 1969:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 192, A nr. 1324 og 1326	kr. 7 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 55 177.10	
		kr. 62 177.10
	Samtals	kr. 62 177.10

Menntamálaráðuneytið, 2. nóvember 1970.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Reikning þennan höfum við endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, 4. nóvember 1970.
E. Bjarnason.

Ársreikningur 1970, 1971 og 1972.

Eign 1. janúar 1970:

1) Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, 17. fl., Litra AA nr. 192, litra A nr. 1324 og 1326	kr.	7 000.00	
2) Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands	—	55 177.10	
			kr. 62 177.10

Tekjur:

Af veðdeildarbréfum	kr.	975.00	
— sparisjóðsinnstæðu	—	11 985.70	
			kr. 12 960.70
			Kr. 75 137.80

Gjöld:

Eign 31. des. 1972:

1) Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, 17. fl., Litra A nr. 1324 og 1326	kr.	2 000.00	
2) Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands	—	73 137.80	
			kr. 75 137.80
			Kr. 75 137.80

Menntamálaráðuneytið, 22. október 1973.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Nd. 240. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, rita undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 13. des. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Bjarnason, með fyrirvara.	Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.	Þórarinn Þórarinsson.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 241. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til laga um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. | Gils Guðmundsson, fundaskr. | Karvel Pálmason.
Matthías Bjarnason. | Matthías Á. Mathiesen. | Þórarinn Þórarinsson.
Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 242. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. l. nr. 32 frá 7. apríl 1971, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd ræddi þetta mál á fundi sínum í dag og varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 13. des. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. | Gils Guðmundsson, fundaskr. | Karvel Pálmason.
Matthías Bjarnason. | Matthías Á. Mathiesen. | Þórarinn Þórarinsson.
Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. **243. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1974.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 13. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1	**Tekjur:**		
	Beinir skattar	7 582 270	
	Óbeinir skattar	19 761 172	27 343 442
0	**Gjöld:**		
	Samneysla	8 285 920	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	12 579 566	
	÷ Sértekjur	267 536	20 597 950
	Afgangur rekstrarliða		6 745 492
	Fjárfesting	2 544 027	
	Fjármagnstilfærslur	4 958 589	7 502 616
	Gjöld umfram tekjur		757 124
4	**Lánahreyfingar inn:**		
	Endurgr. eldri spariskírteina	555 000	
	Verðbréfaútgáfa	700 000	
	Erlend lán	320 000	
	Innheimtar afborganir lána	35 913	1 610 913
3	**Lánahreyfingar út:**		
	Lán til framkvæmda ríkisaðila	749 000	
	Endurlán til sveitarfélaga	136 000	
	Afborganir lána	528 433	1 413 433
	Afgangur á lánahreyfingum		197 480
	Greiðsluhalli		559 644

2. gr.

Árið 1974 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 00	**Æðsta stjórn ríkisins**			199 530
1 01	**Forsætisráðuneytið**			203 025
	101—171	Yfirstjórn	182 196	
	901—902	Annað	20 829	
1 02	**Menntamálaráðuneytið**			5 286 439
	101	Yfirstjórn	112 883	
	201—884	Fræðslumál	4 727 862	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	445 694	
1 03	**Utanríkisráðuneytið**			317 648
	101—102	Yfirstjórn	58 042	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	61 773	
	301—399	Sendiráð o. fl.	124 298	
	401	Alþjóðastofnanir	73 535	
1 04	**Landbúnaðarráðuneytið**			1 259 056
	101—172	Yfirstjórn	28 353	
	201—299	Búnaðarmál	1 162 503	
	501—504	Skólar	68 200	
1 05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			699 541
	101	Yfirstjórn	13 032	
	201—299	Útvegsmál	660 407	
	901	Annað	26 102	
1 06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			1 551 272
	101—102	Yfirstjórn	19 799	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	1 377 667	
	301—373	Þjóðkirkjan	153 806	
1 07	**Félagsmálaráðuneytið**			939 642
	101	Yfirstjórn	11 697	
	271—272	Húsnæðismál	711 648	
	301—999	Önnur félagsmál	216 297	
1 08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			9 978 046
	101	Yfirstjórn	16 530	
	271—273	Tryggingamál	9 225 300	
	301—399	Heilbrigðismál	700 239	
	471—501	Annað	35 977	
		Flutt		20 434 199

3. gr.

Árið 1974 er ætlast til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 1	**Skattar.**		
	Beinir skattar.		
	Persónuskattur		**828 500**
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	527 700	
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	202 800	
1 11 12	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	98 000	
	Eignarskattar		**373 500**
1 12 0	Eignarskattar, alm.:		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	185 000	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	1 850	
1 12 03	Eignarskattur félaga	165 000	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	1 650	
1 12 1	Erfðafjárskattur:		
1 12 11	Erfðafjárskattur	20 000	
	Tekjuskattar		**6 380 170**
1 13 0	Tekjuskattar:		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	5 560 000	
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	55 600	
1 13 03	Tekjuskattur félaga	757 000	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	7 570	
	Óbeinir skattar.		
	Gjöld af innflutningi		**7 532 550**
1 15 0	Aðflutningsgjöld:		
1 15 01	Aðflutningsgjöld 6 355 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga . 317 750		
		6 037 250	
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	33 500	
1 15 03	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	8 000	
1 15 04	Tollstöðvagjald	31 775	
1 15 05	Byggingasjóðsgjald af innflutningi	31 775	
1 15 1	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
1 15 11	Innflutningsgjald af bensíni	954 000	
1 15 12	Gúmmígjald	86 000	
1 15 2	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
1 15 21	Innflutningsgjald af bifreiðum	326 000	
	Flutt		**15 114 720**

Rekstrar-

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		20 434 199
1 09	**Fjármálaráðuneytið**			1 450 384
	101—104	Yfirstjórn	55 678	
	201—282	Toll- og skattheimta	347 243	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	254 322	
	402—999	Annað	793 141	
1 10	**Samgönguráðuneytið**			3 586 113
	101	Yfirstjórn	9 565	
	211	Vegamál	1 944 940	
	321—672	Önnur samgöngumál	1 631 608	
1 11	**Iðnaðarráðuneytið**			622 733
	101	Yfirstjórn	10 954	
	201—299	Iðnaðarmál	236 916	
	301—399	Orkumál	374 863	
1 12	**Viðskiptaráðuneytið**			1 933 169
	101	Yfirstjórn	13 572	
	201	Niðurgreiðslur	1 898 000	
	902—999	Annað	21 597	
1 13	**Hagstofa Íslands**			25 129
1 14	**Ríkisendurskoðun**			28 530
1 15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			20 309
		Flutt		**28 100 566**

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		15 114 720
1 15 8	**Hagnaður af sölu varnarliðseigna:**		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	24 250	
	Skattar af framleiðslu		209 200
1 16 0	**Gjöld af innlendum tollvörum:**		
1 16 01	Gjald af innlendum tollvörum	154 000	
1 16 04	Álgjald	55 200	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		10 686 590
1 17 0	**Söluskattur:**		
1 17 01	Söluskattur 7 772 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 621 760		
		7 150 240	
1 17 1	**Skemmtanaskattur:**		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	5 700	
1 17 12	Skemmtanaskattur	31 000	
1 17 2	**Launaskattur:**		
1 17 21	Launaskattur	1 045 000	
1 17 3	**Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:**		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	2 380 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	17 400	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 700	
1 17 5	**Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:**		
1 17 51	Síldargjald	600	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald	25 000	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	16 000	
1 17 54	Síldarmatsgjald	10	
1 17 55	Síldarsölugjald	20	
1 17 9	**Aðrir skattar:**		
1 17 91	Iðnaðargjald	9 000	
1 17 92	Sérleyfisgjald	4 500	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	420	
	Aðrir óbeinir skattar		1 085 732
1 19 0	**Aukatekjur og stimpilgjald:**		
1 19 01	Stimpilgjald	287 000	
1 19 02	Aukatekjur	41 000	
1 19 03	Þinglýsingar	109 000	
	Flutt		27 096 242

Rekstrar-

0 Gjöld:	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		28 100 566
Gjöld samtals		28 100 566

reikningur.

	1 Tekjur:	Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		27 096 242
1 19 1	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11	Bifreiðaskattur	276 000	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða	9 300	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða	15 500	
1 19 2	Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21	Lestagjald	1 500	
1 19 22	Vitagjald	15 600	
1 19 23	Skipaskoðunargjald	3 800	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	181 000	
1 19 33	Leyfisgjald	11 000	
1 19 9	Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90	Verðjöfnunargjald	70 000	
1 19 91	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	10 000	
1 19 92	Skipulagsgjald	18 500	
1 19 93	Rafmagnseftirlitsgjald	18 395	
1 19 94	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	15 500	
1 19 95	Prófgjald bifreiðastjóra	1 400	
1 19 96	Prófgjald iðnnema	500	
1 19 97	Rafstöðvagjald	30	
1 19 98	Sérlyfjagjald	700	
1 19 99	Hvalveiðigjald	7	
1 2	**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings**		104 400
1 21 0	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01	Afgjöld ríkisjarða	1 900	
1 21 02	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	45 800	
1 21 04	Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli	56 700	
1 3	**Ýmsar tekjur**		142 800
1 31 0	Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01	Vextir	85 000	
1 31 02	Arður af hlutabréfum	500	
1 39 0	Ýmsar tekjur:		
1 39 01	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
1 39 02	Sameignir ríkisins	10 200	
1 39 03	Yfirverð líknarfrímerkja	500	
1 39 04	Samúðarskeyti Landssímans	4 100	
1 39 06	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	28 000	
1 39 07	Ýmsar óvissar tekjur	5 000	
	Tekjur samtals		27 343 442
	Gjöld umfram tekjur		757 124
	Samtals		28 100 566

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	0 10	Laun	6 032	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	4 140	
	0 27	Viðhald	1 614	
		Gjöld samtals		11 786
201	**Alþingi:**			
	0 10	Laun	130 489	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	32 600	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	3 700	
		Gjöld samtals		166 789
		Viðfangsefni:		
	02	Þingfararkaup alþingismanna	81 121	
	03	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	63 924	
	04	Rekstrarkostnaður fasteigna	5 671	
	05	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	7 300	
	06	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	673	
	07	Hús Jóns Sigurðssonar	4 000	
	08	Þingmannasamtök NATO	400	
	09	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	3 700	
		Gjöld samtals	166 789	
301	**Ríkisstjórn:**			
	0 10	Laun	9 687	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	554	
		Gjöld samtals		10 241
401	**Hæstiréttur:**			
	0 10	Laun	10 714	
		Gjöld samtals		10 714
		Samtals		**199 530**

1 01 Forsætisráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	0 10	Laun	6 047	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	5 004	
	0 27	Viðhald	900	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	4 000	
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	45	
		Gjöld samtals		15 996
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	8 555	
	02	Viðhald stjórnarráðshúss	450	
	03	Fálkaorðan	554	
	04	Þjóðhátíð 1974	830	
	05	Framlag til Kanadasjóðs	45	
	06	Viðhald ráðherrabústaðarins	450	
	07	Rekstur ráðherrabústaðar	1 112	
	08	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	4 000	
		Gjöld samtals	15 996	
102	**Framkvæmdastofnun ríkisins:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	11 000	
		Gjöld samtals		11 000
171	**Framlag til Byggðasjóðs:**			
	0 90	Yfirfærslur:		
	0 91	Til fyrirtækja í B-hluta	155 200	
		Gjöld samtals		155 200
901	**Húsameistari ríkisins:**			
	0 10	Laun	17 691	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	2 543	
	0 27	Viðhald	300	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	463	
		Gjöld samtals	20 997	
	1 00	Tekjur	7 100	
		Mismunur		13 897
		Viðfangsefni:		
	01	Yfirstjórn	5 040	
	02	Teiknistofa	13 893	
	03	Byggingaeftirlit	2 064	
		Gjöld samtals	20 997	

			Þús. kr.	Þús. kr.
902		**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**		
	0 10	Laun	999	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	540	
	0 27	Viðhald	1 005	
	0 70	Vextir	3	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
		Gjöld samtals	7 547	
	1 00	Tekjur	615	
		Mismunur		6 932
		Samtals		**203 025**

1 02 Menntamálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	0 10	Laun	63 151	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	21 966	
	0 27	Viðhald	500	
	0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	200	
	0 90	**Yfirfærslur:**		
	0 92	Til sveitarfélaga	17 684	
	0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	9 382	
		Gjöld samtals		112 883
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	48 078	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	28 414	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 209	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	71 095	
Júliana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	140 080	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	28 414	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	27 609	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	37 887	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	57 887	
Klara Guðmundsdóttir	71 044	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Kristín Ingileifsdóttir	83 251	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	35 000	

	Kr.	Kr.
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	57 887	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	55 398	
Kristján Albertsson, rithöfundur	90 343	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	73 687	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	56 834	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. postur	28 414	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	40 000	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	70 000	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 078	
Magnús Magnússon, rithöfundur	56 834	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	106 736	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	56 834	
María Markan, óperusöngkona	90 343	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	28 414	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	61 814	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	28 414	
Oddný Wium	28 414	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	37 947	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	40 000	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	47 361	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	38 461	
Ólafur Guðmundsson	56 834	
Ólafur Magnússon	70 000	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	102 625	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	59 890	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	47 428	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	101 759	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	42 625	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	71 044	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	35 000	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	37 887	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	38 461	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	47 361	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	104 171	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	51 385	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	50 000	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	55 217	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
Sigurður Greipsson	114 030	
Sigurður Nordal, prófessor	114 335	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	28 414	

		Kr.	Kr.
	Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	56 433	
	Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
	Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	27 609	
	Skúli Skúlason frá Odda	136 364	
	Stefán Karlsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	50 000	
	Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	41 209	
	Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	69 023	
	Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
	Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	61 814	
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	28 414	
	Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	47 361	
	Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	56 834	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	28 414	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
	Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	56 834	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 414	
	Þórður Benediktsson	138 043	
	Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	120 418	
	Þórður Ólafsson fyrrv. póstur	40 000	
	Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis	56 000	
	Þorleifur Jónsson	108 891	
	Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðarfélags Íslands	94 911	
	Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 887	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	56 834	
	Samtals		12 302 887
09 384	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	70 609	
	Agnethe Kamban	119 906	
	Ágústa Högnadóttir	27 023	
	Ágústa Sigurðardóttir	46 356	
	Anna Jakobína Árnadóttir	27 023	
	Anna Ólafsdóttir	30 172	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	37 083	
	Árný Stígsdóttir	27 811	
	Arnþrúður Danielsdóttir	30 172	
	Áslaug Nielsen	67 558	
	Ásta Jónsdóttir	158 007	
	Ásta Ólafsdóttir	55 628	
	Ástríður Eggertsdóttir	46 356	
	Ástríður Magnúsdóttir	27 811	
	Björg Þórðardóttir	47 057	
	Borghildur Thorarensen	95 000	
	Bryndís Þórarinsdóttir	62 575	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	44 212	
	Dóra Þórarinsdóttir	67 558	
	Elín Einarsdóttir	83 441	
	Elínborg Bogadóttir	67 224	
	Elísabet Jónsdóttir	27 811	

	Kr.	Kr.
Elísabet Kemp	60 502	
Eufemía Ólafsdóttir	115 891	
Fjóla Kristjánsdóttir	44 212	
Fríða Hlíðdal	200 958	
Guðbjörg Erlendsdóttir	55 628	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	60 502	
Guðfinna Blöndal	111 252	
Guðný Halldórsdóttir	55 628	
Guðný Sigurðardóttir	46 356	
Guðný Vigfúsdóttir	55 628	
Guðný Þórarinsdóttir	35 000	
Guðrún Jóhannesdóttir	27 811	
Guðrún P. Jónsdóttir	70 609	
Guðrún Pálsdóttir	64 897	
Halldóra Eiríksdóttir	68 059	
Halldóra Eiríksdóttir	69 044	
Halldóra Þórðardóttir	35 309	
Helga Friðbjarnardóttir	55 628	
Helga Pétursdóttir	69 536	
Helga Þ. Smári	94 151	
Hildur Blöndal	176 447	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	69 536	
Hlíf Magnúsdóttir	60 000	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	55 628	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	77 832	
Hróðný Einarsdóttir	150 642	
Hulda Þ. Björnæs	75 706	
Hulda Davíðsdóttir	67 224	
Indiana Sturludóttir	69 536	
Ingibjörg Björnsdóttir	36 725	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	83 441	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	69 536	
Ingibjörg Högnadóttir	27 811	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	83 441	
Ingibjörg Karlsdóttir	115 230	
Ingunn Hlíðar	44 212	
Ingveldur Ólafsdóttir	27 811	
Jakobína Thorarensen	46 356	
Jóhanna Vigfúsdóttir	27 811	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	50 695	
Jónína Ásmundsdóttir	27 023	
Jónína Gissurardóttir	67 501	
Jónína Kristjánsdóttir	69 536	
Jórunn Guðjónsdóttir	68 059	
Karen Louise Jónsson	69 536	
Katrín Ingibergsdóttir	67 224	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	27 811	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	43 937	
Kristín Helgadóttir	27 023	
Kristín Pálmadóttir	55 628	
Kristín Pálsdóttir	46 356	
Kristjana Þorvarðardóttir	33 612	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	37 083	
Lára Svansdóttir	27 811	
Lára M. Vigfúsdóttir	92 711	

	Kr.	Kr.
Lelia Stefánsson	139 065	
Lilja H. Arndal	92 711	
Lilja Jörundsdóttir	55 628	
Lilja Steinsen	162 243	
Lydia Einarsson	115 891	
Mabel Sigurjónsson	92 711	
Magdalena Ásgeirsdóttir	27 811	
Magnea Magnúsdóttir	57 000	
Málfríður Bjarnadóttir	27 811	
Margrét Árnadóttir	69 536	
Margrét Björnsdóttir	35 371	
Margrét Eyjólfsdóttir	55 628	
Margrét Guðbrandsdóttir	83 441	
Margrét Jónasdóttir	115 891	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	112 588	
Margrét L. Lárusdóttir	27 811	
Marta Oddsdóttir	27 811	
Melitta Urbancic	44 212	
Ólafía Finnbogadóttir	27 811	
Olga E. Jónsson	52 474	
Ólöf Bjarnadóttir	73 466	
Ragnheiður Konráðsdóttir	46 356	
Rósa Guðnadóttir	68 059	
Sesselja Benediktsdóttir	53 779	
Sigríður Árnadóttir	166 879	
Sigríður Árnadóttir	68 059	
Sigríður Gísladóttir	27 811	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	89 515	
Sigríður Stefánsdóttir	40 000	
Sigrún Guðmundsdóttir	107 559	
Sigrún Thorarensen	37 083	
Sigurbjörg Jónsdóttir	28 035	
Sigurlaug Jónsdóttir	69 536	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	52 474	
Steinunn P. Eyjólfsson	31 282	
Steinunn Tómasdóttir	46 356	
Steinþóra Einarsdóttir	67 224	
Svanborg Jónsdóttir	27 063	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	46 356	
Sveindís Hansdóttir	27 811	
Tove Engilberts	150 642	
Valgerður Helgadóttir	46 422	
Valgerður Ólafsdóttir	41 984	
Vigdís Guðmundsdóttir	55 628	
Þóra Magnúsdóttir	37 083	
Þóra Sigfúsdóttir	27 811	
Þóra Vigfúsdóttir	90 000	
Þorbjörg Kjartansdóttir	69 536	
Þorbjörg Leifs	55 628	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	41 720	
Þórhildur Sveinsdóttir	27 811	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	337 120	
Samtals		8 419 398

10. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).		Þús. kr.
1. Akranes	24 400	
2. Arnarstapi	3 200	
3. Ólafsvík	24 700	
4. Grundarfjörður	18 400	
5. Stykkishólmur	17 400	
6. Patreksfjörður	5 000	
7. Þingeyri	400	
8. Súgandafjörður	3 800	
9. Bolungarvík	21 500	
10. Ísafjörður	25 200	
11. Súðavík	1 500	
12. Flateyri	9 900	
13. Drangsnes	2 600	
14. Hvammstangi	4 500	
15. Blönduós	2 300	
16. Skagaströnd	8 100	
17. Sauðárkrókur	15 000	
18. Hofsós	5 700	
19. Siglufjörður	3 000	
20. Ólafsfjörður	27 200	
21. Dalvík	3 900	
22. Hrísey	3 900	
23. Árskógssandur	2 000	
24. Akureyri	27 900	
25. Grímsey	4 300	
26. Húsavík	24 700	
27. Raufarhöfn	200	
28. Þórshöfn	1 100	
29. Bakkafjörður	500	
30. Vopnafjörður	200	
31. Borgarfjörður eystri	15 000	
32. Seyðisfjörður	300	
33. Neskaupstaður	5 200	
34. Eskifjörður	1 600	
35. Fáskrúðsfjörður	3 900	
36. Stöðvarfjörður	2 300	
37. Breiðdalsvík	1 000	
38. Djúpivogur	5 900	
39. Vestmannaeyjar	8 100	
40. Stokkseyri	5 000	
41. Eyrarbakki	19 600	
42. Grindavík	1 900	
43. Hafnir í Höfnum	2 300	
44. Sandgerði	41 000	
45. Vogar	7 400	
46. Hafnarfjörður	31 000	
		444 000

11. Ferjubryggjur (10 333 04).	
1. Brjánslækur	200
2. Gemlufall	2 000
3. Hjarðardalur	200
4. Múlanes, undirb.	1 000

		Þús. kr.
5. Vigur	2 300	
6. Viðhald	1 300	
		7 000

12. Sjóvarnargarðar (10 333 08).

1. Akranes	200	
2. Álftanes	200	
3. Bessastaðatjörn	200	
4. Borgarfjörður eystri	100	
5. Búðardalur	100	
6. Flateyri	300	
7. Garðsskagi	300	
8. Grótta	150	
9. Höfn í Hornafirði	150	
10. Melar í Melasveit	50	
11. Miðneshreppur	300	
12. Sauðárkrókur	150	
13. Seltjarnarnes	200	
14. Vestmannaeyjar	300	
		2 700

13. Fjárfestingar í flugmálum (2 10 471 3 30).

1. Reykjavík	19 600	
2. Stykkishólmur	5 700	
3. Patreksfjörður	3 000	
4. Tálknafjörður	3 000	
5. Bíldudalur	4 000	
6. Þingeyri	1 300	
7. Súgandafjörður	4 000	
8. Ísafjörður	1 400	
9. Blönduós	2 200	
10. Sauðárkrókur	12 000	
11. Siglufjörður	4 400	
12. Grímsey	1 000	
13. Ólafsfjörður	6 000	
14. Akureyri	18 000	
15. Aðaldalsflugvöllur	11 200	
16. Kópasker	400	
17. Raufarhöfn	400	
18. Þórshöfn	1 600	
19. Egilsstaðir	28 500	
20. Seyðisfjörður	5 000	
21. Neskaupstaður	1 400	
22. Höfn, Hornafirði	300	
23. Vestmannaeyjar	6 800	
24. Endurnýjun radíóvitakerfis	8 000	
25. Símakerfi flugmálastjórnar	2 900	
26. Mælitæki radíóverkstæða	1 000	
27. Sjúkraflugvellir	7 100	
28. Óráðstafað	11 800	
		172 000

Ed. 244. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Maður, sem hefur húsnæði til sumardvalar eða hliðstæðrar tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi en hann dvelst í að jafnaði, getur aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar.

2. gr.

Á eftir 14. gr. komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er þeim, er lögheimili áttu í Vestmannaeyjum að kvöldi dags 22. janúar 1973, rétt að telja sig til lögheimilis í Vestmannaeyjum fram til 1. október 1974, þótt þeir dveljist utan Vestmannaeyja, nema þeir tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili með sérstakri tilkynningu.

Athugasemd sveitarstjórnar samkvæmt 11. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962, um, að einstaklingur talinn með lögheimili í Vestmannaeyjum sé vantalinn í íbúaskrá hennar 1. desember 1973, skal eigi tekin til meðferðar af þjóðskrá, nema athugasemdinni fylgi vottfest yfirlýsing hlutaðeiganda um, að hann sé samþykkur breytingunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um rafvæðingu dreifbýlisins.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ásgeir Bjarnason, Stefán Valgeirsson, Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ágúst Þorvaldsson, Eysteinn Jónsson, Jónas Jónsson, Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna og leggja fram á Alþingi haustið 1974 tveggja ára áætlun um áframhaldandi rafvæðingu dreifbýlisins. Skal gert ráð fyrir því, að framkvæmdir samkvæmt þeirri áætlun hefjist vorið 1975.

Við gerð þessarar áætlunar skal m. a. leggja áherslu á eftirgreind atriði:

1. Meðalfjarlægð á milli býla skal aukin í a. m. k. 6 km og samsvarandi kostnað.
2. Fjarlægari býli innan sveitarfélags skulu látin njóta meðalfjarlægðar.
3. Býli, sem í gildandi áætlun hafa verið skilin eftir vegna fjarlægðar, þrátt fyrir það að meðalfjarlægð innan sveitarfélagsins hefði orðið innan við 3 km, skulu tengd samveitunni í fyrsta áfanga hinnar nýju áætlunar, sé þess óskað.

Jafnframt skal leggja fram tillögur um viðunandi lausn á raforkumálum þeirra býla, sem hafa ekki verið tengd samveitu að áætlanatímabilinu loknu, og um jöfnuð á raforkuverði.

Greinargerð.

Með þriggja ára áætlun núverandi ríkisstjórnar um rafvæðingu dreifbýlisins er stigið mjög stórt skref á þessu mikilvæga sviði. Samkvæmt tillögum að þriggja ára áætlun um lúkningu sveitarafvæðingar, sem lagðar voru fram á Alþingi í nóvember 1971, voru þá 930 býli án raforku frá samveitu. Var gert ráð fyrir því, að

við lok áætlunartímabilsins haustið 1974 hafi 765 af þessum býlum verið tengd. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir var samkvæmt tillögum þessum áætlaður samtals kr. 291 244 000.00. Kostnaður þessi hefur að sjálfsögðu hækkað mikið. Í svari ráðherra við fyrirspurn um þessi mál nú á þessu þingi kom fram, að kostnaðurinn er nú áætlaður um 400 millj. kr. Nýlegri upplýsingar en þær, sem fylgdu með fyrrnefndum tillögum, eru hins vegar ekki fyrirliggjandi og því eðlilegast að leggja þær til grundvallar að svo komnu máli.

Í þessum sömu tillögum eru upplýsingar um 158 býli, sem ekki var gert ráð fyrir að yrðu tengd samveitum á framkvæmdatímabilinu. Kostnaðurinn við tengingu þessara býla var jafnframt áætlaður samtals kr. 133 204 000.00.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er gert ráð fyrir því, að meðalfjarlægð verði hækkuð í 6 km og kostnaður verði samsvarandi. Miðað við 600 000 kr. kostnað við 3 km línu, má ætla, að þessi kostnaður hefði orðið um 1.1 millj. kr. á verðlagi ársins 1971. Samkv. nýlegum upplýsingum hefur kostnaður við sveitarafvæðingu hækkað um nálægt því 60% frá haustinu 1971. Miðað við það yrði kostnaður við 6 km línu um kr. 1 800 000.00.

Haustið 1971 var kostnaður við tengingu á umræddum 131 býlum áætlaður kr. 94 733 000.00. Miðað við 60% hækkun yrði þessi kostnaður nú um kr. 151 573 000.00. Meðalkostnaður hefði orðið um 723 000 kr. á verðlagi haustsins 1971, en um 1 157 000 kr. nú.

Ljóst má vera, að hér er ekki um mikið fyrirtæki að ræða. Heildarupphæðin er minni en varið er á einu ári nú til þessara mála. Því ætti að vera auðvelt að framkvæma þessa áætlun á tveimur árum, eins og lagt er til.

Sumum kann að þykja lagt í mikinn kostnað við rafvæðingu einstakra býla. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að rekstrarkostnaður dísilstöðva mun margfaldast á næstu árum með hækkuðu olíuverði og ekki síður olíuhitun húsa. Það er því þjóðhagslega ákaflega mikils virði að losna við rekstur sem flestra dísilstöðva og koma á rafmagnshitun, þar sem jarðhitinn er ekki til staðar. Auk þess er vert að hafa í huga, að verðmæti bújarða hefur stórhækkað. Þær bera því meiri rafvæðingarkostnað en áður var talið.

Loks er það staðreynd, að fjöldi býla með innan við 6 km meðalfjarlægð mun vera nokkru minni en hér er talið. Bæði er það, að nokkur afskekkt býli hafa farið í eyði og önnur hafa fengið raforku, m. a. frá eigin samveitum.

Í 2. lið tillögunnar er lögð áhersla á, að fjarlægari býli innan sveitarfélags verði látin njóta meðalfjarlægðar. Slíkt hefur ekki verið gert í öllum tilfellum til þessa. Mörg dæmi eru um hið gagnstæða. Býli með fjarlægð og kostnað yfir viðurkennt meðaltal hafa iðulega verið skilin eftir við rafvæðingu sveitarfélagsins, þrátt fyrir þá staðreynd, að meðalfjarlægð hefði orðið innan við hámark að þeim meðtöldum. Oft hefur verið um að ræða einhver bestu býli viðkomandi sveitar. Ekki verður heldur varist þeirri hugsun, að framkvæmdir hafa að þessu leyti verið nokkuð handahófskenndar.

Sjálfsagt er að leggja áherslu á að ná til eins margra býla með raforku og frekast er unnt, fremur en að leita leiða til hins gagnstæða. Því er lögð áhersla á bætta framkvæmd að þessu leyti.

Af ofangreindum ástæðum er nú svo ástatt með allmörg býli, að þau hafa ekki verið tengd samveitu við rafvæðingu viðkomandi sveitarfélags. Enn alvarlegra er, að sum þessara býla eiga nú á hættu að verða ekki tengd, ef litið er á fjarlægð til þeirra sérstaklega. Nauðsynlegt er að leiðrétta slík mistök með því að láta þessi býli njóta meðalfjarlægðarinnar innan sveitarfélagsins í heild. Því er í 3. lið tillögunnar lögð áhersla á, að svo verði gert, og jafnframt að tengja þau samveitunni við upphaf hinnar nýju áætlunar.

Það er eðlilegt, að spurt sé, hvers vegna ekki er lagt til, að öll býli landsins verði tengd samveitum í næsta áfanga. Líklega verða um 20—25 býli utan samveitna. Því er helst til að svara, að ekki þótti rétt að spenna bogann of hátt. Sum þessara býla eru mjög fjarlæg og það lítil, að vafasamt er, að þau beri þann mikla

kostnað, sem yrði samfara tengingu þeirra við samveitu. Meðalkostnaður fyrir þessi býli yrði líklega um 2 370 000 kr. nú, eða 1 480 000 kr. haustið 1971. Hins vegar er sjálfsagt að kanna, hvort ekki megi tengja þessi býli samveitu síðar eða að hið opinbera jafni á einhvern máta orkukostnað hjá slíkum býlum, t. d. með rekstri dísilstöðva og með raforkuverði, sem yrði sambærilegt við það, sem er hjá samveitum. Í tillögunni er því lagt til, að þetta verði jafnframt skoðað.

Mikilvægi raforkunnar fyrir nútíma mannlíf er óumdeilanlegt. Það er einnig staðreynd, að dísilstöðvum og olíuhitun fylgir bæði margs konar óhagræði og stóraukinn kostnaður með hraðhækkandi olíuverði. Við Íslendingar erum hins vegar svo lánsamir að eiga gnægð vatnsorku. Það er skylda okkar að nýta þá orku eins og frekast er unnt í stað olíu, bæði til raforkuframleiðslu og upphitunar, þar sem jarðhiti er ekki til staðar. Því ber að leggja ríka áherslu á að hraða rafvæðingu dreifbýlisins.

Ed. 246. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um lyfjaframleiðslu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingánefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþykkja frv. með tilteknum breytingum, en við, sem stöndum að þessu nál., viljum láta afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

Efni frv. er tvíþætt. Annars vegar eru í I. kafla almenn ákvæði um lyfjaframleiðslu, og eru þau efnislega að mestu samhljóða gildandi lögum, þ. e. IX. kafla lyfsölulaga, nr. 30 1963. Verður því ekki séð, að nokkra nauðsyn beri til að lögfesta þetta frv. vegna ákvæðanna í I. kafla þess. Að svo miklu leyti sem æskilegt er talið að færa ákvæði IX. kafla lyfsölulaganna í nútímalegra horf, ætti að vera hægur vandi að breyta þeim lögum.

Að öðru leyti fjallar frv. um heimild til handa ríkinu að gerast stofnaðili að sameiginlegu fyrirtæki um lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum og slíku hugsanlegu fyrirtæki sett í öllum meginatriðum lög í frv. Náist ekki samkomulag milli aðila um stofnun fyrirtækis, skal ríkinu skv. frv. skylt að annast lyfjaframleiðslu með þeim skyldum, sem hinu ráðgerða fyrirtæki ella hefði borið.

Í grg. með frv. til l. um lyfjaframleiðslu, sem lagt var fram á síðasta þingi og nú er vísað til, segir, að þegar hafi farið fram nokkrar undirbúningsviðræður við Pharmaco hf. um hugsanlegt lyfjaframleiðslufyrirtæki, en Pharmaco er langöflugasta lyfjagerð hér á landi í eigu einkaaðila. Að því fyrirtæki standa auk lyfjafræðinga velflestir lyfsalar í landinu. Rétt er, að það komi fram, að frv. þetta er hreint ekki flutt að ósk þess fyrirtækis, þótt það hafi að sjálfsögðu orðið við tilmælum heilbrigðisráðuneytisins um viðræður, sem í grg. eru nefndar „undirbúningsviðræður".

Um það eru skiptar skoðanir, hvort æskilegt sé, að innlend lyfjaframleiðsla sé í einu fyrirtæki. Koma þar m. a. til greina öryggissjónarmið. Í skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar frá febrúar þ. á., sem unnin var fyrir ráðherra, segir t. d. um þetta atriði á bls. 72: „en sé áhersla lögð á öryggissjónarmið, mæla þau gegn algjörri miðskipun framleiðslu í einu fyrirtæki." Þótt ekki sé með frv. stefnt að einkarétti til lyfjaframleiðslu, mun það almennt álitið, að framleiðsla, sem nú er rekin í smáum stíl, muni smám saman leggjast niður að mestu við tilkomu öflugri fyrirtækja, enda þróunin þegar orðin í þá átt.

Þá er og meira en vafasamt, að ríkisíhlutun um lyfjaframleiðslu verði til þess að lækka lyfjaverð. Ekki benda afskipti ríkisins af lyfjaverslun í Svíþjóð. og að nokkru leyti lyfjaframleiðslu, í þá átt. Þar yfirtók hlutafélag, sem er að ⅔ eign

ríkisins og að ⅓ eign apótekara, alla smásölu árið 1971, með þeim árangri, að lyfjaverð hækkaði verulega, og hefur það valdið gagnrýni og óánægju.

Ef af hálfu ríkisvaldsins er áhugi á að leita samvinnu við einkaaðila um lyfjaframleiðslu, þarf enga löggjöf til þess að hefja samningaviðræður við þá aðila. Þegar fyrir liggur fullt samkomulag aðila um stofnun sameiginlegs fyrirtækis og lög þess, kann að vera ástæða til að lögfesta það, en fyrr ætti það að vera óþarft.

Í 15. gr. frv. er ákvæði þess efnis, að takist ekki samningar, skuli ríkinu skylt að annast þá lyfjaframleiðslu, sem hinu sameiginlega fyrirtæki hefði ella verið skylt að annast. Eins og kunnugt er, hefur Lyfjaverslun ríkisins um langt skeið rekið lyfjagerð, þar sem megináhersla hefur verið lögð á að mæta þörfum sjúkrahúsa og béraðslækna. Ríkisvaldið hefur það í hendi sér að efla þetta fyrirtæki sitt, sem nú býr við slæmar framleiðsluaðstæður, og fela því þá lyfjaframleiðslu, sem það metur nauðsynlega og æskilega, og er ákvæði 15. gr. því óþarft.

Loks skal vakin athygli á því, að í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er eitt af stefnumálum: „Að endurskipuleggja lyfjaverslunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn.“ Hins vegar er hvergi þar minnst á lyfjaframleiðslu og frumvarps þessa því ekki þörf til efnda á stjórnarsáttmálanum.

Af framansögðu má það ljóst vera, að ekkert knýr á um lögfestingu þessa frv. Við leggjum því til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ákvæði I. kafla frv. er að verulegu leyti þegar að finna í gildandi lyfsölulögum, en ákvæði frv. að öðru leyti óþörf, telur þingdeildin ekki ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. des. 1973.

Auður Auðuns, frsm. Axel Jónsson.

Ed. 247. Frumvarp til laga [101. mál]

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

3. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

3.1 Að leggja fram allt að 60 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni.

3.2 Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 140 milljónir kr., eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt.
3.3 Að leigja félaginu jarðnæði úr landi Reykhóla í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu, eftir því sem þarfir verksmiðjunnar krefjast.
3.4 Að nýta jarðhitasvæðið á Reykhólum í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka, og m. a. skal gegna því hlutverki að selja þörungavinnslunni jarðhita til reksturs síns. Jarðvarmaveitur ríkisins skulu sjá um stofnun og rekstur hitaveitunnar.
3.5 Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði í Karlsey undan Reykhólum.
3.6 Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði.
3.7 Að styrkja byggingu hafnar við Karlsey skv. 7. gr. og 3. lið 19. gr. hafnalaga, nr. 45/1973, enda verði höfnin í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem viðkomandi sveitarfélög stofna til.
3.8 Að taka lán allt að 200 millj. kr. til framkvæmda skv. liðum 3.4 til 3.7.
3.9 Að veita félaginu þangtökuheimild í landareignum ríkisins við Breiðafjörð gegn hæfilegu gjaldi.
3.10 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt í tolli af innfluttu byggingarefni, vélum, flutningatækjum, öflunartækjum, skipum, bátum og varahlutum til verksmiðjunnar.
3.11 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af umbúðum og efni, sem er endurútflutt frá verksmiðjunni.

4. gr.

Kostnaður Undirbúningsfélags þörungavinnslu hf., sem stofnað var á grundvelli laga nr. 107/1972, skal að fullu greiðast samkvæmt 4. gr. þeirra laga, sem hluti af stofnkostnaði þörungavinnslunnar. Hluthafar í Undirbúningsfélagi þörungavinnslu hf. geta skipt á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi.

5. gr.

5.1 Eftirgreind frávik frá lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu heimil:
a) Íslenska ríkið og þeir aðilar aðrir, sem gerast hluthafar í fyrirtækinu skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins án tillits til 2. málsliðar 2. mgr. 4. gr. fyrrnefndra laga.
b) Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málsliðar 2. mgr. 4. gr. sömu laga.
c) Tala hluthafa skal óháð 38. gr. laganna.
d) Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laganna skal ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.
5.2 Hlutabréf í félaginu skulu stíluð á nafn og undanþegin stimpilgjaldi.

6. gr.

6.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. A. m. k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn félagsins skal vera búsettur í Austur-Barðastrandarsýslu. Heimilt er, að einn aðalmaður og einn varamaður sé erlendur ríkisborgari og búsettur erlendis.
6.2 Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Hlutafélagið skal gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og hlunnindi við Breiðafjörð bíði tjón af starfsemi fyrirtækisins. Skulu fara fram vistfræðilegar rannsóknir á kostnað fyrirtækisins samhliða vinnslu til að fylgjast með hugsanlegum áhrifum af starfseminni í nánu samráði við Náttúruverndarráð, svo lengi sem talið er nauðsynlegt.

Iðnaðarráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd 1. málsgreinar, og skal sú reglugerð sett að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Jafnframt skal efla vísindalegt eftirlit og rannsóknir á þörungamiðum og dýralífi á Breiðafirði á vegum opinberra rannsóknastofnana.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 248. Frumvarp til laga [167. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samkomulag það, sem undirritað var í Stokkhólmi 20. nóvember 1973, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og staðfest var með lögum nr. 29 8. september 1931, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. desember 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um, að 1., 9., 10. og 22. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli hljóða þannig:

1. gr.

Nú óskar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, og skal þá kanna rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess. Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang, og getur hlutaðeigandi stjórnvald þá krafist þess, að rétturinn sé sannaður með vottorði, sem gefið var út af stjórnvöldum þess ríkis, sem það á ríkisfang í.

Nú er svo fyrir mælt í lögum samningsríkis, sem hjónaefni á heimilisfesti í, að foreldrar þess eða lögráðamaður samþykki ráðahaginn, og skal þá eftir því farið, þótt slíks samþykkis sé ekki krafist í lögum þess ríkis, þar sem könnun hjónavígsluskilyrða fer fram.

Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

9. gr.

Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna.

Skilnaður að borði og sæng, sem fengist hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengist.

Nú er ekki til að dreifa reglum um skilnað að borði og sæng í lögum samningsríkis, en í vissum tilvikum byggt á, að umhugsunarfrestur sé undanfari lögskilnaðar, og geta þá hjón, sem veittur hefur verið skilnaður að borði og sæng í einhverju hinna samningsríkjanna, fengið lögskilnað í þessu ríki án slíks undanfarandi umhugsunarfrests, enda hafi þau, frá því að skilnaður að borði og sæng var veittur, lifað aðskilin svo lengi, að svarar til slíks umhugsunarfrests, og hafi ekki tekið upp sambúð að nýju.

10. gr.

Þegar fjármál hjóna, sem fengið hafa skilnað að borði og sæng, ákvarðast eftir lögum samningsríkis, sem ekki byggir á reglum um skilnað að borði og sæng, skulu fjárverðmæti, sem öðru áskotnast eftir skilnaðinn, verða séreign þess, en ábyrgð á skuldum miðast við aðstæður eins og þær voru við skilnað að borði og sæng. Að öðru leyti skal farið að lögum þessa ríkis, að því er til búskipta tekur við lögskilnað.

Andist annað hjóna, eftir að skilnaður að borði og sæng er veittur, og spurning vaknar um rétt hins eftirlifandi til arfs eftir hið látna samkvæmt reglum um lögerfðir eða samkvæmt erfðaskrá, og beita skal lögum samningsríkis, sem ekki byggir á reglum um skilnað að borði og sæng, skal skilnaður að borði og sæng lagður að jöfnu við lögskilnað, ef hinn fyrrnefndi varir enn.

22. gr.

Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 11., 13., 14., 15., 19. og 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna. Þetta á einnig við um aðfararhæfa dómsúrskurði, sem gengið hafa í einhverju ríkjanna og kveða á um ógildi eða ógildingu hjúskapar milli ríkisborgara í samningsríki.

Samningsríkin geta gengið að þessu samkomulagi með því:

a) að undirrita það án fyrirvara um fullgildingu, eða
b) að undirrita það með fyrirvara um fullgildingu ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu sett til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að samningsríkin hafa öll gengið að samkomulaginu.

Til þess að samningnum verði beitt um Færeyjar og Grænland, getur danska dómsmálaráðuneytið, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik, sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður kunna að krefjast.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir, sem hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gert í Stokkhólmi hinn 20. nóvember 1973 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningi milli Norðurlandanna frá 6. febrúar 1931, sem heimilað var að fullgilda, að því er Ísland varðar, með lögum nr. 29 8. september 1931, voru settar reglur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, er gilda skyldu þeirra í milli. Grundvöllur þessa samnings er hið nána lagasamræmi á Norðurlöndum á þessu sviði. Samningi þessum hefur tvisvar verið breytt lítillega, á árunum 1954 og 1969. — Á þessu ári hefur orðið allveruleg breyting á sænskum hjúskaparlögum, og taka hin nýju sænsku hjúskaparlög gildi 1. janúar 1974. Segja má, að breytingar þær, sem nú hafa verið lögfestar í Svíþjóð, raski nokkuð hinu nána lagasamræmi Norðurlandanna að því er hjúskaparlöggjöfina varðar. Engan veginn eru breytingarnar þó svo umfangsmiklar, að grundvelli þessa Norðurlandasamnings sé raskað. Nauðsynlegt hefur hins vegar reynst að gera nokkrar breytingar á samningnum vegna breytinganna. Endurskoðun á hjúskaparlögunum og jafnframt á lögum um fjármál hjóna fer nú fram á öllum Norðurlöndunum. Er því líklegt, að heildarendurskoðun á samningnum verði nauðsynleg á næstu árum. Hins vegar hefur ekki verið talið fært að draga að fá staðfestar þær breytingar á honum, sem felast í því samkomulagi, sem er fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu. Er það niðurstaða viðræðna á vegum dómsmálaráðuneyta landanna, sem staðið hafa undanfarið ár.

Þær breytingar á sænsku hjúskaparlögunum, sem valda nauðsyn á breytingum á samningnum, eru þessar: Felldar eru niður í hinum nýju lögum lagareglur um, að samþykki foreldra þurfi til hjúskaparstofnunar (vegna aldurs). Ennfremur eru felldar niður lagareglur um skilnað að borði og sæng. Þá eru og felldar niður lagareglur um ógildingu hjúskapar með dómi.

Vegna fyrsta atriðisins, um samþykki foreldra, er bætt nýrri 2. málsgrein inn í 1. grein samningsins til þess að tryggja það, að slíkra reglna sé gætt í ríki, sem ekki hefur þær reglur í sínum lögum, en fjallar um málefni hjónaefnis, sem heimilisfesti á í samningsríki, sem þær reglur hefur í sínum lögum.

Breyting er gerð á 9. grein samningsins vegna annars atriðis, þess að niður eru felldar lagareglur um skilnað að borði og sæng í sænsku löggjöfinni. Er af því tilefni bætt nýrri málsgrein við 9. greinina til þess að samlaga hann hinum nýju viðhorfum, en í nýju sænsku lögunum kemur 6 mánaða „umhugsunarfrestur“ við vissar aðstæður í stað skilnaðar að borði og sæng. Eiga þær reglur við, ef aðilar eru ekki sammála um skilnað eða ef þau eða annað þeirra hefur foreldraráð yfir barni innan við 16 ára aldur. — Þess skal getið, að ekki er þörf á því, að taka upp reglu í samninginn um að ljúka megi í samningsríki, sem ekki hefur lagareglur um „umhugsunarfrest“, lögskilnaði aðila, sem fengið hefur slíkan skilyrtan skilnað. Stafar þetta af því, að lagareglur um „umhugsunarfrest“ gera ráð fyrir því, að skilnaðarmál hvíli í eitt ár fyrir þeim dómstóli, sem fjallað hefur um það, þannig að „umhugsunarfrestur“ hefur hafist, og verður lokið þar á lögmæltum tíma að frumkvæði annars hvors aðilans, þótt aðilar, annar eða báðir, hafi flutt til annars lands. Skilnaðarmálið fellur hins vegar niður af sjálfu sér, þegar ár er liðið frá upphafi umhugsunarfrestsins, ef hvorugur aðilinn gerir reka að því að ljúka því á lögmæltum tíma.

Vegna hinna nýju aðstæðna samkvæmt sænsku lögunum, er niður eru felldar lagareglur um skilnað að borði og sæng, en lagareglur um „umhugsunarfrest“ koma að nokkru í þeirra stað, verður þörf á ákvæðum í samningnum að því er varðar fjármál hjóna, er fengið hafa skilnað að borði og sæng, en slíkar reglur eru ekki í lögum í ríki, þar sem fjalla skal um fjármál þeirra (þ. e. frá 1. janúar 1974 í Svíþjóð). Með sama hætti þarf ákvæði um ráðstöfun vegna réttar til arfs milli

hjóna, við andlát annars þeirra, er þau hafa skilið að borði og sæng, en ekki eru lagareglur um slíkan skilnað í því ríki, þar sem fjalla skal um rétt hins eftirlifandi til arfs. Um þetta efni eru ákvæði í nýrri 10. grein samningsins, skv. fylgiskjalinu hér að framan, í tveimur málsgreinum.

Efni 10. greinar samningsins, sem gilt hefur til þessa, fjallar um ógildingu hjúskapar með dómi. Í hinum nýju sænsku lögum eru lagareglur um ógildingu hjúskapar felldar niður. Slíkar lagareglur eru áfram í gildi í hinum ríkjunum, en hafa að vísu sáralitla raunhæfa þýðingu. Hefur því þótt henta að fella niður úr samningnum fyrra efni 10. greinarinnar, en bæta örstuttu ákvæði um það efni aftan við 22. grein samningsins, en hún fjallar almennt um gildi yfirvaldsúrskurða og dómsúrskurða samkvæmt samningnum í heild.

Það skal að loknu tekið fram, að aðilum samningsins frá 1931 er ljóst, að með þessum breytingum er ekki leyst úr öllum lagalegum vandamálum, sem upp geta komið vegna misræmis þess, sem verður milli lagareglna um skilnað samkvæmt sænskum lögum annarsvegar og lagareglna hinna fjögurra ríkjanna hinsvegar. Hins vegar er talið, að breytingarnar leysi úr vandamálum vegna lagamisræmis í öllum höfuðatriðum, og að ekki verði vandkvæði á að leyst verði úr þeim vafaatriðum, sem upp kunna að koma, í réttarframkvæmdinni hjá dómstólum og yfirvöldum.

Nd. 249. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til laga um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirgreindri

BREYTINGU:

2. málsliður 1. gr. falli brott.

Alþingi, 14. des. 1973.

Hannibal Valdimarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason.	Gunnar Thoroddsen.	Stefán Valgeirsson.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Ed. 250. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 3. gr. bætist tveir liðir:

1) Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.
2) Að endurgreiða samkvæmt sérstökum reglum gjöld af sýnitækjum til notkunar í skólum, þ. e. 8 mm og 16 mm kvikmyndasýningartækjum, skyggnu- og myndræmutækjum, myndvörpum, myndsýnum, sýningartjöldum, hljóð- og myndsegulbandstækjum og tækjum í tungumálastofur.

Ed. 251. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fellst á efni þess. Í nefndinni var og rætt um ákvæði 38. gr. laganna. Varð strax ljóst, að nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að breyta þyrfti þessu ákvæði. En það segir svo fyrir, að aðstöðugjald megi ekki hærra vera en nemi 65% þess hundraðshluta, sem í sveitarfélaginu var álagður á árinu 1971. Þegar álagning aðstöðugjalds fór fram það ár, giltu reglurnar í tekjustofnalögunum frá 1964. Þær voru þessar:

Aðstöðugjald mátti ekki hærra vera en hér segir:

1. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
2. Allt að 1% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
3. Allt að 1⅓% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
4. Allt að 2% af öðrum atvinnurekstri.

Í framkvæmd hefur ákvæði 38. gr. reynst þannig, að þau sveitarfélög, sem ekki lögðu á aðstöðugjald á árinu 1971 eða notfærðu sér ekki þá nema hluta af hinum fjórum atvinnugreinaflokkum, hafa orðið og verða, að óbreyttum lögum, að sæta áframhaldandi þessari takmörkun í öflun tekna til sveitarsjóðs, hverjar svo sem breytingar kunna að verða á atvinnugreinum innan sveitarfélagsins. Þannig geta verið og eru í mörgum tilfellum alvarlega skertir möguleikar sveitarfélags að nýta þennan tekjustofn þrátt fyrir síaukin og kostnaðarfrek umsvif í málefnum þess. Auk þessa geta hinar þröngu skorður, sem 38. gr. setur, valdið óþolandi misrétti gagnvart skattþegnunum. Fyrirtæki, sem er stofnað eftir 1971 innan sveitarfélags, sem ekki lagði aðstöðugjald á slíka atvinnugrein á árinu 1971, vegna þess t. d. að hún var ekki til staðar, er ekki aðstöðugjaldsskylt þar. Munu nokkur brögð vera og hafa verið að því, að fyrirtæki hafi flutst milli sveitarfélaga m. a. til þess að komast undan aðstöðugjaldi, og þó svo að ekki hafi sú verið ætlunin, þá hefur niðurstaðan orðið hin sama, fyrirtækið undanþegið gjaldinu.

Nefndinni þótti því einsýnt, að liðka þyrfti til í þessu efni og fella niður þá takmörkun á álagningarheimildum, sem í margnefndu ákvæði felst.

Í samræmi við þessa skoðun nefndarinnar flytur hún breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þar sem teknar eru skilyrðislaust upp þær álagningarheimildir, að því er varðar aðstöðugjald, sem giltu árið 1971, þó þannig, að hundraðshluti sá, er þá gilti, er færður niður um 35%.

Með þeirri breytingu mælir nefndin með samþykkt frv.

Alþingi, 14. des. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Steingr. Hermannsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 252. Breytingartillaga [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
38. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:
a. Allt að 0.33% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
b. Allt að 0.65% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
c. Allt að 1% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
d. Allt að 1.3% af öðrum atvinnurekstri.

Nd. 253. Frumvarp til laga [102. mál]

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

Samhljóða þskj. 120 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir sérsmíðaðir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07,5′ n.br. 21°31,2′ v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A 4. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B. 1. Frá línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), að línu réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972. Einnig er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks.

B. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi (grunnlínupunktur 6) í punkt 12 sjómílur réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnarey (65°47,1′ n.br. 14°18,2′ v.lg.).

B. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki

meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnarey og réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65°37,8′ n.br. 13°55,3′ v.lg.).

C. Suðausturland.

C. 1. Frá línu réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (grunnlínupunktur 15), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. maí til 1. mars utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. mars utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu, sem dregin er réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), og að 18°00′ v.lg. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), og að línu sem hugsast dregin réttvísandi suður frá Hálsaskerjum, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

C. 4. Á svæði frá 18°00′ v.lg. að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C. 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á þeim svæðum og tímum, sem í C. 3. og C. 4. greinir.

C. 6. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur af Hvalsnesi, að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalsnesi, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

C. 7. Frá 17° v.l. að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.

D. Suðurland.

D. 1. Frá línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), að línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

D. 2. Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Reykjanesaukavita, er öllum skipum heimilt að veiða á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972.

D. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu réttvísandi suður

af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), og að vestan af línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48,0′ n.br. og 22°41,9′ v.lg.).

D. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 21), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 22), Einidrangs (63°27,4′ n.br. 20°37,0′ v.lg.), Selvogs (63°49,1′ n.br. 21°39,2′ v.lg.), Hópsness (63°49,3′ n.br. 22°24,4′ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 23). Að austan og vestan takmarkast svæði þetta svo sem í D. 1. greinir.

D. 5. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkantur Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

D. 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ v.l. og að vestan af lengdarbaug 22°32′ v.l.

D. 7. Á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, og að vestan af 21° v.l., er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E. 1. Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°10′ n.br. og að norðan af 64°30′ n.br., er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá þessum skilyrðum, ef sjóðfélagi á lögheimili erlendis.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna sjóðfélaga, sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsgr. 11. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

19. gr.

Nú verður undirmaður á farskipi yfirmaður á farskipi, og flyst hann þá úr sjóðnum í lífeyrissjóð hlutaðeigandi útgerðarfélags eða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 1. málsgr. 2. gr., og skal þá sjóðurinn greiða sjóði þeim, er farmaðurinn flyst til, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt sjóðnum og greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, ásamt vöxtum.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. málsgr., sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir þeim reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun, svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og í þessum lögum.

Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

20. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa verið staðfestir af ráðherra.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

Sjóðfélagar í starfi í árslok 1972 skulu eiga þess kost, að lífeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1973.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1972, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau voru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsgr.

Lífeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk, fyrir árslok 1973 að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lífeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lífeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

24. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971, sbr. 11. gr. og 2. málsgr. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 og árið 1974 við grundvallarlaun 1969—1973. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífevrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsgr. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt.

Frumvarp þetta er samið af Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, og hér fer á eftir greinargerð hans um það.

A. Almennar athugasemdir.

Með bréfi, dags. 12. september 1968, fól félagsmálaráðuneytið mér með skírskotun til þingsályktunar Alþingis frá 17. apríl 1968 að annast endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, og skyldi sú endurskoðun gerð í samráði við hlutaðeigandi samtök og sjóðstjórn. Var verk þetta hafið í nóvembermánuði 1968, en skömmu síðar hófust viðræður útvegsmanna og bátasjómanna um aðild hinna síðarnefndu að sjóðnum, og náðist samkomulag um það efni milli þessara aðila í febrúar 1969. Vegna óvissu um, hvernig aðild bátasjómanna yrði háttað og hverjar breytingar þyrfti að gera á lögum sjóðsins í því sambandi, var endurskoðuninni slegið á frest, en nefnd skipuð til að semja lagafrumvarp, er lyti aðild bátasjómanna að lífeyrissjóði.

Með lögum nr. 59 1970 var lögum sjóðsins breytt með tilliti til aðildar bátasjómanna, og jafnframt var nafni hans breytt í Lífeyrissjóð sjómanna. Meginmál laga nr. 59 1970 var síðan fellt inn í lög nr. 78 1962, sbr. núgildandi lög nr. 78 frá 10. ágúst 1970 um lífeyrissjóð sjómanna.

Vegna ákvæða í 2. málsgr. 3. gr. laganna um heimild fyrir bátasjómenn í einstökum byggðarlögum eða landshlutum til undanþágu frá þátttöku í sjóðnum, hefur ekki fyrr en á yfirstandandi ári fengist heildaryfirsýn um, hvernig lífeyrisréttindum sjómanna er háttað. Staðir, þar sem enn er óvissa um það efni, munu hins vegar nú teljast til undantekninga, og lausn lífeyrissjóðsmála þar getur vart haft áhrif á heildarendurskoðun laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Er því ekki ástæða til, að aðild bátasjómanna hafi í för með sér frekari frestun á þeirri endurskoðun.

Í samræmi við það, sem í áðurnefndri þingsályktun segir um samráð við sjóðstjórn, hef ég átt allmarga fundi með stjórninni um verkefni þetta. Þeir stjórnarmenn, sem tilnefndir eru af samtökum sjómanna og útgerðarmanna, hafa jafnframt verið fulltrúar hlutaðeigandi samtaka við endurskoðunina, en að auki hef ég rætt við fulltrúa einstakra félaga sjómanna, sem þess hafa óskað. Þá hefur stjórn sjóðsins vísað til mín erindum, sem henni hafa borist um breytingar á lögum hans, og verður nú nánar að þeim vikið í athugasemdum við einstakar greinar.

Í þingsályktuninni var gert ráð fyrir, að væntanlegar lagabreytingar miðuðust við, að sjóðfélögum yrði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta. Þótt samanburður sé að því leyti erfiður, að hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins miðast iðgjöld og lífeyrisgreiðslur (að undanskildum barnalífeyri) við föst laun, en hjá Lífeyrissjóði sjómanna er miðað við heildartekjur togarasjómanna og farmanna og tilteknar fjárhæðir, svipaðar kauptryggingu, þegar bátasjómenn eiga í hlut, er ekki vafi á, að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir miklum mun betri tryggingu en Lífeyrissjóður sjómanna. Í því efni skiptir verðtrygging lífeyris fyrrnefnda sjóðsins höfuðmáli.

Ljóst er, að breytingar á bótaákvæðum Lífeyrissjóðs sjómanna verða mjög háðar því, hve miklar tekjur unnt verður að tryggja sjóðnum. Iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, um 10% af föstum launum, hrökkva skammt til að standa undir skuldbindingum, heldur eru það ákvæði 25. gr. laga nr. 29/1963 um endurgreiðslu verulegs hluta lífeyrisins úr ríkissjóði, sem tryggja gildi bótaákvæðanna. Þannig nam lífeyrir árið 1970 99.2 millj. kr., en af þeirri fjárhæð endurgreiddu ríkissjóður og ríkisstofnanir 50.4 millj. kr., og er þá alþingismannadeild sjóðsins ekki meðtalin. Fjárhagur Lífeyrissjóðs sjómanna er traustari en fjárhagur fjölmargra annarra lífeyrissjóða vegna þess, hve margir hafa hætt þátttöku í sjóðnum og skilið eftir hluta vinnuveitenda. Almenn aðild launþega að lífeyrissjóðum verður væntanlega til þess, að mjög dregur úr slíkum tekjum, en engu að síður tel ég fært að gera breytingar á bótaákvæðum, sem verða lífeyrisþegum til verulegra hagsbóta á næstu árum. Um ráðstafanir til frekari eflingar sjóðnum var ekki fjallað í þingsályktuninni, en þær geta verið fólgnar í bættri ávöxtun, hækkun iðgjalda eða ábyrgð og endurgreiðslum á lífeyri, annaðhvort af hálfu vinnuveitenda eða ríkissjóðs. Um síðastnefndu leiðina áttu sér á árinu 1968 stað viðræður milli félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, og í bréfi hins síðarnefnda, dags. 30. september 1968, var tekið fram, að fjármálaráðuneytið teldi ekki fært að taka neinar kvaðir á ríkissjóð í sambandi við lagaendurskoðunina. Þá kemur það fram í athugasemdum við 10. gr., að fremur hefur verið rætt um að draga úr iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en auka þær.

Meðfylgjandi lagafrumvarp er samið með hliðsjón af framangreindum atriðum annars vegar og þróun lífeyrissjóðsmála hér á landi undanfarin ár hins vegar. Frá ársbyrjun 1970 hefur allur þorri íslenskra launþega átt aðild að lífeyrissjóðum. Hljóta samskipti sjóðanna að aukast mjög í framtíðinni, og má gera ráð fyrir, að Lífeyrissjóður sjómanna muni eiga veruleg samskipti við hina nýju sjóði verkalýðsfélaga fyrir höndum.

Breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, eru í höfuðatriðum þessar:

1. **Verðtrygging lífeyris.**

Óumdeilanlegt er, að höfuðvandamál íslenskra lífeyrissjóða er vanmáttur þeirra til að tryggja verðgildi lífeyrisgreiðslna. Þeir sjóðir, sem veita slíka verðtryggingu hafa yfirleitt hlutaðeigandi vinnuveitendur, svo sem ríki, bæjarfélög o. fl., að bakhjarli, og taka þessir aðilar á sig stórkostlegar skuldbindingar með ábyrgð sinni. Í nær öllum reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaga er gert ráð fyrir takmarkaðri verðtryggingu tiltekið tímabil í senn með hliðsjón af fjárhagsgetu hlutaðeigandi sjóðs hverju sinni. Sama hugmynd kom fram í greinargerð minni frá 17. júlí 1967 um hag Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Þar sem sjóður þessi verður að teljast traustur í samanburði við flesta aðra lífeyrissjóði hér á landi og enn eru lífeyrisþegar hans tiltölulega fáir, er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að allar elli-, örorku- og ekkjulífeyrisgreiðslur, sem úrskurðaðar hafa verið, miðist við kauplag 1967—1971 frá 1. janúar 1972 að telja, og síðan verði sjálfkrafa hækkanir árin 1973 og 1974, en frá árslokum 1974 verði teknar ákvarðanir um áframhaldandi hækkanir fyrir 5 ára tímabil í senn með hliðsjón af afkomu sjóðsins.

2. **Stigakerfi í stað 10 ára meðaltals launa.**

Miklar hækkanir kaupgjalds og verðlags hafa valdið því, að sú algenga regla að miða lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans hefur orðið óvinsæl, enda reynast lífeyrisgreiðslur oft harla lágar, þegar eftir henni er farið. Þá hafa sjómenn, einkum yfirmenn, bent á, að með því að fara eftir þessari reglu njóti menn þess á engan hátt við ákvörðun ellilífeyris, þótt þeir hafi fyrr á starfsævinni greitt mun hærri iðgjöld en sjóðfélagar almennt. Við þetta bætist, að nú eru ákvæði um iðgjaldagreiðslur mjög mismunandi eftir því, hvort bátasjómenn eða togarasjómenn og farmenn eiga í hlut, og ræður það því miklu um lífeyrisréttindi, á hvers konar skipum menn hafa starfað síðustu 10 starfsárin. Til þess að ráða bót á þessum annmörkum núgildandi lagaákvæða er í frumvarpinu gert ráð fyrir umreikningi iðgjalda hvers almanaksárs í stig í því skyni, að áunnin réttindi fari eftir verðgildi iðgjaldanna, eins og það var, þegar þau voru innt af hendi. Nær allir hinir nýju lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga nota slíkan stigagrundvöll.

3. **Biðtímaákvæði.**

Samkvæmt frumvarpinu er krafist 5 ára iðgjaldagreiðslutíma til þess, að um rétt til ellilífeyris geti orðið að ræða, 3 ára tíma í sambandi við örorkulífeyri, 6 mánaða tíma í sambandi við makalífeyri, en barnalífeyrir verður greiddur án tillits til iðgjaldagreiðslutíma. Samkvæmt núgildandi lögum er 10 ára lágmarkstími höfuðregla, en undantekning er gerð, þegar um er að ræða barnalífeyri og örorkulífeyri, ef rekja má örorkuna til starfs þess, sem sjóðfélagi gegndi.

4. **Lækkun aldursmarks ellilífeyrisþega.**

Gert er ráð fyrir heimild til að hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri, að uppfylltum tveimur skilyrðum, annars vegar, að sjóðfélagi hafi lengi stundað sjómennsku, og hins vegar, að ekki sé langt síðan hann hætti störfum á sjó.

Um ofangreind atriði og aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast, skírskotast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Til glöggvunar á því, hver áhrif samþykkt frumvarpsins mundi hafa á lífeyrisgreiðslur til núverandi lífeyrisþega, skulu nefnd þrjú dæmi. Ellilífeyrisþegi, sem hætti störfum skömmu eftir stofnun sjóðsins, og á nokkurn rétt samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, fær nú um 8 þús. kr. á ári, en fengi um 45 þús. kr. árið 1972. Frestunarhækkun er hér reiknuð í samræmi við ákvæði 4. málsgr. 12. gr. frumvarpsins, þótt um eiginlega frestun á töku lífeyris hafi að sjálfsögðu ekki getað verið að ræða fyrr en eftir stofnun sjóðsins. Annar ellilífeyrisþegi, sem hóf töku lífeyris árið 1970 og á að mestu leyti rétt í samræmi við iðgjaldagreiðslur, en einnig að nokkru samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum, mundi fá hækkun úr 38 þús. í 81 þús. á ári. Loks má nefna ekkju, sem hóf töku lífeyris árið 1969, en lífeyrir hennar mundi hækka úr 23 þús. kr. í 61 þús. kr. á ári. Tvö börn hennar njóta einnig lífeyris úr sjóðnum.

Enn þá eru lífeyrisþegar sjóðsins svo fáir, að þrátt fyrir framangreindar hækkanir yrðu útgjöld sjóðsins mjög lítil næstu ár. Árið 1970 námu lífeyrisgreiðslur 1577 þús. kr., en af þeirri fjárhæð endurgreiddi ríkissjóður 464 þús. kr. Þótt um fjórföldun þessa ríkissjóðsframlags gæti orðið að ræða, lít ég svo á, að sú aukning sé einungis eðlileg samræming þeirra skuldbindinga, sem ríkissjóður hefur áður tekið á sig, við kauplag nú, sbr. áðurnefnt bréf fjármálaráðuneytisins.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur lýst stuðningi sínum við frumvarpið í meginatriðum, en frestaði þó að taka afstöðu til 2. og 10. gr. Verður nánar að þessu vikið í athugasemdum við þær greinar, og enn fremur verður í athugasemdum hér á eftir drepið á hugmyndir, sem fram hafa komið við meðferð málsins.

B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Ákvæði um aðild bátasjómanna í lögum nr. 59/1970 voru sniðin eftir áðurnefndu samkomulagi frá 11. febrúar 1969. Jafnframt tók nefnd sú, sem samdi lagafrumvarpið, fram, að athuga bæri við heildarendurskoðun laganna, hvort ekki væri unnt að stytta til muna ákvæði 3. gr. laganna með því að fella niður þá upptalningu, sem felst í 2. málsgr. og tryggja átti, að ekki væri farið út fyrir ramma samkomulagsins. Með hliðsjón af þessu lagði ég fyrir sjóðstjórn tillögu um, að í stað 1. og 2. málsgr. 3. gr. laganna kæmu svo hljóðandi ákvæði:

Sjóðfélagar eru allir þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, 12 lesta eða stærri, sbr. þó 2. og 3. málsgr.

Undanskildir þátttöku í sjóðnum eru yfirmenn varðskipa og strandferðaskipa ríkissjóðs, sem tryggðir skulu í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum um þann sjóð, og þeir yfirmenn annarra farskipa, sem samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga og útgerðarmanna skulu tryggðir í öðrum lífeyrissjóðum, sem hlutaðeigandi skipafélög eru aðilar að.

Sjómenn á skipum, öðrum en togurum, farskipum og varðskipum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skulu undanskildir þátttöku í þessum sjóði, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara tekið ákvörðun um slíka undanþágu, sbr. 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna lagðist eindregið gegn þessu orðalagi, þar sem enn hefði ekki verið samið um lífeyrisréttindi til handa sjómönnum, sem stunda handfæraveiðar o. fl., svo sem áhöfnum rækjubáta og sanddæluskipa. Einnig var hann andvígur því, að 4 mánaða undanþágan í 2. málsgr. yrði felld niður, nema áður hefði verið um slíkt samið. Samkomulag varð um það í stjórn sjóðsins, að hún frestaði að taka afstöðu til þessarar greinar í trausti þess, að samkomulag næðist milli sjómanna og útvegsmanna um þessi atriði. Að svo búnu máli hef ég í frumvarpinu haldið núgildandi ákvæðum óbreyttum í þessum efnum.

Við setningu laga nr. 59/1970 var um það deilt, hvort allir bátasjómenn, sem öðluðust lífeyrisréttindi í ársbyrjun 1970, skyldu vera í Lífeyrissjóði sjómanna. Var sett í lögin ákvæði þess efnis, að ráðherra skyldi ákveða, að bátasjómenn, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skyldu vera utan við sjóðinn, ef félög sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum óskuðu þess og forsvaranlega væri frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið. Telja verður, að mál þetta sé nú til lykta leitt og sé því rétt að miða lagaákvæðið við ástand, eins og það er nú, en gera ekki ráð fyrir heimild fyrir sjómenn til að kljúfa sig út úr þeim sjóðum, sem þeir hafa þegar gerst aðilar að. Lífeyrissjóðsmál bátasjómanna eru nú með þeim hætti, að í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum eru allir í lífeyrissjóðum hlutaðeigandi byggðarlaga, en á Austurlandi og Norðurlandi vestra eru undirmenn í byggðarlagasjóðum, og gert er ráð fyrir, að Hólmavík og Kaldrananeshreppur fylgi Norðurlandi vestra í þessu efni. Hef ég miðað orðalag 2. málsgr. við, að þessi skipan haldist.

Breytingar á ákvæðum um heimild til þátttöku og áframhaldandi þátttöku í sjóðnum eru gerðar að fengnum ábendingum frá fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna.

Um 3.—7. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4.—8. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að tilvitnanir í lög í 4. og 8. gr. laga hafa verið leiðréttar.

Um 8. gr.

Ákvæði 2. málsgr. um athugun á möguleikum sjóðsins til að greiða uppbætur á lífeyri til samræmis við kaupgjaldshækkanir er nýmæli. Er gerð nánari grein fyrir þessu atriði í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Við umræður um þessa grein í stjórn stjóðsins var því hreyft af hálfu vinnuveitenda, að iðgjöld togarasjómanna og farmanna yrðu framvegis látin miðast við tilteknar mánaðarlegar fjárhæðir með sama hætti og iðgjöld bátasjómanna nú. Með tilliti til væntanlegra samningaviðræðna frestaði stjórnin að taka afstöðu til þessa máls, sbr. það, sem að framan er sagt í athugasemdum við 2. gr. Í tillögum mínum hef ég miðað við óbreyttar reglur að þessu leyti.

Fellt er niður ákvæði um 30 ára hámark iðgjaldagreiðslutíma. Þessi breyting hefur þann kost, að hún er því meira virði fyrir sjóðinn, sem kauphækkanir eru örari og meiri, og eykur hún því líkur fyrir því, að unnt reynist að greiða í framtíðinni uppbætur á lífeyri samkvæmt 16. gr. Þar eð sjóðurinn hefur enn ekki starfað nema 13 ár, er langt þar til ákvæði þetta hefur áhrif í framkvæmd.

Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um vexti af ógreiddum iðgjöldum, en ákvæði frumvarpsins um þetta efni er samhljóða tilsvarandi ákvæði í reglugerð hinna nýju sjóða verkalýðsfélaga.

Um 11. gr.

Um stigakerfið er rætt í almennum athugasemdum hér að framan. Dagvinnutaxti Dagsbrúnarmanna hefur verið valinn sem grundvöllur, er sýna skal almennar kaupbreytingar, þar eð erfitt virðist að finna betri mælikvarða í kjarasamningum sjómanna, er hentað gæti jafnt undirmönnum sem yfirmönnum á öllum skipum. Það er kostur við þennan grundvöll, að hann er notaður af fjölmörgum öðrum lífeyrissjóðum og auðvelt er að reikna hann langt aftur í tímann.

Um 12. gr.

Af 2. málsgr. leiðir, að maður, sem haft hefur jafnar tekjur í hlutfalli við grundvallarlaun 11. gr. allan iðgjaldagreiðslutíma sinn, fær eftir 30 ára iðgjaldagreiðslutíma 51% af meðallaunum síðustu 5 starfsárin í stað 50% af meðallaunum 10 ára samkvæmt núgildandi lögum.

Í 3. málsgr. er heimild til að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur, ef sjóðfélagi hefur stundað sjómennsku 15 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur. Sérákvæði þetta er því ætlað þeim, sem lengi stunda sjómennsku og koma sér ekki fyrir í starfi í landi alllöngu áður en eftirlaunaaldri er náð.

Á árinu 1969 bárust stjórn sjóðsins samhljóða tillögur frá skipverjum á allmörgum togurum þess efnis, að aldursmarkið yrði lækkað úr 65 í 60 ár. Í viðræðum við fulltrúa sjómanna kom fram áhugi á að ganga enn lengra og lækka aldursmarkið í 55 ár, og virðast það einkum vera yfirmenn á togurum, sem þess óska. Með hliðsjón af því, að sjóðurinn hefur enn þá ekki starfað nema 13 ár og lífeyrisgreiðslur verða því enn um sinn takmarkaðar sökum hins skamma réttindatíma, hef ég ekki talið tímabært að ganga lengra en gert er í 3. málsgr., og enn fremur óttast ég, að fortakslaus heimild til að hefja töku lífeyris við 55 eða 60 ára aldur yrði notuð af ýmsum á sama hátt og heimild núgildandi laga til úrgöngu úr sjóðnum, þ. e. án tillits til afleiðinga síðar. Þess má geta, að hin tilgreinda lækkun, 0.3%

fyrir hvern mánuð, sem vantar á 65 ára aldur, er við það miðuð, að einungis hluti sjóðfélaga uppfylli hin settu skilyrði og notfæri sér heimildina, en ég tel lækkunina þurfa að vera 0.4% fyrir hvern mánuð, ef heimildin ætti að vera fortakslaus.

Um 13. gr.

Ákvæðin um örorkulífeyri eru í samræmi við ákvæði hjá hinum nýju lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga. Fyrir stofnun þeirra var algengast, að því aðeins væri tekið tillit til framtíðarréttinda við úrskurðun örorkulífeyris, að rekja mætti örorkuna til starfs sjóðfélagans. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkri takmörkun, og felst mikil réttarbót í þeirri breytingu. Undantekning er þó gerð, ef rekja má orkutap til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja.

Biðtími er almennt styttur úr 10 árum í 3 ár, en jafnframt er fellt niður sérákvæði núgildandi laga um örorku, sem má rekja til starfsins.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir gerbreyttum ákvæðum um makalífeyri frá því, sem nú gildir. Biðtími er styttur úr 10 árum í 6 mánuði, tekið er tillit til framtíðarréttinda, en í stað þess að miða lífeyri við liðinn iðgjaldagreiðslutíma fer lífeyrisréttur eftir aðstæðum hins eftirlifandi maka, aldri hans, hjúskapartíma og fjölskyldu.

Um 15. gr.

Hjá hinum nýju verkalýðssjóðum er yfirleitt gert ráð fyrir 6 mánaða biðtíma sem skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris. Samkvæmt gildandi lögum er enginn slíkur biðtími hjá Lífeyrissjóði sjómanna, og þótti ekki rétt að gera breytingu í þessu efni. Þá er gert ráð fyrir greiðslu barnalífeyris til 18 ára aldurs, en nú er aldursmarkið 16 ár.

Um 16. gr.

Um uppbætur á lífeyri vegna kaupgjaldshækkana skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 17. gr.

Með styttingu biðtíma er aukin þörf fyrir ákvæði um það, hverjar afleiðingar það hefur, ef iðgjöldum er ekki skilað til sjóðsins.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu um, að endurgreiðsla iðgjalda geti ekki átt sér stað, ef áunnin stig nema fullum 5 stigum, felst aukin takmörkun á rétti til endurgreiðslu og afsals lífeyrisréttinda. Meiri ástæða er til að takmarka endurgreiðslur, eftir að allur þorri launþega hefur öðlast aðild að lífeyrissjóðum, og er raunar lítið samræmi í almennri þátttökuskyldu, hvar sem menn starfa, og frelsi til afsals réttinda, ef skipt er um starf. Árið 1969 barst stjórn sjóðsins erindi frá sjóðfélaga annars lífeyrissjóðs um undanþágu frá 9 mánaða ákvæðinu, ef í hlut ættu menn, sem jafnframt eru tryggðir annars staðar. Með breyttum bótaákvæðum er minni ástæða en áður til að gera slíka breytingu.

Um 19. gr.

Núgildandi ákvæði um flutning lífeyrisréttinda eru í 19. og 20. gr. lagnna. Fellt er niður ákvæði 20. gr. laganna um hlutdeild í ágóða, þar eð það hefur ekki verið framkvæmt vegna vandkvæða, sem talin hafa verið á framkvæmd þess. Þá er sleppt ákvæði um uppgjör vegna flutnings farmanna úr sjóðum skipafélaga árið 1962, en þeim flutningi er nú að sjálfsögðu lokið.

Um 20. gr.

Tilsvarandi ákvæði er í reglugerðum hinna nýju sjóða verkalýðsfélaga. Æskilegt getur verið fyrir Lífeyrissjóð sjómanna að gerast aðili að hugsanlegu samkomulagi

án þess, að lagabreytinga sé þörf af því tilefni. Í umræðum í stjórn sjóðsins var m. a. vakið máls á nauðsyn þess, að félagar í Lífeyrissjóði sjómanna gætu greitt iðgjöld sín til þess sjóðs, þótt þeir væru um stundarsakir lögskráðir á svæði annars sjóðs. Hér verður um gagnkvæmt vandamál að ræða, sem æskilegt er að fá leyst með samkomulagi.

Um 21. og 22. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 21. og 22. gr. laganna.

Um 23. og 24. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. málsgr. skírskotast til þess, sem sagt er um verðtryggingu lífeyris í almennum athugasemdum hér að framan, sbr. enn fremur dæmi þau, sem þar eru tilgreind. Ákvæði 2. málsgr. er efnislega í samræmi við núgildandi bráðabirgðaákvæði.

Ed. 267. Frumvarp til laga [169. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

1.1. Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms, sem krefst a. m. k. 13 ára undirbúningsnáms, miðað við stysta eðlilegan tíma í samfelldu námi. Nú verða breytingar á íslensku skólakerfi, er hafa í för með sér breyting á lengd almenns undirbúnings, sem krafist er til háskólanáms, og skal þá heimilt að breyta með reglugerð framangreindu lágmarki til samræmis við það.

1.2. Lánasjóður veitir einnig hliðstæða fjárhagsaðstoð til náms við íslenska stýrimannaskóla og vélskóla, svo og framhaldsdeild íslenskra landbúnaðarskóla.

1.3. Lánasjóði er heimilt að veita lán öðrum námsmönnum, sem náð hafa 20 ára aldri og geta sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna.

1.4. Lánasjóði er heimilt að veita aðstoð til náms erlendis, þótt það fullnægi ekki skilyrðum í 1. málsgr., ef ekki er unnt að stunda hliðstætt nám á Íslandi.

2. gr.

2.1. Miða skal framkvæmd laganna við, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt þeim nægi hverjum námsmanni til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjárhagsaðstöðu hans, eins og hún er skilgreind og metin samkvæmt 5.—6. gr. laganna og reglum, sem settar eru samkvæmt lögunum, sbr. 17. gr.

3. gr.

3.1. Í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna eiga sæti sex menn, skipaðir af menntamálaráðuneytinu til tveggja ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir stjórnarmenn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: Einn af hálfu fjármálaráðuneytisins, einn af hálfu háskólaráðs, einn af hálfu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn af hálfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, en einn fulltrúi skal tilnefndur sameiginlega af öðrum námsmannahópum, sem falla undir ákvæði 1. gr., 1.—2. mgr. Menntamálaráðuneytið setur reglur um val

síðastnefnda fulltrúans, að höfðu samráði við samtök viðkomandi námsmanna, og sér um framkvæmd þess.

3.2. Varamenn í sjóðsstjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn og til jafnlangs tíma.

3.3. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins, sker atkvæði formanns úr.

4. gr.

4.1. Hlutverk stjóðsstjórnar er:
1. Að úthluta námslánum og námsstyrkjum samkvæmt lögum þessum.
2. Að hafa umsjón með gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna fyrir opinbera fjárhagsaðstoð.
3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð árlegrar fjárhagsáætlunar.
4. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um málefni, er starfsemi sjóðsins tekur til.

4.2. Sjóðsstjórn er heimilt að fela bankastofnun m. a. útborgun lána og styrkja, innheimtu vaxta og afborgana og bókhald, eftir því sem henta þykir.

4.3. Menntamálaráðuneytið skipar framkvæmdastjóra Lánasjóðs og annað starfslið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

4.4. Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um almenna námsaðstoð.

5. gr.

5.1. Lánasjóður veitir styrki námsmönnum, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri foreldrahúsum vegna náms, sem er aðstoðarhæft samkvæmt 1. gr., enda verði hliðstætt nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Við ákvörðun styrks skal höfð hliðsjón af þeim umframkostnaði, sem af þessum ástæðum leiðir, svo og af háum skólagjöldum.

5.2. Menntamálaráðuneytið getur ákveðið með reglugerð, að sjóðsstjórn skuli heimilt að veita hliðstæða styrki námsmönnum, sem eiga heimili á námsstað, ef þeir verða að vista sig utan foreldrahúsa af félagslegum ástæðum, enda geri þeir fullnægjandi grein fyrir þeim.

6. gr.

6.1. Lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eru tvenns konar, A-lán og B-lán.

6.2. Við ákvörðun fjárhagsaðstoðar til hvers einstaks námsmanns samkvæmt lögum þessum skal taka tillit til framfærslukostnaðar í viðkomandi námslandi, lengdar árlegs námstíma, fjölskylduaðstæðna og annarra atriða, sem hafa áhrif á fjárþörf umsækjanda. Við ákvörðun A-láns skal tekið tillit til fjárhagsaðstöðu námsmanns, bæði tekna og eigna, og einnig höfð hliðsjón af fjárhag maka námsmanns. Við ákvörðun B-láns skal auk þess hafa hliðsjón af möguleikum umsækjanda til fjárhagsstuðnings frá foreldrum eða fósturforeldrum miðað við efnahag þeirra, nema aðstæður geri slíka hliðsjón óeðlilega.

7. gr.

7.1. Gjalddagar A- og B-lána eru tveir á ári, 1. mars og 1. september. Fyrsti gjalddagi A-láns skal vera á 5. misseri frá námslokum, en B-láns á 10. misseri. Vextir af A-lánum skulu vera jafnháir almennum innlánsvöxtum banka á hverjum tíma, en vextir af B-lánum 3% lægri en af A-lánum. Vextir reiknast í báðum tilvikum frá námslokum.

7.2. Endurgreiðslur námslána hvers einstaks námsmanns fara fram samkvæmt greiðsluáætlun, sem Lánasjóður gerir til ákveðins tíma í senn, og skulu greiðslurnar vera jafnar ársgreiðslur (annuitet) á hverju áætlunartímabili. Greiðsluáætlanir skulu gerðar þannig, að endurgreiðslutíminn fari eftir heildarskuld lántaka, en einnig er heimilt að taka tillit til aðstöðu hans til fjáröflunar. Reglur

um endurgreiðslur skulu tryggja, að meirihluti lántaka hafi greitt lán sín að fullu innan 12 ára frá upphafi greiðslna. Ef námsskuld er mjög há, en fjáröflunaraðstaða lántaka ekki að sama skapi góð, getur greiðslutími orðið 12—18 ár og allt að 20 ár í undantekningartilvikum, sbr. þó 7. gr., 3. mgr.

7.3. Sjóðsstjórn er heimilt að fresta greiðslu af námsláni, ef sérstakar ástæður, svo sem tekjumissir vegna veikinda, eru fyrir hendi.

7.4. Lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skulu óafturkræf.

8. gr.

8.1. Lántakar skulu gefa út skuldabréf fyrir lánum sínum.

8.2. Útborgun námsstyrkja og námslána samkvæmt 5.—6. gr. skal fara fram tvisvar á hverju námsári, þ. e. á tímabilinu 15. september—15. nóvember og 1. janúar —28. febrúar. Heimilt er einnig að greiða námsmönnum, sem stunda nám um sumartímann, hluta árlegrar fjárhagsaðstoðar á tímabilinu 1. maí—30. júní. Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, heimilað frávik frá ofangreindri greiðslutilhögun.

9. gr.

9.1. Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum skal því aðeins veitt, að framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

9.2. Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar, sem sjóðsstjórn telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar.

9.3. Nú lýkur námsmaður ekki því námi sem fjárhagsaðstoð er veitt til. Getur sjóðsstjórn þá ákveðið, að hann skuli ekki njóta almennra lánakjara samkv. 7. gr. Þó skal tekið tillit til námsáfanga, sem námsmaður kann að hafa lokið.

9.4. Nú kemur í ljós, að fjárhagsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísvitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda, og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

9.5 Aðstöðujöfnunarstyrkur skv. 5. gr. skal veittur með fyrirvara um fullnægjandi námsárangur á viðkomandi námsári, ella verði aðstoðin endurgreidd samkvæmt ákvæðum laganna um námslán.

10. gr.

10.1. Námsmenn frá Norðurlöndum, sem eru heimilisfastir á Íslandi og stunda nám hérlendis, skulu eiga rétt til fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn, enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Heimilt er sjóðsstjórn að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna, sem eins er háttað um.

11. gr.

11.1. Skylt er innlendum námsstofnunum, sem lög þessi taka til, að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

11.2. Skattstofum er og skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar laga þessara.

11.3. Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI

Um styrki til framhaldsnáms.

12. gr.

12.1. Veitt skal árlega fé í fjárlögum til styrkja handa þeim, er lenggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi eða hliðstæðum prófum (kandídatastyrkja).

12.2. Skilyrði þess, að námsmaður geti fengið slíkan styrk eru:

1. Að hann hafi að baki nám sem svarar a. m. k. 5 ára háskólanámi, og

2. að hann hafi lokið fullnaðarprófi, sem krefst a. m. k. þriggja ára náms að loknu stúdentsprófi eða hliðstæðu námi.

12.3. Námsmenn, sem fullnægja síðara skilyrði samkv. 12. gr. 2. mgr., en ekki hinu fyrra, geta hlotið námsaðstoð skv. II. kafla þessara laga, þar til þeir fullnægja báðum skilyrðunum.

12.4. Nú er fé það, sem veitt er til styrkja samkvæmt 12. gr. 1. mgr., ekki nægilegt til að fullnægja öllum styrkhæfum umsóknum samkv. 2. mgr. Skal þá heimilt að láta umsóknir þeirra, sem ekki hljóta styrk, koma til álita við veiting námsaðstoðar samkvæmt II. kafla laganna.

13. gr.

13.1. Við ákvörðun styrkja samkvæmt 12. gr. skal höfð hliðsjón af sömu atriðum og við ákvörðun almennrar námsaðstoðar, sbr. II. kafla. Þó skal ekki tekið tillit til fjárhagsaðstöðu foreldra námsmanns.

13.2. Fjárhæð kandídatastyrks skal að öðru jöfnu ekki vera lægri en heildarupphæð almennrar námsaðstoðar, sem námsmanni mundi reiknast skv. II. kafla laganna.

IV. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

14. gr.

14.1. Árlegt ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Vextir og afborganir af námslánum samkvæmt lögum þessum og af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé, sbr. næstu málsgrein.

14.2. Sjóðsstjórn er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis að taka lán innanlands í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Sjóðurinn stendur straum af afborgunum og vöxtum vegna þessara lána. Stefnt skal að því að beita þessu fjáröflunarúrræði aðeins þegar brýn nauðsyn krefur, t. d. til að mæta óvæntri fjárþörf.

15. gr.

15.1. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

16. gr.

16.1. Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

17. gr.

17.1. Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar o. s. frv.

17.2. Sjóðsstjórn setur reglur um smærri atriði úthlutunar, og skulu úthlutunarreglur sjóðsins í heild gefnar út árlega og samþykktar af menntamálaráðuneytinu.

18. gr.

18.1. Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, ásamt lögum nr. 39/1972, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stefnt skal að því í áföngum á allt að þremur árum, að fjárveiting hvers árs miðist m. a. við haustlán á því ári, sbr. 8. gr., 2. mgr., og 14—15. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði haustið 1972 til að endurskoða lög um námslán og námsstyrki. Nefndin skilaði álitsgerð 7. apríl 1973. Menntamálaráðuneytið lét prenta álitsgerðina í frumvarpsformi og sendi hana til kynningar ýmsum aðilum, þ. á m. formönnum þingflokka, stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna og samtökum námsmanna, sem aðild eiga að Lánasjóðnum. Frumvarpið er lagt fram óbreytt frá álitsgerð nefndarinnar, nema að því er varðar ákvæði um vexti í 7. gr. Í upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir, að vextir af svonefndum A-lánum skyldu vera 1% hærri en almennir innlánsvextir banka á hverjum tíma. Í frumvarpinu er ákvæðinu, að fengnum tillögum nefndarinnar, breytt á þann veg, að vextir af A-lánum skuli vera **jafnháir** almennum innlánsvöxtum, en vextir af B-lánum verði 3% lægri en af A-lánum eins og í álitsgerðinni var gert ráð fyrir. Í þessu felst, að vextir af A-lánum yrðu miðað við núgildandi innlánsvexti 9%, en af B-lánum 6% (í stað 10% og 7%, ef vaxtaákvæði frumvarpsins hefði ekki verið breytt).

Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

„Í lögum nr. 39 24. maí 1972, um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að menntamálaráðherra skuli beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki og skuli að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing komi saman haustið 1972. Með bréfum dags. 19. september og 26. október 1972 skipaði menntamálaráðuneytið eftirtalda menn í nefnd til að annast endurskoðun laganna: Gunnar Vagnsson, formann stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, Þorstein Vilhjálmsson, lektor, Árna Gunnarsson, deildarstjóra, og Stefán Pálsson, starfsmannastjóra, tilnefndan af fjármálaráðuneytinu. Árni Gunnarsson var skipaður formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfi var tekið fram, að eigi væru tök á, að umrædd endurskoðun færi fram áður en næsta Alþingi kæmi saman, en þess beiðst, að nefndarstörfum yrði hagað þannig, að unnt yrði að leggja fram á næsta Alþingi lagafrumvarp í framhaldi af starfi nefndarinnar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar 26. október 1972, en alls hefur hún haldið 30 fundi. Í samráði við menntamálaráðherra ákvað nefndin þegar í upphafi að fara þess á leit við samtök þeirra námsmanna, sem gildandi lög um námslán og námsstyrki taka til, að þau tilnefndu hver um sig einn mann, er nefndin gæti haft samráð við í starfi sínu eftir þörfum. Var slíkra tilnefninga óskað með bréfi til viðkomandi námsmannasamtaka, dags. 9. nóvember 1972, og hafa eftirtaldir menn samkvæmt því verið kvaddir til samráðs við nefndina: Ragnar Árnason frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, Ólafur K. Pálsson frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Sverrir Guðjónsson frá Samtökum íslenskra kennaranema (v/nemenda Kennaraháskóla Íslands), Gunnar Guðmundsson og Rúnar Hálfdánarson frá Nemendafélagi framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Lúðvík Jónasson, Ásgeir Guðnason og Kristinn Gíslason frá Skólafélagi Vélskóla Íslands, Sigurður Bergsveinsson og Halldór Halldórsson frá Skólafélagi Stýrimannaskólans í Reykjavík og Sturla Böðvarsson frá Nemendafélagi Tækniskóla Íslands. Nefndin hefur haldið tvo fundi með þessum samráðsmönnum af hálfu námsmannasamtaka og einn sameiginlegan fund með þeim og stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Nefndin aflaði sér gagna um núverandi skipan á fjárhagsaðstoð til námsmanna annars staðar á Norðurlöndum, og fylgir yfirlit um tilhögun þeirra mála í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hér með sem fskj. VI.

Meðal annarra gagna, sem nefndin hefur kynnt sér í störfum sínum, má nefna ritgerð Árna Ól. Lárussonar, viðskiptafræðings, „Fjármagn til námslána. Spá til ársins 1985“ (prófritgerð í viðskiptadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1972), svo og „Spá um nemendafjölda við Háskóla Íslands fram til 1985“ frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins (júlí 1972).

Núgildandi lög um námslán og námsstyrki voru sett árið 1967 (lög nr. 7/1967), en hefur tvívegis verið breytt, í bæði skiptin í því skyni að fella nýja hópa námsmanna undir gildssvið laganna. Með lögum nr. 89/1968 var þannig ákveðið, að starfssemi Lánasjóðs skyldi taka til kennaradeildar stúdenta, framhaldsdeildar og menntadeildar Kennaraskóla Íslands, svo og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, en með lögum nr. 39/1972 var í hóp þeirra námsstofnana, er sjóðurinn tekur til, bætt íslenskum stýrimannaskólum, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenska landbúnaðarskóla, svo og 2.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands. (Orðið „menntadeild“ virðist vera misritun í lögunum fyrir „meinatæknadeild“.) Lög nr. 7/1967 leystu af hólmi lög nr. 52/1961, er áður giltu um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í löggjöfinni 1967 fólust þessi nýmæli helst:

a. Deildaskipting lánasjóðsins í lánadeild námsmanna erlendis og lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands var felld niður og úthlutun námsaðstoðar falin stjórn sjóðsins.
b. Vextir af námslánum voru hækkaðir úr 3.5% í 5% p. a., en bilið frá námslokum til upphafs endurgreiðslna lengt úr 3 í 5 ár. Kveðið var á um jafnar ársgreiðslur í stað jafnra afborgana.
c. Sett var ákvæði um heimild til að hafa hliðsjón af efnahag námsmanna við ákvörðun námslána.
d. Kveðið var á um, að stefnt skyldi að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögunum nægði hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.
e. Sett voru ákvæði um styrki til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi.
f. Tekið var fram í lögunum, að námsstyrkjum, öðrum en 5 ára styrkjum og styrkjum til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi, skyldi varið til að vega upp á móti kostnaðarauka þeirra, er færu utan til náms.
g. Þótt það leiddi ekki beint af ákvæðum laganna, varð sú framkvæmdarbreyting með tilkomu þeirra, að tekið var að veita stúdentum við Háskóla Íslands námslán þegar á fyrsta námsári eins og tíðkast hafði um námsmenn erlendis, en áður höfðu hinir fyrrnefndu ekki hlotið lán fyrr en á síðara misseri annars námsárs.

Svo sem getið var hér að framan, var í lögunum frá 1967 ákveðið að stefna að því marki, að hin opinbera fjárhagsaðstoð fullnægði því sem nefnt hefur verið „umframfjárþörf“ námsmanna, þ. e. þeim hluta námskostnaðar, sem fjáröflun námsmanns hrekkur ekki til að standa straum af. Á þeim sex árum, sem liðin eru frá gildistöku laganna, hefur verulega miðað í átt að þessu marki. Námsárið 1967/68 námu lán til námsmanna á Íslandi að meðaltali 43.9% af umframfjárþörf, en við úthlutun 1972/73 77.0%. Hliðstæðar hundraðstölur fyrir námsmenn erlendis eru 42.4% 1967/68 og 78.9% 1972/73. Nánari upplýsingar um þróun þeirrar fjárhagsaðstoðar, sem Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur vett á umræddu árabili, er að finna í töflum þeim, er fylgja álitsgerð nefndarinnar (fskj. 3).

Í starfi sínu að endurskoðun laganna um námslán og námsstyrki hefur nefndin litið svo á, að eðlilegt markmið slíkrar endurskoðunar væri: Að kanna, hvaða breytingar kunni að vera æskilegt að gera á löggjöfinni til að tryggt verði eftir föngum, að sú fjárhagsaðstoð, sem talið er kleift að veita, komi að sem bestum notum, þannig að þeir námsmenn, sem raunverulega þörf hafa fyrir slíkan stuðning, fái hann að nægilegu marki. Einnig kemur til álita, hvort breyta beri gildissviði laganna, að því er varðar hvaða námsmannahópar skuli eiga kost á stuðningi samkvæmt þeim.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir meginniðurstöðum nefndarinnar og helstu breytingum, sem frumvarp það, er nefndin hefur samið, gerir ráð fyrir miðað við núverandi löggjöf.

Að því er varðar **gildissvið** laganna, þ. e. til hvaða hópa námsmanna verksvið Lánasjóðs skuli taka, eru ekki gerðar tillögur um meiri háttar breytingar í raun frá núverandi skipan. M. a. með hliðsjón af því, að fjárhagsaðstoð sú, sem sjóðurinn veitir, verður áfram að meiri hluta lán, hefur nefndin ekki talið efni til að hverfa frá því, að kerfið taki að meginreglu til námsmanna, sem komnir eru á háskólastig eða hafa viðlíka langt undirbúningsnám að baki og háskólanemar. Útfærsla lánakerfis til lægri skólastiga mundi hafa í för með sér verulega skuldabyrði langskólamanna að loknu námi. Gert er ráð fyrir, að námsmannahópar, sem áður hafa verið felldir undir svið Lánasjóðs, haldi þeim réttindum, jafnvel þótt það samrýmist ekki með öllu framangreindri meginreglu. Það nýmæli er hins vegar í frumvarpinu, að gert er ráð fyrir, að Lánasjóði sé heimilt að veita lán námsmönnum, öðrum en lögin taka aðallega til, ef þeir hafa náð 20 ára aldri og geta sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna. Með þessu ákvæði er að því stefnt að tryggja betur en nú er gert, að einstakir námsmenn, sem við mikla fjárhagsörðugleika eiga að etja, eigi í einhver hús að venda um aðstoð, sem komið geti í veg fyrir að þeir þurfi að hætta námi. Hér er að nokkru um að ræða hliðstætt ákvæði og er í 5. gr. a) laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Ljóst er, að orka hlýtur tvímælis, hvar setja skuli verksviði lánasjóðsins mörk, ekki síst meðan það námsaðstoðarkerfi, sem tekur til nemenda á framhaldsskólastigi, er ekki öflugra en nú er raunin á. Meðan svo stendur, er eðlilegt, að t. d. nemendur í ýmsum sérskólum sæki á um að fá aðild að Lánasjóði íslenskra námsmanna, en nefndin telur, að hafa þurfi aðgát í þeim efnum, m. a. til að ekki skapist verulegt misrétti milli nemenda í mismunandi skólum á svipuðu stigi. Hins vegar virðist nefndinni full ástæða til, að sem fyrst verði tekin afstaða til þess, hvort eðlilegt væri að setja heildarlöggjöf um námsaðstoð, og hvort hagkvæmt kynni að vera að sameina að einhverju eða öllu leyti stjórnsýslu á þessu sviði. Má ætla, að með slíkri sameiningu, eða a. m. k. skipulögðu samstarfi, yrði stuðlað að æskilegri samræmingu námsaðstoðar á ýmsum stigum og komið við ýmiss konar vinnuhagræðingu.

Að því er varðar **umfang og tilhögun námsaðstoðar**, gerir frumvarpið ráð fyrir ýmsum breytingum, sem öðru fremur er ætlað að auka jöfnuð meðal þeirra, sem aðstoð hljóta, miðað við fjárhagsaðstæður hvers og eins, svo og að tryggja sem besta nýtingu þess fjármagns, sem veitt er til námsaðstoðar. Veigamestu nýmæli, sem í frumvarpinu felast og þessa þætti varða, eru sem hér segir:

a. Gert er ráð fyrir, að sá aðstöðumunur, sem stafar af því að námsmaður verður að stunda nám fjarri heimili sínu eða greiða há skólagjöld, verði sem mest jafnaður með styrkveitingum, svipað og stefnt er að á framhaldsskólastigi.
b. Tekið verði upp tvískipting námslána og við veiting þeirra tekið aukið tillit til fjárhagsaðstæðna námsmanna. Við ákvörðun hinna almennu lána, A-lána, verði höfð hliðsjón af tekjum og eignum námsmannsins sjálfs og maka hans, ef hann er kvæntur/giftur, svo og námsaðstöðu hans að öðru leyti. Gert er ráð fyrir, að vextir af þessum lánum verði nokkru hærri en greiddir eru af námslánum samkvæmt gildandi lögum, eða miðað við núverandi vaxtakjör banka 8% í stað 5%. Hér ber að geta þess, að margir þeir námsmenn, sem fá A-lán, mundu eftirleiðis fá hluta aðstoðar í formi styrkja, sbr. a-lið hér að framan. B-lán verði veitt þeim námsmönnum, sem mikla fjárhagsþörf hafa, og þá að öðru jöfnu höfð hliðsjón af efnahag foreldra. Vextir af þessum lánum verði 3% lægri en af A-lánum, þ. e. miðað við núverandi vaxtakjör banka 5% eins og af námslánum samkvæmt gildandi lögum.
c. Tilhögun á endurgreiðslu námslána verður samkvæmt frumvarpinu sveigjanlegri en nú og þá annars vegar miðað við, að lágar námsskuldir innheimtist tiltölulega fljótt, en hins vegar, að unnt verði að taka nokkurt tillit til greiðslugetu lántaka miðað við þyngd skuldabyrði. Gert er ráð fyrir, að meiri hluti námslána endurgreiðist innan 12 ára frá upphafi greiðslna, en að endurgreiðslutími geti orðið 12—18 ár og allt að 20 ár í undantekningartilvikum, auk þess sem

heimilt yrði að fresta ársgreiðslu, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Að því er varðar upphaf greiðslna er gert ráð fyrir, að þær hefjist af A-lánum u. þ. b. 2½ ári eftir námslok, en af B-lánum um 5 árum eftir námslok. — Samkvæmt gildandi lögum skal endurgreiðsla námsláns hefjast 5 árum eftir að námi lýkur og ljúka síðan á allt að 15 árum.

d. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að námsaðstoðin verði við það miðuð, að hún nægi hverjum námsmanni til að standa straum af nauðsynlegum, árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjárhagsaðstöðu hans eins og hún er metin samkvæmt lögum og reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna á hverjum tíma. Samkvæmt því er ætlast til, að þegar hin nýju lög koma til framkvæmda, verði náð því marki, sem samkvæmt gildandi lögum skal stefnt að í þessum efnum, en að sjálfsögðu þá miðað við það mat á fjármagnsþörf námsmanna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Meðal annarra breytinga, sem leiða mundi af lögfestingu frumvarpsins, skulu þessar nefndar:

1. Allir fulltrúar í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði skipaðir til jafnlangs tíma, tveggja ára í senn. Lögtekið verði, að einn stjórnarmaður skuli tilnefndur af þeim námsmannahópum, sem aðild eiga að sjóðnum, en Stúdentaráð Háskóla Íslands og Samband íslenskra námsmanna fara ekki með umboð fyrir.
2. Árlegur rekstrarkostnaður Lánasjóðs verði greiddur úr ríkissjóði, en ekki af fé sjóðsins.
3. Heimilað verði að breyta lánakjörum, ef námsmaður lýkur ekki því námi, sem fjárhagsaðstoð er veitt til.
4. Lögfest verði, að útborgun námslána skuli fara fram á tilteknum tímabilum, a. m. k. tvisvar á ári.
5. Ákvæði um styrki til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi verði ýtarlegri en í gildandi lögum, lágmark undirbúningsnáms á háskólastigi hækkað úr 4 árum í 5, en kveðið á um, að fjárhæð styrkjanna skuli í hverju tilviki vera sambærileg við aðra námsaðstoð samkvæmt lögunum.
6. Heimilt verði að veita fjárhagsaðstoð einstökum erlendum námsmönnum, sem heimilisfastir eru hér á landi, enda þótt ekki sé um Norðurlandabúa að ræða.
7. Gert er ráð fyrir, að dregið verði úr lántökum í bönkum til öflunar fjár handa Lánasjóði, enda verði stefnt að því í áföngum á allt að þremur árum, að fjárveiting hvers árs miðist m. a. við haustlán á því ári.

Áhrif lagasetningar samkvæmt frumvarpi þessu velta að sjálfsögðu mjög á því, hvernig framkvæmd hennar verður mótuð, m. a. með reglugerð og öðrum fyrirmælum á grundvelli lagaákvæðanna. Koma þar m. a. til reglur um hvernig með því skuli fylgst, að framvinda náms sé með eðlilegum hætti, hvernig haga skuli mati á fjárhagsaðstæðum umsækjenda og um innbyrðis hlutföll mismunandi tegunda námsaðstoðar.

Á fskj. I er gerð grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um fáein mikilsverð atriði í þessu sambandi.

Til þess að veita hugmynd um kostnaðaráhrif eru á fskj. II settir fram útreikningar á fjárþörf til námslána og fjarbýlisstyrkja eins og ætla má, að hún hefði reynst, ef nýtt kerfi samkvæmt frumvarpinu hefði verið komið til framkvæmda við úthlutun 1972—73. Útreikningarnir sýna tiltekna valkosti um innbyrðis hlutföll styrkja og lánategunda. Einnig er á sama fylgiskjali birt tafla um áætlaða þróun fjölda námsaðstoðarþega, en af þeirri töflu má ráða nokkuð um þróun fjármagnsþarfar til námsaðstoðar, miðað við fast verðlag.

Vakin skal athygli á því, að útreikningar á fskj. II taka ekki til kandídatastyrkja. Ákvæði frumvarpsins um þessa styrki hefðu ekki sjálfkrafa leitt til breytinga á fjárþörf við úthlutun 1972—73, og örðugt er að áætla fjölda þeirra fram í tímann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér ræðir um hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna og til hvaða námsmanna fjárhagsaðstoð sjóðsins skuli taka. Er fjallað um það atriði í hinni almennu greinargerð hér að framan, þar sem rætt er um gildissvið laganna. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að starfssemi Lánasjóðs taki sem áður að meginreglu til þeirra, er stunda framhaldsnám, sem krefst ekki skemmri undirbúnings en nú er krafizt til stúdentsprófs. Er sú breyting gerð frá gildandi lögum, að meginregla þessi er orðuð almennt í stað þess að tilgreina námsstofnanir. Jafnframt er ákvæði, sem tryggja á, að ekki þurfi að breyta lögunum, þótt breytingar verði á íslenzku skólakerfi, sem hafa í för með sér stytting almenns undirbúningsnáms til háskólanáms. — Bent skal á, að þegar rætt er um hlutverk Lánasjóðs í upphafi greinarinnar, er talað um „fjárhagsaðstoð", en ekki „lán" eins og í gildandi lögum. Er sú orðalagsbreyting í samræmi við framkvæmd, þar sem sjóðurinn annast ekki einungis lánveitingar, heldur og styrkveitingar, og mun væntanlega gera það að auknu marki, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Samkv. 2. mgr. skulu tilteknir námsmannahópar, sem fengið hafa aðild að Lánasjóði íslenskra námsmanna með fyrri lagabreytingum, halda aðild sinni, þótt þeir falli e. t. v. ekki að öllu leyti undir meginregluna í 1. mgr.

Í 3. mgr. er það nýmæli, að Lánasjóði skuli heimilt að veita lán öðrum námsmönnum en meginstarfssvið sjóðsins tekur til, enda hafi þeir náð 20 ára aldri og geti sannanlega ekki stundað nám sitt að öðrum kosti vegna fjárhagsaðstæðna. Svo sem að er vikið í hinni almennu greinargerð hér að framan, þykir rétt að hafa slíka heimild til þess að unnt sé að liðsinna námsmönnum, sem ella kynnu að neyðast til að hætta námi fyrir sakir fjárskorts. Leggja ber áherzlu á, að veiting fjárhagsaðstoðar samkvæmt þessari heimild verði einstaklingsbundin, m. ö. o. ákveðin á grundvelli einstakra umsókna.

Samkv. 4. mgr. er Lánasjóði heimilt að veita aðstoð til náms erlendis, jafnvel þótt það fullnægi ekki hinum almennu skilyrðum um undirbúningsnám samkv. 1. mgr., enda sé ekki unnt að stunda hliðstætt nám á Íslandi. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd, sem tíðkazt hefur.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að framkvæmd laganna skuli við það miðuð, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt þeim nægi til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði, þegar tekið hefur verið eðlilegt tillit til fjárhagsaðstöðu námsmanns eins og hún verður skilgreind og metin samkvæmt ákvæðum laganna og reglum, sem settar verða samkvæmt lögunum. Væri þar með náð því stefnumarki, sem sett er í gildandi lögum (2. gr.), en þess ber að sjálfsögðu að gæta, að hin svonefnda „umframfjárþörf" námsmanna verður í ýmsum tilvikum metin öðru vísi og þrengra en áður, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Telja verður, að af ákvæðum greinarinnar leiði þá framkvæmd, að þeir námsmenn, sem hafa sannanlega enga aðra möguleika til fjármögnunar náms síns, fái aðstoð, er nægi fyrir raunverulegum og eðlilegum þörfum þeirra.

Um 3. gr.

Hér ræðir um skipun stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, og er gert ráð fyrir þessum breytingum:

1. Allir stjórnarmenn verði skipaðir til tveggja ára í senn, en samkvæmt gildandi lögum er skipunartímabilið fjögur ár fyrir aðra en fulltrúa Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenskra stúdenta (námsmanna) erlendis, sem skipaðir eru til tveggja ára. Samkvæmt breytingunni yrði skipunartími allra stjórnarmanna sá sami, og einnig eykur hún líkur á því, að fulltrúar ráðuneyta í stjórn-

inni séu skipaðir af þeirri ríkisstjórn, sem með völd fer í landinu á hverjum tíma.

2. Í gildandi lögum er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið skipi tvo menn í sjóðsstjórnina, og sé annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem ekki eru stúdentar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi stjórnarmaður, sem ætlað er að vera fulltrúi þeirra námsmannahópa, er rétt eiga til fjárhagsaðstoðar frá Lánasjóði, en eru hvorki aðilar að Stúdentaráði Háskóla Íslands né Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, verði tilnefndir af viðkomandi námsmannahópum. Skal menntamálaráðuneytið setja reglur um val hans og sjá um framkvæmd þess. Eðlilegt er, að við setningu slíkra reglna verði haft samráð við samtök þeirra námsmanna, sem í hlut eiga. Þess skal getið, að við síðustu skipun hliðstæðs fulltrúa í sjóðsstjórn var sá háttur hafður að leita tilnefningar námsmannasamtaka.

Um 4. gr.

Í þessari grein, sem fjallar um hlutverk stjórnar og rekstur Lánasjóðs, eru þessar breytingar helstar frá gildandi lögum:

1. Tekið er fram, að meðal verkefna sjóðsstjórnar sé að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um málefni, sem starfsemi sjóðsins tekur til. Þykir eðlilegt að kveða þannig skýrt á um, að sjóðsstjórn sé ætlað að fylgjast með námsaðstoðarmálum og láta ráðuneytinu í té álit um þau efni, ýmist að eigin frumkvæði eða að fyrirlagi þess.
2. Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið skipi starfslið Lánasjóðs, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Samkvæmt gildandi lögum er stjórn sjóðsins ætlað að ráða starfslið að fengnu samþykki ráðherra. Með vaxandi umsvifum Lánasjóðs þykir eðlilegt, að um ráðningu starfsmanns hans fari með sama hætti og algengastur er um aðrar stofnanir, sem undir ráðuneytið heyra.
3. Gert er ráð fyrir, að árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist beint úr ríkissjóði, en ekki af fé sjóðsins eins og nú er. Hér er fremur um að ræða breytingu á fyrirkomulagi en efnisbreytingu, þar sem ráðstöfunarfé sjóðsins er að miklum hluta fólgið í beinu ríkisframlagi, sem m. a. þarf að miða við, að séð sé fyrir rekstrarkostnaði. Hins vegar má telja, að skil milli rekstrarkostnaðar og námsaðstoðarfjár verði gleggri með því móti, að rekstrarkostnaður greiðist beint úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Ætti það að vera æskilegt bæði frá sjónarmiði námsmanna og fjárveitingavaldsins.

Um 5. gr.

Styrkir þeir, sem um ræðir í þessari grein, eru að verulegu leyti nýjung, að því er varðar þá námsmannahópa, sem starfsemi Lánasjóðs íslenzkra námsmanna tekur til. Hins vegar eru þeir á sinn hátt hliðstæðir styrkveitingum þeim, sem upp hafa verið teknar á síðustu árum fyrir nemendur á framhaldsskólastigi, er þurfa að stunda nám utan heimabyggðar, sbr. lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Svipað og að er stefnt í þeim lögum er þessum styrkjum ætlað að stuðla að jöfnun þess fjárhagslega aðstöðumunar, sem af því leiðir, að sumir námsmenn geta stundað nám sitt á þeim stað, þar sem þeir eiga heimili, en aðrir verða að vista sig fjarri heimili sínu vegna námsins. Einnig skal við ráðstöfun styrkjanna höfð hliðsjón af skólagjöldum, sem tíðkast við sumar námsstofnanir erlendis. Sá aðstöðumunur, sem hér um ræðir, verður ekki jafnaður með öðru móti en með styrkjum. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir nokkrum styrkveitingum til að vega upp á móti kostnaðarauka við nám erlendis, svo sem vegna fargjalda og skólagjalda. Á grundvelli þess ákvæðis hafa á undanförnum árum verið veittir s. k. ferðastyrkir til námsmanna erlendis.

Ljóst er, að í ýmsum tilvikum kann að orka tvímælis, hversu aðstaða námsmanna, sem komnir eru á háskólaaldur, sé háð lögheimili og foreldrahúsum, og

verður að gera ráð fyrir, að setja þurfi framkvæmdareglur, sem tryggi eftir því sem kostur er, að styrkveitingarnar gegni raunverulega því hlutverki, sem þeim er ætlað.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið geti með reglugerð ákveðið, að sjóðsstjórn hafi heimild til að veita styrki af þessu tagi námsmönnum, sem eiga heima á námsstað, en geta ekki notið þeirrar aðstöðu að búa í foreldrahúsum. Í nefndinni, sem frumvarpið samdi, voru skiptar skoðanir um, hvort slík heimild ætti rétt á sér. Meiri hluti nefndarinnar taldi, að ekki væri að svo stöddu rétt að ætla styrkjum þessum víðtækara hlutverk en að jafna sem mest þann aðstöðumun, sem stafar af fjarbýli, sbr. 1. mgr. greinarinnar, m. a. vegna þess, að örðugt yrði að meta, hverjar aðrar aðstæður gætu talist hliðstæðar. Einn nefndarmanna (Þ. V.) taldi hins vegar, að aðstæður eins og foreldraleysi, fjarvera, þröngbýli eða efnaleysi foreldra ættu að koma til álita til jafns við fjarbýli. Samkomulag varð í nefndinni um þá lausn, sem fram kemur í 2. mgr., þ. e. að þetta atriði verði á valdi stjórnvalda, án þess að lagabreytingu þurfi til.

Um það, hversu mikinn hluta af kostnaðarauka vegna „fjarbýlis" hver námsmaður gæti fengið uppborinn í styrk, færi eftir framkvæmdareglum á hverjum tíma og fjárveitingu til styrkjanna. Ljóst er þó, að þessir styrkir þurfa að nema einhverju lágmarki, til þess að þeir nái tilgangi sínum.

Um 6. gr.

Í þessari grein ræðir um námslán, og felast í henni tvær veigamiklar nýjungar. Önnur er sú, að lán skuli vera tvenns konar, en hin lýtur að víðtækara tilliti til fjárhagsaðstæðna umsækjanda í ákveðnum tilvikum en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Með skiptingu þeirri í A-lán og B-lán, sem tillaga er gerð um, er miðað við, að A-lán verði, ásamt fjarbýlisstyrkjum, þar sem þeir eiga við, hinn almenni hluti fjárhagsaðstoðarinnar, sá sem langflestir stuðningshæfir umsækjendur hljóti að einhverju marki, en B-lán verði hins vegar ætluð þeim til viðbótar, sem mesta raunverulega „umframfjárþörf" hafa, vegna mikils kostnaðar eða efnaskorts. Gert er ráð fyrir, að þau lán verði veitt með nokkru hagstæðari kjörum en hin, sbr. 7. gr., en hins vegar verði beitt strangari skilyrðum við mat á þeirri fjárþörf umsækjanda, sem B-lánum er ætlað að fullnægja. Í gildandi lögum er sjóðsstjórn við ákvörðun námsláns til hvers einstaks námsmanns „heimilt að hafa hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti", auk fleiri atriða. Hefur þessi heimild jafnan verið notuð, að því er varðar fjárhag umsækjanda sjálfs, og nú upp á síðkastið hefur einnig verið höfð hliðsjón af tekjum maka. Segja má, að það mat fjárþarfar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir í sambandi við ákvörðun A-láns, sé í meginefnum svipað því, sem tíðkast hefur, þótt skylda komi í stað heimildar og tekið sé beint fram, að hafa beri hliðsjón af fjárhag maka, enda einnig gert ráð fyrir, að fjölskylduaðstæður séu metnar. Í sambandi við B-lán bætist við hliðsjón af fjárhagsástæðum foreldra eða fósturforeldra umsækjanda. Samkvæmt því sjónarmiði, að fjárhagsaðstoð lánasjóðsins skuli stuðla að aðstöðujöfnuði, og með hliðsjón af því, að fjárráðum til námsaðstoðar eru takmörk sett, þykir ekki óeðlilegt að miða við, að námsmenn, sem eiga vel efnum búna foreldra, eigi kost nokkurs stuðnings af þeirra hálfu, jafnvel þótt lögbundnu framfæri sé lokið. Að sjálfsögðu verður í þessu sambandi að taka tillit til framfærslubyrði foreldra vegna annarra barna. Þá er og ljóst, að þegar komið er á það námsstig, sem hér er um að tefla, geta aðstæður verið með þeim hætti, að ekki séu rök til að gera ráð fyrir fjárhagstengslum af þessu tæi milli námsmanns og foreldra hans, og er vikið að slíkum undantekningum í lok greinarinnar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að gjalddagar námslána verði tveir á ári í stað eins nú. Þá eru og í 1. mgr. ákvæði um hvenær endurgreiðslur skuli hefjast og hvernig vöxtum skuli hagað. Samkvæmt gildandi lögum skulu endurgreiðslur námslána hefjast 5 árum eftir að námi lýkur, en hér er gert ráð fyrir, að greiðslur hefjist af A-láni um 2½

ári eftir námslok, en af B-láni um 5 árum eftir námslok. Vaxtakjör eru tiltekin með þeim hætti, að þau fylgi sjálfkrafa þróun almennra innlánsvaxta banka, án þess að lagabreytingu þurfi til. Miðað við núverandi[1]) bankavexti yrðu ársvextir af A-lánum 8%, en af B-lánum 5% eins og vextir af námslánum samkvæmt gildandi lögum. Þegar metin er sú breyting lánakjara, sem hér er gert ráð fyrir, að því er A-lán varðar, ber m. a. að hafa í huga það sem sagt var í athugasemdum við 6. gr. hér að framan um þessi lán. Við veiting þeirra verður ekki beitt eins ströngum skilyrðum og í sambandi við B-lán, og má telja eðlilegt, að skilmálar þeirra séu ekki það frábrugðnir venjulegum lánaskilmálum, m. a. um vaxtakjör, að þeir freisti manna til að sækjast eftir lánunum umfram raunverulegar þarfir. Þá er og þess að minnast, að margir þeirra, sem A-lán hljóta, munu samkvæmt frumvarpinu njóta þeirra kjarabóta, sem í fjarbýlisstyrkjum felast. Í ýmsum tilvikum munu þeir og hafa hagræði af sveigjanlegri endurgreiðslutilhögun, sbr. athugasemdir við næstu mgr. Á hinn bóginn er talið rétt að stilla vöxtum af B-lánum í hóf til þess að draga ekki um of úr þeim jöfnuði, sem á að felast í þessum lánum.

Í 2. mgr. er fjallað um tilhögun á endurgreiðslu námslána, og er þar um að ræða talsverðar breytingar frá gildandi lögum. Meginmunurinn er í því fólginn, að frumvarpið gerir ráð fyrir allmiklum sveigjanleika í endurgreiðslukerfinu, þannig að við ákvörðun endurgreiðslutíma í hverju tilviki sé unnt að taka bæði tillit til fjárhæðar námsskuldar og fjáröflunaraðstöðu lántaka. Samkvæmt gildandi lögum er svo til ætlast, að námslán endurgreiðist með jöfnum ársgreiðslum á allt að 15 árum frá því að greiðslur hefjast, 5 árum eftir námslok. Í framkvæmd hefur það orðið aðalreglan, að miðað sé við 15 ára endurgreiðslutíma, hvort sem skuldin er stór eða smá. Er sá tími, sem líður frá því að námi lýkur og þar til námslán á að vera greitt að fullu, þannig 20 ár að öðru jöfnu. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að Lánasjóður setji hverjum lántaka endurgreiðsluáætlun til ákveðins tíma í senn og sé hún miðuð við heildarskuld lántaka, en einnig skal heimilt að taka tillit til aðstöðu hans til fjáröflunar. Ætlast er til, að um þessi atriði verði settar nánari reglur, er tryggi, að meirihluti lántaka hafi lokið endurgreiðslum innan 12 ára frá upphafi greiðslna, sem mundi þýða u. þ. b. 14½ ár frá námslokum, sbr. ákvæði 1. mgr. um fyrsta gjalddaga A-láns. Hins vegar getur endurgreiðslutími orðið lengri, ef námsskuld er mjög há, en fjáröflunaraðstaða ekki metin að því skapi hagstæð. Ekki er þó gert ráð fyrir, að greiðslutími geti orðið lengri en 18 ár (um 20½ ár frá námslokum, svipað og tíðkast samkv. gildandi lögum), nema í undantekningartilvikum. Lengra greiðslutímabil en 20 ár gæti því aðeins hugsast, að beitt hefði verið heimild samkv. 3. mgr. til frestunar ársgreiðslu vegna tekjumissis af völdum sjúkdómsáfalla eða svipaðra aðstæðna, en sú heimild er nýmæli. Í 4. mgr. er samhljóða ákvæði og í gildandi lögum, um að lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skuli óendurkræf.

Vert er að benda á, að við mótun þess endurgreiðslukerfis, sem hér hefur verið lýst, hefur verið litið til hvors tveggja, greiðslubyrði lántaka og hagsmuna lánasjóðsins. Tilhögunin miðar að því að girða fyrir, að greiðslubyrði verði óhóflega þung, og er ákvæðinu um, að greiðsluáætlun skuli gerð til ákveðins tíma í senn, ætlað að gera það kleift að taka tillit til breyttra aðstæðna með vissu millibili. Á hinn bóginn er og að því stefnt, að unnt sé að inneimta lágar námsskuldir mun hraðar en nú tíðkast, enda fari það ekki í bága við eðlilega fjáröflunaraðstöðu lántaka. Eðlilegt er, að lengd áætlunartímabils samkv. 2. mgr. verði ákveðin í reglugerð, og má ætla, að hún yrði ekki höfð minna en 3 ár.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að öðru en því, að fellt er niður ákvæði um að stjórn sjóðsins ákveði eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eð hverra

1) Hér er miðað við þá bankavexti, er í gildi voru í apríl 1973, og ákvæði frumvarpsins fyrir breytingu þá, sem gerð er grein fyrir á bls. 5.

trygginga skuli krafist. Þykir eðlilegt, að nánari ákvæði um þetta atriði verði sett í reglugerð.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því nýmæli, að lögákveðið verði, að útborgun námsaðstoðar fari fram tvisvar á hverju námsári, þ. e. á ákveðnu tímabili á hausti og miðjum vetri. Greiðsla haustlána var upp tekin fyrir nokkrum árum með heimild menntamálaráðuneytisins, og hefur reynslan sýnt, að námsmenn telja mikils um vert, að sú framkvæmd sé tryggð. Í málsgreininni er einnig gert ráð fyrir heimild til að greiða hluta fjárhagsaðstoðar að vori til námsmanna, sem stunda nám um sumartímann.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er mörkuð sú grundvallarregla, að eðlileg framvinda náms sé skilyrði til að hljóta fjárhagsaðstoð samkvæmt lögunum. Eðlilegt er, að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um, hversu hagað skuli eftirliti með því, að þessu skilyrði sé fullnægt. Í gildandi lögum kemur fram, að miðað skuli við þessa grundvallarreglu við veiting námsaðstoðar, þótt hún sé þar orðuð á annan veg (5. gr., 2. mgr.). Hefur og stjórn Lánasjóðs mótað sér ákveðnar framkvæmdareglur í þessu efni.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Í 3. mgr. er nýmæli, þar sem sjóðsstjórn er heimilað að breyta lánakjörum, ef námsmaður lýkur ekki því námi, sem fjárhagsaðstoð hefur verið veitt til. Má segja, að ákvæði þetta sé í samræmi við þá meginreglu, að fullnægjandi námsástundun sé forsenda fjárhagsaðstoðar. Ákvæðið ætti og að draga úr líkum á því, að menn sækist eftir námslánum án þess að stefna í alvöru að því að ljúka tilteknu námi. Í lok málsgreinarinnar er mælt fyrir um, að stjóðsstjórn skuli, er hún tekur afstöðu til máls af þessu tagi, taka tillit til námsáfanga, sem námsmaður kann að hafa lokið, enda eru þá nokkrar líkur til, að námið hafi ekki verið unnið fyrir gýg. Þá ber og að vekja athygli á, að sjóðsstjórn er ekki skylt að breyta lánakjörum í öllum tilvikum, þótt engum áfanga hafi verið lokið, heldur er um heimild að ræða. Er því unnt að taka tilllit til þess, ef ástæður til námsslita eru með þeim hætti, að ósanngjarnt megi telja að láta námsmanninn gjalda þeirra.

Ákvæði 4. málsgreinar er einnig nýjung miðað við gildandi lög, en má teljast sjálfsagður hlutur.

Í 5. mgr. er ákvæði, sem lýtur að því að tryggja, að styrkur samkv. 5. gr. frumvarpsins verði ekki veittur nema til náms, sem skilar fullnægjandi árangri. Hér er m. a. haft í huga, að á fyrsta ári náms erlendis kann í ýmsum tilvikum að reynast erfitt að sannreyna árangur fyrr en að námsárinu loknu, en hins vegar kæmi fjárhagsaðstoðin ekki að fullu gagni, ef ekki væri unnt að greiða hana út fyrr en eftir á. Ef til þess kemur, að námsmaður, sem fengið hefur bráðabirgðastyrk breytt í lán samkv. ákvæði þessarar mgr., lýkur ekki námi sínu, fellur mál hans undir ákvæði 3. mgr.

Um 10. gr.

Í þessari gr. eru eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum: 1. Áskilið er, að námsmenn frá Norðurlöndum, sem eru heimilisfastir hér á landi og geta þannig öðlast rétt til fjárhagsaðstoðar samkv. lögunum, njóti ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Er þetta ákvæði sett til að leggja áherslu á, að ekki er að því stefnt í norrænu menningarmálasamstarfi að veita norrænum námsmönnum sjálfkrafa rétt til fjárhagsaðstoðar í hverju því Norðurlandaríki, þar sem þeir stunda nám, heldur að tryggja, að þeir eigi jafnan kost slíkrar aðstoðar af hálfu annars hvors aðila, heimalands eða dvalarlands, eftir atvikum. 2. Gert er ráð fyrir heimild til handa sjóðsstjórn til að veita einstökum erlendum námsmönnum, annars staðar frá en af Norðurlöndum, fjárhagsaðstoð með sama hætti og norrænum námsmönnum, sem rétt eiga til aðstoðar, enda fullnægi þeir sama skilyrði um heimilisfesti hérlendis og njóti ekki stuðnings frá heimalandi. Eðlilegt virðist, að slík heimild sé fyrir hendi.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru ekki í gildandi lögum, en sett hér til tryggingar því, að Lánasjóður eigi aðgang að þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar laganna, enda verði með þær farið sem trúnaðarmál, að því er varðar hagi einstaklinga.

Um 12. gr.

Hér ræðir um styrki til framhaldsnáms að loknu háskólaprófi eða hliðstæðum prófum, hina svonefndu kandídatastyrki, sbr. 9. gr. laga nr. 7/1967. Að því er varðar skilyrði til að hljóta slíkan styrk (sjá 2. mgr.) er meginbreytingin frá gildandi lögum sú, að áskilið er a. m. k. 5 ára háskólanám eða jafngildi þess í stað 4 ára svo sem nú er í lögum. Sem rök fyrir þessari breytingu má m. a. benda á, að í háskólanámi, sem kann að taka 4—7 ár til fullnaðarprófs, eiga menn ekki kost kandídatastyrkja fyrr en að þeim tíma liðnum. Myndast þannig nokkurt misræmi milli námsmanna, að því er námsaðstoð varðar, en úr því er dregið með breytingunni. Svo sem verið hefur er gert ráð fyrir, að þeir námsmenn, sem lokið hafa fullnaðarprófi, en fullnægja ekki skilyrði um námslengd, eigi kost annarrar námsaðstoðar samkvæmt lögunum, þar til umræddu skilyrði er náð. Í 4. mgr. er auk þess gert ráð fyrir, að umsækjendur um kandídatastyrk, sem fullnægja skilyrðum til styrks, en hljóta ekki, geti komið til álita við veiting annarrar fjárhagsaðstoðar, sem lögin taka til. Er það nýjung miðað við gildandi lög, þótt framkvæmd muni hafa að einhverju leyti hneigst í þessa átt.

Loks ber að vekja athygli á, að styrkirnir verða samkvæmt frumvarpinu ekki einskorðaðir við háskólapróf í þröngri merkingu, heldur koma einnig til greina þeir, sem lokið hafa prófum, er krefjast hliðstæðs undirbúnings.

Nefndin, sem frumvarpið samdi, telur æskilegt, að lög um Vísindasjóð verði endurskoðuð með tilliti til eðlilegrar verkaskiptingar milli hans og Lánasjóðs varðandi styrki til kandídata í framhaldsnámi.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði, sem miðar að því, að veiting kandídatastyrkja sé háð sömu almennu atriðum og önnur fjárhagsaðstoð samkvæmt lögunum, þó þykir ekki eðlilegt að láta fjárhagsaðstöðu foreldra hafa áhrif, þegar hér er komið á námsferli.

Eðlilegt má telja, að sá styrkur sem Lánasjóður lætur kandídat í té til framhaldsnáms, sé að öðru jöfnu ekki veigaminni en sú aðstoð, sem mat á fjárþörf hans mundi leiða til, ef um væri að ræða nám á fyrra stigi. Að þessu lýtur ákvæði 2. málsgreinar.

Um þau atriði, sem þessi gr. víkur að, eru engin ákvæði í gildandi lögum. Hins vegar munu ákvæði frumvarpsins ekki fara fjarri framkvæmd við veitingu kandídatastyrkja, eins og hún hefur verið að undanförnu, en þróun þessara styrkja er rakin á fylgiskjali III.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna, og er 1. mgr. efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr., þar sem ræðir um lántökur Lánasjóðs, er nýtt ákvæði, sem miðar að því að dregið verði úr beitingu þessa fjáröflunarúrræðis eins og framast er kostur. Það hefur að undanförnu einkum verið notað til þess að standa straum af haustlánum til námsmanna, meðan beðið hefur verið ríkisframlags í næstu fjárlögum. Lántökurnar fóru til skamms tíma mjög vaxandi með aukinni fjármagnsþörf sjóðsins, en hvort tveggja er, að lánastofnanir hafa talið sér mjög örðugt að láta aukið fé af hendi rakna í þessu skyni, og eins er það staðreynd, að lántökur þessar eru í raun að verulegu leyti einungis frestun á ríkisframlagi til sjóðsins. Virðist bæði æskilegt og illhjákvæmilegt að hverfa sem mest frá þessari aðferð til að fjármagna

námsaðstoð, en til þess þarf að sjálfsögðu að auka hlutfall ríkisframlags, sbr. og ákvæði til bráðabirgða.

Niður er fellt ákvæði gildandi laga (12. gr., 2. mgr.) um að sjóðsstjórn megi ekki lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum, teknum til starfsemi hans, enda samrýmist þetta ákvæði tæpast rekstrartilhögun sjóðsins.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Aukið er í greinina, miðað við gildandi lög, ákvæði um að ársreikningar Lánasjóðs skuli samþykktir af sjóðsstjórn.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið setji í reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laganna, og drepið á fáein meginatriði, sem þar þurfi m. a. að mæla fyrir um. Að ýmsum fleiri atriðum þarf að víkja í reglugerð, og hafa sum verið nefnd í athugasemdum við einstakar greinar hér að framan.

2. mgr. er nýmæli, að því er til laganna tekur. Hún gerir ráð fyrir, að til viðbótar reglugerð komi reglur um smærri atriði úthlutunar, settar af sjóðsstjórn. Þá er og kveðið á um, að úthlutunarreglur sjóðsins í heild skuli gefnar út árlega, svipað og verið hefur í framkvæmd. Þykir eðlilegt að áskilja samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir, að stefnt verði að því í áföngum á allt að þremur árum að koma á þeirri skipan, að ríkisframlag til sjóðsins í fjárlögum hvert ár miðist m. a. við haustlán á því ári, sbr. aths. við 14. gr."

Fylgiskjöl.

I. Nokkur atriði varðandi framkvæmdareglur.
II. Áætlun um fjármagnsþörf til námsaðstoðar úr Lánasjóði ísl. námsmanna samkvæmt nýju aðstoðarkerfi o. fl.
III. Þróun námsaðstoðar úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna 1967—73.
IV. Spá um innstreymi afborgana og vaxta af námslánum, veittum fram til 1973.
V. Yfirlit um vexti og afborganir af bankalánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1973—85.
VI. Opinber fjárhagsaðstoð við námsmenn á Norðurlöndum.

Fylgiskjal I.

NOKKUR ATRIÐI VARÐANDI FRAMKVÆMDAREGLUR

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hugmyndum nefndarinnar varðandi nokkur mikilsverð atriði, sem setja þarf ákvæði um í reglugerð eða öðrum úthlutunarreglum. (Tilvísanir í greinar miðast við lagafrumvarpið.)

1. Gildissvið námsaðstoðar (1. gr., 1.—2. mgr.)

Miðað við núverandi skólakerfi mundu eftirtaldir skólar á Íslandi ótvírætt falla undir verksvið Lánasjóðs samkv. 1. gr., 1.—2. mgr. laganna:

Háskóli Íslands,

Tækniskóli Íslands, 1.—3. hluti og meinatæknadeild, svo og væntanlega raftæknadeild að hluta,

Kennaraháskóli Íslands (annað en kennaranám eftir eldri lögum og aðfaranám),

Vélskóli Íslands,

Stýrimannaskólar,

Framhaldsdeild Búnaðarskólans á Hvanneyri.

2. Val fulltrúa „annarra námsmannahópa" í stjórn Lánasjóðs (3. gr., 1. mgr.)

Við þetta val koma ýmsar leiðir til greina, og verður samkv. frumvarpinu endanleg ákvörðun tekin í samráði við viðkomandi námsmannasamtök. Einn möguleiki á framkvæmd væri sem hér greinir:

Nemendafélög ofangreindra skóla, annarra en Háskóla Íslands, tilnefna hvert einn kjörmann. Síðan kallar menntamálaráðuneytið kjörmennina saman til fundar, og þeir kjósa úr sínum hópi aðal- og varamann til 2ja ára. Aðrir kjörmenn hafi áfram hlutverki að gegna sem samráðsaðilar við sjóðsstjórn um málefni, sem varða sérstaklega viðkomandi skóla.

3. Um gagnasöfnun (4. gr., 1. mgr., 2. tl.)

Eigi sjaldnar en á 4ra ára fresti skal stjórn Lánasjóðs gangast fyrir könnun á raunverulegum sundurliðuðum námskostnaði hinna ýmsu hópa íslenzkra námsmanna heima og erlendis. Milli slíkra kannana skulu tölur sjóðsins um framfærslukostnað fylgja framfærsluvísitölu í viðkomandi landi sem og hugsanlegum gengisbreytingum. Ef Hagstofan tekur upp útreikning sérstakrar vísitölu um framfærslukostnað námsmanna, á grundvelli könnunar á samsetningu neyslu námsmanna á Íslandi, skal slík vísitala ráða þróun framfærslukostnaðartalna um námsmenn hér á landi.

4. Um starfstilhögun sjóðsins (4. gr.)

Starfsfólk sjóðsins og viðkomandi bankastofnunar vinnur að ákvörðun og útborgun námsaðstoðar í umboði sjóðsstjórnar. Vafatriði og hugsanleg tilefni til nýmæla skulu jafnan borin undir sjóðstjórn.

Stjórnarmenn skulu gera úrtaksathuganir á úthlutun eftir ástæðum.

5. Fjarbýlisstyrkir (5. gr.)

Styrkirnir skulu ákvarðaðir m. a. með hliðsjón af eftirfarandi liðum umframkostnaðar vegna fjarbýlis:

a. Húsnæðiskostnaður.
b. Fæðiskostnaður umfram slíkan kostnað í heimahúsum.
c. Ferðakostnaður. Að svo stöddu skal miðað við tvær ferðir á ári milli foreldrahúsa og námsstaðar fyrir námsmenn, sem stunda nám innanlands, en fjarri foreldrahúsum. Fyrir námsmenn erlendis skal að svo stöddu miðað við eina ferð á ári fram og til baka.
d. Skólagjöld. Miðað skal við raunverulег skólagjöld. Einstaklingsbundin gjöld skulu nema tiltekinni lágmarksupphæð til þess að tekið sé tillit til þeirra. Séu skólagjöld mjög há og teljist unnt að stunda hliðstætt nám með ódýrari hætti, er eigi skylt að taka skólagjöldin að fullu inn í reikninginn.

Þegar og ef ákvæði 5. gr., 2. mgr., koma til framkvæmda, skulu styrkir samkvæmt þeim ákveðnir með hliðsjón af þeim ofangreindum atriðum, sem eiga við um viðkomandi námsmenn. Námsmaður, sem sækir um styrk samkvæmt þessum ákvæðum, skal sjálfur færa sönnur á þær félagslegu aðstæður, sem hann telur réttlæta styrk.

Styrkir skulu nema tilteknum hundraðshluta af þeim umframkostnaði, sem um ræðir hér að framan, eftir því sem fjárveiting leyfir. Eðlilegt er, að hundraðshlutinn verði fyrst í stað eigi lægri en 75% og eigi hærri en 90%.

Umsóknir um styrki skulu gerðar á sérstökum eyðublöðum, sem eiga einnig við um A-lán.

6. Um framfærslukostnað (6. gr.)

Við ákvörðun lána skal reikna út framfærslukostnað námsmanns og fjölskyldu hans. Sérstök tala gildir um framfærslu- og námskostnað einstaklings á hverjum námsstað. Við þá tölu bætist síðan ákveðinn hundraðshluti eftir fjölda barna á framfæri námsmannsins. Ef maki námsmanns telst ekki geta unnið fyrir sér, t. d. vegna barnafjölda eða veikinda, skal einnig tekið tillit til framfæris hans.

Fjarbýlisstyrkir skv. 5. lið hér að framan dragast síðan frá framfærslukostnaði.

7. Um meðferð tekna (6. gr.)

Við mat á því, hversu mikill hluti vinnutekna í leyfum og með námi nýtist námsmanni til að standa straum af námskostnaði, skal m. a. taka tillit til skatta og þess kostnaðar, sem námsmaður kann að þurfa að leggja í við öflun teknanna.

Ýmsar leiðir eru til að framkvæma ofangreint mat, og var ekki full samstaða í nefndinni um hvernig því skuli haga. Til greina kemur að hafa til viðmiðunar tilteknar lágmarkstekjur, sem ákveðnar séu með hliðsjón af launatöxtum ófaglærðra starfsmanna og atvinnuástandi í viðkomandi landi á hverjum tíma, svo og lengd námsleyfis. Frá þeim hluta nettótekna, sem er umfram lágmarkstekjur, væri síðan dreginn ákveðinn hundraðshluti vegna þeirra atriða, sem að ofan greinir. Kanna þarf, m. a. með tilliti til þess, hvort núverandi framfærslukostnaðartölur séu raunhæfar, hver sá hundraðshluti ætti að vera. Nefndarmenn voru sammála um, að sá frádráttur, sem tíðkast hefur við svonefndan umreikning tekna námsmanna, sé of umfangsmikill og þurfi endurskoðunar við, einkum með tilliti til þeirra breytinga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Tekjur, sem kosta ekki vinnuframlag af hálfu námsmanns, skulu koma óskertar til útreiknings.

Um aðrar tekjur, þ. á m. tekjur maka, fer eftir eðli þeirra og nánari reglum þar um.

8. Um meðferð eigna (6. gr.)

Ákveðinn hundraðshluti, t. d. 10%, af skuldlausri eign námsmanns bætist við tekjur við útreikning námslána.

9. Um ákvörðun A-láns (6. gr.)

„Umframfjárþörf A“ er mismunur framfærslukostnaðar skv. 6. lið og tekna til námsnota skv. 7. lið. A-lán reiknast sem ákveðinn hundraðshluti umframfjárþarfar A, og skal hann fyrst í stað eigi vera lægri en 60% og eigi hærri en 75%.

10. Um tillit til foreldra við ákvörðun B-lána (6. gr.)

Taka skal tillit til tekna foreldra námsmanns, sem hafa ekki önnur börn á framfæri sínu, ef þær eru hærri en meðaltekjur kvæntra/giftra framteljenda í landinu, og skal þá miðað við brúttótekjur á síðasta skattframtali. Fyrir hvert barn

annað, sem er á skylduframfæri foreldra eða við nám, þar sem gera verður ráð fyrir fjárhagsstuðningi foreldra, skal ákveðin upphæð bætast við fyrrgreinda upphæð lágmarkstekna. 10% af tekjum foreldra umfram lágmarkið reiknast sem framlag til námsmannsins. Dregst það síðan, ásamt A-láni og hugsanlegum fjarbýlisstyrk, frá umframfjárþörf A, og fæst þá „umframfjárþörf B".

10% af skuldlausri eign foreldra umfram 2 milljónir króna bætast við tekjur í fyrrgreindum útreikningi.

11. Um B-lán (6. gr.)

B-lán skulu nema allri umframfjárþörf B skv. framansögðu, ef hún reynist vera fyrir hendi.

Námsmenn skulu sækja um B-lán á sérstökum eyðublöðum, þar sem m. a. skal gera ráð fyrir nauðsynlegum upplýsingum um fjárhag foreldra. Lánasjóði skal einnig gefinn kostur á að sannreyna þessar upplýsingar með samanburði við skattframtal foreldra. Námsmaður, sem sækir um B-lán, skal einnig gera grein fyrir þörf sinni fyrir aðstoð umfram hugsanlegan fjarbýlisstyrk og A-lán.

Ef námsmaður getur fært óyggjandi sönnur á að hann eigi ekki kost á fjárhagsstuðningi frá foreldrum, skal ekki tekið tillit til fjárhagsaðstæðna þeirra við ákvörðun B-lána, enda geri foreldrar þá ekki ráð fyrir framlagi til námsmannsins á skattframtali sínu.

Ekki skal tekið tillit til fjárhags foreldra ef námsmaður hefur náð 26 ára aldri, eða hann hefur unnið algerlega fyrir sér samfleytt í 3 ár án stuðnings frá Lánasjóði eða öðrum opinberum aðilum.

12. Um endurgreiðslu lána (7. gr.)

Reglugerðarákvæði um endurgreiðslur verði þannig, að hvert áætlunartímabil sé ekki styttra en 3 ár; í fyrstu virðist raunar rétt að miða við 5 ár. Þó geti síðasta áætlunartímabil orðið skemmra, eftir því sem eftirstöðvar skuldarinnar segja til um.

Árleg greiðsla skal á hverjum tíma liggja innan tiltekinna marka, er séu miðuð við það ákvæði laganna, að meiri hluti lántaka hafi greitt lán sín að fullu innan 12 ára frá upphafi greiðslna.

Við ákvörðun árlegrar greiðslu skal að öðru jöfnu hafa hliðsjón af tekjuhorfum í viðkomandi starfsstétt á hverjum tíma.

13. Framvinda náms (9. gr.)

Skilyrði til fjárhagsaðstoðar á 1. námsári er, að umsækjandi leggi fram skilríki um innritun frá viðkomandi námsstofnun.

Námsmenn við nám á Íslandi fá ekki fjárhagsaðstoð greidda, nema fyrir liggi staðfesting skóla á námsárangri (prófum) eða námsástundun (tímasókn), samkvæmt nánari reglum.

Fjárhagsaðstoð á síðari námsárum er háð því skilyrði, að umsækjandi leggi fram skilríki frá viðkomandi námsstofnun um tilskilin próf eða námsástundun. Námsmaður missir þó ekki rétt til fjárhagsaðstoðar, þótt hann tefjist í námi um allt að eitt ár á námsferli sínum, miðað við áætlun skóla um námslengd.

14. Breyting lánakjara, þegar námsmaður lýkur ekki námi (9. gr., 3. mgr.)

Framkvæmd þessa ákvæðis verði sem hér segir:

Meta skal staðfestan námsárangur til námsára, miðað við áætlun skóla um námslengd. Hafi námsmaður fengið fjárhagsaðstoð lengur en sem því nemur, skal sá hluti aðstoðarinnar, sem svarar til umframtímans, lagður til grundvallar ákvörðun um breytingu lánakjara.

Fylgiskjal II.

ÁÆTLUN UM FJÁRMAGNSÞÖRF TIL NÁMSAÐSTOÐAR ÚR LÁNASJÓÐI ÍSLENSKRA NÁMSMANNA, SAMKVÆMT NÝJU AÐSTOÐARKERFI

1. Áhrif á úthlutun 1972—3.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því, hver áhrif lagafrumvarpið og nokkrar hugmyndir um framkvæmd þess (sbr. fskj. I um framkvæmdareglur) hefðu haft á heildartölur við úthlutun yfirstandandi námsárs.

Við þessa úthlutun var samanlagður framfærslukostnaður lánþega 661 milljón króna (m.kr.). Heildartekjur til námsnota námu 253 m.kr., og umframfjárþörf var því samtals 408 m.kr. Veitt lán námu 77.8% umframfjárþarfar eða 318 m.kr. Hér við bætast ferðastyrkir til námsmanna erlendis, sem munu hafa numið um 16 m.kr. Aðstoðin var því samtals 334 m.kr. Fjöldi lánþega var 2813, þar af 865 erlendis, 600 í foreldrahúsum á Íslandi, 561 í námi á Íslandi fjarri foreldrahúsum (hópur A) og 787, sem eiga foreldrahús eða heimili á námsstað og búa utan foreldrahúsa (hópur B).

Samanlagður umframkostnaður vegna fjarbýlis (námsmenn erlendis og hópur A) nam 123 **m.kr.** (103 m.kr. erl. og 20 m.kr. í hópi A). Er sú tala fengin með því að leggja saman framfærslukostnað námsmannanna sem einstaklinga á viðkomandi námsstað og draga frá þann kostnað, sem þeim hefði reiknast, ef þeir væru í foreldrahúsum. Þessi tala kemur því til viðmiðunar við ákvörðun styrkja skv. frv., mgr. 5.1., og yrðu styrkir tiltekinn hundraðshluti hennar.

Áætlaður umframkostnaður námsmanna í hópi B vegna þess að þeir búa utan foreldrahúsa er u. þ. b. 8 m.kr. Er þá miðað við, að ca. 60% þeirra mundu eiga rétt á einhverjum styrk og hann mundi nema að meðaltali helmingi umframkostnaðar námsmanna fjarri foreldrahúsum, að frádregnum ferðakostnaði þeirra. Talan 8 **m.kr.** yrði því viðmiðunarupphæð um styrki skv. mgr. 5.2 í frumvarpinu, ef hún kæmi til framkvæmda.

Heildarfjárþörf lánþega við síðustu úthlutun nam sem fyrr segir 408 m.kr. að viðbættum ferðastyrkjum, að upphæð 16 m.kr., eða samtals 424 **m.kr.** (Ferðastyrkir mega teljast fullnægja þeirri þörf, sem þeim er ætlað að mæta, þ. e. ferðakostnaði námsmanna erlendis) Fjárþörf til lána ákvarðast af þessari tölu, að frádreginni heildarupphæð styrkja skv. þeim hundraðshluta, sem ákveðinn verður um þá. A-lán yrðu tiltekinn hundraðshluti af þessum mismun.

Vandasamast er að áætla, hver heildarupphæð B-lána hefði orðið, vegna viðmiðunarinnar við tekjur foreldra námsmanna, en um þær liggja ekki fyrir neinar traustar upplýsingar. Með hliðsjón af hugmyndum nefndarinnar um framkvæmdareglur í fskj. I hér að framan er giskað á, að reiknað meðalframlag frá foreldrum til námsmanns hefði verið miðað við 20 þús. kr., og mundi þá heildarfrádráttur í fjárþörf vegna þessa atriðis hafa numið u. þ. b. 56 **m.kr.** Hér er þó um óvissa tölu að ræða, og getur reynslan ein skorið endanlega úr um réttmæti hennar.

Reiknaðar tekjur námsmanna til námsnota við síðustu úthlutun námu að meðaltali 90 þús. kr. Skv. þeim reglum, sem þá giltu um mat vinnutekna, samsvarar þetta 130—140 þús. kr. í meðalbrúttótekjum til skatts. Ef reglum um mat vinnutekna væri breytt þannig, að þriðjungur brúttótekna umfram lágmarkstekjur kæmi til frádráttar í tekjum til námsnota, mundu þær hafa reiknast u. þ. b. 110 þús. kr. að meðaltali, og hefði það haft í för með sér u. þ. b. 56 **m.kr.** hækkun tekna til námsnota og jafnmikla lækkun umframfjárþarfar. Tekið skal fram, að hér er um tiltölulega grófa áætlun að ræða.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir heildarupphæð og sundurliðun námsaðstoðar skv. nokkrum valkostum um hlutfallstölur styrkja og A-lána af viðmiðunartölum hvors um sig:

Tafla 1. Heildarfjármagn og skipting þess skv. nokkrum valkostum.

Valkostur nr.	Styrkir %	A-lán %	Styrkir mkr.	A-lán mkr.	B-lán mkr.	Aðstoð alls mkr.
1.		78	16	318	0	334
2.		100	16	408	0	424
3a.	75	60	92	199	77	368
3b.	75	60	98	196	74	368
3c.	75	60	92	166	54	312
4a.	90	65	111	203	54	368
4b.	90	65	118	199	51	368
4c.	90	65	111	167	34	312

Skýringar:

— Hlutfallstala styrkja miðast við umframkostnað vegna fjarbýlis, sjá hér að framan.
— Hlutfallstala A-lána miðast við heildarumframfjárþörf (hér 424 eða 368 m.kr.) að frádreginni heildarupphæð styrkja samkvæmt hverjum valkosti fyrir sig. B-lán fást með því að draga 56 m.kr., sem eru áætluð framlög foreldra, frá þeirri umframfjárþörf, sem eftir er, þegar styrkir og A-lán hafa verið dregin frá.
— Valkostur 1 lýsir úthlutun 1972—3 eins og hún varð í raun. Talan um styrki táknar ferðastyrki til námsmanna erlendis, en þeir voru ekki ákveðnir sem hlutfallstala.
— Valkostur 2 miðast við, að veitt hefðu verið 100% umframfjárþarfar samkvæmt núgildandi lögum og reglum.
— Valkostir 3—4 lýsa úthlutun 1972—3 eins og hún hefði orðið skv. mismunandi framkvæmd á hinu nýja frumvarpi.
— Í valkostum a eru styrkir aðeins reiknaðir skv. mgr. 5.1. í frv. Tekjumat er óbreytt frá eldri reglum.
— Í valkostum b eru teknir með styrkir skv. mgr. 5.2., sjá hér að framan, en tekjumat er óbreytt.
— Í valkostum c er reiknað með styrkjum skv. mgr. 5.1, en tekjumati breytt frá núgildandi umreikningi, eins og lýst er hér að framan.

Athugasemdir.

Eins og getið er hér að framan, eru tölur töflunnar um upphæðir B-lána sérlega óvissar. M. a. má gera ráð fyrir, að mismunur B-lána skv. valkostum 3 annars vegar og velkostum 4 hins vegar yrði í raun nokkru minni en taflan sýnir, þannig að heildarupphæð skv. valkostum 4 yrði í raun nokkru meiri en skv. valkostum 3.

Samandregið má segja, að taflan sýni, að fjármagnsþörfin skv. frumvarpinu hefði orðið á milinu 310—370 m.kr. og færi eftir ýmsum framkvæmdaratriðum, sem ekki er kveðið á um í frv. Spurningum um hækkun eða lækkun heildarfjárþarfar verður því ekki svarað til hlítar með tilvísun í frumvarpið sjálft, heldur veltur svarið á framkvæmdinni.

2. Líkan um fjölda námsaðstoðarþega fram til 1980.

Nefndin hefur ekki treyst sér til að gera marktæka spá um þróun fjármagns þarfar til námsaðstoðar samkvæmt frumvarpinu eða núgildandi lögum. Slík spá yrði óhjákvæmilega háð mjög mörgum óvissum atriðum, s. s. þróun verðlags og kaupgjalds, skiptingu aðstoðarþega á mismunandi hópa eftir kostnaði, þróun náms-

mannafjölda og eftirspurnar eftir aðstoð o. s. frv. Nefndin hefur því látið nægja að gera áætlun eða öllu heldur líkan um einn þessara þátta, þ. e. um fjölda námsaðstoðarþega. Þessi þáttur er raunar e. t. v. mikilvægastur, a. m. k. ef menn vilja fyrst og fremst fá hugmynd um hlutfallslega þróun námsaðstoðarinnar **miðað við óbreytt verðlag.**

Líkan nefndarinnar um þróun fjölda aðstoðarþega er einkum byggt á tveim forsendum. Í fyrsta lagi er reynt að segja fyrir um líklegan fjölda nýrra (1. árs) aðstoðarþega á hverju ári fram til 1980. Í öðru lagi er síðan gert líkan um líklega hlutfallslega þróun árgangsins á leið hans gegnum námsaðstoðarkerfið.

Fjöldi aðstoðarþega á fyrsta ári er áætlaður á svipaðan hátt og fjöldi nýstúdenta er áætlaður í „Spá um nemendafjölda við Háskóla Íslands fram til 1980 eftir deildum", sem Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar gaf út sem handrit í júlí 1972. Tekið er mið af stærð 19 ára árgangs á viðkomandi ári og líklegum fjölda nýstúdenta, sem raunar er byggður á fyrri tölunni. Áætlað er, að fjöldi aðstoðarþega á fyrsta ári verði u. þ. b. 20% meiri en fjöldi nýstúdenta á sama almanaksári, og er sú tala ákveðin með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Með þessu er alls ekki sagt, að hlutur annarra en nýstúdenta sé ekki meiri en þessi 20%, því að margir nýstúdentar fá ekki aðstoð. Hins vegar er ljóst, að nokkur tengsl hljóta að vera milli nýstúdentafjöldans og fjölda aðstoðarþega á 1. ári. Þessi áætlunaraðferð er annars óháð því, hvaða aðstoðarhæft nám 1. ársmenn velja sér. Einnig tekur aðferðin tillit til sveiflna í stærð árganga.

Aðferðinni er annars best lýst með eftirfarandi töflu.

Tafla 2. Áætlun um fjölda aðstoðarþega á 1. ári.

Ár, sem nám hefst	Fjöldi í 19 ára árgangi (A)	Fjöldi nýstúdenta í % af A	Fjöldi aðstoðarþega á 1. ári (B)	B í % af A
1969	3 860	12,4	349	9.0
1970	3 800	14.6	481	12.7
1971	3 880	15.0	641	16.5
1972	4 100	18.7	945	23.0
1973	4 130	18.9	950	23
1974	4 260	24.4	1 280	30
1975	4 380	21.6	1 140	26
1976	4 520	23	1 260	28
1977	4 430	24	1 280	29
1978	4 610	25	1 380	30
1979	4 630	26	1 440	31
1980	4 410	26	1 370	31

Skýringar og athugasemdir.

— Tölur um árin 1969—72 eru reyndartölur, en aðrar tölur í töflunni eru áætlaðar og verða auðvitað ótraustari eftir því sem á líður.
— Fjöldi nýstúdenta 1973—75 er áætlaður með hliðsjón af fjölda núverandi menntaskólanema, sbr. fyrrnefnda spá Hagrannsóknadeildar.
— Hlutfallstala nýstúdenta af 19 ára árgangi 1976—80 er áætluð á svipaðan hátt og í spánni, og farið nærri hæsta valkostinum, sem þar er settur fram.

Hlutfallslegar breytingar á fjölda í hverjum árgangi námsaðstoðarþega milli námsára eru áætlaðar með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Niðurstöðurnar eru sýndar í eftirfarandi töflu.

Tafla 3. Áætlaður hlutfallslegar breytingar á fjölda aðstoðarþega í hverjum árgangi.

Námsár	Áætluð hlutfallstala
1.	100
2.	100
3.	90
4.	80
5.	60
6.	40
7.	15

Áætluð meðalnámslegnd aðstoðarþega er skv. þessu líkani 4.85 ár.

Að fengnum þeim tveim forsendum, sem felast í töflum 2 og 3 er auðvelt að áætla heildarfjölda aðstoðarþega eins og sýnt er í töflu 4 hér á eftir. Tölur árin 1969—73 í töflunni eru reyndartölur, og tölurnar fyrir neðan skástrikið eru áætlaðar á grundvelli þeirra skv. líkaninu í töflu 3. Rekja má hvern árgang í töflunni með því að fylgja tölunum á ská niður á við til hægri eða eins og skrástrikið stefnir.

Tafla 4. Líkan um fjölda námsaðstoðarþega.

Námsár	69/0	70/1	71/2	72/3	73/4	74/5	75/6	76/7	77/8	78/9	79/0	80/1
1.	349	481	641	945	950	1 280	1 140	1 260	1 280	1 380	1 440	1 370
2.	274	357	505	670	945	950	1 280	1 140	1 260	1 280	1 380	1 440
3.	276	296	320	480	605	850	860	1 150	1 050	1 130	1 150	1 240
4.	211	242	271	345	425	540	755	760	1 020	910	1 010	1 020
5.	170	174	215	210	260	320	405	565	570	770	680	760
6.	92	128	122	120	140	175	215	270	375	380	510	460
7.	34	41	39	40	45	55	65	80	100	140	140	190
Alls	1 406	1 719	2 113	2 810	3 370	4 170	4 720	5 225	5 650	5 990	6 310	6 480

Athugasemdir.

Eins og taflan sýnir má gera ráð fyrir, að fjöldi námsaðstoðarþega geri betur en að tvöfaldast á áætlunartímabilinu og vaxi tiltölulega hraðast fyrstu árin. Gera verður ráð fyrir, að raungildi heildaraðstoðar vaxi ekki síður. Eigin tekjur Lánasjóðs (afborganir og vextir af fyrri lánum) vega hér nokkuð á móti, sbr. fskj. IV, en raungildi þeirra er að sjálfsögðu komið undir verðlagsþróun á tímabilinu.

Rétt er að benda á, að eftir áætlunartímabilið má búast við mun hægari fjölgun aðstoðarþega, þar sem stækkun árganga 1. árs manna verður þá að mestu gengin fram.

Fylgiskjal III.

ÞRÓUN NÁMSAÐSTOÐAR ÚR LÁNASJÓÐI ÍSLENSKRA NÁMSMANNA 1967—73.

(Yfirlitið tekur ekki til ferðastyrkja, en sérstakt yfirlit er um kandídatastyrki.)

ALLIR NÁMSMENN Á ÍSLANDI

F = Framfærslukostnaður alls (þús. kr.).
T = Tekjur til námsnota alls (þ.e. umreiknaðar tekjur, þús. kr.).
U = Umframkostnaður alls (þ. e. F—T, þús. kr.).
L = Lán alls (þús. kr.).
Tölur í svigum eru meðaltöl.

Ár	F	T	U	L	L í % af U	Tala lána
	59.889	31.084	28.805	12.647.0		
'67—'68	(111.9)	(58.1)	(53.8)	(23.6)	43.9	535
	84.011	37.079	46.932	21.257.5		
'68—'69	(132.9)	(58.7)	(74.3)	(33.6)	45.3	632
	106.755	44.858	61.897	30.762.5		
'69—'70	(136.0)	(57.1)	(78.8)	(39.2)	49.7	785
	157.510	67.734	89.776	55.825.0		
'70—'71	(157.8)	(67.9)	(90.0)	(55.9)	62.2	998
	227.382	89.405	137.977	107.330.0		
'71—'72	(179.3)	(70.5)	(108.8)	(84.6)	77.8	1.268
	418.708	185.435	233.273	179.665.0		
'72—'73	(214.9)	(95.2)	(119.8)	(92.2)	77.0	1.948

ALLIR NÁMSMENN ERLENDIS

Ár	F	T	U	L	L í % af U	Tala lána
	63.916	20.376	43.540	18.462.0		
'67—'68	(129.9)	(41.4)	(88.5)	(37.5)	42.4	492
	108.124	27.371	80.753	40.660.0		
'68—'69	(194.1)	(49.1)	(145.0)	(73.0)	50.4	557
	118.646	35.798	82.848	44.760.0		
'69—'70	(191.1)	(57.6)	(133.4)	(72.1)	54.0	621
	149.210	41.658	107.552	68.255.0		
'70—'71	(206.9)	(57.8)	(149.2)	(94.7)	63.5	721
	197.738	48.254	149.484	115.250.0		
'71—'72	(234.0)	(57.1)	(176.9)	(136.4)	77.1	845
	242.715	67.592	175.123	138.145.0		
'72—'73	(280.6)	(78.1)	(202.5)	(159.7)	78.9	865

Skipting íslenzkra námsmanna erlendis á námslönd.

	Danmörk	Noregur	V.-Þýzkaland	Svíþjóð	England	Skotland	Bandaríkin	Frakkland	Önnur lönd	Alls
'67—'68	112	87	86	42	45	42	22	19	37	492
%	22.8	17.7	17.5	8.5	9.1	8.5	4.5	3.9	7.5	100.0
'68—'69	119	106	95	57	50	37	40	15	38	557
%	21.4	19.0	17.1	10.2	9.0	6.6	7.2	2.7	6.8	100.0
'69—'70	129	114	108	91	49	37	37	16	40	621
%	20.8	18.3	17.4	14.6	7.9	6.0	6.0	2.6	6.4	100.0
'70—'71	169	114	97	132	58	43	35	33	40	721
%	23.4	15.8	13.5	18.3	8.0	6.0	4.9	4.6	5.5	100.0
'71—'72	202	131	100	146	73	33	65	34	61	845
%	23.9	15.5	11.8	17.3	8.7	3.9	7.7	4.0	7.2	100.0
'72—'73	216	151	90	165	90	34	55	31	33	865
%	25.0	17.5	10.4	19.1	10.4	3.9	6.4	3.6	3.7	100.0

ALLIR NÁMSMENN HEIMA OG ERLENDIS

Ár	F	T	U	L	Lí % af U	Tala lána
	123.805	51.460	72.345	31.109.0		
'67—'68	(120.6)	(50.1)	(70.4)	(30.3)	43.0	1.027
Vísitala	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
	192.135	64.450	127.685	61.917.5		
'68—'69	(161.6)	(54.2)	(107.4)	(52.1)	48.5	1.189
Vísitala	134.0	108.2	152.6	171.9	112.8	115.8
	225.401	80.656	144.745	75.522.5		
'69—'70	(160.3)	(57.4)	(102.9)	(53.7)	52.2	1.406
Vísitala	132.9	114.6	146.2	177.2	121.4	136.9
	306.720	109.392	197.328	124.080.0		
'70—'71	(178.4)	(63.6)	(114.8)	(72.2)	62.9	1.719
Vísitala	147.9	126.9	163.1	238.3	146.3	167.4
	425.120	137.659	287.461	222.580.0		
'71—'72	(201.2)	(65.1)	(136.0)	(105.3)	77.4	2.113
Vísitala	166.8	129.9	193.2	347.5	180.0	205.7
	661.423	253.027	408.396	317.810.0		
,72—'73	(235.1)	(89.9)	(145.2)	(113.0)	77.8	2.813
Vísitala	194.9	179.4	206.3	372.9	180.9	273.9

FJÁRMÖGNUN NÁMSKOSTNAÐAR.
NÁMSMENN Á ÍSLANDI.

Ár	Framf.kostn.	Tekjur til námsn.	Lán	Önnur fjáröfl.
'67—68	59.889	31.084	12.647.0	16.158.0
	100.0%	51.9%	21.1%	27.0%
'68—'69	84.011	37.079	21.257.5	25.674.5
	100.0%	44.1%	25.3%	30.6%
'69—'70	106.755	44.858	30.762.5	31.134.5
	100.0%	42.0%	28.8%	29.2%
'70—'71	157.510	67.734	55.825.0	33.951.0
	100.0%	43.0%	35.4%	21.6%
'71—'72	227.382	89.405	107.330.0	30.647.0
	100.0%	39.3%	47.2%	13.5%
'72—'73	418.708	185.435	179.665.0	53.608.0
	100.0%	44.3%	42.9%	12.8%

NÁMSMENN ERLENDIS.

Ár	Framf.kostn.	Tekjur til námsn.	Lán	Önnur fjáröfl.
'67—'68	63.916	20.376	18.462.0	25.078.0
	100%	31.9%	28.9%	39.2%
'68—'69	108.124	27.371	40.660.0	40.093.0
	100%	25.3%	37.6%	37.1%
'69—'70	118.646	35.798	44.760.0	38.088
	100%	30.2%	37.7%	32.1%
'70—'71	149.210	41.658	68.255.0	39.297.0
	100%	27.9%	45.7%	26.4%
'71—'72	197.738	48.254	115.250.0	34.234.0
	100.0%	24.4%	58.3%	17.3%
'72—'73	242.715	67.592	138.145.0	36.978.0
	100.0%	27.8%	56.9%	15.3%

ALLIR NÁMSMENN.

Ár	Framf.kostn.	Tekjur til námsn.	Lán	Önnur fjáröfl.
'67—68	123.805	51.460	31.109.0	41.236.0
	100.0%	41.6%	25.1%	33.3%
'68—'69	192.135	64.450	61.917.5	65.767.5
	100.0%	33.6%	32.2%	34.2%
'69—'70	225.401	80.656	75.522.5	69.222.5
	100.0%	35.8%	33.5%	30.7%
'70—'71	306.720	109.392	124.080.0	73.248.0
	100.0%	35.6%	40.5%	23.9%
'71—'72	425.120	137.659	222.580.0	64.881.0
	100.0%	32.4%	52.3%	15.3%
'72—'73	661.423	253.027	317.810.0	90.586.0
	100.0%	38.3%	48.0%	13.7%

Vísitölur námslána í hlutfalli við framfærslukostnað

	Námsmenn á Íslandi		Námsmenn erlendis		Allir námsmenn	
	F	L	F	L	F	L
'67—'68	59.889	12.647.0	63.916	18.462.0	123.805	31.109.0
L í % af F		21.1		28.9		25.1
Vísitala		100.0		100.0		100.0
'68—'69	84.011	21.257.5	108.124	40.660.0	192.135	61.917.5
L í % af F		25.3		37.6		32.2
Vísitala		119.9		130.1		128.3
'69—'70	106.755	30.762.5	118.646	44.760.0	225.401	75.522.5
L í % af F		28.8		37.7		33.5
Vísitala		136.5		130.5		133.5
'70—'71	157.510	55.825.0	149.210	68.255.0	306.720	124.080.0
L í % af F		35.4		45.7		40.5
Vísitala		167.8		158.1		161.3
'71—'72	227.382	107.530.0	197.738	115.250.0	425.120	222.580.0
L í % af F		47.2		58.3		52.3
Vísitala		223.7		201.7		207.9
'72—'73	418.708	179.665.0	242.715	138.145.0	661.423	317.810.0
L í % af F		42.9		56.9		48.0
Vísitala		203.3		196.9		191.2

SKIPTING ÍSLENZKRA NÁMSMANNA ERLENDIS EFTIR NÁMSGREINUM

Mjög skyldar greinar eru settar undir eitt heiti, t. d. dýrafræði, grasafræði o. fl. undir náttúrufræði, lífefna- og líffræði með líffræði, haffræði með fiskifræði, húsgagnateiknun með hýbýlafræði o.s. frv.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Guðfræði	-	-	-	-	3	3
2. Lögfræði	-	-	-	-	4	1
3. Sagnfræði	9	8	10	11	15	12
4. Listasaga	10	7	11	11	10	3
5. Fornleifafræði	3	5	4	5	6	11
6. Heimspeki	2	3	7	6	9	6
7. Sálarfræði	20	8	22	26	39	39
8. Hagfræði	15	27	24	28	40	40
9. Félagsfræði	16	18	28	25	28	30
10. Tungumál og bókm.	34	27	33	41	60	56
11. Bókasafnsfræði	1	2	4	4	5	6
12. Leikhúss- og þjóðh.fr.	6	8	7	8	13	14
13. Uppe.- og kennslufr.	7	11	8	16	19	40
14. Félagsráðgjöf	2	2	4	9	14	22
Samtals	125	126	162	190	265	283

2. Raungreinar.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Stærðfræði	7	14	18	17	16	20
2. Eðlis- og efnafræði	26	34	40	36	49	41
3. Náttúrufræði	10	15	9	5	4	12
4. Líffræði	4	3	6	16	14	19
5. Fiskifræði	6	7	7	8	7	4
6. Jarðfræði	12	10	10	8	4	12
7. Veðurfræði	3	3	4	4	4	2
8. Læknisfræði	2	2	3	11	15	17
9. Tannlækningar	22	30	16	17	13	8
10. Lyfjafræði	13	9	5	6	11	15
11. Dýralækningar	9	11	12	15	18	17
12. Verkfræði	67	94	127	152	130	112
13. Tæknifræði	72	79	65	80	90	96
14. Húsagerðarlist	34	45	51	45	55	55
15. Híbýlafræði	8	4	8	8	7	12
16. Landbúnaðarfræði	16	13	15	16	17	17
17. Mjólkurfræði	3	3	7	7	3	1
18. Garðyrkja	2	3	1	2	2	3
19. Skógrækt	3	1	1	2	2	1
Samtals	319	380	405	455	461	464

3. Listgreinar.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Tónlist	11	15	15	16	25	26
2. Málaralist	6	4	4	4	8	8
3. Myndlist	7	10	8	6	4	6
4. Sönglist	7	4	3	3	6	5
5. Leiklist	-	-	-	-	2	6
6. Listdans	1	2	1	2	3	1
7. Kvikmyndagerð	3	1	3	3	4	6
8. Listiðnaður	3	1	6	7	2	7
Samtals	38	37	40	41	54	65

4. Annað.

Námsgreinar	'67-'68	'68-'69	'69-'70	'70-'71	'71-'72	'72-'73
1. Sjúkraþjálfun	4	10	8	13	26	25
2. Blaðamennska	3	-	2	-	-	2
3. Auglýsingateiknun	2	4	4	-	1	4
4. Hótelrekstur	1	-	-	2	5	2
5. Iðnhönnun	-	-	-	20	20	4
6. Flugvirkjun	-	-	-	20	20	4
7. Menntaskólanám	-	-	-	-	3	3
Samtals	10	14	14	35	65	53
Alls	492	557	621	721	845	865

KANDÍDATASTYRKIR 1967—1973

1. Úthlutun.

	Umsækjendur	Þar af gildar umsóknir	Afgreiðsla gildra umsókna: Synjað	Lán	Veitt	Upphæð 1000 kr.
1967—1968	44	41	11	10	22	1 100
1968—1969	31	30	7	3	20	1 780
1969—1970	57	55	21	12	22	2 080
1970—1971	41	38	5	5	28	3 450
1971—1972	69	68	14	11	43	6 375
1972—1973	104	103	11	26	66	10 440

2. Upplýsingar um upphæðir einstakra styrkja.

a. Árið 1967—68 voru allir styrkirnir kr. 50 þús.
b. Árið 1968—69 voru 11 styrkir á 80 þús. kr. og 9 á kr. 100 þús.
c. Árið 1969—70 voru 16 styrkir á kr. 85 þús. og 6 styrkir á kr. 120 þús.
d. Árið 1970—71 voru 5 styrkir á kr. 50 þús., 5 styrkir á kr. 100 þús. og 18 styrkir á kr. 150 þús.
e. Árið 1971—72 voru veittir 5 styrkir á kr. 50 þús., 13 á kr. 100 þús., 11 á kr. 150 þús., 8 á kr. 200 þús. og 6 á kr. 250 þús.
f. Árið 1972—73 voru veittir 12 styrkir á bilinu 50—100 þús. kr., 36 styrkir á bilinu 100—200 þús. kr., og 18 styrkir á bilinu 200—300 þús. kr.

Fylgiskjal IV.

SPÁ UM INNSTREYMI AFBORGANA OG VAXTA AF NÁMSLÁNUM, VEITTUM FRAM TIL 1973.

(Tekin saman af Árna Ól. Lárussyni, framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna).

Meginforsenda spár þeirrar, sem hér er fram sett, er sú, að heildarupphæð lána hvert ár skiptist jafnt milli námsmanna eftir námsárum. Öllum lánveitingum fyrir 1968 er skipt jafnt á sex staði og lánin gerð afborgunarkræf 3 til 8 árum eftir að lánveiting fer fram, en afborgunarlaus biðtími var þá þrjú ár. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir að allir námsmenn stundi nám í sex ár. Lánveitingum 1968 og síðar var hins vegar skipt í fimm staði og gerð afborgunarkræf fimm til níu árum síðar, en afborgunarlaus biðtími veittra lána þann tíma er fimm ár.

Var forsenda þessi valin, eftir að bornar höfðu verið saman endurgreiðslur lána tímabilið 1955 til 1972 og niðurstöður útreikninga fyrir sama tímabil, sem byggðir voru á framansögðu. Lánveitingum eftir 1967 er skipt í færri staði, þar sem margt bendir til þess, að námstími manna sé almennt að styttast, svo og þar sem eftir þennan tíma koma inn í lánakerfið hópar námsmanna í stuttu námi.

Þrenns konar afborgunarkjör eru á útistandandi lánum.

Í fyrsta lagi endurgreiðast lánin, sem veitt voru 1961 og fyrr, með jöfnum afborgunum á 10 árum. Þau eru vaxta- og afborgunarlaus á meðan á námi stendur og þrjú ár eftir að námi lýkur. Vextir, 3½%, reiknast frá fyrsta gjalddaga.

Í öðru lagi endurgreiðast lánin, sem veitt voru 1962 og 1968 á fimmtán árum með jöfnum afborgunum; að öðru leyti eins og fyrri lán.

Í þriðja lagi endurgreiðast lán, veitt 1968 og síðar, með jöfnum árgreiðslum, annuítet, á fimmtán árum. Þau bera 5% ársvexti frá námslokum, en afborganir hefjast fimm árum eftir að námi lýkur. Nokkuð er á reiki, hvernig innheimta beri vexti, sem safnast afborgunarlausa tímann. Hér var sá kostur valinn, að reikna 5% einfalda ársvexti í fjögur ár og færa þá upp nýjan höfuðstól. Síðan var annuítet reiknað í fimmtán ár af hinum nýja höfuðstól og fyrsta afborgun færð, þegar fimm ár eru liðin frá námslokum.

Spá um innstreymi afborgana námslána ásamt vöxtum.
(Allar tölur í þús. kr.)

	Lán veitt til 1961		Lán veitt 1962—'68		Lán veitt 1968—'73		Samtals		Innstreymi Samtals
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	
1973	1 611.2	175.4	5 156.4	2 139.8	344.3	371.4	7 111.9	2 686.6	9 798.5
1974	1 271.8	119.0	5 546.3	2 164.0	1 375.5	1 448.1	8 193.6	3 731.1	11 924.7
1975	951.5	74.5	5 745.1	2 074.3	3 271.7	3 351.1	9 968.3	5 499.9	15 468.2
1976	652.0	41.2	5 762.7	1 882.4	6 631.6	6 636.2	13046.3	8 559.8	21 606.1
1977	377.7	18.3	5 762.7	1 680.7	12 594.1	12 380.1	18 734.5	14 079.1	32 813.6
1978	146.2	5.1	5 762.7	1 479.0	22 041.4	21 263.9	27 950.3	22 748.0	50 698.3
1979			5 762.7	1 277.4	31 291.3	28 952.9	37 054.0	30 230.3	67 284.3
1980			5 643.5	1 075.7	40 190.3	35 301.5	45 833.8	36 377.2	82 211.0
1981			5 395.0	878.1	48 165.1	39 728.3	53 560.1	40 606.4	94 166.5
1982			4 996.1	689.3	54 104.2	41 129.6	59 100.3	41 818.9	100 919.2
1983			4 425.5	514.4	56 809.5	38 424.2	61 235.0	38 938.6	100 173.6
1984			3 663.9	359.6	59 650.0	35 584.0	63 313.9	35 943.6	99 257.5
1985			2 721.0	231.3	62 632.5	32 601.4	65 353.5	32 832.7	98 186.2
1986			1 879.8	136.1	65 763.9	29 469.9	67 643.7	29 606.0	97 249.7
1987			1 167.9	70.3	69 051.2	26 181.7	70 219.1	26 252.0	96 471.1
1988			606.3	29.4	71 787.2	22 725.9	72 393.5	22 755.3	95 148.8
1989			216.4	8.2	73 272.7	19 137.6	73 489.1	19 145.8	92 634.9
1990			17.6	0.6	73 135.4	15 475.2	73 153.0	15 475.8	88 628.8
1991					70 147.5	11 818.6	70 147.5	11 818.6	81 966.1
1992					61 949.3	8 310.3	61 949.3	8 310.3	70 259.6
1993					46 715.4	5 213.2	46 715.4	5 213.2	51 928.6
1994					32 111.9	2 877.6	32 111.9	2 877.6	34 989.5
1995					18 470.3	1 271.9	18 470.3	1 271.9	19 742.2
1996					6 991.4	399.6	6 991.4	399.6	7 391.0

Fylgiskjal V.

YFIRLIT UM VEXTI OG AFBORGANIR AF BANKALÁNUM LÁNASJÓÐS ÍSL. NÁMSMANNA 1973—1985.

1973	kr.	20 886 þús.
1974	—	23 843 —
1975	—	24 446 —
1976	—	24 552 —
1977	—	22 017 —
1978	—	23 285 —
1979	—	25 122 —
1980	—	27 328 —
1981	—	35 333 —
1982	—	44 258 —
1983	—	36 007 —
1984	—	27 705 —
1985	—	16 425 —

1985 er öllum greiðslum lokið.

Fylgiskjal VI.

OPINBER FJÁRHAGSAÐSTOÐ VIÐ NÁMSMENN Á NORÐURLÖNDUM

Í yfirliti því, sem hér fer á eftir, er gerð grein fyrir nokkrum meginatriðum gildandi laga og reglugerða um opinbera fjárhagsaðstoð við námsmenn í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, fyrst og fremst að því er varðar hliðstæða námsmannahópa og verksvið Lánasjóðs íslenskra námsmanna tekur til.

Danmörk.

Gildandi lög um námsaðstoð eru nr. 262 frá 4. júní 1970 og reglugerð samkvæmt þeim nr. 349 frá 12. júlí 1971. Meginskilyrði til að hljóta fjárhagsaðstoð eru, að námsmaður hafi þörf fyrir slíkan stuðning, að hann leggi stund á nám, sem viðurkennt er stuðningshæft, að hann hafi námshæfileika og stundi nám sitt af kostgæfni. Við mat á stuðningsþörf námsmanns skal annars vegar höfð hliðsjón af framfærslukostnaði og hins vegar af fjárhagsaðstæðum námsmannsins sjálfs og maka hans, ef hann er kvæntur/giftur, svo og að öðru jöfnu efnahag foreldra hans, þó ekki lengur en til 28 ára aldurs.

Fjárhagsaðstoðin getur verið með þrennu móti aðallega: styrkir, lán og ríkisábyrgð á banka- eða sparisjóðslánum. Styrkir eru tvenns konar: annars vegar s. k. grunnstyrkir, en við veiting þeirra er eingöngu tekið tillit til fjárhagsaðstæðna námsmannsins sjálfs (og hugsanlegs maka), hins vegar „nauðsynjarstyrkir", sem einnig miðast við efnahag foreldra námsmannsins. Lán geta að lögum einnig verið tvenns konar, lán I og lán II, og er þá gert ráð fyrir, að munur þeirra sé sá, að lán I séu vaxtalaus, meðan á námi stendur, en lán II beri vexti þegar frá lántöku. Að svo stöddu virðast einungis veitt lán af fyrri gerðinni, þ. e. lán I. Vextir eru 1% hærri en „forvextir" danska seðlabankans á hverjum tíma. Menntamálaráðuneytið setur, með samþykki fjárveitinganefndar, reglur um endurgreiðslu lánanna. Er meginreglan sú, að endurgreiðsla skuli hefjast einu ári eftir námslok og ljúka á 10 árum með ársfjórðungsgreiðslum. Hver greiðsla getur þó ekki verið lægri en 300 d.kr., né hærri en 1 200 d.kr. — Til viðbótar styrk og námsláni samkvæmt framansögðu getur námsmaður fengið ríkisábyrgð á lán í banka eða sparisjóði innan ákveðinna marka.

Námsaðstoðarkerfið samkvæmt lögunum tekur til náms að loknu skyldunámi, en stuðningsþegum er skipt í tvo aðalflokka: Nemendur, sem ekki hafa náð 20 ára aldri, hljóta eingöngu „nauðsynjarstyrki" (sjá hér að framan), en eldri nemendum, svo og námsmönnum við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir, má veita bæði „grunnstyrki", „nauðsynjarstyrki" og lán.

Með stjórn námsaðstoðarmála fer sérstök stofnun, Statens uddannelsesstötte, er heyrir undir menntamálaráðuneytið. Gerir hún tillögu til ráðuneytisins um skipting árlegra fjárveitinga milli framangreindra flokka námsmanna, hámark fjárhagsaðstoðar í hvorum flokki, skipting aðstoðar í styrki og lán og hvernig haga skuli viðmiðun við efnahagsaðstæður námsmanns og aðstandenda hans.

Við hverja einstaka menntastofnun starfar „námsstyrkjanefnd", skipuð jafnmörgum fulltrúum úr hópi kennara (og/eða stjórnsýslustarfsmanna) og námsmanna. Nefndinni ber m. a. að annast kynningu námsaðstoðar, taka við umsóknum og láta Statens uddannelsesstötte í té upplýsingar um framvindu náms umsækjenda. Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn 18 manna ráð, Námsaðstoðarráð, sem vera skal ráðherra og Statens uddannelsesstötte til ráðuneytis um málefni er varða fjárhagsaðstoð við námsmenn.

Hámarksaðstoð við námsmenn í háskólum og hliðstæðum menntastofnunum nemur námsárið 1972/73 8 300—10 400 d.kr., nema sérstakar aðstæður séu fyrir

hendi. Er fjárhagsaðstoðin til þeirra að öðru jöfnu styrkur að hálfu, en lán að hálfu.

Lögin kveða á um, að fjárveitingar til námsaðstoðar samkvæmt þeim í fjárlögum ár hvert skuli taka breytingum í hlutfalli við breytingar á fjölda námsmanna og á vísitölu. Jafnframt er menntamálaráðherra heimilað, að tilskildum árlegum viðbótarfjárveitingum, að framkvæma í áföngum efling stuðningskerfisins, er miði að því, að styrkir og lán nægi að eðlilegu marki til að standa straum af nauðsynlegum framfærslukostnaði námsmanna.

Finnland.

Gildandi lög um námsaðstoð og reglugerðir samkvæmt þeim eru frá 1972 og taka til náms að loknu skyldunámi. Fjárhagsaðstoð samkvæmt lögunum er annars vegar í því fólgin, að veitt er ríkisábyrgð og greiddir niður vextir vegna námslána í bankastofnunum, og hins vegar í veitingu námsstyrkja. Almenn skilyrði til að hljóta fjárhagsaðstoð til náms eru, að umsækjanda sækist námið eðlilega og að fjárhagsaðstæðum hans sé þannig farið, að hann þurfi á stuðningi að halda. Við mat á fjárhagsþörf við úthlutun námsláns (ríkisábyrgðar) skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum umsækjanda sjálfs og maka hans, og við úthlutun námsstyrkja skal einnig tekið tillit til efnahagsaðstæðna foreldra umsækjanda, svo framarlega að hann teljist á framfæri þeirra, en um það atriði fer eftir sérstökum reglum. Samkvæmt þeim telst námsmaður vera á framfæri foreldra sinna, ef hann er ókvæntur/ógiftur og býr hjá foreldrum sínum eða kjörforeldrum eða öðru þeirra, ellegar, þótt hann búi annars staðar, hefur ekki náð 20 ára aldri við upphaf námsársins.

Ríkisstjórnin ákveður eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti þau tekju- og eignamörk, sem óskert námsaðstoð skuli miðast við. Hámarksfjárhæðir **námslána** ákveður ríkisstjórnin árlega. Við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir er hámarkslán námsárið 1972/1973 4 800 mörk (til náms erlendis 6 000—6 600 mörk). Niðurgreiðsla vaxta af námslánum skal og ákveðin árlega og miðuð við, að vaxtagreiðsla sú, sem lántaki innir af hendi, sé 3% hið lægsta. Endurgreiðsla námsláns skal hefjast, þegar liðið er 1½ ár frá fyrsta vaxtagjalddaga eftir námslok, og skal lánið síðan endurgreitt með jöfnum afborgunum á hálfs árs fresti. Endurgreiðslutími, talið frá fyrstu afborgun, er að jafnaði tvöfaldur sá tími, sem viðkomandi námsmaður hefur þegið námslán, þó 14 ár hið lengsta.

Námslán með ríkisábyrgð eru einkum ætluð námsmönnum í háskólum og hliðstæðum menntastofnunum, en nemendur í menntaskólum og lýðháskólum geta einnig sótt um þau, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Hámarksfjárhæðir **námsstyrkja** eru ákveðnar í lögum, og eru þær mismunandi eftir skólastigum: 700 mörk á ári við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir, en 500 mörk á ári við menntaskóla og ýmsa sérskóla. Lögin mæla svo fyrir, að árleg fjárveiting til námsstyrkja skuli nema sem svarar a. m. k. 12 500 hámarksstyrkjum.

Með stjórn námsaðstoðarmála fer sérstök stofnun, Statens studiestödscentral, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórnarnefnd stofnunarinnar er skipuð af ráðuneytinu til tveggja ára í senn, og eiga sæti í henni 8 menn, þ. á m. framkvæmdastjóri. Tveir stjórnarnefndarmanna skulu vera kennarar við menntastofnanir, sem lögin um námsaðstoð taka til, tveir fulltrúar samtaka námsmanna, einn fulltrúi samstarfsnefndar bankastofnana, einn fulltrúi menntamálaráðuneytisins og einn fulltrúi fjármálaráðuneytisins. Við háskóla og hliðstæðar menntastofnanir starfa námsaðstoðarnefndir, sem fjalla um úthlutun námsaðstoðar til námsmanna við viðkomandi stofnun. Menntamálaráðuneytið skipar nefndir þessar til tveggja ára í senn eftir tillögum námsaðstoðarstofnunar ríkisins. Skal hver nefnd skipuð 6 mönnum, þremur úr hópi kennara eða annarra starfsmanna og þremur úr hópi nemenda. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, sker atkvæði formanns úr.

Noregur.

Gildandi lög um stuðning við námsmenn, sem leita sér framhaldsmenntunar, eru nr. 49/1969. Lögin taka bæði til námsstyrkja og námslána, og eru tilgreindar fimm tegundir styrkja: 1) Ferðastyrkir; 2) „fjarbýlisstyrkir"; 3) „sérstakir styrkir"; 4) skólagjaldastyrkir og 5) námsstyrkir til listamanna. Fyrir námsmenn í háskólum og hliðstæðum menntastofnunum eru námslán aðalstuðningsformið, en auk þess eiga þeir kost á „fjarbýlisstyrkjum", þ. e. styrkjum, sem veittir eru námsmönnum, er verða að vista sig utan heimilis vegna náms síns, svo og sérstökum styrkjum vegna þungrar framfærslubyrði. (Námsmenn á aldrinum 20—30 ára eiga og nú kost á svonefndum „grunnstyrk", sem skólaárið 1972/73 nemur 90 n.kr. á mánuði og er veittur án tillits til efnahags. Um þennan styrk eru ekki ákvæði í lögunum.) „Fjarbýlisstyrk" má veita í sérstökum tilvikum, þótt nám sé stundað í heimabyggð, ef aðstæður námsmanna eru með þeim hætti, að hann þarf að vista sig utan heimilis. Stórþingið ákveður hámarksfjárhæðir hinna einstöku tegunda styrkja.

Við veiting námslána skal tekið tillit til fjárhagsaðstæðna umsækjanda og að öðru jöfnu einnig til fjárhags maka. Í lögunum segir, að þar til Stórþingið ákveði annað skuli og að jafnaði höfð hliðsjón af fjárhagsaðstæðum framfærenda námsmanna, en frá námsárinu 1972/73 að telja er tillit til efnahags foreldra fellt niður, að því er tekur til námsmanna, sem náð hafa 20 ára aldri, svo og yngri námsmanna, sem hafa framfærslubyrði.

Vextir reiknast af námslánum frá námslokum (eða lokum eðlilegs námstíma). Hundraðstala vaxta er ekki ákveðin í lögum, en nemur nú 5.75% á ári. Endurgreiðsla námsláns fer fram eftir greiðsluáætlun, sem námslánasjóður setur og skal að jafnaði miðuð við jafngreiðslutilhögun. Endurgreiðslutíminn skal ákveðinn með hliðsjón af fjárhæð lánsins og tekjuhorfum lántaka, en skal að jafnaði ekki vera lengri en 20 ár. Námslánasjóður getur með heimild ráðuneytis breytt greiðsluáætlun, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Samkvæmt núverandi reglum hefst endurgreiðsla u. þ. b. 15 mánuðum eftir námslok.

Námslánasjóður ríkisins (Statens lånekasse for utdanning) fer með námsstyrkja- og námslánamál. Samkvæmt lögum leggur ríkið stofnuninni fé í „grunnsjóð" og „varasjóð", en auk þess er henni heimilt að taka lán til starfsemi sinnar með ríkisábyrgð. Í stjórn námslánasjóðs eiga sæti 5 menn, skipaðir af konungi til allt að þriggja ára í senn. Auk þess skipar konungur 12 manna ráð, sem á að hafa eftirlit með starfsemi námslánasjóðs og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginreglur varðandi framkvæmd námsaðstoðar samkvæmt lögunum.

Svíþjóð.

Gildandi lagaákvæði um fjárhagsaðstoð við námsmenn eru að meginstofni frá 1964. Kerfið er í aðalatriðum tvíþætt: annars vegar styrkir (og lán) til nemenda í menntaskólum og ýmsum öðrum skólum á framhaldsskólastigi (samkvæmt reglugerð nr. 402/1964), hins vegar lán og styrkir til námsmanna við háskóla og ýmsa sérskóla (samkvæmt reglugerð nr. 401/1964). Aðstoð sú, sem þessum síðartalda hópi er látin í té, nefnist „námsfé" (studiemedel) og tekur til námsstofnana á háskólastigi, en einnig til ýmissa starfsnámsbrauta, sem telja má að nokkru á framhaldsskólastigi. Frá 1. júlí 1973 að telja fá nemendur, sem náð hafa 20 ára aldri, rétt til sams konar fjárhagsaðstoðar, enda þótt þeir stundi nám á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi.

Fjárhæð námsaðstoðar („námsfjár") er tengd svonefndri „grunnfjárhæð" samkvæmt lögum um almannatryggingar, og tekur því breytingum með almennu verðlagi. Námsaðstoð getur hæst numið 70% „grunnfjárhæðar" fyrir hvert misseri. Haustmisserið 1972 nam „grunnfjárhæðin" 7 100 s.kr. og hámark námsaðstoðar því 4 970 s.kr. fyrir það misseri. Hafi námsmaður barn á framfæri sínu, getur hann þó

fengið viðbótaraðstoð, sem nemur 12.5% af „grunnfjárhæðinni". Aðstoð umfram venjulegt hámark kemur og til greina, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Námsaðstoðin er að hluta styrkur og að hluta lán. Sé hámarksaðstoð veitt, nemur styrkhlutinn 875 s.kr. á misseri, en minnkar hlutfallslega, ef námsmaður telst ekki eiga rétt á hámarksaðstoð. Fjárhæð hámarksstyrks hefur haldist óbreytt síðan 1964, og hefur styrkhluti aðstoðarinnar því farið hlutfallslega minnkandi.

Við ákvörðun námsaðstoðar er höfð hliðsjón af tekjum og eignum námsmanns og maka hans, hins vegar er ekki tekið tillit til fjárhagsaðstæðna foreldra umsækjanda.

Námsaðstoð er að öðru jöfnu ekki veitt fyrir lengri námstíma en sextán misseri samanlagt.

Endurgreiðsla lánhluta námsaðstoðar hefst á þriðja ári eftir síðustu útborgun „námsfjár" og fer síðan fram með árlegum greiðslum, þar til fimmtugsaldri er náð. Við tilteknar aðstæður getur greiðslum þó lokið fyrir eða eftir þann aldur. Lánin eru vaxtalaus, en verðtryggð með þeim hætti, að endurgreiða ber jafnmargar „grunnfjárhæðir" og veittar voru á námstímanum. Samanlögð endurgreiðsla má þó aldrei nema hærri fjárhæð en lántakanda hefði borið að greiða, ef um hefði verið að ræða lán með vöxtum og vextir numið 60% venjulegra vaxta af lánum úr lánasjóðum ríkisins. Með sérstökum ákvæðum er og leitast við að tryggja, að árleg endurgreiðsla fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af tekjum og eignum lántaka og maka hans á hverjum tíma, og heimilt er einnig að fresta ársgreiðslu, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Lántaki getur endurgreitt örar en reglurnar mæla fyrir um og nýtur þá nokkurra fríðinda, því meiri sem lengra er eftir af endurgreiðslutímanum.

Með stjórn námsaðstoðarmála fer sérstök stofnun, Centrala studiehjälpsnämnden, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, en námsaðstoðarnefndir, sem annast úthlutun að öðru jöfnu, eru starfandi í öllum háskólaborgun landsins.

Sþ. 268. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um leit að nýjum karfamiðum.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela Hafrannsóknastofnuninni að semja um leigu á hentugu togskipi, sem leiti nýrra karfamiða í úthafinu.

Leit þessari skal flýtt svo sem kostur er og allur kostnaður við leitina greiðast úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur verið vitað um alllangt skeið, að karfi gýtur í úthafinu. En það var ekki fyrr en 1961, að gotstöðvar hans voru staðsettar í Grænlandshafi og hafsvæðinu þar fyrir sunnan, vegna íslenskra og þýskra rannsókna. Önnur gotsvæði eru undan vesturströnd Norður-Noregs, undan austurströnd Nýfundnalands og á Nova Scotia-Main svæðinu.

Það kom snemma í ljós að magn seiða í úthafinu var það mikið, að um stóran gotstofn hlaut að vera að ræða.

Veiðitilraunir gerðar með handfæri frá veðurskipum í Grænlandshafi (Alfa) gáfu til kynna, að karfi var í úthafinu árið um kring.

Á árunum 1962 og 1963 gerðu Rússar nokkrar tilraunir til að veiða karfa í úthafinu með miðsjávarvörpu, en árangur var rýr.

Þjóðverjar hófu veiðar á karfa í miðsjávarvörpu haustið 1968 og öfluðu mjög vel til að byrja með. En mjög hefur dregið úr þeim afla, þótt eitthvað stundi þeir slíkan veiðiskap enn þá. Karfaveiðar Þjóðverja í miðsjávarvörpu eru ekki veiðar

í úthafinu sjálfu, heldur hafa þeir veitt karfann yfir landgrunninu og þá vanalegast allnálægt botni á svæði suður af Eldey.

Þeir hafa stundað þessar veiðar eitthvað á hverju hausti síðan, en afli hefur verið tregur hjá þeim. Þeir taka tvö tog á sólarhring og hafa verið að fá ca. 15 tonn á sólarhring.

Karfinn, sem þeir veiða, er sams konar og sá, sem fæst í botnvörpu á svipuðum slóðum.

Íslendingar byrjuðu að leita að karfa í úthafinu 1972, og hafa alls á árunum 1972 og 1973 verið farnir 4 leiðangrar, þar sem slík veiði hefur verið reynd, 3 að hausti og 1 að vori, allir með r/s Bjarna Sæmundssyni. Þessar rannsóknir beindust m. a. að því að reyna að finna í úthafinu gotstofn þess karfa, sem heldur sig annars á landgrunnunum. Það hefur ekki tekist enn þá. Það er hins vegar vitað, að hann leitar burt frá bönkum til gots. Þetta er því brýnt verkefni, sem þarf að leysa.

Rannsóknir Íslendinga og annarra benda því eindregið til þess, að í úthafinu sé sérstakur karfastofn.

Seiðarannsóknir og veiðitilraunir benda til þess, að hér sé um stóran stofn að ræða.

Veiðitilraunirnar hafa hins vegar sýnt fram á, að karfinn er mjög dreifður í úthafinu, bæði hvað snertir útbreiðslusvæði og dýpi, á þeim tímum, sem farið hefur verið í leiðangra. Þannig var reynt víða í Grænlandshafi á 50—650 m dýpi. Karfi fékkst á öllum dýpum.

Bestur afli hjá Bjarna Sæmundssyni var:

a) Í vestanverðu Grænlandshafi að hausti á 110 m dýpi, 321—330 kg pr. togtíma að meðaltali úr allmörgum togum.
b) í austanverðu Grænlandshafi að vorlagi á 250 m dýpi 230 kg pr. togtíma.

Þess ber að geta, að vélaorka í Bjarna Sæmundssyni er ekki næg til að toga stóra vörpu, og hefur því verið notast við minni vörpu en æskilegt væri.

Enn fremur ber þess að geta, að svæðið, sem til greina kemur, er ákaflega stórt og því mjög takmarkað, hvað eitt skip getur annað á stuttum tíma. Enn fremur hefur vegna anna skipsins ekki enn verið unnt að fara á þeim tíma, sem vænlegastan til árangurs mætti telja.

Fiskleitartæki eru hins vegar góð í Bjarna Sæmundssyni. En þau hafa ekki komið fyllilega að tilætluðum notum, þar sem ekki hefur enn reynst unnt að greina endurvörp á karfa með nokkurri vissu frá ýmsum öðrum endurvörpum.

Sá karfi, sem veiðst hefur í úthafinu hingað til, hefur allur verið djúpkarfi (**Sebastes mentella**). Hin tegundin (**S. marinus**), sem er uppistaðan í veiði togaranna á íslenska og austurgrænlenska landgrunninu, hefur ekki fundist í úthafinu enn þá.

Karfinn, sem veiðst hefur í tilraunum Hafrannsóknastofnunarinnar hingað til, er tvenns konar með tilliti til nýtingar:

1. Heldur smár karfi, en þó allur vinnsluhæfur, en mjög sýktur af sníkjukrabbanum **Sphyrion lumpi**, sem skilur eftir smá-„bris“ í fiski undir roði, þar sem hann hefur setið. Enn fremur eru dökkir blettir í roði all-algengir á þessum karfa. Nýting hans reyndist 21.4% við vinnslu í frystihúsi. Þessi karfi hefur einkum veiðst á tiltölulega litlu dýpi.
2. Vænn karfi, lítið sýktur af **S. lumpi** og með eðlilegu litarfari, og gæti verið djúpkarfi eins og við þekkjum hann frá landgrunnshöllunum. Þessi karfi hefur að jafnaði veiðst dýpra, en mun minna af honum.

Eftirfarandi atriðum, sem áhrif kunna að hafa á hugsanlega veiði karfa í úthafinu, hefur ekki verið svarað viðhlítandi enn þá:

1. Þéttist úthafskarfinn ekki einhvern tíma í úthafinu það mikið, að grundvöllur sé til veiða? Og ef svo er, þá
   a) Hvenær ársins?

b) Á hvaða svæði?
c) Í hvaða dýpi?

2. Gotstofnar karfans, sem algengastir eru við Ísland og Austur-Grænland, hafa ekki fundist í úthafinu enn þá, en vitað er, að hann gýtur þar. Hvar halda þeir sig?
3. Eru gotstofnar tegundanna (karfa og djúpkarfa) aðskildir eða ekki?

Flutningsmenn telja mjög mikilvægt, að mál þetta sé kannað til hlítar hið allra fyrsta.

Ed. 269. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin tók mál þetta fyrir á fundi í dag. Mælir hún með samþykkt frv. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Magnús Jónsson.

Alþingi, 17. des. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.
Axel Jónsson. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 270. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.
   a) Liður E. 1 orðist svo: Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.
   b) Liður E. 2 orðist svo: Á svæði, sem afmarkast að sunnan af línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.) og að norðan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.
   c) Nýr liður, er verði E. 3, orðist svo:
      Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.).
   d) Nýr liður, er verði E. 4, orðist svo:
      Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.).
      Einnig er skipum þessum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur 240° réttvísandi frá

Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.) í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04,9′ n.br. 22°41,5′ v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.).

2. Við 10. gr. Á eftir orðunum „megi stunda á hverjum stað fyrir sig“ í 1. tölul. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.

Ed. 271. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta frumvarp á fundi sínum í dag.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem hún flytur sameiginlega á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. des. 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson, frsm.
Jón Árnason.	Axel Jónsson.	Geir Gunnarsson.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Ed. 272. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frv. á tveimur fundum og fengið umsagnir um það frá nokkrum aðilum. Fullt samkomulag er í n. um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Nefndin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til ýmissa tillagna og ábendinga, sem fram hafa komið um minni háttar breytingar á frv., en mun taka afstöðu til þessara tillagna, áður en 3. umræða fer fram.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að á eftir 38. gr. bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Til þess að mæta því tekjutapi fyrir ríkissjóð, sem leiðir af samþykkt þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þessari brtt. og mun þess vegna gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 17. des. 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Björn Jónsson.	

Nd. 273. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

(Eftir 2. umr í Nd., 17. des.)

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Sþ. 274. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1973 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 21. janúar 1974.

Nd. 275. Frumvarp til laga [172. mál]

um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðri strandlengju með báðum bökkum Laxár.

3. gr.

Á landssvæði því, er um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

Þá eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

4. gr.

Reisa skal og reka náttúrurannsóknastöð við Mývatn. Menntamálaráðuneytið skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands,

Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps og Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs, og skal fulltrúi ráðsins vera formaður stjórnarinnar.

Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m. a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum heilbrigðisráðuneytisins og Náttúruverndarráðs, reglugerð um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er lögin taka til, og skal þar m. a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu.

6. gr.

Náttúruverndarráð getur, að fengnum tillögum stjórnar rannsóknastöðvarinnar, ráðið starfsmann til eftirlits með framkvæmd laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt úrskurði menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Sektir renni í ríkissjóð.

Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólögmætt.

9. gr.

Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum Náttúruverndarráðs, að fengnum umsögnum ýmissa aðila, er málið varðar, en endanleg gerð þess unnin í samráði við menntamálaráðuneytið. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð frá Náttúruverndarráði:

Greinargerð.

Miðað við hnattstöðu Íslands er Mývatn torskilið fyrirbæri sakir hins gífurlega auðuga gróðurs og dýralífs. Samkvæmt handbókum og vatnalíffræði eiga slík vötn alls ekki að vera til á svo norðlægum slóðum, en mælingar hafa hins vegar sýnt, að framleiðni Mývatns er álíka mikil og í vötnum, sem liggja tíu breiddargráðum sunnar á hnettinum. Þessi sérstaða Mývatns á sér þó eðlilegar orsakir. Vatnið er innan hins unga jarðeldasvæðis, sem klýfur Ísland frá norðaustri til suðvesturs. Eldvirkni þessa svæðis hefur víða mikil áhrif á efnasamsetningu grunnvatns þess. Þessara áhrifa gætir mjög í uppsprettum þeim, sem koma upp undan hraunjaðrinum við austanvert Mývatn, en frá þeim fær Mývatn mikinn hluta vatnsmagns síns því að ofanjarðaraðrennsli fær Mývatn ekki nema um Grænalæk úr Græna-

vatni. Vatnið í lindum þessum er óvenjulega auðugt af fosfór og köfnunarefnissamböndum, en þau efni ráða úrslitum um vöxt og viðgang alls gróðurs í vatninu. Sumar af þessum uppsprettum eru auk þess volgar og í vatni þeirra er ákaflega mikið af kísilsýru, en hún skapar kísilþörungum stórbætt lífsskilyrði. Það er því efnabúskapur Mývatns sem er undirstaða hins auðuga gróðurs og dýralífs þess. Lindirnar við austanvert vatnið eru eins konar áburðarveitur, sem í sífellu dæla miklu magni af gróðurnæringu út í vatnið. Þar við bætist svo, að Mývatn er yfirleitt mjög grunnt og hitnar því fljótt á sumrin, en það á einnig mikinn þátt í að skapa gróðri og dýralífi bætt lífsskilyrði.

Fyrsti hlekkurinn í lífverukeðju Mývatns eru smásæir þörungar, sem oft er gífurlega mikið af á sumrin, svo og æðri vatnagróður (mari, nykur), sem er rótfastur á botni, en vex oft upp úr vatninu þar sem það er grynnst. Á þörungunum nærast krabbaflær og vatnsflær, svo og fleiri lægri dýr, sem teljast til dýrasvifsins, og á rotnandi leifum þörunga og annars gróðurs nærast rykmýslirfur og ormar, sem lifa í leðjunni á botni vatnsins. Þá taka við fiskar og fuglar, sem ýmist nærast á dýrasvifinu, mýlifrum eða vatnabobbum. Sumar endur nærast þó á æðri gróðri.

Sem dæmi um mergð rykmýsilfra í Mývatni má nefna, að sérfræðingar þeir, sem síðastliðin þrjú ár hafa unnið að rannsóknum á Mývatni og Laxá á vegum iðnaðarráðuneytisins, fundu í ágúst-september 1971 25.000 rykmýslifrur á fermetra vatnsbotns og reyndist þyngd þeirra ½ kg á fermetra. Þeir taka fram í skýrslu sinni, að þetta sé meiri þyngd á fermetra en dæmi séu til um í Evrópu, á sambærilegum botni. Það er því engin furða þótt Mývatn dragi nafn sitt af mýinu, enda mun ekki fjarri lagi að ætla, að á sumrin sé fjöldi rykmýs og bitmýs í Mývatnssveit oft og einatt jafnmikill eða jafnvel meiri en fjöldi alls mannkyns á jörðinni.

Áþreifanlegustu dæmin um lífauðgi Mývatns eru mýflugnaskýin, fiskgnóttin og fuglamergðin. Silungsveiði hefur löngum verið Mývatnsbændum drjúg tekjulind, en um fuglamergðina er það að segja, að fróðustu menn telja vafasamt, hvort á nokkrum öðrum stað á jörðinni sé jafnmikil merg anda samankomin á ekki stærra svæði. Við Mývatn sjálft verpa hvorki meira né minna en 14 tegundir anda, og við Laxá auk þess tvær tegundir til viðbótar. Alls verða tegundirnar því 16. Fjórar af þessum andategundum (gargönd, skutulönd, húsönd og hrafnsönd) verpa hér hvergi að nokkru ráði nema við Mývatn og Laxá, og tvær af þeim (húsönd og straumönd) verpa hvergi í Evrópu nema á Íslandi. En það er ekki aðeins tegundafjöldi anda heldur miklu fremur einstaklingsmergð þeirra, sem setur svip sinn á Mývatn. Varlega áætlað dveljast þar 30—40 þúsund fullorðnar endur um varptímann, en þar við bætist svo hinn mikli fjöldi unga þegar á sumarið líður.

Að því er Laxá varðar ber að hafa í huga, að Mývatn og Laxá eru hlutar af sama vatnakerfi, sem í vissu tilliti hafa víxláhrif hvor á annan. Úr Mývatni fellur vatn í Laxá, sem er meira eða minna mettað lífverum (þ. e. a. s. smásæjum þörungum og svifdýrum), og hefur það afar mikil áhrif á lífsskilyrði í ánni, allt frá upptökum til ósa, þótt þeirra áhrifa gæti mest í efri hluta árinnar. Auk þess gengur fiskur (urriði) milli ár og vatns og endur með unga sækja töluvert með unga sína af Mývatni niður á Laxá. Gleggsta dæmið um slíkar göngur er húsöndin, sem sækir mjög niður á Laxá með unga sína að áliðnu sumri. Það má geta þess, að aðalheimkynni straumandarinnar hér á landi eru á ofanverðri Laxá.

Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum. Það verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess, og ber því að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem ætla má að geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Sérstök lagasetning um takmarkaða náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu virðist því ekki aðeins réttlætanleg heldur beinlínis nauðsynleg til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu. Hér verður hvorki um þjóðgarð né friðland í anda náttúruverndarlaganna að ræða. Beiting ákvæða náttúruverndarlaga

um náttúruverndaraðgerðir á svæðinu myndu því verða mjög í molum og án nokkurs samhengis. Með setningu sérstakra laga um þetta efni og reglugerða gefnum út samkvæmt þeim, myndi hins vegar vera hægt að sameina í eina heild öll þau ákvæði, er lúta að náttúruvernd á þessu viðkvæma svæði.

Með tilliti til sérstöðu Mývatns og Laxár liggur í augum uppi, að rannsóknarverkefni eru þar nær óþrjótandi. Óleyst verkefni blasa þar hvarvetna við og óvíða munu vera jafngóð skilyrði og þar til að vinna að margvíslegum náttúrurannsóknum, sem hafa ekki aðeins staðbundna þýðingu, heldur einnig almennt vísindalegt gildi. Því ber brýna nauðsyn til, að komið verði upp náttúrurannsóknastöð við Mývatn. Slík rannsóknastöð á auk þess að vera heimamönnum til ráðuneytis um skynsamlega nýtingu auðlinda lands og vatns, án þess að náttúruspjöll hljótist af. Auk þess eru mörg af þeim vandamálum, sem þar er við að glíma, svo flókin og margslungin, að náttúruverndaraðgerðum verður þar ekki beitt án undangenginna rannsókna.

Ef Mývatnssveit væri óbyggð væri eflaust búið að gera allt svæðið að þjóðgarði með öllum þeim takmörkunum og reglum um umferð og umgengni, sem um slíkan þjóðgarð yrðu settar. En horfast verður í augu við þá staðreynd, að Mývatnssveit er tiltölulega fjölmennt sveitarfélag og sökum hins sérstæða náttúrufars sveitarinnar er ferðamannastraumur skollinn þar á með fullum þunga. Að því er varðar náttúruvernd á þessu svæði verður því að taka tillit til margra ólíkra sjónarmiða, sem stundum getur reynst erfitt að samræma. Þó er auðsætt, að keppa ber að því, að þar geti haldist blómlegt mannlíf um ókomin ár, en jafnframt verður að leggja ríka áherslu á verndun þeirra miklu náttúruverðmæta, sem þar er að finna. Góður árangur af þeirri viðleitni hlýtur að velta á þroska og skilningi heimamanna og raunar allra Íslendinga.

Þessi sjónarmið, svo og deila sú, er þá stóð yfir út af virkjun Laxár og virkjunaráætlunum í því sambandi, leiddi til þess að fram kom á Alþingi 1970 að tilhlutan þáverandi Náttúruverndarráðs frumvarp til laga um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Sams konar frumvarp var aftur flutt á næsta Alþingi, en hvorugt þessara frumvarpa fékk endanlega afgreiðslu.

Eftir gildistöku laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og kosningu nýs Náttúruverndarráðs samkvæmt þeim lögum í aprílmánuði 1972 var verndun Mývatns og Laxársvæðisins tekin til umræðu í Náttúruverndarráði. Höfðu þá og komið fram frá ýmsum aðilum óskir og ábendingar um þetta málefni. Eftir athuganir og könnun Náttúruverndarráðs á almennum viðhorfum þeirra aðilja, er hér áttu hlut að máli komst málið á þann rekspöl, að samið var frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Við meðferð máls þessa í Náttúruverndarráði kom til álita, hvort náttúruverndarlög nr. 47/1971 fælu ekki í sér nægar heimildir til þeirrar sérstöku verndunar eða friðunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Um það atriði var leitað álits dr. Gauks Jörundssonar prófessors. Taldi hann, að enda þótt ákvæði náttúruverndarlaga nr. 47/1971 ættu að öllu jöfnu að nægja til þess að koma á með friðlýsingu svipaðri vernd og frumvarpið gerir ráð fyrir, þá hefðu hins vegar sérstök lög æðra gildi en reglur og ákvarðanir stjórnvalds og gætu því m. a. þjónað þrenns konar tilgangi. Í fyrsta lagi hefðu ákvæði þeirra sjálfstæða þýðingu, að því leyti, að þau settu reglur, sem handhafar framkvæmdavalds hefðu ekki tök á að hrófla við. Í öðru lagi gætu slík lög veitt náttúruverndaryfirvöldum ótvíræða heimild til að breyta reglum og öðrum ákvörðunum annarra stjórnvalda, sem þegar kynnu að vera fyrir hendi og í þriðja lagi gætu sérstök lög haft sjálfstætt gildi að því leyti, að með þeim mætti tryggja, að ákvarðanir náttúruverndaryfirvalda yrðu taldar rétthærri en ákvarðanir annarra stjórnvalda.

Enn er þess að geta að með samningi dags. 18. og 19. maí sl. um lausn Laxárdeilunnar alkunnu, var um það samið, að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir sérstakri löggjöf um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins.

Frumvarp þetta hefur verið borið undir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Hafa báðir þessir aðiljar eindregið mælt með því, að frumvarpið verði að lögum.

Sveitarstjórnir Aðaldælahrepps, Reykjahrepps og Reykdælahrepps hafa einnig fengið frumvarpið til umsagnar. Hafa sveitarstjórnir Reykdælahrepps og Reykjahrepps ekki látið í té umsögn, en sveitarstjórn Aðaldælahrepps telur sérstaka löggjöf um verndun Laxársvæðisins ekki nauðsynlega.

Forsætis-, menntamála- og iðnaðarráðuneytið fengu frumvarpið til umsagnar og kom það síðastnefnda fram með tillögur, sem til álita komu við endanlega gerð þess, svo var og um tillögur frá Agli hrl. Sigurgeirssyni, sáttamanni í Laxárdeilunni, sem fengið hafði frumvarpið til umsagnar. Þá hefur Náttúruverndarráði borist jákvæð umsögn frá Veiðifélagi Laxár.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er gerð grein fyrir tilgangi frumvarpsins að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu. Eins og fram kemur af öðrum ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir alhliða verndun, sem nái bæði til straum- og stöðuvatna á svæðinu, svo og til einkenna og ástands lands. Er að því stefnt að svipmót og yfirbragð og fuglalíf Mývatnssveitar haldist óbreytt, að því leyti sem samræmt verður eðlilegum og óhjákvæmilegum atvinnuháttum þess fólks, sem svæðið byggir. Í verndun Mývatns- og Laxársvæðisins felst og, að eigi sé raskað vistfræðilegu samhengi þess með atvinnuháttum, sem valdið geta neikvæðum áhrifum á lífræn tengsl vatns og lands.

Um 2. gr.

Í greininni eru dregin mörk þess svæðis, sem ákvæði frumvarpsins ná til. Hefur þótt rétt að miða við Skútustaðahrepp, þótt viðáttumikill sé, þar sem landsvæði það, sem þannig fellur undir hin sérstöku verndarákvæði frumvarpsins er að mörgu leyti órofin heild. Er auðveldara, ef nauðsyn þykir til, að undanskilja einstök atriði ákvæðum frumvarpsins, en að draga aðrar markalínur en hreppsmörkin. Þar sem Mývatn og Laxá eru órofa hlutar af sama vatnakerfi og lífsskilyrði í Laxá eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til hinnar miklu lífsuppsprettu í Mývatni, þykir eðlilegt að ákvæði 1. gr. nái einnig til allrar Laxár frá upptökum til ósa, enda er slík friðun ein af forsendum áðurnefndrar sáttar í Laxárdeilunni.

Við verndun Laxár er óhjákvæmilegt, að með fylgi nokkurt svæði meðfram ánni. Með 200 metra friðunarbelti sitt hvoru megin árinnar er við það miðað, að svæði það, sem verndar nýtur, sé ekki breiðara en svo, að friðun leiði ekki til teljandi óhagræðis við búskap á þeim jörðum, sem að Laxá liggja.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er almenna reglan sú, að hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask t. d. vegagerð eða taka jarðefnis, er óheimilt án samþykkis Náttúruverndarráðs. Hins vegar eru heimilar nauðsynlegar og eðlilegar framkvæmdir vegna búskapar á lögbýlum. Slíkar framkvæmdir geta þó verið óheimilar, ef þær, að dómi Náttúruverndarráðs, valda spjöllum á náttúruverðmætum. Verður því að bera slíkar framkvæmdir undir Náttúruverndarráð, ef vafi leikur á því, hvort hætta sé á að framkvæmdir grandi náttúruverðmætum. Ef um skipulagsskyld svæði er að ræða, og staðfest skipulag er í gildi, þarf ekki leyfi Náttúruverndarráðs, enda hafi ráðið samþykkt skipulagsáætlunina.

Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna svo sem stíflugerð, eða breytingar á farvegi straumvatna eru í því einu skyni heimilar, að þær miði að því, að vernda vatn þ. e. að stuðla að þróun og viðhaldi lífríkis þess, eða auka fiskigengd í því. Slíkar breytingar til verndar eða ræktunar má þó ekki gera nema að fengnu sérstöku leyfi Náttúruverndarráðs.

Um 4. gr.

Við verndun þá, sem að er stefnt samkvæmt frumvarpinu er það undirstöðuatriði, að fram fari stöðugt eftirlit með ástandi Mývatns og Laxár, og að fylgst sé með lífríki vatns og ár með stöðugum og skipulegum rannsóknum. Nauðsynleg undirstaða slíkra rannsókna er hentug rannsóknaraðstaða. Náttúruverndarráð fékk árið 1968, í tilefni af 50 ára afmæli fullveldis Íslands, einnar milljón króna gjöf frá Seðlabanka Íslands, sem verja skyldi til náttúruverndar. Ákvað ráðið að verja fé þessu til að koma upp rannsóknarstöð við Mývatn. Hefur stöðinni þegar verið valinn staður í landi Geirastaða, og keypt hefur verið tilbúið hús frá Noregi fyrir stöðina. Er það komið til landsins og undirbúningur hafinn að því að flytja það á grunn sinn í Geirastaðalandi. Með ákvæðum 4. gr. er stofnun og starfsemi stöðvar þessarar lögfest, og kveðið á um stjórn hennar, skipulag og hlutverk. Þá er mælt fyrir um það, að menntamálaráðuneytið setji með reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi og rekstur náttúrurannsóknarstöðvarinnar.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um það, að menntamálaráðuneytið skuli að fengnum tillögum frá heilbrigðisráðuneytinu og Náttúruverndarráði setja reglugerð um varnir gegn hvers konar mengun á þeim svæðum sem lögin taka til. Er ráðuneytinu t. d. veitt heimild til þess að setja sérstök ákvæði um mengunarvarnir vegna reksturs Kísiliðjunnar við Mývatn, en rekstri hennar getur fylgt sérstök hætta t. d. vegna mögulegs olíuleka frá dælupramma þeim, sem notaður er við það að dæla hráefni úr vatnsbotninum til lands.

Vegna sérkenna Mývatnssveitar og einstæðs fuglalífs þar kemur mikill fjöldi ferðamanna þangað á hverju sumri. Bíður þessi mikli ferðamannastraumur heim sérstökum hættum fyrir lífríki Mývatns og umhverfis þess. Þá fylgir ferðamannafjölda þessum töluverð mengunarhætta. Þykir rétt að leggja til að sett séu ákvæði í reglugerð til að hamla gegn hættum á þessum vettvangi. Þá er heimilað að sett séu með reglugerð fyrirmæli um nýtingu þessa viðkvæma lífríkis.

Um 6. gr.

Á síðastliðnu sumri var tekinn upp sá háttur að ráða sérstakan starfsmann til eftirlits með umgengni og háttum ferðamanna í Mývatnssveit. Þetta gaf góða raun. Er sýnt að eigi reglur, sem settar verða samkvæmt væntanlegum lögum og reglugerðum, að koma að notum, er nauðsynlegt að Náttúruverndarráð geti ráðið sérstakan starfsmann til eftirlits, er framkvæmi störf sín í samráði og samvinnu við rannsóknarstöðina, en stjórn hennar er samkvæmt 4. grein frumvarpsins stjórnvöldum til ráðuneytis um allt, sem lýtur að framkvæmd laganna.

Um 7. gr.

Þessi grein þarf eigi skýringar við.

Um 8. gr.

Þessi grein kveður á um viðurlög fyrir brot á fyrirmælum laganna og á reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Er hér um sams konar ákvæði að ræða og um getur í 37. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og 41. gr. reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd.

Um 9. gr.

Í greinargerð fyrir frumvarpinu er að því vikið, að lög þessi séu sett í því skyni að lögtaka sérstakar reglur um varðveislu náttúruverðmæta og verndun sérstæðs lífríkis á því svæði, sem lögin taka til. Eigi að síður gilda að sjálfsögðu almenn fyrirmæli náttúruverndarlaganna í þeim efnum, sem ekki er sérstaklega skipað með lögum þessum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Ed. 276. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.
Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.
Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.
Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands,
og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.
Einn skal skipaður til eins árs í senn, eftir tilnefningu Félags matreiðslu- og framreiðslunema í Hótel- og veitingaskóla Íslands.
Hinn sjötta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.
Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Hótel- og veitingaskóla Íslands. Hafa nemendur látið í ljós ósk um það. Ráðuneytið álítur þessa stefnu eðlilega og mun einnig athuga um breytingar í þessa átt við aðra skóla, þar sem nemendur eiga ekki nú þegar svipaða aðild.

Ed. 277. Frumvarp til laga [174. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal búa nemendur undir störf í viðskiptalífinu og leggja jafnframt almennan þekkingargrundvöll. Skal hún vera hluti af samræmdu framhaldsnámi að loknum grunnskóla, sbr. 4. gr., og svo sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

3. gr.

Inntaka nemenda til námsins er í höndum stjórnar þess skóla, sem menntunina veitir.

Rétt til að hefja viðskiptanám samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem staðist hafa grunnskólapróf eða hlotið aðra hliðstæða menntun. Heimilt er að ákveða í reglugerð um lágmarkseinkunnir, sem krafist kann að verða.

4. gr.

Námsefni skal greint í kjarna og kjörsvið. Í kjarna skulu vera eftirtaldar greinar: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Kjörsvið skulu vera eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til.

Námsefninu skal skipt í námseiningar, er skilgreindar verði í reglugerð. Skal jafnan við það miðað, að sem hagkvæmast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi, enda verði námið þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðuneytið setur í námsskrá og/eða reglugerð nánari ákvæði um námsskipan, kjörsvið, stundaskrá, námsefni, próf og kennsluhætti.

5. gr.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf. Jafnframt skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf.

Námið skal vera eins til fjögurra ára nám, svo sem hér greinir:

a) Eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám, og skal nemandi hljóta skírteini og vitnisburð um nám sitt að loknum hverjum ársáfanga.
b) Eins árs viðbótarnám, að loknu þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi samkvæmt a-lið, er miðli nemendum almennri menntun til stúdentsprófs. Veitir stúdentsprófið þann rétt til háskólanáms, sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Auk þess skal umrætt nám hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu.

Í náminu skal þess jafnan gætt, að nemendur eigi kost á hæfilegu valfrelsi milli kjörsviða.

Starfsþjálfun er hluti af umræddu námi, eftir því sem reglugerð mælir nánar fyrir um, og er skólum þeim, sem menntunina veita, heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti þeirrar þjálfunar.

6. gr.

Framangreinda menntun má veita annars vegar í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar í sérskólum, eftir því sem sérhæfing námsins krefst.

7. gr.

Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum, sérskóla á vegum ríkisins, er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri.

8. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla samkvæmt 7. gr., greiðist úr ríkissjóði. Við aðra skóla, sem veita menntun skv. lögum þessum, fer um kostnað eftir því sem lög hvers skóla eða skólastigs kveða á um.

9. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um styrk úr ríkissjóði til nefndra skóla, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veittur styrkur, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

10. gr.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkvæmt 7. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

11. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan 1. janúar 1970 hefur menntamálaráðuneytið farið með málefni verslunarskóla, sbr. reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Með bréfi dags. 7. mars 1970 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við skólastjóra Verslunarskóla Íslands dr. Jón Gíslason og skólastjóra Samvinnuskólans sr. Guðmund Sveinsson, að þeir gerðu tillögur til ráðuneytisins um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu. Í svarbréfi skólastjóranna 21. desember 1970 er farið fram á, að skipuð verði fjölmennari nefnd í málið. Ákvað þáverandi menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason að verða við þeim tilmælum, og 29. apríl 1971 var nefndin skipuð og skyldi hún skila tillögum sínum í framvarpsformi.

Í nefndina voru skipaðir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, deildarstjórarnir Andri Ísaksson og Indriði H. Þorláksson, skólastjórarnir séra Guðmundur Sveinsson og dr. Jón Gíslason, allir skipaðir án tilnefningar; Hjörtur Hjartarson, forstjóri og Gísli V. Einarsson, viðskiptafræðingur, skipaðir samkv. tilnefningu Verslunarráðs Íslands, Eysteinn Jónsson, forseti sameinaðs Alþingis, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, og Ölvir Karlsson, oddviti, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hefur nefndin skilað til ráðuneytisins frumvarpi til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, sem hér er lagt fram, eins og nefndin gekk frá því.

Af hálfu nefndarinnar fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Nefnd sú, sem skipuð var 29. apríl 1971 til þess að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu, hefur samið frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 6. maí 1971 og lokafund 28. september 1973, en alls hélt nefndin tíu fundi, auk þess sem undirnefndir störfuðu.

Eru nefndarmenn sammála um öll atriði frumvarpsins.

Þegar frumvarpið hafði verið samið, var það sent eftirfarandi aðilum til umsagnar:

1) Félagi ísl. stórkaupmanna,
2) Félagi viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands,

3) Fræðsludeild Sambands ísl. samvinnufélaga,
4) Kaupmannasamtökum Íslands,
5) Kaupfélagsstjórafélaginu,
6) Kennarafélagi Verslunarskóla Íslands,
7) Landssambandi ísl. verslunarmanna,
8) Námsráði Samvinnuskólans,
9) Nemendasambandi Samvinnuskólans,
10) Nemendasambandi Verslunarskóla Íslands,
11) Samband verslunarskólakennara,
12) Samvinnuskólanum (kennurum),
13) Stjórn og framkvæmdastjórn Sambands ísl. samvinnufélaga,
14) Verslunarmannafélagi Reykjavíkur,
15) Verslunarráði Íslands, og
16) Viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Þær umsagnir, sem borist hafa, eru birtar með frumvarpinu sem fylgiskjöl I—IX. Þær eru yfirleitt jákvæðar. Frá því að frumvarpið var sent til umsagnar, hefur einungis verið gerð á því ein breyting og er hún í 5. gr., þ. e. að notað er orðið stúdentspróf, en ekki verslunarstúdentspróf. Er þessi breyting gerð samkvæmt ábendingu í umsögn Verslunarráðs Íslands og Kennarafélags Verslunarskólans. Kaupmannasamtök Íslands leggja mikla áherslu á menntun starfsfólks í smásöluverslunum. Er nefndin sammála því og og væntir, að ákvæði 4. og 5. greinar frumvarpsins tryggi þetta nægilega vel. Að því er varðar ábendingu Nemendasambands Verslunarskóla Íslands um að lögbinda fleiri námsgreinar í kjarna, þá telur nefndin, að eðlilegra sé að fjalla um þetta í sambandi við gerð námsskrár, heldur en að binda það í lögunum sjálfum. Kennarafélag Verslunarskóla Íslands telur varhugavert, að nemendur eigi þess kost að ganga undir stúdentspróf eftir eins árs viðbótarnám, er þeir hafa lokið þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi, og finnst ákvæði þetta ekki veita nægilegt svigrúm til að mæta mismunandi námsgetu með tveimur mismunandi námsbrautum, sem taki mislangan tíma. Nefndin treystir sér ekki til að breyta frumvarpinu í þá átt að lengja leiðina til stúdentsprófs, en vekur athygli á, að að sjálfsögðu geta menn farið þessa leið mishratt eftir því hvernig undirbúningur þeirra er.

Námsráð Samvinnuskólans vekur athygli á ýmsum atriðum, m. a. stofnun ráðgefandi nefndar með fulltrúum frá hinum ýmsu viðskiptasamtökum til þess að skapa sem best tengsl við atvinnulífið á hverjum tíma. Nefndin treystir að sjálfsögðu á, að gott samstarf verði milli skólanna og forráðamanna atvinnufyrirtækja, og telur ekki þörf á að koma á fót sérstakri ráðgefandi nefnd í þessu sambandi, þar sem slíkt gæti orðið of þungt í vöfum. Ekki telur nefndin heldur fært að taka beinlínis tillit til aldurs nemenda við inntöku í skóla, en benda má á, að ákvæði 3. gr. um undirbúningsmenntun eru ekki ríkskorðuð við grunnskólapróf eingöngu, heldur er jafnframt viðurkennd önnur hliðstæð menntun, sem skólastjórn metur gilda. Að því er varðar kennslu í einhverri einni grein félagsvísinda, þá telur nefndin eðlilegast, að slíkt verði athugað í sambandi við gerð námsskrár, en vill ekki binda það í kjarna. Þess þarf að sjálfsögðu að gæta á starfsþjálfunartíma nemenda, að þeim sé veitt tækifæri til raunverulegrar starfsþjálfunar, en ekki notaðir sem ódýrt vinnuafl og þannig rýrðir tekjumöguleikar þeirra. Einnig þetta atriði varðar væntanlega námsskrá. Ekki telur nefndin neitt því til fyrirstöðu í frumvarpinu, að skólastjórn verði stefnumótandi í starfi skólanna, en að sjálfsögðu er ætlast til, að farið verði eftir lögum, námsskrám og reglugerðum, sem settar verða, og gildir slíkt auðvitað um alla skóla, og er ekki síst í þágu nemenda að svo sé.

Þetta eru helstu atriðin, sem bent hefur verið á í umsögnum, auk þess að láta í ljós stuðning við frumvarpið og áhuga á framgangi þess.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að nemendur, sem lokið hafa grunnskólanámi, þ.e. núverandi 8 ára skyldunámi og einu skólaári til viðbótar, eða hlotið hliðstæða menntun, eigi þess kost að afla sér menntunar til undirbúnings undir störf í við-

skiptalífinu og jafnframt að treysta almennan þekkingargrundvöll sinn. Frumvarpið kveður á um, að námsefnið skuli greinast í kjarna og kjörsvið. Eru tilgreindar sjö greinar, sem vera skuli í kjarna og þá kenndar öllum nemendum skólanna, en þessar greinar eru: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Þar til viðbótar geti menn valið sér námsgreinar, kjörsvið, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefninu verður skipt í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi t. d. í öðrum skólum, þar eð gert er ráð fyrir, að námið verði þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi og geti farið fram í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo hins vegar í sérstökum verslunarskólum eftir því sem sérhæfing námsins gerir kröfur um. Er miðað við, að slíkir sérskólar verði stofnaðir eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til og verði þeir ríkisskólar og hinn fyrsti skóli, sem stofnaður verður þeirrar tegundar, rísi á Akureyri.

Eins og áður segir eru sjö námsgreinar tilfærðar sem námskjarni, er öllum nemendum á að vera sameiginlegt að læra, en síðan er gert ráð fyrir, að aðrar námsgreinar verði ákveðnar í námsskrá og þykir viðurhlutamikið að binda í lögum fleiri námsgreinar en brýna nauðsyn ber til, svo að unnt sé án lagabreytinga að breyta námsefni skólanna eftir því sem kröfur tímanna gera nauðsynlegt eða æskilegt. Viðskiptamenntun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðast við að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf og deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf. Ennfremur er gert ráð fyrir, að nemendur eigi þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þá framhaldsnám í háskóla, hvort sem er í viðskiptafræðum eða öðrum greinum. Viðskiptanám á framhaldsskólastigi er ráðgert eins til fjögurra ára nám, þ. e. eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám og síðan eins árs viðbótarnám, sem veiti nemendum menntun til stúdentsprófs. Um stúdentspróf þetta er það að segja, að nefndin ætlast til þess, að það gildi eins og önnur stúdentspróf til inngöngu í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir þær stofnanir, og auk þess á þetta viðbótarár að hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu, þótt þeir fari ekki til frekara náms.

Gert er ráð fyrir, að hluti af viðskiptanáminu á framhaldsskólastigi sé fólgið í starfsþjálfun og geti þeir skólar, sem annast viðskiptamenntunina, falið viðskiptafyrirtækjum tiltekna þætti þessarar þjálfunar, og er mjög æskilegt og nauðsynlegt, að um þetta takist gott samstarf milli skólanna og hinna ýmsu atvinnufyrirtækja. Með slíkri tilhögun verður nemendunum ljósara en ella hvers hin ýmsu störf krefjast. Tekið er fram, að nemendur skuli fá skírteini og vitnisburð í lok hvers námsárs, því að þeir munu vafalaust halda mislangt á námsbrautinni og er því sjálfsagt fyrir þá, bæði vegna atvinnuleitar og hugsanlegs náms síðar, að hafa skírteini um hvaða námsáfanga þeir hafa lokið.

Að því er varðar fjárhagshlið þessara mála, þá er tekið fram í frumvarpinu, að allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstakra skóla, sem ríkið stofnar til þess að veita viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, skuli greiddur úr ríkissjóði, en kostnaður við aðra skóla, sem viðskiptamenntun veita, svo sem í formi námsbrautar í framhaldsdeildum grunnskóla, fjölbrautaskólum og menntaskólum, fer eftir því, sem ákveðið er um greiðslu kostnaðar á hverju skólastigi. Þannig myndi til dæmis viðskiptanámsbraut í menntaskóla vera algerlega kostuð af ríkissjóði eins og menntaskólarnir, en í fjölbrautaskólum yrði bæði um þátttöku ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga að ræða.

Þá eru sérstök ákvæði um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Þessir skólar hafa, eins og kunnugt er, í áratugi annast svo til einir verslunarmenntun í landinu á framhaldsskólastigi, en sumir gagnfræðaskólar hafa haft verslunardeildir eða einhverja þætti viðskiptanáms. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands, sem eiga að baki langan og þýðingarmikinn starfsferil, eigi rétt á að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa

annast, og fái bætta fjárhagsaðstöðu til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Er þetta fólgið í því, að rekstrarkostnaður skólanna verður, samkvæmt frumvarpinu, greiddur að fullu úr ríkissjóði, nema rekstrarkostnaður heimavistar, hann greiðist með styrk úr ríkissjóði sem nemur 80% kostnaðar. Ríkisframlagið, bæði til almenns rekstrar og heimavistar, skal að hámarki miðast við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Af stofnkostnaði þessara tveggja skóla, að því er varðar kennsluhúsnæði og heimavistir, byggðar eftir gildistöku laganna, greiðir ríkissjóður 80%.

Það er skilyrði, bæði fyrir greiðslu stofn- og rekstrarstyrkja til þessara skóla, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlun um rekstrarkostnað og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingaframkvæmdum, og miðast framlög ríkisins að sjálfsögðu við það, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu laganna og samkvæmt þeim reglugerðum, sem settar verða.

Með þessum ákvæðum, ef að lögum verða, er stórbætt starfsaðstaða Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Hefur starfsemi þessara skóla orðið til þess, að eigi hefur verið jafnbrýnt fyrir ríkisvaldið að skipuleggja viðskiptamenntun á vegum ríkisins eins og verið hefði, ef þeirra hefði ekki notið við. Hefur ríkissjóður því raunverulega sparað sér stórfé með því að veita verslunarskólunum styrk í fjárlögum í stað þess að taka verslunarmenntunina í sama mæli á sína arma og aðra sérmenntun í landinu.

Við fjölbreyttari atvinnu- og viðskiptahætti og aukin umsvif innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir ber brýna nauðsyn til að veita þeim fjölmenna hópi, sem fæst við jafnþýðingarmikil störf og verslun og viðskipti, greiðan aðgang að traustri menntun til þess að skapa sér sem mesta starfshæfni og til þess að þjóðfélagið fái sem besta starfskrafta. Störfin á sviði innlendra og erlendra viðskipta verða æ umfangsmeiri og hinum auknu kröfum þarf að mæta með aukinni þekkingu, starfsþjálfun og tækni.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Rétt er að taka það fram, að í frumvarpi þessu er að nokkru leyti miðað við, að sett verði löggjöf um grunnskóla, og þar með gert ráð fyrir, að viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi hefjist að grunnskólanámi loknu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn þeirra mála, sem frumvarpið fjallar um, enda hefur þróunin orðið sú, að nálega allir skólar í landinu heyra nú undir það ráðuneyti. Menntamálaráðuneytið hefur farið með málefni verslunarskólanna síðan 1. janúar 1970, en áður heyrðu þeir undir atvinnumálaráðuneytið.

Um 3. gr.

Skólastjórn hvers skóla ræður sjálf inntöku nemenda í skólann, en heimilt er að kveða á um lágmarkseinkunn í reglugerð, og miðað er við að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi, en það svarar til núverandi átta ára skyldunáms og einu ári til viðbótar, eða að þeir hafi hlotið aðra hliðstæða menntun.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að námsefni verði ákveðið í námsskrá, en tilgreindar eru í frumvarpsgreininni sjö námsgreinar, sem vera skulu námskjarni fyrir alla nemendur skólanna. Þær greinar eru íslenska, stærðfræði, enska, vélritun, bókfærsla, hagfræði og eitt Norðurlandamál, þ. e. a. s. danska, norska eða sænska. Síðan geta menn bætt við kjörgreinum, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefnið skiptist í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi.

Um 5. gr.

Viðskiptamenntunin, sem frumvarpið fjallar um, á að veita undirbúning undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf, deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf, og þar að auki skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þar með framhaldsnám í háskóla. Gert er ráð fyrir, að námið taki eitt til fjögur ár og að menn fái prófskírteini að loknum hverjum ársáfanga. Almennt og sérhæft viðskiptanám er gert ráð fyrir, að taki frá einu ári til þriggja ára, og eftir þrjú ár geti menn bætt við sig einu ári til stúdentsprófs. Starfsþjálfun er hluti af náminu og sé skólunum heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti hennar.

Um 6. gr.

Menntun þá, sem frumvarpið fjallar um, er gert ráð fyrir að veita í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo einnig í sérstökum skólum, allt eftir því hve mikillar sérhæfingar námið krefst. Engin reynsla er enn komin af starfi fjölbrautaskóla, en sú stefna hefur verið mörkuð, að hinn nýstofnaði menntaskóli í Kópavogi verði fjölbrautaskóli og sama gildir um fyrirhugaðan menntaskóla á Austurlandi. Í ráði er og að koma á fót fjölbrautaskóla í Breiðholti í Reykjavík. Þá hefur einnig verið rætt um framhaldsnám í fjölbrautaskólaformi á Suðurlandsundirlendi, með Selfoss sem aðalmiðstöð, og vafalaust eiga fjölbrautaskólar eftir að leysa ýmsan vanda í framhaldsmenntunarmálum landsbyggðarinnar.

Um 7. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir, að viðskiptamenntun verði veitt í formi námsbrautar í ýmsum framhaldsskólum, þá er einnig samkvæmt þessari frumvarpsgrein miðað við, að komið verði á fót, eftir því sem þörf krefur, sérskólum á vegum ríkisins, er veiti m. a. hin æðri og sérhæfðari stig viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi. Munu Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands gegna slíku hlutverki, en tekið er fram í lagagreininni, að fyrsti ríkisskólinn þessarar tegundar, sem stofnaður verði, skuli vera á Akureyri.

Ráðamenn á Akureyri hafa lýst miklum áhuga á því, að þar verði efnt til verslunarskóla, og væntir nefndin, að þessi lagaákvæði stuðli að því, að þar rísi slíkur skóli innan tíðar. Þá hefur bæjarráð Húsavíkur vakið athygli á því, að verslunarskóli fyrir Norðurland væri vel settur á Húsavík. Einnig hafa forráðamenn á Suðurlandsundirlendi látið í ljós áhuga á skóla til verslunarmenntunar þar, og er drepið á það í umsögn um 6. grein.

Um 8. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla, sem stofnaðir yrðu samkvæmt 7. grein frumvarpsins, ef að lögum verður, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, en um kostnað við viðskiptamenntun, sem veitt yrði við aðra skóla, fer eftir lagaákvæðum, sem um þá skóla gilda. Sérákvæði eru þó um Samvinnuskólann og Verslunarskólann.

Um 9. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands og aðstaða þeirra stórlega bætt fjárhagslega, þar sem ákveðið er með frumvarpsgreininni, að þeir skuli fá allan rekstrarkostnað sinn greiddan úr ríkissjóði nema rekstrarkostnað heimavista, sem 80% ríkisstyrkur verði veittur til, ef þeirra er talin þörf. Auk þess greiði ríkissjóður 80% af stofnkostnaði nýs kennsluhúsnæðis, svo og nauðsynlegra heimavista, við þessa skóla. Framlag ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar skóla og heimavistar skal þó að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Þá er það skilyrði fyrir styrkveitingum, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega rekstraráætlun skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaðinum og að ráðuneytið hafi samþykkt nýjar byggingaframkvæmdir. Loks er það skilyrði fyrir framlögum ríkisins, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu 5. greinar frumvarpsins og samkvæmt þeim reglugerðum, sem samkvæmt lögunum verða settar.

Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn hafa notið styrks í fjárlögum að undanförnu, auk þess sem Reykjavíkurborg hefur veitt Verslunarskólanum fjárhagslegan stuðning, en að öðru leyti hafa skólarnir aflað sér tekna með allháum skólagjöldum. Er það með öllu óeðlilegt, að nemendur þurfi að greiða há skólagjöld fyrir menntun sína, þegar skólagjöld tíðkast ekki í ríkisskólum og um er að ræða menntun, sem þjóðfélaginu er mikil nauðsyn á, að veitt sé.

Þess skal getið, að verði ákvæði þessarar greinar frumvarpsins að lögum, næmi ríkisstyrkur til rekstrarkostnaðar vegna Samvinnuskólans 12—15 millj. kr. og vegna Verslunarskóla Íslands 45—50 millj. kr., hvort tveggja miðað við starfsáætlanir skólanna fyrir skólaárið 1973—1974.

Nefndin væntir, að með ákvæðum frumvarpsins séu Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands búin stórbætt starfsskilyrði og að þeir geti starfað áfram, þótt viðskiptamenntun fari einnig fram í ríkisskólum.

Um 10. gr.

Nefndin hefur ekki talið rétt að setja í þetta frumvarp ákvæði um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, sem veita menntun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, heldur fari um það eftir ákvæðum laga og reglugerða, sem um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Hér eru ákvæði um, að skólastjóri og skólaráð skuli stjórna starfi sérskóla, og sé skólaráð þannig myndað, að skólastjóri eigi þar sæti ásamt tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, sem þeir kjósa úr sínum hópi. Á þessu skólastigi er um að ræða þroskaða nemendur, sem sjálfsagt er, að taki þátt í og beri ábyrgð á stjórn skólans með skólastjóra og kennurum.

Um 11. gr.

Hér er veitt almenn heimild til þess að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd laganna, en heimild er í fleiri greinum til þess að setja reglugerðir um tiltekin atriði, sbr. 3., 4. og 5. grein.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSLENSKRA STÓRKAUPMANNA

28. júní 1973.

Hr. ráðuneytisstjóri,
Birgir Thorlacius,
Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Oss hefur borist bréf yðar, dags. 21. júní s. l., varðandi frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og þökkum það.

Við teljum það eitt af hlutverkum Verslunarráðs Íslands að fjalla um skipulag og tilhögun viðskiptamenntunar almennt í skólakerfinu.

Við munum því ekki senda sérstaka umsögn, heldur vísum vinsamlegast til væntanlegrar umsagnar þess um málið.

Með vinsemd og virðingu,
Félag íslenskra stórkaupmanna,
Júlíus S. Ólafsson (sign.)

Fylgiskjal II.

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Reykjavík 23. júlí 1973.

Kaupmannasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, með bréfi yðar dagsettu 21. júní s. l. Stjórn samtakanna hefur fjallað um þetta frumvarp, og lætur hér með í ljós álit sitt á frumvarpi þessu.

Kaupmannasamtök Íslands, fagna hverju því spori, sem stigið er til aukinnar menntunar verslunarfólks. Með því að ríkisvaldið leggur nú auka áherslu á menntun slíks fólks, teljum vér að ríkisvaldið sé þar með að viðurkenna það, sem framámenn verslunarinnar hér á landi hafa barist fyrir í áratugi. Viðurkenning þessi er sú, að verslun sé orðin ein af höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar. Kaupmannasamtök Íslands fagna því, að í frumvarpi þessu sé í fyrsta skipti í sögu skólamála landsins talað um menntun starfsfólks í smásöluverslunum. Í 5. gr. laga þessara stendur meðal annars:

„Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, **afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum,** svo og stjórnunarstörf" o. s. frv.

Þrátt fyrir það að hér sé talað um störf, er varða smásöluverslanir, er engin trygging fyrir því að þessar greinar verði kenndar, því samkvæmt lögum þessum ber að ákveða námsefni í reglugerð. Stjórn Kaupmannasamtaka Íslands leggur mikla áherslu á, að það verði tryggt með lögum þessum, að áðurnefndar greinar varðandi smásöluverslunina verði kenndar þeim, sem hug hafa á slíku.

Verslunarskóli Íslands hefur nú starfað frá árinu 1905 með ágætum árangri. Þaðan hafa útskrifast margir af helstu framámönnum verslunarinnar í dag. Kaupmannasamtök Íslands lýsa ánægju sinni með þá síðbúnu viðurkenningu, sem ríkisvaldið veitir nú skólanum, með því að meta hann til jafns við aðra framhaldsskóla landsins.

Á undanförnum árum hefur svo brugðið við, að mjög lítill hluti af þeim nemendum, sem koma frá Verslunarskóla Íslands, fari til starfa í smásöluverslunum í landinu. Þessir nemendur eru aðallega menntaðir í almennum skrifstofustörfum, en ekki í störfum, er varða smásöluverslunina, og sækja því ekki vinnu sína þangað. Sama máli gegnir um nemendur Samvinnuskólans. Það er því nauðsynlegt að ríkisvaldið skapi þeim nemendum, sem áhuga hafa á, aðstöðu til menntunar í námsgreinum smásöluverslunarinnar. Störf í verslunum eru orðin það umfangsmikil að sérhæfing starfsfólks er nauðsynleg. Hinn sívaxandi fjöldi starfsfólks í verslunum ber vott meðal annars um, að mikill áhugi er fyrir þessum störfum.

Kaupmannasamtök Íslands leggja mikla áherslu á, að forráðamenn skólamála sjái svo um, að með lögum þessum verði tryggt, að starfsfólk í verslunum fái tækifæri til skólamenntunar í þessum greinum eins skjótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

F. h. Kaupmannasamtaka Íslands.

Magnús E. Finnsson (sign.)

Menntamálaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Fylgiskjal III.

NEMENDASAMBAND SAMVINNUSKÓLANS

25. júlí 1973.

Nemendasamband Samvinnuskólans þakkar fyrir „frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi", sem sent var Sambandinu.

Vegna sumarfría og annarra ófyrirsjáanlegra atvika hefur ekki verið unnt að ræða og kynna frumvarpið ýtarlega innan Nemendasambandsins.

Stjórn Nemendasambandsins vill lýsa ánægju sinni með, að nú skuli loks vera að líta dagsins ljós löggjöf um verslunarmenntun í landinu. Jafnframt fagnar stjórnin því, að Samvinnuskólanum skuli tryggður sess í framtíðarskipan verslunarmenntunarinnar og nemendum þaðan skuli tryggðir möguleikar til áframhaldandi menntunar innan íslenska skólakerfisins.

F. h. stjórnar N. S. S.

Vigdís Pálsdóttir (sign)

Menntamálaráðuneytið,
b. t. hr. ráðuneytisstjóri Birgir Thorlacius,
Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

KENNARAFÉLAG VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 13. ágúst 1973

Stjórn Kennarafélags Verslunarskóla Íslands hefur kannað frumvarp það til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, sem hið háa ráðuneyti sendi félaginu til umsagnar í bréfi dagsettu hinn 21. júní 1973. Stjórnin vill taka eftirfarandi fram varðandi fyrrnefnt frumvarp.

1) Ekki reyndist unnt að fjalla um frumvarp þetta á félagsfundi, enda dvelja félagsmenn flestir hverjir ekki að staðaldri í bænum yfir sumarmánuðina. Stjórnin mun því kalla saman félagsfund um þetta mál n. k. haust og áskilur sér rétt til að senda ráðuneytinu samþykktir hans, ef þær verða ýtarlegri en álitsgerð þessi eða koma í bág við hana.
2) Stjórnin vill gera eftirfarandi athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins:
   a) Í frumvarpinu er kveðið á um, að nemendur skuli eiga þess kost að búa sig undir verslunarstúdentspróf. Stjórnin leggur til, að orðalagi verði breytt á þann veg, að orðið stúdentspróf komi í stað orðsins verslunarstúdentspróf, enda er ekki venja að flokka stúdentspróf á þennan hátt, þótt um ýmis kjörsvið sé að ræða.
   b) Ísjárvert virðist að fastbinda með lögum ákvæði það, sem felst í 5. gr. lið b, enda verður eigi annað séð en með því sé kveðið á um, að nemendur skuli eiga þess kost að ganga undir stúdentspróf eftir eins árs viðbótarnám, er þeir hafa lokið þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi. Ákvæði

þetta virðist því ekki veita nægilegt svigrúm til að mæta mismunandi námsgetu með tveimur mismunandi námsbrautum, sem taki mislangan tíma.

Virðingarfyllst,

f. h. K.V.Í.

Baldur Sveinsson (sign.) formaður.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Fylgiskjal V.

NEMENDASAMBAND VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 14. ágúst 1973.

Með bréfi hins háa ráðuneytis dags. 21. júní s. l. var óskað eftir umsögn Nemendasambands Verslunarskóla Íslands um frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Stjórn Sambandsins hefur rætt efni frumvarpsins og vill í því sambandi taka eftirfarandi fram:

a) Að bætt verði inn í námsgreinar í kjarna ákvæðum um sérstaka þjálfun í skjalagerð og öðrum hagnýtum verslunarstörfum (s.s. meðferð banka- og verslunarskjala, notkun rafreikna og tæknileg gerð kaup- og sölusamninga).
b) Að verslunarréttur verði meðal námsgreina í kjarna.
c) Að öðru leyti er stjórnin sammála meginstefnu frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hinu háa ráðuneyti hér með.

F. h. stjórnar,

Kristinn Hallsson (sign) formaður.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal VI.

NÁMSRÁÐ SAMVINNUSKÓLANS AÐ BIFRÖST

Fundur haldinn í Námsráði Samvinnuskólans að Bifröst 15. ágúst 1973.

Nefndarmenn Námsráðs Samvinnuskólans að Bifröst, Borgarfirði þakka þá virðingu og traust, sem ráðinu er sýnt með því að fá því hið nýja frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi til umsagnar.

Námsráðið hefur unnið um nokkurn tíma að athugun frumvarpsins og hefur þar notið góðrar aðstoðar Guðmundar Sveinssonar skólastjóra, sem hefur fúslega svarað fyrirspurnum Námsráðsins og þakkar það honum aðstoð hans.

En því miður hafa sumarannir nokkuð háð störfum Námsráðsins, þar sem ekki náðist til allra meðlima þess.

Eftirfarandi ályktun var gerð:

Námsráð Samvinnuskólans að Bifröst fagnar því framtaki og þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið með hinu nýja frumvarpi og telur það bera þess glögg merki

að reynt er að færa viðskiptamenntun í landinu í það horf, sem hentar nútímaþjóðfélagi, jafnframt því sem merkum áfanga er náð í átt til nemendalýðræðis með því að veita nemendum veruleg áhrif á starf og stjórn skólanna.

Eins og áður segir er Námsráðið mjög ánægt með hið nýja frumvarp í heild, en telur þó, að þar sé sumt sem megi breyta eða bæta og annað, sem fagna beri sérstaklega, og vill Námsráðið vekja athygli á eftirfarandi athugasemdum:

1) Varðandi 2. grein telur Námsráðið æskilegt að athuga þann möguleika, að stofnuð verði ráðgefandi nefnd frá hinum ýmsu viðskiptasamtökum til þess að námið sé í sem bestum tengslum við atvinnulífið á hverjum tíma.
2. Í 3. grein, þar sem kveðið er á um inngönguskilyrði, vill Námsráðið mælast til þess, að athugað verði, hvort ekki væri hægt að taka tillit til aldurs nemenda við inntöku í stað þess að taka eingöngu tillit til prófa og einkunna.
3) Viðvíkjandi 4. grein, þar sem kveðið er á um námsefni í kjarna, vill Námsráðið fastlega mælast til þess, að í hverjum kjarna skuli vera ein grein félagsvísinda til viðbótar því, sem upp er talið í frumvarpinu.
4) Varðandi þá starfsþjálfun, sem um er rætt í 5. grein, telur Námsráðið, að hún megi ekki verða til þess að viðskiptaaðilum verði gert mögulegt að notfæra sér nemendur sem ódýrt vinnuafl og rýra þannig tekjumöguleika þeirra.
5) Námsráðið fagnar mjög þeirri verðskulduðu viðurkenningu, sem fram kemur í 9. grein á starfsemi Samvinnuskólans að Bifröst og Verslunarskóla Íslands og því hlutverki, sem þeir hafa gegnt á liðnum áratugum í viðskiptamenntun landsmanna.
6) Námsráðið lýsir ánægju sinni með þá nýbreytni, sem fram kemur í 10. grein frumvarpsins, að veita nemendum aðild að stjórn skólanna og er þetta framtak stór áfangi til nemendalýðræðis að dómi Námsráðsins, en tryggja þyrfti skólastjórnum, að þær geti verið stefnumótandi í starfi skólanna, en þurfi ekki að vera svo rígbundnar reglugerðum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins, sem 4. grein kveður á um og ósjálfrátt kallar á spurninguna: Hverju á að stjórna?

F. h. Námsráðs Samvinnuskólans að Bifröst

Sigmar E. Árnason (sign)

Björn Jóhannsson (sign).

Fylgiskjal VII.

SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA

21. september 1973

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Þér hafið sent oss til umsagnar frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Í því sambandi óskum vér að taka fram eftirfarandi:

1) Forráðamenn Sambandsins lýsa yfir ánægju sinni yfir því, að mál þetta skuli nú komið á þann rekspöl, er frumvarpið ber vott um.
2) Vér teljum að leggja beri áherslu á, að frumvarpið verði að lögum á næsta Alþingi og að ákvæði þess um styrk hins opinbera til einkaskólanna komi í reynd til framkvæmda á árinu 1974.
3) Vér sjáum ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins. Hins vegar væntum vér þess, að fulltrúar einkaskólanna verði hér

eftir sem hingað til dregnir til ráðuneytis um einstök atriði, er varða framkvæmd málsins .

Vér viljum að lokum tjá ráðuneytinu þakkir fyrir að hafa sent oss mál þetta til umsagnar.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga
Erlendur Einarsson (sign.)

Fylgiskjal VIII.

SAMVINNUSKÓLINN BIFRÖST

Bifröst 24.9. 1973

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 4,
Reykjavík.

Kennarafundur Samvinnuskólans fagnar framkomnu frumvarpi um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og lýsir ánægju sinni með anda frumvarpsins og meginstefnu.

Sérstaklega lýsir fundurinn ánægju með, að samkvæmt frumvarpinu er tryggð staða og framtíð núverandi verslunarskóla, Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands.

Fundurinn sér ekki á þessu stigi ástæðu til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins, en væntir þess eindregið, að málið hljóti farsæla afgreiðslu á næsta Alþingi.

Með vinsemd og virðingu,
Snorri Þorsteinsson, yfirkennari (sign.)

Fylgiskjal IX.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 24. sept. 1973.

Menntamálaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Stjórn Verslunarráðs Íslands, framkvæmdastjórn og skólanefnd Verslunarskóla Íslands hafa fengið frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, til umsagnar.

Verslunarráð Íslands er samþykkt núverandi gerð frumvarpsins í heild sinni, að öðru leyti en því, að það getur ekki sætt sig við orðið verslunarstúdentspróf, sem fram kemur í lok 1. málsgr. 5. gr., þar sem það gæti leitt til þrengri skilnings á gildi stúdentsprófs úr Verslunarskóla Íslands en nú er.

Verslunarráð Íslands leggur því til, að í stað orðsins verslunarstúdentspróf komi orðið stúdentspróf.

Með sérstakri virðingu,
Þorvarður Elíasson, framkv.stj. V.Í.

Sþ. 278. Fyrirspurn [175. mál]

Til samgönguráðherra um vegagerð.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hvað líður framkvæmdum á þeim vegarkafla, sem Sverri Runólfssyni var skammtað á Kjalarnesi?
2. Hefur Vegagerð ríkisins ekki tök á því að útvega þau vegavinnutæki, sem vantar til að framkvæma þetta verk, ef undan er skilin sú hrærivél, sem Sverrir Runólfsson flutti til landsins frá Kanada?
3. Væri ekki sú aðferð, sem Sverrir Runólfsson vill beita við vegagerð, heppileg á söndum Suðurlandsundirlendis, t. d. á Þorlákshafnarvegi? Ef svo er, væri ekki vert að fela honum þar vegagerð, a. m. k. í tilraunaskyni?

Nd. 279. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein og orðist svo:

Við 27. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein.

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

Nd. 280. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

2. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.

2. gr.

Við 27. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr. 97 20. des. 1972.

Ed. 281. Lög [153. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 264.

Nd. 282. Lög [101. mál]

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 247.

Nd. 283. Frumvarp til laga

um lyfjaframleiðslu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 103 með þesssum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Tilraunastofnanir, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, mega framleiða og selja lyf, þar með talin dýralyf, sem þær gera tilraunir með, enda uppfylli þær öll meginskilyrði varðandi framleiðsluhætti, gæðamat, lyfjaeftirlit og eftirlitsgjald, sbr. 1. gr. laga þessara.

Forstöðumenn tilraunastofnana þessara og framkvæmdastjóri lyfjaframleiðslufyrirtækis samkvæmt II. kafla laga þessara mynda samstarfsnefnd, og er síðasttalinn aðili formaður hennar.

Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að sem bestri nýtingu starfskrafta og tækjabúnaðar þessara stofnana til lausnar verkefnum, sem geta verið sameiginleg, svo sem gæðapróf, rannsóknir, innkaup og heildsöludreifing. Enn fremur skal nefndin stuðla að sameiginlegu átaki til framleiðslu nýrra lyfja fyrir innlendan og erlendan markað.

Nefndin skal koma saman eftir þörfum og skila skýrslu um starfsemi sína á sex mánaða fresti til hlutaðeigandi stofnana og heilbrigðisráðherra.

6. gr. hljóðar svo:

Lyfsalar og lyfjafræðingar, sem óska að vera aðilar að fyrirtækinu, mynda félag, er leggur sameiginlega fram allt að helmingi eignarhluta fyrirtækisins. Eignarhluti ríkisins skal vera helmingur eða meira, svo sem samkomulag verður um milli aðila.

Hvor aðili um sig, ríkið og félagið, er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

Hvorugur aðili má ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

8. gr. hljóðar svo:

Stjórn fyrirtækisins skal skipuð 4 mönnum til 2 ára í senn. Félag lyfsala og lyfjafræðinga kýs 2 stjórnarmenn á aðalfundi sínum, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt.

Heilbrigðisráðherra skipar 2 stjórnarmenn á sama hátt og félagið.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn, og skal formennskan færast til skiptis milli eignaraðila.

Sþ. 284. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Nefndin hefur haft samráð við for-

stjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta. Í ljós hefur komið, að útgerðarkostnaður bátanna hefur aukist. Það hefur verið bætt að hluta, þannig að far- og flutningsgjöld hafa verið hækkuð á þessu ári. Ljóst er, að rekstrarkostnaður bátanna mun hækka verulega árið 1974. Er því óhjákvæmilegt að hækka far- og flutningsgjöld á næsta ári. Vissri prósentu var haldið eftir af framlögum til bátanna árið 1973. Þær upphæðir þyrftu að greiðast að fullu, því að framlög til þeirra voru í algjöru lágmarki fyrir árið 1973. Tillögur nefndarinnar eru einnig í lágmarki nú, til þess að hægt sé að halda uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða og til einstakra byggðarlaga, þar sem örðugleikar eru á samgöngum.

Undanfarin ár hefur styrkur verið veittur til snjóbifreiða, og þeim umsóknum hefur farið fjölgandi. Viðkomandi byggðarlög telja brýna nauðsyn bera til þess, að rekstur snjóbifreiða sé styrktur af almannafé, m. a. vegna þess, að víða vantar héraðslækna. Það getur því verið lífsnauðsyn, að byggðarlögin hafi ráð á snjóbifreið, ef flytja þarf sjúkling eða sækja lækni. Nefndin hefur því eigi séð sér annað fært en að leggja til, þar sem staðhættir eru slíkir, að rekstur snjóbifreiða verði styrktur, og eru þeir styrkir yfirleitt hækkaðir um ca. 20% vegna aukins kostnaðar bifreiða.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur annast mjólkurflutninga til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar tvisvar í viku að vetrinum og flytur auk þess vörur og farþega eftir þörfum. Báturinn heldur uppi ferðum til Grímseyjar og Hríseyjar að minnsta kosti tvisvar í mánuði. Samkvæmt rekstrarreikningi bátsins virðist óhjákvæmilegt að hækka framlag til hans frá því, sem var árið 1973. Nefndin leggur því til, að framlag fyrir árið 1974 verði 6 millj. kr. Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar verði 350 þús. og til Hríseyjarbáts, sem gengur milli Dalvíkur og Hríseyjar, 360 þús. í rekstrarstyrk og 200 þús. kr. í stofnstyrk.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 500 þús. kr. Mikið gagn hefur verið að rekstri snjóbifreiða á Austfjörðum vegna læknisþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþunga fjallvegi. Nefndin leggur því til, að veittir verði rekstrarstyrkir til nokkurra snjóbifreiða í þeim fjórðungi.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í Vestur-Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir, og hafa þeir því verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár, enda nýtur sú sýsla eigi þess fjár, sem veitt er til Skipaútgerðar ríkisins. Nefndin leggur til, að 1.5 millj. kr. verði varið til að lækka kostnað við þessa vöruflutninga. Hins vegar fellur niður framlag til vatnadreka á Skeiðará.

Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur. Tekjur eru einkum af farþegaflutningi. Fargjöld hafa verið hækkuð verulega árið 1973, en þurfa enn frekari hækkunar við vegna aukins rekstrarkostnaðar. Nefndin leggur til, að styrkur til h/f Skallagríms verði hækkaður úr 6.5 millj. í 7. millj.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi annast flutninga milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarbyggða. Hann heldur uppi ferðum og flutningum um Breiðafjörð, Gilsfjörð og Hvammsfjörð, m. a. frá Stykkishólmi um Flatey til Brjánslækjar á Barðaströnd. Báturinn á í fjárhagslegum erfiðleikum. Hann skuldar ca. 24 millj. auk

hlutafjár. Nauðsyn ber til að lækka þær skuldir eftir öðrum leiðum en sem rekstarstyrk til flóabáta. Óhjákvæmilegt er að starfrækja bátinn, en þörf væri á, að hann hefði meiri verkefni. Nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til bátsins hækki um 0.5 millj., en stofnstyrkur verði óbreyttur.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga. Báturinn hefur verið vel rekinn og er skuldlítill. Nefndin leggur til, að hann fái 5.5 millj. í rekstrarstyrk og 100 þús. kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði.

Almenn nefndarályktun.

Mjög margir aðildar hafa beðið um rekstrarstyrk til snjóbifreiða. Nefndin hefur lagt til, að slíkir styrkir verði veittir, þar sem um mikil snjóþyngsli er að ræða og slæma fjallvegi. Þetta er einkum gert með tilliti til þess, að bifreiðarnar séu notaðar til að greiða fyrir læknisþjónustu.

Nefndin vill taka það fram, að skilyrði fyrir því, að styrkur þessi verði veittur og greiddur, er, að rekstri flóabátanna verði hagað þannig í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að þjónustan við hinar dreifðu byggðir verði sem hagkvæmust.

Samkvæmt þessu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til Flóabáta, snjóbifreiða og vöruflutninga verði á árinu 1974 38 530 000 kr., og skiptist sú upphæð þannig:

1.	Norðurlandsbáturinn Drangur	6 000	þús. kr.
2.	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	100	— —
3.	Hríseyjarbátur	360	— —
	Sami, stofnkostnaður	200	— —
4.	Grímsey vegna flugferða	350	— —
5.	Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði	150	— —
6.	Mjóafjarðarbátur	500	— —
7.	Snjóbifreið í Vopnafirði	150	— —
8.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	700	— —
	Sami, stofnkostnaður	500	— —
9.	Snjóbifreið á Fagradal	190	— —
10.	Snjóbifreið á Oddsskarði	550	— —
	Sami, stofnkostnaður	200	— —
11.	Snjóbifreið á Fljótdalshéraði	120	— —
12.	Snjóbifreið í Borgarfirði eystra	160	— —
13.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	150	— —
14.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	1 500	— —
15.	Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga	920	— —
16.	H/f Skallagrímur	7 000	— —
17.	Mýrabátur	30	— —
18.	Til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi	80	— —
19.	Stykkishólmsbáturinn Baldur	8 500	— —
	Sami, stofnstyrkur	2 000	— —
20.	Langeyjarnesbátur	180	— —
21.	Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu	100	— —
22.	Til vetrarflutninga í Vestur—Barðastrandarsýslu	350	— —
23.	Dýrafjarðarbátur	100	— —
24.	Snjóbifreið um Botnsheiði	250	— —
25.	Djúpbáturinn h/f, Fagranes	5 500	— —
	Sami vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði	100	— —
26.	Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði	130	— —

27.	Til vetrarflutninga í Haukadal	50	—	—
28.	Snjóbifreið á Akureyri	150	—	—
29.	Til vetrarflutninga á Lónsheiði	200	—	—
30.	Snjóbifreið Axarfjörður—Kópasker	240	—	—
31.	Snjóbifreið á Hólmavík	150	—	—
	Sami, stofnstyrkur	200	—	—
32.	Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	150	—	—
33.	Vetrarflutningar, Skarðshreppi, Dölum	70	—	—
34.	Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshr.	200	—	—

Samtals 38 530 þús. kr.

Alþingi, 14. des. 1973.

Björn Pálsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Páll Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Garðar Sigurðsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Hannibal Valdimarsson.
Helgi F. Seljan.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Árm. Héðinsson.
Stefán Valgeirsson.
Pétur Pétursson.
Sverrir Hermannsson.
Steinþór Gestsson.
Jón Árnason.
Friðjón Þórðarson.

Ed. 285. Frumvarp til laga [102. mál]

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 120 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07,5′ n.br. 21°31,2′ v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A. 4. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B. 1. Frá línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), að línu réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972. Einnig er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks.

B. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi (grunnlínupunktur 6) í punkt 12 sjómílur réttvísandi aust-norðaustur frá Bjarnarey (65°47,1′ n.br. 14°18,2′ v.lg.).

B. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnarey og réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65°37,8′ n.br. 13°55,3′ v.lg.).

C. Suðausturland.

C. 1. Frá línu réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.) og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (grunnlínupunktur 15), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. maí til 1. mars utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. mars utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu, sem dregin er réttvísandi austur af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.) og að 18°00′ v.lg. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalsnesi (64°24,1′ n.br. 14°32,5′ v.lg.), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15°45′, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

C. 4. Á svæði frá 18°00′ v.lg. að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C. 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á þeim svæðum og tímum, sem C. 3. og C. 4. greinir.

C. 6. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur af Hvalsnesi, að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalsnesi, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

C. 7. Frá 17° v.l. að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.

D. Suðurland.

D. 1. Frá línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), að línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

D. 2. Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Reykjanesaukavita, er öllum skipum heimilt að veiða á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972.

D. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), og að vestan af línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48,0′ n.br. og 22°41,9′ v.lg.).

D. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 21), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 22), Einidrangs (63°27,4′ n.br. 20°37,0′ v.lg.), Selvogs (63°49,1′ n.br. 21°39,2′ v.lg), Hópsness (63°49,3′ n.br. 22°24,4′ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 23). Að austan og vestan takmarkast svæði þetta svo sem í D. 1. greinir.

D. 5. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti beggja megin við strengina.

D. 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ v.l. og að vestan af lengdarbaug 22°32′ v.l.

D. 7. Á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, og að vestan af 21° v.lg., er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E. 1. Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.

E. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.) og að norðan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.

E. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.).

E. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.).

Einnig er skipum þessum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.) í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04,9′ n.br. 22°41,5′ v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.).

F. Breiðafjörður.

F. 1. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 2. Á svæði, sem takmarkast að sunnan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (sjá F. 1.) og að norðan af 65°05′ n.br., er auk þess heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu, skv. reglugerð nr. 189/1972.

F. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (63°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) og réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, og utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26).

F. 4. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að 24°00′ v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af 65°16′ n.br. Að austan takmarkast svæðið af 24°00′ v.lg.

G. Vestfirðir.

G. 1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

7. gr. hljóðar svo:

Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem megináhersla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er viðkemur vernd fiskistofnanna. Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að ákveða hámarkshlutfall smáfisks af afla veiðiskipa, sem landa má úr hverri veiðiferð.

9. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur um hvaðeina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar, um lágmarks möskvastærðir þessara veiðarfæra og lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má, og um búnað veiðarfæra á þilfari skuttogara, sem eru

í fiskveiðilandhelgi, þar sem þeim er óheimil veiði. Skulu reglugerðarákvæði um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum:

1. **Til dragnótaveiða.** Ráðherra getur ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma. Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting þá miðuð við tímabilið 15. júlí til 30. nóvember. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum fiskiskipum, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg. Hafrannsóknastofnunin skal stöðugt fylgjast með dragnótaveiðum þeim, sem leyfðar verða samkvæmt grein þessari, og gera tillögur um tilhögun veiðanna og það, hversu nálægt landi þær megi stunda á hverjum stað fyrir sig.

   Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.

2. **Til rækjuveiða.** Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.

3. **Til humarveiða.** Leyfi til humarveiða á tilteknum svæðum getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, og skal meðal annars vera heimilt að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar eða annarra atriða.

4. **Til síldveiða.** Leyfi til síldveiða með botnvörpu og flotvörpu skulu bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til Landhelgissjóðs Íslands, ef hann fer fram úr ákveðnum hluta af heildarafla.

5. **Til loðnuveiða.** Leyfi til loðnuveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri umfram ákveðið hlutfall af heildarafla, og ennfremur er heimilt að gera annan afla en loðnu upptækan til Landhelgissjóðs Íslands.

6. **Til spærlings- og kolmunnaveiða.** Leyfi til spærlings- og kolmunnaveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg.

7. **Til veiðitilrauna.** Ráðherra er heimilt að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

8. **Til rannsókna.** Ráðherra er heimilt að veita rannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni.

Togveiðiheimildir samkvæmt töluliðum nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar, og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

11. gr. hljóðar svo:
Brot gegn 1.—7. grein laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef um er að ræða skip allt að 106 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 2 000.00—6 000.00 gullkr.
2. Ef um er að ræða skip frá 106—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 4 000.00—20 000.00 gullkr.
3. Ef um er að ræða skip frá 351 brúttó rúmlest og stærri, skulu sektir nema 15 000.00—60 000.00 gullkr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara skulu og varða upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu, þar með töldum dragstrengjum, svo og á öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku og aðför fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

14. gr. hljóðar svo:
Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má, auk sektarhegningar samkvæmt 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr., láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum.

17. gr. hljóðar svo:
Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972. Þó haldi gildi sínu lög nr. 89 15. nóvember 1973.

Einnig falla þá úr gildi lög nr. 40/1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Sþ. 286. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. 4 Lánahreyfingar inn.	
Nýr liður:	
Sérstök fjáröflun til framkvæmda á sviði orkumála og við landshafnir	476 300
2. Við 4. gr. Launaliðir í greininni hækki um 7.4% vegna breytingar á kaupgjaldsvísitölu 1. des. 1973	414 387
3. Við 4. gr. 1 02 871 Upptökuheimilið í Kópavogi.	
Fyrir „10 446“ kemur	11 245
Í B-hluta hækkar launaliður.	

		Þús. kr.
4.	Við 4. gr. 1 02 881 09 Styrkur til útgáfustarfa.	
	Fyrir „5 465“ kemur	5 540
5.	Við 4. gr. 1 02 973 Þjóðleikhúsið.	
	Fyrir „72 234“ kemur	78 122
	Í B-hluta hækkar launaliður.	
6.	Við 4. gr. 1 02 974 Sinfóníuhljómsveitin.	
	Fyrir „23 502“ kemur	24 953
	Í B-hluta hækkar launaliður.	
7.	Við 4. gr. 1 02 982 12 Til listasafna.	
	Fyrir „700“ kemur	900
8.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:	
	15 Listahátíð í Reykjavík	3 500
9.	Við 4. gr. 1 02 989 02 Íþróttasamband Íslands.	
	Fyrir „7 639“ kemur	9 639
10.	Við 4. gr. 1 04 241 Landnám ríkisins.	
	a. Nýr liður:	
	05 Til skipulagningar	2 000
	b. Nýr liður:	
	06 Til varmaveitna	1 000
	c. Við 07 Til grænfóðurverksmiðja.	
	Fyrir „14 600“ kemur	20 100
11.	Við 4. gr. 1 04 286 07 Jarðræktarframlög.	
	Fyrir „178 238“ kemur	179 088
12.	Við 4. gr. 1 04 299. Nýr liður.	
	9 Æðarræktarfélag Íslands	100
13.	Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnun.	
	a. Við 14 Hafþór.	
	Fyrir „21 848“ kemur	24 848
	b. Í stað 15 Leiguskip kemur:	
	15 Dröfn r/s RE 135	9 459
14.	Við 4. gr. 1 07 981. Nýr liður:	
	05 Jafnlaunaráð	300
15.	Við 4. gr. 1 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
	Fyrir „8 931 300“ kemur	9 601 300
	Í B-hluta hækki Lífeyristryggingar um 270 000 þús. kr. og Sjúkratryggingar um 400 000 þús. kr.	
16.	Við 4. gr. 1 08 302 Ríkisspítalar, skrifstofa 0 10 Laun.	
	Fyrir „25 033“ kemur	25 327
17.	Við 4. gr. 1 08 311 Rannsóknastofa háskólans 0 10 Laun.	
	Fyrir „43 737“ kemur	44 567
18.	Við 4. gr. 1 08 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins 0 10 Laun.	
	Fyrir „3 199“ kemur	3 907
19.	Við 4. gr. 1 08. Nýr liður:	
	373 Kleppsspítalinn:	
	0 90 Yfirfærslur:	
	0 91 Til fyrirtækja í B-hluta 10 000	
	Gjöld samtals	10 000
	Í B-hluta kemur fjárfestingaliður.	
20.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
	Fyrir „243 352“ kemur	244 352
	Á sérstöku yfirliti bætist við nýr stafliður undur 27. tölulið:	
	c. Blönduós	1 000

Þús. kr.

21. Við 4. gr. 1 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
Fyrir „12 303“ kemur 12 317
Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist þannig:
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður.
Fyrir „56 834“ kemur 70 834

22. Við 4. gr. 1 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.
Fyrir „8 419“ kemur 8 551
Í sundurliðun bætast nýir liðir í stafrófsröð:
a. Kristjana Káradóttir 72 000
b. Rannveig Gunnarsdóttir 60 000

23. Við 4. gr. 1 09 999 13 Óviss útgjöld.
Fyrir „100 000“ kemur 400 000

24. Við 4. gr. 1 10 333 05 Landshafnir, framlag.
Fyrir „285 000“ kemur 303 000

25. Við 4. gr. 1 10 341 Siglingamálastofnun ríkisins 0 10 Laun.
Fyrir „21 411“ kemur 20 851

26. Við 4. gr. 1 10 Nýr liður:
342 Sjóslysanefnd:
0 10 Laun 832
0 20 Önnur rekstrargjöld 300
Gjöld samtals 1 132

27. Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn.
Fyrir „349 381“ kemur 356 856

28. Við 4. gr. 1 10. Nýr liður:
673 Ferðaskrifstofa ríkisins:
0 90 Yfirfærslur:
0 91 Til fyrirtækja í B-hluta 5 000
Gjöld samtals 5 000
Í B-hluta hækki liðurinn Yfirfærsla, landkynning um 5 000 þús. kr.

29. Við 4. gr. 1 11 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „5 680“ kemur 6 280

30. Við 4. gr. 1 11 299 06. Textinn orðast svo:
06 Til gosefnarannsókna og gosefnaiðju.

31. Við 5. gr. 2 02 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „104 900“ kemur 109 383
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „170 145“ kemur 219 217

32. Við 5. gr. 2 02 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „143 300“ kemur 149 420
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „205 580“ kemur 289 465

33. Við 5. gr. 2 03 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.
a. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „126 420“ kemur 143 910
b. Við 330 Fjárfestingar.
Fyrir „29 810“ kemur 47 300

34. Við 5. gr. 2 08 371 Landspítalinn.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „475 727“ kemur 478 673
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „679 934“ kemur 682 880

Þús. kr.

35. Við 5. gr. 2 08 371 Landspítalinn 330 Fjárfestingar.
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
1. Geðdeild 60 000
2. Rannsóknarstofur, bráðabirgðahúsnæði 22 000
3. Barnaheimili 12 000
4. Röntgentæki 10 000
5. Ketilhús 2 000
6. Stjórnun og eftirlit 4 200
7. Annað 3 000
113 200

36. Við 5. gr. 2 08 372 Fæðingardeild Landspítalans.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „67 807“ kemur 71 689
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „100 327“ kemur 104 209

37. Við 5. gr. 208 373 Kleppsspítalinn.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „184 942“ kemur 185 814
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „241 877“ kemur 242 749

38. Við 5. gr. 2 08 374 Vífilsstaðahælið.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „68 508“ kemur 69 331
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „100 149“ kemur 100 972

39. Við 5. gr. 2 10 101 Póstur og sími.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „881 625“ kemur 1 185 800
b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „2 170 006“ kemur 2 353 000
c. Við 330 Fjárfestingar.
Fyrir „547 087“ kemur 568 906
d. Nýr liður:
4 20 Tekin lán 143 000
e. Við 450 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „171 087“ kemur 49 906

40. Við 5. gr. 210 334 Landshöfn, Keflavík, Njarðvík. Nýr liður:
3 30 Fjárfestingar 13 000

41. Við 5. gr. 2 10 335 Landshöfn, Rifi. Nýr liður:
3 30 Fjárfestingar 5 000

42. Við 5. gr. 2 11 321 Rafmagnsveitur ríkisins.
a. Við 3 30 Fjárfestingar.
Fyrir „389 000“ kemur 520 300
b. Við 420 Tekin lán.
Fyrir „439 000“ kemur 570 300
Á sérstöku yfirliti kemur sundurliðun fjárfestinga á þessa leið:

Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1974 (2 11 321).
Virkjanir:
1. Lagarfossvirkjun — fjarstýring 91 100
2. Mjólkárvirkjun 122 500

Samtals 213 600

		Þús. kr.
Stofnlínur og aðveitustöðvar:		
1. Lína Lagarfoss — Eiðar, Eiðar — Egilsstaðir		15 400
2. Aðalspennistöð Egilsstöðum		13 900
3. Línubr. Breiðdalsvík — Fáskrúðsfj.		6 500
4. Sæstrengur yfir Berufjörð		8 700
5. Aðveitustöðvar á Austurlandi		14 000
6. Lína Háfell — Álftaver		8 000
7. Lína Andakíll — Vegamót		57 000
8. Aðalspennistöð við Vegamót		14 000
9. Lína Vegamót — Stykkishólmur		14 000
10. Spennuhækkun á Snæfellsnesi		6 000
11. Spennuhækkun Ísafj. — Bol.vík		13 000
12. Aðalspennistöð Akureyri		12 000
13. Spennir Aðaldal		1 000
	Samtals	183 500
Innanbæjarkerfi:	Samtals	45 000
Vélar og verkstæði:		
1. Verkstæðishús á Akureyri		4 700
2. Bifreiðar		7 500
3. Vinnuvélar		5 000
	Samtals	17 200
Dísilvélar:	Samtals	63 000
Ýmisl. ófyrirséð:	Samtals	8 000
	Framkv. samtals	530 300
	÷ Heimtaugagjöld	10 000
		520 300

43. Við 6. gr. V. Við liðinn bætist:
Þegar settar hafa verið nýjar reglur og samþykktar af fjárveitinganefnd og landbúnaðarráðherra um ráðstöfun á fé, sem til Landgræðslusjóðs rennur vegna sölu á vindlingum, er heimilt, að upphæðin nemi 1 kr. af hverjum seldum vindlingapakka.

44. Við 6. gr. XXXV. Nýir liðir:
a. Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán allt að 50 m.kr. til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkv. reglum sjóðsins. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.
b. Að ábyrgjast fyrir St. Jósepsspítala í Hafnarfirði allt að 12 m.kr. lán vegna viðbyggingar við spítalann.
c. Að selja dýralæknisbústaðinn að Lagarási 20, Egilsstöðum.
d. Að ábyrgjast lán allt að 5 m.kr. fyrir Byggingasjóð rannsóknastofnana sjávarútvegsins vegna viðbyggingar við Skúlagötu 4, Reykjavík.
e. Að ábyrgjast lán allt að 50 m.kr. vegna byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.
f. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum og -búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar.

g. Að selja Eskifjarðarhreppi öll þau réttindi, er ríkissjóður kann að eiga til svonefndra „frílóða“ í Eskifjarðarhreppi, þ. e. Mjóeyrarinnar allrar og spildu ofan aðalgötu milli Blómsturvallarlækjar og Lambeyrar, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.
h. Að selja húseignina Fossberg á Raufarhöfn, sem er eign Síldarverksmiðja ríkisins.
i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað.
j. Að láta af hendi við Seyðisfjarðarkaupstað án endurgjalds gamla símstöðvarhúsið nr. 44 við Hafnargötu á Seyðisfirði gegn því, að húsið verði notað fyrir safn muna og minja úr sögu Seyðisfjarðar í samvinnu við Safnastofnun Austurlands, samkvæmt nánara samkomulagi við ríkisstjórnina.
k. Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fyrrverandi skólahúsi að Strönd á Rangárvöllum.
l. Að selja hreppsnefnd Flateyrarhrepps eignir Síldarverksmiðja ríkisins að Sólbakka við Önundarfjörð.
m. Að greiða allt að 40 m.kr. vegna rekstrar togara á árinu 1973 samkv. reglum, sem hún setur.
n. Að taka lán allt að 10 m.kr. til tækjakaupa fyrir vita og hafnamálastjórnina.
o. Að ábyrgjast lán allt að 50 m.kr. vegna tækjakaupa og endurskipulagningar Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.
p. Að verja tekjum, sem fást af sölu muna, sem framleiddir hafa verið vegna þjóðhátíðar 1974, til að kosta hátíðarhald á Þingvöllum sumarið 1974 og greiða úr ríkissjóði það, sem á kynni að vanta.
r. Að taka innlend og erlend lán að jafnvirði allt að 300 m.kr. til framkvæmda við þangþurrkstöð á Reykhólum, ef niðurstöður rannsókna sýna, að fyrirtækið muni reynast hagkvæmt.
s. Að ábyrgjast allt að 60 m.kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.
t. Að selja húseign Tækniskóla Íslands að Skipholti 37, Reykjavík, til þess að afla fjár til þess að greiða kostnað við leigu, innréttingu og stofnbúnað nýs húsnæðis og að greiða úr ríkissjóði það, sem á kynni að vanta.
u. Að ábyrgjast lán allt að 12 m.kr. fyrir Lagmetisiðjuna á Siglufirði vegna tækjakaupa.
v. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar Blævardalsár í Nauteyrarhreppi.
x. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum vegna virkjunar Sængurfoss í Húsadal í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem rekin verður af Rafveitu Reykjarfjarðar.
y. Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson fiskræktarbónda allt að 15 m.kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
z. Að ábyrgjast fyrir Laxárvirkjun lán að upphæð allt að 50 m.kr. vegna fyrsta áfanga vararafstöðvar á Akureyri.
þ. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán Flugleiða h/f eða Loftleiða h/f erlendis, að fjárhæð allt að 2 millj. Bandaríkjadollara.
æ. Að ábyrgjast lán allt að 25 m.kr. fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til áframhaldandi uppbyggingar orlofsheimilis að Munaðarnesi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
ö. Að ábyrgjast lán allt að 25 m.kr. fyrir Alþýðusamband Íslands til byggingar orlofsheimila, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

45. Við 6. gr. XXXIX. lið.
Fyrir „300 m.kr.“ kemur 400 m.kr.

46. Við 6. gr. XXXIX. Nýr liður:
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að afla innlends eða erlends lánsfjár að jafnvirði allt að 476.3 m.kr., til framkvæmda á sviði orkumála 458.3 m.kr. og við landshafnir 18 m.kr.
47. Á eftir 6. gr. kemur ný grein:
Skattvísitala árið 1974 skal vera 154 stig.

Sþ. 287. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr.	
a. Við 1 11 02 Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda.	
Fyrir „527 700“ kemur	566 000
b. Við 1 12 01 Eignarskattur einstaklinga.	
Fyrir „185 000“ kemur	189 000
c. Við 1 12 02 Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga.	
Fyrir „1 850“ kemur	1 890
d. Við 1 12 03 Eignarskattur félaga.	
Fyrir „165 000“ kemur	167 000
e. Við 1 12 04 Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga.	
Fyrir „1 650“ kemur	1 670
f. Við 1 12 11 Erfðafjárskattur.	
Fyrir „20 000“ kemur	35 000
g. Við 1 13 01 Tekjuskattur einstaklinga.	
Fyrir „5 560 000“ kemur	5 806 000
h. Við 1 13 02 Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga.	
Fyrir „55 600“ kemur	58 060
i. Við 1 13 03 Tekjuskattur félaga.	
Fyrir „757 000“ kemur	922 000
j. Við 1 13 04 Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga.	
Fyrir „7 570“ kemur	9 220
k. Við 1 15 01 Aðflutningsgjöld.	
Fyrir „6 355 000“ kemur	7 278 000
og fyrir „317 750“ kemur	363 900
l. Við 1 15 02 Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.	
Fyrir „33 500“ kemur	34 000
m. Við 1 15 03 Byggingariðnaðarsjóðsgjald.	
Fyrir „8 000“ kemur	9 000
n. Við 1 15 04 Tollstöðvagjald.	
Fyrir „31 775“ kemur	36 390
o. Við 1 15 05 Byggingasjóðsgjald af innflutningi.	
Fyrir „31 775“ kemur	36 390
p. Við 1 15 21 Innflutningsgjald af bifreiðum.	
Fyrir „326 000“ kemur	410 000
r. Við 1 15 81 Hagnaður af sölu varnarliðseigna.	
Fyrir „24 250“ kemur	35 000
s. Við 1 16 01 Liðurinn orðast svo:	
Vörugjald	173 000
t. Við 1 16 02 Álgjald.	
Fyrir „55 200“ kemur	52 600

Þús. kr.

u. Við 1 17 01 Söluskattur.
Fyrir „7 772 000“ kemur 7 285 000
og fyrir „621 760“ kemur 582 800
v. Við 1 17 21 Launaskattur.
Fyrir „1 045 000“ kemur 1 200 000
x. Við 1 17 31 Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.
Fyrir „2 380 000“ kemur 2 958 000
y. Við 1 17 33 Gjald af seldum eldspýtum.
Fyrir „1 700“ kemur 1 900
z. Við 1 17 51 Síldargjald.
Fyrir „600“ kemur 1 700
þ. Við 1 17 52 Ferskfiskmatsgjald.
Fyrir „25 000“ kemur 32 000
æ. Við 1 17 53 Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum.
Fyrir „16 000“ kemur 19 800
ö. Við 1 17 54 Síldarmatsgjald.
Fyrir „10“ kemur 2

2. Við 3. gr.
a. Við 1 17 55 Síldarsölugjald.
Fyrir „20“ kemur 10
b. Við 1 19 01 Stimpilgjald.
Fyrir „287 000“ kemur 332 000
c. Við 1 19 02 Aukatekjur.
Fyrir „41 000“ kemur 46 000
d. Við 1 19 03 Þinglýsingar.
Fyrir „109 000“ kemur 129 000
e. Við 1 19 13 Skrásetningargjald bifreiða.
Fyrir „9 300“ kemur 10 000
f. Við 1 19 14 Skoðunargjald bifreiða.
Fyrir „15 500“ kemur 16 500
g. Við 1 19 22 Vitagjald.
Fyrir „15 600“ kemur 16 500
h. Við 1 19 32 Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.
Fyrir „181 000“ kemur 171 000
i. Við 1 19 33 Leyfisgjald.
Fyrir „11 000“ kemur 13 000
j. Við 1 19 92 Skipulagsgjald.
Fyrir „18 500“ kemur 20 000

Sþ. 288. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Þús. kr.

I. Frá *Eysteini Jónssyni, Gils Guðmundssyni, Ásgeir Bjarnasyni, Eggert Þorsteinssyni* og *Gunnari Gíslasyni.*
Við 4. gr. 1 00 201 09 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.
Fyrir „3 700“ kemur 6 000

II. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar.
Fyrir „33 225“ kemur 38 530

Ed. 289. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með aðild Íslands að EFTA og síðan með samningi við EBE gengust Íslendingar undir ákveðnar skuldbindingar um lækkun aðflutningsgjalda af innfluttum vörum frá aðildarríkjum þessara viðskiptabandalaga. Á móti fengu Íslendingar mjög veigamikil hlunnindi. Hefur EFTA-samningurinn þegar sannað gildi sitt og vonandi reynist raunin hin sama varðandi samninginn við Efnahagsbandalagið.

Núverandi stjórnarandstöðuflokkar höfðu forustu um mörkun þessarar stefnu í viðskiptamálum þjóðarinnar. Jafnframt beitti fyrrverandi ríkisstjórn sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til þess að auðvelda íslenskum iðnaði hina auknu samkeppni á heimsmarkaði jafnhliða mikilvægri aðstoð við útflutningsiðnaðinn.

Um framkvæmd þessarar stefnu er því vissulega enginn ágreiningur við núverandi ríkisstjórn, en sumir ráðherrar hennar beittu sér á sínum tíma mjög gegn aðild að EFTA og samningum við EBE. Ber því að fagna sinnaskiptum núverandi valdhafa og þeirri meginstefnu í tollamálum almennt, sem túlkuð er í grg. þessa frv.

Það er því engan veginn svo, að undirritaðir nefndarmenn Sjálfstfl. og Alþfl. séu andvígir þeim þremur aðalatriðum frv.: a) Að standa við gerða samninga við EFTA og EBE; b) að lækka tolla á hráefnum og vélum íslensks iðnaðar og c) að lækka ytri tolla, þar sem þess er þörf af viðskiptaástæðum. Ástæðan til þess, að við skilum sérstöku nefndaráliti, er sú, að við fordæmum harðlega meðferð málsins í þingi og þó fyrst og fremst þá fráleitu hugmynd að tengja sérstaka tekjuöflun fyrir ríkissjóð tollskrárfrv. og bera fram í greinargerð frv. beinar hótanir um það, að vilji stuðningsmenn frv. á Alþingi ekki jafnframt fallast á tilteknа tekjuöflun, þá muni ríkisstj. ekki láta lögfesta frv., enda þótt líklegt sé, að allir þingflokkar séu því fylgjandi. Hér munu vera um einsdæmi að ræða í þingsögunni.

Samkvæmt aðildarsamningi við EFTA voru gerðar mjög víðtækar breytingar á tollskránni 1970, en þá voru verndartollar gagnvart EFTA-löndum lækkaðir um 30% og miklar tollalækkanir gerðar vegna íslensks iðnaðar. Þá þegar var ljóst, að næsti áfangi tollalækkana, 10%, yrði að taka gildi í ársbyrjun 1974. Engu að síður hélt ríkisstjórnin að sér höndum þar til í s. l. ágústmánuði, að hún fól sérfræðingum að endurskoða tollskrána, og ekki er liðin vika síðan frv. ásamt grg., samtals 216 síður, lá á borði þingmanna, og nú er ætlast til, að Alþingi afgreiði málið endanlega á 4—5 dögum.

Tollskráin er ein viðamesta og flóknasta löggjöf, sem hér gildir, og þarf langan tíma og mikla varfærni til að gera á henni breytingar, sem ekki valdi ósamræmi. Þingmenn eiga því engra annarra kosta völ í slíkri tímaþröng en annaðhvort samþykkja frv. nánast blindandi eða fella það, því að breytingum, sem nokkru nema, verður ekki við komið.

Vegna mikilvægis málsins mælum við þó með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin stendur sameiginlega að.

Hins vegar mótmælum við harðlega tillögu þeirri um hækkun söluskatts, sem fjármálaráðherra gerir kröfu til, að hengd verði aftan í frv. sem bráðabirgðaákvæði, bæði sem óþinglegri og ástæðulausri. Það er með öllu fráleitt að breyta lögum um söluskatt með tollskrárlögum. Jafnframt er verið að reyna með þessu á óviðurkvæmilegan hátt að tengja við nauðsynjamál, sem hefur almennt fylgi á þingi, skattheimtu, sem ekki nýtur nægilegs stuðnings til að geta náð fram að ganga með þinglegum hætti.

Áætlað er af ríkisstj., að frv. valdi ríkissjóði á næsta ári 615 millj. kr. tekjutapi. Innflutningur til landsins hefur vaxið svo gífurlega að undanförnu, að tekjur

af aðflutningsgjöldum eru áætlaðar að verða 8.5 milljarðar, sem er 1.7 milljarða hækkun frá núgildandi fjárlögum og einum milljarði kr. hærri upphæð en áætlað var í fjárlagafrv., sem lagt var fyrir Alþingi í byrjun október í haust. Svo örar eru hækkanirnar, og miðað við þá óðaverðbólgu, sem geisar af sífellt meiri krafti, má telja víst, að aðflutningsgjöld fari það mikið fram úr fjárlagaáætlun á næsta ári, að tekjutapið vegna þessarar tollalækkunar skipti litlu máli í hinum stjarnfræðilega talnaleik ríkisstjórnarinnar, þar sem milljónir eru nánast smámynt.

Því síður er þörf þessarar furðulegu tekjuöflunar, að í fjárlagafrv. er áætlað fyrir um 200 millj. kr. af umræddu 615 millj. kr. tekjutapi, svo að eftir standa, sem þó byggjast á beinum ágiskunum, um 400 millj. Til að mæta þeirri smávægilegu upphæð í fjármálafeni ríkisstjórnarinnar heimtar fjármálaráðherra 1% söluskatt, sem gefur um 650 millj. eða 250 millj. umfram tekjutapið, og hótar að stöðva ella bráðnauðsynlega lagasetningu. Allir heilvita menn hljóta að fordæma þessi vinnubrögð, því að fjármálaráðherra er auðvitað í lófa lagið að spara jafnvirði þeirrar fjárhæðar í 30 milljarða fjárlögum. Hér er aðeins um örlítið brot að ræða af þeim stórkostlega efnahagsvanda, sem framundan er og stjórnin ætti fremur að reyna að leysa en efna að ástæðulausu til illinda um nauðsynjamál.

Alþingi, 18. des. 1974.

Magnús Jónsson, frsm. Geir Hallgrímsson. Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 290. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Jóni Árnasyn og Ásgeir Bjarnasyni.

Við 2. gr.

a. Við F. 2. Liðurinn falli niður.

Varatillaga:

Við F. 2. Í stað „6 sjómílur“ komi: 9 sjómílur.

b. Liður F. 4 (verður F. 3) orðist svo:

Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að 24°00′ v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) og að 24°00′ v.lg. Að austan takmarkast svæðið af 24°00′ v.lg.

c. Við bætist nýr liður (verður F. 4), svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum vegna þeirrar sérstöðu, sem er í verstöðvum við Breiðafjörð, að fiskibátar eru flestir undir 105 tonnum að stærð og hafa byggt veiðar á grunnmiðum kringum Snæfellsnes, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

Nd. 291. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Guðlaugur Gíslason og Pétur Sigurðsson voru fjarstaddir.

Alþingi, 18. des. 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Stefán Gunnlaugsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Karvel Pálmason. Björn Pálsson.

Ed. 292. Frumvarp til laga [176. mál]

um jarðgufuvirkjun við Köflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitu til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands.

2. gr.

Valið milli Kröflu og Námafjalls austanverðs sem virkjunarstaðar skal fara fram á grundvelli jarðhitatæknilegra sjónarmiða og umhverfisverndarsjónarmiða.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns svo sem frekast er kostur.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem virkjunaraðilinn tekur, allt að 1.500 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til þessarar aflstöðvar, sbr. 1. gr.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum Orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jarðgufuvinnsla hófst hér á landi með virkjun gufu í Námafjalli fyrir kísilgúrvinnslu og raforkuvinnslu í jarðgufuaflstöð. Ágæt reynsla hefur fengist af þessari orkuvinnslu og því eðlilegt, að áhugi sé á að nýta þennan orkugjafa í stærri stíl til raforkuvinnslu.

Orkustofnun hefur á undanförnum árum unnið að umfangsmiklum rannsóknum á Námafjalls- og Kröflusvæði og eru niðurstöður þeirra, að bæði svæðin séu álitleg til raforkuvinnslu.

Þá hefur Orkustofnun einnig gert frumáætlanir um jarðgufuaflstöð allt að 55 MW að stærð og benda niðurstöður þeirra eindregið til þess, að slík virkjun yrði ódýrasti valkostur í virkjunarmálum á Norðurlandi á næstu árum.

Með hliðsjón af orkumálum á Norðurlandi telur ríkisstjórnin æskilegt að afla sér nú þegar heimildar til að reisa og reka jarðgufuaflstöð á öðru hvoru þessara jarðhitasvæða og leggja þaðan orkuveitu til tengingar við meginorkuflutningskerfi Norðurlands.

Jarðhitarannsókn á jarðhitasvæði við Kröflu er enn ekki lokið, en ef borun einnar eða tveggja rannsóknarhola þar gæfi jákvæðan árangur, má telja, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu bæði jafn vel fallin til virkjunar. Vegna frárennslis er þó talið óráðlegt að staðsetja virkjun vestan Námafjalls. Umhverfisáhrif af völdum frárennslisvatns eru sennilega svipuð, hvort heldur virkjunin væri austan Námafjalls eða við Kröflu, þar sem frárennslisvatnið rennur í báðum tilfellum að jaðri Búrfellshrauns. Nokkur gufumökkur fylgir virkjun af þessari gerð, en hann er ekki talin valda neinni skaðlegri mengun fyrir lífríkið. Yrði að meta út frá öðrum umhverfissjónarmiðum, hvor staðurinn væri hentugri vegna þessa, en svæðið við Kröflu er mun fjær byggð, sem kunnugt er.

Í frumáætlunum Orkustofnunar (júní 1972 og sept. 1973) er gerð grein fyrir tæknilegum atriðum og forsendum kostnaðaráætlana. Í þeim áætlunum var reiknað með, að í 55 MW aflstöð yrði ein túrbína, en með hliðsjón af rekstraröryggi þykir ráðlegra að gera ráð fyrir tveimur túrbínum. Kostnaðartölur hafa verið endurskoðaðar með tilliti til þessa og er stofnkostnaður áætlaður 1484 m.kr. og árlegur reksturskostnaður 184 m.kr. (verðlag sept. 1973). Þetta svarar til þess, að stofnkostnaður á uppsett kW sé áætlaður 27.000.00 kr.

Gerð hefur verið rekstrareftirlíking með rafreikni af samrekstri jarðgufustöðvar við önnur orkuver, er sendu raforku sína inn á sameiginlegt raforkukerfi Norðurlands og Suðurlands. Þessi athugun gefur þær niðurstöður, að væntanleg orkuvinnslugeta 55 MW jarðgufustöðvar í slíkum samrekstri sé 405 Gwh á ári. Miðað við þessa ársorkuvinnslu og áætlaðan árlegan reksturskostnað yrði orkukostnaður við stöðvarvegg 0,45 kr/kWh. Með einni túrbínu hefði þetta verð orðið 0,39 kr/kWh. Þessar tölur miðast við áðurnefnda frumáætlun á verðlagi í september 1973.

Gufuveitan í Námafjalli, sem aflar gufu fyrir Kísiliðjuna og gufuaflstöð Laxárvirkjunar, hefur verið rekin frá árinu 1969 með góðum árangri og hefur ekki orðið vart við neina minnkun á gufumagni frá holunum, en afl þeirra, miðað við það hve mikla raforku megi framleiða í eimsvalasamstæðu, samsvarar nú 12—13 MW vinnslu.

Gufuveitan er nú rekin með 6 vinnsluholum, sem voru boraðar á árunum 1968 til 1970. Hönnun og frágangur holanna eru ekki eins góð og æskilegt væri með tilliti til þess háa botnhita, sem er á jarðhitasvæðinu í Námafjalli, en það má fyrst og fremst rekja til þess, að bortæki þau, sem notuð voru (Norðurbor), eru ekki nógu afkastamikil til að ganga fullkomlega frá jafndjúpum holum. Við væntanlega virkjun yrði gufubor notaður til þessa verks.

Gufuaflstöðin í Námafjalli, sem getur framleitt 3,2 MW, var reynslukeyrð í maí 1969 og hefur starfað að mestu óslitið síðan. Orkuframleiðsla stöðvarinnar frá upphafi er 72 Gwh.

Til stöðvarinnar var keypt notuð vélarsamstæða frá Englandi, komin nokkuð til ára sinna, en vegna þess, að túrbínan er svokölluð mótþrýstitúrbína og að hún er gerð fyrir annað gufuástand en það, sem er á jarðhitasvæðum, notar hún 2,5 sinnum meiri gufu en túrbínur með eimsvala gera.

Sumarið 1971 var skipt um túrbínuhjól, eins og upphaflega var ráðgert, þar sem málmblandan í skóflum hjólsins var ekki talin henta jarðgufu. Ekki hefur orðið vart við neina tæringu eða rot (erosion) í útbúnaði stöðvarinnar.

Gert er ráð fyrir að stærð jarðgufuaflstöðvar við Kröflu eða Námafjall geti orðið allt að 55 MW, en hún yrði byggð í tveim áföngum, þannig að í upphafi yrði byggt allt það, sem er sameiginlegt fullri stærð stöðvarinnar, en túrbínur, rafalar, borholur og ýmiss búnaður yrði gerður í tveim áföngum. Þetta hefur þann kost í för með sér, að hægt er að haga byggingunni nokkuð eftir markaðsþörfinni og eins er meira rekstraröryggi af því að stöðin sé rekin með tveimur rekstrareiningum.

Jarðhitasvæðin í Kröflu og Námafjalli eru svokölluð vot jarðhitasvæði, þ. e. að rennsli úr holunum er u. þ. b. 20% gufa, sem nýtt er fyrir rafstöðina, og 80% er vatn, sem skilað er frá gufunni. Vatninu er veitt frá jarðhitasvæðinu sem affallsvatni, og rennur það frá báðum svæðunum í jaðar Búrfellshrauns þar sem það blandast mjög stóru grunnvatnskerfi. Yfirlitsmyndir um staðsetningu stöðvarhúsa og borhola og gufu- og vatnskerfis 55 MW jarðgufuaflstöðvar fylgir þessari greinargerð.

Ríkissjóður er rétthafi jarðhitaréttinda og landsvæða þeirra, er hér skipta máli samkvæmt samningum við landeigendur frá 18. mars 1971.

Þrátt fyrir þetta er áætlað, að þegar virkjunaraðili, virkjunarstaður og gerð virkjunarmannvirkja hafa verið ákveðin, þá auglýsi ráðherra þessa ákvörðun og gefi þeim, sem telja sig geta beðið tjón af framkvæmdum þessum, tækifæri til að koma fram með kröfur sínar og athugasemdir innan tiltekins tíma.

Gufuaflstöð á Kröflu/Námafjallssvæði.
Stofnkostnaður 55 MW aflstöðvar.
(Verðlag í september 1973).

Liðir:			
1.	Borholur	227.0	m.kr.
2.	Aðveitukerfi gufu	80.0	—
3.	2 túrbínur, rafalar og eimsvalar	440.0	—
4.	Kæliturn, dælur og kælivatnslagnir	158.0	—
5.	Rafkerfi	103.0	—
6.	Stöðvarhús, dæluhús	71.0	—
7.	Stöðvarhúskranar, dæluhúskrani	14.0	—
8.	Íbúðir starfsfólks	20.0	—
9.	Vegir	11.0	—
	Grunnkostnaður	1 124.0	m.kr.
10.	Ófyrirsjáanlegur kostnaður 20%	225.0	—
	Beinn kostnaður	1 349.0	m.kr.
11.	Verkfræðiþjónusta og umsjón 10%	135.0	—
	Stofnkostnaður	1 484.0	m.kr.

Gufuaflstöð á Kröflu/Námafjallssvæði.
Reksturskostnaður 55 MW aflstöðvar.
(Verðlag í september 1973).

Liðir:		
Fjármagnskostnaður (25 ár, 8%)	138.9	m.kr.
Viðhaldskostnaður:		
1. Borholur (1% stofnkostn.)	3.0	—
2. Aðveitukerfi gufu (2% stofnkostn.)	2.1	—
3. Túrbínur, rafalar, eimsvalar (1.5% stofnkostn.)	8.7	—
4. Kæliturn, dælur (1.5% stofnkostn.)	3.0	—
5. Rafkerfi (1.5% stofnkostn.)	2.1	m.kr.
6. Stöðvarhús, dæluhús (0.14% stofnkostn.)	0.2	—
7. Stöðvarhúskranar, dæluhúskrani	0.1	—
8. Íbúðir starfsfólks (0.14% stofnkostn.)	0.2	—
9. Vegir (3% stofnkostn.)	0.4	—
10. Viðhaldsholur (5.5% stofnkostn.)	16.5	—
Annar kostnaður:		
Starfsmannakostnaður	5.0	—
Stjórnunarkostnaður	1.0	—
Varasjóður	2.5	—
Reksturskostnaður	183.7	m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Unnið er að því að koma á fót sérstakri stofnun til raforkuvinnslu á Norðurlandi, er heiti Norðurlandsvirkjun. Er það í samræmi við þingsályktunartillögu, sem lögð var fyrir Alþingi á árinu 1972. Gert er ráð fyrir, að aðilar að Norðurlandsvirkjun verði Rafmagnsveitur ríkisins, Skeiðsfossvirkjun og Laxárvirkjun. Af þeim sökum er lagt til, að þessari stofnun verði faldar virkjunarframkvæmdir og rekstur væntanlegrar jarðgufuaflstöðvar.

Um 2. gr.

Ekki hefur endanlega verið ákveðið hvar jarðgufuaflstöð þessi verði reist, en að áliti sérfræðinga er um tvo staði að ræða. Við staðarvalið verður bæði að gæta jarðhitatæknilegra aðstæðna og umhverfisþátta. Mun um það haft samráð við Náttúruverndarráð og sérfræðinga í orkuvinnslumálum.

Þá er nauðsynlegt að leggja á virkjunina að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns og telja kostnað af því til virkjunarkostnaðar. Það skal þó tekið fram, að taldar eru mjög litlar líkur á því, að virkjunarframkvæmdir þessar hafi áhrif á vistkerfi Mývatns.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.


Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Gufu og vatnskerfi
55 MW jarðgufuaflstöðvar með eimsvala
13.9.1973 KR/HO
Tnr. 393
J-Ým.
Fnr. 11430
Mynd 1
hringrásarvatn 4500 kg/sek
dæla
gufa 350 tn/klst.
þéttivatn 25 kg/sek
Kæliturn
gas og gufa 24 tn/klst
ejektor
rafall 55 Mw
gas
gufa 20 tn/klst
túrbína
gufa 440 tn/klst
eimsvali
gufa 3 tn/klst
þéttivatn 2 kg/sek
þéttivatn frá gufuaðum
gufuskilja
gufa 470 tn/klst
gufa 180 tn/klst
holuvatn 470 kg/sek
holuvatn
gufuskilja
borhola
djúpvatn 260° C, 650 kg/sek
15 borholur

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Jarðhitasvæði við Kröflu og Námafjall

19.9.1973 KR/Gyða	
Tnr. 396	
J-Ým.	
Fnr. 11434	

Mynd 2



Nd. 293. Frumvarp til laga [177. mál]

um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það að markmiði að kanna hagkvæmni og aðstæður til að koma á fót og reka verksmiðju til að framleiða fiskkassa, flutningspalla og aðrar sambærilegar vörur úr plasti og stuðla að því, að slíkt fyrirtæki verði stofnað.

2. gr.

Til aðildar að stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, innlenda, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kosnum af hluthöfum.

Leggi ríkissjóður fram hlutafé í félagið, sem nemur fjórðungi til helmings þess, skipar ráðherra einn mann í stjórn og leggi ríkissjóður fram meira en heiming hlutafjár skipar ráðherra tvo menn í stjórn. Á sama hátt fer um varamenn.

4. gr.

Hlutafélagið skal taka við þeim athugunum, sem iðnaðarráðuneytið hefur látið gera um hagkvæmni í notkun fiskkassa og á starfsgrundvelli verksmiðju til framleiðslu á fiskkössum og halda þeirri athugun áfram. Verði niðurstaða þessara athugana jákvæð, er félaginu heimilt að gera hvers konar ráðstafanir til undirbúnings því að hefjast megi handa um byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Stefnt skal að því að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur þeim aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgreiddan.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé í félagi skv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

6. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags skv. 1. gr., án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum sömu málsgreinar. Sama máli gegnir um fjölda hluthafa þess sbr. 38. gr. hlutafélagalaganna.

Stjórnendur þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. töluliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi skv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umræður um notkun fiskkassa og notagildi hafa átt sér stað hér á landi nokkur undanfarin ár. Umræður og athuganir hafa m. a. snúist um hvort fiskur geymist betur í kössum eða stíum, hvort nota ætti stóra (500 lítra) eða litla (90 lítra) kassa og hvort fisklestar framtíðarinnar verði búnar tönkum. Rætt hefur verið um stöðlun fiskkassa til þess að tryggja útskiptanleika, hvort kassar ættu að vera samstaflanlegir, um innlenda framleiðslu á kössum, um innflutning á kössum og um hugsanlega eignaraðild á þeim. Þá hefur verðmunur á stíufiski og kassafiski verið til umræðu.

Á nokkrum síðastliðnum árum hefur orðið hröð þróun á þessu sviði. Innflutningur kassa er hafinn í stórum stíl og hafa nú verið fluttir inn 150 000 fiskkassar á rúmu ári, og þar sem hver kassi kostar um 1000 kr. er um mikla fjárfestingu að ræða.

Ýmis sérsjónarmið hlióta að hafa áhrif á þá tegund fiskkassa, er henta best okkar veiðiskipum og veiðiaðferðum og orkar tvímælis hvort kassar hannaðir fyrir aðrar veiðiaðferðir og aðstæður henta íslenskum sjávarútvegi. Rétt er einnig að hafa í huga, að atvinnuvegir þjóðarinnar hljóta að verða að starfa saman að lausn hinn einstöku verkefna ef stuðla á að almennri hagsæld í landinu. Heimamarkaður íslenskra iðnaðarvara er yfirleitt lítill nema unnt sé að finna vörur, er hæfa t. d. sjávarútvegi eða byggingariðnaðinum.

Stiórnvöldum var ljóst, að yrði um almenna notkun fiskkassa að ræða í landinu, sköpuðust möguleikar fyrir innlendan iðnað er sjálfsagt væri að kanna sérstaklega.

Hinn 30. nóvember 1972 skipaði iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, nefnd til þess:


1. Að kanna hugsanlega þörf útgerðarinnar fyrir fiskkassa.
2. Að gera frumathugun á því hvort hagkvæmt geti talist að hefja hér á landi framleiðslu á fiskkössum.
3. Að gera áætlun um hvernig best verði staðið að framkvæmd þessa máls.


Í nefndina voru skipaðir:

Hörður Jónsson, verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Arnmundur Backman, lögfræðingur, Bergur Sigurbjörnsson, viðskiptafræðingur, Hjalti Einarsson, verkfræðingur, Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur.


Nefndin hefur kannað flestar hliðar þessa verkefnis og koma niðurstöður nefndarinnar fram í áfangaskýrslu, dags. í apríl 1973. Nefndin telur, að um stóran markað geti verið að ræða og að samkeppnisbæfni íslensks fiskkassafyrirtækis ætti að vera mjög góð. Nefndin telur einnig, að rétt sé að halda áfram með þetta verkefni og undirbúa stofnun íslensks fiskkassafyrirtækis. Bent er á hin nánu tengsl flestra Íslendinga við fiskveiðar, og að innlent fiskkassafyrirtæki, í samvinnu við sjávarútveginn, muni fremur en erlend fyrirtæki, er hingað selja kassa, stuðla að aukinni hagræðingu í sjávarútvegi og bættri meðhöndlun á fiski hér á landi.

Meðfylgjandi myndir (1 og 2) sýna í grófum dráttum hugmyndir um löndun og fyrirkomulag við kassanotkun. Fyrri myndin sýnir fyrirkomulag við kassanotkun um borð í veiðiskipi, annarsvegar með notkun palla og hins vegar án pallanotkunar. Hin síðari sýnir verkganginn frá skipshlið inn í fiskmóttöku og aftur að skipshlið, bæði fyrir löndunarkassa og fiskkassa.





Mynd 1


I. LÖNDUNARKASSAR
STÆRÐ CA. 500 L.
1. KASSAR EINGÖNGU NOTAÐIR VIÐ LÖNDUN
2. KASSAR FLUTTIR Á MILLI Í STEINS OG Á BÍLFARI
FISKVERKUN
LÖNDUN
LOSAÐ VIÐ VINNSLUSTÖÐ
KÆLIGEYMSLA
LOSAÐ Í ÞVOTTAKER
FISKUR Í VINNSLU
FLUTNINGUR
Í GEYMSLU
FLUTNINGUR Á TÓMUM KÖSSUM
KASSAR ÞVEGNIR
TÓMUR KASSI Í ÞVOTT
II. FISKKASSAR
STÆRÐ CA 300 L
1. LOSAÐ Í KASSA UM BORÐ Í VEIÐISKIPI
FISKVERKUN
LÖNDUN
LOSAÐ VIÐ VINNSLUSTÖÐ
KÆLIGEYMSLA
FLUTNINGUR
FLUTT Í GEYMSLU
FISKUR TIL VINNSLU
FLUTNINGUR Á TÓMUM KÖSSUM Í SKIP
FLUTNINGUR
Á PALL
KASSAÞVOTTUR

Mynd 2

Ljóst er, að þörf er átaks í hagræðingarmálum, og vafasamt er, að erlendar þjóðir rétti okkur þær aðferðir við fiskvinnslu, sem hér henta best. Einnig er rétt að undirstrika, að líklegt má telja, að án hagræðingarátaks muni væntanlegt fiskkassaframleiðslufyrirtæki eiga erfitt uppdráttar vegna þess, að skipuleggja þarf notkun fiskkassanna samhliða framleiðslu þeirra. Þá má og nefna, að stærð og gerð þeirra fiskkassa, sem fram eru boðnir nú, henta ekki nema að takmörkuðu leyti íslenskum sjávarútvegi.

Flestir þeir, er rætt hafa þessi mál, eru á einu máli um, að verði 90 lítra kassar notaðir hér á landi, muni það í byrjun fyrst og fremst vera í tengslum við togveiðar — togara og togbáta. Hvort fiskkassar verða teknir upp á línu- og netaveiðum í fyrirsjáanlegri framtíð, veltur sennilega á því hvernig til tekst hjá togurum og togbátum og því hvernig tekst að leysa ýmis hagræðingaratriði við notkun kassa.

Ýmsar leiðir má fara til þess að áætla heildarþörf útgerðar fyrir fiskkassa. Fiskkassanefnd áætlar þennan markað ríflega 500.000 kassa. Eðlilegt virðist að reikna með 15—20% endurnýjunarþörf.

Mynd 3 sýnir framleiðslurás fyrirtækis sem framleiðir plastkassa. Framleiðslurásin er í fáum orðum þannig:

Hráefnið, sem er smákornótt, er innflutt. Kornunum er blásið í geymi, en þaðan rennur efnið í plaststeypuvél, þar sem stimpill flytur það bráðnað að sprautuhaus, er þrýstir því í mót. Færiband flytur kassana frá vélinni, gengið er frá þeim og þeir síðan fluttir í geymslu.

Heildarstofnkostnaður er áætlaður 85 millj. miðað við framleiðslu 160.000 kassa á ári. Fastur kostnaður er áætlaður um 30 millj., en breytilegur kostnaður 75 millj. Bráðabirgðaathugun bendir til þess, að framleiðsla fiskkassa og/eða annarrar hliðstæðrar framleiðslu eins og d. d. flutningspalla gæti verið arðbært fyrirtæki.

Fleiri hluti er unnt að framleiða með þeim vélakosti, er hér um ræðir, t. d. línubala, kassa og kyrnur ýmiss konar, byggingareiningar s.s. ljósabúnað o. fl.

Hugleiða má eignaraðild að fiskkassafyrirtæki. Sameignarfyrirtæki ríkisins, sjávarútvegsins og starfandi plastiðnaðarfyrirtækis hafa ýmsa kosti. Þekking sjávarútvegsins hefði þá bein áhrif á framleiðsluvöruna og þekking plastframleiðandans kæmi sjávarútveginum til góða.

Í skýrslu Fiskkassanefndar er bent á, að Plastiðjan Bjarg á Akureyri hefur framleitt fiskkassa í tilraunaskyni um nokkurt skeið. Nefndin mælir með eignaraðild Bjargs að fiskkassaframleiðslufyrirtæki og bendir á nokkur atriði því til stuðnings:


1. Þekking á plastiðnaði og reynsla í meðferð hliðstæðra véla.
2. Þekking á umræddum markaði, en Bjarg hefur þegar gert nokkrar tilraunir með fiskkassa.
3. Undirbúningur er hafinn hjá Bjargi á stækkun núverandi framleiðsluhúsnæðis og fjármögnun tryggð fyrir þeirri framkvæmd með tiltölulega ódýrum lánum.
4. Geymsluhús munu vera fyrir hendi nærri Akureyri t. d. mjölhúsin á Krossanesi.
5. Sami framkvæmdastjóri mundi verða fyrir öllum rekstri Bjargs.
6. Skrifstofukostnaður og almennur rekstrarkostnaður yrði lægri.

Fleiri atriði mætti eflaust telja, en þyngst á metaskálunum er eflaust þekkingin á vinnslu plastefna og markaðsþekkingin, sem til staðar er hjá umræddu fyrirtæki. Forráðamenn Bjargs hafa lýst áhuga sínum á samvinnu.

Undirbúningsfélagi því, er frumvarp þetta fjallar um, er ætlað að sjá um undirbúning þessa máls í heild, þannig að unnt verði innan eðlilegra tímamarka að leggja fram endanlega hagkvæmnisáætlun um rekstur, og jafnframt tryggja eðlilega framvindu málsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Þar eð gert er ráð fyrir að undirbúningsfélag þetta verði með svipuðu sniði og undirbúningsfélög, sem áður hafa verið stofnuð, sbr. undirbúningsfélag olíuhreinsunarstöðvar og undirbúningsfélag þörungavinnslu, er ástæðulaust að gera athugasemdir við hverja einstaka grein frumvarpsins.


LAGER
LYFTARI
FRÁGANGUR KRÓK
MÓTUN
VATN
LOFT
MÓTUN
EFNISGEYMIR
SPRAUTUVÉL
ÚLÁSARI
HRÁEFNIS LAGER
HRÆRIVÉL

Mynd 3

Ed. 294. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Eftirfarandi tnr. í 1. gr. breytist svo:

	Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
	%	%	%	%	%	%	%	%
a. Tollur í tnr. 44.14.00	18		9		9		0	
b. Tnr. 70.17.00 sundurliðist:								
70.17.01 Glerlyfjahylki	35		18		18		0	
70.17.09 Annað	35		35		35		35	
c. Tollur í tnr. 83.03.09	100		80		80		80	
d. Tollur í tnr. 83.04.00	100		80		80		80	
e. Nýtt tnr.:								
87.14.03 Húsvagnar	40		40		40		40	

2. Við 3. gr.

a. 10. tl. orðist svo:

Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum, sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. 2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir tollfrelsisheimild þessi í 3 mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar tollfrelsis, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta á mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildarákvæðis þessa.

Tollfrelsisheimild þessi er að öðru leyti háð því, að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.
b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.

tæki skal þó ætíð flutt utan innan árs, frá því að það var flutt hingað til lands.

d. Að hann hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútflutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði tölulíðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól, sem keypt eru hér á landi, og hafa hvorki verið skráð hérlendis né erlendis, enda verði ökutæki þessi skráð sérstaklega og uppfyllt verði frekari skilyrði, sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Miðast upphaf tollfrelsisheimildar þá við skráningardag ökutækisins.

b. Við 17. tl. bætist ný setning:
Frá 1. jan. 1976 falla niður gjöld af sömu vörum.

c. Við 28. tl. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þó er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, þótt kostnaður sé lægri en 100 þús. kr., skv. nánari skilyrðum, sem fjármálaráðuneytið setur.

d. Við 50. tl. d-lið. Á eftir orðunum „þéttilími í tnr. 32.12.00“ bætist: zink-hornum í tnr. 79.06.09.

e. Á eftir 54. tl. komi: nýr tl.:
55. Að lækka gjöld af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Sþ. 295. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

	Þús. kr.
I. Frá *Eggert G. Þorsteinssyni.*	
Við 4. gr. 1 02 101. Nýr liður:	
14 Kostnaður við utanför kennara eða sjúkraþjálfara til náms í þjálfun íþrótta fyrir fatlaða	425
Færist á 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka.	
II. Frá *Benedikt Gröndal.*	
Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla o. fl.	
Fyrir „658 406“ kemur	662 406
Í sundurliðun breytist 16. liður, Akranes, íþróttahús.	
Fyrir „6 027“ kemur	10 027
III. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*	
Við 4. gr. 1 02 975 Vísindasjóður.	
Fyrir „2 000“ kemur	10 000
IV. Frá *Ingólfi Jónssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Guðlaugi Gíslasyni, Birni Fr. Björnssyni* og *Steinþóri Gestssyni.*	
Við 4. gr. 1 02 999 Nýr liður:	
74 Bygging á eftirlíkingu sögualdarbæjar í Þjórsárdal:	
Fyrsta greiðsla af þremur	3 500
Til vara:	
Fyrsta greiðsla af fimm	2 100
V. Frá *Gunnari Gíslasyni, Pétri Péturssyni* og *Pálma Jónssyni.*	
1. Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
Fyrir „294 070“ kemur	294 570
Í sundurliðun bætist við nýr liður á eftir a. 9:	
Hofsós, læknismótt.	500
2. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
Fyrir „444 000“ kemur	459 000
Í sundurliðun breytist töluliður 19, Siglufjörður.	
Fyrir „3 000“ kemur	18 000

Þús. kr.

VI. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við 4. gr. 1 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „1 898 000“ kemur 1 498 000

Nd. 296. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Geir Hallgrímssyni og Jóni Árnasyni.

Við 10. gr.

a) 1. mgr. hljóði svo:
Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum.

b) Síðasta mgr. hljóði svo:
Togveiðiheimildir samkvæmt töluliðum nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar.

Nd. 297. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Sverri Hermannssyni.

Við 10. gr.

a) 1. mgr. hljóði svo:
Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum.

b) Síðasta mgr. hljóði svo:
Togveiðiheimildir samkvæmt töluliðum nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar.

Nd. 298. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, og var einróma samþykkt að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum, sem á því urðu í hv. efri deild.
Einn nefndarmanna, Stefán Valgeirsson, var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. des. 1973.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm. — Garðar Sigurðsson, fundaskr. — Ágúst Þorvaldsson.
Gylfi Þ. Gíslason. — Gunnar Thoroddsen. — Ólafur G. Einarsson.

Nd. 299. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Ed.

Stefán Valgeirsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1973.

Hannibal Valdimarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ágúst Þorvaldsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Gunnar Thoroddsen.	Ólafur G. Einarsson.

Ed. 300. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Geir Hallgrímssyni.

2. gr. falli burt.

Nd. 301. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

2. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr. 97 20. des. 1972.

Ed. **302. Frumvarp til laga** [152. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 206 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer skulu bera toll sem hér segir:

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
15.12	01	Sojabaunaolía	7		7		7		7	
	02	Baðmullarfræolía	7		7		7		7	
19.01	00	Maltextrakt	50	35	45	30	40	25	35	20
29.20	00	Ester kolsýru o. s. frv.	18		9		9		0	
39.07	46	Umbúðakassar úr plasti að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	40	30	35	24	30	20	25	16
44.14	00	Viður sagaður, skorinn eða flagaður eftir endilöngu, en ekki frekar unninn og ekki yfir 5 mm að þykkt; spónaþynnur og þynnur í krossvið, ekki yfir 5 mm að þykkt	18		9		9		0	
62.03	01	Kjötpokar úr spunaefnum	2		2	0	2	0	2	0
64.06	00	Legghlífar o. s. frv.	65		65		65		65	
70.17		Glervara eingöngu notuð við efnarannsóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúmmálsmerkjum eða rúmtaksréttingum; glerlyfjahylki:								
	01	Glerlyfjahylki	35		18		18		0	
	09	Annað	35		35		35		35	
76.16	06	Anóður	4		2		2		0	
83.03	09	Annað	100		80		80		80	
83.04	00	Spjaldskrárkassar, skjalagrindur, sundurgreiningarkassar, bréfabakkar, handritahaldarar og annað þess háttar til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum (þó ekki skrifstofuhúsgögn, er teljast til nr. 94.03)	100		80		80		80	
83.13	01	Spons, einnig með skrúfg. o. s. frv.	21		10		10		0	
85.19	03	Eldingar- og risspennuverndartæki og annar verndarbúnaður	35		35		35		35	
87.06	02	Öryggisbelti	20		20		20		20	
87.06	09	Annað	35		35		35		35	
87.14	03	Húsvagnar	40		40		40		40	

3. gr. breytist þannig:

10. tl. hljóðar svo:

Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum, sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. 2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir tollfrelsisheimild þessi í 3 mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja tollfrelsis-

heimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar tollfrelsis, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta í mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildarákvæðis þessa.

Tollfrelsisheimild þessi er að öðru leyti háð því, að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.
b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
c. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda, þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð flutt utan innan árs, frá því að það var flutt hingað til lands.
d. Að hann hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútflutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól, sem keypt eru hér á landi, og hafa hvorki verið skráð hérlendis né erlendis, enda verði ökutæki þessi skráð sérstaklega og uppfyllt verði frekari skilyrði, sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Miðast upphaf tollfrelsisheimildar þá við skráningardag ökutækisins.

17. tl. hljóðar svo:

Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af vörum, sem teljast til tnr. 38.19.19 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með efnum þeim, sem hér um ræðir. Frá 1. jan. 1976 falla niður gjöld af sömu vörum.

28. tl. hljóðar svo:

Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundraðshluta af samningsverði. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 1 000 000.00. Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu tolla af viðgerðinni.

Þó er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, þótt kostnaður sé lægri en 100 þús. kr., skv. nánari skilyrðum, sem fjármálaráðuneytið setur.

50. tl. d-liður hljóðar svo:

d. Til framleiðslu á tvöföldu gleri þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur á rakaeyðingarefni, sem telst til tnr. 38.19.19, þéttilími í tnr. 32.12.00, zink-hornum í tnr. 79.06.09 og plastþynnum í tnr. 39.02.94 og 39.02.99, ekki hærri en 10%. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.

55. tl. hljóðar svo:

Að lækka gjöld af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Til þess að mæta því tekjutapi fyrir ríkissjóð, sem leiðir af samþykkt þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.

Nd. 303. Frumvarp til laga [152. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 206 og 302 með þessari breytingu:

Síðustu (nýir) liðir 3. gr. hljóða svo:

56. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.

57. Að endurgreiða samkvæmt sérstökum reglum gjöld af nýsitækjum til notkunar í skólum, þ. e. 8 mm og 16 mm kvikmyndasýningartækjum, skyggnu- og myndræmutækjum, myndvörpum, myndsýnum, sýningartjöldum, hljóð- og myndsegulbandstækjum og tækjum í tungumálastofur.

Nd. 304. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. — Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðmundur Þorsteinsson og Ingvar Gíslason.

Alþingi, 19. des. 1973.

Jón Skaftason, form., frsm.
Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr.
Sverrir Hermannsson.
Stefán Gunnlaugsson.
Bjarni Guðnason.

Ed. 305. Frumvarp til laga [178. mál]

um Félagsmálaskóla alþýðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Stofna skal skóla, sem nefnist Félagsmálaskóli alþýðu.

Hlutverk skólans er að mennta og þjálfa fólk úr alþýðusamtökum með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustéttanna.

2. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Enn fremur skal kenna almennar fundarreglur, fundarstjórn, undirstöðuatriði bókfærslu, einkum að því er varðar bókhald sjóða og fjárgæslu verkalýðsfélaga.

Leggja skal áherslu á að þjálfa nemendur í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðu og riti og gera þá færa um að taka að sér félagsleg leiðbeinenda- og kennslustörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar.

Heimilt er að veita fræðslu um íslenska tungu og bókmenntir og kenna tvö eða fleiri tungumál eftir vali nemenda.

Nánari ákvæði um námsefni skulu sett í reglum, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans og félagsmálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal starfa a. m. k. 6 mánuði að vetrinum á tímabilinu frá 1. október til 15. maí ár hvert.

Kennsla fer fram í námskeiðum, og skal námsefni valið og námsskrá samin í samræmi við þá tilhögun. Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu- og starfshópum eða á annan þann hátt, sem best þykir henta.

Námskeið, sem haldin eru á vegum skólans, fara fram í húsakynnum hans eða annars staðar í hinum ýmsu landshlutum, allt eftir því, sem þörf krefur og henta þykir.

Ef þurfa þykir, getur skólinn einnig haldið uppi námskeiðum að sumrinu, og gilda um þau sömu reglur og aðra starfsemi skólans.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 17 ára og séu félagar í stéttarfélagi.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði, að nemandi hafi lokið þátttöku í öðru nánar tilteknu námskeiði í skólanum.

5. gr.

Stjórn skólans er í höndum þriggja manna skólanefndar, sem félagsmálaráðherra skipar. Ráðherra skipar tvo skólanefndarmenn eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður skólanefndar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Skólanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn. Hún ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann.

6. gr.

Stefnt skal að því, að þeir, sem lokið hafa námi í Félagsmálaskóla alþýðu, hafi í vissum greinum möguleika til framhaldsnáms í hinu almenna skólakerfi og geti öðlast þau réttindi, sem slíkt nám veitir.

7. gr.

Allur kostnaður við Félagsmálaskóla alþýðu, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss, greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðuneytið setur sérstakan mann til eftirlits með fjárreiðum og bókhaldi skólans.

8. gr.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um skólahaldið með reglugerð, að fenginni umsögn skólanefndar og skólastjóra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að stofnaður verði félagsmálaskóli verkalýðshreyfingarinnar, þannig að aðgang að skólavist fái aðeins félagar í stéttarfélögum, og að stjórn skólans verði skipuð tveimur skólanefndarmönnum eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og einum án tilnefningar og verði sá formaður skólanefndarinnar.

Tilgangur frumvarpsins er að veita starfandi og verðandi forstöðumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdar eru starfi alþýðusamtakanna.

Áhrif stéttarfélaga á þjóðharhag eru vissulega mjög mikil. Miklu máli skiptir því, að félagar þeirra eigi kost á sem bestri fræðslu um allt það, sem lýtur að starfi stéttarfélaganna, viðskiptum þeirra við hagsmunasamtök atvinnurekenda og um sérhvert málefni, er varðar þjóðarhag.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggingaog skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Ýtarleg fræðsla um þessi efni er nauðsynleg, ekki aðeins fyrir stéttarfélögin, heldur og fyrir þjóðfélagið í heild.

Lagt er til, að ríkissjóður kosti stofnun og rekstur félagsmálaskólans að öllu leyti. Gert er ráð fyrir, að sérstökum manni verði falið eftirlit með bókhaldi skólans og fjárreiðum, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað skólans liggur ekki fyrir nú. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun félagsmálaráðuneytið gera áætlun um kostnað vegna skólans og hlutast til um, að fé verði varið til hans í fjárlögum samkvæmt áætlun ráðuneytisins.

Ekki virðist þörf fyrir skýringar á einstökum greinum frumvarpsins.

Nd. 306. Breytingartillaga [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Friðjóni Þórarsyni og Benedikt Gröndal.

Við 2. gr. F. 2. Í stað „6 sjómílur“ komi: 9 sjómílur.

Sþ. 307. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 og við brtt. á þskj. 288.

I. Frá *fjárveitinganefnd.* Þús. kr.

1. Við 1. gr. 4. Lánahreyfingar inn: Verðbréfaútgáfa.
Fyrir „700 000“ kemur 800 000

2. Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „1 167 503“ kemur 1 267 503

II. Frá *samgönguráðherra.*

Við brtt. 288, II. (Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátur og vöruflutningar).
Fyrir „38 530“ kemur 39 530
Djúpbáturinn h/f, Fagranes (25. liður á þskj. 284).
Fyrir „5 500“ kemur 6 500

Nd. 308. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin tók þetta mál fyrir á fundi sínum í dag og varð sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Pétur Pétursson.	Jónas Jónsson.

Ellert B. Schram.

Sþ. 309. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 og við brtt. á þskj. 286.

I. Frá *Ragnhildi Helgadóttur.* Þús. kr.

Við 4. gr. 1 02 988 05 Bandalag ísl. skáta.
Fyrir „750“ kemur 1 100

II. Frá *Pálma Jónssyni* og *Guðlaugi Gíslasyni.*

Við 4. gr. 1 09 999 03. Liðurinn orðist svo:
Til kaupa á blöðum:
a) Til kaupa á 400 eintökum af dagblöðunum 9 600
b) Til kaupa á aðalmálgögnum Frjálslynda flokksins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1 400
c) Til kaupa á kjördæmisblöðum 4 000
Til vara:
Fyrir „32 000“ kemur 20 000

III. Frá *Ólafi Jóhannessyni, Ragnari Arnalds, Pétri Péturssyni, Pálma Jónssyni, Birni Pálssyni* og *Gunnari Gíslasyni.*

Við 6. gr. XXX. bætist:

Þar sem fyrir liggur að auka hlutafé í Þormóði ramma h/f úr 40 millj. kr. í 100 millj. kr., er heimilt að auka hlutafjáreign ríkisins, svo að hún verði áfram hin sama og áður eða 70%.

IV. Frá *Bjarna Guðnasyni.*

Við brtt. 286, 47. tölul. (Ný grein á eftir 6. gr.).

Fyrir „154 stig“ kemur: 196 stig.

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Garðar Sigurðsson og Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka hafnarmál Suðurlands og gera tillögur um nýja höfn á suðurströnd landsins.

Til að hefja rannsóknina og gera tillögur um framkvæmdir skal samgönguráðuneytið skipa nefnd fimm manna. Skal einn tilnefndur af sýslunefnd Árnessýslu, einn af sýslunefnd Rangárvallasýslu, einn af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, einn af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn af samgönguráðuneytinu án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Á suðurströnd landsins er hafnleysi frá Hornafirði að Ölfusá. Hafnarbætur hafa verið gerðar á Stokkseyri og Eyrarbakka fyrir fiskibáta. Hafnarmannvirki þar veita enga aðstöðu fyrir stór skip til vöruflutninga eða fiskveiða. Athugun hefur leitt í ljós, að gera má góða höfn á Eyrarbakka eða Stokkseyri fyrir þá stærð skipa, sem notuð eru hér við land til fiskveiða eða venjulegra vöruflutninga.

Við Dyrhólaey hafa farið fram allmiklar rannsóknir á hafnargerð undanfarin ár. Hafa rannsóknir leitt í ljós, að hafnarstæði þar er að mörgu leyti gott. Vita- og hafnamálastjóri hefur látið gera kostnaðaráætlun um hafnargerð við Dyrhólaey, sem þjónað gæti fiskveiðum og vöruflutningum.

Enginn efast lengur um, að við Dyrhólaey er hægt að gera góða höfn, sem gæti orðið til mikilla hagsbóta fyrir Suðurland og þjóðina alla.

Í Þykkvabæ og við Þjórsárós hafa verið gerðar athuganir á hafnarstæði. Sérstaklega var vandað til athugana á hafnarstæði við Þykkvabæ. Var það á vegum varnarliðsins árið 1952, þegar stjórn Bandaríkjanna virtist hafa áhuga á því að gera flugvöll á Rangárvöllum og höfn í Þykkvabæ. Rannsóknir Bandaríkjamanna á hafnarstæði og gerð hafnar við Þykkvabæ voru ítarlegar. Uppdráttur var gerður af höfninni og nauðsynlegum hafnarmannvirkjum ásamt kostnaðaráætlun. Verkfræðingarnir, sem unnu verkið, höfðu orð á því, að hafnarstæðið við Þykkvabæ væri gott og aðstaða til hafnargerðar í betra lagi.

Á síðastliðnu sumri vann stjórnskipuð nefnd að athugun að hafnamálum á Suðurlandi vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Athugun þeirrar nefndar beindist ekki að gerð nýrrar hafnar, heldur að uppbyggingu Þorlákshafnar og Grindavíkurhafnar. Endurbætur og stækkun Þorlákshafnar er nauðsynleg framkvæmd, sem kemur mörgum að notum. En Þorlákshöfn leysir ekki þann vanda, sem af hafnleysinu leiðir á strandlengjunni frá Ölfusá að Dyrhólaey.

Flm. þáltill. telja nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvar heppilegast og hagkvæmast er að gera nýja höfn á suðurströndinni. Um marga möguleika er að ræða, eins og áður er að vikið, en stofnkostnaður verður mikill, hvar sem höfninni verður valinn staður.

Í marga áratugi hefur verið rætt um hafnargerð við Dyrhólaey og á fleiri stöðum við suðurströndina, en af framkvæmdum hefur ekki orðið vegna vöntunar á fjármagni og erfiðrar aðstöðu.

Með nýjustu tækni er auðvelt að gera það, sem áður var talið óframkvæmanlegt. Má því segja, að viðhorf öll til hafnarframkvæmda hafi breyst á síðustu árum vegna tækni og aukinnar verkþekkingar.

Ákvörðun um stað fyrir nýja höfn á suðurströndinni mun byggjast á tæknilegum og hagkvæmnislegum útreikningum. Kostnaður við hafnargerðina og notagildi hennar verða ákvarðandi um staðarvalið.

Það er von flm., að till. fái góðar viðtökur og verði samþykkt á Alþingi. Rétt þykir, að sýslunefndir þriggja sýslna á viðkomandi svæði tilnefni sinn manninn hver í nefndina og Vestmannaeyjakaupstaður einn mann. Það er mikið hagsmunamál fyrir Vestmanneyinga vegna öryggis og samgangna, að ný höfn verði gerð á suðurströndinni, og því rétt, að þeir taki þátt í starfi nefndarinnar. Lagt er til, að samgrn. skipi einn mann án tilnefningar og að hann verði formaður nefndarinnar.

Nánar í framsögu.

Nd. 311. Breytingartillaga [102. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Stefán Gunnlaugsson, Bjarni Guðnason.

Við 10. gr. 1. tölulið. Síðasta málsgrein, sem hefst á orðunum „Heimild þessi til o. s. frv.“, falli niður.

Sþ. 312. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

I. Frá *Sverri Hermannssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Gunnari Gíslasyni, Lárusi Jónssyni, Steinþóri Gestssyni* og *Matthíasi Bjarnasyni*. Þús. kr.

Við 4. gr. 1 01 171 Framlag til Byggðasjóðs.
Fyrir „155 200“ kemur 175 200

II. Frá *Pétri Sigurðssyni, Pétri Péturssyni og Pálma Jónssyni.*

Við 4. gr. 1 08 399 08 Hjartavernd.
Fyrir „8 000“ kemur 10 000

Sþ. 313. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um könnun á olíukaupum.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna nú þegar, með hvaða hætti tryggja megi sem best kaup á nægjanlegum olíuafurðum til langs tíma.

Í þessu skyni verði sérstaklega kannaðir möguleikar á olíukaupum hjá Norðmönnum frá hinum nýfundnu olíulindum í Norðursjó.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er ástand orkumála í heiminum vægast sagt alvarlegt. Íslendingar virðast í bili vel settir, þar sem flestallar olíutegundir eru keyptar frá Sovétríkjunum, og því ekki háðir takmörkun á framleiðslu eða sölu Arabaríkjanna.

Samningarnir við Sovétríkin renna hins vegar út árið 1975, en óvíst er, hvað við tekur. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að kanna nú þegar, hvernig tryggja megi Íslendingum olíuaðföng í framtíðinni.

Í því sambandi er eðlilegt, að ríkisstjórnin athugi, hvort og þá með hvaða skilmálum Íslendingar geti fengið keypta olíu frá hinum nýfundnu olíulindum í Norðursjó. Talið er, að Norðmenn muni verða sjálfum sér nógir um olíu á næsta ári, og þegar mun farið að athuga um samninga um sölu á olíu og gasi.

Það er skoðun flutningsmanna, að heppilegt sé að dreifa meira áhættunni við olíuinnkaup, jafnframt því sem ekki er vitað, hve mikinn áhuga Sovétríkin hafa á að selja okkur olíuafurðir í jafnríkum mæli og hingað til. Auk þess er mun styttra að flytja olíuna frá Norðursjónum en frá Rússlandi, og gæti það haft í för með sér nokkurn sparnað og aukið öryggi.

Því má að sjálfsögðu ekki gleyma, að viðskiptin við Sovétríkin eru að mörgu leyti hagstæð, þar sem þau kaupa af okkur ýmsar útflutningsafurðir. Ber að sjálfsögðu að hafa það atriði í huga við nýja samningagerð.

Nd. 314. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Við 3. gr. Niður falli 14. tl.

Nd. 315. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein og orðist svo:

Við 27. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein.

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

Nd. 316. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt, en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 19. des. 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
	Karvel Pálmason.	

Nd. 317. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarpið um tollskrá til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir nefndarmenn styðja þá lækkun tolla, sem í frv. felst, með tilvísun til ítarlegs nefndarálits minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar.

Hins vegar erum við algjörlega andvígir því bráðabirgðaákvæði, sem stjórnarflokkarnir samþykktu í efri deild um heimild til hækkunar á söluskatti um 1%. Munum við því greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 20. des. 1973.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Bjarnason.

Nd. 318. Lög [69. mál]

um löndun á loðnu til bræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 75.

Nd. 319. Lög [167. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 248.

Nd. 320. Lög [159. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 301.

Nd. 321. Lög [102. mál]

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 285 (sbr. 120).

Ed. **322. Frumvarp til laga** [181. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Grindavíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Grindavíkurhrepp og heitir Grindavíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Um valdsvið bæjarfógeta í Grindavíkurkaupstað og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Grindavíkurhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Grindavíkurkaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Grindavíkurhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sveitarstjórnar Grindavíkurhrepps, er á fundi sínum 17. des. gerði eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefndin samþykkir samhljóða að óska eftir því við alþingismenn Reykjaneskjördæmis, að þeir flytji nú þegar á Alþingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.“

Grindavík er ört vaxandi sveitarfélag. Hinn 1. des. í ár var íbúafjöldi þar um 1600 og hafði tvöfaldast á fáum árum. Vegna atvinnuaðstöðu er mikil eftirspurn eftir búsetu í hreppsfélaginu, og má því ætla, að íbúum haldi áfram að fjölga verulega á næstu árum.

Eins og kunnugt er, þá er Grindavík orðin ein stærsta verstöð landsins. Þaðan eru gerðir út 54 heimabátar, auk þess landar þar að jafnaði fjöldi aðkomubáta, og á vetrarvertíð eru alloft yfir 100 bátar í höfninni, og hafa þeir komist upp í 140.

Með þeirri stækkun og þeim umbótum, sem nú er verið að gera á Grindavíkurhöfn, má búast við verulega auknum umsvifum þar á næstu árum.

Auk hagstæðrar legu við hin öruggu fiskimið báðum megin Reykjaness má ætla, að hagnýting jarðhitans á Reykjanesi til iðnaðar og hitaveita frá Svartsengi leggi grundvöll að vaxandi búsetu í Grindavík.

Eðlilegt virðist því að skapa Grindavík þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa, og að fá inn í sveitarfélagið alla þá þjónustu, er bæjarfógetar veita.

Sþ. **323. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1974.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

A - H L U T I

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1	**Tekjur:**		
	Beinir skattar	8 056 640	
	Óbeinir skattar	21 123 144	29 179 784
0	**Gjöld:**		
	Samneysla	9 013 015	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	12 925 934	
	÷ Sértekjur	268 445	21 670 504
	Afgangur rekstrarliða		7 509 280
	Fjárfesting	2 648 642	
	Fjármagnstilfærslur	5 082 964	7 731 606
	Gjöld umfram tekjur		222 326
4	**Lánahreyfingar inn:**		
	Endurgr. eldri spariskírteina	555 000	
	Verðbréfaútgáfa	800 000	
	Sérstök fjáröflun til framkvæmda á sviði orkumála	476 300	
	Erlend lán	320 000	
	Innheimtar afborganir lána	35 913	2 187 213
3	**Lánahreyfingar út:**		
	Lán til framkvæmda ríkisaðila	1 207 300	
	Endurlán til sveitarfélaga	136 000	
	Afborganir lána	528 433	1 871 733
	Afgangur á lánahreyfingum		315 480
	Greiðsluafgangur		93 154

2. gr.

Árið 1974 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		0 Gjöld:		
1 00	**Æðsta stjórn ríkisins**			213 442
1 01	**Forsætisráðuneytið**			202 255
	101—171	Yfirstjórn	180 043	
	901—902	Annað	22 212	
1 02	**Menntamálaráðuneytið**			5 496 465
	101	Yfirstjórn	117 981	
	201—884	Fræðslumál	4 913 366	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	465 118	
1 03	**Utanríkisráðuneytið**			323 152
	101—102	Yfirstjórn	59 645	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	65 674	
	301—399	Sendiráð o. fl.	124 298	
	401	Alþjóðastofnanir	73 535	
1 04	**Landbúnaðarráðuneytið**			1 282 168
	101—172	Yfirstjórn	28 895	
	201—299	Búnaðarmál	1 183 097	
	501—504	Skólar	70 176	
1 05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			722 227
	101	Yfirstjórn	13 664	
	201—299	Útvegsmál	681 501	
	901	Annað	27 062	
1 06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			1 628 026
	101—102	Yfirstjórn	20 559	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	1 446 528	
	301—373	Þjóðkirkjan	160 939	
1 07	**Félagsmálaráðuneytið**			1 028 212
	101	Yfirstjórn	12 307	
	271—272	Húsnæðismál	782 433	
	301—999	Önnur félagsmál	233 472	
1 08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			10 716 343
	101	Yfirstjórn	17 282	
	271—273	Tryggingamál	9 933 600	
	301—399	Heilbrigðismál	728 822	
	471—501	Annað	36 639	
		Flutt		21 612 290

3. gr.

Árið 1974 er ætlast til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 1		**Skattar.**		
		Beinir skattar.		
		Persónuskattur		866 800
1 11 0		Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 02		Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	566 000	
1 11 1		Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11		Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	202 800	
1 11 12		Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	98 000	
		Eignarskattar		394 560
1 12 0		Eignarskattar, alm.:		
1 12 01		Eignarskattur einstaklinga	189 000	
1 12 02		Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	1 890	
1 12 03		Eignarskattur félaga	167 000	
1 12 04		Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	1 670	
1 12 1		Erfðafjárskattur:		
1 12 11		Erfðafjárskattur	35 000	
		Tekjuskattar		6 795 280
1 13 0		Tekjuskattar:		
1 13 01		Tekjuskattur einstaklinga	5 806 000	
1 13 02		Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	58 060	
1 13 03		Tekjuskattur félaga	922 000	
1 13 04		Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	9 220	
		Óbeinir skattar.		
		Gjöld af innflutningi		8 514 880
1 15 0		Aðflutningsgjöld:		
1 15 01		Aðflutningsgjöld 7 278 000		
		Þar af til Jöfnunarsjós sveitarfélaga .. 363 900		
			6 914 100	
1 15 02		Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	34 000	
1 15 03		Byggingariðnaðarsjóðsgjald	9 000	
1 15 04		Tollstöðvagjald	36 390	
1 15 05		Byggingasjóðsgjald af innflutningi	36 390	
1 15 1		Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
1 15 11		Innflutningsgjald af bensíni	954 000	
1 15 12		Gúmmígjald	86 000	
1 15 2		Innflutningsgjald af bifreiðum:		
1 15 21		Innflutningsgjald af bifreiðum	410 000	
		Flutt		16 571 520

Rekstrar-

0 Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		21 612 290
1 09	**Fjármálaráðuneytið**			1 808 422
	101—104	Yfirstjórn	58 482	
	201—282	Toll- og skattheimta	370 626	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	273 298	
	402—999	Annað	1 106 016	
1 10	**Samgönguráðuneytið**			3 735 451
	101	Yfirstjórn	10 038	
	211	Vegamál	2 044 940	
	321—672	Önnur samgöngumál	1 680 473	
1 11	**Iðnaðarráðuneytið**			632 968
	101	Yfirstjórn	11 509	
	201—299	Iðnaðarmál	240 856	
	301—399	Orkumál	380 603	
1 12	**Viðskiptaráðuneytið**			1 535 127
	101	Yfirstjórn	14 247	
	201	Niðurgreiðslur	1 498 000	
	902—999	Annað	22 880	
1 13	**Hagstofa Íslands**			26 599
1 14	**Ríkisendurskoðun**			30 381
1 15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			20 872
		Flutt		29 402 110

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		16 571 520
1 15 8	**Hagnaður af sölu varnarliðseigna:**		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	35 000	
	Skattar af framleiðslu		**225 600**
1 16 0	Vörugjöld:		
1 16 01	Vörugjald	173 000	
1 16 04	Álgjald	52 600	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		**10 983 632**
1 17 0	**Söluskattur:**		
1 17 01	Söluskattur 7 285 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 582 800		
		6 702 200	
1 17 1	**Skemmtanaskattur:**		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	5 700	
1 17 12	Skemmtanaskattur	31 000	
1 17 2	**Launaskattur:**		
1 17 21	Launaskattur	1 200 000	
1 17 3	**Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:**		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	2 958 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	17 400	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 900	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 51	Síldargjald	1 700	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald	32 000	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	19 800	
1 17 54	Síldarmatsgjald	2	
1 17 55	Síldarsölugjald	10	
1 17 9	**Aðrir skattar:**		
1 17 91	Iðnaðargjald	9 000	
1 17 92	Sérleyfisgjald	4 500	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	420	
	Aðrir óbeinir skattar		**1 151 832**
1 19 0	**Aukatekjur og stimpilgjald:**		
1 19 01	Stimpilgjald	332 000	
1 19 02	Aukatekjur	46 000	
1 19 03	Þinglýsingar	129 000	
	Flutt		**28 932 584**

Rekstrar-

0 Gjöld:	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		29 402 110
Gjöld samtals		29 402 110

reikningur.

		Þús. kr.	Þús. kr.
	1 Tekjur:		
	Flutt		28 932 584
1 19 1	**Ýmsir skattar af bifreiðum:**		
1 19 11	Bifreiðaskattur	276 000	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða	10 000	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða	16 500	
1 19 2	**Ýmsir skattar af skipum:**		
1 19 21	Lestagjald	1 500	
1 19 22	Vitagjald	16 500	
1 19 23	Skipaskoðunargjald	3 800	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	171 000	
1 19 33	Leyfisgjald	13 000	
1 19 9	**Aðrir óbeinir skattar:**		
1 19 90	Verðjöfnunargjald	70 000	
9. Norðfjarðará (efri hluti)	150	
10. Jökulsá í Lóni	350	
11. Hólmsá á Mýrum við Fláajökul	50	
		7 150
b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:		
1. Djúpós og Hólsárbakkar	100	
		100
c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:		
1. Aurá hjá Núpsstað	50	
2. Laxá hjá Blómsturvöllum	100	
3. Djúpá hjá Maríubakka	500	
4. Fossálar hjá Þverá	100	
5. Eldvatn hjá Hnausum	50	
6. Langholtssk. hjá Langholti	70	
7. Kúðafljót	400	
8. Eldvatn hjá Ásum	50	
9. Skálm hjá Skálmarbæ	100	
10. Klifandi og Hafursá	100	
11. Klifandi og Hafursá (vatnaf.)	200	
12. Kaldaklifsá neðan þjóðvegar	100	
13. Bakkakotsá	100	
14. Svaðbælisá	100	
15. Holtsá	200	
16. Miðskálaá hjá Ásólfsskála	100	
17. Miðskálaá og Írá	100	
18. Þjórsá hjá Þrándarholti	1 000	
19. Stóra-Laxá hjá Sólheimum	50	
20. Stóra-Laxá hjá Hólakoti	80	
21. Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	100	
22. Litla-Laxá hjá Berghyl	40	
23. Litla-Laxá hjá Skyggni	20	
24. Litla-Laxá hjá Hvammi	150	
25. Hvítá hjá Auðsholti	80	
26. Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	200	
27. Ölfusá hjá Eyrarbakka	200	
28. Sandá í Kjós	50	
29. Laxá hjá Vindási	50	
30. Leirá í Leirársveit	130	
31. Hvítá við Þræley	100	
32. Hvítá í Hvítársíðu	80	
33. Norðurá í Norðurárdal	200	

	Þús. kr.	Þús. kr.
34. Rauðsgil í Hálsasveit	80	
35. Gil hjá Bjarnarhöfn í Helgafellssv.	100	
36. Hörðudalsá	150	
37. Miðá hjá Harastöðum	50	
38. Hundadalsá í Miðdölum	60	
39. Reykjadalsá hjá Fellsenda	100	
40. Fagradalsá á Skarðsströnd	60	
41. Vatnsdalsá frá Grímstungu að Hofi	200	
42. Vatnsdalsá hjá Bakka og Kornsá	100	
43. Vatnsdalsá hjá Eyjólfsstöðum	50	
44. Vatnsdalsá hjá Hvammi	40	
45. Giljá	50	
46. Laxá hjá Balaskarði og Núpi	30	
47. Blanda frá Æsust. að Geitask.	100	
48. Svartá við Ártún	20	
49. Laxá hjá Þorbjargarst. og Sævarlandi	80	
50. Þverá í Blönduhlíð	60	
51. Sæmundará hjá Reynistað	20	
52. Héraðsvötn	400	
53. Héraðsvötn, Vindheimagarður	450	
54. Hörgá hjá Möðruvöllum	50	
55. Hörgá hjá Hlöðum	100	
56. Jökulsá í Fljótsdal	450	
57. Geitdalsá	200	
58. Múlaá	200	
59. Norðfjarðará (neðri hluti)	300	
60. Stuðlaá í Reyðarfirði	100	
61. Tunguá	50	
62. Geithellnaá	50	
63. Norðurdalsá í Breiðdal	200	
64. Hoffellsá	100	
65. Kolgríma	700	
66. Virkisá	300	
		9 950
		17 200

7. Landþurrkun (04 286 04).

1. Í Austur-Landeyjum	60	
2. Í Vestur-Landeyjum	110	
3. Neðan Þverár í Rangárvallahr.	85	
4. Í Út-Hjaltastaðaþinghá	110	
5. Háfsósar	110	
6. Holtsós	75	
7. Í Leiðvallarhreppi	75	
		625

8. Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 03).

a. Sjúkrahús o. fl.:		
1. Borgarspítalinn í Rvík, skuldagr.	29 200	
2. Borgarspítalinn í Rvík, þjónustudeild	5 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
3.	Borgarspítalinn í Rvík, Arnarholt	8 000	
4.	Akranes, sjúkrahús	23 200	
5.	Borgarnes, H 2	17 000	
6.	Patreksfjörður, H 2	8 000	
7.	Ísafjörður, H 2	9 800	
8.	— læknismótt. Súðavík	2 000	
9.	Blönduós, skuldagr. og rafstöð	1 300	
10.	Sauðárkrókur	1 000	
11.	Siglufjörður	1 300	
12.	Dalvík, H 2	10 300	
13.	Akureyri, sjúkrahús, 1. áf.	23 100	
14.	— læknismótt., síðari gr.	1 800	
15.	Húsavík, skuldagr.	7 000	
16.	Egilsstaðir, H 2	10 400	
17.	— læknismótt. Borgarf.	1 100	
18.	Neskaupstaður, sjúkrahús	23 300	
19.	Stöðvarfjörður, læknismótt.	1 500	
20.	Breiðdalsvík, læknismótt.	1 500	
21.	Höfn í Hornafirði, H 2	13 000	
22.	Vestmannaeyjar, sjúkrahús	20 000	
23.	Selfoss, sjúkrahús	20 500	
24.	Keflavík, sjúkrahús	10 500	
25.	Hafnarfjörður, Sólvangur	2 000	
26.	Laugarás, skuldagr. o. fl.	2 300	
27.	Til undirbúnings framkvæmda:		
	a. Búðardalur	1 000	
	b. Þingeyri	1 000	
	c. Blönduós	1 000	
	d. Sauðárkrókur	1 000	
	e. Vopnafjörður	1 000	
	f. Seyðisfjörður	1 000	
	g. Vík í Mýrdal	1 000	
	h. Kirkjubæjarklaustur	1 000	
			8 000
			262 100
b.	Elliheimili:		
1.	Akranes	3 000	
2.	Borgarnes	3 000	
3.	Akureyri	3 000	
4.	Egilsstaðir	3 000	
5.	Til undirbúnings framkvæmda:		
	a. Flateyri	800	
	b. Ísafjörður	800	
	c. Dalvík	800	
	d. Húsavík	800	
	e. Vopnafjörður	800	
	f. Vík í Mýdal	800	
	g. Hella	800	
			5 600
			17 600

		Þús. kr.
c. Læknisbústaðir:		
1. Álafoss	500	
2. Hellissandur	300	
3. Ólafsvík	1 500	
4. Grundarfjörður	1 200	
5. Patreksfjörður	400	
6. Flateyri	400	
7. Bolungarvík	1 400	
8. Ísafjörður	350	
9. Hólmavík	1 500	
10. Hvammstangi	3 000	
11. Blönduós	700	
12. Skagaströnd	500	
13. Sauðárkrókur	700	
14. Seyðisfjörður	200	
15. Neskaupstaður	800	
16. Egilsstaðir	420	
17. Fáskrúðsfjörður	1 000	
18. Hella	500	
		15 370
		295 070

9. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

		Kr.	Kr.
09 382	Samkvæmt launalögum		5 182 000
		Samtals	5 182 000
09 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	76 716	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	76 301	
	Ágúst Kvaran	126 088	
	Ágúst Ólafsson, póstur	30 517	
	Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	76 716	
	Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	60 609	
	Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	76 301	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	150 671	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	59 011	
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 652	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	48 212	
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	30 517	
	Ása Ásmundsdóttir	76 301	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	61 040	
	Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	82 520	
	Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	128 644	
	Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	45 457	

	Kr.	Kr.
Benedikt Gíslason	150 446	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	59 303	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	61 040	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	30 517	
Bjarni Þorsteinsson	40 691	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Björn Björnsson, bókbindari	59 011	
Björn Einarsson	127 924	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	30 517	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	76 301	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	182 033	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	59 303	
Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	75 180	
Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	70 813	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	30 517	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	121 179	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	50 866	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	40 691	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	59 303	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	50 866	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	75 865	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	72 082	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	61 040	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	40 691	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	101 730	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	76 301	
Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri	53 700	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu	61 040	
Gísli Sigurðsson	50 866	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	36 881	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Guðbrandur Benediktsson	49 420	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	30 517	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	30 517	
Guðjón Pétursson	82 650	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	62 171	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	32 386	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	40 691	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður	30 517	
Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður	40 691	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	61 040	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	97 028	
Guðmundur Jónsson	129 836	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	30 517	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	40 691	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	61 040	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	51 636	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	75 762	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	30 517	

	Kr.	Kr.
Hálfdán Björnsson	61 040	
Halldór Hansen, læknir	115 358	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	131 361	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	30 517	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	82 520	
Helgi Ágústsson	101 730	
Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins	60 609	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	72 346	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	30 517	
Helgi Jónsson fyrrv. fiskmatsmaður	50 967	
Helgi Kjartansson	49 420	
Helgi Tryggvason, bókbindari	61 040	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	61 040	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	73 116	
Hermann Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	101 075	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	59 011	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	61 040	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	59 011	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	44 139	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	101 730	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	67 919	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	55 187	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	40 691	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	277 641	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	60 609	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	61 040	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	50 866	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	59 303	
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	136 677	
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	42 960	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	61 040	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	30 517	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	41 307	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	59 011	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	75 976	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	101 730	
Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	60 609	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	30 517	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	30 517	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	44 258	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	76 356	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	150 446	

	Kr.	Kr.
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	30 517	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	29 652	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	40 691	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	62 171	
Klara Guðmundsdóttir	76 301	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Kristín Ingileifsdóttir	89 412	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 590	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	62 171	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	59 497	
Kristján Albertsson, rithöfundur	97 028	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	79 140	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	61 040	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. postur	30 517	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	42 960	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	75 180	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	73 116	
Magnús Magnússon, rithöfundur	61 040	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	114 638	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	61 040	
María Markan, óperusöngkona	97 028	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	30 517	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	66 388	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	30 517	
Oddný Wíum	30 517	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	40 755	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	42 960	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	50 866	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	41 307	
Ólafur Guðmundsson	61 040	
Ólafur Magnússon	75 180	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	110 225	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	64 322	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	50 938	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	109 290	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	45 779	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	76 301	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 590	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	40 691	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 307	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	50 866	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	111 879	

		Kr.	Kr.
	Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
	Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	55 187	
	Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri	53 700	
	Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	59 303	
	Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Sigurður Greipsson	122 468	
	Sigurður Nordal, prófessor	122 801	
	Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	30 517	
	Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	60 609	
	Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	61 040	
	Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	29 652	
	Skúli Skúlason frá Odda	146 451	
	Stefán Karlsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	53 700	
	Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	44 258	
	Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	74 131	
	Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	66 388	
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	50 866	
	Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	61 040	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	30 517	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	61 040	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Þórður Benediktsson	148 255	
	Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	129 331	
	Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	42 960	
	Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis	60 144	
	Þorleifur Jónsson	116 948	
	Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðarfélags Íslands	101 933	
	Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	61 040	
	Samtals		13 228 412
09 384	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	75 834	
	Agnethe Kamban	128 783	
	Ágústa Högnadóttir	29 023	
	Ágústa Sigurðardóttir	49 786	
	Anna Jakobína Árnadóttir	29 023	
	Anna Ólafsdóttir	32 405	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	39 827	
	Árný Stígsdóttir	29 869	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	32 405	
	Áslaug Nielsen	72 557	

	Kr.	Kr.
Ásta Jónsdóttir	169 702	
Ásta Ólafsdóttir	59 744	
Ástríður Eggertsdóttir	49 786	
Ástríður Magnúsdóttir	29 869	
Björg Þórðardóttir	50 539	
Borghildur Thorarensen	102 030	
Bryndís Þórarinsdóttir	67 635	
Dagbjört Guðjónsdóttir	47 484	
Dóra Þórarinsdóttir	72 557	
Elín Einarsdóttir	89 616	
Elínborg Bogadóttir	72 199	
Elísabet Jónsdóttir	29 869	
Elisabet Kemp	64 979	
Eufemía Ólafsdóttir	124 466	
Fjóla Kristjánsdóttir	47 484	
Fríða Hlíðdal	215 831	
Guðbjörg Erlendsdóttir	59 744	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	64 979	
Guðfinna Blöndal	119 483	
Guðný Halldórsdóttir	59 744	
Guðný Sigurðardóttir	49 786	
Guðný Vigfúsdóttir	59 744	
Guðný Þórarinsdóttir	37 590	
Guðrún Jóhannesdóttir	29 869	
Guðrún P. Jónsdóttir	75 834	
Guðrún Pálsdóttir	69 699	
Halldóra Eiríksdóttir	73 095	
Halldóra Eiríksdóttir	74 153	
Halldóra Þórðardóttir	37 922	
Helga Friðbjarnardóttir	59 744	
Helga Pétursdóttir	74 682	
Helga Þ. Smári	101 117	
Hildur Blöndal	189 507	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	74 682	
Hlíf Magnúsdóttir	64 440	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	59 744	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	83 592	
Hróðný Einarsdóttir	161 787	
Hulda Þ. Björnæs	81 308	
Hulda Davíðsdóttir	72 199	
Indíana Sturludóttir	74 682	
Ingibjörg Björnsdóttir	39 443	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	89 616	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	74 682	
Ingibjörg Högnadóttir	29 869	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	89 616	
Ingibjörg Karlsdóttir	123 757	
Ingunn Hlíðar	47 484	
Ingveldur Ólafsdóttir	29 869	
Jakobína Thorarensen	49 786	
Jóhanna Vigfúsdóttir	29 869	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	54 446	
Jónína Ásmundsdóttir	29 023	

	Kr.	Kr.
Jónína Gissurardóttir	72 496	
Jónína Kristjánsdóttir	74 682	
Jórunn Guðjónsdóttir	73 095	
Karen Louise Jónsson	74 682	
Katrín Ingibergsdóttir	72 199	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	29 869	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	47 188	
Kristín Helgadóttir	29 023	
Kristín Pálmadóttir	59 744	
Kristín Pálsdóttir	49 786	
Kristjana Káradóttir	77 328	
Kristjana Þorvarðardóttir	36 099	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	39 827	
Lára Svansdóttir	29 869	
Lára M. Vigfúsdóttir	99 572	
Lelia Stefánsson	149 361	
Lilja H. Arndal	99 572	
Lilja Jörundsdóttir	59 744	
Lilja Steinsen	174 246	
Lydia Einarsson	124 466	
Mabel Sigurjónsson	99 572	
Magdalena Ásgeirsdóttir	29 869	
Magnea Magnúsdóttir	61 218	
Málfríður Bjarnadóttir	29 869	
Margrét Árnadóttir	74 682	
Margrét Björnsdóttir	37 988	
Margrét Eyjólfsdóttir	59 744	
Margrét Guðbrandsdóttir	89 616	
Margrét Jónasdóttir	124 466	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	120 922	
Margrét L. Lárusdóttir	29 869	
Marta Oddsdóttir	29 869	
Melitta Urbancic	47 484	
Ólafía Finnbogadóttir	29 869	
Olga E. Jónsson	56 357	
Ólöf Bjarnadóttir	78 902	
Ragnheiður Konráðsdóttir	49 786	
Rannveig Gunnarsdóttir	64 440	
Rósa Guðnadóttir	73 095	
Sesselja Benediktsdóttir	57 759	
Sigríður Árnadóttir	179 229	
Sigríður Árnadóttir	73 095	
Sigríður Gísladóttir	29 869	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	96 139	
Sigríður Stefánsdóttir	42 960	
Sigrún Guðmundsdóttir	115 519	
Sigrún Thorarensen	39 827	
Sigurbjörg Jónsdóttir	30 110	
Sigurlaug Jónsdóttir	74 682	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	56 357	
Steinunn P. Eyjólfsson	33 597	
Steinunn Tómasdóttir	49 786	
Steinþóra Einarsdóttir	72 199	

	Kr.	Kr.
Svanborg Jónsdóttir	29 066	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	49 786	
Sveindís Hansdóttir	29 869	
Tove Engilberts	161 787	
Valgerður Helgadóttir	49 857	
Valgerður Ólafsdóttir	45 091	
Vigdís Guðmundsdóttir	59 744	
Þóra Magnúsdóttir	39 827	
Þóra Sigfúsdóttir	29 869	
Þóra Vigfúsdóttir	96 660	
Þorbjörg Kjartansdóttir	74 682	
Þorbjörg Leifs	59 744	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	44 807	
Þórhildur Sveinsdóttir	29 869	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	362 067	
Samtals		9 184 206

10. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).		Þús. kr.
1. Akranes	24 400	
2. Arnarstapi	3 200	
3. Ólafsvík	24 700	
4. Grundarfjörður	18 400	
5. Stykkishólmur	17 400	
6. Patreksfjörður	5 000	
7. Þingeyri	400	
8. Súgandafjörður	3 800	
9. Bolungarvík	21 500	
10. Ísafjörður	25 200	
11. Súðavík	1 500	
12. Flateyri	9 900	
13. Drangsnes	2 600	
14. Hvammstangi	4 500	
15. Blönduós	2 300	
16. Skagaströnd	8 100	
17. Sauðárkrókur	15 000	
18. Hofsós	5 700	
19. Siglufjörður	3 000	
20. Ólafsfjörður	27 200	
21. Dalvík	3 900	
22. Hrísey	3 900	
23. Árskógssandur	2 000	
24. Akureyri	27 900	
25. Grímsey	4 300	
26. Húsavík	24 700	
27. Raufarhöfn	200	
28. Þórshöfn	1 100	
29. Bakkafjörður	500	
30. Vopnafjörður	200	
31. Borgarfjörður eystri	15 000	
32. Seyðisfjörður	300	
33. Neskaupstaður	5 200	

		Þús. kr.
34. Eskifjörður	1 600	
35. Fáskrúðsfjörður	3 900	
36. Stöðvarfjörður	2 300	
37. Breiðdalsvík	1 000	
38. Djúpivogur	5 900	
39. Vestmannaeyjar	8 100	
40. Stokkseyri	5 000	
41. Eyrarbakki	19 600	
42. Grindavík	1 900	
43. Hafnir í Höfnum	2 300	
44. Sandgerði	41 000	
45. Vogar	7 400	
46. Hafnarfjörður	31 000	
		444 000

11. Ferjubryggjur (10 333 04).

1. Brjánslækur	200	
2. Gemlufall	2 000	
3. Hjarðardalur	200	
4. Múlanes, undirb.	1 000	
5. Vigur	2 300	
6. Viðhald	1 300	
		7 000

12. Sjóvarnargarðar (10 333 08).

1. Akranes	200	
2. Álftanes	200	
3. Bessastaðatjörn	200	
4. Borgarfjörður eystri	100	
5. Búðardalur	100	
6. Flateyri	300	
7. Garðsskagi	300	
8. Grótta	150	
9. Höfn í Hornafirði	150	
10. Melar í Melasveit	50	
11. Miðneshreppur	300	
12. Sauðárkrókur	150	
13. Seltjarnarnes	200	
14. Vestmannaeyjar	300	
		2 700

13. Fjárfestingar Landspítalans (2 08 371 3 30).

1. Geðdeild	60 000	
2. Rannsóknarstofur, bráðabirgðahúsnæði	22 000	
3. Barnaheimili	12 000	
4. Röntgentæki	10 000	
5. Ketilhús	2 000	
6. Stjórnun og eftirlit	4 200	
7. Annað	3 000	
		113 200

		Þús. kr.	
14.	**Fjárfestingar í flugmálum (2 10 471 3 30).**		
1.	Reykjavík	19 600	
2.	Stykkishólmur	5 700	
3.	Patreksfjörður	3 000	
4.	Tálknafjörður	3 000	
5.	Bíldudalur	4 000	
6.	Þingeyri	1 300	
7.	Súgandafjörður	4 000	
8.	Ísafjörður	1 400	
9.	Blönduós	2 200	
10.	Sauðárkrókur	12 000	
11.	Siglufjörður	4 400	
12.	Grímsey	1 000	
13.	Ólafsfjörður	6 000	
14.	Akureyri	18 000	
15.	Aðaldalsflugvöllur	11 200	
16.	Kópasker	400	
17.	Raufarhöfn	400	
18.	Þórshöfn	1 600	
19.	Egilsstaðir	28 500	
20.	Seyðisfjörður	5 000	
21.	Neskaupstaður	1 400	
22.	Höfn, Hornafirði	300	
23.	Vestmannaeyjar	6 800	
24.	Endurnýjun radíóvitakerfis	8 000	
25.	Símakerfi flugmálastjórnar	2 900	
26.	Mælitæki radíóverkstæða	1 000	
27.	Sjúkraflugvellir	7 100	
28.	Óráðstafað	11 800	
			172 000
15.	**Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins (2 11 321 3 30).**		
	Virkjanir:		
1.	Lagarfossvirkjun — fjarstýring	91 100	
2.	Mjólkárvirkjun	122 500	
			213 600
	Stofnlínur og aðveitustöðvar:		
1.	Lína Lagarfoss — Eiðar, Eiðar — Egilsstaðir	15 400	
2.	Aðalspennistöð Egilsstöðum	13 900	
3.	Línubr. Breiðdalsvík — Fáskrúðsfj.	6 500	
4.	Sæstrengur yfir Berufjörð	8 700	
5.	Aðveitustöðvar á Austurlandi	14 000	
6.	Lína Háfell — Álftaver	8 000	
7.	Lína Andakíll — Vegamót	57 000	
8.	Aðalspennistöð við Vegamót	14 000	
9.	Lína Vegamót — Stykkishólmur	14 000	
10.	Spennuhækkun á Snæfellsnesi	6 000	
11.	Spennuhækkun Ísafj. — Bol.vík	13 000	
12.	Aðalspennistöð Akureyri	12 000	
13.	Spennir Aðaldal	1 000	
			183 500

		Þús. kr.
Innanbæjarkerfi		45 000
Vélar og verkstæði:		
1. Verkstæðishús á Akureyri	4 700	
2. Bifreiðar	7 500	
3. Vinnuvélar	5 000	
		17 200
Dísilvélar		63 000
Ýmisl. ófyrirséð		8 000
Framkv. samtals		530 300
÷ Heimtaugagjöld		10 000
		520 300

Sþ. 324. Þingsályktun [171. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Nd. 325. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Pétri Péturssyni.

Liður 27.10 29 beri toll sem hér segir:

	Núv. tollur	Frá 1/1 1974	Frá 1/1 1975	Frá 1/1 1976
Annað benzín	50%	100 kg kr. 264	kr. 264	kr. 264

Nd. 326. Lög [125. mál]

um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 154.

Nd. 327. Lög [71. mál]

um breyting á lögum nr. 35 30. maí 1960, um lögheimili.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 244.

Nd. 328. Lög [145. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 263.

Sþ. 329. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar, að frumvörp, sem fela í sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð, séu ekki lögð fram án þess, að þeim fylgi rækilegar kostnaðaráætlanir.

Greinargerð.

Stjórnarfrumvörp eru mjög misjafnlega búin í hendur Alþingi. Sumum fylgir viðunandi greinargerð um þau útgjöld, sem af þeim leiddi, ef að lögum yrðu. Öðrum fylgja mjög lauslegar kostnaðaráætlanir og enn öðrum alls engar. Óþarft er að tína til mörg dæmi um þetta, því að þau blasa við hverjum þingmanni. Þó er skylt að nefna eitt dæmi, og er hér tekið nýlegt stjórnarfrumvarp.

Á þingskjali 305 er frumvarp til laga um Félagsmálaskóla alþýðu (178. mál), lagt fram af félagsmálaráðuneytinu. Þar er gert ráð fyrir, að stofnaður sé nýr skóli, nefndur Félagsmálaskóli alþýðu, og greiðist allur kostnaður við hann úr ríkissjóði, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss (sbr. 7. gr.).

Í greinargerð með frumvarpinu segir orðrétt: „Áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað skólans liggur ekki fyrir nú. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun félagsmálaráðuneytið gera áætlun um kostnað vegna skólans og hlutast til um, að fé verði varið til hans í fjárlögum samkvæmt áætlun ráðuneytisins."

Hér er ekki lagst efnislega gegn þessu frumvarpi, en það segir sig sjálft, að með vinnubrögðum af þessu tagi gerir hvorki ríkisstjórn né Alþingi sér grein fyrir þeim auknu útgjöldum ríkissjóðs, sem stefnt er að með frumvarpinu. Með því er þó allténd verið að stofna nýjan skóla, reisa skólabyggingu og standa straum af rekstrarkostnaði hans. Má ætla, að alþingismenn telji sig þurfa að fá vitneskju um þann kostnaðarauka, sem þeir eru að leggja á ríkissjóð, ekki síst þar sem mörgum mun þykja ríkisútgjöld þegar komin úr hófi fram.

Því miður er frumvarpið um Félagsmálaskóla alþýðu ekkert einsdæmi, eins og að framan segir, og því full þörf á, að Alþingi grípi í taumana.

Sannast sagna er tillögumanni óljóst, hvort slík frumvarpsgerð sé einungis vitnisburður um slæleg vinnubrögð eða virðingarleysi gagnvart Alþingi — nema hvort tveggja sé. Mál er að linni.

Nd. 330. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [183. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Í 11. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skulu í 3. mgr. falla niður orðin „í sameinuðu þingi".

2. gr.

32. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

3. gr.

38. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi hefur rétt til að senda forseta lýðveldisins ávörp.

4. gr.

39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:
Alþingi getur skipað nefndir þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingið getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

5. gr.

Síðari mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

6. gr.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar fallið niður orðið „Sameinað“ í fyrri mgr.

7. gr.

44. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
Ekkert lagafrumvarp má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umr.

8. gr.

45. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

9. gr.

Í 49. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr., skal í stað orðanna „samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í“ koma: samþykkis þingsins.
Í 2. mgr. skal í stað orðanna „nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi“ koma: nema þingið leyfi.

10. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Alþingi kýs sér forseta og þrjá varaforseta.

11. gr.

53. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði.

12. gr.

54. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál og beiðast um það skýrslu ráðherra.

13 gr.

55. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Eigi má Alþingi taka við neinu málefni, nema einhver þingmanna flytji það.

14. gr.

56. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:
Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál, getur það vísað því til ráðherra.

15. gr.

Í 57. gr. stjórnarskrárinnar skulu falla niður orðin „beggja deilda og sameinaðs“.

16. gr.

58. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

17. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar, fyrri mgr., hljóði svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi síðan ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Greinargerð.

Í þessum mánuði, janúar 1974, eru liðin hundrað ár, síðan deildaskipting Alþingis var ákveðin. Gerðist það með stjórnarskránni 5. janúar 1874, en kom til framkvæmda á þinginu 1875.

Enda þótt deildaskiptingin hafi enst heila öld, af því að Íslendingar hafa haft öðrum stjórnskipunarmálum að sinna, var hún frá upphafi umdeild og vafasöm og torveldaði sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Deildaskiptingin er erlent fyrirbæri, sem á sér engar forsendur í stéttlausu þjóðfélagi Íslendinga, en hefur kostað bæði fé, tíma og stjórnarfarsleg vandkvæði.

Deildaskipting þingsins hefur hvað eftir annað gert ríkisstjórnum, sem studdar voru af hreinum meiri hluta alþingismanna, erfitt að gegna hlutverki sínu. Afleiðingin hefur orðið veikara stjórnarfar, sem oft hefur jaðrað við upplausn og ýtt undir ábyrgðarleysi og ævintýrapólitík. Þess vegna er tími til kominn að afnema deildaskiptinguna og skipa Alþingi í eina málstofu.

Alþingi starfaði óskipt frá endurreisn þess til 1875. Kom varla til greina að skipta 26 þingmönnum í deildir, enda tefldu Danir ekki í neina tvísýnu, þar sem konungkjörnir þingmenn voru 6 og kosningarréttur miklum takmörkunum háður. Á þessum árum var mikið rætt og ritað um skipan Alþingis, og var ekki að undra, þótt imprað væri á þeim möguleika að taka upp deildaskiptingu. Erlendis barðist borgarastéttin hvarvetna fyrir réttindum og völdum. Konungar og aðall létu undan síga, en vörðu sig með því að ríghalda í sérstakar þingdeildir fyrir forréttindastéttir. Trúðu þá margir, meðal annars á Íslandi, að slík skipan væri eðlileg og sjálfsögð.

Þetta mál bar á góma á Þjóðfundinum 1851, en mikill meiri hluti fulltrúa undir forustu Jóns Sigurðssonar tók afstöðu með einni málstofu. Þeir viðurkenndu að vísu, að tvískipting gæti átt rétt á sér, þar sem stéttamunur og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, en um það væri ekki að ræða á Íslandi.

Konungur lagði nýtt og að mörgu leyti merkilegt frumvarp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi 1867. Þingið átti að fá aukin völd, en jafnframt taldi stjórnin rétt að setja á það nokkur höft, enda þótt einni málstofu væri haldið. Nefnd alþingismanna fjallaði ítarlega um málið og kvaðst verða að aðhyllast þessa skoðun stjórnarinnar. Gerði nefndin tillögu um deildaskiptingu, en einnig að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað verulega.

Jón Sigurðsson var ekki ánægður með þessa þróun mála, og í Nýjum félagsritum 1870 sagði hann: „Með því að þröngva frelsi Alþingis í frumvarpinu 1867 (33. gr.) kom stjórnin því til leiðar, að stungið var upp á að skipta þinginu í tvær deildir, eða málstofur, sem eykur bæði málalenging og kostnað meira en þörf er á og gefur hinum konungkjörnu færi á að ónýta hvert mál á þinginu, ef þeir vilja.

Stjórnin hefur líka fundið, að þetta var eins sterkt ófrelsisband eins og hitt, og hefur því samþykkt uppástunguna, þó hún í raun og veru sýnist vera henni mótfallin. En það hyggjum vér, að mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust.“

Skoðanir Jóns fengu stuðning frá ýmsum einstaklingum og í bænaskrám. Samt sem áður samþykkti næsta þing enn skiptinguna, og henni var haldið í stjórnarskránni 1874, sem þó í heild var hin mesta stjórnarbót, ekki síst af því að Alþingi fékk aftur löggjafarvald í sérmálum Íslendinga.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar og fram eftir hinni tuttugustu var meira rætt og deilt um sjálfstæðismálið en nokkuð annað, og kom skipan Alþingis þar mikið við sögu. Það var Íslendingum að sjálfsögðu þyrnir í augum, að hinir konungkjörnu þingmenn gátu með helming atkvæða í efri deild fellt hvaða mál sem þeim sýndist. Tókst loks að fá þessu breytt 1903, er þingmönnum deildarinnar var fjölgað um tvo og hinum þjóðkjörnu þar með tryggður meiri hluti.

Óskipt þing átti sér ávallt nokkra formælendur á þessum árum, en flestir stjórnmálamenn virtust þó ekki reiðubúnir til að afnema deildaskiptinguna, að minnsta kosti meðan konungkjörnir þingmenn sátu enn á þingi. Benedikt Sveinsson sagði til dæmis, að með tímanum gæti svo farið, að óskipt þing þætti hagkvæmast, en hann taldi það ekki tímabært. Í stað þess komu fram ýmsar hugmyndir, svo sem að láta kjósa til efri deildar með takmörkuðum kosningarrétti, að láta kjósa deildarmenn tvöfaldri kosningu með kjörmönnum eða að kjósa þá hlutfallskosningu, ýmist í fáum kjördæmum eða með landið allt eitt kjördæmi. Íslendingum reyndist, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, „vandi að mynda nýtilega efri deild“.

Landskjörið var tekið upp 1915, þegar konungkjör þingmanna var lagt niður. Hinir sex landskjörnu þingmenn voru kosnir, fyrst til 12, en síðar til 8 ára, hlutbundnum kosningum með landið allt eitt kjördæmi. Kosningarréttur og kjörgengi voru bundin við 35 ár, þegar almennur kosningarréttur var miðaður við 25 ár. Árið 1934 var landskjörið afnumið, og síðan hafa þingmenn allir verið kjörnir á sama hátt á sama tíma, en sameinað þing hefur kjörið til efri deildar. „Er óneitanlegt, að deildaskiptingin hefur þar með, a. m. k. að nokkru leyti, misst sína fyrri þýðingu, þótt hún kunni enn að réttlætast af öðrum ástæðum.“ segir Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra í Stjórnskipun Íslands.

Alþýðuflokkurinn hafði áður á stefnuskrá sinni, að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þingmenn sitja í einni málstofu. Flutti Jón Baldvinsson um þetta frumvarp 1933 og sagði þá í greinargerð: „Í einni málstofu geta þingmenn hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni, né treyst því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþingismanna til allra mála verður því hreinni og þau betur athuguð.“ Mótbárum um hættu á flaustursleg afgreiðslu mála í einni málstofu mætti Jón, eins og margir aðrir á undan honum, með því að benda á, að hafa megi fjórar umræður um lagafrumvörp.

Núgildandi kjördæmaskipan, með algerum hlutfallskosningum í fáum kjördæmum og uppbótarþingsætum, fer svo nærri hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi, að Alþýðuflokkurinn hefur látið þar við sitja. Hins vegar heldur hann enn fram hugmyndinni um eina málstofu, eins og þetta frumvarp ber með sér.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra kunni betri skil á deildaskiptingu Alþingis en nokkur annar. Kom út frá hans hendi mikið fræðirit um þetta efni 1939 (Deildir Alþingis), og ítarleg ritgerð um sama efni birtist í bókinni Land og lýðveldi, I. bindi.

Enda þótt Bjarni héldi sig við fræðilega könnun málsins, sagði hann á einum stað: „Þýðing tvískiptingar þingsins hefur tvímælalaust farið minnkandi,“ og á öðrum: „Í bili horfir helst þannig, að tvískipting þingsins muni smám saman hverfa.“

Lengst hefur verið gengið í þessu máli í forsætisráðherratíð Bjarna í samstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Í stefnuræðu, er hann flutti í upphafi

fyrsta þings eftir kosningarnar 1967, gaf hann þessa yfirlýsingu: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði ein málstofa.“

Deilt hefur verið um, hvort raunverulega eigi að telja Alþingi tvískipt, þar eð þingmenn eru allir kjörnir á sama hátt á sama tíma. Hafa sumir sagt, að deildirnar væru lítið meira en nefndir kjörnar af sameinuðu þingi. Aðrir hafa látið það ráða, að hvor deild getur fellt mál og þær hafa þannig mikið sjálfstætt vald. Þetta þýðir, eins og Bernharð Stefánsson segir í endurminningum sínum, að „í rauninni gildir atkvæði efri-deildar-þigmanns tvöfalt á við neðri-deildar-þingmann í öllum almennum löggjafarmálum.“ Sex þingmenn í efri deild geta fellt frumvarp, ef ellefu eru á fundi og greiða atkvæði.

Hins vegar hefur því ekki verið gaumur gefinn, að Alþingi hefur í raun réttri ekki tvær málstofur, heldur þrjár. Sameinað þing hafði sáralítið hlutverk í fyrstu. Einar Arnórsson segir í Réttarsögu Alþingis um störf þess eftir breytinguna 1874: „Það má telja undantekningu, að Alþingi starfi í einni málstofu, því að venjulega fara störf þess fram í deildunum.“ Eftir því sem árin hafa liðið, hefur sameinað þing þó vaxið að verkefnum og völdum og hefur nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til sameinaðs þings 1934. Þingsályktunartillögur þekktust varla fyrr á árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær notaðar til að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga og ákveða aðild að alþjóðlegum samtökum, marka stefnu í landhelgismálum og fleiri stórmálum, staðfesta áætlanir um framkvæmdir og margs fleira. Fyrirspurnir höfðu áður litla þýðingu og voru fáar, en eru nú loftvog landsmálanna og eftirlætis auglýsingaform þingmanna. Allt hefur þetta valdið því, að sameinað þing tekur nú oft tvo af fjórum fundadögum Alþingis í viku hverri.

Störf Alþingis mundu án efa verða einfaldari og ódýrari í einni málstofu en þrem. Breyting á nefndaskipan mundi hafa mikla þýðingu, þar eð nefndum mætti fækka úr 24 í 13, og hver þingmaður mundi sitja í færri nefndum, sem hann gæti sinnt betur en nú gerist. Slíkar endurbætur á nefndastarfi Alþingis eru aðkallandi. Þá mundi tími ráðherra nýtast betur, ef þeir þyrftu ekki að taka þátt í umræðum um mál sín í tveim deildum.

Veigamikil röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis er áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstjórn. Þingmenn eru nú 60, en ekki nægir fyrir flokk eða flokka að hafa 31 þingmann til að stjórna landinu. Til þess þarf meiri hluta í báðum deildum, að minnsta kosti 21:19 í neðri deild og 11:9 í efri deild, og verður ríkisstjórn því að hafa 32 stuðningsmenn hið minnsta — eða 53.3%.

Stundum hefur verið haldið fram, að þessi krafa um aukinn meiri hluta stuðlaði að sterkum ríkisstjórnum. Reynslan hefur þó sýnt hið gagnstæða. Deildaskiptingin hefur hvað eftir annað veikt stjórnir, sem þó höfðu meiri hluta þingmanna að baki sér, og leitt til margvíslegra erfiðleika.

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Hafði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og hraktist fljótlega frá völdum. Hún var að vísu veik, af því að hún hafði aðeins 35% kjósenda á bak við þinglið sitt, en þannig var kjördæmaskipan þá.

Eftir kosningarnar 1934 höfðu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn 25 þingmenn af 49. Þá skorti eitt atkvæði í neðri deild til þess að hafa starfhæfan meiri hluta, en Ásgeir Ásgeirsson kom þeim til bjargar, svo og Magnús Torfason.

Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð 1959, skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstæðisflokksins hafði hún 27 þingmenn gegn 25. Samt hafði stjórnarandstaðan (Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag) meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins áleiðis, að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, enda þingrof fram undan.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sem nú situr, nýtur stuðnings meiri hluta þingmanna (31:29), en hefur ekki meiri hluta í neðri deild og getur ekki komið

þýðingarmestu málum gegnum þingið. Þarf ekki að orðlengja, að þetta hefur skapað stóralvarlegt ástand í stjórnmálum, og er ekki séð fyrir endann á því.

Stjórnarandstaða tekst að sjálfsögðu á við ríkisstjórn og fer eftir gildandi stjórnarskrá, sem verður ekki breytt nema á tveim þingum, þegar kosningar hafa farið fram á milli. Þetta frumvarp hefur því engin áhrif á örlög núverandi ríkisstjórnar.

Hins vegar verða ábyrgir menn að hugsa þetta mál til framtíðar og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á, að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hljóta menn að fallast á, að tími sé kominn til að afnema deildaskiptingu Alþingis. Það þarf að gera fyrir næstu kosningar, svo að ný skipan geti komið til framkvæmda snemma á næsta kjörtímabili.

Sþ. 331. Fyrirspurnir. [184. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um mjólkursölumál.

Frá Ellert B. Schram.

Hvað líður störfum mjólkursölunefndarinnar?

II. Til menntamálaráðherra um húsnæðismál Menntaskólans við Lækjargötu.

Frá Ellert B. Schram.

Hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar í húsnæðismálum Menntaskólans við Lækjargötu, og hvenær eiga þær að koma til framkvæmda?

III. Til menntamálaráðherra um litasjónvarp.

Frá Ellert B. Schram.

Hvaða áætlanir hefur Ríkisútvarpið gert um litasjónvarp á Íslandi?

Sþ. 332. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um varnir gegn heilsutjóni og heyrnarskemmdum af völdum hávaða í samkomuhúsum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort heilsutjón og heyrnarskemmdir geti orsakast af hávaða frá hljóðfærum danshljómsveita á skemmtistöðum. Komi í ljós við slíka rannsókn, að þessi hávaði sé heilsuspillandi, skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um varnir gegn hávaðamengun á skemmtistöðum.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að mikill hávaði er talinn vera heilsuspillandi og geta orsakað heyrnaskemmdir. Af þeim sökum munu víða gilda ákveðnar reglur um varnir gegn miklum hávaða á vinnustöðum.

Á síðustu árum hefur gætt aukins hávaða í samkomuhúsum, þar sem hljómsveitir leika fyrir dansi. Er það álit að minnsta kosti sumra löggæslumanna, sem alllanga reynslu hafa af eftirliti á danssamkomum, að hávaðinn frá hljóðfærum þeim, sem þar eru notuð og tengd eru við magnara til að auka hljómstyrkinn, auki greinilega á hegðun margra samkomugesta til hins verra og að auki hljóti slíkur hávaði að vera stórhættulegur fyrir heyrn manna.

Fyrir nokkrum árum lét lögreglan í Árnessýslu mæla tónhæðina í nokkrum samkomuhúsum þar, og reyndist hún vera fyrir ofan þau mörk, sem hættulaus geta talist.

Félag áfengisvarnanefnda í Árnessýslu hefur fyrir allmörgum árum tekið þetta mál til umræðu, og í vetur gerði það eftirfarandi ályktun um það:

„Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Árnessýslu, haldinn á Selfossi 16. desember 1973, leggur að marggefnu tilefni áherslu á hættu, er fólki, sem sækir opinberar samkomur, er búinn af þeim gegndarlausa hávaða, sem ýmsar danshljómsveitir temja sér. Því beinir fundurinn þeirri áskorun til stjórnvalda, að þau hlutist til um, að hið fyrsta verði sett lög, sem tryggi, að fólk bíði ekki heilsutjón af völdum hávaðamengunar í samkomuhúsum.“

Sþ. 333. Fyrirspurnir. [186. mál]

I. Til samgönguráðherra um ábyrgð vegna mistaka við hönnun hafnarmannvirkja á Akureyri.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður nýútkominnar skýrslu danskra sérfræðinga um burðarþol og hagnýtt gildi nýrra hafnarmannvirkja við Oddeyrartanga á Akureyri?
2. Hyggst ráðherra láta kanna til hlítar, hver beri ábyrgð á mistökum við hönnun mannvirkjanna, svo að réttur aðili beri kostnað, sem af þeim stafar?

II. Til iðnaðarráðherra um orkusölu Landsvirkjunar til Norðlendinga.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvenær telur ráðherra, að Landsvirkjun geti selt Norðlendingum örugga raforku um fyrirhugaða háspennulínu frá Landsvirkjunarsvæðinu til orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar?
2. Telur ráðherra, að formaður stjórnar Landsvirkjunar hafi haft rétt fyrir sér, þegar hann sagði í fjölmiðlum, að Landsvirkjun væri ekki aflögufær með orku til Norðlendinga fyrr en á árinu 1977?
3. Telur ráðherra, að Landsvirkjun geti selt Norðlendingum orku við svipaðar aðstæður og sköpuðust í nóvember og desember s. l.?
4. Hefur ráðherra í hyggju að gera bindandi samning við stjórn Landsvirkjunar um orkusölu til Norðlendinga, ef háspennulína norður verður reist, og að fyrst og fremst verði stefnt að því á næstu árum að afla Norðlendingum innlendrar raforku á þann hátt?

Nd. **334. Frumvarp til laga** [187. mál]

um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Benedikt Gröndal, Bjarni Guðnason.

1. gr.

Starfsmenn stjórnmálaflokkanna, sem óska að njóta eftirlauna skv. 3. gr. þessara laga, skulu greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% af þeim hámarkslaunum, sem ríkisstarfsmenn í 15., 23. og 28. launaflokki hafa á hverjum tíma, eftir því sem um semst milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Skal upphæðin dragast frá kaupi starfsmanna mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt 6% mótframlagi frá vinnuveitanda.

Starfsmenn stjórnmálaflokkanna samkvæmt lögum þessum eru þeir, sem vinna fullt starf hjá stjórnmálaflokki eða deildum hans, þó ekki starfsfólk við blaðaútgáfu.

Undir ákvæði laganna falla þeir, sem störfuðu hjá flokkunum árið 1971 eða hefja starf eftir það, og njóta þeir réttinda fyrir allan þann tíma, sem þeir hafa unnið fullt starf hjá flokknum, enda greiði þeir iðgjald til sjóðsins frá ársbyrjun 1971 eða frá því að þeir hófu starf hjá stjórnmálaflokki, ef það var seinna.

Starfsmenn stjórnmálaflokkanna skulu vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þegar starfsmaður stjórnmálaflokks, sem uppfyllir skilyrði 1. gr., hefur látið af störfum fyrir flokkinn og er 65 ára eða eldri, eða er öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem lýst er í 3. gr. laga þessara.

Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli starfsmanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

Þó að starfsmaður hafi látið af störfum hjá stjórnmálaflokki, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, fær hann eigi að síður eftirlaun, þegar hann hefur fyllt 65 ár, miðað við samanlagðan starfstíma sinn hjá flokknum, minnst 6 ár, sbr. 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Starfsmaður stjórnmálaflokks, sem uppfyllir ákvæði 1. og 2. greinar þessara laga, á rétt á eftirlaunum sem hér segir:

Fyrir 6—10 ára starf 35% af hámarkslaunum ríkisstarfsmanns í þeim launaflokki, sem iðgjöld viðkomandi starfsmanns eru miðuð við, eða samsvarandi flokki, ef flokkaskipun verður breytt, fyrir 10—15 ára starf 50%, fyrir 15—20 ára starf 55% og fyrir 20—25 ára starf 60% af hámarkslaunum í viðkomandi launaflokki.

Hafi starfsmaður unnið lengur en 25 ár samanlagt hjá stjórnmálaflokki, á hann rétt á hækkun eftirlauna sem nemur 1% af áðurnefndum launum fyrir hvert ár, sem hann starfar fram yfir 25 ár. Þó skulu eftirlaun aldrei vera hærri en 70% af launum í þeim launaflokki, sem við er miðað.

Eftirlaun miðast við laun í fyrrgreindum launaflokkum, eins og þau eru á hverjum tíma. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en 6 mánuðir og meira reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maki fyrrverandi starfsmanns, sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% af eftirlaunum maka síns að honum látnum.

5. gr.

Nú andast starfsmaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans rétt á makalífeyri, sem nemur 50% af þeim eftirlaunum, sem starfsmaðurinn hefði öðlast rétt til frá 65 ára aldri, ef hann hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Ef starfsmaður, sem öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt þessum lögum, eignast einnig rétt á lífeyri úr öðrum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða öðrum lögboðnum lífeyrissjóði, skulu eftirlaun samkvæmt þessum lögum við það miðuð, að samanlögð eftirlaun verði ekki hærri en þau eftirlaun, sem hámarksstarfsaldur í þeim sjóðnum, sem er starfsmanninum hagkvæmari, mundi veita rétt til.

7. gr.

Halli, sem verða kann á deild starfsmanna stjórnmálaflokkanna við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Því fylgdi svohljóðandi grg.:

Lífeyrissjóðsréttindi eða eftirlaun fyrir starfsmenn stjórnmálaflokkanna hafa verið til athugunar um skeið. Viðræður um þau efni hófust fyrir rúmum tveimur árum, og hafa ýmsar leiðir verið athugaðar í því sambandi.

Hér er um að ræða fámennan hóp, sem ekki á fyllilega samleið með öðrum starfsmönnum. Pólitísk veðrabrigði geta valdið því, að starf þeirra er ótryggt líkt og þingseta alþingismanna. Þeir eiga ekki fyllilega samleið með skrifstofufólki vegna sérstaks eðlis starfsins. Vinnutími þessara manna getur ekki verið fastbundinn við ákveðinn skrifstofutíma og verður stundum næsta óreglulegur.

Eftir verulega athugun þessara mála hefur orðið samkomulag um að leggja til, að starfsmennirnir skuli vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Lagt er til, að lífeyrisréttindi þeirra verði að nokkru leyti sniðin eftir réttindum þingmanna. Verður að telja það eðlilegt, m. a. með tilliti til þess, hversu líkt er um atvinnuöryggi þessara tveggja starfshópa.

Þeir starfsmenn, sem fengju rétt til aðildar að lífeyrissjóði samkvæmt þessu frv., eru 10—15 talsins. Flestir þeirra eru tiltölulega ungir og yrði því lítið um greiðslur ellilífeyris til þeirra fyrstu 10 árin, svo að fé mundi safnast fyrir á þeim tíma.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um virkjun Svartár í Skagafirði.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Pétur Pétursson, Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til, að hraðað verði eins og frekast er unnt undirbúningi að framkvæmdum við virkjun Svartár í Skagafirði við Reykjafoss. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1975.

Greinargerð.

Með lögum nr. 28 frá 16. apríl 1971 var heimiluð virkjun Svartár í Skagafirði við Reykjafoss. Er þar gert ráð fyrir virkjun um 3.8 megavött. Þessi virkjun var fullhönnuð í ársbyrjun 1971, og var þá gert ráð fyrir, að heildarkostnaður væri um 95 millj. kr., sem nú gæti numið um 165 millj. kr.

Þrátt fyrir fyrirsjáanlegan raforkuskort á Norðurlandi vestra hefur orkumálaráðherra fram til þessa ekki veitt heimild fyrir Svartárvirkjun, né heldur virkjun í Fljótaá. Og engar horfur eru á, að hann veiti slíka heimild, nema skv. beinum fyrirmælum Alþingis.

Dísilorkuvinnsla mun á síðasta ári hafa verið á Norðurlandi vestra sem svarar 10 milljónum kílóvattstunda. Miðað við núverandi olíuverð, sem er kr. 8.80 á lítra, nemur þessi kostnaður 27 millj. kr. En þar að auki er auðvitað gæslukostnaður og margháttuð vinna við dísilorkuvinnsluna. Ef olíuverð hins vegar tvöfaldast, eins og nú er jafnvel spáð, er hér um að ræða hvorki meira né minna en 54 millj. kr., þ. e. a. s. nær þriðjung af virkjunarkostnaði Svartár. Er því ljóst, hver hagur er að því að ráðast í þessa framkvæmd.

Það er alkunna, að raforkumál Norðurlands eru í mesta ólestri. Fljótvirkasta og ódýrasta leiðin til að ráða bót á orkuskorti á Norðurlandi vestra á næstu árum er að virkja Fljótaá strax og tengja Skeiðsfossvirkjun Skagafjarðarveitu, byrja á Svartárvirkjun, en vinna samhliða að undirbúningi stærri virkjunar eða virkjana.

Sþ. 336. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um virkjun Fljótaár í Skagafirði og tengingu Skeiðsfossvirkjunar við Skagafjarðarveitu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Pétur Pétursson, Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til, að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum við virkjun Fljótaár í Skagafirði við Þverá. Jafnframt verði Skeiðsfossvirkjun á næsta sumri tengd Skagafjarðarveitu. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum um næstkomandi áramót.

Greinargerð.

Allt frá árinu 1969 hafa verið uppi um það hugmyndir að virkja Fljótaá neðan núverandi Skeiðsfossvirkjunar. Er þar um að ræða litla, en hagkvæma virkjun, 1.6 megavött, og framleiðslugeta er um 9 GWh á ári. Í samræmi við bréf iðnaðarráðuneytisins, dagsett 22. sept. 1971, var lokið við áætlunargerð um þessa virkjun og hún send ráðuneytinu með bréfi, dagsettu 6. des. 1971. Heildarkostnaður skv. þeirri áætlun bendir til þess, að virkjunarkostnaður muni nú vera um 100 millj. kr.

Skv. lögum nr. 98/1935 hefur bæjarstjórn Siglufjarðar heimild til virkjunar Fljótaár, og skv. 7. gr. orkulaga, nr. 58 frá 1967, þarf einungis ráðherraleyfi til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kílóvött, og mundi samþykkt þingsályktunartillögu þessarar leggja þá skyldu á herðar ráðherra raforkumála að heimila Siglufjarðarkaupstað þessa framkvæmd, en ráðuneyti hans hefur engu svarað bréfum Rafmagnsveitu Siglufjarðar um þetta efni, allt frá því, er ráðuneytið ritaði bréf sitt 22. sept. 1971.

Tilboð í vélar og rafbúnað þessarar virkjunar liggja fyrir. Tilboðunum þarf að svara fyrir 28. febr. n. k., en þá ættu vélarnar að fást afgreiddar fyrir áramót. Skiptir því miklu, að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt fljótt.

Þrátt fyrir fyrirsjáanlegan raforkuskort á Norðurlandi vestra hefur orkumálaráðherra fram til þessa ekki veitt heimild fyrir virkjuninni í Fljótaá. Og engar horfur eru á, að hann veiti slíka heimild, nema skv. beinum fyrirmælum Alþingis.

Dísilorkuvinnsla mun á síðasta ári hafa verið á Norðurlandi vestra sem svarar 10 milljónum kílóvattstunda. Miðað við núverandi olíuverð, sem er kr. 8.80 á lítra, nemur þessi kostnaður 27 millj. kr. En þar að auki er auðvitað gæslukostnaður og margháttuð vinna við dísilorkuvinnsluna. Ef olíuverð hins vegar tvöfaldast, eins og nú er jafnvel spáð, er hér um að ræða hvorki meira né minna en 54 millj. kr., þ. e. a. s. rúmlega helming af virkjunarkostnaði Fljótaár. Ef virkjunin í Fljótaá hefði verið komin á síðasta ári og samtenging við Skagafjarðarveitu, hefði ekki þurft að grípa til dísilorkuvinnslu, a. m. k. ekki nema sem sáralitlu hefði numið. Er því ljóst, hve gífurlegur hagur er að því að ráðast í þessa framkvæmd.

Það er alkunna, að raforkumál Norðurlands eru í mesta ólestri. Fljótvirkasta og ódýrasta leiðin til að ráða bót á orkuskorti á Norðurlandi vestra á næstu árum er sú, sem hér um ræðir, að virkja Fljótaá strax, en hún er fullhönnuð, og tengja Skeiðsfossvirkjun Skagafjarðarveitu, byrja á Svartárvirkjun, en vinna samhliða að undirbúningi stærri virkjunar eða virkjana.

Nd. 337. Frumvarp til laga [190. mál]

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti loðnuafurða framleiddra á árinu 1974 svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum, þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

2. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum, sem framleiddar verða á árinu 1974 til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa og fleira. Verðhækkun á olíu í heiminum kemur sérstaklega hart niður á útgerðinni og geta einstakra greina sjávarútvegs til þess að mæta þessari hækkun er afar misjöfn. Til þess að greiða fyrir ákvörðun almenns fiskverðs frá áramótum 1973/74 og treysta rekstrargrundvöll þorskveiða, hefur ríkisstjórnin ákveðið, í samráði við hagsmunasamtök sjávarútvegsins, að beita sér fyrir því, að á árinu 1974 verði lagt sérstakt 5% útflutningsgjald á fob-verðmæti útflutningsframleiðslu loðnuafurða fiskimjölsverksmiðja og frystihúsa. Ríkjandi verðlag á þessum afurðum er nú mjög hagstætt. Þessi grein er því talin aflögufær. Er sýnt, að hagur loðnuveiða og vinnslu getur orðið mjög góður, þrátt fyrir þessa gjaldtöku. Við þessar aðstæður virðist eðlilegt að leysa þennan vanda á þann hátt, sem hér er lagt til.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti loðnuafurða framleiddra á árinu 1974 svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum, þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

2. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Nd. **338. Frumvarp til laga** [191. mál]

um málflytjendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI
Lögmenn.
Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðilja er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess lögmanni, og tekur þetta til fógeta-, skipta- og uppboðsdóms, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja. Í greindum lögsagnarumdæmum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðilja eða sé lögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar samtaka dómara og stjórnar Lögmannafélags Íslands, ákveðið, að fyrirmæli 3. mgr. um einkarétt lögmanna skuli og taka til annarra lögsagnarumdæma, þar sem ekki er hörgull á lögmönnum.

2. gr.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

Starfsfólk lögmanna er einnig bundið þagnarskyldu um slík trúnaðarmál, sem það kann að komast að í starfi sínu.

3. gr.

Nú sækir lögmaður eða tilkynntur fulltrúi hans, sbr. 6. gr., dómþing fyrir aðilja, og skal hann þá talinn hafa gilt málflutningsumboð, nema annað sé sannað.

Í málflutningsumboði felst, nema öðru vísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns, bæði um form og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðilja sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðilja sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðilja með öllum löglegum hætti.

4. gr.

Lögmenn, er sjálfstæða starfsemi reka, skulu hafa opna skrifstofu innan lögsagnarumdæmis þess, þar sem þeir eiga lögheimili eða þar í grennd. Skulu þeir tilkynna dómsmálaráðherra og Lömannafélagi Íslands um skrifstofustað sinn.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands, ákveðið, hvenær lögmannsskrifstofur skuli vera opnar almenningi.

5. gr.

Skylt er lögmönnum að inna af hendi þau störf, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt að fela þau öðrum lögmönnum ef nauðsyn krefur.

Lömanni er heimilt að láta fulltrúa sinn, sbr. 6. gr., sækja þing í málum fyrir héraðsdómi, nema um munnlegan málflutning sé að ræða.

6. gr.

Rétt er lögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann, sem lokið hefur embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum, er lögráður og hefur forræði fjár síns.

Sá lögmaður, sem tekur sér fulltrúa samkvæmt 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna það héraðsdómurum í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann hefur opna skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands. Tilkynna skal hann sömu aðiljum, þegar fulltrúinn hættir störfum hjá honum.

Lögmaður, er ræður í þjónustu sína annan lögmann, skal þegar tilkynna það Lögmannafélagi Íslands, svo og þegar þjónustunni lýkur.

Lögmaður ber ábyrgð á störfum fulltrúa síns og annarra starfsmanna.

7. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf lögmanns er ekki bindandi fyrir viðskiptaaðilja hans.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða skipuðum lögmanni málflutningslaun hans með dómi í aðalmálinu.

8. gr.

Lögmenn skulu hafa með sér félag, er nefnist Lögmannafélag Íslands, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum. Samþykktir félagsins og breytingar á þeim skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar. Samþykktir og breytingar á þeim taka eigi gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðherra.

9. gr.

Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því, að félagsmenn fari að lögum og góðum lögmannsháttum í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samvizkusemi.

Telji stjórnin, að félagsmaður hafi brotið starfsskyldur sínar eða hegðað sér á annan hátt þannig, að eigi sæmi lögmanni, skal hún þegar í stað tilkynna það lögmannsdómi, sbr. 11. gr., og senda honum skýrslu og gögn sín um málið.

10. gr.

Lögmannafélag Íslands skal velja tvo menn í lögmannsdóm. Skulu menn þessir kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Á sama hátt skal kjósa tvo varamenn. Einn aðalmaður og einn varamaður skulu ganga úr dómnum ár hvert.

Hæstiréttur skipar formann lögmannsdóms til þriggja ára í senn svo og varaformann til sama tíma. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir í fast dómaraembætti.

Varamenn taka sæti, þegar aðalmenn eru forfallaðir eða vanhæfir til að skera úr einstöku máli.

Lögmannafélag Íslands skal bera allan kostnað af lögmannsdómi. Dómsmálaráðherra úrskurðar um þóknun til dómenda að fengnum tillögum stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Dómsmálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um kjör dómenda og starfshætti lögmannsdóms.

11. gr.

Rísi ágreiningur milli lögmanns og umbjóðanda hans um endurgjald fyrir málflutningsstarf getur umbjóðandinn borið þann ágreining undir lögmannsdóm, sem úrskurðar málið.

Komi fram fyrir lögmannsdómi, með skýrslu stjórnar Lögmannafélags Íslands, sbr. 2. mgr. 9. gr., eða á annan hátt, að lögmaður hafi brotið starfsskyldur sínar, hagað sér andstætt góðum lögmannsháttum eða á þann hátt, sem telja má lögmannastéttinni ósamboðið, skal dómurinn þegar í stað taka málið til rannsóknar. Telji lögmannsdómur ástæðu til áfellis getur hann með úrskurði veitt hinum seka áminningu eða gert honum að greiða féviti allt að kr. 50 000 þúsund, er renni í sameignardeild Lífeyrissjóðs lögmanna.

Aldrei má lögmannsdómur úrskurða mál samkvæmt 1. og 2. málsgr., nema aðiljum hafi verið gefinn kostur á að skýra mál sitt.

Innan viku frá uppkvaðningu úrskurðar samkvæmt 1. og 2. mgr. skal lögmannsdómur senda dómsmálaráðuneytinu endurrit hans.

Úrskurðir lögmannsdóms samkvæmt 1. og 2. mgr. eru aðfararhæfir og sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæruheimild hafa dómsmálaráðherra og aðiljar máls.

Telji lögmannsdómur, að brot lögmanns sé svo alvarlegt, að varða kunni refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða ástæða sé til að svipa lögmann lögmannsleyfi sínu, skal dómurinn þegar senda dómsmálaráðherra skýrslu um málið, gögn þess og rökstuddar tillögur um meðferð málsins.

12. gr.

Missi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, sbr. 13. gr. og 17. gr., eða fullnægi hann ekki skilyrðum um skrifstofu eða verði að afhenda leyfi sitt sbr. 24. gr., glatar hann rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Skal hann þegar í stað afhenda dómsmálaráðherra leyfisbréf sitt. Dómsmálaráðherra skal tilkynna dómstólum í lögsagnarumdæmi því, er lögmaðurinn síðast hafði skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands um leyfismissinn. Falli niður ástæða til leyfismissis, skal lögmaðurinn fá aftur málflutningsleyfi sitt að fenginni umsögn lögmannsdóms. Tilkynningu um þetta skal dómsmálaráðherra senda sömu aðiljum og tilkynnt var um leyfismissinn. Ef leyfissvipting varðar hæstaréttarlögmann, skal Hæstarétti ætíð tilkynnt um hana.

Telji dómsmálaráðherra, að lögmaður hafi hagað sér andstætt góðum lögmannsháttum, eða á þann hátt, að eigi samrýmist lögmannsstarfi, en eigi sé ástæða til að senda málið til sakadómsmeðferðar, skal hann leita álits lögmannsdóms um hvort svipta skuli lögmanninn leyfi til málflutnings, annað hvort um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt, nema málið hafi borist frá lögmannsdómi sbr. 6. mgr. 11. gr. Að fengnu áliti lögmannsdóms getur dómsmálaráðherra svipt lögmanninn leyfinu.

Hafi lögmaður verið sviptur málflutningsleyfi samkvæmt 1. og 2. mgr., getur hann ávallt borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti, að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

Um héraðsdómslögmenn.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem:

1. Er 25 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.
3. Hefur íslenzkan ríkisborgararétt.
4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenzkum lögum.
5. Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlega fluttra mála. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar. Prófmaður skal leggja fyrir héraðsdómara vottorð dómsmálaráðherra um að hann fullnægi öðrum skilyrðum til að vera héraðsdómslögmaður.

Lögfræðingur, sem skipaður hefur verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í fasta dómarastöðu samkvæmt 32. gr. laga nr. 85/1936 er undanþeginn ákvæði 1. mgr. 5. tl.

Leita skal álits stjórnar Lögmannafélags Íslands, áður en leyfi er veitt.

Heimilt er að synja manni um leyfi, ef 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. á við um hagi hans.

Dómsmálaráðherra setur tvo prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. mgr. 5. tl. 1. mgr. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir þetta starf og greiðist hún úr ríkissjóði.

14. gr.

Áður en manni er veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum kunni að verða falin.

15. gr.

Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

16. gr.

Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin í því lögsagnarumdæmi, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur.

Um hæstaréttarlögmenn.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti hverjum þeim lögmanni, sem:

1. Er 30 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.
3. Hefur íslenzkan ríkisborgararétt.

4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenzkum lögum.
5. Hefur starfað sem héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti, sem lagapróf þarf til.
6. Hefur sýnt það með flutningi 3 mála fyrir Hæstarétti, að hann sé að dómi Hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður.

Enginn má þreyta prófraun þessa oftar en tvisvar. Sá, sem sækir um leyfi til að þreyta prófraun þessa, skal með umsókn sinni leggja fyrir réttinn vottorð dómsmálaráðherra um, að hann fullnægi skilyrðum 1.—5. tl. hér að framan, og umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands um prófraunarumsóknina.

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá prófraun þessari að nokkru eða öllu leyti, ef réttinum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Þeir, sem öðlazt hafa rétt til málflutnings fyrir Hæstarétti samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 25/1953, halda þeim rétti með þeim skyldum, er þar greinir.

18. gr.

Áður en manni er veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

19. gr.

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir Hæstarétti.

Nú óskar sakaður maður í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

II. KAFLI

Um málflutningsmenn.

20. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra lögsagnarumdæma, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

21. gr.

Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í Lögmannafélag Íslands, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn þess eða lögmannsdóm.

22. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. Aðili, er hyggst notfæra sér heimild þessa, skal tilkynna dómsmálaráðherra og Lögmannafélagi Íslands um ráðningu mannsins. Á sama hátt skal tilkynna um brottför hans úr starfi.

23. gr.

Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Lögmannafélags Íslands, hvort málflytjandastarf er samrýmanlegt öðru opinberu starfi. Ef það er metið ósamrýmanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

25. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, varðhaldi eða fangelsi eftir almennum reglum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1974.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, lög nr. 25 16. febrúar 1953 og lög nr. 32 18. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir lögfræðingar, sem fyrir gildistöku þessara laga hafa lokið tveim af prófraunum þeim, sem um ræðir í 6. tl. 14. gr. laga nr. 61/1942, skulu fá leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, enda uppfylli þeir önnur skilyrði til þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um málflytjendur var lagt fyrir Alþingi 1972—73 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, að mestu óbreytt, en þó hefur því ákvæði verið breytt, er helst sætti andmælum utan þings, er málið var til meðferðar á síðasta þingi, þ. e. breytt er ákvæði fyrra frumvarpsins um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi, en það var á þá leið, að felld voru niður ákvæði um flutning prófmála, en í þess stað kom tveggja ára þjónustutími sem tilkynntur fulltrúi hjá lögmanni. Er með ákvæðum 5. töluliðs 13. greinar þessa frumvarps farin millileið, með því að fækka prófmálum úr fjórum í tvö, en jafnframt áskilinn þjónustutími í eitt ár, áður en prófmálin eru flutt. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á frumvarpinu er efnisbreytingar verða taldar. Fer hér á eftir, efnislega óbreytt, að öðru leyti en varðar framangreint atriði, greinargerð sú er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, frá hendi höfundar þess og breytinganna, Benedikt Sigurjónssyni, hæstaréttardómara, svo hljóðandi:

Gildandi lög um málflytjendur eru að meginstofni frá því á árinu 1942. Síðan hefur lögmönnum fjölgað mjög, bæði þeim lögmönnum, sem hafa venjuleg lögmannsstörf að aðalstarfi, og einnig þeim, sem stunda slík störf í hjáverkum með öðrum störfum. Hefur þetta skapað ýmis vandamál.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn, sem hafa á hendi þýðingarmikinn þátt réttarvörzlunnar. Almenningur verður að geta treyst þeim og átt að þeim aðgang. Af þeim ástæðum verður að gera til þeirra verulegar kröfur um þekkingu og þjálfun

og góða hegðun í starfi. Þá ber og að hafa það í huga, að lögmannsstéttin er oft mjög gagnrýnd og tortryggð, ekki alltaf af réttum ástæðum.

Af þessum ástæðum þykir rétt að leggja til að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum, sem miða eiga að því að styrkja lögmannsstéttina og gera henni kleift að sinna betur verkefnum sínum.

Nokkuð hefur verið litið til erlendra fyrirmynda, en eigi hefur verið talin ástæða til að taka upp reglur nágrannaþjóðanna að verulegu leyti, enda þjóðfélagshættir aðrir.

Segja má, að meginbreytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði, séu tvær.

Prófraunum héraðsdómslögmanna er fækkað úr fjórum í tvær. Reynslan hefur sýnt, að flestir nýútskrifaðir lögfræðingar reyna strax að loknu prófi að fá sér héraðsdómslögmannsréttindi. Þeir fá lánuð prófmál hjá vinum sínum og velunnurum í lögmannastétt og flytja þau fyrir dómi. Mál þessi hafa þeir sjaldnast haft með að gera áður, ekki aflað frumgagna, ákveðið dómkröfur né haft á hendi gagnasöfnun fyrir dómi. Munu þess dæmi, að efnilegir lögfræðingar hafi lokið lögmannsprófi nokkrum mánuðum eftir lögfræðipróf án þess að hafa unnið annað að málunum en flutt þau munnlega. Nú er það alkunna, að einn þýðingarmesti þáttur í málflutningi er frumvinnan, undirbúningur undir málssóknina, dómkröfugerðin og gagnaöflunin. Í dómsmálum kemur því miður oft fram, að þessir þættir hafa verið vanræktir. Af þessum sökum er lagt til, að prófraunum héraðsdómslögmanna verði fækkað úr fjórum í tvær, en að þau prómál geti próftaki flutt, er hann hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár.

Hitt atriðið, sem lagt er til að breytt verði, er framkvæmd agavalds stéttarfélags lögmanna. Til þessa hefur stjórn stéttarfélagsins haft vald þetta á hendi. Er nú lagt til, að innan stéttarfélagsins verði sérstök stofnun, lögmannsdómur, sem hafi þetta vald á hendi. Þá eru reglurnar um agavaldið skýrðar nokkuð og við þær aukið. Er þetta á því byggt, að hollt sé, að samtök lögmannanna sjálfra fylgist með félögum sínum og agi þá, ef þá ber út af réttri braut. Hins vegar er með þessu á engan hátt skertur réttur ríkisvaldsins til að refsa þessum mönnum, ef þeir verða brotlegir við lagareglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 5. gr. laga nr. 61/1942. Þó er einkaréttur lögmanna til málflutnings aukinn nokkuð, þannig að hann er nú einnig látinn taka til næsta nágrennis Reykjavíkur.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 61/1942.

Um 3. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 4. gr. laga nr. 61/1942.

Um 4. gr.

Samkvæmt grein þessari er öllum lögmönnum, er sjálfstæða starfsemi reka, gert að skyldu að hafa opna skrifstofu og þeir skulu tilkynna stjórn stéttarfélags síns og dómsmálaráðherra um skrifstofustað sinn. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 4. gr. laga nr. 32/1962 er nú einungis hæstaréttarlögmönnum skylt að hafa opna skrifstofu.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti með reglugerð ákveðið hvenær lögmannsskrifstofur skuli vera opnar almenningi.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um sama efni og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1942.

Um 6. gr.

Grein þessi svarar til 3. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 1. gr. laga nr. 32/1962. Þó er nú lagt til, að Lögmannafélaginu skuli tilkynnt um ráðningu fulltrúa og einnig skuli tilkynnt, þegar fulltrúi hættir störfum hjá lögmanni. Þá er lagt til, að sama tilkynningarskylda sé, þegar lögmaður ræður annan lögmann í þjónustu sína.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Svarar til 7. gr. laga nr. 61/1942.

Um 9. gr.

Grein þessi svarar um flest til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 með þeim breytingum, sem leiðir af því, að lagt er til að agavald verði tekið af stjórninni og falið sérstakri stofnun.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í frv. er gert ráð fyrir, að agavald lögmanna verði aukið og falið sérstakri stofnun, lögmannsdómi.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um agavald lögmannsdóms og svarar að mestu til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1942. Ákvæði þó gerð nokkru rýmri og skýrari.

Um 12. gr.

Í grein þessari eru teknar hinar almennu reglur um það, hvenær menn missi lögmannsleyfi. Það er fyrst og fremst, er menn missa hin almennu skilyrði til að fá lögmannsleyfi, hirða eigi um að hafa opna skrifstofu og taka að sér störf, sem ekki samrýmast lögmannsstarfi. Í slíkum tilvikum skal lögmaðurinn afhenda dómsmálaráðherra leyfi sitt. Brjóti lögmaður hins vegar af sér getur dómsmálaráðherra svipt hann leyfinu að fengnum meðmælum lögmannsdóms, sem þá skal ætíð fjalla um málið.

Um 13. gr.

Grein þessi svarar til 14. gr. laga nr. 61/1942, sbr. lög nr. 32/1962 og lög nr. 119/1943. Sú meginbreyting er hér á gerð, að prófraunum héraðsdómslögmanna er fækkað.

Á síðari árum hefur það verið venja, að ungir lögfræðingar hafa strax að loknu prófi fengið sér prófmál og fengið síðan leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Má segja að oft skorti þessa menn algjörlega reynslu, en segja má að hún skipti hér verulegu máli. Er því lagt til, að sá, sem starfað hefur á lögmannsskrifstofu í eitt ár og flutt síðan tvö prófmál eða skipaður hefur verið fastur dómari eða má skipa í fasta dómarastöðu, geti fengið leyfi, en þá verður að ætla, að fengin sé hæfileg starfsreynsla, svo að veita megi lögmannsréttindin.

Um 14. gr.

Er samhljóða 15. gr. laga nr. 61/1942.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga nr. 61/1942.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. laga nr. 61/1942.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 1. gr. laga nr. 25/1953 eins og henni var breytt með lögum nr. 32/1962. Felld hefur þó verið niður heimild héraðsdómslögmanna til málflutnings

fyrir Hæstarétti, en þeir, sem þann rétt hafa öðlazt, halda honum. Þá er lagt til, að umsókn fylgi umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands um prófraunarumsóknina.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. laga nr. 61/1942.

Um 19. gr.

Greinin svarar til 13. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 5. gr. laga nr. 32/1962.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 19. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 7. gr. laga nr. 32/1962.

Um 21. gr.

Greinin svarar til 20. gr. laga nr. 61/1942.

Um 22. gr.

Greinin svarar til 21. gr. laga nr. 61/1942. Við er bætt skyldu þeirra aðilja, er notfæra sér heimild þessa, til að tilkynna um þessa starfsmenn sína.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. laga nr. 61/1942.

Um 24. gr.

Greinin svarar til 23. gr. laga nr. 61/1942.

Um 25. og 26. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 339. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968.

Flm.: Ellert B. Schram, Stefán Gunnlaugsson, Bjarni Guðnason, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, á þessa leið:

Þegar seld eru prestssetur í þéttbýli, sem ekki eru í eigu ríkissjóðs, skal andvirði þeirra renna óskert í sérstakan sjóð, sem notaður skal til að veita þeim söfnuðum styrk, er sjálfir vilja tryggja sóknarpresti sínum húsnæði, enda verði það í eigu safnaðarins. Sjóðurinn skal vera í vörslu fjármálaráðuneytisins, en að öðru leyti skal kveðið nánar á um meðferð hans í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Um aldir hefur það þótt sjálfsagt, að prestur nyti þess, að hið opinbera sæi honum fyrir jörð til ábúðar og/eða íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 27/1968 var samþykkt breyting á þessu fyrirkomulagi á þann veg, að í þéttbýli skyldi prestssetur selt, er prestur sá léti af störfum, sem þar hefði búið. Þótti þó sjálfsagt, að í strjálbýli og minni bæjum ætti ríkið áfram prestssetur.

Ekki skal farið út í það hér að rekja ástæður fyrir þessari breytingu né heldur gagnrýna hana. Aftur á móti skal bent á það mikla óhagræði, sem það er söfnuðum, að ekki skuli vera húsnæði, sem prestur þeirra nýtur, sem næst sóknarbörnunum. Prestssetrið hefur ævinlega gegnt miklu víðtækara hlutverki en því einu að vera íbúð prests og fjölskyldu hans. Þar hittist fólk, oft stórir hópar, bæði á stundum gleði of sorgar, svo og til ýmissa funda. Sömuleiðis er óhjákvæmilegt, að prestar inni ýmis þjónustustörf af hendi á heimili sínu. Á þetta líka við, þar sem kirkjur hafa risið, því að ekki eru allar kirkjur þannig, að auðvelt sé um fundarhald, auk þess sem skrifstofuaðstaða er óvíða. En þar sem kirkjur eru engar, má segja, að prestssetrið sé allsherjarmiðstöð safnaðarins. Er því nauðsynlegt þar fyrir söfnuðinn, að prestur búi þannig, að rými sé nægjanlegt fyrir alla þá, sem þangað leita, og fer þá ekki eftir sérstökum auglýstum viðtalstíma.

Nú þekkja flestir, hvernig er fyrir mann, sem er að hefja prestsstarf, að eignast það húsnæði, sem slíkum kröfum fullnægir. Hefur því verið erfitt fyrir presta og söfnuði, síðan lögin frá 1968 tóku gildi, að fullnægja þessum þörfum.

Frumvarp þetta miðar að því að koma að einhverju leyti til móts við þessi vandamál safnaðanna, án þess að til þess sé varið öðru en því, sem þegar getur talist tilheyra hinu kirkjulega starfi. Í stað þess, að andvirði núverandi prestssetra í þéttbýlinu renni beint í ríkissjóð, miðar frumvarpið að því, að það fé renni í sérstakan sjóð, sem veiti styrki, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða né heldur mörg prestssetur.

Benda má á, að prestar bæði í Reykjavíkurprófastsdæmi og raunar víðar hafa sent frá sér ályktanir um þetta efni og hafa raunar óskað eftir, að mál þetta yrði tekið til meðferðar á Alþingi.

Sþ. 340. Nefndarálit [4. mál]

um till. til þál. um stofnun sjóminjasafns.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 28. jan. 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Bjarni Guðnason.	Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Sþ. 341. Fyrirspurnir. [193. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um raunverulega eignaraðild útvegsmanna að fiskiskipaflotanum.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1) Hver var vátryggingarfjárhæð alls íslenska fiskiskipaflotans 31. des. 1973?
2) Hve hárri fjárhæð samtals námu skuldir meðlima L. Í. Ú. 31. des. 1973, sem tryggðar voru með veðum í sama fiskiskipaflota og nefndur er í fyrri spurningunni?

II. Til heilbrigðisráðherra um skipun formanns stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Hvaða rök liggja til þess, að ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu er skipaður formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna?

III. Til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar og rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1) Hvað hefur sjávarútvegsráðuneytið gert til þess að skipuleggja rækjuveiðar og rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu með tilliti til þess, sem rækjustofninn er talinn þola, og til byggðasjónarmiða?
2) Hvað getur sjávarútvegsráðuneytið gert til þess að koma í veg fyrir, að fleiri rækjuvinnslustöðvar en nú er verði starfræktar á svæðinu, og hyggst ráðuneytið beita sér gegn slíku?

Nd. 342. Nefndarálit [60. mál]

við frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 29. jan. 1974.

Jónas Árnason, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Sverrir Hermannsson.
Bjarni Guðnason. Jón Skaftason. Ingvar Gíslason.
Stefán Gunnlaugsson.

Sþ. 343. Fyrirspurnir. [194. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fullorðinsmenntun.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Hvað líður athugun menntamálaráðuneytisins á því, hvernig fullorðinsmenntun verði best fyrir komið?

II. Til menntamálaráðherra um nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvað líður störfum nefnda þeirra, sem menntamálaráðherra skipaði s. l. vetur til að vinna að nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar?

Sþ. 344. Fyrirspurnir. [195. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um bundnar innistæður í Seðlabanka Íslands.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hversu hárri fjárhæð námu bundnar innistæður banka, sparisjóða og innlánsdeilda hjá Seðlabanka Íslands um s. l. áramót?
Hvernig skiptist fé þetta eftir kjördæmum?

II. Til menntamálaráðherra um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að kanna, hvort tök séu á að taka upp kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands, sbr. ályktun Alþingis 30. mars 1973?

III. Til samgönguráðherra um flugvöllinn í Aðaldal.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvenær má vænta nauðsynlegra umbóta á flugvellinum í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu?

IV. Til iðnaðarráðherra um innlendar fiskiskipasmíðar.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að við notfærum okkur tæknilegar framfarir færeyskra skipasmíða?

Nd. 345. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Jónsson, Stefán Gunnlaugsson, Pálmi Jónsson, Jónas Árnason.

1. gr.

2. málsliður 1. málsgr. 9. gr. laganna orðist svo:
Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km frá stórstraumsfjörumáli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Æðarræktarfélags Íslands. Með þeirri beiðni sendi stjórn félagsins eftirfarandi greinargerð:
„Ef fer sem horfir og ekkert verður að gert, lítur út fyrir, að æðarvarp sé á hröðu undanhaldi hérlendis. Missa þá margar bújarðir allverulegar hlunninda-

tekjur og náttúrufar landsins verður að miklum mun fátækara. Á síðari árum hefur stóraukist hrognkelsaveiði hér við land, og stærri bátar með nýtískuleg veiðarfæri fara á vertíð, þar sem best er til fanga. Er nú svo komið, að margfaldar netalagnir eru uppi í fjörumáli fyrir varpstöðvum vítt um land, og hefur æðarfugl hlotið mikið afhroð af.

Að fenginn reynslu norðan- og norðaustanlands er nauðsynlegt, að hið opinbera grípi hér á málum, svo að firrt verði vandræðum á milli varpeigenda og aðkomumanna."

Nd. 346. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til laga um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson, Stefán Gunnlaugsson og Jón Skaftason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. jan. 1974.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Björn Pálsson. Karvel Pálmason.

Guðlaugur Gíslason.

Sþ. 347. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um athugun á því að koma upp sjóvinnubúðum fyrir unglinga í Flatey á Skjálfanda.

Flm.: Jónas Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvað gera megi til að nýta mannvirki í Flatey á Skjálfanda og koma í veg fyrir, að eignir og náttúruverðmæti á eyjunni spillist. Í þessu tilliti verði athugað sérstaklega, hvort ekki sé hentugt að koma þar upp sumarbúðum fyrir unglinga, þar sem stunduð yrði sjósókn og fiskverkun og kennd undirstöðuatriði í sjómennsku og sjóvinnu.

Greinargerð.

Flatey á Skjálfanda er nú í eyði og hefur verið það í nokkur ár, eða síðan 1968. Þar eru þó margs konar verðmæti, sem mætti nýta og eftirsjón væri í, ef spilltust og eyddust.

Eyjan er í eigu ríkisins. Mannvirki eru þar margvísleg, eins og nærri má geta, þar sem svo skammt er liðið síðan byggðin lagðist þar niður, en fram til þess tíma var þar veruleg útgerð og fiskverkun. Óhætt er að fullyrða, að ástæðan til þess, að síðasti hópur Flateyinga fluttist í land, hafi ekki verið sú, að þar skorti góða afkomumöguleika, heldur réð því skortur á viðunandi félagslegri þjónustu, samgöngum, menntunaraðstöðu barna og unglinga o. þ. l.

Nokkrir Flateyingar, sem fluttust til Húsavíkur, hafa undanfarin ár farið út í eyjuna síðari hluta vetrar og vor og stundað þaðan grásleppuveiðar. Menn hafa einnig komið frá öðrum byggðarlögum og haft bækistöð í eyjunni við grásleppu-

veiðarnar. Óvíst er, hve lengi þetta helst og hvað verður um hús og eignir, þegar alveg er hætt að nýta þær og hlynna að þeim. Yfir sumartímann hefur eyjan verið eftirlitslaus, og er hætt við, að með því móti vilji margt ganga úr sér.

Í Flatey er góð höfn, sem oft hefur reynst lífhöfn fyrir trillur og smærri báta, sem hafa verið á veiðum á þeim góðu miðum, sem eru í kringum eyjuna. Þar eru fiskverkunarhús, sem nýta mætti til saltfiskverkunar.

Fjölskrúðugt fuglalíf er í eyjunni, en óttast er, að því verði spillt af aðvífandi mönnum, ef engin búseta er þar yfir sumartímann.

Búseta í eyjunni, þótt ekki væri nema um vor- og sumartímann, mundi þannig geta orðið til þess að bjarga bæði eignum og náttúruverðmætum frá spillingu.

Hér er bent á einn möguleika sérstaklega, þann að komið yrði upp sumarbúðum fyrir unglinga á eyjunni. Óvíða mun ákjósanlegra að stunda trilluútgerð og handfæraveiðar en í Flatey, góð mið og jafngjöful eru mjög nærri eyjunni. Skjálfandaflói og Grímseyjarsund eru sjaldnast fisklaus.

Þjóðinni er ótvírætt fátt brýnna á þessum tímum en sjá til þess, að unglingar, sem alast upp í borg og bæjum, slitni ekki úr tengslum við atvinnulíf þjóðarinnar — heldur tengist sem best þeim atvinnuvegum, sem skapa okkur frumverðmætin. Fjöldi unglinga getur því betur enn notið hollrar og þroskandi dvalar í sveitum. Gera mætti miklu meira að því að skapa þeim möguleika til að komast í snertingu við sjóinn og fiskveiðar. Handfæraveiðar og saltfiskverkun væru mjög vel til þess fallnar og mundu, auk þess sem þær eru lokkandi og spennandi fyrir unglingana, koma þeim á bragðið og kenna undirstöðuatriði sjómennskunnar. Eyjalífið gæti einnig haft sitt aðdráttarafl og annað fyrir bæjarunglinga. Ef ríkið legði til þá aðstöðu, sem það á í eyjunni, gætu ýmis bæjarfélög eða önnur félög tekið höndum saman um að reka slíkar vinnubúðir, en þær þyrftu ekki að vera mjög dýrar, hvorki í stofnun né rekstri.

Meðfylgjandi lýsing Flateyjar er úr bókinni „Byggðir og bú“, sem gefin var út af Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga 1963.

Fylgiskjal.

FLATEY Á SKJÁLFANDA liggur 2.5 km undan landi, þar sem mjóst er Flateyjarsund. Eyjan er talin 262 ha að flatarmáli, þar af um 200 ha gróið land og ræktunarhæft, hitt grjóturðir, sandfjörur og tjarnir. Öll er eyjan láglend, hæst 22 m yfir sjó. Byggð hefur verið í eyjunni frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. — Aðalbjargræðisvegur Flateyinga hefur jafnan verið sjávarafli, en landbúnaður stundaður öðrum þræði. Flatey og Flateyjardalur fylgdu Hálshreppi hinum forna til ársins 1907, en þá mynduðu þessi tvö byggðarlög Flateyjarhrepp. Nú er byggð eydd á Flateyjardal. Mjög mismargt fólk hefur búið í Flatey á ýmsum tímum. Árið 1960 voru 90 manns heimilisfastir í eynni, en 1963, þegar bók þessi er prentuð, aðeins 57 manns. Búnaðarfélag var stofnað í Flateyjarhreppi árið 1907. Árið 1910 var komið upp girðingu milli ræktaðs lands og úthaga í eynni. 1919 var Fisksamlag Flateyinga stofnað. Skólahús var reist í eynni 1928—29. Útibú frá Kaupfélagi Þingeyinga var reist þar 1930. 8 byggð býli eru nú í eynni. Ræktað land er 45 ha, taða 550 h. Bústofn: 10 nautgripir, 131 kind.

Útgerð: Í eigu Flateyinga eru nú 2 þilfarsbátar 6—10 smálestir, 1 opinn vélbátur (trilla) 2½ smálest, 5 árabátar og tveir smábátar. Útfluttar sjávarafurðir um 100 smálestir saltfiskur og 600 tunnur grásleppuhrogn fyrir um 2 milljónir króna.

Nd. 348. Frumvarp til laga [198. mál]

um tryggingadóm.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Setja skal á stofn dómstól fyrir allt landið, nefnist hann tryggingadómur.

Aðsetur dómsins skal vera í Reykjavík, en ef nauðsyn krefur má halda dómþing annars staðar.

2. gr.

Verkefni tryggingadóms er að dæma í málum, sem rísa vegna úrskurða tryggingaráðs Tryggingastofnunar ríkisins, varðandi bætur og bótarétt einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Þar fyrir utan skal tryggingadómur dæma í málum, sem með lögum verða lögð undir dóminn.

3. gr.

Tryggingamálaráðherra skipar dómara í tryggingadóm til fjögurra ára í senn. Skulu þeir vera fjórir, tveir lögfræðingar, læknir og tryggingastærðfræðingur, en aldrei sitja fleiri en þrír dómarar í dómi.

Lögfræðingarnir skulu uppfylla skilyrði til að vera hæstaréttardómarar og skal annar þeirra vera formaður dómsins.

Hinir ólöglærðu dómarar tryggingadóms skulu vera íslenskir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.

Skipa skal hverjum hinna fjögurra dómara varamann, sem uppfylla skal sömu skilyrði og aðalmaður. Varamaður skal taka sæti í dóminum í stað aðalmanns, ef aðalmaður er forfallaður.

Dómarar í tryggingadómi og varamenn þeirra skulu vinna dómaraheit áður en þeir taka sæti í dóminum.

4. gr.

Jafnan skulu hinir 2 löglærðu dómarar sitja í dómi. Formaður ákveður hverju sinni hvor hinna dómaranna, læknir eða tryggingafræðingur, tekur sæti í dóminum.

5. gr.

Um ábyrgð dómara í tryggingadómi gilda sömu reglur og gilda í lögum um almenna meðferð einkamála í héraði.

6. gr.

Um missi dómaraskilyrða gilda sömu reglur og gilda í lögum um almenna meðferð einkamála í héraði.

7. gr.

Dómari í tryggingadómi víkur úr dómarasæti ef: 1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega. 2. Hann er fyrirsvarsmaður aðila, hefur leiðbeint aðila eða gefið vottorð eða álit í málinu. 3. Hann er skyldur eða mægður aðila eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðila eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sifjum, sem þær helgast af sé lokið. 4. Hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. 5. Horf hans við aðila eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

8. gr.

Aðilar, dómari sjálfur og þeir dómarar tryggingadóms sem hverju sinni sitja í dómi geta krafist þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli af ástæðum þeim er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

Úrskurði þess efnis, að dómari, einn eða fleiri, víki úr sæti, verður ekki breytt, en úrskurði þess efnis, að dómari víki ekki sæti má kæra til hæstaréttar, sbr. l. nr. 57 frá 1962.

9. gr.

Sá, sem leggja vill mál undir tryggingadóm, sendir þeim aðila, sem kveðið hefur upp úrskurð þann, sem kæra á til tryggingadóms, tilkynningu um, að hann vilji kæra úrskurðinn til tryggingadóms og skal það gert innan 3 mánaða frá því að kærandi varð kunnugt um efni úrskurðarins.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur sá aðili, sem kvað upp úrskurð þann sem kæra á, tekið við kæru, þótt svo að þriggja mánaða fresturinn sé liðinn. Þegar að því kemur, leggur tryggingadómur mat á það, hvort nægjanlegar ástæður séu fyrir hendi til þess að kærufrestur sé framlengdur.

Einnig getur tryggingadómur heimilað að kært sé til dómsins, þrátt fyrir að kærufrestur sé liðinn, enda þótt úrskurðaraðili hafi neitað. Í þeim tilfellum leggur tryggingadómur fyrir úrskurðaraðila að taka við kæru og senda málið svo til tryggingadóms með sama hætti og fyrir er mælt í lögum þessum.

10. gr.

Sé tilkynning um kæru borin fram munnlega, skal kæranda bent á að afhenda skriflega tilkynningu um kæru og getur kærandi óskað eftir aðstoð við það hjá þeim aðila, sem kvað upp úrskurðinn, sem kæra á.

Sá aðili, sem þannig fær tilkynningu um kæru, skal innan 4 vikna frá því að tilkynningin um kæru barst, senda kæranda rökstuðning fyrir úrskurðinum og jafnframt fyrirspurn um það til kæranda, hvort hann muni kæra eftir að hann hefur séð rökstuðning fyrir úrskurðinum.

11. gr.

Haldi aðili fast við þá ákvörðun sína að kæra til tryggingadóms, skal hann senda þeim aðila, er kvað upp úrskurðinn, sem kæra á, kæru.

Í kæru skal kærandi greina:

1. Að þetta sé kæra til tryggingadóms.
2. Nafn kæranda, stöðu, heimilisfang, fæðingardag og ár.
3. Úrskurð þann, sem kærður er.
4. Kröfu um breytingu á úrskurði og hvaða breytinga er krafist.
5. Ástæður, sem kærandi reisir kæruna á.
6. Þau skjöl eða sönnunargögn, sem fylgja kærunni.

Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

Ef kærandi óskar, þá ber þeim, sem kvað upp úrskurðinn, sem kæra á, að leiðbeina aðila við gerð kærunnar.

Sé kærandi búsettur í öðrum landshluta en úrskurðaraðili situr, þá skal umboðsmaður úrskurðaraðila, koma í hans stað, varðandi leiðbeiningarskyldu, ef kærandi óskar þess.

12. gr.

Sá aðili, sem fær senda kæru til tryggingadóms, skal svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan mánaðar, senda kæruna til tryggingadóms ásamt þeim skjölum, sem henni fylgdu, endurrit af úrskurði þeim, sem kærður er, rökstuðning fyrir úrskurðinum svo og endurrit af öðrum þeim skjölum, er málið varða.

Jafnframt er úrskurðaraðilanum rétt, ef því er að skipta að láta kærunni fylgja athugasemdir sínar.

Samtímis skal úrskurðaraðilinn senda kæranda eftirrit af bréfi sínu til tryggingadóms.

13. gr.

Ef úrskurðaraðili sendir ekki kæru til tryggingadóms innan tilskilins tíma, getur kærandi snúið sér beint til tryggingadóms með afrit af kærunni og skal þá tryggingadómur hlutast til um að dóminum verði afhent tilskilin gögn frá úrskurðaraðilanum.

Verði ekki orðið við þessum tilmælum dómsins, ber tryggingadómi að taka mál kæranda fyrir eins og það liggur fyrir sbr. 16. gr.

14. gr.

Fyrir tryggingadómi telst sá aðili, sem hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð, gagnaðili kæranda.

15. gr.

Kæra til tryggingadóms hefur almennt ekki frestandi áhrif á gildi hins kærða úrskurðar.

Þó getur dómurinn ákveðið, að kæran hafi frestandi áhrif, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og skal í þessu sambandi sérstaklega líta til hagsmuna kæranda.

16. gr.

Þá er tryggingadómi hefur borist kæra ásamt fylgiskjölum, tilkynnir dómurinn aðilum hvenær málið verður tekið fyrir.

Þá skulu aðilar málsins eða umboðsmenn þeirra mæta og leggja þá þegar fram þau skjöl, sem þeir ætla að leggja fram, ef nokkur eru umfram þau skjöl, sem dómurinn hefur þegar fengið í hendur.

Dómurinn skal athuga hvort kæran er réttilega úr garði gerð og ef svo er ekki, þá benda aðila á það sem ábótavant er og getur dómurinn í því skyni veitt aðila nokkurn frest.

Verði ekki orðið við þessum tilmælum dómsins um úrbætur, sem máli skipta, skal vísa máli frá dómi, ef gallar á málatilbúnaði eru kæranda að kenna og hann hefur notið leiðbeiningar skv. 11. gr. og fer ekki eftir leiðbeiningum dómsins.

Séu gallar á málatilbúnaði úrskurðaraðila að kenna og ekki er úr göllum bætt þrátt fyrir tilmæli dómsins, þá skal dómurinn taka kröfu kæranda til greina svo framarlega sem hún er á rökum reist.

Ef það telst nauðsynlegt, getur dómurinn veitt aðilum nokkurn frest til öflunar gagna. Við ákvörðun frests skal þess gætt að mál tefjist ekki að óþörfu.

Mál sem rekin eru fyrir tryggingadómi eru undanþegin sáttatilraun sáttanefndar.

17. gr.

Dómurinn skal stuðla að því að mál upplýsist sem best og skal í því skyni afla eða láta afla þeirra upplýsinga, er nauðsynlegar teljast og með þeim hætti, er dómurinn telur árangursríkast.

Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðin atriði.

Dómurinn getur kvatt aðila fyrir dóm til skýrslugjafar, einnig getur dómurinn kvatt vitni fyrir dóm til yfirheyrslu. Um yfirheyrslur aðila og vitna fyrir tryggingadómi gilda reglur um almenna meðferð einkamála í héraði.

Dómurinn getur ákveðið, að aðilaskýrslu skuli gefa eða vitnaskýrslu taka fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeigandi vitnis eða aðila.

Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur svo og um hegningu fyrir rangan framburð gilda reglur um almenna meðferð einkamála í héraði.

18. gr.

Ef dómurinn telur það nauðsynlegt að afla nánari upplýsinga um heilsu kæranda, vinnugetu eða vinnumöguleika, þá er kærandi skyldur til eftir ákvörðun dómsins að ganga undir rannsókn þeirra sérfræðinga, sem dómurinn ákveður.

Vegna eðlis mála þeirra, er tryggingadómur fer með, er læknum og öðrum sérfræðingum, sem með kæranda eða mál hans hafa haft að gera, skylt að veita dóminum upplýsingar um heilsufar og hagi kæranda óski dómurinn eftir því.

Þessar upplýsingar geta þó vegna eðlis mála þessara verið slíkar, að ekki sé rétt að þær komi til vitundar málsaðila. Getur dómurinn því óskað eftir upplýsingum frá læknum og öðrum sérfræðingum og haft til hliðsjónar við niðurstöðu málsins, án þess að upplýsingar þessar komi til vitundar málsaðila. Með þessar upplýsingar skal farið sem sérstök trúnaðarmál.

19. gr.

Málflutningur skal almennt vera skriflegur og leggur dómurinn til grundvallar við niðurstöðu sína málsskjöl og annað það ,sem fram hefur komið undir rekstri málsins.

Ef það telst hagkvæmara getur dómurinn ákveðið munnlegan málflutning. Munnlegur málflutningur skal almennt haldinn fyrir opnum dyrum, en formaður dómsins getur í sérstökum tilfellum eða þegar kærandi óskar þess, ákveðið, að málflutningur fari fram fyrir luktum dyrum.

20. gr.

Dómurinn gefur niðurstöðu sína til kynna með dómi og ræður meiri hluti atkvæða dómara niðurstöðu dómsins.

Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar.

Dómarar skulu við samningu dóms gæta þess að þar komi ekki fram neitt það er fara skal með sem sérstök trúnaðarmál sbr. 18. gr.

21. gr.

Málinu skal lokið svo fljótt sem unnt er og skal aðilum strax tilkynnt um niðurstöðu málsins.

22. gr.

Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila um þær kröfur, er þar eru dæmdar að efni til.

Dómur er bindandi fyrir dómara þegar dómur hefur verið kveðinn upp og aðilum verið tilkynnt um dóminn. Þó getur dómari bæði af sjálfsdáðum og eftir kröfu aðila leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi, en kveðja skal hann þá aðila eða umboðsmenn þeirra fyrir dóminn, nema um bersýnilegar ritvillur sé að ræða og benda þeim á leiðréttingarnar og bóka glöggt hvað leiðrétt hafi verið. Eftirrit, sem út kunna að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði skal afhenda dómara um leið til leiðréttingar.

23. gr.

Ef kærandi fer sjálfur með mál sitt skal dómurinn skipa honum talsmann ef það telst kæranda nauðsynlegt. Dómurinn ákveður laun talsmannsins og greiðast þau af almannafé.

Hafi kærandi falið lögmanni að flytja málið fyrir dóminum, ákveður dómurinn laun lögmannsins og greiðast þau af almannafé.

24. gr.

Ef dómur tryggingadóms gengur út á að taka kröfur kæranda til greina að nokkru eða öllu leyti getur dómurinn ákveðið, að mótaðili kæranda greiði allan málskostnað kæranda, þar á meðal kostnað skv. 23. gr.

Hafi kærandi bersýnilega að ástæðulausu kært til tryggingadóms getur dómurinn ákveðið, að kærandi skuli sjálfur bera þann kostnað, sem kæran hefur haft í för með sér.

25. gr.

Formaður dómsins gefur út dómsgerðir tryggingadóms í nafni dómsins.
Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

26. gr.

Kostnaður vegna tryggingadóms greiðist úr ríkisstjóði.
Réttargjöld skulu engin vera.

27. gr.

Dómum tryggingadóms má áfrýja til Hæstaréttar Íslands.

28. gr.

Um meðferð mála fyrir tryggingadómi skal þar sem ekki hefur öðru vísi verið ákveðið með lögum þessum, farið eftir lögum um meðferð einkamála í héraði.

Greinargerð.

Hinn 20. janúar 1972 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að semja lög um tryggingadóm.

Í nefndina voru skipuð: Auður Þorbergsdóttir lögfræðingur, formaður nefndarinnar, Snorri Hallgrímsson prófessor og Erlendur Lárusson tryggingastærðfræðingur.

Í skipunarbréfi nefndarmanna segir svo um hlutverk nefndarinnar: „Með lögum nr. 96, 27. desember 1971 var ákveðið að setja á stofn tryggingadóm og skyldi setja honum og starfsemi hans sérstök lög. Til þess að semja slíka löggjöf hefur ráðherra ákveðið að skipa nefnd þriggja manna . . . . . “

Frekara erindisbréf fékk nefndin ekki.

Nefndin tók fljótlega til starfa og hélt alls 11 fundi fullskipuð, en 27. janúar 1973 lézt prófessor Snorri Hallgrímsson. Hafði nefndin þá að mestu lokið störfum, en hafði þó ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. Eftir það voru haldnir 4 fundir til þess að ganga endanlega frá tillögum nefndarinnar.

Aðdragandi lagasetningar um tryggingadóm var sá, að nefnd sú, sem skipuð var til að endurskoða almannatryggingakerfið í ágúst 1971, lagði til, að í lög um almannatryggingar yrði sett ákvæði um tryggingadóm, sem ætlað yrði það hlutverk að skera úr ágreiningi um bótarétt milli einstaklinga og Tryggingastofnunar ríkisins eða sjúkrasamlaga. Alþingi ákvað hins vegar, að um tryggingadóm yrði sett sérstök löggjöf, og segir svo í 1. gr. laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 20. apríl 1971:

„. . . . . Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.“

Í athugasemdum við einstakar greinar þess frumvarps segir, að lagt sé til að settur verði á stofn sérstakur sjálfstæður tryggingadómur, sem einstaklingar geti skotið bótaréttarmálum til, og að slíkur dómur ætti að tryggja rétt bótaþega og samræmi úrskurða í bótamálum án þess að draga að nokkru leyti úr rétti til að leita réttar síns við hina almennu dómstóla. Í umræðum á Alþingi við setningu laga nr. 96/1971 var lítið fiallað um tryggingadóm og hlutverk hans. Þó kom fram, að slíkir dómstólar væru til á Norðurlöndum.

Nefndarmenn kynntu sér eftir föngum, hvernig málum þessum er háttað á Norðurlöndum og tók það töluverðan tíma að afla þeirra gagna sem nauðsynleg voru.

Í Svíþjóð voru sett lög um tryggingadóm hinn 26. maí 1961 og tók dómurinn til starfa á árinu 1963. Dómarar eru 9. Í almennum málum dæma 5 dómarar, 3 löglærðir

og 2 meðdómendur. Í málum sérstaks eðlis dæma 9 dómarar, 5 lögfræðingar og 4 meðdómendur. Verkefni dómsins er að dæma í málum vegna ágreinings um úrskurði á sviði almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga tryggingarfélaga. Dómum tryggingadóms Sviþjóðar verður ekki áfrýjað.

Í Danmörku er ekki starfandi sérstakur tryggingadómur. Ágreining á sviði almannatrygginga er ekki leyfilegt að leggja undir hina almennu dómstóla. Á hinum ýmsu sviðum trygginga eru mismunandi kæruleiðir. Í sumum þeirra er félagsmálaráðherra síðasti úrskurðaraðili.

Í Finnlandi er tryggingadómur, en hlutverk hans og verksvið er mismunandi á ýmsum sviðum trygginga. Sjúkratryggingar og eftirlaunasjóðir ríkis og sveitarfélaga standa utan við verksvið tryggingadómsins. Á sviði slysatrygginga, opinberra og á vegum tryggingafélaga, er tryggingadómurinn fyrsta dómsstig og er hægt að áfrýja dómum tryggingadóms á þessu sviði með vissum takmörkunum til Hæstaréttar Finnlands. Sama gildir um stríðsslysatryggingar. Samkvæmt lögum um eftirlaun sjómanna er tryggingadómurinn eina dómsstigið. Á öðrum sviðum, t. d. að því er varðar ýmsar lífevristryggingar, er tryggingadómur annað og síðasta dómsstigið. Á enn öðrum sviðum er ágreiningur lagður fyrir „Högsta forvaltningsdomstolen".

Í Noregi er tryggingadómur og er verkefni hans að dæma í málum vegna ágreinings um réttindi og skyldur hins opinbera og einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar ,lögum um barnalífeyri, lögum um stríðstryggingu, lögum um lífeyrissjóði lögum um samræmingu á bótum almannatrygginga og lífeyristrygginga, svo og samkvæmt lögum þeim, sem undir dóminn kunna að verða felld. Ágreining má þá fyrst leggja undir úrskurð almennra dómstóla, er tryggingadómur hefur um hann fiallað, og kveðið upp dóm.

Lög hinna Norðurlandanna eru eins og hér kemur fram mjög mismunandi og miðuð við aðstæður og þróun í hverju landi fyrir sig. Hefur nefndin að takmörkuðu leyti stuðst við þessi lög en þá einkum við norsku lögin í einstökum atriðum.

Í upphafi kom fram, að nefndarmenn höfðu misjafnar hugmyndir um hlutverk væntanlegs tryggingadóms. Að ósk nefndarinnar kom ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á fund með nefndinni, en hann hafði átt sæti í nefnd þeirri, sem skipuð var í ágúst 1971 til að endurskoða almannatryggingakerfið. Hann tjáði nefndarmönnum, að upphaflega hugmyndin hefði verið, að tryggingadómur fjallaði um úrskurði tryggingaráðs einvörðungu, og hefði ekki komið fram aðrar hugmyndir, enda þótt Alþingi hefði breytt tillögum endurskoðunarnefndarinnar í þá átt, að tryggingadómur skyldi vera sjálfstæður dómstóll, er sett skyldi um sérstök lög.

Nefndin varð ekki sammála um hlutverk tryggingadóms. Snorri Hallgrímsson og Erlendur Lárusson voru þeirrar skoðunar, að verkefni dómsins skyldi vera, að dæma í málum vegna ágreinings um úrskurði um bætur og bótarétt samkvæmt tryggingum almannatrygginga, lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og eftirlaunasjóða og tryggingum á lífi og heilsu eða gegn líkamstjóni á vegum tryggingarfélaga, hvort sem til þeirra trygginga er stofnað af einstaklingum sjálfum eða af þriðja aðila. Formaður nefndarinnar Auður Þorbergsdóttir hefur hins vegar talið að hlutverk hans ætti að vera að dæma í málum, sem rísa vegna ágreinings um úrskurði tryggingaráðs Tryggingastofnunar ríkisins einvörðungu, enda væri ella að hennar áliti farið út fyrir skipunarbréf nefndarmanna. Auk þess telur formaður að mjög óheppilegt sé, að taka málaflokka undan hinu almenna dómsstólakerfi landsins og stofna sérdómstóla. Formaður bendir í því sambandi á, að nú sé unnið að endurskoðun á lögum um almenna meðferð einkamála. Hingað til hafi ekkert bannað, að ágreiningsmál vegna úrskurða Tryggingastofnunar ríkisins væru lögð undir hina almennu dómstóla landsins, en lítið .ef nokkuð, hafi verið gert af því.

Formaður telur einnig, að betra og hagkvæmara væri að koma á fót upplýsingastofnun, þar sem sérmenntað starfsfólk veitti borgurunum upplýsingar um ítrasta rétt þeirra í tryggingamálum almennt og mætti þá ætla, að ef vel tækist til, væri sú stofnun og hið almenna dómstólakerfi nægjanlegt til þess að veita almenningi

hið fyllsta öryggi og væri þá í því sambandi hafðir í huga möguleikar félítils fólks á því að fá gjafsókn.

Skoðun Erlendar Lárussonar er sú, að ekki sé farið út fyrir skipunarbréf nefndarmanna með tillögum um hlutverk tryggingadóms á öðrum sviðum trygginga en almannatrygginga, og bendir hann á, að upphaflegum tillögum um tryggingadóm hafi einmitt í meðförum Alþingis verið breytt í þá átt að gera dóminn að sjálfstæðum dómstól með sérstakri löggjöf, og að tekið sé fram í skýringum með frumvarpi þess efnis, að honum sé m. a. ætlað að samræma úrskurði í bótamálum.

Skoðun Erlendar Lárussonar er — og sú var einnig skoðun Snorra Hallgrímssonar — að það sé allsendis ófullnægjandi að binda verkefni tryggingadóms eingöngu við úrskurði tryggingaráðs. Sá dómur hefði mjög takmörkuðu hlutverki að gegna, enda hafi það verið á öðrum sviðum trygginga, sem einstaklingar hafi leitað til dómstóla vegna tryggingamála. Almannatryggingarnar séu aðeins lítill þáttur tryggingamála einstaklingsins og aðrar tryggingar séu oft á tíðum algerlega hliðstæðar og jafnvel nákvæmlega hinar sömu og hinar opinberu, enda margar þeirra lögboðnar eða bundnar samkvæmt samningum stéttarfélaga.

Þess sé skemmst að minnast að Alþingi setti lög um slysatryggingar sjómanna, sem m. a. gera ráð fyrir bótum samkvæmt lögum um almannatryggingar, en tryggingar þessar eru á vegum tryggingafélaga. Einnig megi minna á þann mikilvæga áfanga í tryggingamálum, þegar samið var um slysabætur til handa öllum launþegum í Alþýðusambandi Íslands í kjarasamningunum í nóv. 1971, en þær eru einnig á vegum tryggingarfélaga. Ekki sé fullnægjandi, að lög, sem miða að því að auka réttaröryggi einstaklingsins á sviði tryggingamála nái ekki til ágreiningsatriða um bætur og bótarétt samkvæmt tryggingum af þessu tagi. Sama gildi um aðrar persónubundnar tryggingar (þ. e. tryggingar, sem bæta mönnum líkams- og heilsutjón og aðstandendum bætur vegna andláts), þær séu af félagslegum toga spunnar, hvort sem þær séu á vegum hins opinbera, ýmissa sjóða eða tryggingarfélaga. Leggja beri áherslu á nauðsyn þess að einstaklingurinn eigi þar ríkan rétt, tryggingarnar verði gerðar úr garði með hagsmuni hinna tryggðu fyrir augum og skilmálar þeirra þannig, að tryggingarnar uppfylli vaxandi kröfur einstaklingsins um öryggi. Hann fái bætur sínar án langvarandi, kostnaðarsamra og erfiðra málaferla. Aðferðin við að ná rétti sínum varðandi bætur verði einstaklingnum ekki það erfið í framkvæmd og kostnaðarsöm, að hann láti hjá líða að leita réttar síns eða gangi að skilmálum, sem honum eru óhagstæðari en efni standa til. Tryggingar hins opinbera séu nauðsynleg grundvallarvernd, hlutverk trygginga annarra aðila, lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, eftirlaunasjóða og tryggingarfélaga, eigi að mynda eðlilegt framhald hinna opinberu trygginga. Líta beri á tryggingar einstaklingsins, sem eina heild frá sjónarmiði bóta og bótaréttar. Þau gögn, sem einstaklingurinn leggi fram sem grundvöll að bótakröfum sínum séu mestmegnis hin sömu, hver sem tryggingaraðilinn er. Sömu læknisvottorðin, örorkumörkin og tryggingafræðilegu útreikningarnir séu lagðir fram hjá hinum ýmsu tryggingaraðilum.

Tryggingamál einstaklingsins séu oft mjög flókin og margbrotin og einstaklingurinn hafi oft lítið yfirlit yfir þær bætur, sem hann kunni að eiga rétt á hjá hinum ýmsu tryggingaraðilum. Þar við bætist, að eins og nú er, taki oft mjög langan tíma að fá úrskurð dómstóla um bætur, einkum þegar um mat á skaðabótaskyldu er að ræða. Það er skoðun Erlendar Lárussonar — og sú var einnig skoðun Snorra Hallgrímssonar — að ágreiningsmál af því tagi ættu einnig að heyra undir tryggingadóm, þegar frjáls ábyrgðartrygging eða lögboðin ábyrgðartrygging bifreiða sé fyrir hendi og um líkamstjón sé að ræða.

Brýn nauðsyn sé á fljótvirkari meðferð þessara mála en nú er. Tryggingadómur, sem fjallaði um þessi mál myndi og stuðla að samræmdum bótareglum og yrði sérhæfður á þessu sviði. Með því, að gert sé ráð fyrir, að dómum tryggingadóms megi áfrýja til Hæstaréttar, sé ekki verið að taka mál þessi undan hinu almenna réttarkerfi í landinu .Þvert á móti sé verið að stuðla að auknu réttaröryggi með tillögum

um sérhæfðan og fljótvirkan dómstól, sem móti samræmdar reglur á þessu sviði, sem síðan megi láta reyna á fyrir Hæstarétti.

Nefndinni auðnaðist ekki, að ganga frá því sameiginlega á hvaða formi tillögur nefndarinnar yrðu settar fram. Eina ágreiningsefnið var 2. gr. laganna um hlutverk dómsins og var hugmynd Erlendar Lárussonar og Snorra Hallgrímssonar, að sú grein hljóðaði þannig:

„Verkefni tryggingadóms er að dæma í málum, sem rísa vegna ágreinings um úrskurði tryggingaraðila um bætur, sem einstaklingar kunna að eiga rétt á samkvæmt lögum, reglugerðum, vátryggingarsamningum eða öðrum samningum, sem fela í sér tryggingu á lífi og heilsu eða gegn líkamstjóni, hvort sem til tryggingarinnar hefur verið stofnað af honum sjálfum eða af þriðja aðila. Með tryggingaraðila er í lögum þessum átt við tryggingarráð Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnir lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, eftirlaunasjóða, vátryggingarfélaga og annarra aðila, sem starfa hér á landi og hafa með höndum tryggingar af því tagi, sem hér greinir. Málum, sem rísa vegna úrskurða tryggingaraðila skal vísað til tryggingadóms."

Hugmynd Auðar Þorbergsdóttur var að sú grein hljóðaði þannig:

„Verkefni tryggingadóms er að dæma í málum, sem rísa vegna úrskurða tryggingaráðs Tryggingastofnunar ríkisins, varðandi bætur og bótarétt einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar".

Að öðru leyti var nefndin sammála um tillögur sínar.

Auður Þorbergsdóttir og Erlendur Lárusson hafa orðið sammála um að leggja fram tillögur nefndarinnar þannig, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að verkefni tryggingadóms sé að dæma í málum vegna úrskurða tryggingaráðs Tryggingastofnunar ríkisins, en tekið er fram, að verkefni hans sé jafnframt að dæma í öðrum þeim málum, sem undir dóminn kunna að verða felld með lögum. Í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins er og tekið fram, að þá séu höfð í huga málefni lífeyrissjóða og annarra tryggingaraðila.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. l. nr. 96 frá 1971 er ákvæði þess efnis, að úrskurðum tryggingaráðs megi áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf. Þetta ákvæði er ástæða fyrir samningu frumvarps þess er liggur fyrir.

Eðlilegt þykir, að tryggingadómur sitji í Reykjavík, þar er Tryggingastofnun ríkisins og tryggingaráð. Ólíklegt er að oft teljist nauðsynlegt að halda dómþing utan Reykjavíkur, en rétt þykir að halda þeim möguleika opnum.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um verkefni tryggingadóms.

1. mgr. er í samræmi við 1. gr. l. nr. 96 frá 1971.

2. mgr. gefur möguleika á því að leggja fleiri mál undir tryggingadóm, en í 1. mgr. segir og eru þá höfð í huga ágreiningsefni vegna úrskurða stjórna lífeyrissjóða og annarra aðila varðandi bætur og bótarétt einstaklinga.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til að dómarar tryggingadóms séu fjórir enda þótt aldrei sitji fleiri en þrír í dóminum samtímis. Formaður dómsins ákveður hverju sinni hvernig dómurinn er skipaður.

Mál fyrir tryggingadómi geta verið mismunandi, þannig að í sumum tilfellum sé aðallega um læknisfræðilegt mat að ræða, í öðrum reyni á sérþekkingu tryggingastærðfræðings í enn öðrum sé aðallega um lögfræðilega túlkun að ræða og þykir því rétt að leggja það á vald formanns dómsins að ákveða skipun dómsins í hverju einstöku máli.

Um 5., 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er átt við hvern einstakan af þeim þremur dómurum tryggingadóms, sem dómurinn er skipaður hverju sinni. Þannig, að sá af dómurum tryggingadóms, sem ekki situr í dómi á ekki íhlutunarrétt um það hvort einhver hinna þriggja víkur sæti eða ekki.

Dómurinn er fullskipaður með þremur dómurum.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um „þann aðila, sem kveðið hefur upp úrskurð þann, sem kæra á til tryggingadóms". Svo framarlega sem tryggingadómur fjallar eingöngu um mál, sem rísa vegna úrskurða tryggingaráðs, er þessi aðili tryggingaráð. En verði fleiri mál, lögð undir dóminn, þá getur verið um aðra aðila að ræða.

Rétt þykir að setja kærendum ákveðinn frest til þess að kæra úrskurði, en kærufrestur er hafður nokkuð rúmur og er það gert með hagsmuni kærenda í huga, sama er um undantekningar frá þriggja mánaða kærufrestinum.

Um 10. gr.

Ákvæði 2. mgr. er í því skyni, að koma í veg fyrir óþarfa málshöfðun og til að stuðla að því að ágreiningsatriði liggi ljós fyrir áður en mál er höfðað og hugsanlegum misskilningi eytt. Það þykir líklegt, að þá er kærandi sér rökstuðning fyrir úrskurði og eða úrskurðaraðili hefur kannað málsatvik á ný, þá geti viðhorf kæranda eða úrskurðaraðila breyst.

Um 11. gr.

Hér eru talin upp þau formskilyrði, sem kæra verður að uppfylla.

Hér er úrskurðaraðila lögð sú skylda á herðar að leiðbeina kæranda við gerð kærunnar.

Ákvæði 5. mgr. er í því skyni að auðvelda aðstöðu þess fólks er býr fjarri Reykjavík og þykir rétt, að umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, hver í sínu umdæmi geti komið fram gagnvart kæranda sem umboðsmenn tryggingaráðs varðandi leiðbeiningarskyldu. Sama gildir um umboðsmenn annarra aðila, sem kunna að falla undir lög þessi.

Um 12. gr.

Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að því, að mál þessi gangi sem fljótast fyrir sig. Þá er tryggingadómur hefur fengið í hendur skjöl þau, sem í þessari grein eru talin, má ætla, að í mörgum tilvikum hafi dómurinn fengið þau gögn, sem nauðvynleg eru.

Ákvæði 3. mgr. er til þess að kærandi megi fylgjast með afgreiðslu málsins til tryggingadóms.

Um 13. gr.

Þessu ákvæði er ætlað að vera úrskurðaraðila til aðhalds og koma í veg fyrir að mál tefjist.

Um 14. gr.

Þetta ákvæði er vegna flutnings mála fyrir tryggingadómi.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þessi grein er um fyrirtekt og málsmeðferð fyrir tryggingadómi.

Eftir að mál eru tekin fyrir í tryggingadómi ber dóminum að leiðbeina kæranda um meðferð málsins, sbr. og 23. gr. laganna.

Um 17. gr.

Hér er lögð ríkari skylda á dómara í því skyni að upplýsa mál, en gildir í almennum einkamálum og er það í samræmi við megintilgang laganna.

Getur dómurinn í því skyni leitað eftir upplýsingum lækna, félagsráðgjafa og annarra, sem með mál kæanda hafa haft að gera.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar er til þess að stuðla að því að mál fyrir dóminum upplýsist sem best. Eru læknar og aðrir sérfræðingar því skyldaðir til að veita dóminum umbeðnar upplýsingar. Þær geta verið algjör forsenda þess að mál verði nægjanlega upplýst.

Vegna eðlis mála þessara getur verið óheppilegt, að kærandi fái um þessar upplýsingar að vita og skal dómurinn leggja mat á það hverju sinni, hvort kærandi fái um þessar upplýsingar að vita eða ekki og getur dómurinn við það mat m.a. byggt á áliti sérfræðinganna á því hvort óheppilegt er eða ekki, að kærandi fái um upplýsingarnar að vita.

Ákvæði 3. mgr. skal þó ekki beita nema nauðsyn krefji.

Um 19., 20., 21. og 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Þetta ákvæði er bæði til þess að auðvelda gang mála fyrir dóminum og auðvelda kærendum málsmeðferðina og koma í veg fyrir að fjárskortur valdi því að fólk leiti ekki réttar síns fyrir dóminum.

Um 24. gr.

Rétt þykir að úrskurðaraðili beri þann kostnað, sem kæra fyrir tryggingadómi hefur haft í för með sér ef úrskurði úrskurðaraðila hefur verið breytt kæranda í hag.

Ákvæði 2. mgr. er í því skyni að skapa aðhald í þá átt að reyna að koma í veg fyrir tilefnislausar kærur til dómsins.

Um 25., 26., 27. og 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Eftirmáli.

Frumvarp þetta, eins og nefndin gekk frá því, var sent nokkrum aðilum til umsagnar, m. a. tryggingaráði og endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem er skipuð eftirtöldum:

Geir Gunnarsson, formaður
Adda Bára Sigfúsdóttir
Halldór S. Magnússon
Oddur Ólafsson
Páll Sigurðsson
Sigurður Ingimundarson og
Tómas Karlsson.

Endurskoðunarnefndin sendi frá sér athugasemdir þær, sem hér fylgja sem fylgiskjal I og hafa þær verið felldar inn í frumvarpið.

Aðrar umsagnir bárust ekki.

Fylgiskjal.

Endurskoðunarnefnd Almannatryggingalaga.

Reykjavík, 5. október 1973.

Endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga hefur fjallað um frv. til laga um tryggingadóm, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur sent nefndinni til umsagnar.

Nefndin er sammála um að gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 3. gr. frv. telur nefndin æskilegt að tekið sé fram, hver skipar dómara í tryggingadóm og að sú skipun sé bundin við ákveðinn tíma, t. d. til 4ra ára.
2. Nefndin leggur til að 4. grein verði svohljóðandi:
„Jafnan skulu hinir 2 löglærðu dómarar sitja í dómi. Formaður ákveður hverju sinni hvor hinna dómaranna, læknir eða tryggingafræðingur, tekur sæti í dómnum.“
3. Nefndin leggur til að frestur sá, sem um getur í 10. grein 2. mgr., verði 4 vikur í stað tveggja.
4. Loks leggur nefndin til að síðasta setning 24. greinar verði felld niður.

Virðingarfyllst,

Jón Ingimarsson,
ritari

Sþ. 349. Fyrirspurnir. [199. mál]

I. Til samgönguráðherra um öryggi sjómanna á loðnuveiðum.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvaða reglur gilda um hleðslu íslenskra fiskiskipa?
2. Er þeim reglum fylgt til dæmis á loðnuveiðum?
3. Er fylgst með hæfni fiskiskipa af minni gerðum til þess að beita hinni viðamiklu loðnunót?

II. Til utanríkisráðherra um björgunarstarfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

1. Hve margar flugvélar og þyrlur og af hvaða gerðum og hvaða önnur tæki notar varnarliðið á Keflavíkurflugvelli við björgunarstörf?
2. Hve mikinn mannafla notar varnarliðið beint eða óbeint við björgunarstörf?
3. Hve oft hefur björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og aðrar deildir þess látið í té aðstoð við fólk í nauðum statt að beiðni opinberra aðila íslenskra á árinu 1973? Hvernig flokkast þessi aðstoð eftir tegundum neyðartilfella?
4. Telur ráðherrann nokkuð því til fyrirstöðu, að Íslendingar gætu tekið þessa björgunarstarfsemi að sér?

III. Til forsætisráðherra um starfsemi Viðlagasjóðs.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hverjar hafa tekjur Viðlagasjóðs orðið til þessa eftir hinum ýmsu tekjuliðum?
2. Hver hafa útgjöld sjóðsins orðið á sama tíma, og hverjir eru helstu útgjaldaþættir hans?
3. Hvaða horfur eru á, að fjármagn sjóðsins, sbr. tekjustofna í lögum nr. 4 frá 1973, fullnægi því hlutverki, sem honum er þar ætlað?

Ed. 350. Frumvarp til laga [200. mál]

um landgræðslustörf skólafólks.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

Heimilt er að kveðja til starfa við landgræslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.

2. gr.

Landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinnu vegna gróðurverndar; gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrúðjurta og endurbætur skrúðgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

Lög þessi taka hvorki til túnræktar né annarra sérstakra framkvæmda á lögbýlum.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd þessara laga.

Skógrækt ríkisins — að fengnum tillögum Skógræktarfélags Íslands — velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er á skóglendi.

Landgræsla Íslands — að fengnum tillögum Landverndar — velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf nemenda í skólum í Reykjavík, sbr. þó 2. málsgr.

Búnaðarsamband á því svæði, þar sem skóli starfar utan Reykjavíkur, velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf skólafólks á búnaðarsambandssvæðinu.

Verkefni skólafólks við landgræslu, sbr. 2. gr., skulu valin í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra og fyrir eitt skólaár í senn.

4. gr.

Skólastjóri ákveður, hvaða daga á skólaárinu skal unnið að landgræslu, og tilkynnir það nemendum skólans.

Skólastjóri eða kennari skal hafa eftirlit með landgræslustörfum nemenda skólans.

5. gr.

Ferðakostnað nemenda vegna landgræðslustarfa skal telja með skólakostnaði.

6. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um landgræslustörf skólafólks.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er ótvírætt, að gróðurfari Íslands hefur hnignað að miklum mun, frá því að land byggðist. Þótt mikið verk sé unnið árlega við ræktun og landgræslu, eru eyðingaröflin svo áhrifamikil, að ekki er fullvíst, hvort meira vinnst eða tapast enn þá á þessu sviði ár hvert, þegar litið er á landið í heild. Eitt hið mikilvægasta viðfangsefni þjóðarinnar er að snúa vörn í sókn á þessu sviði.

Um þessar mundir er þetta mikilvæga þjóðmál til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að gera áætlun um framkvæmdir. Í framhaldi af því verður að auka stórlega framlög til landgræðslu.

Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var kjörorð íslenskra æskumanna þetta: Ræktun lýðs og lands. Margir þeirra, er á æskuárum höfðu þetta að kjörorði, hafa í reynd orðið miklir ræktunarmenn, og bera sveitir landsins verkum þeirra fagurt vitni.

Þróun atvinnuvega er þannig, að þeim, sem stunda landbúnað, fækkar hlutfallslega miðað við íbúafjölda landsins í heild. Auknum framförum og fjölbreytni atvinnulífs fylgir æ meiri verkaskipting. Lítill hluti æskumanna er nú vegna atvinnu sinnar í beinum tengslum við ræktunarstarfið. Með hinu margbrotna skólastarfi fer fram í vaxandi mæli undirbúningur að því að vinna að öðrum verkefnum en ræktun og landgræðslu.

Framkvæmdum við ræktun og landgræðslu má skipta í þrennt:

Ræktun túna og haga í heimalöndum lögbýla mun framvegis sem fyrr verða bundin við framtak bændastéttarinnar með þeim stuðningi af hálfu ríkisins, sem ákveðinn er í jarðræktarlögum.

Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins munu eflast og halda áfram að leysa af hendi stór verk og mikilvæg, eftir því sem fé er veitt til þeirra framkvæmda. Það mun framvegis verða veigamikill þáttur í landgræðslu, svo sem nú er.

Þriðji þátturinn er landgræðslustarf áhugamanna.

Félagasamtökin Landvernd, sem stofnuð voru fyrir fjórum árum, hafa sýnt lofsvert framtak. Að tilhlutan Landverndar hefur verið dreift fræi og áburði til græðslu lands sem hér segir:

Ár	Fræ	Áburður
1972	24.9 smál.	393.25 smál.
1973	6.5 —	238.5 —

Á undanförnum árum hefur Ungmennafélag Íslands og einstök félög innan vébanda þess beitt sér fyrir því, að sjálfboðaliðar ynnu við að dreifa áburði og fræi á gróðursnautt land. Þessi starfsemi ungmennafélaganna var hafin árið 1967. Síðan hefur á vegum ungmennafélaganna verið dreift fræi og áburði vegna landgræðslu eins og hér segir:

Ár	Fræ	Áburður	Fræ og áburður
1968	5 smál.	67 smál.	
1969	7 —	90 —	
1970	10 —	120 —	
1971			134.7 smál.

Hin síðustu ár hefur landgræðslustarf ungmennafélaganna verið skipulagt í samráði við Landvernd og samvinna höfð milli þessara stofnana um framkvæmdir.

Hér skal á það minnt, að flugmenn íslenskir gáfu kost á því að stýra flugvél Landgræðslu ríkisins til að dreifa áburði á tiltekin landssvæði og skyldu þeir vinna verkið án þess að krefjast launa fyrir það.

Starf áhugamanna við landgræðslu þarf að auka stórlega og skipuleggja sem best.

Hið íslenska skólakerfi er orðið umfangsmikið. Af rekstrargjöldum ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1973 fara um 17% til fræðslumála. Þeim æskumönnum, er sitja á skólabekk að skyldunámi loknu, fjölgar ár frá ári, og það sækir í það horf, að skólatími lengist ár hvert. Í frumvarpi um grunnskóla er miðað við það sem aðalreglu, að starfstími skóla verði níu mánuðir, þannig að skóli starfi frá 1. sept. til 31. maí hvert skólaár.

Hin langa skólaseta getur haft lamandi áhrif á líkamlegt þrek æskumanna, nema jafnframt bóknámi sé nokkrum tíma varið til íþrótta og útivistar. Þess er og gætt, þegar námsskrá er samin, að ætla tíma til þess, og telst það til skólastarfsins.

Í frumvarpi um grunnskóla er kveðið svo á:

„Miðað við níu mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu."

„Skólastjóri og kennararáð ákvarða, hversu ráðstafa skulu þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa."

„Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans eftir því sem aðstæður leyfa."

Frumvarp þetta kveður svo á, að heimilt skuli vera að kveðja til starfa við landgræðslu tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður. Landgræðslustörf í þessu sambandi teljast græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar; gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrúðjurta og endurbætur skrúðgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana. Landgræðslustörf skólafólks skulu undirbúin og skipulögð sem best að tilhlutan Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins eða búnaðarsambands.

Samkvæmt yfirliti um fjölda nemenda og kennara í skólum skólaárið 1972—1973 — en það yfirlit er birt með grunnskólafrumvarpinu — voru þá samtals um 25 þúsund nemendur í skólum þeim, sem frumvarp þetta tekur til. Ef frumvarpið verður lögfest og ákvæði þess látin koma til fullra framkvæmda, má ætla með vísun til nemendafjölda, að hægt verði á þessum grundvelli að fá unnin á einu ári um 50 þúsund dagsverk við landgræðslu, þótt vinna hvers einstaklings við þessi verkefni sé aðeins tvö dagsverk á ári. Af þessu má marka, að hér er um að ræða verulegt framlag til gróðurverndar og landgræðslu.

Í frumvarpi þessu felst heimild til að kveðja til landgræðslustarfa nemendur í skólum, sem kostaðir eru af ríkinu að einhverju eða öllu leyti. Ekki verður skylt að láta þetta koma til fullra framkvæmda þegar í stað. Ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verða, má framkvæma í áföngum, eftir því sem störfin verða undirbúin og skipulögð samkv. 3. gr. Kemur þá í ljós, hvort hugmynd sú, sem hér er reifuð, stenst próf reynslunnar.

Með þessu frumvarpi er ekki stefnt að því að koma á með löggjöf þvingandi valdboði. Það er borið fram með það fyrir augum að glæða þann áhuga á þessu viðfangsefni, sem komið hefur fram hjá ungmennafélögum og ýmsum öðrum, og að efla starfsemi áhugamanna á þessu sviði.

Þjóðhátíðarárið 1974 á að verða ár mikilla fyrirheita um að græða landið, bæta það og fegra. Unga kynslóðin, sem vissulega nýtur góðra lífskjara í landinu, á að fá tækifæri til að sýna með skipulegum átökum, að börn vorhugans séu að verki, þar sem hún gengur til starfa.

Nd. 351. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og ferjuskipi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur tekið þetta mál til athugunar og afgreiðslu. Vilhjálmur Hjálmarsson, Þórarinn Þórarinsson, Gylfi Þ. Gíslason og Matthías Á. Mathiesen leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að ríkisstjórninni verði einnig heimilað að ábyrgjast lán til kaupa á skipi til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, og flytur formaður nefndarinnar breytingartillögu þar um. Hafa aðrir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til hennar.

Gylfi Þ. Gíslason, Matthías Á. Mathiesen, Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason gagnrýna þá málsmeðferð að fella saman í eitt frumvarp tvö óskyld atriði, þ. e. ábyrgðarheimildir vegna kaupa á fiskiskipum annars vegar og á ferjuskipum hins vegar.

Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason eru efnislega andvígir þeirri breytingu, sem gerð var á frumvarpinu í efri deild, en styðja málið, eins og það var upphaflega lagt fyrir Alþingi.

Einn nefndarmanna, Gils Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. febr. 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Þórarinn Þórarinsson,	Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.

Nd. 352. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og ferjuskipi.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess.
2. Í stað orðsins „ferjuskipi“ í fyrirsögn frv. komi: til kaupa á 2 ferjuskipum.

Ed. 353. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt lögum þessum eru:

a) sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Enn fremur annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í

umboði framangreindra embættismanna og eftir ákvörðun þeirra dómarar og löggiltir fulltrúar við embætti þeirra, svo og aðrir fulltrúar þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins,

b) hreppstjórar. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri,

c) skipstjórar á íslenzkum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,

d) forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiræðismenn. Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Enn fremur fara kjörræðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjörræðismenn verða kjörstjórar.

Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a) í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur,

b) í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c) um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,

d) í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiræðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

Kjörstjóra samkvæmt a og b lið 1. málsgr. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Kjörstjóri samkvæmt a og b lið 1. málsgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma, sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðuneytið setur. Utanríkisráðuneytið auglýsir, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum, sem eru kjörstjórar samkvæmt 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktun um endurskoðun laga um kosningar til Alþingis, þar sem ríkisstjórninni var falið að leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á kosningalögum með það fyrir augum að auðvelda utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni og í umræðum kom fram, að fyrst og fremst var haft í huga að auðvelda þeim, sem dveljast erlendis, einkum námsmönnum, en kosningarrétt hafa hér, að neyta kosningarréttar síns, svo og að gera þeim, sem ekki geta vegna heilsubrests ferðast til kjörstjóra, kleift að neyta kosningarréttar.

Samkvæmt gildandi kosningalögum getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla farið fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), í skrif-

stofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, eða kjörræðismanns, sem er íslenskur ríkisborgari eða af íslensku þjóðerni og mælir á íslenska tungu, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi í millilandasiglingum eða á fjarlægum miðum. Kjósanda er ætlað að koma á fund kjörstjóra á tilteknum stað. Er þeim, sem ekki hafa tök á því að koma til fundar við kjörstjóra, því gert ómögulegt að neyta kosningarréttar síns. Á það fyrst og fremst við um þá, sem vegna sjúkdóms, líkamlegrar bæklunar eða ella dvelja á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum aldraðra, en á að sjálfsögðu með sama hætti við um þá, sem í heimahúsum dvelja, en ekki eiga heimangengt af sömu ástæðum.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimilað verði að framkvæma utankjörfundarkosningu í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra, og eru þá hafðar í huga þær stofnanir, sem slík nöfn bera samkvæmt IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 27. apríl 1973, og lögum um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 15. apríl 1973. Gert er ráð fyrir því, að í stofnunum þessum fari kosningaathöfnin að öllu leyti fram með sama hætti og þegar kosning fer fram á skrifstofu eða heimili kjörstjóra. Er gert ráð fyrir því, að viðkomandi kjörstjóri ákveði, í samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, hvenær atkvæðagreiðsla getur þar farið fram, en um þetta efni mundi dómsmálaráðunevtið setja nánari reglur. Að jafnaði mundi ekki þörf á að halda kjörfund oftar en einu sinni í hverri stofnun.

Miðað við gildandi lagaákvæði getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla nú farið fram á 19 stöðum erlendis í 10 þjóðlöndum, en það er í íslenskum sendiráðum, 9 að tölu, hjá 1 útsendum ræðismanni og að auki hjá 9 kjörræðismönnum, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku bergi brotnir og mæla á íslenska tungu. Íslendingum, sem erlendis dvelja, við nám eða af öðrum ástæðum, en eiga kosningarrétt hér, hefur á undanförnum árum farið fjölgandi og eru þeir dreifðari um lönd en áður. Er þeim í mörgum tilvikum fyrirmunað að neyta kosningarréttar síns vegna mikillar fjarlægðar til næsta kjörstjóra.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að haldið verði gildandi reglum um atkvæðagreiðslu í sendiráðum og hjá útsendum ræðismönnum. Hins vegar er lagt til, að utanríkisráðuneytinu verði falið að ákveða og auglýsa fyrir hverjar kosningar, hvar utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram hjá kjörræðismönnum. Mundi með því mega fjölga að mun kjörstöðum erlendis. Í því sambandi ber að hafa í huga, að kjörræðismenn eru ólaunaðir og hafa eigi viðveruskyldu á skrifstofu sinni gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Er því eigi hægt að skylda þá til viðveru á skrifstofum sínum allan þann tíma, sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla má annars fara fram. Þess í stað er lagt til, að utanríkisráðuneytið, að höfðu samráði við viðkomandi kjörræðismenn, auglýsi, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá þeim. Flestir ræðismanna þessara hvorki skilja íslensku né mæla og er þá gert ráð fyrir því, að útbúnar verði kosningaleiðbeiningar fyrir þá á a. m. k. einu erlendu tungumáli og fylgi þýðing á texta fylgibréfa með kjörseðlunum.

Auk þessa, sem þegar hefur verið rakið, felur frumvarpið í sér ákvæði um það, að kjörstjórar hérlendis auglýsi, hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram.

Sþ. 354. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Með skírskotun til þess, að sá sex mánaða frestur, sem tilskilinn er til endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, er liðinn, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að leggja nú þegar fyrir Alþingi frumvarp til laga um uppsögn samningsins.

Greinargerð.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir svo: „Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.“

Menn hefur greint á, hvað felist nákvæmlega í þessu ákvæði, en ekki verður undan því vikist, að megininntakið er, að allur bandarískur her verði af landi brott á kjörtímabilinu.

Nú er sýnt, að stjórnarflokkarnir hyggjast hlaupast frá þessu undir því yfirskini, að aðildin að NATO leggi Íslendingum á herðar þær skyldur, að NATO-ríkin hafi hér aðsetur fyrir flugsveit, flugvirkja og löggæslu. En skyldur Íslendinga við NATO eru eingöngu þær, sem felast í NATO-samningnum sjálfum og þeim fyrirvara, sem gerður var af Íslands hálfu, þegar sá samningur var samþykktur af Alþingi árið 1949. Megininntak hans var, að vopnuð árás á einn aðila skuli talin vopnuð árás á þá alla, og komi til slíkrar árásar, muni hver aðili gera þær ráðstafanir, sem hann telji nauðsynlegar til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins. Og samningsaðilar lýstu yfir eftirfarandi:

1. Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.
2. Að allir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.
3. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.
4. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.

Af þessu má ljóst vera, að við Íslendingar höfum engar skyldur vegna NATO-aðildarinnar að hafa hér her eða herstöðvar á friðartímum, og á ófriðartímum er það á valdi Íslendinga einna að ákveða, hvort NATO fengi hér svipaða aðstöðu og í síðasta stríði.

Í ræðu á Alþingi hinn 12. nóv. s. l. komst Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra svo að orði, að markmið ríkisstjórnarinnar væri „að reyna að endurskapa það ástand, sem hér ríkti á árunum 1949—1951.“ Þetta er í fullu samræmi við málefnasamninginn og stefnir að brottför alls bandarísks herliðs af Íslandi. En nú virðast stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um, að herinn skuli ekki allur fara, heldur aðeins fækkað í honum. Jafnframt þessu hefur verið gefist upp við að láta bandarísku liðið hverfa af landi brott á kjörtímabilinu, og miðað er við, að brottflutningi þess liðs, sem fara á, skuli lokið fyrir árslok 1975 eða jafnvel síðar.

Núverandi kjörtímabili lýkur á miðju ári 1975, og eru nánast engar líkur til, að næsta ríkisstjórn Íslands verði mynduð af sömu flokkum og nú skipa hana. Má benda á að einn stjórnarflokkanna, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, rær lífróður til að sameinast einum stjórnarandstöðuflokkanna, Alþýðuflokknum, en allir þingmenn hans hafa lýst yfir andstöðu sinni við brottvísun bandarísku herliðsins. Frestun brottfarar varnarliðsins að einhverju leyti fram á næsta kjörtímabil merkir í reynd, að ríkisstjórnin hefur gefist upp við framkvæmdina.

Þar sem ærin rök hníga í þá átt, að viðræðugrundvöllur stjórnarflokkanna við Bandaríkin verði nútíma Gylfaginning: að herinn fari án þess að hann fari, þykir tillögumanni óhjákvæmilegt að flytja þessa þingsályktunartillögu til þess að gefa stjórnarflokkunum færi á að standa við þau fyrirheit, sem gefin voru um brottför varnarliðsins í málefnasamningnum.

Það fer ekki fram hjá neinum, að skoðanir eru mjög skiptar með Íslendingum um veru bandarísku varnarliðsins hér á landi. Þó munu flestir vera á einu máli um, að þeir vilja ekki 1) hafa hér her á friðartímum og 2) um aldur og ævi.

Að sjálfsögðu er friður rofinn alltaf öðru hverju í veröldinni, en það friðrof er staðbundið í fjarlægum heimsálfum. Varla telja menn, að hér þurfi að vera her í

landi, svo lengi sem það gerist, því að það fæli í sér ævarandi hersetu. Það, sem skiptir hér máli, er friðurinn í þeim heimshluta, sem við lifum í, og samskipti stórveldanna, einkum Bandaríkjamanna og Sovétmanna. Á síðustu tímum hafa ýmsir þeir atburðir gerst, sem benda eindregið til þess, að friður hafi styrkst í okkar heimshluta og samskipti risaveldanna tveggja hafi batnað.

Því til sönnunar má benda m. a. á, að hinar sífelldu ófriðaröldur, sem risu upp af stöðu Berlínar, hefur nú lægt. Þýska sambandslýðveldið hefur nú tekið upp stjórnmálasamband við Þýska alþýðulýðveldið. Og jafnframt því sem þau hafa samið um réttarstöðu Berlínar, hafa bæði þessi ríki orðið aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Þá hefur Þýska sambandslýðveldið tekið upp stjórnmálasamband við flest alþýðulýðveldin í Austur-Evrópu. Þetta mega heita ein merkustu þáttaskil í sögu Evrópu frá stríðslokum og horfir ótvírætt í friðarátt.

Eins og kunnugt er, hafa risaveldin tvö hvort í sínu lagi komið sér upp hernaðarbandalögum, og leikur grunur á, að þau vilji ógjarnan, að þau leysist upp, því að þau eru staðfesting á stórveldisaðstöðu þeirra og valdaáhrifum. Þau hafa skipt veröldinni í áhrifasvæði, og erum við Íslendingar á áhrifasvæði Bandaríkjanna. Engu að síður eru glögg merki um það, að sambúð þeirra fer batnandi. Má benda á gagnkvæmar heimsóknir þjóðarleiðtoganna og stórlega aukin samskipti milli landanna, öryggismálaráðstefnuna í Vínarborg og afvopnunarráðstefnuna í Genf. Allir hernaðarsérfræðingar munu vera sammála um, að ekki komi til beinna hernaðarátaka milli risaveldanna, Kúbudeildan, innrásin í Tékkóslóvakíu og ófriðurinn fyrir Miðjarðarhafsbotni séu órækur vitnisburður. Það er því tæpitungulaust hægt að segja, að um þessar mundir sé með friðsamlegasta móti frá stríðslokum í okkar heimshluta.

Þeir menn, sem segjast ekki vilja hafa hér á landi herstöðvar um aldur og ævi, verða þá að gera grein fyrir því, hvaða aðstæður þurfi að ríkja í heiminum, til þess að unnt sé að láta bandaríska varnarliðið hverfa af landi brott. Nú vita allir, að varnarliðið hér á að vera trygging gegn hugsanlegri árás Sovétmanna. Er þá ætlun þeirra, sem vilja hafa varnarliðið kyrrt, að rússneski kommúnisminn verði að líða undir lok, til þess að herinn fari? Þetta merkir í reynd, að bandarískt varnarlið verður hér um ófyrirsjáanlega framtíð.

Þeir, sem vilja fyrir alla muni ríghalda í varnarliðið, reyna að beita þeim lævíslega áróðri, að Íslendingar eigi tveggja kosta völ: annaðhvort að hafa hér bandarískt varnarlið eða Sovétmenn muni seilast hér til mikilla áhrif eða jafnvel hernema landið. En þetta er háskalegur áróður í meira lagi, alrangur og óþjóðhollur. Deiluefnið er alls ekki það, hvort hér eigi að vera bandarískt eða rússneskt herlið. Nær allir Íslendingar telja sig til vestrænna lýðræðisþjóða og vilja hafa samstöðu með þeim. Krafan um brottför varnarliðsins er borin fram af þeim metnaði hverrar sjálfstæðrar þjóðar að vilja búa ein í eigin landi án erlends hers. Bandaríkin eru vinveitt þjóð, en engu að síður stórveldi með stórveldishugsjónir og stórveldisstefnu. Og það þarf enga sögulega þekkingu til að skilja, hvílíkur háski er búinn fámennri þjóð að hafa herlið erlends stórveldis til langframa í landi sínu.

Árið 1945 fóru Bandaríkin fram á herstöðvar á Íslandi til 99 ára. Því var einróma hafnað af Íslendingum. Þá var hugarfar íslensku þjóðarinnar ómengað. Nú hefur verið varnarlið hér á landi í tæp 23 ár látlaust í skjóli varnarsamningsins frá 1951. Enginn vafi er á því, að Bandaríkjamenn færu nú héðan af landi brott með herlið sitt, ef þess væri óskað. Óvíst er, að svo verði síðar meir. En nú eru til Íslendingar, sem vilja hafa erlenda herstöð í landi sínu. Þeim þykir hún sjálfsagður hlutur í daglegu lífi sínu eins og vatn og brauð, ekkert líf, ekkert öryggi án erlends hers í landinu. Varnarliðið bandaríska hefur mengað svo hugarfar margra Íslendinga, að þeim finnst þeir vart geta lifað án þess.

Mengun hugarfarsins er nú komin á það alvarlegt stig, að brottför varnarliðsins þolir enga bið, ella blasir við herseta á Íslandi til frambúðar.

Sþ. 355. Nefndarálit [18. mál]

um till. til þál. um vinnu framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf á vetrarvertíð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað efni þingsályktunartillögunnar og mælir með samþykkt hennar með breyttu orðalagi.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort unnt reynist að haga árlegum kennslutíma í framhaldsskólum í verstöðvum á Suðvesturlandi og annars staðar, þar sem skortur er á mannafla til framleiðslustarfa á vetrarvertíð, þannig, að þeir nemendur, sem á því hefðu áhuga, geti unnið skólanámsins vegna við slík störf takmarkaðan tíma í mars og apríl.

Jafnframt stuðli ríkisstjórnin að því, að fjölbrautaskólar geti hið allra fyrsta gefið nemendum sínum kost á námsbrautum, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskveiðar og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra.

Alþingi, 5. febr. 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Jón Skaftason.	Ragnhildur Helgadóttir.	Lárus Jónsson.
	Bjarni Guðnason.	

Sþ. 356. Fyrirspurnir. [203. mál]

I. Til menntamálaráðherra um úthlutun viðbótarritlauna.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað er áætlað, að söluskattur af bókum hafi numið miklu árin 1970, 1971 og 1972?
2. Hvaða ástæður lágu til þess, að úthlutun fjár skv. 102 999 61 í fjárlögum fyrir árið 1973 var látin ná til þriggja ára, en ekki eins?
3. Verður miðað einvörðungu við árið 1973 við úthlutun fjárins í ár, eða verður höfundum gefinn kostur á að sækja um viðbótarritlaun vegna bóka útgefinna 1972?

II. Til menntamálaráðherra um reglur við úthlutun viðbótarritlauna.

Frá Halldóri Blöndal.

Eftir hvaða reglum var farið við úthlutun viðbótarritlauna, og hvað áttu margir höfundar rétt á viðbótarritlaunum samkvæmt þeim: a) árið 1972, b) árin 1970 og 1971?

Ed. 357. Frumvarp til laga [204. mál]

um heimild til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Óheimilt skal að stækka eða setja á fót nýjar vinnslustöðvar á þeim sviðum sjávarútvegs, sem háð eru aflatakmörkunum, sem sjávarútvegsráðherra ákveður, án sérstaks leyfis, sbr. 2. gr. Þess skal gætt, að fyrirhuguð framleiðsluaukning rúmist innan þeirra aflamarka, sem ákveðin hafa verið á viðkomandi sviði og fyrir viðkomandi svæði.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir umrædd leyfi samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar, sem sjávarútvegsráðherra skipar. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, en sá þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Leitað skal umsagnar Hafrannsóknastofnunar um leyfisumsóknir.

3. gr.

Opinberum sjóðum og öðrum lánastofnunum skal óheimilt að veita lán til umræddra framkvæmda eða rekstrar, fyrr en leyfi, sbr. 1. gr., liggur fyrir.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um sama efni var lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Í greinargerð með því frumvarpi sagði svo m. a.:

„Með stóraukinni sókn á flestum eða öllum sviðum sjávarútvegs hefur reynst nauðsynlegt að takmarka veiðar eftir ýmsum leiðum. Við rækju- og humarveiðar hefur t. d. bæði aflatími og aflamagn verið ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu, og svipað má segja um veiðar á hörpudiski á ákveðnum svæðum. Ljóst virðist jafnframt, að takmarkanir á afla af krabbadýrum og skelfiski munu færast í vöxt. Heimild til veiða á þessum sviðum er jafnframt háð leyfum, sem sama ráðuneyti veitir, og eru þau leyfi bundin við ákveðin svæði.

Við fiskveiðar eru friðunaraðgerðir aðrar. Þar er lögð áhersla á að friða hryggningar- og uppeldisstöðvar. Beinar takmarkanir á aflamagni eða leyfisveitingar, þar sem veiðar eru á annað borð leyfðar, virðast fremur ósennilegar við slíkar veiðar.

Ljóst er, að ofangreindar aflatakmarkanir, einkum í sambandi við veiðar á skelfiski og krabbadýrum, hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega afkastagetu í landi og arðsemi vinnslufyrirtækja. Með of mörgum slíkum fyrirtækjum á ákveðnu svæði má auðveldlega kippa rekstrargrundvellinum undan atvinnurekstrinum á svæðinu öllu með stóralvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi byggðarlag.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður með reglugerðum umræddar aflatakmarkanir. Hins vegar hefur virst lítil eða engin samræming á byggingu vinnslustöðva og þess háttar aflatakmarkana á viðkomandi sviðum. Um það má nefna ýmis dæmi, sem ekki verða þó rakin í þessari greinargerð. Á þessu þarf að verða breyting.“

Í meðferð sjávarútvegsnefndar bárust fjórar umsagnir um frumvarpið. Þær voru frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sjávarútvegsráðuneytinu, Útvegsbanka Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mælir gegn samþykkt frumvarpsins. Hinir aðilarnir allir telja eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að eftirlit sé haft með því, hvar vinnslustöðvar eru settar á fót, þar sem afli er takmarkaður og veiðar bundnar leyfum. Bankaráð Útvegsbanka Íslands tekur ekki afstöðu til þess, hvort slíka samræmingu eigi að tryggja með löggjöf eða með almennri stjórn fjárfestingarlána. Sjávarútvegsráðuneytið telur, að opinberar lánastofnanir eigi fyrst og fremst að kynna sér þessar aðstæður og annan grundvöll fyrir stofnun slíkra vinnslustöðva, áður en þær veita fjármagn til þeirra. Ráðuneytið bendir jafnframt á, að í frumvarpið vantaði ákvæði um heimild til þess að setja nánari reglur um framkvæmd í reglugerð og einnig um viðurlög við brotum. Framkvæmdastofnun ríkisins telur, að hér sé hreyft nauðsynjamáli, en vekur athygli á því, að leyfis til stækkunar á þeim vinnslustöðvum, sem fyrir eru, þurfi einnig að krefjast.

Í samræmi við þær umsagnir, sem bárust, hefur verið bætt í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um stækkun vinnslustöðva. Með tilvísun til ábendinga um nauðsynlega samræmingu við lánastofnanir er nú lagt til í 2. gr., að sjávarútvegsráðuneytið veiti umrædd leyfi samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar, sem í sitji fulltrúar slíkra aðila. Ætti þannig að vera tryggð nauðsynleg samræming.

Einnig hefur verið bætt við nýrri grein um heimild til þess að ákveða með reglugerð nánari framkvæmd laganna.

Ekki þótti ástæða til þess að setja í frumvarpið ákvæði um viðurlög. Ljóst er, að sjávarútvegsráðuneytið hefur slíkt í hendi sér. Til dæmis virðist sjálfsagt, að veiðiheimildir séu bundnar því skilyrði, að afla sé ekki landað hjá vinnslustöðvum, sem brotlegar hafa gerst við lög þessi.

Sþ. 358. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um aukna tekjustofna sýslufélaga.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga, svo að þeim verði gert kleift að sinna lögboðnu hlutverki og aðkallandi viðfangsefnum.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum eru sýslufélögum falin margþætt verkefni. Í 92. gr. sveitarstjórnarlaga segir m. a., að hlutverk þeirra sé að annast:

a) Eftirlit með fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra, svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna.
b) Umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.
c) Setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf.
d) Umsjón og stjórn vegamála samkvæmt vegalögum og sýsluvegasamþykktum.
e) Afskipti af forðagæslu skv. búfjárræktarlögum, eftirlit skv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki og úrskurðun og greiðslu reikninga skv. lögum um eyðingu refa og minka.

f) Setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna skv. lögum.
g) Álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið, fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað.
h) Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra.
i) Stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri.
j) Önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Með hliðsjón af þessu má ljóst vera, að hlutverk sýslufélaga er ærið fjölþætt og mikilvægt. Verkefnin eru nánast óteljandi og ótæmandi. Sýslusjóðir hafa á undanförnum árum látið stórfé af hendi rakna, m. a. til menntamála, heilbrigðismála og atvinnumála. Þeir hafa víða verið aðilar að skólum af ýmsu tagi, bókasöfnum, byggðasöfnum og héraðsskjalasöfnum, elliheimilum, sjúkrahúsum, læknisbústöðum og hafnarframkvæmdum. Svo mætti lengi telja. Þá hafa mörg sýslufélög reynt af fremsta megni að styðja við og styrkja margs konar menningar- og líknarstarfsemi í héraði, svo sem störf íþrótta- og ungmennafélaga og kvennasamtaka, björgunar- og sjúkrahjálp. Framlög hafa verið veitt til náttúruverndarmála, skógræktar og gróðurverndar. Þá hafa greiðslur verið inntar af hendi til jarðhitaleitar og til þess að hraða framkvæmdum í raforkumálum, svo að dæmi séu nefnd.

Tvö eða fleiri sýslufélög hafa iðulega unnið saman að ýmsum málum. Nefna má t. d. samstarf í byggingarmálum, skólamálum og orkumálum, sem vel hefur gefist og fer vaxandi.

Í 101. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um tekjustofna sýslufélaga. Segir þar, að sýslunefnd skuli á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Síðan segir: „Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana“ eftir vissum reglum. Miðað við þetta orðalag virðist gert ráð fyrir, að sýslusjóðir njóti annarra, verulegra tekjustofna. Svo hefur þó ekki verið. Sýslusjóðsgjaldið, þ. e. hið niðurjafnaða gjald á hreppana, er hið eina fjármagn að heita má, sem sýslufélög hafa yfir að ráða. Þar sem um slíka niðurjöfnun gjalda er að ræða á fámenna og fátæka hreppa, má geta nærri, að álögum verður að stilla í hóf, svo sem unnt er. Niðurstaðan verður því sú, að sýslusjóðir hafa yfirleitt mjög lítið fé til ráðstöfunar fram yfir brýnustu útgjöld. Það er að sjálfsögðu með öllu fráleitt, því að mörgum þörfum málum mætti án efa þoka áleiðis með auknum fjárráðum sýslusjóða, sbr. framanritað.

Að dómi flutningsmanna kæmi vel til álita, að sýslufélög fengju greiddan einhvern hluta af söluskatti til sinna þarfa. Einnig mætti benda á Byggðasjóð, en hlutverk hans er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, svo sem alkunnugt er.

Fullljóst má vera af framansögðu, að hina mestu nauðsyn ber til að efla sýslusjóðina og auka tekjustofna þeirra. Það er tvímælalaust í flokki hinna allra mikilvægustu byggðamála.

Sþ. 359. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um ráðstöfun viðlagasjóðshúsa.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að sveitarfélögum verði gefinn kostur á því að kaupa innansveitar viðlagasjóðshús á kostnaðarverði, er þau verða auglýst til sölu nú á næstunni, enn fremur, að 80% söluverðsins verði lánað sveitarfélögunum með hagkvæmum kjörum, enda verði húsin nýtt sem elliheimili, sem íbúðir fyrir aldraða og öryrkja eða leigð þeim íbúum viðkomandi sveitarfélags, er hafa ekki efni á að koma sér upp eigin húsnæði.

Greinargerð.

Er hörmungarnar dundu yfir Vestmannaeyjar á síðasta ári og séð varð, að algjör óvissa ríkti um áframhaldandi byggð þar, var þess farið á leit við sveitarfélög víðs vegar um landið, að þau heimiluðu byggingu innfluttra timburhúsa, svo að Vestmanneyingar gætu öðlast varanlegan samastað, þar er þeir helst kysu. 554 hús hafa verið reist eða eru í byggingu á þessum grundvelli. Húsin eru í eftirgreindum 20 sveitarfélögum: Akranesi 10, Akureyri 20, Eyrarbakka 12, Garðahreppi 35, Garði 15, Grindavík 40, Hafnarfirði 10, Hellu 5, Hornafirði 20, Hveragerði 70, Hvolsvelli 5, Keflavík 55, Kópavogi 52, Mosfellshreppi 33, Neskaupstað 8, Reykjavík 40, Sandgerði 10, Selfossi 60, Stokkseyri 12, Þorlákshöfn 42.

Nú hafa aðstæður breyst svo mjög, að nærri helmingur Vestmanneyinga er þegar fluttur til fyrri heimkynna og margir munu flytja í vetur og vor, þ. á m. allmargir, er höfðu búið eða tryggt sér búsetu í viðlagasjóðshúsum. Þess vegna verða 50—70 þessara húsa auglýst til sölu fljótlega og fleiri síðar. Sveitarfélög munu flest hafa tryggt sér forkaupsrétt að húsunum, en ekki er líklegt, að þau geti eignast húsin, nema verð og lánskjör verði hagstæð.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins segir svo í B-lið 8. gr.: „Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjörin hin sömu og lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita lán út á allt að 1000 íbúðir."

Þetta heimildarákvæði laganna hefur enn ekki verið notað. Hér virðist tilvalið tækifæri til að beita þessu merka lagaákvæði.

Er bygging húsanna var heimiluð, var í sumum tilfellum vikið frá gerðu skipulagi og byggðaáætlun vegna hinna sérstöku erfiðleika, er þá voru fyrir hendi. Meðal annars með tilliti til þessa er æskilegt, að húsin komist í eigu sveitarfélaganna og verði notuð til þess að uppfylla þarfir á hverjum stað, frekar en að nýir innflytjendur setjist að í þeim án tillits til aðstæðna.

Nd. 360. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Flm. Ellert B. Schram.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, sem eigi eru fullgerð á samningsdegi, en seljandi eða verksali skuldbindur sig til að afhenda fullgerð eftir minnst 12 mánuði, að sá hluti söluverðs, sem svarar til þess byggingarhluta, sem ófullgerður er, skuli breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu til afhendingardags.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Af efni og forsendum laga nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, má ráða, að höfuðtilgangur þeirra var að skapa nauðsynlegan grundvöll

að verðtryggingu lánsfjársamninga. Stefnt var að því að taka upp verðtryggingu að einhverju leyti við innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóði og jafnvel lífeyrissjóði. Jafnframt mun hafa verið reynt að taka af öll tvímæli um lagagrundvöll verðtryggingar, en fram að setningu þeirra voru lög ekki afgerandi um heimildir til að beita verðtryggingu nema á tveimur sviðum. Annars vegar hafði veðdeild Landsbankans fengið almenna heimild til sölu vísitölutryggðra vaxtabréfa á almennum markaði vegna þarfa Byggingarsjóðs. Hins vegar höfðu lög, sett við gengisbreytingar krónunnar, jafnan endurtekið gamalkunnugt ákvæði, að óheimilt væri að lána fé með skilmála um breytileika á grundvelli skráningar krónu miðað við erlendan gjaldeyri, nema um endurlánað erlent lánsfé væri að ræða.

Þó að tilgangur verðtryggingarlaga hafi fyrst og fremst verið sá, sem að framan greinir, var þó, að því er virðist, gengið lengra í lagasetningunni, og er orðalag 1. gr. það víðtækt, að túlka má það svo, að það nái yfir allt fjármunasviðið, nema löggerninga á sviði kaupgjaldsmála, sjá athugasemdir með frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi 1965.

Reyndin hefur orðið sú, að löggjöfin hefur haft verulega þýðingu á sviði lánsfjársamninga, og má telja hana fyrst og fremst eðlilega og gagnlega að því marki.

Á hinn bóginn hafa lögin skapað nokkra óvissu um gildi löggerninga, sem mjög algengir og mikilvægir eru í viðskiptum manna, einkum húsaleigusamninga, sölusamninga um húsnæði og verksamninga. Er áratuga hefð um vísitöluviðmiðun í samningum þessum, einkum húsaleigusamningum, og verður að draga í efa réttmæti þess að ógilda notkun þeirra í því formi nú. Hefur notkun vísitöluákvæða í samningum þessum viðgengist þrátt fyrir setningu laganna. Hafa byggingaraðilar áskilið vísitölukvöð í sölusamningum um íbúðir, sérstaklega eftir að framkvæmdalán Byggingarsjóðs ríkisins komu til skjalanna. Vísast hér m. a. í 12. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, svo og 16. gr. reglugerðar nr. 202/1970, þar sem stofnuninni er falið m. a. að taka mið af breytingu byggingarvísitölu á byggingartíma húsnæðis, þegar afstaða er tekin til endanlegs söluverðs íbúðar. Má líta svo á, að löggjöfin gefi hér byggingaraðilum undir fótinn um að beita vísitölukvöð í sölusamningum íbúða, þannig að verðhækkana á byggingartíma geti gætt í söluverði, en ein forsenda framkvæmdaláns er, að byggingaraðili tilkynni húsnæðismálastjórn grunnverð íbúðar í umsókn um framkvæmdalán. Hliðstæð ákvæði er að finna í verksamningum um stærri framkvæmdir.

Þá má draga mjög í efa, að það samrýmist réttarvitund manna að skerða nú samningsfrelsi að þessu leyti á tímum mikillar verðbólgu, þegar ljóst er, að verðákvörðun í upphafi samnings getur ekki staðist fyrir seljanda nema með fyrirvara um breytileika verðs í samræmi við verðþróun á samningstíma. Banni við slíkum ákvæðum er vonlítið að framfylgja, og eru ávallt ráð til að komast fram hjá slíkum bönnum með ýmsum ákvæðum, ef aðeins vísitala eða hliðstæður verðmælir er ekki nefndur.

Til þess að taka af öll tvímæli um þessi efni er frumvarp þetta flutt. Óhreyfð standa öll nauðsynleg ákvæði verðtryggingarlaganna, sem sporna við notkun „valútukrónu“ og gefa Seðlabankanum nauðsynlegar heimildir til að hafa eftirlit með lánsfjársamningum og að veita heimildir til notkunar vísitöluákvæða, þar sem peningamálaleg yfirvöld telja þau eiga við. Mundi Seðlabankinn eftir sem áður hafa eftirlit með öðrum samningum, sem áfram mundu falla undir lögin breytt.

Er óþarfi að skýra efni frumvarpsins nánar, en reynt er að setja hæfileg mörk um lágmarkstímalengd þeirra samninga, sem taka verður af öll tvímæli um, að falli ekki undir greind lög. Þar sem gert er ráð fyrir verðlagsvísitölu, er gengið út frá því, að menn styðjist ýmist við byggingarvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu eftir efnisþáttum samninga.

Ed. 361. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson, Stefán Jónsson og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 7. febr. 1971.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Páll Þorsteinsson. Auður Auðuns.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 362. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr liður:
5) Framlag á fjárlögum, sbr. 30. gr.

2. gr.

Á eftir 29. gr. laganna komi ný grein (30. gr.):
Við Byggðasjóð starfar íbúðalánadeild, sem veitir lán til sérstakrar örvunar almennum íbúðarbyggingum til viðbótar lánum úr byggingarsjóði Húsnæðismálastofnunar ríkisins, þar sem skortur á íbúðahúsnæði stendur í vegi fyrir eðlilegri byggðaþróun. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins ákveður útlánareglur og kjör, m. a. hámark lána og skiptingu á landsvæði. Lánin skulu afgreidd með öðrum lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

3. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein:
Einnig er stofnuninni heimilt að afla íbúðalánadeild lánsfjár allt að 100 milljónum króna á ári næstu fimm árin hjá Framkvæmdasjóði Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt á vegum milliþinganefndar í byggðamálum, sem í eiga sæti: Steingrímur Hermannsson, sem er formaður nefndarinnar, Lárus Jónsson, Helgi F. Seljan (Stefán Jónsson í forföllum hans), Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason og Pétur Pétursson.

Í þingsályktun um milliþinganefnd þessa, sem samþykkt var á Alþingi 18. apríl 1973, er gert ráð fyrir því, að nefndin komi á framfæri þegar á þessu þingi þeim tillögum, sem hún telur, „að ekki þoli bið". Með bréfi, dags. 8. nóv. s. l., gerði nefndin forsætisráðherra grein fyrir allmörgum slíkum tillögum.

Nefndin telur sérstaklega aðkallandi að auka verulega íbúðabyggingar í dreifbýli. Skortur á hentugum íbúðum stendur víða í vegi fyrir viðgangi byggðanna. Því var í fyrrnefndu bréfi til forsætisráðherra lögð sérstök áhersla á húsnæðismálin.

Þar var bent á eftirgreindar leiðir til úrbóta:

1. Örvunarlán verði veitt til almennra íbúðabygginga í dreifbýli.
2. Lög um byggingu verkamannabústaða verði endurskoðuð.
3. Lög um byggingu íbúða til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði verði endurskoðuð.
4. Byggingaáfangar verði stækkaðir með því að skipuleggja þá sameiginlega fyrir fleiri sveitarfélög.
5. Verktakar verði efldir í dreifbýlinu.
6. Athuguð verði notkun á tilbúnum húsum.

Nefndarmenn hafa síðan átt viðræður við félagsmálaráðherra um ofangreindar tillögur. Einnig hefur verið rætt við framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins og ýmsa aðra aðila, sem að húsnæðismálum starfa.

Ljóst er, að vilji er til þess að athuga í sambandi við almenna endurskoðun á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem er í undirbúningi, allar ofangreindar tillögur, nema þá fyrstu. Ekki er talið eðlilegt, að í lögum um þá stofnun sé gert ráð fyrir mismunandi háum lánum eftir búsetu. Flestir telja eðlilegra, að Byggðasjóður hafi slíkt verkefni.

Að höfðu samráði við forsætisráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra, hefur milliþinganefnd í byggðamálum samþykkt að beita sér fyrir því, að flutt verði þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir því, að við Byggðasjóð starfi sérstök íbúðalánadeild, sem veiti örvunarlán til íbúðabygginga í dreifbýlinu til viðbótar lánum úr byggingarsjóði Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Flutningsmenn þessa frumvarps eru nefndarmenn, sem sitja í efri deild.

Miklar upplýsingar liggja fyrir um íbúðabyggingar í hinum ýmsum landshlutum og skiptingu á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Tafla I sýnir heildarfjölda fullgerðra íbúða í kauptúnum og kaupstöðum á landinu á árunum 1960—1972. Hún sýnir jafnframt hundraðshluta íbúða, sem fullgerðar voru í hverjum landshluta, og einnig hundraðshluta íbúa í hinum ýmsu landshlutum í desember 1972. Af töflunni sést meðal annars, að aðeins í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu eru fullgerðar hlutfallslega fleiri íbúðir en samsvarar hundraðshluta íbúa þessara landshluta í desember 1972. Að sjálfsögðu verður þessi samanburður enn óhagstæðari fyrir dreifbýlið, ef miðað er við hlutfallslega skiptingu íbúafjölda á fyrri árum þessa tímabils.

Tafla II sýnir heildarútlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins á árunum frá 1955—1972. Hundraðshlutaskipting fyrir hin ýmsu landssvæði er jafnframt sýnd. Niðurstaðan verður hin sama og af töflu I. Hlutfallslega langtum minna fjármagn rennur til landshluta utan Reykjavíkur og Reykjaness en íbúafjöldi viðkomandi landshluta gefur til kynna.

Tafla III sýnir útlán Húsnæðismálastofnunar á árunum 1970, 1971 og 1972. Þar er sýndur bæði fjöldi lána, heildarupphæð og hundraðshluti fyrir hvern landshluta. Enn verður niðurstaðan sú sama og af fyrri töflum.

Tafla IV sýnir lánsupphæð Húsnæðismálastofnunar á árinu 1972, fólksfjölda í desember 1972 og lánsupphæð fyrir hvern íbúa í hinum ýmsu landshlutum. Ef til vill er þarna að finna eitt áþreifanlegasta dæmið um ójafna skiptingu á lánsfé Húsnæðismálastofnunar eftir landshlutum.

Að sjálfsögðu hafa umsóknir um húsnæðismálalán úr dreifbýlinu hlotið sömu afgreiðslu hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins og umsóknir úr þéttbýlinu. Töflurnar sýna fyrst og fremst, að tiltölulega minna er byggt í landshlutum utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins. Til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar orsakir.

Að sjálfsögðu hefur mikill fólksflutningur til þéttbýlissvæðisins á Suðvesturlandi valdið miklum íbúðabyggingum þar. Á sama tíma hefur lítil fólksfjölgun í öðrum hlutum landsins, eða jafnvel fækkun, valdið því, að minni þörf hefur orðið fyrir nýjar íbúðir á þeim svæðum. Engu að síður er staðreyndin víðast hvar um landið sú, að mikill skortur er á íbúðum, sérstaklega í sjávarþorpum, þar sem atvinna er mikil og áhugi virðist hjá fólki til þess að setjast að. Samt sem áður er víða lítið byggt á slíkum stöðum.

Þessu veldur m. a. það, að víða er rótgróin vantrú á fjárfestingu á slíkum stöðum. Talið er arðvænlegra að festa fé sitt t. d. í íbúðabyggingum í Reykjavík. Þessi skortur á fjárfestingu veldur síðan vaxandi vantrú og koll af kolli.

Þennan vítahring verður að rjúfa. Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að það megi m. a. gera með því að veita viðbótarlán við lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins til íbúðabygginga. Ekki er víst, að slíkt þurfi að gera nema í nokkur ár, til þess að eðlileg þróun í íbúðabyggingum fáist.

Þótt ekki hafi það verið nákvæmlega áætlað, virðist engu að síður ljóst, að íbúðabyggingar eru í mörgum eða flestum tilfellum dýrari í dreifbýlinu en á höfuðborgarsvæðinu. Því veldur fyrst og fremst mikill flutningskostnaður á byggingarefni, sem að mestu er flutt frá Reykjavík. Telja má, að þessi kostnaðarauki geti orðið um 5—10 af hundraði.

Ekki virðist nauðsynlegt að veita viðbótarlán eða örvunarlán til íbúðabygginga um land allt utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins. Á sumum svæðum hefur þróun íbúðabygginga færst í eðlilegt horf, einkum í nágrenni suðvesturlandsins og raunar víðar. Sömuleiðis getur komið til greina að hafa slík örvunarlán misjöfn eftir þörfum hinna ýmsu landssvæða. Þetta þarf að meta eftir ástandi og þróun íbúðabygginga á hverjum stað. Einnig getur komið til greina að tengja slík lán framkvæmdum samkvæmt byggðaáætlunum. Sjálfsagt er, að lán geti einnig náð til íbúðabygginga í sveitum, þar sem þörf krefur. Þessi lán gætu verið t. d. að meðaltali um 30 af hundraði til viðbótar við lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Miðað við, að lán stofnunarinnar verði kr. 1 200 000.00 út á íbúð, yrði viðbótarlánið kr. 360 000.00.

Heildarfjárþörf í þessu skyni þarfnast nánari athugunar. Þó má gera sér nokkra grein fyrir henni. Á árinu 1972 veitti Húsnæðismálastofnun ríkisins 483 lán af samtals 1524 til landshluta utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins, eða um 31.7 af hundraði af heildarlánafjölda. Íbúðabyggingum á þessum svæðum þarf að fjölga upp í a. m. k. 45—50 af hundraði nýrra íbúða miðað við íbúðafjölda og þann mikla skort á íbúðum, sem víðast er. Bygging leiguíbúða í dreifbýli mun þó bæta nokkuð úr þessu. Lágmark virðist þó að gera ráð fyrir byggingu 700 almennra íbúða á ári utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins. Miðað við, að örvunarlán teljist eðlileg fyrir u. þ. b. 60 af hundraði af þessum íbúðum, yrði þörfin um 150 milljónir kr. á ári.

Þau lánakjör, sem hér um ræðir, þurfa að vera hagkvæm. Því er gert ráð fyrir, að íbúðalánadeildin fái að stofni til verulegan hluta af fjármagni sínu á fjárlögum ríkisins. Þótt útvega þurfi viðbótarfjármagn sem lánsfé, ætti það að tryggja, að lánskjör geti orðið viðunandi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins ákveði útlánareglur og kjör og einnig hámark lána og lánsupphæðir eftir landssvæðum. Framkvæmastofnun ríkisins er að verulegu leyti byggðastofnun. Stjórn þeirrar stofnunar á því að hafa besta yfirsýn yfir byggðamálin og þörf fyrir slík örvunarlán vegna byggðaþróunar.

Hins vegar er nauðsynlegt, að afgreiðsla þessara lána verði sem einföldust fyrir íbúðabyggjendur. Því er lagt til, að lánin verði afgreidd með öðrum lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir því, að sækja þurfi um

þessi lán sérstaklega. Þau yrðu boðin sjálfkrafa til íbúðabygginga á ákveðnum stöðum í samræmi við þær reglur, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur.

TAFLA I. Heildarfjöldi fullgerðra íbúða í kauptúnum og kaupstöðum.

	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	Samtals	%	Hundraðshluti íbúa í des. '72 %
Vesturland	78	73	26	63	58	64	64	51	37	36	56	49	71	726	4.0	6.4
Vestfirðir	45	44	32	37	31	38	40	46	45	30	30	27	19	464	2.5	4.7
Norðurland vestra	24	10	31	16	18	39	22	27	25	17	38	31	42	340	1.9	4.7
Norðurland eystra	117	93	65	79	124	128	150	160	91	127	68	116	170	1488	8.1	10.8
Austfirðir	39	27	32	42	51	54	68	70	83	61	52	57	55	691	3.8	5.4
Suðurland	85	64	72	66	88	76	90	79	107	102	66	87	96	1078	5.9	8.7
Reykjanes	333	275	317	236	286	398	401	449	420	325	324	404	499	4667	25.5	19.4
Reykjavík	642	541	598	665	576	624	765	806	871	685	640	530	902	8845	48.3	39.9
Allt landið	1363	1127	1173	1204	1232	1421	1600	1688	1679	1383	1274	1301	1854	18299	100	100

TAFLA II. Heildarútlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins á árunum 1955—1972.

	Íbúðafjöldi	%	Lánsupphæð	%
Reykjavík	8 142	45.94	2 540 493 000	51.65
Kópavogur, Seltjarnarnes	1 804	10.18	379 448 000	7.71
Reykjanessvæðið	2 796	15.78	767 659 000	15.61
Vesturland	778	4.40	170 993 000	3.48
Vestfirðir	397	2.24	88 580 000	1.80
Norðurland vestra	378	2.13	94 318 000	1.92
Norðurland eystra	1 473	8.31	405 766 000	8.25
Austurland	749	4.22	195 191 000	3.97
Suðurland	1 205	6.80	276 044 000	5.61
Samtals	17 722	100.00	4 918 492 000	100.00

TAFLA III. Útlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins á árunum 1970, 1971 og 1972 og skipting á landshluta.

	1970			1971			1972		
	Íbúðafjöldi	1 000 kr.	%	Íbúðafjöldi	1 000 kr.	%	Íbúðafjöldi	1 000 kr.	%
Reykjavík	479	276 507	49.360	502	394 050	53.068	533	471 012	48.756
Kópavogur, Seltjarnarnes	79	39 303	7.016	83	41 099	5.534	125	61 470	6.363
Reykjanessvæðið	221	103 292	18.439	266	132 015	17.778	363	187 065	19.364
Vesturland	63	27 220	4.859	21	15 115	2.035	48	22 795	2.360
Vestfirðir	16	8 000	1.428	20	11 755	1.583	32	14 122	1.462
Norðurland vestra	31	11 515	2.056	35	18 060	2.432	40	26 150	2.707
Norðurland eystra	83	45 748	8.176	172	78 419	10.560	158	84 235	8.714
Austurland	58	23 455	4.187	45	23 500	3.165	54	31 090	3.218
Suðurland	51	25 140	4.488	57	28 590	3.850	151	68 120	7.051
Samtals	1 081	560 180	100.000	1 201	792 603	100.000	1 524	966 059	100.000

TAFLA IV. Útlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins árið 1972 og lánsupphæð á hvern íbúa eftir landshlutum.

	Lánsupphæð 1972 kr.	Fólksfjöldi[1]) í des. 1972	Lánsupphæð pr. íbúa kr.
Reykjavík	471 012 000	83 831	5 618.59
Kópavogur, Seltjarnarnes	61 470 000	13 823	4 446.94
Reykjanessvæðið	187 065 000	27 054	6 914.50
Vesturland	22 795 000	13 361	1 706.08
Vestfirðir	14 122 000	9 903	1 426.03
Norðurland vestra	26 150 000	9 847	2 655.63
Norðurland eystra	84 235 000	22 709	3 709.32
Austurland	31 090 000	11 428	2 720.51
Suðurland	68 120 000	18 314	3 719.56

1) Fólksfjöldinn í des. 1972 er samkvæmt bráðabirgðatölu Þjóðskrárinnar.

Sþ. 363. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta smíða eða kaupa strandferðaskip.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta smíða eða kaupa skip til standferða. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að taka nú þegar skip á leigu til sömu nota.

Greinargerð.

Reynsla sú, sem fengist hefur af rekstri tveggja skipa, er annast skulu flutninga á ströndina frá Patreksfirði til Hornafjarðar, er ekki góð. Ferðirnar eru of strjálar, til þess að fullnægt verði flutningsþörfinni á eðlilegan hátt. Og ef taka þarf annað hvort skipanna í slipp eða ef það hindrast frá ferðum af öðrum ástæðum, verður hreint öngþveiti í flutningunum.

Að dómi flutningsmanna þola úrbætur enga bið.

Ed. 364. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:
Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 2 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 3 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 3 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 6 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 200 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 400 000.00.

2. gr.

Við 86. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., skulu greiða 1½% af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, er renni til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram, þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta til þess að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. mars 1974.

Jafnframt fellur úr gildi 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja hafa verið óbreyttar frá 1. maí 1970, en þá voru þær með lögum nr. 55 12. maí 1970 um breyting á umferðarlögum hækkaðar um 50% eftir að hafa verið óbreyttar frá árinu 1965. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem síðan hefur orðið, er lagt til, að vátryggingarfjárhæðir þessar verði tvöfaldaðar, en eins og nú er hefur gildi vátryggingarfjárhæðanna rýrnað svo, að skyldutryggingin er eigi lengur fullnægjandi, hvorki fyrir eigendur ökutækja né þá, sem fyrir tjóni verða. Eru tillögur þær, sem felast í 1. gr., gerðar með það í huga að auka öryggi þessara aðila til samræmis við þróun verðlags. Með þessari breytingu tvöfaldast, að óbreyttum lögum, eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 1. mgr. 73. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972.

Með breytingu á umferðarlögunum á árinu 1970 voru lögfest ákvæði um Umferðarráð, sem sett hafði verið á stofn í ársbyrjun 1969. Í lögum þessum voru eigi ákvæði um fjármögnun til starfsemi ráðsins, en gert var ráð fyrir því, að sá kostnaður greiddist úr ríkissjóði, að því leyti sem aðrir aðilar stæðu eigi undir honum.

Verkefni Umferðarráðs eru mörg og margvísleg, en vegna fjárskorts hefur ráðið ekki getað framkvæmt þau nema að takmörkuðu leyti. Hitt er hins vegar óumdeilanlegt, að þau verkefni, sem Umferðarráð hefur getað sinnt fram til þessa, hafa stuðlað að bættri umferðarmenningu og átt sinn þátt í að draga úr slysum í umferðinni og vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðar- og öryggismál og þann mikla vanda, sem á þessu sviði er við að stríða.

Til að bæta úr brýnni fjárþörf til umferðarslysavarna er hér lagt til, að hluti (1½%) af iðgjaldatekjum vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja, þ. e. bruttóiðgjöld að frádregnum afslætti (bónus), skuli renna til Umferðarráðs í þessu skyni. Heildariðgjöld ábyrgðartrygginga tilheyrandi árinu 1972, sem er síðasta árið, sem tölur liggja fyrir um, námu 268 millj. kr. Ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á árinu 1973, hefðu því um 4 millj. kr. gengið til umferðarslysavarna auk framlags á fjárlögum, sem nam 3 724 þús. kr.

Með þessum tekjustofni, ef að lögum verður, ætti að vera skapaður grundvöllur fyrir aukinni starfsemi Umferðarráðs, enda er ekki gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður, þótt þessi tekjustofn verði upp tekinn.

Ekki er óeðlilegt, að vátryggingafélög þau, sem leyfi hafa fengið til reksturs þessarar tryggingargreinar, greiði þetta framlag, því að ætla verður, að með aukinni starfsemi Umferðarráðs á sviði umferðarslysavarna dragi úr tjónum af völdum ökutækja og þeim fækki og umferðin í heild verði öruggari.

Gert er ráð fyrir því, að ákvæði um framlag vátryggingafélaga taki gildi þegar á yfirstandandi ári, miðað við iðgjöld þeirra árið 1973. Ákvæði um hækkun vátryggingarfjárhæða taki hins vegar gildi 1. mars 1974 við upphaf nýs tryggingartímabils.

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um afnám og einföldun skattaframtala.

Flm.: Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á lögum í þeim tilgangi að gera skattframtöl einfaldari og jafnvel afnema þau í sinni núverandi mynd. Ef þörf krefur, verði byggt á upplýsingum, sem skattstofur og aðrir opinberir aðilar hafa undir höndum, svo sem launamiða, fasteignaskrár o. fl.

Jafnframt verði ákveðin hærri viðurlög eða þau ákveðin á annan veg en nú eru í gildandi löggjöf, misnoti framteljandi sér einföldun skattframtala.

Skulu tillögur þessar lagðar fyrir næsta þing og stefnt að gildistöku þeirra við álagningu árið 1975.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi fer að sjálfsögðu í sérstaka þingnefnd, sem getur kvatt sérfræðinga til viðtals og spurninga. Allar upplýsingar eiga því auðveldlega að geta legið fyrir, áður en að því kemur, að alþingismenn þurfi með atkvæðagreiðslu að taka afstöðu til tillögunnar. Auk þess er þetta aðeins forspil, en ég ætlast til þess, að fimm manna nefndin, sem þingið kýs, vinni að því milli þinga — og lengur jafnvel — að afla allra þeirra upplýsinga, sem þarf til þess að kveða á um, hvort slík tillaga á rétt á sér eða hvernig hún er framkvæmanleg.

Ég hef hugboð um það, að skattaframtölin geti að miklu leyti fallið niður. Nefndin fær nægan tíma og aðstöðu til þess að ganga úr skugga um, hvort þetta hugboð sé rétt. Ég álít, að sá mikli fjöldi, sem að verulegu leyti hefur óbreyttar aðstæður frá ári til árs, eigi ekki að þurfa að telja fram, ekki að standa í því að reikna út prósentur og aftur prósentur, hálfa aðra prósentu, tvær prósentur, þrjár prósentur af hundruðum króna, hundruðum þúsunda króna eða milljónum króna, eða að skrifa á framtalið tölur, sem óyggjandi eru í fórum skattstofunnar eða annarra opinberra aðila.

Ef veruleg breyting verður á aðstöðu skattþegns, þannig að tekjur hans breytast verulega og eignir breytast verulega, á hann að gera skattstofu grein fyrir því á sem einfaldastan hátt, sem nánar yrðu settar reglur um. Ef tekjur skattþegns aukast t. d. yfir visst mark, á hann að sinna þessu, ella ekki, og leggur þá skattstofan eða sá aðili, sem leggur skattinn á, skatt á miðað við sömu aðstæður og s. l. ár. Ef tekjur skattþegns eða aðstaða breytist verulega, þannig að tekjurnar minnki eða aðstaðan versni, á hann kost á því á einfaldan hátt að gera viðkomandi skattstofu grein fyrir því. Hún hefur hins vegar fulla aðstöðu til þess að sannreyna, hvort hér sé rétt með farið, og til þess svo að segja að útiloka misferli í þessum efnum á að hafa viðurlög eða sektir svo háar við því að hafa rangt við, að varla nokkur treysti sér til þess að taka á sig þá áhættu að reyna það.

Er þetta ekki einfalt? Jú, það er ofureinfalt, segja margir, en þetta er allt saman óframkvæmanlegt. Skattstofurnar þurfa að fá sínar margbrotnu skrár, skattþegninn að reikna aftur og aftur prósentur og brot úr prósentu, annars fer allt í hundana.

Ég er þeirrar skoðunar, að á þessu sé ekki hætta og að nefndinni, sem ætlað er að vinna verkið fyrir næsta þing, sé til þess trúandi að finna leiðir til úrlausnar, sem gera hinar aldagömlu og úreltu leiðir skattaframtala óþarfar. Skriffinnskan minnkar og það verður fögnuður á mörgum heimilum, og kostnaður hins opinbera lækkar gífurlega.

Sþ. 366. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um heiðurslaun listamanna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Ragnar Arnalds, Eysteinn Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Árm. Héðinsson, Ingvar Gíslason, Svava Jakobsdóttir, Auður Auðuns, Gunnar Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Benedikt Gröndal, Steingrímur Hermannsson, Ellert B. Schram, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar, að heiðurslaun listamanna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1974, 3 millj. kr., skiptist þannig:

1.	Ásmundur Sveinsson	250 000 kr.
2.	Brynjólfur Jóhannesson	250 000 —
3.	Finnur Jónsson	250 000 —
4.	Guðmundur Böðvarsson	250 000 —
5.	Guðmundur G. Hagalín	250 000 —
6.	Gunnar Gunnarsson	250 000 —
7.	Halldór Laxness	250 000 —
8.	Kristmann Guðmundsson	250 000 —
9.	Páll Ísólfsson	250 000 —
10.	Ríkarður Jónsson	250 000 —
11.	Tómas Guðmundsson	250 000 —
12.	Þórbergur Þórðarson	250 000 —
	Samtals	3 000 000 kr.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1974 er ákveðið að veita 3 millj. kr. til heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Á síðasta ári var heiðurslaunum að ákvörðun Alþingis skipt milli 12 listamanna, 175 þús. kr. til hvers. Lagt er til, að hinir sömu 12 listamenn hljóti heiðurslaun á árinu 1974.

Sþ. 367. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um beizlun orku og orkusölu á Austurlandi.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. að lokið verði hið fyrsta rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar (1. áfanga Austurlandsvirkjunar),
2. að leitað verði eftir kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum,
3. að hraðað verði rannsóknum á hagkvæmni virkjana í Fjarðará og Geithellnaá.

Greinargerð.

Ástandið í orkumálum heimsins er nú með þeim hætti, að telja má fullvíst, að orkuverð tvöfaldist a. m. k., ef ekki meira, og eftirspurn eftir raforku til stóriðju vaxi mjög.

Ber því brýna nauðsyn til að hraða öllum rannsóknum á orkulindum okkar og möguleikum þeirra, ekki hvað sízt þeim, sem líklegastir eru til að gefa okkur kost á stórfelldri og hagkvæmri stóriðju hér á landi.

Í áætlun Orkustofnunar um forrannsóknir á vatnsorku Íslands frá því í ágúst 1969 er reiknað með því, að unnt sé að byggja orkuver austur í Fljótsdal með framleiðslugetu um 8000 Gwh/ári (8000 millj. kwh/ári) með því að veita þar saman vötnum, og við það mætti einnig auka orkuframleiðslugetu Lagarfoss upp í 390 Gwh/ári, en þetta samsvarar rúmlega helmingi orkuframleiðslugetu allra stóránna á Suðurlandi, þeirri sem hagkvæm getur talizt (15 750 Gwh/ári).

Vatnsorka annarra landshluta er ekki nema brot af þessu.

Í áætlun um stofnkostnað stórvirkjana á Suðurlandi og Austurlandi, sem Orkustofnun lét gera í jan. 1971, kemur í ljós, að verðmismunurinn er hvergi marktækur miðað við þær rannsóknir, sem þá lágu fyrir, og Austurlandsvirkjun sízt dýrari en Suðurlandsvirkjanir.

Fyrsti áfangi Austurlandsvirkjunar yrði Jökulsá í Fljótsdal með vatnsmiðlun á Eyjabökkum, þar sem Kelduá o. fl. smáám væri veitt í þá miðlun. Samkvæmt áætlun Orkustofnunar frá því í des. 1971 væri hagkvæmasta stærð þeirrar virkjunar um 230—240 MW.

Fyrst eftir að áætlun um Austurlandsvirkjun var lögð fram, komst verulegur skriður á rannsóknir á þeim stöðum, en nú virðist sem mikið hafi verið dregið úr þeim og rannsóknirnar færzt yfir á aðra landshluta, sem er mjög óæskileg þróun.

Kostir Austurlandsvirkjunar eru mjög margir og því mikilsvert, að undirbúningsrannsóknum þar verði hraðað eftir föngum.

Austurlandsvirkjun er í rauninni eini stórvirkjanamöguleikinn sambærilegur við Suðurland og er einnig mikilsverð til að skapa aukið jafnvægi í byggð landsins. Óheppilegt væri að nota suðvesturlandsorkuna að mestu til stóriðju, þar sem hennar mun fyrr en seinna þörf til almennra nota á mestu þéttbýlissvæðum landsins.

Auðvelt er að tengja Austurlandsvirkjun við raforkukerfi Suðvesturlands með byggðalínu um suðurströndina. Með tilliti til jarðfræði og náttúruhamfara er hún vel í sveit sett og gæti því aukið á orkuöryggi landsins.

Veðrátta Austurlands er allt önnur en á Suðurlandi, þannig að sjaldgæft er, að lélegt vatnsár sé á báðum stöðum, svo að með slíkri samtengingu gætu virkjanir bætt hvor aðra upp.

Jarðlög til mannvirkjagerðar við virkjun Jökulsár í Fljótsdal eru talin vel traust, og stöðvarhússtæði liggur í miðri sveit með hagstæðum samgöngumöguleikum við Egilsstaðaflugvöll og Reyðarfjörð sem höfn, en það er meira en hægt er að segja um virkjunarstæði inni á hálendi landsins.

Ísavandamál eru þar í lágmarki miðað við íslenzkar aðstæður.

Stækkunarmöguleikar eru þar mjög miklir, og af samanburðarkostnaðaráætlunum má sjá, að stofnkostnaður hvers áfanga er mjög hliðstæður, svo að fyrir fram fjárfestingar eru þar litlar sem engar.

Vatnsmiðlun Fljótsdalsvirkjunar gerir Lagarfossvirkjun örugga með vatn allan ársins hring, einnig þó að annar áfangi hennar væri byggður, svo að nýting og rekstur hennar væri í hámarki.

Fiskræktarskilyrði í Lagarfljóti mundu batna vegna hins jafna rennslis, minni jökulaurs og minni flóðahættu, vegna þess að miðlunarlónin draga mjög úr flóðum.

Landspjöll af völdum slíkrar stórvirkjunar eru í lágmarki. Að vísu mundi nokkuð af góðum sumarafréttarlöndum Fljótsdælinga fara undir vatn í Eyjabakkalóni. Slíkt þyrfti auðvitað að bæta með uppgræðslu eða á annan hátt. Aftur á móti mundi rennsli Lagarfljóts jafnast, og jafnvel þó að hinum stóránum yrði veitt yfir í Fljótsdal, er auðvelt að ganga þannig frá því, að rennsli Lagarfljóts yrði ekki öllu meira en meðal-ágústrennsli þess, svo að landspjöll af þess völdum yrðu hverfandi lítil.

Viðvíkjandi staðsetningu stóriðju, sem nýtti þessa orku, virðist varla nokkur annar staður en Reyðarfjörður koma til greina. Ber þar margt til, og skal hér tilfært nokkuð það helzta.

Reyðarfjörður er sá eini af Austfjörðum, sem er í góðu vegasambandi við Fljótsdalshérað og þar með Egilsstaðaflugvöll. Héraðið er mjög góður landbúnaðarbakhjarl fyrir það þéttbýli, sem skapaðist í kringum slíka stóriðju. Nýi hringvegurinn kemur til með að tryggja nokkuð öruggar vetrarsamgöngur við þéttbýli Suðvesturlands. Hafnarskilyrði við Reyðarfjörð eru ákjósanleg, hafíshætta lítil sem engin. Frá sjónarmiði samgangna er því Reyðarfjörður með Egilsstaði og Fljótsdalshérað í bakgrunni mjög vel settur.

Landrými er meira í Reyðarfirði en víðast hvar annars staðar á Austfjörðum, en slíkt er nauðsynlegt fyrir þéttbýlismyndunina. Einnig mundi háspennulínulögn frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar vera ein sú stytzta, sem völ er á. Aðeins Breiðdalsvík og Vopnafjörður geta keppt við Reyðarfjörð um landrými, en flestar aðrar aðstæður á hinn bóginn Reyðarfirði í vil.

Hin nýju viðhorf í orkumálum heimsins hafa gerbreytt viðhorfunum íslenzku vatnsafli í vil. Var þó enginn í vafa um áður, að í því fælist mikill fjársjóður. Sterkar líkur benda til, að orkukaupendur séu nú auðfundnir erlendis. Þegar þeir koma til skjalanna, virðist engin áhætta því samfara að stofna til skulda erlendis og afla þann veg fjár til stórvirkjana.

Eins og kunnugt er, er mikill orkuskortur á Austurlandi. Má ekkert út af bera til að vá sé ekki fyrir dyrum. Er skemmst að minnast neyðarástandsins, sem varð í Austur-Skaftafellssýslu s. l. haust. Þegar Lagarfossvirkjun kemst í gagnið, mun vissulega úr rætast. En hún mun þegar verða fullnýtt, enda þótt hún skili fullum afköstum. Hins vegar kom í ljós í frosthörkunum s. l. haust, að hún mundi þá ekki hafa skilað nema ⅙—⅐ hluta orkuafkasta sinna, sökum vatnsskorts í Lagarfljóti. Þess vegna er mjög mikilvægt, að leitað verði annarra ráða þegar í stað til að tryggja raforku í landshlutanum. Forrannsóknir benda til, að hagkvæmt kunni að vera að virkja Fjarðará í Seyðisfirði og Geithellnaá. Því er lagt til, að rannsóknum á virkjun þeirra sé hraðað og orkuþörf landshlutans þannig fullnægt um hríð, eða þar til Fljótsdalsvirkjun kemst í gagnið, en í áætlunum um hana er gert ráð fyrir, að 10% orkunnar verði seld til almennrar notkunar, t. d. húsahitunar.

Jafnhliða virkjunum verði að sjálfsögðu lokið samtengingu orkuveitusvæða landshlutans og línum til þeirra héraða, sem orku eiga að njóta frá þeim, svo sem Vopnafjarðar.

Nd. 368. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um starfskjör launþega o. fl.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og var sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Stefán Valgeirsson, Gylfi Þ. Gíslason og Garðar Sigurðsson.

Alþingi, 11. febr. 1974.

Hannibal Valdimarsson, form.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.	Gunnar Thoroddsen.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 369. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Garðar Sigurðsson, Gylfi Þ. Gíslason og Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 11. febr. 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Ólafur G. Einarsson, frsm. Gunnar Thoroddsen.
Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 370. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá Oddi Ólafssyni.

2. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Kjörstjóra samkvæmt a- og b-lið 1. málsgr. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, öryrkjastofnun eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Sþ. 371. Fyrirspurnir. [214. mál]

I. Til fjármálaráðherra um fjölgun starfsmanna í stjórnarráðinu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hve margir voru a) fastráðnir, b) lausráðnir starfsmenn í hverju einstöku ráðuneyti a) 1. júlí 1971 og b) 1. janúar 1974?

II. Til viðskiptaráðherra um fullvinnslu iðnaðarvara.

Frá Pétri Péturssyni.

Hvaða ráðum hyggst ráðherra eða ríkisstjórn beita til að koma í veg fyrir, að hálfunnið hráefni sé flutt úr landi til fullvinnslu iðnaðarvara í öðru landi, þar sem laun eru lægri en hér og ýmsar aðstæður hagstæðari? Hér er átt við iðnaðarvörur, sem annars væri hægt að fullvinna hér á landi.

III. Til dómsmálaráðherra um skipulagningu björgunarmála.

Frá Halldóri S. Magnússyni.

Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var 1. desember 1972 til þess að skipuleggja björgunarmál í landinu samkvæmt þingsályktun frá 18. maí 1972?

IV. Til landbúnaðarráðherra um ríkisjarðir.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað voru ríkisjarðir margar við síðustu áramót?
2. Hve margar þeirra voru þá í lögformlegri ábúð?
3. Hvaða aðilar hafa haft afnot af öðrum jarðeignum ríkisins árið 1973 og með hvaða kjörum?

Ed. 372. Frumvarp til laga [215. mál]

um olíubirgðastöð á Norðurlandi.

Flm.: Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta reisa olíubirgðastöð á Norðurlandi, þar sem hagkvæmast þykir.

2. gr.

Stærð stöðvarinnar skal við það miðuð:

1. Að jafnan séu fyrir hendi birgðir af gasolíu, svartolíu og bensíni, sem nægja mundu Norðlendingum í allt að 6 mánuði, ef hafís lokaði höfnum norðanlands.
2. Að með þessari aukningu tankrýmis lengist endingartími öryggisbirgða í landinu um a. m. k. einn mánuð, þ. e. um 50 % frá því, sem nú er.
3. Að sköpuð sé aðstaða til að taka á móti olíu frá stórum flutningaskipum, sem flytja olíuna beint erlendis frá, til þess að draga úr flutningskostnaði.

Ef hagkvæmara þykir að rannsökuðu máli, er heimilt að koma upp tankrými fyrir öryggisbirgðir á fleiri en einum stað á Norðurlandi.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til þessara framkvæmda. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að taka eða ábyrgjast lán í þessu skyni, allt að 100 millj. kr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlend lán, allt að 300 millj. kr., til greiðslu á olíubirgðum.

4. gr.

Olíubirgðastöðin selur olíu til olíufélaga, olíusamlaga og annarra aðila, sem kaupa mikið magn í einu, á sérstöku heildsöluverði samkvæmt ákvörðun viðskiptaráðuneytisins.

5. gr.

Innkaupastofnun ríkisins fer með stjórn, fjárreiður og bókhald olíubirgðastöðvarinnar.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun olíubirgðastöðvarinnar setur viðskiptaráðherra með reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hefur það verið sérstök hrollvekja fyrir Norðlendinga að hugsa til þess, hvernig ástatt yrði fyrir norðan, ef hafís yrði landfastur fyrir öllu Norðurlandi og lokaði höfnum um nokkurra mánaða skeið. Á Norðurlandi er svipað ástatt og á landinu í heild, að birgðir af olíu eru þar hverju sinni aðeins til rúmlega 2 mánaða miðað við meðalolíueyðslu.

Hafísvetri gætu fylgt mikil frost, sem drægju verulega úr raforkuframleiðslu norðanlands, og ykist þá olíueyðsla stórlega, en flutningar landleiðina yrðu gífurlega dýrir og jafnvel óframkvæmanlegir. Þegar af þessari ástæðu er því algerlega óhjákvæmilegt, að komið sé upp öryggisbirgðum af olíu á Norðurlandi.

Jafnframt minnir núverandi olíukreppa á þá nauðsyn, að auknar séu varabirgðir af olíu í landinu. Ef eitthvað það gerist, sem stöðvar olíuflutninga til landsins, eru birgðir okkar á þrotum eftir 2—3 mánuði, og eru Íslendingar óvenjulega óforsjálir og illa settir í þessum efnum. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa umfangsmiklar ráðstafanir verið gerðar til að koma upp öryggisbirgðum.

Gróft reiknað má giska á, að **árseyðslan** af þremur mikilvægustu olíutegundunum sé í þúsundum tonna:

	Gasolía	Bensín	Svartolía	Alls
Á landinu öllu	330	70	110	510
Á Norðurlandi	51	11	17	79

Geymarými er áætlað í þúsundum tonna:

	Gasolía	Bensín	Svartolía	Alls
Á landinu öllu	103	17	33	153
Á Norðurlandi	17.4	2.2	5.4	25

Þar sem útilokað er, að alltaf séu allir geymar fullir, verður að miða við 60% lágmarksnýtingu birgðageyma, og telst þá **lágmarksrými birgða** vera (í þús. tonna):

	Gasolía	Bensín	Svartolía	Alls
Á landinu öllu	62	10	20	92
Á Norðurlandi	10.4	1.3	3.3	15

Lágmarksendingartími birgða virðist því vera (talinn í mánuðum):

	Gasolía	Bensín	Svartolía	Meðaltal
Á landinu öllu	2.3	1.7	2.2	2.2
Á Norðurlandi	2.5	1.4	2.3	2.3

Ef miðað er við, að komið sé upp 6 mánaða öryggisbirgðum á Norðurlandi, mætti ætla, að heildarbirgðir landsmanna af olíu entust um það bil einum mánuði lengur en nú er, og er þá miðað við tankrými fyrir:

gasolíu	27 þús. tonn
bensín	6 — —
svartolíu	9 — —

Fylgiskjal.

Árseyðsla í þús. tonna.

	Gasolía	Bensín	Svartolía	Alls
Á öllu landinu	330	70	110	510
Á Norðurlandi vestra, miðað við íbúahlutfall 4.7%	16	3	5	24
Á Norðurlandi eystra, miðað við íbúahlutfall 10.8%	36	8	12	55
Alls á Norðurlandi, miðað við íbúahlutfall 15.5%	51	11	17	79*

* Því miður liggja ekki fyrir tölur um olíunotkun á Norðurlandi á seinustu 2 árum, og er því hér miðað við íbúahlutfall. Hins vegar liggur fyrir að árið 1965 voru flutt 82 þús. tonn af olíu til Norðurlands af 466 þús. tonna eyðslu á landinu öllu, en ekki er ósennilegt, að olíunotkun á Norðurlandi sé nú hlutfallslega minni miðað við landið í heild en þá var vegna aukinnar húshitunar með jarðvarma.

STÆRÐ BIRGÐASTÖÐVAR (þús. tonn):

	Gasolía	Bensín	Svartolía
4 mán. aukabirgðir fyrir Norðurland	17	3.7	5.7
6 mán. aukabirgðir fyrir Norðurland	25	5.6	8.6
1 mán. aukabirgðir fyrir landið allt	27	5.9	9.1

Geymarými (þús. tonn):

	Gasolía	Bensín	Fuelolía
Á öllu landinu			
hámark	103	17	33
lágmark (60%)	62	10	20
Á Norðurl. vestra	5 505 m³	1 499 m³	482 m³
í þús. tonna, hámark	4.6	1.0	0.4
í þús. tonna, lágmark (60%)	2.8	0.6	0.3
Á Norðurl. eystra	15 143 m³	1 663 m³	5 552 m³
í þús. tonna, hámark	12.8	1.2	5.0
í þús. tonna, lágmark (60%)	7.7	0.7	3.0
Á Norðurlandi	20 648 m³	3 162 m³	6 034 m³
í þús. tonna, hámark	17.4	2.2	5.4
í þús. tonna, lágmark (60%)	10.4	1.3	3.3

Sþ. 373. Þingsályktun [212. mál]

um heiðurlaun listamanna.

(Afgreidd frá Sþ. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 366.

Sþ. 374. Fyrirspurn [216. mál]

til viðskiptaráðherra um bankaútibú í Ólafsvík eða á Hellissandi.

Frá Benedikt Gröndal.

1) Hvað veldur því, að ekkert hinna 57 bankaútibúa í landinu er í jafnmiklum framleiðslubyggðum og Ólafsvík eða Hellissandi?
2) Er ráðherrann reiðubúinn til að beita sér fyrir og samþykkja, að úr þessu verði bætt?

Nd. 375. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs, er ráðherra skipar.

Hjúkrunarráð skal skipað 3 mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

2. Við 3. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til að öðlast sérfræðileyfi að fengnum tillögum hjúkrunarráðs. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þau þá atkvæðisrétt í ráðinu.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um veitingu sérfræðileyfa.

Ed. 376. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Frá félagsmálanefnd.

Frv. þetta hefur nefndin athugað. Það var og sent til umsagnar Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Vinnuveitendasambandið svaraði greiðlega og er meðmælt frv. A. S. Í. hefur hins vegar engu svarað. Þótti nefndinni ekki ástæða að bíða lengur með afgreiðslu málsins og samþykkti að mæla með framgangi frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 11. febr. 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Stefán Jónsson.
Auður Auðuns.	Eggert G. Þorsteinsson.	Páll Þorsteinsson.
	Steingr. Hermannsson.	

Ed. 377. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. febr.)

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 378. Frumvarp til laga [93. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 379. Fyrirspurn [217. mál]

til landbúnaðarráðherra um afskipti stjórnvalda af regnbogasilungseldi Skúla Pálssonar, Laxalóni.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvernig hefur heilbrigðiseftirliti með eldisfiski í eldstöðinni í Laxalóni verið hagað frá stofnun hennar til þessa dags?
   Hafa smitnæmir sjúkdómar fundist í stöðinni?
2. Hafa komið upp sjúkdómar í nálægum eldisstöðvum eða ám, er rekja mætti til eldisstöðvarinnar í Laxalóni?
3. Sé svo ekki eftir meira en 20 ára veru regnbogasilungsstofnsins í landinu, er þá eðlilegt að neita um flutning stöðvarinnar á annan og heppilegri stað?

Sþ. 380. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um verklega kennslu í sjómennsku og fiskveiðum og um útgerð skólaskipa.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Sverrir Hermannsson, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verklega kennslu í sjómennsku og fiskveiðum og um rekstur skólaskipa. Skal að því stefnt að gera út að sumarlagi eitt eða fleiri fiskiskip í hverjum landsfjórðungi, þar sem ungu fólki gæfist kostur á að læra algengustu handtök við sjómennsku og fiskveiðar. Jafnframt skal stefnt að því að gefa ungmennum kost á sams konar

þjálfun á almennum fiskiskipum, enda komi til samþykki sjávarútvegsráðuneytisins hverju sinni. Fela skal Fiskifélagi Íslands að sjá um framkvæmdir.

Greinargerð.

Nýtísku fiskiskip er dýrt atvinnutæki og útgerð þess kostar að sjálfsögðu einnig mikið fé.

Íslenska þjóðin á mikið undir því, að nægur mannafli fáist til starfa á flotanum og að íslensku fiskimennirnir séu sem best menntaðir til munns og handa.

Hiklaust má ætla, að útgerð skólaskipa og þjálfun ungmenna um borð í almennum fiskiskipum hjá völdum skipstjórnarmönnum stuðli að því, að svo megi verða.

Sþ. 381. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um ráðstafanir til þess að tryggja í landinu varaforða sáðkorns til nota í kalárum.

Flm.: Steinþór Gestsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til, að Innkaupastofnun ríkisins, í samvinnu við sáðvöruinnflytjendur, flytji inn og hafi á boðstólum í vor umtalsvert magn af sáðkorni umfram venjuleg ársnot, sem grípa mætti til fyrirvaralaust til grænfóðurræktar, ef í gróandanum kæmi fram kal í túnum, sem hugsanlega getur orðið eftir hinn óvenjulanga svellavetur og leitt til fóðurvöntunar, ef ekkert er að gert.

Við ákvörðun magns og tegunda sáðvaranna skal innflytjandi hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Greinargerð.

Eins og tíðarfari hefur verið háttað það sem af er vetri, er hætt við, að klaki í jörðu sé nú meiri en oft áður um þetta leyti árs. Hitastig hefur frá haustnóttum verið óvenjulágt og svellalög því með meira móti, svo að ekki sé meira sagt. Af þessum sökum eru bændur uggandi um sprettuhorfur á komandi vori og óttast hinn gamla vágest túnanna — kalið.

Ekki verður á þessum árstíma neinu spáð um tíðarfar í vor né um grassprettu næsta sumar. Ráðstafanir, sem gætu komið í veg fyrir kal, er ekki unnt að gera. En ef svo illa færi, að um stórfellt kal yrði að ræða, svo að leiddi til verulegs uppskerubrests, er hætt við, að margur bóndinn þyrfti að fækka í fóðrum, svo að um munaði, því að valt er að treysta á stóraukinn innflutning kjarnfóðurs til úrbóta í slíku falli, enda verðlag þess óhagstætt og hækkandi.

Kalskemmdir í túnum verða oft ekki séðar, svo að öruggt sé, fyrr en liðið er langt á vor. Bændur þurfa því að geta gripið til skyndiúrræða, ef bæta á upp grasbrest á sama ári og kalið herjar. Þar kemur vart til greina annað ráð en ræktun grænfóðurs og þá fyrst og fremst byggs og hafra. Það mundi því vera skynsamleg öryggisráðstöfun að hafa jafnan til í landinu verulegt magn sáðkorns umfram venjulega ársþörf, sem grípa mætti til fyrirvaralaust, ef auka þarf grænfóðurræktun af skyndingu í slíkum neyðartilfellum.

Það mun láta nærri, að þörf bænda hafi hin síðari ár verið um 300 tonn af sáðkorni eða jafngildi þess. Varabirgðir, sem tillaga þessi tekur til, mætti áætla lauslega einhvers staðar á bilinu 300—500 tonn. Ef til vill mætti draga úr áhættu af geymslu þess og fjármagnskostnaði með því að flytja inn í þessu skyni fóðurkorn, sem yrði þá malað og selt til fóðurs, þegar séð verður, hvort þörf er fyrir það í ræktunina eða ekki.

Hér er um svo mikla birgðaaukningu að ræða, að naumast er hægt að gera þá kröfu til fræinnflytjenda, að þeir festi fé í svo miklu magni. Hér er um hagsmuna- og öryggismál að ræða, sem má heita sameiginlegt landsmönnum öllum. Það er því eðlilegt, að ríkisvaldið hafi um þetta forgöngu og beiti til þess Innkaupastofnun ríkisins, sem hefur að undanförnu haft með höndum útvegun sáðkorns fyrir grænfóðurverksmiðjur ríkisins í samvinnu við innflytjendur sáðvara.

Nú er svo áliðið vetrar, að hið fyrsta þarf að koma á framfæri sáðkornspöntunum erlendis, svo að það komi að notum í vor. Afgreiðsla þessa máls má því ekki dragast úr hömlu, svo mikið er í húfi, að öryggis sé gætt í þessu efni. Og rétt er, að sú lausn, sem upp verði tekin við þessa tillögu, geti orðið árleg trygging í framtíðinni, en ekki bundin einvörðungu við árið í ár.

Sþ. 382. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um starfsréttindi kennara.

Flm.: Halldór Blöndal, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að fræðsluyfirvöld haldi námskeið fyrir starfandi kennara á barna- og gagnfræðaskólastigi, sem hafa ekki kennararéttindi. Skal við það miðað, að þeir hafi verið settir um óákveðinn tíma eða gegnt fullu starfi í a. m. k. fimm ár, enda mæli viðkomandi skólastjóri og fræðsluráð eða skólanefnd með því.

Námskeið þetta skal vera eitt sumar og haldið tvívegis a. m. k., sumurin 1974 og 1975.

Að því loknu skal viðkomandi kennari hafa full starfsréttindi á því stigi, sem hann kennir við.

Greinargerð.

Mikill fjöldi kennara víða um land hefur ekki kennararéttindi, og hafa þeir þess vegna ekki verið skipaðir í stöður sínar, heldur hafa þær verið auglýstar lausar til umsóknar frá ári til árs. Eigi að síður hafa margir þessir kennarar gegnt starfi sínu með prýði um árabil og beinlínis bjargað því, að unnt hefur verið að halda uppi skólastarfi. Það hefur nokkuð borið á því, að þeir hafi orðið að víkja fyrir öðrum með full kennararéttindi, þó svo að þar hafi verið um fólk að ræða, sem fyrir fram hefur verið ákveðið í að setjast ekki að á viðkomandi stað og hefur kannske fengið stöðuna gegn vilja viðkomandi skólanefndar og skólastjóra. Á næsta skólaári hefur svo kannske orðið kennaralaust og þess vegna verið nauðsynlegt að grípa til einhverra skyndiráðstafana.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um, að það er ekki sæmandi af ríkinu að láta góða starfskrafta búa við slíkt öryggisleysi, svo að árum skiptir, þiggja þjónustu þeirra, þegar svo stendur á, en meta reynslu þeirra og hæfni til starfa einskis undir öðrum kringumstæðum.

Með þessu er ekki verið að gera lítið úr kennaramenntuninni. Síður en svo. Hér er einungis verið að leggja til, að ófaglærðum kennurum verði gefinn kostur á nauðsynlegri menntun, enda fái þeir viðunandi starfsskilyrði. Auk þess er það frumskylda fræðsluyfirvalda að annast um, að starfandi kennarar hljóti nauðsynlega grundvallarþekkingu.

Hér er miðað við 5 ára kennslu í fullu starfi eða setningu um óákveðinn tíma, auk þess sem tilskilið er, að meðmæli viðkomandi skólastjóra og fræðsluráðs eða skólanefndar liggi fyrir. Ætti það að vera trygging fyrir því, að einungis hæfir kennarar sæki viðkomandi námskeið og fái skipun í stöður sínar eftir þau.

Sþ. 383. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um kaup á jarðbor.

Flm.: Halldór Blöndal, Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar í stað ráðstafanir til þess, að keyptur verði jarðbor, sem geti borað niður í allt að tveggja kílómetra dýpi, enda henti hann til borunar við Kröflu.

Greinargerð.

Sá eini bor á landinu, sem til er og dugir til borana við Kröflu, er svo áseti nn, að ljóst þykir, að hann geti ekki annað öðru en þeim verkefnum, sem þegar hafa verið ákveðin á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Á hinn bóginn er orkuskorturinn á Norðurlandi svo mikill, að það þolir enga bið að reisa gufuvirkjun á háhitasvæðinu við Kröflu.

Ærin verkefni önnur liggja fyrir hér á landi fyrir slíkan bor, m. a. í sambandi við væntanlega sjóefnaverksmiðju.

Ed. 384. Lög [98. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 378.

Sþ. 385. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um að bjóða Alexander Solzhenitsyn búsetu á Íslandi.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að bjóða rússneska rithöfundinum Alexander Solzhenitsyn og fjölskyldu hans búsetu á Íslandi með fullum þegnréttindum.

Greinargerð.

Öllum heiminum er kunnugt um þau örlög, sem stjórnarfar og ráðamenn Ráðstjórnarríkjanna hafa búið rússneska rithöfundinum Alexander Solzhenitsyn og fjölskyldu hans. Baráttuþrek þessa einstaklings hefur vakið óskipta athygli og aðdáun. Af óbilandi kjarki hefur hann barist gegn misbeitingu lögregluvalds og fangabúðaþrælkun, en fyrir rit- og skoðanafrelsi, gegn stjórnarháttum, sem annar Nóbelsverðlaunahafi, Halldór Laxness, nefnir í tilefni þessa atburðar fasisma.

Nauðugur hefur hann verið fluttur frá ættlandi sínu og sviptur þar öllum mannréttindum. Sérhverri lýðfrjálsri þjóð ber skylda til að bjóða honum alla þá aðstoð, sem í té má láta. Þess vegna er tillaga þessi fram borin, ef Solzhenitsyn vill þiggja boð okkar. Rík sjálfstæðis- og frelsiskennd hefur ávallt verið aðalsmerki íslensku þjóðarinnar. Fyrir því býður hún af einlægum hug þessu stórmenni andans þau réttindi, sem hún á dýrmætust, búsetu og þegnréttindi í hinu lýðfrjálsa landi — Íslandi.

Sþ. **386. Tillaga til þingsályktunar** [223. mál]

um stórvirkjun á Norðurlandi vestra.

Flm.: Pálmi Jónsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða svo sem mögulegt er öllum nauðsynlegum undirbúningi, til þess að unnt sé að taka ákvörðun um stórvirkjun á vestanverðu Norðurlandi, er verði næsta stórvirkjun landsmanna og verði annaðhvort í Blöndu eða Jökulsá eystri og vestri í Skagafirði. Skal allur undirbúningur, þar á meðal lokarannsóknir og hönnun, við það miðaður, að hefja megi virkjunarframkvæmdir eigi síðar en árið 1977. Þá skal og við það miða, að sem minnst spjöll verði á landi, og hafa um þau efni náið samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefndir.

Greinargerð.

Á undanförnum mánuðum hefur fátt valdið meiri umræðum, bæði á Alþingi og utan þess, en orkumál. Kemur þar öðru fremur tvennt til. Eftir að olíukreppan reið yfir heiminn fyrir lok síðasta árs, vöknuðum við Íslendingar til nýs og aukins skilnings á því, að við höfum vanrækt óhæfilega vinnslu eigin orkulinda á síðustu árum, og í annan stað afhjúpaði kuldakastið í nóv. og des. s. l. orkuskortinn í landinu mjög greinilega.

Öllum ætti nú að vera ljóst, að taka verður á þessum vandamálum með a. m. k. tvennum hætti: Í fyrsta lagi með því að grípa til allra skynsamlegra ráða til þess að vega á móti þeim bráða vanda, sem nú blasir við, m. a. með því að hraða virkjunum, sem fullhannaðar eru, þótt smáar séu. Í öðru lagi verður að taka föstum tökum undirbúning að framtíðarlausn þessara mála með ákvörðun um næstu stórvirkjun landsins. Nýting jarðvarmans er auðvitað stórkostlega mikilvægur þáttur þessa máls, sem ekki verður rætt um hér.

Erfitt er að sjá fyrir, hve orkuþörfin vex ört á komandi árum. Síðustu ár hafa allar spár um það efni brugðist að því leyti, að orkunotkunin og orkuþörfin hafa farið langt fram úr öllum áætlunum þar um. Víst er þó, að nú verður stökkbreyting á þessu sviði, vegna þess að líklegt er talið, að olíuverðið hækki upp í 13—14 kr. á næstu mánuðum. Af því leiðir m. a., að nálega allir þeir landsmenn, sem ekki eiga þess kost að hita upp hús sín með jarðvarma, munu óska eftir að taka upp rafhitun í stað olíukyndingar.

Olíukreppan leiðir einnig til þess, að stóraukin eftirspurn verður eftir raforku til orkufrekrar stóriðju.

Talið er að raforka frá Sigölduvirkjun, sem lokið verður við á síðari hluta áratugsins, verði fullnýtt á 1. eða 2. ári, frá því að sú virkjun tekur til starfa. Sömu sögu er að segja um jarðgufuvirkjun á Kröflusvæðinu, sem vonandi kemst upp fyrir lok þessa áratugs, að hún muni einungis fullnægja þeirri þörf, sem þá verður fyrir hendi á Norðaustur- og Austurlandi, miðað við líklega þróun þessara mála.

Augljóst er því, að tímabært er og nauðsynlegt að taka sem allra fyrst ákvörðun um næstu stórvirkjun landsmanna. Slíka ákvörðun verður að taka út frá nokkrum meginforsendum, og eru hagkvæmni og öryggi veigamest.

Meðal annarra þátta, sem verður að hafa í huga, er að forðast svo sem verða má að spilla landi eða náttúruminjum og valda vistfræðilegri röskun. Einnig er réttmætt að taka tillit til byggðasjónarmiða.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að næsta stórvirkjun landsmanna verði á vestanverðu Norðurlandi, annað tveggja með virkjun Blöndu eða Jökulsár eystri og vestri í Skagafirði. Til þessa liggja veigamiklar röksemdir.

Rannsóknir benda til þess, að virkjanir Blöndu og Jökulsánna í Skagafirði séu einhverjir hagkvæmustu virkjunarkostir, sem um er að ræða hér á landi. Þessar

rannsóknir eru nokkru skemmra á veg komnar á Jökulsársvæðinu en við Blöndu og gefa því ekki jafnmikið öryggi, en samt virðist ótrúlega margt líkt með þessum tveimur virkjunarkostum. Blönduvirkjun er áætluð 150 MW eða liðlega ¼ minni en Búrfellsvirkjun (210 MW). Hún er talin sérlega einföld í framkvæmd og örugg og hagkvæmnin slík, að vinnslukostnaður orkunnar yrði ⅙—⅛ minni miðað við KWH en frá Sigölduvirkjun. Það munar um minna. Jökulsárnar í Skagafirði eru taldar bjóða upp á svipaða kosti, bæði að því er snertir framleiðslumagn og verð orkunnar, með virkjun í Vesturdal, auk þess sem auðvelt virðist og hagkvæmt að virkja 25—30 MW virkjun skömmu ofar en árnar koma saman, undan Stekkjarflötum á Kjálka. Þá virkjun mætti tvöfalda síðar. Í þessum fallvötnum er því um mikla orku að ræða, sem mjög hagkvæmt er að beisla.

Öryggið er ekki minna um vert. Flm. telja, að dreifing orkuvera um landið sé nauðsynleg frá öryggissjónarmiði. Búrfellsvirkjun og Sigölduvirkjun eru báðar á mesta eldgosasvæði landsins. Allir vona, að til óskapa komi ekki á þessu svæði, en engin mannvirki standast öflug eldsumbrot, ef þau dynja yfir. Víst er, að það er áhættusamt að byggja þar allar stórvirkjanir landsmanna. Eldgosa- og jarðskjálftabeltið liggur þvert yfir landið eftir miðju móbergssvæðinu frá norðaustri til suðvesturs. Það eru mikil meðmæli með stórvirkjun á Blöndu- eða Jökulsársvæðinu, að það liggur utan þessa beltis.

Þá er og mikilvægt að virða fyrir sér Blöndu- eða Jökulsárvirkjun með tilliti til flutningslína og öryggis fyrir mestu orkuneyslusvæði landsins. Sama er, hvor virkjunarstaðurinn yrði valinn, þá liggur fyrirhuguð byggðalína í fárra km fjarlægð. Það þýðir, að bæði Laxárvirkjunarsvæðið og Landsvirkjunarsvæðið, þar með talið fjölbýlið við Faxaflóa með sínum stóru iðjuverum, ættu þess kost að fá mikla raforku úr tveimur áttum. Reynslan sýnir, að orkulínur geta bilað. Búrfellslína hefur bilað hvað eftir annað, þótt ekki sé gömul. Önnur dæmi, gömul og ný, mætti nefna víðs vegar af landinu. Það er því mikið öryggi í því fólgið að geta sótt orku til tveggja átta, því að sjaldgæft mun, að línubilanir verði nema á takmörkuðu svæði í senn.

Vandamál af völdum ístruflana og aurframburðar eru talin hverfandi lítil við þessar virkjanir vegna uppistöðulóna og vatna, sem ánum verður veitt um á leið til stöðvarhúss. Einnig má geta þess, að Blöndudalur og innstu sveitir Skagafjarðar eru einhver veðursælustu svæði Norðurlands.

Nauðsynlegt er að gæta þess, svo sem kostur er, að virkjunarframkvæmdir valdi ekki náttúruspjöllum. Að því er séð verður verða þau hverfandi lítil við virkjun Jökulsánna. Hins vegar er talið, að talsvert afréttarland tapist undir vatn við virkjun Blöndu. Það er þó eitt af þeim atriðum, sem ekki eru fullkönnuð. Verið er að kortleggja landið og teikna inn á það hæðarlínur. Þegar því er lokið, er nánar hægt að gera sér grein fyrir þessu. Um öll þau atriði, er snerta hugsanleg landsspjöll, leiðir til að draga úr þeim og bætur, m. a. með gróðuraukningu annars staðar í stað þess, sem tapast, er nauðsynlegt að hafa náið samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefndir. Að sjálfsögðu má ráða sérfræðinga til aðstoðar að vild.


Nálega engin veiði er í Jökulsánum, a. m. k. ekki svo framarlega sem virkjanirnar kæmu til með að hafa áhrif á. Blanda er hins vegar mjög góð laxveiðiá. Borið hefur við, að lax hefur veiðst fram í Haugakvísl eða jafnvel Seyðisá. Við virkjun mundi taka fyrir laxgengd þangað. Á hinn bóginn mundi áin í heild sennilega batna verulega sem laxveiðiá vegna jafnara rennslis, minni aurburðar og hlýrra vatns.

Virkjanir hafa mkila þýðingu frá byggðasjónarmiði. Stórvirkjun á Norðurlandi vestra mundi verða ómetanleg lyftistöng atvinnulífs og almennra lífsháttа fólksins í landshlutanum. Þótt fullnæging venjulegrar orkuþarfar sé meginatriði, sköpuðust jafnframt möguleikar til orkufrekrar stóriðju, sem ekki er minni ástæða til að byggja upp og reka þar en annars staðar. Þótt hér séu ekki gerðar beinar tillögur um stóriðjufyrirtæki, ber að sjálfsögðu að hafa slíkt í huga við framgang málsins.

Meginatriði er að taka sem fyrst ákvörðun um stórvirkjun í samræmi við það, sem tillagan greinir. Verði unnt að hefjast handa um virkjunarframkvæmdir í Blöndu eða Jökulsánum árið 1977, má vænta þess, að virkjunin komist í gagnið 1980—81.

Hér er ekki gert upp á milli þessara tveggja virkjunarkosta vegna þess, hve þeir virðast áþekkir. Næsta sumar ætti að vera unnt að skera úr. Hvor kosturinn sem valinn verður er ekki einungis um það að ræða að ráða bót á orkuvandamálum Norðlendinga með óvenjulegri hagkvæmni, heldur veitir stórvirkjun á þessu svæði einnig ómetanlegt öryggi fyrir allt Vesturland og þéttbýlissvæðin við Faxaflóa.

Fylgiskjal.



Blönduvirkjun.

Stífla í Blöndu undan Reftjarnartungu og stífla í Kolkukvísl við Kolkuhól. Lón í Kolkuflóa. Ánni veitt þaðan í skurði um Þrístiklu, Smalatjörn, Eystra-Friðmundarvatn og Gilsvatn í lón í Eldjárnsstaðaflá, sem myndast við stíflu við Heygarðsás. Jarðgöng með 315 m falli að stöðvarhúsi skammt frá Eiðsstöðum. Virkjun 150 MW.



Virkjun Jökulsár eystri og vestri í Skagafirði.

Stífla í Jökulsá eystri við Hraunlækjartorfu. Lón þaðan og um Vestri polla. Safnað í það kvíslum úr Hofsjökli. Veitt þaðan í skurði um Orravatnsrústir, Rústakvísl að stíflu við Stafnsvatnshæðir. Ánni veitt með skurði úr lóni í Giljamýrum og Stafnsvötnum út Giljamúla að stöðvarhúsi í Vesturdal eftir 400 m fall. Virkjun 150 MW. Stífla í Vesturdal hjá Bjarnastaðahlíð. Jarðgöng yfir í Austurdal gegnt Merkigili. 100 m há jarðvegsstífla undan Stekkjarflötum. Virkjun 25—30 MW, sem unnt er að tvöfalda.

Sþ. **387. Tillaga til þingsályktunar** [224. mál]

um ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, með hvaða hætti unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir hinar alvarlegu bilanir, sem oft eiga sér stað á raflínum víðs vegar um land í vetrarveðrum.

Greinargerð.

Í þeim veðraham, sem að undanförnu hefur gengið yfir landið, hefur víða orðið stórtjón af völdum rafmagnsbilana. Línur hafa slitnað og staurar brotnað í tuga- og hundraðatali. Mörg býli og byggðarlög hafa orðið rafmagnslaus með öllu, en önnur hafa raforku af mjög skornum skammti. Gengið hefur erfiðlega að kanna bilanir þessar til fulls vegna ófærðar og samgönguerfiðleika. Viðgerðarflokkar hafa þegar hafist handa, en eiga víða erfitt verk fyrir höndum. Ljóst er, að tjón hefur orðið gífurlegt, bæði beint og óbeint.

Segja má að vísu, að óveður það, sem geisað hefur undanfarna daga um stóran hluta landsins, hafi verið óvenjulega hart. Sé því ekki nema eðlilegt, að það hafi valdið tilfinnanlegu tjóni. Við slíku megi alltaf búast hér á landi um hávetur. Við vonumst að sjálfsögðu alltaf eftir góðu veðri og viljum ekki trúa spádómum um kólnandi veðurfar. Eigi að síður er nauðsynlegt að vera við öllu búinn. Hér er mikið í húfi, ef út af ber.

Það er áreiðanlega hægara sagt en gert að búa svo um hnútana, að raflínur þær, sem lagðar eru um landið, verði svo úr garði gerðar, að þær geti til fulls staðið af sér íslensk vetrarveður. En sjálfsagt er að stefna að því með öllum ráðum, að sem mestu öryggi verði náð í þessum efnum.

Um þessar mundir er mikið rætt um nauðsyn þess að gera stórátök í rafvæðingarmálum. Orkuþörfin vex hröðum skrefum um allt land. Þó er það svo, að orkuskömmtun er tíð hér og þar um landið og orkuskortur yfirvofandi á stórum svæðum. Þörfin er brýn fyrir innlenda orkugjafa til húsahitunar, þar sem jarðhita er ekki að fá. Höfð eru uppi áform um að ljúka rafvæðingu hinna dreifðu byggða sem allra fyrst. Af þessu er ljóst, að landsmenn allir verða háðari rafmagninu svo að segja með hverjum deginum sem líður og geta ekki án þess verið stundinni lengur.

Það skal tekið fram, að með þessum orðum er síst af öllu verið að vega að þeim mönnum, sem á undanförnum árum hafa unnið að raforkuframkvæmdum í landinu og stjórnað þeim. Framkvæmdir þessar eru mjög fjárfrekar. Ýtrasta hófs verður að gæta í meðferð opinberra fjármuna. En jafnframt verður að sjálfsögðu að hafa hagsmuni og öryggi allra landsmanna í huga. Raflínur verða að vera svo öflugar, að þær standist nokkur átök. Auknu öryggi í þessu efni fylgir vafalaust aukinn kostnaður. Sums staðar getur reynst óhjákvæmilegt að leggja jarðstrengi, en að öðrum kosti að styrkja línur eftir föngum. Oft mun þetta velta á erfiðu mati, þar sem fé er að jafnaði af skornum skammti til framkvæmda.

Hér er samt um svo mikilvægt mál að ræða, að rétt og skylt verður að teljast að vekja á því sérstaka athygli og kanna allar tiltækar leiðir til úrbóta, þar sem svo stórfelldir hagsmunir eru í húfi fyrir land og þjóð.

Nd. **388. Frumvarp til laga** [225. mál]

um breyting á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Við sveitarstjórnarkosningar þær, sem fram eiga að fara hinn 26. maí 1974, skal bæjarstjórn Vestmannaeyja heimilt með samþykki yfirkjörstjórnar að ákveða sérstakar kjördeildir á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Reykjavík og Keflavík, eina á hverjum stað, fyrir þá kjósendur, sem eru á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en hafa enn aðsetur sitt utan Vestmannaeyja á kjördegi. Skulu um kjördeildir þessar gilda sömu reglur og aðrar kjördeildir, sem ákveðnar kunna að verða í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, urðu íbúar Vestmannaeyja nær undantekningalaust að hafa aðsetursskipti vegna náttúruhamfaranna, er þar urðu í byrjun síðasta árs. Samkvæmt gildandi lögum eru Vestmannaeyingar allir enn á íbúaskrá í Vestmannaeyjum, nema þeir, sem fyrir lok nóvember s. l. höfðu formlega tilkynnt Hagstofunni brottflutning sinn. Samkvæmt íbúaskrá fyrir Vestmannaeyjar, sem Hagstofan hefur samið miðað við 1. des. 1973, eru enn á íbúaskrá þar 4892 manns, þar af 19 ára og eldri 2961. Hinn 1. des. s. l. höfðu flutt heim aftur 2132 manns, en aðsetur sitt höfðu enn annars staðar 2760 manns. Frá því að íbúaskrá var samin og til 18. febr. s. l. höfðu til viðbótar flutt aftur til Vestmannaeyja um 600. Er ekki hægt að reikna með, að fólksflutningar til Eyja muni eiga sér stað úr þessu, svo að nokkru nemi, fyrr en fyrri hluta næsta sumars. Verður því að gera ráð fyrir, að stór hluti þeirra, sem á kjörskrá verða í Vestmannaeyjum, þegar kosningar til bæjarstjórnar fara fram 26. maí n. k., verði enn með aðsetur sitt annars staðar en þar og þá helst á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, fyrir austan fjall, eins og það er kallað, og á hinum ýmsu stöðum á Reykjanesi. Ef ekki væri um að ræða sérstakar kjördeildir fyrir þessa aðila, yrðu þeir lögum samkvæmt að leita til viðkomandi yfirvalda og greiða atkvæði utan kjörstaða, en eins og allir vita er það ýmsum vandkvæðum bundið, sérstaklega fyrir eldra fólk.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi einum að gera þeim kjósendum léttara fyrir að neyta atkvæðisréttar síns, sem eru á kjörskrá í Vestmannaeyjum, en hafa aðsetur sitt enn utan heimabyggðar sinnar á kjördegi, þegar kosningar til sveitarstjórna fara fram, hinn 26. maí n. k., og hlýtur það að vera í samræmi við hið almenna sjónarmið, að sem flestir geti neytt atkvæðisréttar síns við hverjar kosningar.

Nd. **389. Breytingartillögur** [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. breytist svo:

		Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
Tollskrár-tollur		Efta-tollur		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%	%	%
48.21									
13	Drykkjarmál	70		60	40	55	35	50	30
73.14									
02	Vír, 6 mm og grennri	18		18	12	16	10	14	8
09	Annað	18		2		2		0	
84.10									
01	Stimpildælur	35		25		25		25	
	Snúningsdælur:								
	Miðflóttaaflsdælur:								
02	Fiskidælur	4		4		4		4	
03	Dælur úr ryðfríu og sýruþolnu stáli og úr plasti ót. a.	35		4		4		0	
04	Aðrar miðflóttaaflsdælur	35		25		25		25	
05	Tannhjóladælur	35		4		4		0	
06	Aðrar snúingsdælur	35		25		25		25	
09	Annað	35		35		35		35	
85.07									
01	Sauðaklippur	25		7		7		7	
85.19									
01	Rofar með snertum til og með 5 amper og 30—200 amper, fyrir 600 volt og lægri spennu.								
	Skiptarar og liðar			4		4		0	
02	Vör og varhús til og með 5 amper og 30—200 amper, fyrir 600 volt og lægri spennu			4		4		0	
03	Eldingar- og risspennuverndartæki og annar verndarbúnaður ót. a.	35		35		35		35	
04	Falir, tenglar, klær og tengibúnaður til og með 5 amper og 30—200 amper. Fjöltengi með fleiri en 5 snertum, tengiræmur og prentrásir			4		4		0	
05	Tengikassar og annar tengibúnaður ót. a.	35		35		35		35	
06	Viðnám, breytiviðnám og spennudeilar			4		4		0	
07	Greinitöflur, stýri- og eftirlitstöflur	35		35		35		35	
09	Annað	35		35		35		35	

2. Við 3. gr.
   a. Í stað „300 bifreiðum“ í 27. tl., 1. mgr. komi: 400 bifreiðum.
   b. Inn komi nýr töluliður, sem verði 58. tl., svo hljóðandi:
   Að fella niður aðflutningsgjöld af skíðalyftum eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

c. Inn komi nýr töluliður, sem verði 59. tl., svo hljóðandi:
Að lækka í 7% aðflutningsgjöld af reykháfum fiskimjölsverksmiðja, sem settir verða upp vegna krafna frá heilbrigðisyfirvöldum.

d. Inn komi nýr töluliður, er verði 60. tl., svo hljóðandi:
Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld af hráefnum og vélum til iðnaðar, sem tollafgreidd hafa verið á tímabilinu 1. janúar 1974 til gildistöku laga þessara, þannig, að mismunur gjalda af fyrrgreindum vörum samkvæmt lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og gjalda, eins og þau verða ákveðin með lögum þessum, verði felldur niður eða endurgreiddur eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur. Skal niðurfellingin eða endurgreiðslan, eftir því sem við á, einnig ná til mismunar greidds söluskatts við innflutning samkvæmt ofanrituðu.

3. 39. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., lög nr. 100/1970, lög nr. 17/1971, lög nr. 110/1972 og lög nr. 7/1973, um breyting á þeim lögum.

Sþ. 390. Fyrirspurn [226. mál]

til félagsmálaráðherra um leigu og sölu fasteigna o. fl.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Mun félagsmálaráðherra eiga frumkvæði að því, að sett verði lög um leigu og sölu fasteigna í samræmi við þingsályktunartillögu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar 6. apríl 1973?
2. Er ráðherra hlynntur því, að sett verði ákvæði um hámarksleigu íbúðarhúsnæðis?
3. Vill ráðherra beita sér fyrir því, að húsaleiguútgjöld verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts?
4. Verða ráðstafanir gerðar af hálfu Húsnæðismálastofnunar ríkisins til að tryggja, að íbúðir, sem byggðar hafa verið í Breiðholti í þágu láglaunafólks af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, séu ekki misnotaðar í hagnaðarskyni?

Ed. 391. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskírteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrr en á því almanaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.

2. gr.

4. málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Í stað orðanna „nafnnúmer Þjóðskrár“ í 2. málsgr. 2. gr. komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár.

4. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverjum lögreglustjóra er heimilt að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskírteini einstaklinga á aldursbilinu 18—23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skírteini með öðrum lit en er á almennu nafnskírteini. Heimild þessi er bundin við notkun nafnskírteinis í sambandi við opinber fyrirmæli um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

Hagstofan gefur út nafnskírteini með sérstökum lit til einstaklinga í umdæmum, þar sem lögreglustjóri hefur ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 2. málsgr. Greiða skal fyrir útgáfu slíks skírteinis samkvæmt gjaldskrá, er Hagstofan setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalákvæði frumvarps þessa eru í 1. og 4. gr. þess. Breytingar þær, sem þar eru ráðgerðar, voru meðal annars bornar undir eftirtalda aðila, sem allir töldu þær vera til bóta: Lögreglustjóraembættið í Reykjavík, formenn Barnaverndarráðs Íslands og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, æskulýðsfulltrúa ríkisins og formann og framkvæmdastjóra Æskulýðsráðs Reykjavíkur. — Það skal tekið fram, að vandi sá, sem stefnt er að að leysa með ákvæðum 1. og 4. gr. frv., er fyrst og fremst fyrir hendi á Reykjavíkursvæðinu. — Breytingar þær, sem felast í 2. og 3. gr. frv. eru annars eðlis og skipta minna máli, en eru látnar fljóta með nú, þegar borið er fram frv. til breytinga á lögum um nafnskírteini.

Á þeim tæpa áratug, sem liðinn er síðan nafnskírteini voru tekin upp, hafa verið gerðar ýmsar lagfæringar á kerfinu eins og það var í upphafi. T. d. var með reglugerð nr. 18/1967 öll endurútgáfa skírteina flutt til Hagstofunnar, eftir að komið hafði í ljós, að óhagkvæmt var að láta marga aðila annast þetta verkefni. Í þessari reglugerð og í nýjum starfsfyrirmælum, sem voru gefin út jafnframt, voru gerðar ýmsar aðrar breytingar, sem taldar voru horfa til bóta. Með þessu og öðrum síðari lagfæringum var reynt að hamla gegn ýmislegu misferli í sambandi við nafnskírteini. Hér hefur aðallega verið um að ræða fölsun fæðingarárs eða annarrar áritunar á skírteini, myndaskipti, og tilraunir til að svíkja út nýtt skírteini með eigin mynd, en á nafni annars eldri einstaklings. Á síðastliðnu sumri var tekin upp plasthúðun á öllum nýútgefnum og endurútgefnum skírteinum, og á hún sér stað áður en þau eru látin af hendi. Um leið voru settar nýjar og mjög strangar reglur um tilhögun á endurútgáfu skírteina. Ástæða er til að ætla, að með þessum síðustu lagfæringum sé alveg tekið fyrir möguleika á fölsun og öðru misferli í sambandi við endurútgefin skírteini og nýútgefin skírteini framvegis.

Lagfæringar á nafnskírteinakerfinu hafa fram að þessu getað átt sér stað, án þess að breyta þyrfti gildandi lögum um það. En til enn frekari lagfæringa, sem taldar eru nauðsynlegar, þarf lagabreytingu, og er frv. þetta borið fram í því skyni, sbr. 1. og 4. gr. þess.

Í samræmi við ákvæði í gildandi lögum um nafnskírteini eru þau gefin út til barna á því ári, er þau verða 12 ára, en í 1. gr. frv. er lagt til, að þetta aldursmark verði fært upp um 2 ár. Samkvæmt því mundu unglingar framvegis fá nafnskírteini á hausti þess árs, er þeir verða 14 ára, þ. e. er þeir flestir hefja nám í 2. bekk gagnfræðastigs. Aðalrök fyrir þessari breytingu eru þau, að mynd sett á skírteini 12 ára unglings og orðin úrelt og haldlítil við 15—16 ára aldur, sem er mikilvægt aldursmark í sambandi við löggæslu, en mynd sett á skírteini 14 ára unglings dugar fram á þennan aldur. Þar eð frumafhending nafnskírteina og setning myndar á þau verður að fylgjast að í umdæmum, þar sem myndskylda er í sambandi við skírteini, er hér

aðeins um tvær leiðir að velja: annað hvort að færa aldursmarkið upp eins og hér er lagt til, eða að skipta um mynd á skírteinum, þ. e. endurnýja öll skírteini við 15—16 ára aldur, að minnsta kosti á Reykjavíkursvæði. Síðari kosturinn er óhagkvæmur vegna mikils tilkostnaðar, bæði fyrir hið opinbera og almenning, og auk þess yrði hér um að ræða mjög umfangsmikla og varasama framkvæmd. Leið sú, sem hér er gerð tillaga um, virðist fela í sér hagkvæma lausn á þessum vanda, enda töldu lögregluyfirvöld, skólastjórar og fleiri aðilar, sem Hagstofan bar mál þetta undir, það litlu skipta, að hætt væri að gefa út nafnskírteini til 12 og 13 ára barna. Hér má og geta þess, að mikið er um það, að börn á þessum aldri týni nafnskírteini sínu eða glati því á annan hátt. Bendir þetta til þess, að börn undir fermingaraldri séu fullung til að veita viðtöku gagni af þessu tagi.

Ákvæði 1. gr. miða að því, að upphafleg nafnskírteini hvers árgangs séu með nothæfri mynd til 15—16 ára aldurs, en þar fyrir ofan er erfiðasta aldursbilið í sambandi við framkvæmd ákvæða um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða komu eða dvöl á stað. Miklu skiptir, eins og áður segir, að komast hjá þeim örðugleikum og fjárútlátum, sem fylgja almennri endurnýjun nafnskírteina til þess að setja á þau nýja mynd. Ákvæði 4. gr. frv. miða að því að leysa þennan vanda: Þar eð fyrir liggur, að stór hluti ungmenna fær ökuskírteini við 17—18 ára aldur, og á því er alltaf ný mynd, liggur það beint við, að ökuskírteini sé almennt notað sem sönnunargagn um aldur í sambandi við aðgang að skemmtistöðum og öðru, sem hér er um að ræða. Þessu er óbeint komið í kring með því ákvæði 4. gr., að hverjum lögreglustjóra er heimilað að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskírteini einstaklinga 18—23 ára skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur á tilteknum sviðum, nema framvísað sé sérstaklega útgefnu skírteini með öðrum lit en er á almennu nafnskírteini. Samkvæmt þessu mundu yfirleitt þeir einir á þessu aldursbili, sem ekki hafa fengið ökuskírteini — og ekki heldur hafa gilt vegabréf útgefið af lögreglustjóra — óska eftir að fá útgefið litað nafnskírteini, og þá því aðeins að þeir þyrftu á því að halda til þess sérstöku nota. Hins vegar mundu allir á hinu tiltekna aldursbili geta fengið litað nafnskírteini, ef þeir greiða tilskilið gjald fyrir það og vilja leggja á sig þá fyrirhöfn, sem fylgir endurútgáfu skírteinis, enda mundi ekki mega slaka neitt á þeim öryggiskröfum, sem nú orðið eru gerðar í þessu sambandi. — Almennt nafnskírteini yrði að sjálfsögðu notað áfram til alls annars en þess, sem sérstaklega er undanskilið samkvæmt 4. gr.

Ef heimild sú, er um ræðir í 4. gr., yrði notuð í minnst einu lögregluumdæmi, mundu í raun öll endurútgefin nafnskírteini til einstaklinga á hinu tiltekna aldursskeiði vera með öðrum lit en er á almennu nafnskírteini. — Aldursbilið, sem útgáfa sérstaks nafnskírteinis er bundin við — 18—23 ár — er ákveðið með hliðsjón af því, að fyrst þegar komið er upp fyrir þennan aldur mun yfirleitt vera orðið óþarft að láta menn sanna aldur sinn við aðgang að vínveitingarstöðum og við kaup á áfengi.

Aðstæður að því er varðar notkun nafnskírteinis í þágu löggæslu eru mjög mismunandi í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum, og því er í 4. gr. aðeins um að ræða heimildarákvæði til handa lögreglustjórum.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að 4. málsgr. 1. gr. nafnskírteinalaga falli niður. Í þeirri málsgr. er ákveðið, að nafnskírteini árituð í skýrsluvélum skuli ekki vera með undirskrift hagstofustarfsmanns. Komið hefur í ljós við notkun nafnskírteina erlendis — en hún hefur farið vaxandi — að betra er, að á þeim sé undirskrift, og því er ráðgert, að framvegis verði undirskrift hagstofustarfsmanns á öllum nafnskírteinum.

Í 2. málsgr. 2. gr. nafnskírteinalaga er heimild til að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskírteini í skiptum sínum við opinbera aðila, sem nota „nafnnúmer Þjóðskrár“ í umsýslu sinni. Lagt er til, að í stað þessa orðalags komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár. Tekur þá þessi heimild einnig til hins svo nefnda fæðingarnúmers Þjóðskrár, sem er að fá aukna þýðingu sem auðkennisnúmer einstaklinga.

Ed. 392. Frumvarp til laga [228. mál]

um gatnagerðargjöld.

Flm.: Alexander Stefánsson.

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimt skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Sama gildir, ef hús er stækkað, að því er stækkunina varðar.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

3. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt gatnagerðargjald skv. 1. gr. af hlutaðeigandi fasteign.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

5. gr.

Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.

Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabil, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 10. gr. sveitarstjórnarlaga er það eitt af höfuðverkefnum sveitarfélaga að annast gatna- og vegagerð. Er þetta í dag eitt af meiri háttar verkefnum flestra þéttbýlissveitarfélaga á Íslandi.

Umhverfi mannsins hefur á síðustu árum gefið tilefni til endurmats á mörgum sviðum í þjóðlífinu. Mengun er nú talin einn af verstu vágestum mannkynsins, og óhætt er að fullyrða, að rykið og forin á götum og vegum sé mikill mengunarvaldur á Íslandi.

Auknar kröfur um þrifnað eru háværar og sérstaklega um hollustuhætti í matvælaiðnaði. Nýjar reglur þar um krefjast verulegra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, þar sem staðsett eru fyrirtæki, sem framleiða matvæli til útflutnings. Þá má fullyrða, að ein höfuðforsenda byggðar þéttbýlisstaða úti um land sé varanleg gatnagerð og hreinlegt umhverfi.

Þetta er því miður óleyst verkefni í mörgum sveitarfélögum víða um landið. Með tilkomu samtaka sveitarfélaga í öllum landshlutum hefur skapast nýr vettvangur til umræðna og samstarfs til að leysa þetta mál. Hafa samtökin þegar stuðlað að sameiginlegum framkvæmdum sveitarfélaga, sbr. gatnagerð á Austfjörðum á s. l. ári, og í undirbúningi er samvinna og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum og á Vesturlandi.

En aðalvandamálið er enn óleyst, þ. e. fjármagnið. Með hliðsjón af því, að hér er um miklar fjárhæðir að ræða, sem ekki er mögulegt að fjármagna eingöngu með þeim tekjustofnum, er sveitarfélög ráða yfir samkv. lögum, né heldur með miklum óhagstæðum lántökum, ber nauðsyn til að leita nýrra viðráðanlegra úrræða.

Sveitarstjórnarmenn vilja, að sveitarfélögin fái stóraukin framlög úr Vegasjóði til gatnagerðar. Reglur um úthlutun þéttbýlisvegafjár verði endurskoðaðar með tilliti til íbúafjölda og ófullgerðra verkefna í gatna- og vegagerð viðkomandi staða. Hluti ríkisins í lagningu varanlegs slitlags þjóðvega, sem liggja um kaupstaði og kauptún, verði stóraukinn. Sveitarfélögin fái heimild í lögum til að taka gatnagerðargjöld.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um gatnagerðargjöld, er flutt til að auðvelda sveitarfélögum að leysa þetta verkefni og fá í lög heimild til að taka gatnagerðargjöld, en slík heimild er ekki til í lögum að öðru leyti en því, er fram kemur í 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, en gjaldtaka sú, er þar um ræðir, er eingöngu bundin við land í einkaeign og breytt í byggingarlóðir.

Nokkrir kaupstaðir og kauptún hafa á undanförnum árum tekið upp gatnagerðargjöld í sambandi við nýbyggingar, en án lagaheimildar. Er þetta drjúgur tekjustofn þessara sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna, að í Reykjavík er lágmarksgjald fyrir einbýlishús 1973 396 200 kr., í Garðahreppi er fast gjald 152 000 kr., auk þess 177 kr. á fermetra lóðar, í Hafnarfirði 312 000 kr.

Gatnagerðargjöld af leigulóðum munu fyrst hafa verið tekin upp í Kópavogi, en hafa verið innheimt af leigulóðum, sem úthlutað hefur verið í Reykjavík eftir 15. júlí 1958. Gjald eins og t. d. það, sem krafið er í Reykjavík, er ekki skattur, heldur samningsbundin greiðsla í sambandi við úthlutun leigulóða.

Gatnagerðargjaldið er fyrst og fremst hugsað sem endurgjald fyrir þann kostnað eða hluta þess kostnaðar, sem er við að gera lóð byggingarhæfa. Hér er um að ræða kostnað við að gera götuna, þ. e. endurbyggja götuna, með tilheyrandi lögnum fyrir væntanlegt slitlag.

Í mörgum sveitarfélögum er ástandið þannig, að ekki hefur verið fjármagn til að undirbyggja götur, áður en byggingar rísa, og varanlegt slitlag á þessar götur ekki heldur til. Má ljóst vera, hvernig er að búa við slíkt ástand.

Til að auðvelda slíka framkvæmd er í frumvarpi þessu lagt til, að sveitarstjórn fái heimild til að innheimta sérstakt gjald, sem verja skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á slíkar götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta, enda er slík gjaldtaka bundin því skilyrði, að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald af viðkomandi fasteign.

Að mati sveitarstjórnarmanna er mjög aðkallandi að fá þessa heimild, þar sem slíkt gjald mundi ekki aðeins flýta fyrir framkvæmdum við viðkomandi götur, heldur einnig jafna að nokkru það misræmi, sem er í því að innheimta gatnagerðargjald hjá þeim, sem byggja nýbyggingu, ekki aðeins við nýjar götur, heldur einnig við götur, sem eru ófullgerðar og áður byggt við án gjaldtöku. Heimilt er að dreifa innheimtu gjalds þessa á fleiri en eitt ár. Ætti það að létta greiðslubyrði húseigenda. Sum sveitarfélög hafa gert tilraun til að láta fara fram at-

kvæðagreiðslu meðal íbúa við tilteknar götur um aukagjaldtöku vegna varanlegs slitlags á götuna, en árangur hefur orðið lítill, þar sem algjör samstaða hefur ekki náðst. Getur slík aðferð einnig skapað ósamræmi í framkvæmdum.

Það verður að teljast eðlileg krafa íbúa allra þéttbýlisstaða, hvar sem er í landinu, að búa við hreinlegt umhverfi. Varanlegt slitlag á götur er frumskilyrði þess, að svo geti orðið.

Löggjafarvaldið og stjórnvöld verða því að gera allt, sem hægt er, til þess að gera þeim sveitarfélögum, sem standa höllum fæti við framkvæmd þessarar frumskyldu, mögulegt að hefja varanlega gatnagerð, sem um munar.

Þetta frumvarp, ef að lögum verður, getur orðið til að auðvelda framkvæmdir.

Ed. 393. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Flm.: Alexander Stefánsson.

1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda og ófullgerðum verkefnum við lagningu þjóðvegarins á staðnum. Skal árlegt framlag vera 20 af hundraði af heildartekjum vegamála það ár skv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum skv. 32. gr., skal árlega halda eftir 20 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum og til að hraða framkvæmdum við lagningu þjóðvegar, þar sem almenn umferð gegnum viðkomandi kauptún eða kaupstað er sérstaklega mikil og um leið mikilvæg.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kröfur um varanlega gatnagerð í þéttbýli eru settar fram á þeirri meginröksemd, að ein höfuðforsenda byggðar þéttbýlisstaða úti um landið sé varanleg gatnagerð og hreinlegt umhverfi, enda eðlilegt, að fólkið í landinu búi við sem jafnasta aðstöðu hvað þetta varðar. Þrifalegt umhverfi er ein af forsendum þess, að fólk vilji búa á viðkomandi stað.

V. kafli vegalaga, um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, er augljóslega settur í lögin til að auðvelda sveitarfélögum að ná þessu marki. En miðað við, hve víða er mikið óleyst af þessu verkefni og fjárhagsleg geta sveitarfélaga takmörkuð, er það fjármagn, sem veitt er skv. 32. gr. laganna, 12½ af hundraði af heildartekjum vegamála, of lítið. Því er lagt til í frumvarpi þessu, að það verði aukið í 20 af hundraði.

Á s. l. ári nam þéttbýlisvegafé 156 651 400 kr., var kr. 785.90 á íbúa.

Gagnrýnt hefur verið meðal sveitarstjórnarmanna, að skipting þessa fjár sé eingöngu miðuð við íbúafjölda. Er hér þörf á breytingu í þá átt, að tekið sé tillit

til ófullgerðra verkefna við lagningu þjóðvegarins á viðkomandi stað. Virðist þetta sanngjörn breyting, þar sem í mörgum kaupstöðum er varanleg gatnagerð að þessu leyti langt komin, en víða úti um land algjörlega á frumstigi.

Þá er lagt til í frumvarpi þessu, að kauptún með 200 íbúa í stað 300 íbúa áður komi inn í skiptingu fjárins. Auðveldar það myndun nýrra þéttbýliskjarna.

Lagt er til í frumvarpi þessu, að 34. gr. vegalaga breyttist þannig, að árlega verði haldið eftir 20 af hundraði af heildarframlagi til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum í stað 10 af hundraði áður.

Þetta fjármagn nam í árslok 1973 — frá 1964—1973 — 66 345 500 kr., sem hafði verið ráðstafað þannig:

Kópavogur	51 335 000 kr.
Selfoss	12 364 600 —
Hveragerði	765 300 —
Dalvík	1 879 800 —

Nú hefur ríkið yfirtekið lán Kópavogskaupstaðar.

Eins og sjá má af framanskráðu, hafa sárafáir staðir í landinu notið lána eða styrkja af þessu geymslufé. Með auknu fjármagni og þegar dýr framkvæmd eins og Kópavogsgjá er ekki lengur með, má vænta þess, að þetta fjármagn verði í auknum mæli til að hraða framkvæmdum sveitarfélaga.

Sérstök ástæða er að undirstrika nauðsyn þess, að m. a. með þessu fjármagni verði hraðað lagningu þjóðvega í gegnum kaupstaði og kauptún, er hafa mikinn umferðaþunga gegnum miðja byggðina, bæði hvað varðar atvinnulíf viðkomandi staðar og almenna umferð um þjóðveginn.

Enn fremur verður að telja eðlilegt, að vegamálastjóri hafi samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um skiptingu fjárins.

Fylgiskjal.

Framlög til vega í kaupstöðum og kauptúnum, samkv. V. kafla vegalaga.

(Upphæðir í þús. kr.)

Ár	1964—1969	1970	1971	1972	1973	Samtals
Framlag á íbúa	kr. 1 434.46	kr. 315.75	kr. 432.61	kr. 546.99	kr. 785.90	kr. 3 515.71
Framlög eftir íbúatölu:						
Reykjavík	113 399.3	25 726.1	35 337.5	45 341.5	65 918.4	285 722.8
Kópavogur	13 920.7	3 470.4	4 830.1	6 136.2	9 009.8	37 367.2
Hafnarfjörður	12 256.7	3 001.6	4 194.2	5 523.0	8 403.4	33 388.9
Keflavík	7 589.8	1 747.0	2 449.9	3 156.2	4 601.4	19 544.3
Akranes	5 982.6	1 340.4	1 839.9	2 235.3	3 419.3	14 907.5
Ísafjörður	3 875.2	845.6	1 159.4	1 663.9	2 402.7	9 946.8
Sauðárkrókur	2 003.0	475.8	692.2	902.0	1 310.1	5 383.1
Siglufjörður	3 470.9	709.8	934.9	1 144.3	1 609.1	7 869.0
Ólafsfjörður	1 506.8	344.8	469.8	592.4	852.5	3 766.3
Akureyri	14 211.2	3 336.5	4 652.7	5 978.6	8 777.5	36 956.5
Húsavík	2 670.1	627.7	862.2	1 091.2	1 611.5	6 862.7
Seyðisfjörður	1 264.9	285.7	382.4	468.8	711.2	3 113.0
Neskaupstaður	2 169.7	482.2	671.4	876.3	1 270.1	5 469.7
Vestmannaeyjar	7 150.6	1 602.1	2 243.5	2 861.3	4 162.6	18 020.1
Grindavík	1 364.6	352.4	505.7	681.5	1 062.1	3 966.3
Sandgerði	1 241.5	289.5	398.9	514.7	759.1	3 203.7
Gerðar	185.5	195.4	138.9	352.3	533.8	1 405.9
Njarðvíkur	2 138.2	478.7	654.1	844.0	1 290.5	5 405.5

Ár	1964—1969	1970	1971	1972	1973	Samtals
Garðakauptún	2 783.7	850.9	1 240.7	1 711.5	2 647.9	9 234.7
Seltjarnarnes	2 656.8	648.2	931.4	1 230.2	1 878.5	7 345.1
Varmár- og Álafosshv.	98.7	103.9	156.6	204.0	616.6	1 179.8
Borgarnes	1 478.1	355.9	500.5	664.0	975.7	3 974.2
Hellissandur	731.3	168.3	218.9	275.1	403.5	1 797.1
Ólafsvík	1 330.2	316.4	430.4	548.6	829.7	3 455.3
Grundarfjörður	760.3	185.7	259.1	324.9	472.5	2 002.5
Stykkishólmur	1 442.8	330.9	458.0	568.9	820.3	3 613.7
Patreksfjörður	1 454.1	311.0	430.9	541.5	771.6	3 509.1
Bíldudalur	497.8	102.9	134.5	0.0	421.9	1 157.1
Þingeyri	529.3	120.0	170.9	207.3	288.8	1 316.3
Flateyri	745.0	152.2	196.8	238.5	339.1	1 671.6
Suðureyri	633.0	140.5	198.5	263.1	377.6	1 612.7
Bolungarvík	1 349.7	305.6	423.1	528.9	785.8	3 393.1
Hnífsdalur	458.3	106.7	140.6	0.0	0.0	705.6
Hólmavík	544.6	111.1	143.2	169.6	259.1	1 227.6
Hvammstangi	466.5	110.2	156.2	200.2	292.8	1 225.9
Blönduós	956.9	220.7	298.5	386.2	571.5	2 433.8
Skagaströnd	807.1	166.4	230.1	304.7	426.2	1 934.5
Hofsós	339.2			0.0	0.0	339.2
Dalvík	1 421.9	334.1	456.4	594.6	858.0	3 665.0
Hrísey	282.3	95.4	125.9	0.0	0.0	503.6
Raufarhöfn	675.2	142.4	192.9	241.8	339.1	1 591.4
Þórshöfn	631.6	135.1	175.2	225.4	339.1	1 506.4
Vopnafjörður	681.2	167.3	222.4	284.4	416.0	1 771.3
Egilsstaðir	746.4	206.2	310.6	403.7	624.9	2 291.8
Eskifjörður	1 259.9	296.5	404.9	511.4	724.5	1 397.2
Reyðarfjörður	775.2	183.8	230.2	319.4	463.1	1 971.7
Fáskrúðsfjörður	994.0	226.7	311.5	395.5	570.7	2 498.4
Djúpivogur	459.3	99.2	138.9	171.8	271.6	1 140.8
Höfn í Hornafirði	1 096.0	272.2	389.8	526.8	795.2	3 080.0
Vík í Mýrdal	518.1	117.5	164.0	206.8	294.4	1 300.8
Hella, Rangárvöllum	101.1	116.5	158.8	211.7	301.8	889.9
Stokkseyri	566.5	126.9	169.6	217.2	329.7	1 409.9
Eyrarbakki	689.6	160.1	221.1	298.9	423.1	1 789.8
Selfoss	3 123.2	755.6	1 037.0	1 336.9	1 967.1	8 219.8
Hveragerði	1 094.1	255.8	349.1	463.9	696.3	2 859.2
Þorlákshöfn	615.9	153.8	226.3	304.1	446.6	1 746.7
Hvolsvöllur					240.9	240.9
Samtals	232 196.2	53 974.3	74 414.0	95 532.0	140 986.3	597 102.8
Aukaframlög skv. 34. gr. vegal.						
Kópavogur	17 735.0	4 700.0	6 900.0	8 600.0	13 400.0	51 335.0
Selfoss	7 664.6	1 100.0	1 200.0	1 200.0	1 200.0	12 364.6
Hveragerði	400.0	197.1	168.2	0.0	0.0	765.3
Dalvík				814.7	1 065.1	1 879.8
Samtals	256 995.8	59 971.4	82 682.2	106 146.7	156 651.4	663 447.5

Sþ. 394. Fyrirspurn [230. mál]

til iðnaðarráðherra um sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi.

Frá Halldóri S. Magnússyni.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hvað líður rannsóknum vegna byggingar og rekstrar sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi?
2. Hvenær er þess að vænta, að fullnaðarniðurstöður liggi fyrir, þannig að unnt sé að taka ákvörðun um það, hvort og með hvaða hætti verksmiðjan yrði byggð?

Greinargerð.

Íslenskir vísindamenn hafa í fjöldamörg ár fengist við að rannsaka möguleika og hagkvæmni efnavinnslu úr sjó hér á landi. Síðustu árin hafa rannsóknirnar beinst alfarið að Reykjanesi með nýtingu jarðvarmans þar í huga. Orkustofnun skilaði skýrslu í febrúarmánuði 1971 um rannsókn jarðhitasvæðisins á Reykjanesi. Niðurstaða þeirrar skýrslu er sú, að sterkar líkur séu á því, að svæðið muni standast álag vegna sjóefnavinnslu, ef jarðsjórinn sé sóttur í berglög á 1000—2000 m dýpi. Á grundvelli þessarar skýrslu mælir Orkustofnun með því, að borarðar séu vinnsluholur og svæðið álagsprófað í áföngum, ef tryggt þyki að öðru leyti, að ráðist verði í sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Áður en unnt er að fullyrða, að rétt sé að byggja sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi, þarf að liggja fyrir, að það sé tæknilega framkvæmanlegt, að arðsemi verksmiðjunnar sé viðunandi, og hugmyndir þurfa að vera uppi um það, hvernig fjármögnun framkvæmdanna geti verið háttað.

Frumathuganir benda til þess, að sjóefnaverksmiðja á Reykjanesi sé þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki.

Hér er um stórmál að ræða, og full ástæða er til þess, að unnið sé að rannsóknum af fullri alvöru, þannig að málið komist sem fyrst á ákvörðunarstig.

Sþ. 395. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um varaaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri.

Flm.: Lárus Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa varaaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri og endurbæta vélbúnað í stöðinni á Raufarhöfn.

Greinargerð.

Nýlega kom áþreifanlega í ljós, þegar mikið óveður geisaði á Norðurlandi, að nokkrir þéttbýlisstaðir á Norðurlandi eystra eru illa settir með varaaforku. Hér er fyrst og fremst um að ræða Ólafsfjörð, Dalvík og Grenivík, en einnig væri þörf á að reisa varastöð á Kópaskeri fyrir sveitirnar í kring og hyggja að endurbótum á vélum varaafstöðvarinnar á Raufarhöfn.

Á Ólafsfirði, Dalvík og Grenivík voru milljónatuga verðmæti í hættu vegna rafmagnsskorts, svo að sólarhringum skipti, eftir að línur frá Laxárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun biluðu í umræddu óveðri. Hér var bæði um að ræða heimili fólks, sem beint og óbeint þarfnast raforku á þessum stöðum til upphitunar, og hvers konar atvinnurekstur og hraðfrystihús, en þar eru milljónaverðmæti í hættu, ef raforku nýtur ekki við, auk þess tjóns, sem verður á starfrækslu húsanna. Ekki er óraunsætt að áætla, að frosinn fiskur í geymslum hraðfrystihúsa á þessum stöðum hafi numið að verðmæti 30—40 millj. kr., þegar orkuskortur kom í veg fyrir, að hægt væri að halda við frosti á geymsluklefum hraðfrystihúsanna. Í þetta sinn fór allt vel. En sú áhætta, sem tekin er með núverandi fyrirkomulagi, er gífurleg.

Á Dalvík og Ólafsfirði eru hitaveitur, en rekstur þeirra er þó mjög háður raforku. Á Dalvík er dælustöð, sem þarfnast raforku til daglegs rekstrar, svo og toppkyndistöð, sem notuð er einmitt þegar kaldast er í veðri. Á Ólafsfirði er hluti kaupstaðarins háður því, að dælustöð geti fengið raforku, en það eru byggðahverfin á svonefndum Brekkum, en þar býr verulegur hluti bæjarbúa. Þessir staðir

eru því verulega háðir öruggri raforku til húshitunar, þótt þar séu hitaveitur. Dalvíkingar hafa hvað eftir annað óskað eftir að fá varaafstöð frá Rafmagnsveitum ríkisins, en það hefur ekki tekist, og eru þeir nú í þann veginn að leggja í verulegan kostnað til þess að koma sjálfir upp varastöðvum fyrir hitaveituna, sem væri óþarfi, ef varastöð yrði komið upp fyrir kauptúnið allt, svo sem lagt er til í þessari tillögu. Á Ólafsfirði er lítil vatnsaflstöð í Garðsá. Sú virkjun er svo lítil, að hún kemur að sáralitlu gagni sem varaaflstöð, svo sem reynslan sýndi í óveðrinu á dögunum, og þar að auki er venjulega hverfandi rennsli í ánni, þegar verst gegnir á vetrum.

Á Grenivík eru hús hituð með raforku eða olíukyndingu, sem háð er raforku. Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur óskað eftir því að fá varastöð á Grenivík, en Rafmagnsveitur ríkisins hafa fram til þessa ekki léð máls á því.

Það styður mjög tillögugerð þessa, að á Norðurlandi vestra og eystra, sem nú eru að verða eitt raforkusvæði, er útlit fyrir að verði að grípa til þess ráðs til þess að afla nægilegrar raforku að stórauka dísilvélakost. Iðnaðarráðherra hefur staðfest á Alþingi, að Norðlendingar fái ekki örugga orku frá Landsvirkjun fyrr en sumarið 1976, jafnvel þótt háspennulína um byggðir eða öræfi risi fyrr. Ýmsir kunnáttumenn bera brigður á, að þessi áætlun standist, en jafnvel þótt hún standist, er þörf á stórfelldri raforku frá dísilstöðvum á Norðurlandi næstu ár, ef ekki á að verða þar algjört öngþveiti og stöðnun vegna orkuskorts. Undirbúningi vatns- eða gufuvirkjana, sem til greina koma til þess að leysa tímabundinn vanda heimamarkaðs raforku á Norðurlandi, hefur verið frestað, þannig að ekki er von á, að þar komist virkjun í gagnið fyrr en með Kröfluvirkjun árið 1977 eða 1978, og má vel halda á spöðunum, ef svo á til að takast. Yfirlýsingar aðila að samningi um lausn Laxárdeilunnar benda ekki til þess, að samkomulag verði um að auka orkuvinnslu í Laxá frá því, sem nú er. Því hnígur allt til þess, að eingöngu sé um þann kost að ræða að auka raforkuframleiðslu með dísilvélum á Norðurlandi til þess að brúa bilið, þar til háspennulínan að sunnan verður risin og Kröfluvirkjun hefur hafið orkuvinnslu.

Til glöggvunar um orkuþörfina á Norðurlandi næstu árin hafa flm. aflað upplýsinga um orkuspár Rafmagnsveitna ríkisins og Laxárvirkjunar á Norðurlandi næstu ár. Í forsendum spánna um aukna orkuþörf er ekki gert ráð fyrir frekari aukningu raforkusölu til húshitunar, þótt búast megi við mikilli hækkun olíuverðs og þar af leiðandi aukinni ásókn í rafhitun húsa. Þrátt fyrir þessar varfærnislegu forsendur spánna um aukna orkuþörf á Norðurlandi er gert ráð fyrir, að afla þurfi orku sem hér segir frá dísilvélum á Norðurlandi á næstu árum, og er þá sú forsenda fyrir spánum, að Norðlendingar fái ekki aukna raforku frá innlendum orkugjöfum á tímabilinu.:

	Nl. vestra		Nl. eystra	
	afl,	millj. kwst.	afl.	millj. kwst.
1974	8.4	7.0	3.5	13.0
1975	10.8	10.0	4.0	15.6
1976	13.0	18.0	4.5	18.0
1977	15.4	32.0	5.0	20.5
		67.0		67.1

Af þessari töflu er ljóst, að setja verður upp dísilstöðvar, sem hafa samtals 17.5 megawatta afl, og framleiða þarf 82 milljónir kwst. af raforku með dísilstöðvum á Norðurlandi, þótt örugg raforka fáist með línu að sunnan á sumrinu 1976. Úr þessu mætti ef til vill nokkuð draga, ef línan kæmi fyrr að sunnan, og kæmi hún þá í gagnið, þegar tíðarfar er blíðast. En augljóst er, að þörfin á að koma upp framangreindum varaaflstöðvum er samt sem áður fyrir hendi vegna þessa ástands, þar sem orkuflutningur að sunnan yrði mjög svo óöruggur og engin

trygging fyrir, að rafmagn yrði til á þá línu, þegar verst gegndi fyrir Norðlendingum.

Sú mynd, sem hér hefur verið dregin upp, sýnir svart á hvítu, að þörf er stóraukinnar raforku frá dísilvélum á Norðurlandi næstu árin. Mikilvægt er, að þeirrar orku verði aflað með því að reisa dísilstöðvar í mestu þéttbýlisstöðum, þar sem þær eru ekki fyrir hendi áður. Á Norðurlandi eystra eru nú varastöðvar á Hjalteyri 300 kw, á Akureyri 7.5 MW, á Húsavík 500 kw, Raufarhöfn 400—500 kw, og svipuð stöð er á Þórshöfn. Á Ólafsfirði þyrfti að koma upp 500 kw stöð, jafnstórri stöð á Dalvík, 300 kw stöð á Grenivík og Kópaskeri og lagfæra vélar á Raufarhöfn, sem munu vera úr sér gengnar. Áætlað er, að þessar stöðvar kosti í stofnkostnaði um 1 millj. kr. á hvern 100 kw, og mundu því allar þessar stöðvar kosta í uppsetningu um 16 millj. kr. Þær gætu á hinn bóginn á einni óveðursviku forðað tugmilljóna króna tjóni, auk þess sem nauðsynlegt kann að vera að grípa til þeirra til þess að forða frá öngþveiti í orkumálum næstu árin.

Í undirbúningi er að kaupa 7 MW dísilstöð til Akureyrar. Sú stöð er fyllilega tímabær, einkum vegna þess, að rennslistruflanir í Laxá hafa nú miklu meiri áhrif á orkuframleiðslu árinnar en áður, eftir að nývirkjun var reist þar. Ástæðan er sú, að rennsli árinnar er nýtt tvisvar. Þessi aukning varaafls á Akureyri gefur ókunnugum ef til vill tilefni til að spyrja, hvort þetta sé ekki nóg í bili á orkuveitusvæðinu. Því er til að svara, að svo er alls ekki. Til miklu meira varaafls þarf að grípa á Norðurlandi, öryggisleysið í óveðrum hefur fremur aukist en minnkað með nývirkjun Laxár, og línubilanir milli staða geta valdið stórtjóni. Þegar þannig er ástatt, að gera þarf sérstakar ráðstafanir til aukningar varaafls á Norðurlandi, svo sem hér hefur verið rökstutt, þykir flm. einsýnt að gera það með þeim hætti, að það veiti sem mest öryggi flestum byggðum í Norðurlandskjördæmi eystra og sé því hagkvæmasta leiðin, þegar til lengdar lætur.

Nd. 396. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

61. gr. laganna breytist á þessa leið:
a) Í stað „kr. 120 000.00“ í 2. málsgr. 1. töluliðar komi: kr. 200 000.00.
b) Í stað „kr. 120.00“ í 3. tölulið komi: kr. 200.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því, að framlög Landnáms ríkisins til nýbygginga og endurbyggingar á íbúðarhúsum á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis hækki úr 120 þús. kr. í allt að 200 þús. kr. Á sama hátt gerir frumvarpið ráð fyrir því, að framlög Landnáms ríkisins til byggingar gróðurhúsa á garðyrkjubýlum verði hækkuð úr 120 kr. á m^2 í 200 kr. á m^2.

Framlög til byggingar íbúðarhúsa í sveitum voru fyrst lögfest með breytingum á lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum árið 1957 og voru þá ákveðin 25 þús. kr. Síðan hafa framlög þessi verið hækkuð fjórum sinnum, nokkurn veginn í samræmi við verðlagshækkanir. Með lögum um Stofnlánadeild landbúnaðar-

ins o. fl. frá 1962 voru framlögin ákveðin 40 þús. Með breytingum á þeim lögum 1963 voru framlögin hækkuð í 50 þús. kr. og aftur 1964 í 60 þús. Síðasta breyting á þessu ákvæði var gerð með stofnlánadeildarlögum frá 5. apríl 1971, en þá voru framlög þessi ákveðin 120 þús. Síðan eru senn liðin þrjú ár.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1971 til 1. nóv. 1973 hefur byggingarvísitalan hækkað úr 535 stigum í 913 stig, eða um 70.65%. Ekki er með vissu hægt að segja, hve byggingarvísitalan hækkar mikið til 1. mars n. k., er hún verður næst reiknuð út, en búist er við, að hún fari í 970 stig og hafi því hækkað um 81.3% frá 1. júlí 1971.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að íbúðarhúsaframlagið og framlög til byggingar gróðurhúsa hækki um 66.7%, sem er nokkru minna en hækkun byggingarvísitölunnar. Flm. telja eðlilegt og nauðsynlegt að vinna þann mun upp með hækkuðum lánveitingum.

Framlög til byggingar gróðurhúsa eiga sér algerlega sambærilega sögu í lagaákvæðum um Landnám ríkisins og íbúðarhúsaframlögin.

Augljóst er, að eyðingarmáttur verðbólgunnar hefur nú leikið svo framlög til þessara tveggja framkvæmdaþátta, að nauðsynlegt er að hækka þau í samræmi við það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ella er eigi annað sýnna en þau verði lítils sem einskis virði að skömmum tíma liðnum. Hækkun þeirra nú er og í samræmi við það, sem gert var á áratugnum 1962—71, eins og að framan er rakið. Því er þetta frumvarp flutt.

Ed. 397. Frumvarp til laga [233. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1971 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	80 787	115 889
01	Forsætisráðuneytið	25 530	33 031
02	Menntamálaráðuneytið	2 018 677	2 363 882
03	Utanríkisráðuneytið	153 393	226 351
04	Landbúnaðarráðuneytið	668 056	841 114
05	Sjávarútvegsráðuneytið	252 758	293 052
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	536 426	654 460
07	Félagsmálaráðuneytið	639 678	605 503
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	3 529 273	3 991 961
09	Fjármálaráðuneytið	548 745	646 145
10	Samgönguráðuneytið	1 154 912	1 798 823
11	Iðnaðarráðuneytið	242 121	266 042
12	Viðskiptaráðuneytið	1 146 283	1 663 320
13	Hagstofa Íslands	13 185	18 791
14	Ríkisendurskoðun	13 449	15 530
	Mismunur	511 433	
	Samtals	11 534 706	13 533 894

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	11 392 236	13 087 554
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	62 420	63 383
13	Ýmsar tekjur	80 050	107 275
	Mismunur		275 682
	Samtals	11 534 706	13 533 894

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1971, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 398. Frumvarp til fjáraukalaga [234. mál]

fyrir árið 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1971 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskyldu Alþingi	9 390
01	Forsætisráðuneytið	7 501
02	Menntamálaráðuneytið	345 205
03	Utanríkisráðuneytið	72 958
04	Landbúnaðarráðuneytið	173 058
05	Sjávarútvegsráðuneytið	40 294
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	118 034
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	462 688
09	Fjármálaráðuneytið	97 400
10	Samgönguráðuneytið	643 911
11	Iðnaðarráðuneytið	23 921
12	Viðskiptaráðuneytið	517 037
13	Hagstofa Íslands	5 606
14	Ríkisendurskoðun	2 081
	Samtals	2 519 084

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1971. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1971 sýnir.

Sþ. 399. Fyrirspurnir. [235. mál]

I. Til forsætisráðherra um töf á gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvað líður gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum?
2. Má búast við, að vegaþáttur áætlunarinnar verði tilbúinn fyrir árin 1974 og 1975, þegar Alþingi fær almenna vegáætlun til meðferðar á næstunni?
3. Hvað hefur tafið gerð Norðurlandsáætlunar í samgöngumálum?

II. Til forsætisráðherra um lánveitingar úr Byggðasjóði.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

1. Hver er heildarfjárhæð lánveitinga úr Byggðasjóði árin 1972 og 1973 og skipting hennar eftir tegundum lána og landshlutum bæði árin?
2. Hverjar eru lánaúthlutunarreglur Byggðasjóðs?

III. Til forsætisráðherra um gerð landshlutaáætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvað líður gerð landshlutaáætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu?
2. Til hvaða þátta atvinnulífs og þjónustu er ætlað, að áætlunin nái?

IV. Til iðnaðarráðherra um athuganir á Sandárvirkjun.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hefur verið athugað, hvort virkjun Sandár í Þistilfirði kynni að vera heppileg sem einn liður í lausn á raforkumálum á austanverðu Norðurlandi, miðað við þær aðstæður, sem nú hafa skapast í orkumálum almennt, og það ástand, sem þar ríkir?

V. Til tryggingamálaráðherra um endurskoðun á tryggingakerfinu.

Frá Birni Pálssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert viðvíkjandi endurskoðun á tryggingakerfinu, en till. til þál. um það efni var vísað til ríkisstjórnarinnar 14. apríl 1973?

Sþ. 400. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um framkvæmd iðnþróunaráætlunar.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða framkvæmd þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa lagt fram við ríkisstjórnina, bæði að því er varðar tæknilega uppbyggingu iðnaðarins og að því er varðar markaðsmál atvinnuvegarins, vegna útflutnings iðnaðarvara.

Greinargerð.

Fyrir fjórum árum eða svo hafði fyrrverandi ríkisstjórn óskað eftir, að gerð skyldi alvarleg úttekt á íslenskum iðnaði með tilliti til útflutnings á framleiðsluvörum atvinnuvegarins. Þessi athugun var gerð af sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna, og hefur álit þeirra legið um nokkurra mánaða skeið hjá iðnaðarráðuneytinu, án þess að neitt hafi heyrst um ákveðnar ráðstafanir til úrlausnar á vandamálum iðnaðarins, eins og nú standa sakir. Skýrslum um þessi efni mun hafa verið skilað til iðnaðarráðuneytisins fyrir einu ári eða svo. Síðan hefur ekkert heyrst um fram-

kvæmd þessarar áætlunar eða yfirleitt hvort ráðuneytið hefði í huga að framkvæma hana.

Það var einhvern tíma tilkynnt af hálfu iðnaðarráðuneytisins, að iðnbylting væri í uppsiglingu. Ég held, að allir landsmenn bíði í raun og veru eftir að sjá árangur þessarar byltingar. Enn sést enginn verulegur árangur.

Íslenskur iðnaður, þegar frá er talinn stóriðnaður, svo sem álverksmiðjan, er einungis smáiðnaður í raun og veru. Það er þessi tegund iðnaðar, sem ég tel að þurfi að byggja upp og styðja.

Allir stjórnmálaflokkar hafa lagt áherslu á, að efla þyrfti iðnað í landinu. Ekki er vafi á, að þetta er rétt. En er þá ekki líka rétt, að aðgerðum í þessu efni þurfi að hraða sem mest? Eini aðilinn, sem getur flýtt málinu, er ríkisstjórnin.

Ég tel, að þessi mál öll gangi allt of hægt, fyrst og fremst vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar. Þess vegna legg ég til, að ríkisstjórnin taki nú dálítið fastar á þessum málum og drífi í gegn tillögur sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna.

Nd. 401. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá Pétri Péturssyni, Lárusi Jónssyni, Birni Pálssyni og Pálma Jónssyni.

Við 1. gr. Við 110. gr. bætist:

Nú óskar meiri hluti sveitarstjórna í Norðurlandskjördæmi vestra eða eystra að stofna sérstök landshlutasamtök, og skal þá ráðherra heimilt að staðfesta reglugerð slíkra samtaka, þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar greinar.

Ed. 402. Frumvarp til hjúkrunarlaga. [60. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. febr.)

Samhljóða þskj. 64 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs, er ráðherra skipar. Hjúkrunarráð skal skipað 3 mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

3. gr. hljóðar svo:

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til að öðlast sérfræðileyfi að fengnum tillögum hjúkrunarráðs. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þau þá atkvæðisrétt í ráðinu.

Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um veitingu sérfræðileyfa.

Ed. 403. Frumvarp til laga [162. mál]

um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. febr.)

Samhljóða þskj. 232 með þessari breytingu:
13. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 404. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á lögum nr. 18 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Flm.: Oddur Ólafsson, Björn Fr. Björnsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Fyrri málsl. a-liðar 1. gr. orðist svo:
Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1949 samþykkti Alþingi lög um Vöruhappdrætti SÍBS. Síðan hafa tekjur af Vöruhappdrættinu verið grundvöllurinn að hinni viðamiklu starfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga.

Starfsemi Vinnuheimilisins að Reykjalundi er öllum kunn. Það hóf starfsemi sína 1. febrúar 1945. Þá komu þangað 20 berklasjúklingar til endurhæfingar.

Nú er Reykjalundur aðalendurhæfingarheimili landsins, eini staðurinn í landinu, sem hefur nýtísku aðstæður til starfsendurhæfingar. Vistmenn þar eru nú yfir 150, og stefnt er að því, að þar verði fljótlega 200 rúm fyrir öryrkja, þ. e. tífalt fleiri en þegar heimilið var opnað.

Á Reykjalundi fá nú endurhæfingu sjúklingar, sem eru fatlaðir af ýmsum orsökum, bæði líkamlegum og geðrænum. Þetta fólk þarfnast bæði læknisfræðilegrar endurhæfingar og starfsendurhæfingar.

Vegna vaxandi endurhæfingarþarfar í landinu er mikil nauðsyn, að Samband ísl. berklasjúklinga geti hagnýtt sér aðaltekjustofn sinn. Til þess að svo megi verða, þarf nú að fjölga hlutamiðum í happdrættinu úr 65 000 í 75 000.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk stjórnar Sambands ísl. berklasjúklinga.

Ed. 405. Frumvarp til laga [238. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

4. málsgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:
Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 120 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr. 72 1972.

Greinargerð.

Með breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins í maí 1970 var tekin upp sú nýbreytni að veita lán til kaupa á eldri íbúðum. Í þessu skyni var stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar heimilað að verja allt að 50 millj. kr. árlega. Árið 1972 var heimildin hækkuð upp í 80 millj. kr. árlega, en bætt við heimild til þess að veita lán til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja.

Þessi viðbót á starfsemi Húsnæðismálastofnunarinnar, þ. e. lánin til kaupa á eldri íbúðum og lánin til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja, hefur mælst mjög vel fyrir og komið mörgum að haldi. Hins vegar hefur verðlag á eldri íbúðum svo og kostnaður við endurbætur á húsnæði öryrkja hækkað svo stórkostlega, síðan þessar lagabreytingar voru gerðar, að nauðsynlegt er að hækka heildarupphæð lánanna.

Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig og í maí 1972 603 stig. Nú er byggingarvísitalan orðin 913 stig og hefur því hækkað um 108% frá því í maí 1970 og 51.4% frá því í maí 1972. Af þessu má marka, að síst er ofgert að hækka svo fjárveitingu til lána út á gömul hús og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja sem hér er gert. Verður það að teljast lágmarkskrafa, að fjármagn til þessara sérstöku lána sé jafnmikið að notagildi nú og það var, þegar ákvæðin um þau voru tekin inn í lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Ed. 406. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal fimmtíu aurum eða lægri fjárhæð sleppt, en hærri fjárhæð en fimmtíu aurar hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tillögu Seðlabanka Íslands, sem telur tímabært að fá heimild til að leggja niður notkun 10-eyringa og 50-aura peninga, þannig að krónan yrði lægsta mynteining í umferð.

Rök fyrir lagabreytingu þessari eru m. a. þau, að í viðskiptum manna á milli er það meira og meira áberandi, að heil króna er notuð sem lægsta eining kröfu, reiknings eða verðlagningar almennt. Um alllangt skeið hefur 10-eyringur ekki borist til baka til Seðlabankans eins og önnur mynt, sem útgefin er af bankanum, og kemur aftur til baka frá innlánsstofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Myntstærð þessi er orðin svo lítils virði, að fólk er almennt hætt að nota eða hirða um

hana. Hins vegar er það svo, að meðan þessi myntstærð er lögeyrir í allar greiðslur, er Seðlabankanum skylt að halda áfram sláttu þessarar myntar, þótt kostnaður við sláttu hvers 10-eyrings sé frá 36—40 aurar.

Í nágrannalöndum okkar eru lægstu mynteiningar margfaldar miðað við lægstu mynteiningu okkar, t. d. er lægsta mynteining í Danmörku 5 aurar danskir, sem jafngilda um 66 aurum íslenskum, og í Englandi er lægsta mynteining hálft penny, sem jafngildir um 97 aurum íslenskum.

Með reglugerð viðskiptaráðuneytisins frá 3. desember 1968, sem sett var með heimild í 8. gr. laga frá 23. apríl 1968, var ákveðið, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skyldi greind með heilum tug aura. Gekk mjög vel að framkvæma þá breytingu og þótti hún sjálfsögð.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því í reglugerðarsetningu, að aurar séu eftir sem áður til sem eining í gjaldmiðlinum, þótt sláttu 10 aura og 50 aura peninga sé hætt. Yrði það þannig, að vörur og þjónustu má áfram verðleggja í aurum, en heildaruppgjörsfjárhæð kröfu eða reiknings sé ávallt sléttuð út miðað við heila krónu. Þetta hefur það í för með sér, að í reikningum eru einstakir liðir í aurum (innan striks), en samtala reiknings ávallt sléttuð út miðuð við lægstu slegnu einingu og á þetta við, þegar greiðsla fer fram í reiðu fé. En jafnframt er þá gert ráð fyrir því, að greiðslur, sem fara fram með öðrum greiðsluhætti en reiðu fé, t. d. bankatékka, geti verið í aurum, þar sem færsla fer á milli reikninga í banka. Reglugerðarheimildin á því að eiga við greiðsluháttinn einan.

Er þetta sama aðferð og farin hefur verið í Danmörk frá byrjun fyrra árs um hliðstætt tilvik.

Sþ. 407. Þingsályktun [4. mál]

um stofnun sjóminjasafns.

(Afgreidd frá Sþ. 21. febr.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 408. Frumvarp til laga [240. mál]

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingólfur Jónsson, Gils Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Halldór S. Magnússon, Bjarni Guðnason.

1. gr.

1. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. mars 1973 til 28. febr. 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn sömu aðila. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Við 4. tölul. 8. gr. laganna bætist:

Nú verður á því misbrestur, að gjaldinu samkvæmt þessum tölulið eða 3. tölulið þessarar greinar sé skilað á réttum tíma, og skulu þá vanskil sveitarfélagsins með

dráttarvöxtum tekin af hluta þess í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Dráttarvextir skulu vera 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, og skulu þeir reiknaðir frá gildistöku laga þessara. Sveitarfélögum skal ekki greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fyrr en skuldir þeirra við Viðlagasjóð hafa verið að fullu greiddar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú um næstu mánaðamót falla úr gildi lagaákvæði um, að leggja beri 2% viðlagagjald á söluskattsstofn, sem renni í Viðlagasjóð skv. lögunum um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm. þessa frumvarps hafa undanfarið kynnt sér fjárhag Viðlagasjóðs í samráði við ríkisstjórnina og reynt að mynda sér skoðun á því, hvað líklegt sé, að mikið fé þurfi fram að leggja úr Viðlagasjóði til þess að standa við þau fyrirheit, sem felast í lögunum um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey.

Í ljós kom, að ógerningur er að gera sér þess nú fulla grein, hversu mikið fé þarf til að koma, en svo mikið er ljóst að dómi flutningsmanna, að Viðlagasjóður má ekki missa allar tekjur sínar nú um næstu mánaðamót. Hefur því orðið samkomulag um að flytja þetta frumvarp, en efni þess er að leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn næstu 12 mánuði, þ. e. til 28. febrúar 1975. Flm. álíta, að síðar verði að afla fjár til viðbótar í Viðlagasjóð, ef í ljós kemur, að þetta fé nægir ekki til þess, að hægt sé að standa við fyrirheit laganna um stuðning við uppbyggingu í Vestmannaeyjum.

Þess er vænst, að Seðlabankinn aðstoði Viðlagasjóð framvegis eins og hingað til, þannig að greiðslur úr sjóðnum geti orðið með eðlilegum hætti.

Dregist hefur hjá sveitarfélögum að skila af sér viðlagagjaldi því, sem lagt er á útsvarsstofna, og þess vegna er í 2. gr. frumvarpsins heimild til þess að tryggja skilin með því, að framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði gangi upp í vanskil á viðlagagjaldi, sem sveitafélögin hafa tekið við.

Ingólfur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason og Bjarni Guðnason taka fram, að þeir telji, að innflutningstollar og söluskattur af Viðlagasjóðshúsunum eigi að ganga til uppbyggingar í Vestmannaeyjum jafnóðum og húsunum er komið í verð. Eysteinn Jónsson, Gils Guðmundsson og Halldór S. Magnússon taka á hinn bóginn fram, að upplýst er, að ríkisstjórnin hefur skv. heimild í 6. gr. XXXII. lið gildandi fjárlaga ætlað þetta fé til þess að leggja fram í hafnarframkvæmdir, sem teknar voru ákvarðanir um í beinu sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum.

Nd. 409. Frumvarp til laga [241. mál]

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Gylfi Þ. Gíslason, Bjarni Guðnason, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld og söluskattur af húsum þeim, sem flutt hafa verið inn vegna jarðeldanna á Heimaey eða flutt kunna að verða inn fyrir árslok 1975, skulu renna til Viðlagasjóðs til uppbyggingar í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hin innfluttu hús á vegum Viðlagasjóðs eru keypt fyrir hið rausnarlega framlag Norðurlandanna til endurreisnar byggðar í Vestmannaeyjum, eftir að náttúruhamförunum þar er lokið. Fullvíst má telja, að enginn ráðamaður Norðurlandaþjóðanna, sem máli þessu lagði lið, hafi látið sér koma til hugar, að allverulegur hluti af framlaginu yrði látinn renna sem tolltekjur eða söluskattur til almennra þarfa ríkissjóðs Íslands, sem þá beinlínis hagnaðist fjárhagslega á eldgosinu í Eyjum, þar sem hér er um óvæntar tekjur að ræða, sem áætlað er, að nemi um 477 millj. kr.

Ed. 410. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið umsagnir um það frá mörgum aðilum.

Tilgangurinn með flutningi frumvarpsins er að tryggja svo sem auðið er með lagasetningu, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja frekari brtt.

Minni hluti nefndarinnar mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 21. febr. 1974.

Páll Þorsteinsson, varaform., frsm. | Helgi Seljan, fundaskr. | Björn Fr. Björnsson.

Alexander Stefánsson.

Ed. 411. Breytingartillögur [46. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 4. gr. Í stað „100 íbúðar“ í 1. málsgr. komi: 100 íbúar.
2. Við 6. gr. 2. tölul. falli niður. Töluröð breytist skv. því.
3. Við 10. gr. Síðasti málsl. greinarinnar orðist svo:
   Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt IX. kafla laga nr. 36/1961.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Land, sem við gildistöku laganna er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af sveitarstjórn, byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands.

5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Samþykki Búnaðarfélags Íslands, byggðaráðs og sveitarstjórnar þarf til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta.
Eigi að skipta landi til að stofna nýtt býli til venjulegrar búvöruframleiðslu, skal að jafnaði miða við, að ræktanlegt land sé ekki minna en 100 ha. Heimilt er þó að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.
Stofnun nýrra býla er háð samþykki sveitarstjórnar, byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins. Skal þá leitast við að meta framtíðarmöguleika býla innan sveitarinnar, m. a. með tilliti til framleiðsluskilyrða, markaðsaðstæðna og hvort almennur hagur verði talinn af stofnun nýrra býla, stuðningi við félagsræktun eða eflingu býla, sem fyrir eru.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðahluta, er ráðherra heimilt að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur.
Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skal landinu þá skipt á grundvelli tillagna byggðaráðs.
Sveitarfélögum er heimilt að leysa til sín eyðijarðir eða lönd, sem ekki eru nytjuð í þágu búrekstrar í viðkomandi sveit, enda komi samþykki byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands til.
Náist ekki samkomulag um bætur skv. grein þessari, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.
7. Við 16. gr. Í stað orðanna „enda hafi Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með því“ í fyrri málsl. gr. komi: enda hafi sveitarstjórn, Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með því.
8. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu og að jöfnu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.
Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til byggðaráðsmanna.
9. Við 23. gr. Í stað „10 ár“ í 2. málsgr. komi: 8 ár.
10. Við 24. gr. Í stað „5 sólarhringa“ komi: 10 sólarhringa.
11. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafist mats á eigninni, og gildir það þá sem söluverð. Um framkvæmd matsins fer eftir IX. kafla laga nr. 36/1961.
12. Við 31. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði, á ríkissjóður forkaupsrétt.
13. Við 35. gr. Í stað orðanna „sem vill hafa áfram búrekstri“ komi: sem vill halda áfram búrekstri.
14. Við 37. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt 33. gr. laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi sveitarstjórnar og byggðaráðs, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.
15. Við 38. gr. Í stað „skv. 1—7 tölulið“ komi: skv. 1.—8. tölulið.

16. Við 63. gr. 2. málsl. orðist svo:
Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það eftir reglum laga þessara.
17. Við 64. gr. Í stað „100 000.00“ komi: 500 000.00.
18. Við 65. gr. Orðin „og III.—XI. kafli laga nr. 45/1971“ falli niður.

Nd. 412. Frumvarp til laga [242. mál]

um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, skal á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt taka til og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Gjald þetta kemur í stað hálfs viðlagagjalds sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, og skal á sama hátt ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu.

2. gr.

Tekjum af gjaldi þessu verður ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna hinnar gífurlegu hækkunar á olíuverði er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að létta byrðina á þeim hluta landsmanna, sem búa við olíukyndingu. Þess vegna er lagt til með þessu frumvarpi að framlengja um eitt ár annað prósentustig viðlagagjalds. Skal tekjum af gjaldi þessu ráðstafað til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðahúsnæðis, en þær eru áætlaðar um 700 millj. kr. á ársgrundvelli.

Vegna verðhækkunarinnar á olíu, hefur aðstöðumunur landsmanna vaxið mjög eftir því, hvort þeir búa við olíukyndingu eða hitaveitu. Áætlað hefur verið, að kyndingarkostnaður með olíu hafi verið um 50% meiri á meðalíbúð árið 1972 heldur en hitaveitukostnaður. Nú stefnir hins vegar að því, að olíukyndingin verði þrefalt dýrari heldur en hitaveitukostnaðurinn.

Í árslok 1973 bjuggu um 109 þús. manns í sveitarfélögum, þar sem íbúðarhús eru að einhverju leyti hituð upp frá hitaveitu. Er þá Kópavogur meðtalinn, þótt enn sé aðeins lítill hluti húsa þar tengdur hitaveitu. Að öðru leyti er aðallega um að ræða fjóra staði á Norðurlandi, Sauðárkrók, Ólafsfjörð, Húsavík og Dalvík, og á Suðurlandi kauptúnin Selfoss og Hveragerði, auk Reykjavíkur og Seltjarnarness. Áætlað er, að á þessum stöðum búi um 97 þús. manns í íbúðum, sem tengdar eru hitaveitu, en 12—13 þús. manns búa þar enn við aðra hitagjafa, aðallega olíukyndingu. Nú eru ákveðnar framkvæmdir á vegum Hitaveitu Reykjavíkur, sem munu tengja Kópavog, Hafnarfjörð og Garðahrepp hitaveitu á næstu þremur árum, auk þess sem áform eru uppi um hitaveitu á Suðurnesjum. Af þeim nálægt 116 þús. íbúum landsins, sem ekki hafa hitaveitu, er áætlað að um 14 þús. búi við rafhitun og um 102 þús. (48%) við olíuhitun.

Hér fer á eftir lausleg áætlun um skiptingu íbúafjölda eftir hitagjafa í árslok 1973 og um heildarkostnað við kyndingu íbúða á árunum 1973 og 1974:

	Núverandi hitaveitusvæði	Aðrir staðir	Samtals	Áætlaður heildarkyndingarkostnaður íbúða 1973	1974
Hitaveita	97 000	—	97 000	350 m.kr.	440 m.kr.
Rafhitun frá rafveitum	(1 000)	12 000	13 000	120 —	145 —
Rafhitun frá einkarafstöðvum	—	1 000	1 000		
Olíukynding	11 000	91 000	102 000	620 —	1 350 —
Samtals	109 000	104 000	213 000	1 090 m.kr.	1 935 m.kr.

Frumvarp þetta er lagt fram samtímis frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 4 frá 7. febrúar 1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, en bæði frumvörpin þurfa að afgreiðast fyrir 1. mars 1974. Frumvarp um ráðstöfun á tekjum af því gjaldi, sem þetta frumvarp fjallar um, verður lagt fyrir Alþingi innan skamms.

Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um hagnýtingu vindorku með vindrafstöðvum.

Flm.: Ásberg Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til, að fylgst verði með þeim tækniframförum, sem átt hafa sér stað í hagnýtingu vindorku til raforkuframleiðslu, ef vera má, að nýtísku vindrafstöðvar séu hugsanlegur raforkugjafi á afskekktum sveitarbýlum, sem erfitt er að tengja samveitum.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa orðið verulegar tækniframfarir í gerð vindrafstöðva. Það eru einkum Frakkar, sem að þessu hafa staðið, og eru vindrafstöðvar nú allalgengar í Frakklandi. Nýlega hafa Norðmenn keypt nokkuð af vindrafstöðvum frá Frökkum og sett upp hjá sér á afsekktum stöðum, sem ekki verða tengdir samveitum með góðu móti.

Nýtísku vindrafstöðvar eru mun afkastameiri en áður var. Þær geta séð venjulegu sveitabýli fyrir raforku til ljósa, hita og annarra afnota. Þær þurfa mjög lítinn vindhraða til að skila fullum afköstum, en eru auk þess stundum tengdar rafgeymum, sem geta gefið raforku í 3—4 daga.

Vegna núverandi orkukreppu má gera ráð fyrir enn frekari endurbótum á vindrafstöðvum á næstu árum, sem æskilegt er að fylgjast með. — Á Íslandi er mjög vindasamt. Við eigum því vafalítið verulegan auð í vindorku í framtíðinni.

Hér á landi eru mörg sveitabýli, sem erfitt er að tengja samveitum vegna mikilla fjarlægða. Án rafmagns er ekki hægt að búa í sveit á Íslandi. Með nýtísku vindrafstöðvum mætti ef til vill bæta hér um á hagkvæman hátt og fyrr en ella. Ef viðkomandi býli legðist niður, er auðvelt að flytja vindrafstöðina og koma henni í eðlilegt verð.

Nd. **414. Frumvarp til laga** [244. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

A.1. 2. gr. laganna orðist þannig:

Frá línu réttvísandi norður frá Horni (66°27′4 n.br., 22°24′3 v.lgd) að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (66°22′7 n.br., 14°31′9 v.lgd.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan grunnlínu sem dregin er frá Horni gegnum eftirgreinda punkta: Selsker (66°07′5 n.br. 21°31′2 v.lgd), Ásbúðarrif (66°08′1 n.br. 20°11′0 v.lgd), Siglunes (66°11′9 n.br. 18°49′9 v.lgd.), Flatey (66°10′3 n.br. 17°50′3 v.lgd.), Lágey (66°17′8 n.br. 17°06′8 v.lgd.), Rauðanúp (66°30′7 n.br. 16°32′4 v.lgd.), Rifstanga 66°32′3 n.br. 16°11′8 v.lgd.), Hraunhafnartanga (66°32′2 n.br. 16°01′5 v.lgd.), Langanes (66°22′7 n.br. 14°31′9 v.lgd.).

2. gr.


Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni var í undirbúningi hjá fiskveiðilaganefnd, urðu þau mistök að við gerð uppdrátta, sem sýndu fyrirhugaðar togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi, gleymdist að taka með í reikninginn þá staðreynd, að með reglugerð nr. 189/1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands, voru felldir niður grunnlínupunktarnir Siglunes, Flatey og Lágey. Af þessari ástæðu varð uppdráttur á fylgiskjali II með ofangreindu frumvarpi, sem sýndi togveiðiheimildir samkvæmt því, ekki réttur miðað við texta 2. gr. A.1. frumvarpsins — nú laga nr. 102/1973. Hins vegar var það ætlun fiskveiðilaganefndar, að 12 sjómílna línan, sem getið er í 2. gr. A.1. yrði sú sama og landhelgislínan var fyrir útfærsluna í 50 sjómílur — eins og sýnt var í uppdrætti í ofangreindu fylgiskjali II með frumvarpinu. Þykir því bera nauðsyn til að breyta texta 2. gr. A.1. til samræmis við þetta, eins og lagt er til í frumvarpi þessu.


Verði 2. gr. A.1. ekki breytt, eins og hér er lagt til, mun viðhaldast það ósamræmi, sem skapast hefur milli togveiðiheimilda íslenskra og breskra togara á tveimur svæðum suðaustur og suðvestur af Grímsey, þar sem breskir togarar mega fara inn að gömlu 12 sjómílna landhelgislínunni, en íslenskir togarar hafa minni heimildir á þessu svæði, eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdráttum.

Veiðiheimildir íslenskra togskipa samkvæmt frumvarpi þessu.



11–74

Veiðiheimildir íslenskra togskipa samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973.



Sþ. 415. Fyrirspurn [245. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggisráðstafanir fyrir farþegaflug.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvaða öryggisráðstafanir eru gerðar á íslenskum flugvöllum til verndar farþegaflugvélum gegn hættu á flugvélaráni, ferðum hermdarverkamanna og annars slíks?
2. Geta íslensk yfirvöld annast sprengjuleit í farþegaflugvélum, ef tilefni gefst til?

Sþ. 416. Fyrirspurn [246. mál]

til menntamálaráðherra um starfshætti skóla.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Óskað er skriflegs svars við þessari spurningu:

Hvernig er hagað framkvæmd þingsályktunar um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar?

Nd. 417. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni, Ólafi G. Einarssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Lárusi Jónssyni.

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Nd. 418. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Gils Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 26. febr. 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Ásberg Sigurðsson.	Matthías Á. Mathiesen.
Halldór S. Magnússon.	Gylfi Þ. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 419. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til laga um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna, Gils Guðmundsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. febr. 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Ásberg Sigurðsson.	Matthías Á. Mathiesen.
Halldór S. Magnússon.	Gylfi Þ. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 420. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 28. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar hannað er húsnæði heimavistarskóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju eða öllu leyti, skal leita umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands um gerð hússins og innréttingu. Telji Ferðamálastofnunin, að væntanleg heimavistarbygging henti til starfrækslu sumarhótela, getur hún farið fram á, að byggingarteikningum sé breytt, svo að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega.

Nd. 421. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Tollur í eftirfarandi tollskrárnúmerum í 1. gr. breytist svo, en vörulýsing verði óbreytt:

		Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
		Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%	%	%
84.03	00	7		0		0		0	
84.04	00	7		0		0		0	
84.05	00	7		0		0		0	
84.11	02	7		0		0		0	
84.13	01	7		0		0		0	
84.14	00	7		0		0		0	
84.15	19	7		0		0		0	
84.16	00	7		0		0		0	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
84.18	23		7		0		0		0	
84.18	26		25		0		0		0	
84.19	09		7		0		0		0	
84.22	07		35		0		0		0	
84.30	01		7		0		0		0	
84.30	02		7		0		0		0	
84.30	03		7		0		0		0	
84.30	04		7		0		0		0	
84.30	09		7		0		0		0	
84.31	00		7		0		0		0	
84.32	00		7		0		0		0	
84.33	00		7		0		0		0	
84.34	01		7		0		0		0	
84.34	02		7		0		0		0	
84.34	03		7		0		0		0	
84.34	04		7		0		0		0	
84.34	09		7		0		0		0	
84.35	00		7		0		0		0	
84.36	00		7		0		0		0	
84.37	01		7		0		0		0	
84.37	09		7		0		0		0	
84.38	00		7		0		0		0	
84.39	00		7		0		0		0	
84.40	13		7		0		0		0	
84.40	15		7		0		0		0	
84.41	01		7		0		0		0	
84.41	02		7		0		0		0	
84.41	09		7		0		0		0	
84.42	00		7		0		0		0	
84.43	00		7		0		0		0	
84.44	00		7		0		0		0	
84.45	00		7		0		0		0	
84.46	00		7		0		0		0	
84.47	01		7		0		0		0	
84.47	09		7		0		0		0	
84.48	00		7		0		0		0	
84.49	00		7		0		0		0	
84.50	00		7		0		0		0	
84.56	02		25		0		0		0	
84.57	00		7		0		0		0	
84.59	10		7		0		0		0	
84.59	21		7		0		0		0	
84.59	22		7		0		0		0	
84.59	23				0		0		0	
84.59	25				0		0		0	
84.60	00		7		0		0		0	
84.61	01				0		0		0	
84.61	02				0		0		0	
85.01	03		7		0		0		0	
85.11	00		7		0		0		0	
90.07	02		50		0		0		0	

Nd. 422. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 1. gr.
a) Eftirfarandi tollskrárnúmer breytast svo:

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	Frá 1/1 1974 E	Frá 1/1 1975 A	Frá 1/1 1975 E	Frá 1/1 1976 A	Frá 1/1 1976 E
			%	%	%	%	%	%	%	%
84.10										
	01	Stimpildælur	35		25		25		25	
		Snúningsdælur:								
		Miðflóttaaflsdælur:								
	02	Fiskidælur	4		4		4		4	
	03	Dælur úr ryðfríu og sýruþolnu stáli og úr plasti ót. a.	35		0		0		0	
	04	Aðrar miðflóttaaflsdælur	35		25		25		25	
	05	Tannhjóladælur	35		0		0		0	
	06	Aðrar snúningsdælur	35		25		25		25	
	09	Annað	35		35		35		35	
b) Inn kemur nýtt tollskrárnúmer, svo hljóðandi:										
90.07										
	04	Ljósmyndavélar fyrir 60 mm filmur og stærri	50		20		20		20	
c) Eftirfarandi tollskrárnúmer breytist svo:										
91.01	00	Vasaúr, armbandsúr og önnur svipuð úr (þar með talin stansúr af svipaðri gerð)	50		35		35		35	

2. Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

Ed. 423. Frumvarp til laga [247. mál]

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Ríkisskuldabréf, spariskírteini og happdrættisskuldabréf, sem gefin verða út, skv. 6. gr. LXIII og LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim, verðbætur og vinningar, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971, svo sem um verðtryggingu og aðra skilmála eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, eiga við nýjar útgáfur ríkisskuldabréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs, sem út kunna að verða gefin á grundvelli heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með fjárlögum 1974 var lántöku- og verðtryggingarheimildar aflað vegna ráðgerðrar sölu á árinu á spariskírteinum ríkissjóðs og happdrættisskuldabréfum vegna vegaframkvæmda á Skeiðarársandi.

Jafnframt er talið eðlilegt, að ákvæði um skattalega meðferð umræddra verðbréfa og fleiri atriði væru í sérstökum lögum, en ekki í fjárlögum.

Er því frumvarp þetta flutt. Er efni þess nánast það sama og er að finna í þeim lögum, sem Alþingi hefur afgreitt árlega frá 1963 um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnar hvert áranna þar á eftir.

Um 1. gr.

Engin efnisbreyting er hér gerð frá fyrri lögum og ákvæðið um nafnskráningu er óbreytt.

Um 2. gr.

Í lögum nr. 99/1971 um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, er í 1. gr. heimild til útgáfu 250 millj. kr. happdrættisskuldabréfaláns á árunum 1971—1975. Í 5. gr. laga nr. 8/1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, er þessi heimild hækkuð um 80 millj. kr., eða í samtals 330 millj. kr. Í fjárlögum ársins 1974 er til viðbótar 400 millj. kr. heimild og á sú fjáröflun að nægja til að ljúka framkvæmdinni skv. síðustu kostnaðaráætlun um verkið. Í þessari grein eru ákvæði þess efnis, að happdrættisskuldabréf skv. þessari viðbótarútgáfu lúti ákvæðum laga nr. 99/1971 eftir því, sem við getur átt. Til viðbótar er nauðsynlegt ákvæði, að fjármálaráðherra fái heimild til að ákveða vinningshlutföll eftir aðstæðum hverju sinni fyrir þá flokka, sem verða gefnir út. Yrði það gert í reglugerð, sem kvæði nánar á um lánskjör og önnur atriði hvers flokks. Í greindum lögum frá 1971 var vinningshlutfall bundið við 7% á ári.

Um 3. gr.

Mikið hagræði er að því að þurfa ekki að endurtaka árlega heimildir um skattalega meðferð þeirra verðbréfa, sem ríkið selur. Er heimildin mjög æskileg, þar sem tekinn hefur verið upp sá háttur að afla lántökuheimilda fyrir árlega verðbréfaútgáfu í fjárlögum.

Ed. 424. Hjúkrunarlög. [60. mál]

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 402 (sbr. 64).

Ed. 425. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

(Eftir eina umr. í Nd., 26. febr.)

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Nd. 426. Frumvarp til laga [152. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. febr.)

Samhljóða þskj. 206 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer skulu bera toll sem hér segir:

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
15.12	01	Sojabaunaolía	7		7		7		7	
	02	Baðmullarfræolía	7		7		7		7	
19.01	00	Maltextrakt	50	35	45	30	40	25	35	20
29.20	00	Eater kolsýru o. s. frv.	18		9		9		0	
39.07	46	Umbúðakassar úr plasti að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	40	30	35	24	30	20	25	16
44.14	00	Viður sagaður, skorinn eða flagaður eftir endilöngu, en ekki frekar unninn og ekki yfir 5 mm að þykkt; spónaþynnur og þynnur í krossvið, ekki yfir 5 mm að þykkt	18		9		9		0	
48.21	13	Drykkjarmál	70		60	40	55	35	50	30
62.03	01	Kjötpokar úr spunaefnum	2		2	0	2	0	2	0
64.06	00	Legghlífar o. s. frv.	65		65		65		65	
70.17		Glervara eingöngu notuð við efnarannsóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúmmálsmerkjum eða rúmtaksréttingum; glerlyfjahylki:								
	01	Glerlyfjahylki	35		18		18		0	
	09	Annað	35		35		35		35	
73.14	02	Vír, 6 mm og grennri	18		18	12	16	10	14	8
73.14	09	Annað	18		2		2		0	
76.16	06	Anóður	4		2		2		0	
83.03	09	Annað	100		80		80		80	
83.04	00	Spjaldskrárkassar, skjalagrindur, sundurgreiningarkassar, bréfabakkar, hand-								

			Núverandi tollur Tollskrár-tollur	Efta-tollur	Frá 1/1 1974 A	E	Frá 1/1 1975 A	E	Frá 1/1 1976 A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
		ritahaldarar og annað þess háttar til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum (þó ekki skrifstofuhúsgögn, er teljast til nr. 94.03)	100		80		80		80	
83.13	01	Spons, einnig með skrúfug. o. s. frv.	21		10		10		0	
84.03	00	Tæki til framleiðslu á loftgasi o. s. frv.	7		0		0		0	
84.04	00	Gufuvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.05	00	Gufuvélar án ketils	7		0		0		0	
84.10		Vökvadælur o. s. frv.:								
	01	Stimpildælur	35		25		25		25	
		Snúningsdælur:								
		Miðflóttaaflsdælur:								
	02	Fiskidælur	4		4		4		4	
	03	Dælur úr ryðfríu og sýruþolnu stáli og úr plasti ót. a.	35		0		0		0	
	04	Aðrar miðflóttaaflsdælur	35		25		25		25	
	05	Tannhjóladælur	35		0		0		0	
	06	Aðrar snúingsdælur	35		25		25		25	
	09	Annað	35		35		35		35	
84.11	02	Þjöppur fyrir frystikerfi o. s. frv.	7		0		0		0	
84.13	01	Brennarar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.14	00	Ofnar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.15	19	Hlutar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.16	00	Sléttipressur o. s. frv.	7		0		0		0	
84.18	23	Skilvindur ót. a.	7		0		0		0	
84.18	26	Lýsissíur	25		0		0		0	
84.19	09	Annað	7		0		0		0	
84.22	07	Hlaupakettir o. s. frv.	35		0		0		0	
84.30	01	Vélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.30	02	Vélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.30	03	Vélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.30	04	Vélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.30	09	Aðrar	7		0		0		0	
84.31	00	Vélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.32	00	Bókbandsvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.33	00	Pappírs- og pappaskurðarvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.34	01	Setningarvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.34	02	Prentletur o. s. frv.	7		0		0		0	
84.34	03	Prentmyndamót o. s. frv.	7		0		0		0	
84.34	04	Litógrafísteinar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.34	09	Annað	7		0		0		0	
84.35	00	Aðrar prentvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.36	00	Vélar til pressunar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.37	01	Prjónavélar	7		0		0		0	
84.37	09	Aðrar	7		0		0		0	
84.38	00	Hjálparvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.39	00	Vélar og tæki o. s. frv.	7		0		0		0	
84.40	13	Aðrar strokvélar	7		0		0		0	
84.40	15	Vélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.41	01	Saumavélar til heimilisnotkunar	7		0		0		0	
84.41	02	Saumavélar til notkunar í iðnaði	7		0		0		0	

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
84.41	09	Annað	7		0		0		0	
84.42	00	Vélar og tæki o. s. frv.	7		0		0		0	
84.43	00	Málmbræðsluofnar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.44	00	Völsunarvélar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.45	00	Vélar til smíða o. s. frv.	7		0		0		0	
84.46	00	Vélar til vinnslu o. s. frv.	7		0		0		0	
84.47	01	Trésmíðavélar	7		0		0		0	
84.47	09	Aðrar	7		0		0		0	
84.48	00	Hlutar og hjálpartæki o. s. frv.	7		0		0		0	
84.49	00	Handverkfæri o. s. frv.	7		0		0		0	
84.50	00	Vélar og tæki o. s. frv.	7		0		0		0	
84.56	02	Vélar o. s. frv.	25		0		0		0	
84.57	00	Vélar og tæki o. s. frv.	7		0		0		0	
84.59	10	Kjarnorkuofnar	7		0		0		0	
84.59	21	Til matvælaiðnaðar ót. a.	7		0		0		0	
84.59	22	Til efnaiðnaðar ót. a.	7		0		0		0	
84.59	23	Til málm-, tré- o. s. frv.			0		0		0	
84.59	25	Vélar o. s. frv.			0		0		0	
84.60	00	Mótakassar o. s. frv.	7		0		0		0	
84.61	01	Gaslokar o. s. frv.			0		0		0	
84.61	02	Lokar o. s. frv.			0		0		0	
85.01	03	Rafsuðuspennar	7		0		0		0	
85.07	01	Sauðaklippur	25		7		7		7	
85.11	00	Rafbræðslu- o. s. frv.	7		0		0		0	
85.19		Rafmagnstæki o. s. frv.:								
	01	Rofar með snertum til og með 5 amper og 30—200 amper, fyrir 600 volt og lægri spennu. Skiptarar og liðar			4		4		0	
	02	Vör og varhús til og með 5 amper og 30—200 amper, fyrir 600 volt og lægri spennu			4		4		0	
	03	Eldingar- og risspennuverndartæki og annar verndarbúnaður ót. a.	35		35		35		35	
	04	Falir, tenglar, klær og tengibúnaður til og með 5 amper og 30—200 amper. Fjöltengi með fleiri en 5 snertum, tengiræmur og prentrásir			4		4		0	
	05	Tengikassar og annar tengibúnaður ót. a.	35		35		35		35	
	06	Viðnám, breytiviðnám og spennudeilar			4		4		0	
	07	Greinitöflur, stýri- og eftirlitstöflur	35		35		35		35	
	09	Annað	35		35		35		35	
87.06	02	Öryggisbelti	20		20		20		20	
87.06	09	Annað	35		35		35		35	
87.14	03	Húsvagnar	40		40		40		40	
90.07	02	Ljósmyndavélar o. s. frv.	50		0		0		0	
	04	Ljósmyndavélar fyrir 60 mm filmur og stærri	50		20		20		20	
91.01	00	Vasaúr, armbandsúr og önnur svipuð úr (þar með talin stansúr af svipaðri gerð)	50		35		35		35	

3. gr. breytist þannig:

10. tl. hljóðar svo:

Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum, sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. 2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir tollfrelsisheimild þessi í 3 mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar tollfrelsis, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta í mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildarákvæðis þessa.

Tollfrelsisheimild þessi er að öðru leyti háð því, að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.
b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
c. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda, þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð flutt utan innan árs, frá því að það var flutt hingað til lands.
d. Að hann hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútflutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól, sem keypt eru hér á landi, og hafa hvorki verið skráð hérlendis né erlendis, enda verði ökutæki þessi skráð sérstaklega og uppfyllt verði frekari skilyrði, sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Miðast upphaf tollfrelsisheimildar þá við skráningardag ökutækisins.

17. tl. hljóðar svo:

Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af vörum, sem teljast til tnr. 38.19.19 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með efnum þeim, sem hér um ræðir. Frá 1. jan. 1976 falla niður gjöld af sömu vörum.

27. tl. hljóðar svo:

Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 400 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús.

krónur fyrir þá, sem mest eru fatlaðir eða lamaðir, en geta þó ekið sjálfir sérlega útbúinni bifreið.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og tækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.

28. tl. hljóðar svo:

Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundraðshluta af samningsverði. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 1 000 000.00. Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu tolla af viðgerðinni.

Þó er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, þótt kostnaður sé lægri en 100 þús. kr., skv. nánari skilyrðum, sem fjármálaráðuneytið setur.

50 tl. d-liður hljóðar svo:

d. Til framleiðslu á tvöföldu gleri þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur á rakaeyðingarefni, sem telst til tnr. 38.19.19, xéttilími í tnr. 32.12.00, zink-hornum í tnr. 79.06.09 og plastþynnum í tnr. 39.02.94 og 39.02.99, ekki hærri en 10%. Frá 1. jaúnar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.

55. tl. hljóðar svo:

Að lækka gjöld af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

56. tl. hljóðar svo:

Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.

57. tl. hljóðar svo:

Að endurgreiða samkvæmt sérstökum reglum gjöld af nýsitækjum til notkunar í skólum, þ. e. 8 mm og 16 mm kvikmyndasýningartækjum, skyggnu- og myndræmutækjum, myndvörpum, myndsýnum, sýningartjöldum, hljóð- og myndsegulbandstækjum og tækjum í tungumálastofur.

58. tl. hljóðar svo:

Að fella niður aðflutningsgjöld af skíðalyftum eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

59. tl. hljóðar svo:

Að lækka í 7% aðflutningsgjöld af reykháfum fiskimjölsverksmiðja, sem settir verða upp vegna krafna frá heilbrigðisyfirvöldum.

60. tl. hljóðar svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld af hráefnum og vélum til iðnaðar, sem tollafgreidd hafa verið á tímabilinu 1. janúar 1974 til gildistöku laga þessara, þannig, að mismunur gjalda af fyrrgreindum vörum samkvæmt lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og gjalda, eins og þau verða ákveðin með lögum þessum, verði fellur niður eða endurgreiddur eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur. Skal niðurfellingin eða endurgreiðslan, eftir því sem við á, einnig ná til mismunar greidds söluskatts við innflutning samkvæmt ofanrituðu.

39. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., lög nr. 100/1970, lög nr. 17/1971, lög nr. 110/1972 og lög nr. 7/1973, um breyting á þeim lögum.

Nd. 427. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Ellert B. Schram.

Við 1. gr. Eftirfarandi tollskrárnúmer breytist svo:

			Núverandi tollur		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1975	
			Tollskrár-tollur	Efta-tollur	A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%	%	%
84.15	11	Afgreiðsluborð og sýningarskápar fyrir verslanir og varahlutir í þau	35		7		7		7	

Nd. 428. Breytingartillaga [152. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Við 3. gr. 14. tl. orðist svo:

Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum sendiráðsmanna, skv. nánari reglum fjármálaráðuneytisins.

Ed. 429. Lög [240. mál]

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 408.

Ed. 430. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 26. febr. 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Eggert G. Þorsteinsson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Alexander Stefánsson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 431. Fyrirspurn [248. mál]

til samgönguráðherra um brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður athugun á vega- og brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi?

Ed. 432. Frumvarp til laga [249. mál]

um breyting á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969, og lög nr. 37 16. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Í stað 14. gr. laganna komi svohljóðandi grein:

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Sigöldu í Tungnaá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni ennfremur heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilt að lána Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. vegna virkjunarframkvæmdanna við Sigöldu í Tungnaá. Er hér um að ræða samskonar heimild og ríkisstjórninni var veitt á sínum tíma

vegna Búrfellsvirkjunar og miðaðist við allt að 100 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að lánið vegna virkjunar Tungnaár við Sigöldu verði með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður og er þetta í samræmi við það, sem gilti um fyrrgreinda heimild vegna Búrfellsvirkjunar. Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán og endurlána Landsvirkjun vegna umræddS láns í þágu virkjunarinnar í Tungnaá við Sigöldu.

Lán það, sem hér er fjallað um vegna Sigölduvirkjunar, er liður í fjármögnun virkjunarframkvæmdanna til viðbótar auknum höfuðstólsframlögum ríkisins og Reykjavíkurborgar, fé úr rekstri Landsvirkjunar og öðrum lántökum. Gert er ráð fyrir, að lánið standi að baki stofnlánum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna, þannig að árlegar greiðslur afborgana og vaxta af því verða háðar nettótekjum Landsvirkjunar að frádregnum öðrum lánagreiðslum á hlutaðeigandi fjárhagsári Landsvirkjunar. Auk þess er gert ráð fyrir, að greiðslur afborgana og vaxta af láninu hefjist ekki fyrr en að virkjunarframkvæmdunum loknum, og er þannig létt á greiðslubyrði Landsvirkjunar meðan á þeim stendur.

Ed. 433. Lög [152. mál]

um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 426 (sbr. 206).

Ed. 434. Lög [119. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

(Afgreidd frá Ed. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 425.

Ed. 435. Lög [242. mál]

um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

(Afgreidd frá Ed. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 412.

Ed. 436. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1971.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Jón Árm. Héðinsson, Páll Þorsteinsson og Björn Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Halldór Blöndal. Bjarni Guðbjörnsson.

Geir Hallgrímsson.

Ed. **437. Nefndarálit** [46. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði 18. ágúst 1971. Nefndinni var ætlað að endurskoða lög um kauparétt á jörðum, nr. 40/1948, lög um ættaróðul o. fl., nr. 102/1962, og lög um Jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54/1967. Síðar var henni svo falið að endurskoða lög um landnám ríkisins og fella þau ákvæði þeirra inn í jarðalagafrumvarpið, „sem þörf var talin á að héldu áfram gildi, þó lögin yrðu felld úr gildi í núverandi formi“, eins og segir í athugasemdum við frumvarpið.

Það má því ljóst vera, að jarðalagafrumvarpið spannar vítt svið skipulagningar jarða og eignar- og umráðaréttar þeirra fasteigna, sem frv. tekur til. Þá er ráðgerð gagnger breyting í yfirstjórn þessara mála, þar sem Landnám ríkisins hættir störfum, en landbúnaðarráðuneytinu er ætlað að annast verkefni þess ásamt byggðaráðum, sem setja skal á stofn í hverri sýslu landsins, en þau eiga m. a. að hafa frumkvæði að skipulagi í strjálbýli.

Landbúnaðarnefnd sendi þetta frv. til umsagnar ýmsum aðilum, sem ekki höfðu áður um það fjallað. Það var sent Sambandi ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtökum sveitarfélaganna öllum, búnaðarsamböndum, skipulagsstjórn ríkisins og landnámsstjóra ríkisins. Flestir þessara aðila hafa gefið út álit um frv. Það, sem athygli vekur, en kemur þó ekki á óvart, er, hversu margir þættir frv. eru gagnrýndir og það af flestum þeim, sem umsagnir koma frá.

Ekki verður því við komið að rekja til hlítar í nefndaráliti umsagnir allra þeirra aðila, sem hafa tjáð sig um frumvarpið. Það yrði of langt mál. Þessa skal þó getið:

Landnámsstjóri gerir athugasemdir um fimm meginatriðin og segir síðan svo: „Með hliðsjón af þeim atriðum, er fram koma í töluliðum 1—5, legg ég til, að frv. til jarðalaga verði vísað frá í þeirri mynd, sem það er, en jafnframt verði gerð endurskoðun á þeim lögum, er það nær til, ásamt ábúðarlögum, og að því er varðar Landnám ríkisins, þá starfi það áfram á grundvelli laga nr. 45/1971 sem sérstök ríkisstofnun.“

Skipulagsstjórn ríkisins tekur að sjálfsögðu fyrir í sinni umsögn þann þáttinn, sem veit að skipulagsmálum. Þar segir svo m. a.: „Á það skal bent, að nú þegar eru ýmis sveitarfélög, bæði hrein strjálbýlissveitarfélög og sveitarfélög, sem eru að langmestu leyti strjálbýl, að eigin ósk orðin skipulagsskyld. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. virðist svo sem skipulagsskylda ýmissa sveitarfélaga skv. skipulagslögum, nr. 19/1964, félli niður, ef hún yrði samþykkt óbreytt.“ Og síðar segir skipulagsstjórn svo: „Skipulagsstjórn virðist sem byggðaráðum, sem stofna á skv. lögum, séu fengin í hendur verkefni, sem þau hafi varla skilyrði til að leysa, t. d. að gera tillögur um skipulagsmál í sveit, sbr. upphaf 13. gr.“

Samband íslenskra sveitarfélaga gefur greinargóða umsögn um frv., sem stjórn sambandsins hefur fjallað um á nokkrum fundum. Þar kemur það fram m. a., að af ummælum í athugasemdum við frv. megi ráða, að sveitarstjórnasambandið hafi verið haft með í ráðum, þegar frv. var samið, en svo hafi ekki verið. Um það segir svo í umsögn sambandsins:

„Rétt er, að framkvæmdastjórinn var einu sinni kvaddur til viðræðna á fund nefndarinnar og spurður persónulegs álits á ákvæðum frv. Framkvæmdastjórinn tjáði sig ekki efnislega um önnur atriði frv. en ákvæðin um byggðaráð, umdæmi þeirra og skipan, sem hann taldi í ósamræmi við stefnumörkun sambandsins. Ábendingar framkvæmdastjórans um þetta voru ekki teknar til greina.“ Eftir að stjórn sambandsins hefur gert athugasemdir við alla kafla frv., lýkur bréfi hennar

með þessum orðum: „Með tilliti til framangreindra athugasemda leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til, að frv. til jarðalaga verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.“

Fjórðungssamband Norðlendinga segir svo m. a.: „Það eru vægast sagt ekki vammlaus vinnubrögð hjá nefnd þeirri, sem bjó frv. í hendur Alþingis, að hafa ekki formlega samráð við samtök sveitarfélaganna í einstökum landshlutum og við sýslunefndir. Í sumar var ekki höfð hirða á því að senda frumvarpið til athugunar hjá ýmsum aðilum á milli þinga. Því verður að vara við öllum einstefnuakstri í meðferð þessara mála, sem getur stefnt árangri af samstarfi um þessi mál í tvísýnu.“

Búnaðarsamböndin hafa öll tillögur um breytingar, og athugasemdir um veigamikil atriði koma frá sumum þeirra.

Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu leggur áherslu á, að Jarðasjóður fái sérstaka stjórn. Sama kemur fram í umsögnum Búnaðarsambands Skagfirðinga og Búnaðarsambands Snæfellinga. Flest leggja þau áherslu á, að skv. frv. sé Jarðasjóður of veikur fjárhagslega, og leggja til, að ríkisframlag til hans verði hækkað úr 12 millj. króna í 20 millj. (Búnaðarsamband Snæfellinga).

Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur athugasemdir að gera við nokkur atriði frv. og þó alveg sérstaklega við kaflann um óðalsjarðir. Í niðurlagi umsagnar búnaðarsambandsins kemur þetta fram: „Auk þessara atriða, sem talin hafa verið upp hér að framan, eru nokkuð skiptar skoðanir um byggðaráð og það, hversu valdamikil stofnun það er, þegar um ráðstöfun eigna er að ræða. Töldu sumir, að þar væri gengið um of á rétt einstaklingsins til að ráðstafa eignum sínum að vild.“

Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga gerir tilteknar athugasemdir við frv., en lýkur umsögn sinni með þessum orðum: „Stjórn búnaðarsambandsins telur valdsvið byggðaráðs í frumvarpinu svo og mikið og margþætt, að mjög þurfi til þessarar löggjafar að vanda. Við teljum því rétt að fresta afgreiðslu jarðalagafrumvarpsins á yfirstandandi Alþingi til þess að tryggja sem besta samstöðu um meginstefnu þess, bæði frá búnaðarsamböndum, búnaðarfélögum og sýslunefndum. Það skiptir að okkar dómi minna máli, hvort löggjöf þessi verði afgreidd árinu fyrr eða síðar, nái frv. fram að ganga með einhuga stuðningi bænda í landinu, sem er forsenda fyrir því, að löggjöfin nái tilgangi sínum. Af þessu tilefni sendir stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga engar tillögur til breytinga á frv., að svo komnu máli.“

Við undirritaðir nefndarmenn, höfum sannfærst um það við athugun á jarðalagafrumvarpinu, að brýna nauðsyn beri til að fresta afgreiðslu þess eða gera á því veigamiklar breytingar, ef það á að ganga fram á þessu þingi.

Umsagnir fjölda þeirra samtaka, sem frv. varðar sérstaklega og hér hafa verið lauslega kynntar, hníga mjög í þá sömu átt. Við höfum þó ekki náð samstöðu um það í nefndinni, að viðunandi breytingar verði gerðar á frv., né heldur um það, að frumvarpið verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar og lögfestingu þess frestað, sem vissulega er eðlilegasta afgreiðsla málsins, eins og unnið hefur verið að uppbyggingu frv.

Umsagnir, sem borist hafa til nefndarinnar, undirstrika þá skoðun okkar rækilega, að endurbóta sé þörf, enda hefur ekki verið haft samráð við þær stofnanir, sem ríkasta reynslu hafa um meginviðfangsefni þessa lagabálks, svo sem skipulagsstjórn ríkisins, landnámsstjórn ríkisins og sveitarstjórnirnar eða samtök þeirra.

Þau verkefni, sem byggðaráðunum er ætlað að vinna, eru í eðli sínu sveitarstjórnarmálefni, og því væri eðlilegast að sveitarstjórnirnar, sem skipaðar eru lýðræðislega kjörnum fulltrúum allra íbúa í viðkomandi byggðarlögum, hafi með höndum meðferð flestra þeirra mála, sem byggðaráðin eiga að annast. Þau eru óþarfar stofnanir, og má með góðu móti leysa þau af hólmi með því að fá stofnunum, sem þegar eru til í landinu, öll þeirra störf í hendur.

Í þessu nefndaráliti verður viðhorf okkar til frv. ekki rakið nánar, en skýrt frekar við 2. umræðu um það. Þó skal að lokum á það bent, að megintilgangi frv.,

sem oftast hefur verið horft á og margir hafa lagt áherslu á í umræðum, er vissulega nauðsynlegt að ná, þ. e. að fyrirbyggja, að jarðeignum sé ráðstafað með óeðlilegum hætti miðað við viðskiptavenjur, svo og að komið verði í veg fyrir brask með jarðeignir í hagnaðarskyni. Að okkar mati hefur ekki tekist með ákvæðum þessa frv. að ná þessu höfuðmarkmiði þess. Haldbetra væri að ganga þannig frá skipulagsmálum strjálbýlisins og ákvæðum um ábúð jarða, að eigendum þeirra væri skylt að halda jörðum í ábúð með hæfilegum leigukjörum og nauðsynlegu frjálsræði ábúanda til framkvæmda á þeim.

Minni hluti landbúnaðarnefndar telur, að þar sem ekki hefur tekist að færa frv. til þess horfs, að viðunandi sé, á því Alþingi, er nú situr, þá beri að hafna því, og leggur til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til endurskoðunar, sem væri unnin í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Landnám ríkisins og skipulagsstjórn ríkisins.

Alþingi, 28. febr. 1974.

Steinþór Gestsson, form. Jón Árm. Héðinsson. Jón Árnason.

Ed. 438. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjórann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Einn eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands.
Einn eftir tilnefningu Mótorvélstjórafélags Íslands.
Einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.
Einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans.

Hinn sjötta skipar ráðherra til fjögurra ára án tilnefningar, og skal hann vera formaður skólanefndar.

Sex varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Vélskóla Íslands og er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á undanförnum árum, að nemendur eigi fulltrúa í skólanefndum eða skólaráðum. Menntamálaráðuneytið álítur þessa stefnu eðlilega, og með það sjónarmið í huga er þetta lagafrumvarp flutt.

Ed. 439. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fjögurra manna skólanefnd. Skulu þrír nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Einn tilnefndur af fiskimálaráði og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins. Þeir skulu báðir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn eftir tilnefningu reglulegra nemenda Fiskvinnsluskólans og skal hann vera úr þeirra hópi.

Hinn fjórða skipar ráðherra til fjögurra ára án tilnefningar, og skal hann vera formaður skólanefndar.

Fjórir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Fiskvinnsluskólans og er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á undanförnum árum, að nemendur eigi fulltrúa í skólanefndum eða skólaráðum. Menntamálaráðuneytið álítur þessa stefnu eðlilega, og með það sjónarmið í huga er þetta lagafrumvarp flutt.

Nd. 440. Frumvarp til laga [252. mál]

um breyting á jarðræktarlögum nr. 79 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Við VI. lið 10. gr. bætist nýr stafliður.

h. Gróðurhús á garðyrkjubýlum. Til byggingar nýrra gróðurhúsa og endurnýjunar á eldri húsum en 15 ára. 120 kr. pr. m^2.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðast eftir þeim framlög fyrir framkvæmdir unnar á árinu 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlag til byggingar og endurnýjunar gróðurhúsa, sem greitt er samkvæmt heimild 3. lið 61. gr. laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, verði greitt með öðrum framlögum til jarðræktar og húsabóta, samkvæmt jarðræktarlögum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem flutt er samtímis þessu.

Nd. 441. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 45, 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Heiti laganna verður „Lög um Stofnlánadeild- og byggingastofnun landbúnaðarins".

2. gr.

1. mgr. 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er nemi 1%. Við ákvörðun gjaldsins skal ekki tekið tillit til niðurgreiðslna. Ekki skal taka gjald samkvæmt þessum lið af útflutningi á lifandi hrossum, grávöru eða öðrum þeim útfluttum vörum, sem ekki eru verðlagðar í verðlagsgrundvelli. Gjald þetta innheimtist til ársloka 1980.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi eftirfarandi grein, er verður 10. gr.: Töluröð greina breytist í samræmi við það:

Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir framlög til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis, svo og til smábýla og garðyrkjubýla, enda uppfylli þau skilyrði, sem sett eru fyrir lánveitingum úr Stofnlánadeild, og njóti ekki lána frá Húsnæðismálastjórn ríkisins. Enn fremur veitir deildin framlög til endurbygginga á eldri íbúðarhúsum á býlum, sem uppfylla sömu skilyrði.

Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að kr. 120 000.00 og 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss, þó aldrei yfir kr. 120 000.00. Til að veita slík framlög fær Stofnlánadeild framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Við gildistöku laga þessara tekur Stofnlánadeild við greiðslum byggingarframlaga, sem Landnám ríkisins hefur annast, og stendur við skuldbindingar um framlög, sem gefnar hafa verið af landnámsstjóra. Líta ber á eldri framlög veitt af Landnámi ríkisins sem framlög Stofnlánadeildar, m. t. t. ákvæða 2. mgr. hér að framan.

4. gr.

III., IV., V., VI., VII., VIII., IX., X. og XI. kafli laganna falla úr gildi. XII. kafli verður III. kafli. Töluröð greina breytist til samræmis við þetta.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara er lögð niður starfsemi Landnáms ríkisins, landnámsstjórn og landnámsnefndir. Starfsemin skal leggjast niður á árinu 1974, eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu og öðru, sem flutt er samtímis, er lagt til, að öðrum aðilum verði falið að annast hluta af verkefnum Landnáms ríkisins, og að starfræksla þess leggist niður.

Með jarðræktarlögum nr. 79/1972 var sameinuð öll greiðsla á almennum jarðræktarframlögum, sem áður var bæði á vegum landnámsins og Búnaðarfélags Íslands.

Með frumvarpi til jarðalaga og frumvarpi til laga um heykögglaverksmiður, sem nú liggja fyrir Alþingi, er nokkrum verkefnum landnámsins ráðstafað. Verði þau að lögum ásamt þeim frumvörpum, sem nú eru lögð fram, hefur verkefnum þeim, sem landnáminu eru falin með lögum nr. 45 16. apríl 1971, verið ráðstafað til annarra aðila.

Breyttar aðstæður hin síðari ár gera það að verkum, að upphafleg verkefni landnámsins eru að mestu úr sögunni. Ekki er lengur lögð sérstök áhersla á að stuðla að fjölgun býla.

Nýbýli hafa að undanförnu ekki haft neina sérstöðu hvað viðvíkur framlögum til ræktunar og bygginga, og njóta nú engra framlaga umfram eldri býli. Ekki er lengur um neinar framkvæmdir að ræða á vegum landnámsins í „byggðahverfum".

Eftir fyrirhugaðar lagabreytingar yrði farið með jarðir í byggðahverfum á sama hátt og aðrar ríkisjarðir.

Samkvæmt lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, voru verkefni Landnáms ríkisins þessi (28. gr.):

a. Skipulagning byggðar í sveitum.
b. Að halda jarðaskrá yfir allar jarðir.
c. Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum.
d. Að annast og fylgjast með:
   1. Ábúð og sölu jarða.
   2. Félagsræktun.
   3. Stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða.
   4. Stofnun grænfóðurverksmiðja.
   5. Úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkvæmt þessum lögum.

Með þeim lagabreytingum, sem þegar hafa verið gerðar og samkvæmt þeim frumvörpum, sem fyrir liggja, er verkefnum þessum ráðstafað á eftirfarandi hátt.

a. Samkvæmt frumvarpi til jarðalaga, lið 1 6. gr., eiga byggðaráð „Að fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna . . .". Og 2. lið 6. gr.: „Stuðla að skipulagi dreifbýlis, m. a. með ábendingum og tillögum til sveitarstjórna". Og 3. lið 6. gr.: „Gera tillögur um úthlutun landsvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í þessu skyni.

   Hér er byggðaráðum, sem eru heimaaðili, falið að vinna í samvinnu við sveitarstjórnir hliðstæð verkefni við skipulagningu í sveitum og landnáminu eru falin með gildandi lögum.

b. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins til jarðalaga er landbúnaðarráðuneytinu skylt að sjá um, að haldin verði skrá yfir allar jarðir og ábúendur jarða.

c, Framkvæmdir í byggðahverfum á vegum Landnáms ríkisins hafa engar verið að undanförnu. Jarðræktartæki landnámsins hafa verið seld.

d. 1. Verkefni þetta er, eins og að framan er getið, falið byggðaráðum samkvæmt frumvarpinu til jarðalaga.

d. 2. Félagsræktun: Samkvæmt ákvæðum í jarðræktarlögum er veittur sérstakur stuðningur til félagsræktunar, þar sem erfitt er um ræktunarland. Að öðru leyti nýtur félagsræktun sama stuðnings og önnur ræktun.

d. 3. Stofnun nýbýla, endurbygging og sameining jarða: Hliðstæð ákvæði eru í jarðalögum um skilyrði fyrir því, að stofnun nýbýlis sé heimiluð og eru í gildandi ákvæðum, sem Landnám ríkisins fer eftir.

d. 4. Stofnun grænfóðursverksmiðju.

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um „heykögglaverksmiðjur ríkisins".

d. 5. Úthlutun ríkisframlaga.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er lagt til, að Stofnlánadeild landbúnaðarins annist úthlutun á framlagi til íbúðarhúsabygginga eftir samhljóða reglum og landnámið hefur haft um þá úthlutun.

Lagt er til, að framlög til gróðurhúsabygginga verði greidd samkvæmt jarðræktarlögum, og fylgir þessu frumvarpi frumvarp til breytinga á jarðræktarlögum. Áður hafði framlag til nýræktar, endurræktunar og grænfóðurræktunar, sem landnáminu var falið að greiða, verið tekið í jarðræktarlög.

Heimildir landnámsins til að greiða framlög til varmaveitna og til sameiningar jarða eru ekki teknar beint upp í önnur lög, en í 34. gr. frumv. til jarðalaga er hliðstæð heimild og í 2. tl. 61. gr. Stofnlánadeildarlaga til að styrkja búsetu á jörðum.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, eru gerðar — með frumvarpi þessu —, tillögur um breytingu á 4. gr. laganna, er varðar innheimtu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Breyting þessi er í því fólgin í fyrsta lagi, að kveðið er skýrt á um það, að við töku gjaldsins skuli ekki taka tillit til niðurgreiðslna, sem ákveðnar kunna að vera hverju sinni. Í öðru lagi er lagt til, að gerð verði sú breyting, að ekki skuli taka gjald samkvæmt þessum lið (3. lið 4. gr.) af útfluttum hrossum og grávöru eða þeim vörum, sem ekki eru verðlagðar hér innanlands, né njóta útflutningsbóta.

Gjald þetta mundi leggjast á seljendur þessarrar vöru og kæmi því til viðbótar gjaldi samkvæmt 2. tölulið 4. gr.

Nd. 442. Lög [70. mál]

um starfskjör launþega o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 4. mars.)

Samhljóða þskj. 76.

Sþ. 443. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um íþróttahús Menntaskólans við Hamrahlíð.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Þórarinn Þórarinsson, Jón Snorri Þorleifsson, Bjarni Guðnason, Halldór S. Magnússon, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að byggingu íþróttahúss fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð.

Greinargerð.

Við Menntaskólann við Hamrahlíð stunda um 1200 nemendur nám. Þessi stóri hópur hefur enga aðstöðu til íþróttaiðkana við skóla sinn. Er þetta eini menntaskólinn í borginni, sem hefur engan leikfimisal til afnota fyrir nemendur sína. Ljóst er, að þessi stóri hópur fer af þessum sökum á mis við þá heilsuvernd og hressingu, sem hóflegar íþróttir veita.

Vorið 1972 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um sameiginlegt íþróttahús fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð og Hlíðaskóla. Eftir athugun þess máls þótti yfirvöldum menntamála slík tilhögun ekki henta vegna stærðar skólanna. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur þörfin fyrir íþróttaaðstöðu síst minnkað, en ekkert verið aðhafst af hálfu ríkisvalds til lausnar þessum vanda.

Þar sem menntaskólarnir eru ríkisskólar, verður ekkert skref stigið í þessu máli án atbeina ráðherra og síðar fjárveitingarvalds ríkisins. Því er þessi tillaga flutt.

Það er von flutningsmanna, að undirbúningur þessarar byggingar komist á þann rekspöl fyrir næsta haust, að unnt verði að gera ráð fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til að hefja framkvæmdir á næsta ári.

Ed. 444. Frumvarp til laga [255. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 494 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

a) til framkvæmda í raforkumálum 149 millj. kr.
b) til orkurannsókna 127 millj. kr.
c) til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland 100 millj. kr.
d) til Laxárvirkjunar 100 millj. kr. og
e) til landshafna 18 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkárvirkjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með fjárlögum fyrir árið 1974 var hætt að lögfesta sérstaka framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar, svo sem gert hafði verið árlega allt frá árinu 1963, og var framkvæmdahluti þessarar áætlunar nú sameinaður fjárlögunum. Hið sama gildir um innlendan hluta fjáröflunarinnar, en talið hefur verið eðlilegra, að heimild til lántaka erlendis styðjist við sérstök lög, enda vafasamt, að heimild í fjárlögum sé nægilega tryggur grundvöllur til slíkra aðgerða. Því er nú lagt fram sérstakt frumvarp um þessi efni, eins og boðað var í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, svo og annað frumvarp m. a. um skattalega meðferð verðbréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa, sem ríkissjóður selur. Frumvarp þetta er að vísu nokkru síðbúnara en þar var gert ráð fyrir, en það stafar einkum af því, að ljóst varð, að þingið mundi leita frekari lánshemilda en ráðgert hafði verið í fjárlagafrumvarpinu til að standa undir auknum framkvæmdum í orkumálum. Þær útgjaldaákvarðanir

urðu hins vegar ekki fullmótaðar fyrr en á síðustu dögum haustþingsins, þannig að ekki gafst tími til að ganga frá frumvarpinu þá, að því er tekur til lánsfjáröflunar.

Á fylgiskjali I hér á eftir er sýnd sundurliðun á lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda 1973 og 1974. Fyrra árið eru ákvæði um lánsfjáröflunina í lögum nr. 8/1973, en síðara árið eru hliðstæð ákvæði að hluta í fjárlögum fyrir árið 1974 og að hluta í frumvarpi því, sem hér er lagt fram. Yfirlitið leiðir í ljós, að fjáröflunin eykst úr 1 168 millj. kr. 1973 í 2 169 millj. kr. 1974. Er aukningin 1001 millj. kr. eða 85.7%, sem skiptist þannig, að 255 millj. kr. eru endurgreiðslur eldri spariskírteinalána, 220 millj. kr. ný verðbréfaútgáfa og 526 millj. kr. erlendar lántökur, ef gert er ráð fyrir, að hin sérstaka lánsfjáröflun til framkvæmda í orkumálum og við landshafnir á árinu 1974 fari fram erlendis, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Á fylgiskjali II er síðan gerð grein fyrir því, hvernig framangreindri lánsfjáröflun er ráðstafað til helstu málefnaflokka bæði árin.

Um 1. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að 494 millj. kr. lántöku erlendis, einkum til framkvæmda í orkumálum, en einnig við landshafnir. Er þetta sú hækkun, sem gerð var á fjárlagafrumvarpinu í meðförum þingsins auk 18 millj. kr. lántöku til framkvæmda við Smyrlabjargaárvirkjun, en nánari grein er gerð fyrir þeim framkvæmdum á fylgiskjali III. Að vísu er í heimildagrein fjárlaga, 6. gr. LXVII, gert ráð fyrir innlendri eða erlendri lánsfjáröflun í þessu skyni, en þar sem telja verður í hæsta máta vafasamt, að unnt verði að selja verðbréf fyrir hærri fjárhæð en 800 millj. kr. innanlands, eins og fjárlögin gera ráð fyrir (happdrættisskuldabréf og spariskírteini), þykir nauðsynlegt að miða hér við erlenda lántöku, en til þess þarf heimild í sérstökum lögum, eins og fyrr greinir.

Um 2. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins munu eiga kost á tækjakaupaláni vegna þrýstivatnspípu og vélbúnaðar til Mjólkárvirkjunar, en til þess er krafist ríkisábyrgðar af lánveitanda. Er farið fram á heimild til að ábyrgjast allt að 90 millj. kr. lán í þessu skyni.

Fylgiskjal I.

Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda 1973 og 1974.

	Lög nr. 8 1973	Fjárl. og sérst. frumvörp 1974
Endurgreiðslur eldri spariskírteinalána	350	605
Útgáfa spariskírteina	350	400
Happdrættisskuldabréf	230	400
P.L. 480 lán	50	—
Lántaka í Alþjóðabankanum vegna sérstakra hafnarframkvæmda	—	270
Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmt í orkumálum	97	476
Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmda í vegamálum	75	—
Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir	—	18
Tækjakaupalán vegna rafdíóvita og fjarskiptibúnaðar	16	—
	1 168[1])	2 169

1) Hér er ekki meðtalin heimild í 7. gr. laganna um 150 m.kr. lántöku vegna samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands og vegna hugsanlegs kostnaðarauka við framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins, þar sem þessar heimildir voru ekki notaðar á árinu.

Fylgiskjal II.

Ráðstöfun lánsfjár til opinberra framkvæmda 1973 og 1974.

	Lög nr. 8 1973	Fjárl. og sérst. frumvörp 1974
Rafmagnsveitur ríkisins, framkv.	240	538
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10	50
Laxárvirkjun	80	100
Stofnlína Norður—Suðurland	13	300
Orkurannsóknir o. fl.	53	127
Sveitarafvæðing	110	110
Skeiðarársandsvegur	230	400
Aðrir vegir á vegáætlun	75	100
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	65	80
Landshafnir	19	18
Radíóvitar, tækjakaupalán	8	—
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	42	—
Flugöryggismál	11	—
Lögreglustöðin í Reykjavík	19	—
Rannsóknast. á Keldnaholti	9	—
Blævardalsárvirkjun	4	—
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30	—
Sérstakar hafnaframkvæmdir í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði	—	290
Endurlán vegna hafnaframkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði	—	56
	1 018	2 169
Til Framkvæmdasjóð Íslands	150	—
Samtals	1 168	2 169

Fylgiskjal III.

Áætlun hefur verið gerð um, hvernig bæta megi vatn og miðlun við Smyrlabjargaárvirkjun. Er þar um að ræða að sameina þrjú vötn, Innstavatn, Miðvatn og Fremstavatn, og að veita Þverá inn á þetta vatnasvæði. Með þessu er miðlunarrými virkjunarinnar aukið úr 3.1 Gl (gígalítrum: 1 Gl = 1 milljón rúmmetrar) í 5.5 Gl eða um 77%. Orkuvinnslugeta virkjunarinnar er áætluð að aukast við þetta um 1 GWh, úr ca. 8 GWh í ca. 9 GWh. Aðgerðin er áætluð að kosta 18 m.kr. Kostnaður aukningarinnar í orkugetu er 1.80 kr./kWh, ef reiknað er með árlegum rekstrarkostnaði, sem svarar til 10% stofnkostnaðar.

Talið er, að ljúka megi þessari framkvæmd á þessu ári, ef undirbúningur er hafinn strax.

Ed. **445. Frumvarp til laga** [256. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI
Tilgangur, námstími og réttindi.

1. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal annast menntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna.

2. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennaradeild og matráðsdeild.

Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í heimilisfræðum, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

Matráðsdeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana.

3. gr.

Lokapróf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands veita réttindi til þeirra starfa, er talin eru í annarri grein samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal vera þriggja ára skóli. Námstími skal vera 110—120 vikur.

Skiptingu kennslunnar í námstímabil skal ákveða í reglugerð.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

5. gr.

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

a) Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði.
b) Próf úr heimilisfræðaskóla, að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.
c) Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.
d) Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

6. gr.

Í báðum deildum Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

a) Íslensku og íslensk fræði, framsögn.
b) Næringarefnafræðigreinar.
c) Raungreinar.
d) Hagfræði- og félagsfræðigreinar.
e) Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd.
f) Í kennaradeild skal kenna uppeldisgreinar. Í matráðsdeild skal kenna verkstjórn og áætlanagerð, diet- og sjúkdómafræði.

7. gr.

Þær kennsluæfingar, sem ekki fara fram í skólanum eða í æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands, verði í skólum þeim, sem menntamálaráðuneyti ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands, og skal hafa um þetta samráð við fræðsluskrifstofur og skólastjóra viðkomandi skóla.

8. gr.

Nemendur matráðsdeildar Húsmæðrakennaraskóla Íslands skulu fá verklega kennslu í stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar, eftir samkomulagi þar um við forráðamenn viðkomandi stofnana.

Skylt er leiðbeinendum, sem taka að sér verklega kennslu matráðsnema, að veita þeim tilsögn í samráði við skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands samkvæmt reglugerð.

9. gr.

Próf skal halda í lok hvers námstímabils. Við lokapróf í hverri grein skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneyti, að fengnum tillögum skólastjóra.

Í reglugerð skal ákveða nánar um prófgreinar, próftíma, lágmarkseinkunnir, skiptingu lokaprófs á námstímabil og annað er að prófum lýtur.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Það skipar sex manna skólanefnd þannig: Formann nefndarinnar án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Kennarafélagsins Húsmæðrakennara, einn samkvæmt tilnefningu Félags matráðskvenna og einn samkvæmt tilnefningu nemenda í skólanum. Gildir skipun nemendafulltrúans eitt ár en hinna fjögur. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Formaður skólanefndar boðar til fundar þegar hann telur ástæðu til eða þegar skólastjóri eða einhver nefndarmanna æskir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

11. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar ásamt einum fulltrúa nemenda úr hvorri deild skólans, mynda skólaráð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um skólastarfið.

Skólastjóri stýrir fundum skólaráðs.

12. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt kjarasamningum.

Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Menntamálaráðherra skipar kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

Hann ræður einnig yfirkennara, ef þurfa þykir, að fengnum tillögum skólastjóra.

13. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum.

Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.

Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í húsmæðrafræðum, uppeldisfræðum eða dietfræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandidatsprófi í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri uppeldisfræðilegri menntun, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður Húsmæðrakennaraskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti ákveður heimavistargjöld og þátttöku nemenda vegna efniskostnaðar, að fengnum tillögum skólastjóra.

17. gr.

Skólastjóri ræður, með samþykki menntamálaráðuneytis, starfslið til að annast húsvörslu, ræstingu, skrifstofustörf og önnur nauðsynleg störf vegna rekstrar skólans.

18. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggist verja orlofstímanum, sem skal notaður til: a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda regluglegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum.

Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvorttveggja sé.

Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara.

Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að 3 vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar hérlendis starfa ekki.

Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun.

Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferðakostnaði og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Enginn kennari getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum.

Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst 3 ár.

Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra.

Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

19. gr.

Skylt er Húsmæðrakennaraskóla Íslands að fenginni sérstakri fjárveitingu og í samráði við menntamálaráðuneyti, að halda endurhæfingarnámskeið í sérgreinum skólans fyrir húsmæðrakennara og matráðsmenn.

20. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólanum.

21. gr.

Menntamálaráðuneyti setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur Húsmæðrakennaraskóli Íslands þá við hlutverki Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Teljast fastir starfsmenn Húsmæðrakennarskóla Íslands starfsmenn Húsmæðrakennaraskóla Íslands frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Húsmæðrakennaraskóla Íslands var lagt fyrir síðasta Alþingi í þinglok til kynningar.

Frumvarpið var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 29. nóvember 1971 til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Í nefndina voru skipuð: Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, form. Kennarafélagsins Húsmæðrakennara, samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari, samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin sendi ráðuneytinu með bréfi 7. mars 1973 tvö lagafrumvörp: um Húsmæðrakennaraskóla Íslands og um heimilisfræðaskóla. Var tekið fram, að nefndarmenn væru í aðalatriðum sammála um frumvörpin.

Frv. er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum, sem ráðuneytið hefur gert á því og eru þessar helstar:

1) Felld er niður svofelld grein, sem var í upphaflega frumvarpinu:
„Lög þessi skal endurskoða samtímis endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands, þó eigi síðar en að 5 árum liðnum frá gildistöku þeirra."
Lögin um Kennaraháskólann eru í endurskoðun og lög á að sjálfsögðu að endurskoða hvenær sem ástæða virðist til.
2) Skipan skólanefndar (10. gr.) er breytt þannig, að ráðherra skipar formann án tilnefningar í stað þess að frv. gerði ráð fyrir, að „húsmæðrafulltrúi mennta-

málaráðuneytisins“ skyldi vera formaður. Eigi er ástæða til að ákveða í lögum að starfsmenn í ráðuneytum skuli vera formenn skólanefnda, sem heyra undir ráðuneytið. Hins vegar væri frjálst að skipa þann starfsmann, sem einkum fjallaði um málefni skólans í formannsstarfið, ef sérstök ástæða þætti til, en eigi virðist slíkt heppilegt að jafnaði.

Þá er bætt í skólanefndina fulltrúa fyrir þá nemendur, sem nám stunda í skólanum hverju sinni. Er skipunartímabil hans eitt ár, en ekkert er því til fyrirstöðu, að sami nemandi sé endurskipaður meðan hann er í skólanum, ef nemendur æskja.

Eigi virðist ástæða til að lögbinda, að rektor Kennaraháskólans eigi sæti í skólanefnd annars skóla svo sem frumvarpið mælti fyrir um, en í þess stað er gert ráð fyrir að Kennaraháskólinn nefni fulltrúa í nefndina.

Öðrum efnisatriðum hefur ráðuneytið ekki breytt, en umhugsunarefni er, hvort nauðsynlegt sé að krefjast stúdentsprófs til inngöngu í skólann, og ef svo er, hvort ekki sé þá réttara að sameina Húsmæðrakennaraskólann Kennaraháskóla Íslands.

Af hálfu nefndarinnar, sem samdi frumvarpið, fylgdi greinargerð sú, sem hér fer á eftir:

„Um 1. gr.

Í þessari grein er nafni skólans breytt úr Húsmæðrakennaraskóli Íslands í Hússtjórnarkennaraskóli Íslands um leið og ákveðnar eru tvær námsbrautir innan skólans, þ. e. fyrir hússtjórnarkennara og matráðsmenn.

Um 2. gr.

Það er hlutverk Hússtjórnarkennaraskóla Íslands að veita kennaranemum fullnægjandi þekkingu og leikni bæði bóklega og verklega, til að leiðbeina ungum og öldnum í heimilisfræðum.

Skólinn skal temja kennaraefnum fræðilegt viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er geri þá hæfa til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, sem að uppeldismálum vinna.

Miða verður kennsluna að því að kenna öllum nemendum hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi og starfi, bæði sem einstaklingum og í hópvinnu.

Einnig skal þjálfa sjálfstæða hugsun, glæða hugkvæmni, skyldurækni og félagsþroska.

Skapa ber skólanum aðstöðu til að láta nemendur fylgjast með nýjungum í vísindum og viðhorfum heimilisfræða og dietfræða.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Húsmæðrakennaraskóli Íslands þriggja ára skóli og starfar í 8—9 mánuði ár hvert, auk 3½ mánaðar sumarnámskeiðs.

Í frumvarpi þessu eru nefndar heildartölur fyrir allan námstímann — 110—120 vikur — en heppilegra þykir að ákvæði um skiptingu hans á námsárin verði sett í reglugerð.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er krafist stúdentsprófs eða ígildis þess til inngöngu í skólann. Kennaranám hússtjórnarkennara verður því hliðstætt námi í Kennaraháskóla Islands, en þar er námstíminn samkvæmt gildandi lögum 3 ár.

Um 5. gr.

Óhjákvæmilegt er að krefjast stúdentsprófs til inngöngu í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, koma þar til 2 meginatriði:

1. Sífellt meiri kröfur eru gerðar um almenna menntun.
2. Sú veigamikla staðreynd, að nauðsynlegri, faglegri og kennslufræðilegri sérhæfingu kennaraefna verður eigi við komið á þeim tíma, sem í frumvarpinu

er ætlaður, nema nemendur hafi áður aflað sér stúdentsmenntunar eða ígildis hennar.

b og c liðir greinarinnar lúta að því að meta aðfaramenntun og hæfni umsækjanda, er hann hefur aflað sér eftir öðrum menntabrautum.

Um 6. gr.

Námsefni skólans er:

a) Íslenska, íslensk fræði, framsögn.
b) Næringarfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking, matreiðsla, tilraunamatreiðsla, dietfræði.
c) Raungreinar: eðlis- og efnafræði, gerlafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, lífefnafræði og stærðfræði.
d) Hagfræði- og félagsfræðigreinar: almenn hagfræði, heimilishagfræði, híbýlafræði, félagsfræði, fjölskyldufræði og bókfærsla.
e) Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, þvottur og ræsting, viðhald húsa og húsbúnaðar og viðhald fatnaðar.

Í lok greinarinnar er námi hinna tveggja deilda skipt. Kennaraefni nema uppeldisgreinar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og stunda kennsluæfingar.

Matráðsmenn nema: verkstjórn og áætlanagerð, diet- og sjúkdómafræði og hljóta verklega tilsögn í mötuneytum sjúkrahúsa.

Um 7. gr.

Nemendur Hússtjórnarkennaraskóla Íslands þurfa miklar kennsluæfingar, bæði í bóklegum og verklegum greinum.

Æskilegt er, að skólinn hafi aðstöðu og húsrými til að hafa þessa kennslu innan sinna vébanda. Samstarf skal haft við Kennaraháskóla Íslands um aðstöðu til æfingakennslu.

Fræðsluskrifstofur skulu annast milligöngu um samninga vegna æfingakennslu í skólum, þar sem aðstaða er fyrir hendi.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að flétta inn í nám matráðsnema Hússtjórnarkennaraskóla Íslands verklega kennslu, sem farið getur fram í mötuneytum sjúkrahúsa og annarra þeirra stofnana, er hafa yfir að ráða vélakosti og aðstöðu sem líkasta þeim, er gerist á bestu vinnustöðum sinnar tegundar.

Um 9. gr.

Grein þessi miðar að því að einfalda próf, jafnframt því sem hún á að gera kleift að fylgjast með nemendum í námi og starfi.

Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í áfanga, og er eðlilegt að ljúka hverjum áfanga með prófi.

Próf í lok fyrsta námsárs á að skera úr um það, hvort nemanda lætur kennsla eða ekki, svo að hann geti í tæka tíð snúið sér að öðru námi eða starfi.

Um 10. gr.

Ákvæði þessu um skólanefnd Hússtjórnarkennaraskóla Íslands er ætlað að tryggja, að í verki nýtist sjónarmið og reynsla þeirra, sem mesta þekkingu hafa á menntun heimilisfræðakennara og matráðsmanna.

Til að tryggja tengsl og samstarf við Kennaraháskóla Íslands þykir rétt, að rektor hans eða fulltrúi eigi sæti í nefndinni.

11., 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um menntun skólastjóra og kennara og eru þau sett til þess að tryggja, að skólinn hafi ávallt á að skipa hinum hæfustu starfskröftum.

15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Þar sem skólinn er rekinn eingöngu af ríkinu, þykir eðlilegt að skólastjóri annist ráðningu starfsliðs þess, er hér um ræðir, með samþykki menntamálaráðuneytis.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Vegna sífelldrar þróunar þykir sjálfsagt að Hússtjórnarkennaraskóli Íslands í samvinnu við menntamálaráðuneyti annist endurmenntun og viðbótarmenntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna með námskeiðum.

20., 21. og 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Ed. 446. Frumvarp til laga [257. mál]

um heimilisfræðaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI
Markmið, námstími.

1. gr.

Hlutverk heimilisfræðaskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fóstruskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

2. gr.

Starfstími heimilisfræðaskóla skal vera 36 vikur — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímann. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Stofna skal til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður, hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi (þ. e. grunnskóla) með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.
b) Að nemandinn sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar.

5. gr.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér er talið:

a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Manneldisfræðigreinum.
c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
f) Handíðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Eins árs nám í heimilisfræðaskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

III. KAFLI
Skólastjórn og kennarar.

7. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn heimilisfræðaskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur skólastjóri eða kennari við heimilisfæðaskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða Kennarahaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr.

Við heimilisfræðaskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneyti skipar og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af landshlutasamtökum sveitarfélaga og einn tilnefndan af nemendum skólans til eins árs í senn. Skipun annarra nefndarmanna gildir til fjögurra ára. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, ræður atkvæði formanns. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn heimilisfræðaskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann

ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

10. gr.

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Ennfremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Orlof.

12. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til þess að efla þekkingu sína og kennsluhæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem að slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Ennfremur er heimilt að veita kennurum launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Fjármál.

13. gr.

Heimilisfræðaskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mötuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Miða skal stærð heimilisfræðaskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36—40 nemendur. Í verklegum greinum, skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfsliði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilisfræðaskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

V. KAFLI
Handíðaskóli.

15. gr.

Stofna skal þegar fé er til þess veitt í fjárlögum til 36 vikna handíðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum og fleiri handíðum.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér segir:

a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Handíða- og textílgreinum.
c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Um próf og réttindi til framhaldsnáms skulu gilda sömu ákvæði og um heimilisfræðaskóla, sbr. 6. gr.

VI. KAFLI
Námskeið

16. gr.

Heimilt er að starfrækja í heimilisfræða- og handíðaskólum námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda; svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra heimilisfræðaskóla, sem starfa eftir föstu námskeiða fyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði

17. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um að þeir verði reknir áfram sem húsmæðraskólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um heimilisfræðaskóla var lagt fyrir síðasta Alþingi í þinglok til kynningar. Frumvarpið var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 29. nóv. 1971 til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í nefndina voru skipuð Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna, og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, formaður kennarafélagsins Hússtjórnar, skipuð samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari, skipuð samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin samdi og sendi ráðuneytinu með bréfi, dags. 7. mars 1973, tvö lagafrumvörp:

— **Frumvarp til laga um heimilisfræðaskóla, og**

— **frumvarp til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.**

Er tekið fram í bréfinu, að nefndarmenn séu í aðalatriðum sammála um frumvörpin.

Frumvarp þetta um heimilisfræðaskóla var lagt fram óbreytt frá því sem nefndin skilaði því, nema hvað felld var niður svofelld grein, sem var 19. grein: „Lög **þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.“ Ráðuneytið telur** ástæðulaust að slíkt ákvæði sé í lögum, því að sjálfsagt er að endurskoða lög hvenær sem ástæða er til, en óeðlilegt að binda það við ákveðið árabil.

Frumvarpið er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum, sem ráðuneytið hefur gert á því, og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Að undanförnu hefur verið fremur lítil aðsókn að sumum húsmæðraskólanna og hefur rekstur þeirra orðið allkostnaðarsamur bæði ríkissjóði og heimaaðilum, miðað við þann nemendahóp, sem um er að ræða. Í fylgiskjölum I—V, sem ráðuneytið hefur tekið saman, felast ýmsar upplýsingar um húsmæðraskólana, svo sem um nemendafjölda frá 1965 til haustsins 1973 og kennarafjölda haustið 1973 (fskj. I), um rekstrarkostnað árin 1970—1972 (fskj. II—IV), um stofnkostnað árin 1964—1972 (fskj. V). Það ber að hafa í huga í sambandi við nemendatöluna, að þótt eigi séu fleiri reglulegir nemendur en yfirlitið sýnir, þá fer mikil kennsla fram á námskeiðum, sem haldin eru meira og minna við alla skólana og í vaxandi mæli. Á þetta kennsluform vafalaust eftir að ryðja sér enn meir til rúms.

Eins og áður segir, var hinn 29. nóv. 1971 skipuð nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um húsmæðrafræðslu í þeim tilgangi að ráða bót á þeim erfiðleikum, sem húsmæðraskólarnir eiga við að etja. Menntamálaráðuneytið efndi til fundar að Hótel Sögu í Reykjavík 8. maí 1972 með forráðamönnum húsmæðraskólanna til þess að ræða málefni skólanna, sem sumir voru þá mjög fásóttir. Álit fundarmanna

var, að halda bæri áfram rekstri húsmæðraskólanna í svipuðu formi, en væntanlega myndi lagafrumvarpið, sem í smíðum væri, leiða til ýmissa breytinga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður einn standi framvegis undir rekstrar- og stofnkostnaði húsmæðraskóla. Með því er leystur fjárhagsvandi heimaaðila, en greiðslubyrði ríkissjóðs aukin að sama skapi. En fyrst og fremst skiptir máli, hvort ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verður, leiða til starfshátta, sem auka á ný aðsókn að skólunum, sem gegna og hafa gegnt mikilsverðu hlutverki.

Ráðuneytið hefur gert nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru þessar helstar:

1) Úr 7. gr. frv. er fellt ákvæði um sérstakan „hússtjórnarfulltrúa í menntamálaráðuneytinu“. Ekki er æskilegt að ráða til starfa í ráðuneytinu fulltrúa með fremur þröngt starfssvið, sem einungis á að sinna málum og gæta hagsmuna nokkurra skóla, heldur ber að treysta því, að fé verði veitt til þess að ráða nægilegt starfslið til að sinna hinum fjölþættu verkefnum ráðuneytisins, bæði málefnum húsmæðraskóla og öðrum verkefnum.
2) Ákvæðum 8. gr., um skipan skólanefnda, er breytt þannig, að bætt er við fulltrúa frá nemendum.
3) Í 14. gr. er sú skylda skv. frv. lögð á menntamálaráðuneytið að sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, svo og búnaði öllum og tækjum. Hefur þar verið bætt við orðunum: eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
4) Í 15. gr. er mælt fyrir um stofnun handíðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum o. fl. Er þar einnig bætt við, að þetta skuli gert, þegar fé sé til þess veitt í fjárlögum.

Í 19. gr. frv. er bætt inn ákvæði um yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum húsmæðraskóla þeirra, sem nú starfa, ef forráðamenn skólanna æskja, að þeir komi undir ákvæði laganna, en um þá skóla, sem þess æskja ekki, skulu gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu og lög nr. 49/1967 um skólakostnað. Enn fremur er ákvæði um, að eigi fylgi viðtöku skulda og eigna skólanna sú kvöð, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra- eða heimilisfræðaskólar nema aðsókn geri slíkt eðlilegt.

Þótt sumt í greinargerð þeirri, sem nefndin lét fylgja frumvarpinu eigi ekki við ákvæði greinanna eftir breytingar ráðuneytisins, þá er hún birt hér í heild til þess að viðhorf nefndarmanna komi fram:

„I. KAFLI

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er nafni húsmæðraskólanna breytt í heimilisfræðaskóla, þar sem það hæfir betur því starfssviði, sem skólanum er ætlað og ráð er gert fyrir, að bæði konur og karlar stundi þetta nám.

Meginhersla verður hér eftir sem hingað til lögð á það að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að vera færir um að hafa á hendi mótun og stjórnun heimila, bæði á sviði uppeldis, félagsmála, manneldis og heilbrigðishátta.

Um 2. gr.

Níu mánaða starfstími heimilisfræðaskóla þarf ekki að vera bundinn við vetrarmánuðina eingöngu, heldur geta skólarnir starfað á þeim tíma árs, sem best hentar á hverjum stað.

Ungt fólk leggur eins og er meginherslu á að mennta sig fyrir einhvers konar störf á vinnumarkaðinum, æ færri stúlkur virðast gefa sér tíma til að stunda níu mánaða nám, sem að mestu leyti er undirbúningur undir heimilisstörf og stjórn, en styttir ekki framhaldsnám.

Hins vegar verður í þjóðfélagi okkar stöðugt meiri þörf fyrir vel menntað fólk í heimilisfræðagreinum. Má í því sambandi minna á vaxandi ferðamannaþjónustu,

mötuneytisþjónustu í skólum, á vinnustöðum og víðar. Hingað til hefur orðið að ráða fólk án sérmenntunar til slíkra starfa. Það er þjóðarbúinu fyrir bestu að þetta starfsfólk hafi staðgóða undirstöðumenntun og ber að stefna að því, að slík vinna verði metin að verðleikum.

Um 3. gr.

Hér er stofnað til framhaldsmenntunar fyrir þá, sem óska að afla sér menntunar og starfsréttinda á afmörkuðum sviðum heimilisfræða. Mikil þörf er fyrir þetta fólk, samanber næstu grein hér á undan.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um 5. gr.

Í þessari grein eru taldir þeir námsgreinaflokkar, er kenna skal í heimilisfræðaskólum.

a) Íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði;
b) manneldisfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking fæðuefna, meðferð og nýting fæðuefna og matreiðsla;
c) uppeldis- og félagsfræðigreinar: barnasálarfræði, uppeldisfræði, þjóðfélagsfræði og siðfræði;
d) hagfræðigreinar og verkstjórn: heimilishagfræði, híbýlafræði, vinnuhagfræði, áætlanagerð og stjórnun;
e) heilbrigðisfræði og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, meðferð ungbarna, þvottur og ræsting, viðhald á fatnaði, búsmunum og húsum;
f) handíðagreinar: fatasaumur og ýmiss konar greinar á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem tóvinnu, prjón, hekl, vefnað, útsaum o. fl.

Um skiptingu námsins í verklegar og bóklegar annir skal mælt fyrir um í reglugerð, svo og um fjölda kennslustunda og námsefni.

Nefndin telur sjálfsagt, að við heimavistarskólana starfi sérstakur tómstundakennari, er leiðbeint geti í ýmiss konar handíðum og félagsstarfi.

Í húsmæðraskólunum hefur hingað til verið kenndur vefnaður, sem ein af fjórum aðalgreinum verknáms. Samkvæmt þessu frumvarpi er hann felldur niður. Er það gert á þeirri forsendu, að hann er nær hvergi tiðkaður á heimilum nú á dögum. Hins vegar er æskilegt, að nemendur njóti tilsagnar í vefnaði í tómstundum. Sjá enn fremur 15. og 16. gr., þar sem fjallað er um handíðaskóla og námskeið.

Um 6. gr.

Skortur er á námsbókum í ýmsum greinum heimilisfræða. Nauðsynlegt er því að ráða sem fyrst sérfræðinga til að annast samantekt á heppilegu námsefni. Grein þessi stefnir að því að einfalda og stytta prófin og þar með lækka kostnað við þau. Með samræmingu námsefnis og um leið prófa á að vera hægt að fá sambærilegt mat á kunnáttu og hæfni nemandans til framhaldsnáms í öðrum skólum. Nefndin telur að til þess að þetta megi takast, þurfi að starfa fastráðinn hússtjórnarfulltrúi í menntamálaráðuneytinu, er hafi þessi mál með höndum. Eðlilegt er að heimilisfræði verði valgrein til stúdentsprófs, t.d. fyrir nemendur, sem að loknu stúdentsprófi hyggja á nám í matvælaiðnaði og lífefnafræði, auk þess sem öllum er nauðsyn að kunna skil á undirstöðuatriðum heimilisstarfa, næringarfræði og heimilishagfræði.

Nefndin telur, að heimilisfræði ættu skilyrðislaust að vera þáttur í félagsfræðikjörsviði menntaskólanáms.

III. KAFLI

Um 7. gr.

Í þessari grein er eindregið gert ráð fyrir sérstökum hússtjórnarfulltrúa í menntamálaráðuneytinu, sem fari með málefni þessara skóla. Að fenginni reynslu þeirra, er starfað hafa við húsmæðraskóla síðustu árin, er óviðunandi það ástand, sem skapast hefur, síðan lagt var niður embætti námsstjóra fyrir húsmæðrafræðslu í öllu landinu árið 1968, en í staðinn settur námsstjóri fyrir heimilisfræðslu gagnfræðastigsins í Reykjavík einni. Húsmæðraskólar landsins eru dreifðir um allt land, starfsliðið fámennt og störfum hlaðið, svo að erfitt er um samstarf og fundi. Menntun þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í húsmæðraskólum, er þar af leiðandi mismunandi og á reiki. Hafa því aðrir skólar átt erfitt með að meta árangur námsins til að byggja á framhaldsmenntun.

Um 8. gr.

Skólanefndir hafa ætíð starfað við húsmæðraskólana. Þær eru skipaðar fulltrúum, sem kosnir hafa verið af ákveðnum aðilum í heimahéruðum skólanna og við það hafa skapast tengsl við héraðsbúa. Ef heimilisfræðaskólarnir verða gerðir að ríkisskólum, þykir hlýða, að menntamálaráðuneytið hafi með höndum endanlegt val fulltrúa í skólanefndir, en þó með tilnefningu frá aðilum í heimabyggðum.

Um 9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn skólans og tekur ákvarðanir um málefni hans, annað hvort einn eða með tilstyrk skólanefndar, skólaráðs og fulltrúa nemenda. Ýmissa sérhæfðra kennara er oft þörf við heimilisfræðaskóla og er eðlilegast, að skólastjóri sjái um ráðningu þeirra með samþykki menntamálaráðuneytis. Fram til þessa hefur verið mjög fámennt starfslið við húsmæðraskólana og gegnir skólastjóri bæði húsmóður- og húsvarðarstarfi. Nemendur hafa haft á hendi þrif húsa og starfað við mötuneytið undir handleiðslu kennara. Miklu af þessum störfum þarf að létta af nemendum til þess, að námið geti orðið hnitmiðaðra og umfangsmeira en verið hefur, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Húsmæðraskólar eru nú flestir reknir af ríki og sveitarfélögum sameiginlega, sbr. lög nr. 49/1967.

Hin síðari ár hefur sumstaðar gengið erfiðlega að fá framlög sveitarfélaga greidd, enda er greiðslugeta þeirra lítil. Hafa margir skólanna lent í greiðsluörðugleikum af þessum sökum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður stofni og reki heimilisfræðaskóla, enda tæpast eðlilegt að einstökum sveitarfélögum sé ætlað að greiða fjárframlag á móti ríkissjóði, þar sem nemendur skólanna eru víðsvegar að af landinu og hér er ekki um skyldunám að ræða. Mjög er óvíst um fjölda þeirra skóla, sem starfrækja þarf, en miðað við núverandi aðsókn að húsmæðraskólunum virðist mega gera ráð fyrir að 3—4 skólar fullnægi þörfinni næstu árin.

Kostnaðarauki ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps yrði því upphæð, sem svarar til hluta sveitarfélaga í rekstri þeirra skóla, er hér um ræðir.

Gert er ráð fyrir, að nemendur greiði efniskostnað vegna verklegrar kennslu og mötuneytiskostnað á sama hátt og nemendur annarra framhaldsskóla. Þá er einnig gert ráð fyrir, að þeir greiði húsaleigu skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Um 14. gr.

Ekki þykir hagkvæmt að reka minni heimilisfræðaskóla en fyrir 36—40 nemendur, svo að rekstrarkostnaður þeirra verði ekki óhæfilega hár miðað við nemendafjölda. Húsrými og aðstaða á mörgum húsmæðraskólanna er alls óviðunandi og langt frá að fullnægja nútímakröfum í þessum efnum. T. d. er það grundvallaratriði, að í heimilisfræðaskólum sé sérstök kennslustofa fyrir bóknám. Þá eru margir skólarnir mjög vanbúnir, hvað snertir kennslutæki og bókasöfn.

V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstökum skóla í handíðum, þar sem verklega námið er vefnaður, tóvinna og fatasaumur, auk ýmissa annarra greina á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem prjón, hekl, útsaumur, tauþrykk, leðurvinna og tréskurður.

Íslenskur heimilisiðnaður er að hasla sér völl að nýju í útflutningi þjóðarinnar og virðist mikil þörf á að beina fólki að þessu námi — og stuðla með því að varðveislu og eflingu íslensks ullariðnaðar með því að veita undirstöðumenntun á þessu sviði.

Þessi skóli er hliðstæður heimilisfræðaskólunum þannig, að nemendur fá að námi loknu sömu réttindi til framhaldsnáms í hinum almenna framhaldsskóla.

VI. KAFLI

Um 16. gr.

Sjálfsagt þykir, að heimilisfræða- og handíðaskólar starfræki námskeið í ýmsum greinum heimilisfræða og handíða og að þéttbýlisskólar verði jafnvel eingöngu námskeiðsskólar án heimavistar.

Ljóst er, að miklar og margvíslegar nýjungar verða á komandi tímum á sviði heimilisfræða, það þykir því nauðsyn, að menn hafi aðstöðu til framhaldsmenntunar og endurhæfingar, jafnframt því sem haldin eru námskeið fyrir byrjendur.

Útlit er fyrir vaxandi þörf á fólki til þess að veita aðstoð í heimahúsum í veikindaforföllum húsráðenda, svo og við umönnun aldraðs fólks. Nauðsynlegt er því að halda námskeið fyrir fólk, sem starfar við heimilisþjónustu.

Íslendingar búa við vaxandi ferðamannastraum, en hins vegar er sárafátt af sérmenntuðu fólki til starfa við ferðamannaþjónustu. Námskeiðshald í ýmsum greinum hótelstarfa gæti bætt þar úr brýnni þörf.

VII. KAFLI

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

Kennara- og nemendafjöldi húsmæðraskóla 1965—1973.

Það athugist, að tölur um nemendafjölda eru ekki fyllilega sambærilegar milli skóla og ára af eftirgreindum ástæðum:

a) Mikill hluti nemenda í Reykjavík og á Akureyri sækja námskeið, sem ekki standa allan veturinn. Þessir nemendur eru að einhverju leyti taldir með á árunum 1965—1970. Eftir það eru hér eingöngu taldir þeir nemendur, sem voru allt árið í skólunum.

b) Nokkuð er um, að skipt sé um nemendur um áramót, og er þá talinn heildarnemendafjöldinn allt árið, nema haustið 1973, þar sem talinn er fjöldi nemenda eins og hann er skráður til áramóta.

	Nemendur, ár							Kennarar haustið 1973	
	1965/66	1967/68	1969/70	1970/71	1971/72	1972/73	Haustið 1973	skipaðir	settir
1) Reykjavík	84	89	65	96	27	27	36	6	
2) Akureyri		77	191	80	15	15			2
Samtals Rvk. og Akureyri	84	166	256	176	42	42	36		
3) Varmaland	44	45	45	43	42	42	35	3	1
4) Staðarfell	29	26	36	26	24	24	15	1	3
5) Ísafjörður	39	36	28	16	28	28	11	4	
6) Blönduós	38	36	36	25	10	10	9	2	2
7) Langamýri	32	15	13	11	15	15	14		4
8) Laugaland	42	41	38	31	37	37	14	3	1
9) Laugar	34	23	29	16	7	7	7		
10) Hallormsstaður	30	27	28	8	10	14	7	4	2
11) Laugarvatn	40	42	53	55	61	61	54	3	3
Samt. utan Rvk. og Akureyrar	328	291	306	231	234	238	166	26	18

Einnig er kennt í formi námskeiða. Sumir skóla annast einnig kennslu í handavinnu og hússtjórn fyrir barna- og unglingaskóla. **Húsmæðraskólinn í Rvík** heldur námskeið allt skólaárið, 6 vikur hvert. Áætlaður nemendafjöldi allt skólaárið: 96. **Á Staðarfelli** voru 6 nemendur á námskeiði 1. okt.—15. nóv. 1973. **Á Ísafirði** voru 16 nemendur á námskeiði haustið 1973. Skólinn annast einnig handavinnukennslu fyrir gagnfræðaskólann. **Á Blönduósi** voru 11 nemendur á námskeiði í 7 vikur og 12 nemendur í 3 vikur haustið 1973. Jafnframt var veitt kennsla í barna- og miðskólanum. **Á Akureyri** voru eingöngu námskeið. Áætlað er að um 400 nemendur alls sæki þar mislöng námskeið veturinn 1973/74. **Húsmæðraskólinn á Laugum** annast einnig kennslu fyrir nemendur héraðsskólans þar. **Á Hallormsstað** voru 5 nemendur á námskeiði í matreiðslu til áramóta og um 8 nemendur á 4 vikna námskeiði í vefnaði. Einnig veitt kennsla í barna- og unglingaskólanum.

Fylgiskjal II.

Húsmæðraskólar, rekstrarkostnaður 1970.

	Föst laun kennara	Umsjón, stunda- og aukakennsla	Viðhalds-kostnaður	Annar rekstrar-kostnaður	Samtals	Tekjur
Reykjavík	1 743 056.00	1 270 971.00	809 644.00	658 850.00	4 482 521.00	
Varmaland	1 076 337.00	357 534.40	362 627.75	357 008.90	2 153 508.05	189 735.00
Staðarfell	1 006 026.00	203 948.80	47 338.70	2 290 402.45[1])	3 547 715.95	156 330.90
Ísafjörður	1 157 238.00	315 159.00	485 206.65	381 899.00	2 339 502.65	86 892.00
Blönduós	1 100 294.00	265 400.40	361 008.50	657 461.79	2 384 164.69	
Langamýri	1 104 483.00	69 634.95	176 603.80	334 804.33	1 685 526.08	21 200.00
Akureyri	280 090.00	158 268.00	282 140.00	241 640.60	962 138.60	192 100.00
Laugaland	1 132 985.00	305 021.80	326 929.45	333 660.60	2 098 596.85	74 162.00
Laugar	1 029 902.00	181 786.00	241 036.46	196 168.76	1 648 893.22	166 975.00
Hallormsstaður	893 112.00	156 308.88	1 004 125.17	841 781.50	2 895 327.55	73 055.00
Laugarvatn	1 229 358.00	367 368.04	235 180.55	624 313.11	2 456 219.70	16 600.00
	11 752 881.00	3 651 401.27	4 331 841.03	6 917 991.04	26 654 114.34[2])	977 049.90

1) Hér innifalin greiðsla til Orkusjóðs v/raf.frkv. kr. 1 500 000.00.
2) Þar af úr ríkissjóði kr. 19 047 000.00.

Fylgiskjal III.

Húsmæðraskólar, rekstrarkostnaður 1971.

	Föst laun kennara	Umsjón, stunda- og aukakennsla	Viðhalds-kostnaður	Annar rekstrar-kostnaður	Samtals	Tekjur
Reykjavík	2 404 633.00	1 136 393.00	1 577 607.00	1 317 500.00	6 436 133.00	
Varmaland	1 483 964.00	572 539.00	443 020.00	579 213.00	3 078 737.00	231 510.00
Staðarfell	1 432 858.00	Innif. í föst laun		350 000.00	1 782 858.00	
Ísafjörður	1 591 379.00	376 950.00	425 178.00	415 758.00	2 809 265.00	65 258.00
Blönduós	1 512 850.00	202 146.00	583 054.00	675 199.00	2 973 250.00	243 703.00
Langamýri	1 514 946.00	99 216.00	614 562.00	374 814.00	2 603 539.00	33 554.00
Akureyri	544 684.00	261 162.00	1 554 482.00	980 949.00	3 341 272.00	306 031.00
Laugaland	1 545 254.00	427 657.00	386 850.00	382 951.00	2 742 712.00	80 300.00
Laugar	1 519 962.00	193 512.00	291 058.00	185 085.00	2 189 618.00	147 202.00
Hallormsstaður	989 121.00	202 292.00	2 532 428.00	911 537.00	4 635 379.00	47 250.00
Laugarvatn	2 232 444.00	521 590.00	520 044.00	1 137 675.00	4 411 754.00	274 772.00
	16 772 095.00	3 993 458.00	8 928 286.00	7 310 685.00	37 004 520.00[1])	1 429 580.00

1) Þar af úr ríkissjóði kr. 26 578 000.00.

Fylgiskjal IV.

Húsmæðraskólar, rekstrarkostnaður 1972.

	Föst laun kennara	Umsjón, stunda- og aukakennsla	Viðhalds-kostnaður	Annar rekstrar-kostnaður	Samtals	Tekjur
Reykjavík	3 036 761.00	926 958.00	777 003.00	1 138 950.00	5 879 672.00	
Varmaland	2 031 793.00	590 127.00	1 090 985.00	689 776.00	4 402 681.00	345 160.00
		Innif. í				
Staðarfell	2 758 000.00	föst laun	549 000.00	709 000.00	4 016 000.00	382 000.00
Ísafjörður	2 624 000.00	sama	729 000.00	531 000.00	3 884 000.00	15 000.00
Blönduós	1 766 903.00	74 140.00	910 440.00	737 889.00	3 489 372.00	354 547.00
Langamýri	1 763 189.00	203 712.00	183 749.00	441 816.00	2 592 466.00	32 794.00
Akureyri	1 378 000.00	295 346.00	2 625 516.00	1 010 779.00	5 309 641.00	523 950.00
Laugaland	1 971 632.00	459 353.00	893 576.00	466 059.00	3 790 620.00	73 421.00
		Innif. í				
Laugar	1 928 000.00	föst laun	143 000.00	95 000.00	2 166 000.00	12 000.00
Hallormsstaður	980 247.00	501 052.00	1 141 406.00	906 426.00	3 529 131.00	90 325.00
Laugarvatn	2 830 266.00	601 216.00	393 143.00	1 178 340.00	5 002 965.00	321 230.00
	23 068 791.00	3 651 904.00	9 436 819.00	7 905 037.00	44 062 551.00[1]	2 150 428.00

1) Þar af úr ríkissjóði kr. 36 042 000.00.

Fylgiskjal V.

Húsmæðraskólar, stofnkostnaður.

Nafn skóla	Kostn. 31/12 1964 þús. kr.	Kostn. 1965 þús. kr.	Kostn. 1966 þús. kr.	Kostn. 1967 þús. kr.	Kostn. 1968 þús. kr.	Kostn. 1969 þús. kr.	Kostn. 1970 þús. kr.	Samtals 31/12 1970 þús. kr.	Kostn. 1971 þús. kr.	Kostn. 1972 þús. kr.	Samtals þús. kr.
Varmaland	6 720	974	274	136	1 291	216	843	10 454	0	0	10 454
Staðarfell	792	0	0	0	145	4 571	2 007	7 515	1 713	0	9 229
Blönduós, skólahúsið	3 118	0	0	0	0	0	0	3 118	0	0	3 118
— kennarabúst.	573	1 024	915	1 152	2 507	2 177	1 224	9 572	557	946	11 095
Langamýri[1]							144	144	1 909	201	2 254
Laugaland, skóli	1 678							1 678	0	0	1 678
— hl. í sundlaug	825							825	0	0	825
Laugar, S.-Þing. skóli	1 125		45					1 170	0	0	1 170
— kennarabúst.				45	806	475	1 691	3 017	248	0	3 265
Hallormsstaður, skóli	2 235		120					2 355	0	0	2 355
— kennarabúst.	123	672	804	955	256	248	36	3 094	0	0	3 094
Laugarvatn, eldri skóli og kennarabúst.	2 847	52			65			2 964	0	0	2 964
Laugarvatn, nýi skólinn[2]		3 401	6 485	2 371	4 851	13 773	19 420	50 301	2 095	1 746	54 143
	20 036	6 123	8 643	4 659	9 921	21 460	25 365	96 207	6 543	2 893	105 643

1) Allur annar byggingarkostnaður Löngumýrarskóla hefur verið færður á viðhaldskostnað frá því að skólinn tók til starfa.

2) Árið 1970 greiddi Ferðaskrifstofa ríkisins tíu millj. kr. upp í stofnkostnað nýja húsmæðraskólahússins að Laugarvatni v/gistihússrekstrar.

Sþ. 447. Tillaga til þingsályktunar [258. mál]

um stuðning við búsetu á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli.

Flm.: Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson, Lárus Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Jónsson, Sverrir Hermannsson, Stefán Valgeirsson, Halldór Blöndal, Páll Þorsteinsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að treyst verði til frambúðar búseta á Hólsfjöllum í Norður-Þingeyjarsýslu og Efra-Fjalli í Norður-Múlasýslu. Er ríkisstjórninni heimilt að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir í þessu sambandi. Skal hún m. a. beita sér fyrir því, að við gerð landshlutaáætlana þeirra, sem unnið er að fyrir Norður-Þingeyjarsýslu og Austurland, verði sérstaklega fjallað um úrræði til lausnar byggðavanda Hólsfjalla og Efra-Fjalls.

Greinargerð.

Sú hætta vofir yfir, að byggð á Hólsfjöllum og Efra-Fjalli fari í eyði á næstu árum, ef ekki er sérstaklega að gert. Byggð er nú svo háttað á þessum slóðum, að á Hólsfjöllum (Fjallahreppi í N.-Þing.) er búið á 4 bæjum með 26 íbúa, en á Efra-Fjalli er fólk í Möðrudal og Víðidal, alls 5 manns. Hefur íbúum þessara sérstæðu fjallabyggða fækkað mikið á síðustu árum, svo að viðnámsþróttur þeirra fer þverrandi.

Að því yrði mikill samfélagslegur skaði, ef Fjöllin færu í eyði. Fyrst og fremst mundi það leiða til þess, að auðnir Íslands stækkuðu að mun, auk þess sem það hefði hin alvarlegustu áhrif á samgönguöryggið á leiðinni milli Norður- og Austurlands. Mundi þá í eyði hver einasta jörð á rúmlega 100 km veglínu frá Reykjahlíð austur á Jökuldal, en það er ríflega þriðjungur leiðar milli Akureyrar og Reyðarfjarðar. Má af þessu sjá, hvað í húfi er, ef litið er til samgangna milli þessara tveggja landsfjórðunga. Mun hvergi hérlendis um svo langa öræfaleið að ræða á aðalþjóðvegi milli landsfjórðunga.

Ef treysta á byggð á Hólsfjöllum og Efra-Fjalli, er óhjákvæmilegt, að til komi sérstök aðstoð ríkisvaldsins. Að vísu hafa bændur á þessum slóðum notið lítilsháttar fjárveitinga úr ríkissjóði af fé því, sem ætlað er þeim, sem veita ferðamönnum fyrirgreiðslu á fáförnum þjóðleiðum. En þessar fjárveitingar eru allsendis ófullnægjandi eins og nú er komið. Munu þær út af fyrir sig engu ráða um áframhaldandi mannabyggð á Hólsfjöllum og nágrenni. Þar þarf meiri aðstoð til að koma. Sérstaklega er mikilvægt, að leitast sé við að koma til móts við þann vilja, sem fyrir er hjá fólkinu, sem þarna býr, um áframhaldandi búsetu. Þótt búskaparskilyrði séu að vísu allsérstæð á þessum slóðum landsins, eru þar eigi að síður góðir afkomumöguleikar fyrir duglega bændur. Á Fjöllum er gott undir sauðfjárbú, eins og landssagan er ólygin vottur um. Óvíða verður sláturfé vænna en þar og kjötgæðin þjóðfræg. Hins vegar verður margt til að há byggð á Fjöllum, ekki síst erfiðleikar og kostnaður við að afla ýmissa nútímaþæginda, auk langvinnrar vetrareinangrunar og fámennis, sem þegar er orðið háskalega mikið.

Í sambandi við þetta mál ber að geta þess, að á nýloknu Búnaðarþingi fluttu búnaðarþingsfulltrúarnir Þórarinn Kristjánsson og Sigurjón Friðriksson tillögu (erindi) um stuðning við byggð á Hólsfjöllum. Allsherjarnefnd Búnaðarþings fjallaði um málið, og að tillögu nefndarinnar samþykkti þingið ályktun, sem felur í sér áskorun á Landnám ríkisins um, að það hlutaðist til um, að treyst yrði til frambúðar byggð á Hólsfjöllum ásamt Möðrudal og Víðidal. Sem fylgiskjal er prentað hér með áðurnefnt erindi Þórarins Kristjánssonar og Sigurjóns Friðrikssonar ásamt áliti allsherjarnefndar Búnaðarþings, sem hefur einnig að geyma ályktunarorð þingsins. Þá fylgir sem fylgiskjal III bréf Jónasar Jónssonar alþm. til Orkuráðs um rafvæðingu bæja á Hólsfjöllum, dagsett 22. nóv. 1973.

Fylgiskjal I. **Búnaðarþing 1974.**

Erindi Þórarins Kristjánssonar og Sigurjóns Friðrikssonar um stuðning við byggð á Hólsfjöllum.

Hin sérstæða byggð á Hólsfjöllum í Norður-Þingeyjarsýslu á merka sögu að baki. Um langan aldur hafa arðgæf og myndarleg fjárbú verið rekin á Hólsfjöllum, svo að sögur fóru af. Hólsfjallahangikjöt var þekkt um áratuga skeið. Bændurnir þar hafa nytjað og helgað sér hin víðáttumiklu og kjarngóðu heiðalönd, sem liggja að baki afrétta annarra byggðarlaga, s. s. Axfirðinga, Þistilfirðinga, Vopnfirðinga og Jökuldæla.

Byggingar, búfé í högum og mannlíf á Hólsfjöllum hefur frá öndverðu vakið öryggiskennd þeirra fjölmörgu vegfarenda, sem lagt hafa leið sína um hina löngu öræfaleið milli sveita og landsfjórðunga. Þar liggja krossgötur, vegir til fleiri átta. Margur þreyttur ferðalangur hefur þegið þar húsaskjól og beina, og oft veitt af höfðingsskap. Á síðustu árum hefur margþætt hjálp og aðstoð við bíla, sem ferð eiga um veginn í misjöfnu færi og vályndu veðurfari á öllum tímum árs, aukist mjög, um leið og umferð hefur margfaldast. Heiðarbúarnir hafa þannig gegnt mjög mikilvægu þjónustuhlutverki fyrir samfélagið.

Ef bændurnir hætta búskap og flytja burtu, verður samfélagið tvímælalaust að koma upp og reka þjónustustöð á Hólsfjöllum fyrir ferðafólk. Íbúum í Fjallahreppi hefur fækkað hin síðustu ár og mikil hætta er á því, að byggðin leggist í eyði, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir frá hendi samfélagsins.

Um þessar mundir eru ungir menn þar að festa ráð sitt og ákvarða staðfestu. Hvernig þessir ungu menn bregðast við, ræður úrslitum um framtíðarbyggð. Því er einstætt tækifæri fyrir samfélagið að koma nú til hjálpar. Við leggjum því til, að Búnaðarþing feli stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir því, að Byggðasjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins veiti framlög og lán til framkvæmda á Hólsfjöllum, eins og lög framast leyfa, að Rafveitur ríkisins láti íbúana þar hafa raforku á sama verði og aðra landsmenn, að Vegagerðin hraði vegagerð, sem þessari byggð kemur helst til góða, og sérstakur stuðningur verði veittur til þess að tryggja sem besta þjónustu við umferðina um hringveginn.

Þórarinn Kristjánsson. Sigurjón Friðriksson.

Fylgiskjal II.

ALLSHERJARNEFND

Framsögum.: Sigurjón Friðriksson.

Búnaðarþing 1974.

Erindi Þórarins Kristjánssonar og Sigurjóns Friðrikssonar um stuðning við byggð á Hólsfjöllum.

ÁLYKTUN:

Búnaðarþing beinir þeirri eindregnu áskorun til Landnáms ríkisins að hlutast til um það, að treyst verði til frambúðar byggð á Hólsfjöllum ásamt Möðrudal og Víðidal.

Þingið bendir á, að nú þegar verði hafin gerð heildaráætlunar um, á hvern hátt búseta á jörðum þessum verði best tryggð, og henni lokið það fljótt, að hún liggi fyrir við gerð næstu fjárlaga.

Við áætlanagerðina verði eftirfarandi haft í huga:

1. Býlin verði rafvædd og raforkan seld á líku verði og frá samveitum.
2. Hraðað verði lagningu nýrra vega frá Grímsstöðum til Mývatnssveitar og Öxarfjarðar.

3. Stóraukið verði óafturkræft fjárframlag til byggingar íbúðarhúsa á þessum býlum.
4. Viðurkennd verði í verki nauðsyn byggðar á þessu svæði til aukins öryggis og þjónustu við ferðamenn.

Greinargerð.

Hin sérstæða byggð á Hólsfjöllum í Norður-Þingeyjarsýslu og á Efra-Fjalli í Norður-Múlasýslu á sér merka sögu að baki. Um langan aldur hafa myndarleg fjárbú verið rekin þar, svo að sögur fóru af. Bændurnir þar hafa nytjað og helgað sér hin víðáttumiklu, kjarngóðu heiðalönd, sem liggja að baki annarra byggðarlaga, s. s. Öxfirðinga, Þistilfirðinga, Vopnfirðinga og Jökuldæla. Byggingar, búfé í högum og mannlíf í Fjallabyggðinni hefur frá öndverðu vakið öryggiskennd þeirra fjölmörgu vegfarenda, sem lagt hafa leið sína um hina löngu öræfaleið milli sveita og landsfjórðunga. Margur þreyttur ferðalangur hefur þegið þar húsaskjól og beina, og veitt af höfðingsskap, enda gestrisni þar víðkunn.

Það virðist enn um sinn nauðsynlegt öryggi ferðamanna, að byggð haldist á þessum bæjum. Þó mun varða meiru, að rekinn sé myndarlegur sauðfjárbúskapur á þessum stöðum fyrir framantaldar nágrannasveitir, sem eiga afréttir að hinum víðáttumiklu öræfum, sem umlykja Fjallabyggðina, þar sem miklir erfiðleikar skapast við smalamennsku afrétta, ef búskapur og byggð leggst af á Fjöllum.

Íbúar í Fjallahreppi eru nú 26 á fjórum bæjum, og í Möðrudal og Víðidal eru aðeins 5 íbúar. Hefur íbúum þessarar sérstæðu byggðar fækkað hin síðari ár, og mikil hætta á því, að byggðin leggist í eyði, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir frá hendi samfélagsins til að aðstoða það fólk, sem þarna er og vill vera, ef því er sköpuð sambærileg aðstaða og öðrum í hinum dreifðu byggðum. Þar er fyrst að nefna hina sjálfsögðu rafvæðingu, sem er undirstaða búsetu, svo og bættar samgöngur, sem verða með því að hraða byggingu á upphækkuðum vegi til Mývatnssveitar og Öxarfjarðar. Lagt verði fram verulegt umframfjármagn til íbúðarhúsabygginga, þar sem vart er hægt að ætlast til, að ungt fólk vilji stofna til mikilla skulda við uppbyggingu, sem hæpið er, að hægt sé að breyta í peninga, ef það einhverra hluta vegna verður að yfirgefa sveitina.

Jafnframt sé höfð hliðsjón af gildi byggðar á þessu svæði vegna þjónustu við ferðamenn, sem nauðsynlega þarf að vera til staðar á þessari leið, þar sem opnun hringvegarins getur aldrei leyst alla vetrarumferð um Hólsfjöll og Möðrudalsöræfi af hólmi.

Við þá heildaráætlun, sem lagt er til, að gerð verði um tryggingu búsetu í þessu byggðarlagi, verði sérstaklega tekið tillit til vilja fólksins, sem þar býr.

Egill Bjarnason. Einar Ólafsson. Gunnar Guðbjartsson.
Hjörtur E. Þórarinsson. Ingimundur Ásgeirsson.
Sigurjón Friðriksson.

Fylgiskjal III.

Til Orkuráðs.

Reykjavík, 22. nóvember 1973.

Erindi varðandi rafvæðingu bæja á Hólsfjöllum í N.-Þing.

Að beiðni bænda á Hólsfjöllum er þess hér með farið á leit við Orkuráð, að það láti kanna, á hvern hátt megi á hagkvæmastan hátt leysa rafmagnsmál bæjanna á Hólsfjöllum, þannig að viðunandi geti talist, hvað snertir öryggi og notagildi raforkunnar.

Þá er þess einnig farið á leit, að Orkusjóður veiti til þess þann stuðning, sem hann frekast kann, og helst að því marki, að þessir bæir geti fengið rafmagnið á sambærilegum kjörum og þeir, sem kaupa rafmagn frá samveitum Rafmagnsveitna ríkisins.

Á Hólsfjöllum eru nú eftirtaldir bæir í byggð:

1. Grímsstaðir I, ábúendur Kristján Sigurðsson og Páll Kristjánsson.
2. Grímstunga (í sama túni og Grímsstaðir), ábúandi Benedikt Sigurðsson.
3. Nýhóll, ábúandi Ragnar Þ. Guðmundsson.
4. Hólssel, ábúandi Sigurður Leósson.

Auk þess eru þrjár jarðir í eyði, sem nýlega hafa verið byggðar, Grímsstaðir II, Grundarhóll og Víðihóll. Á Grímsstöðum eru nú heimilisfastir tveir ungir menn, sem hyggjast nú á næsta sumri stofna heimili og byggja ný íbúðarhús. Þeir eru Bragi Benediktsson, sem er eigandi jarðarinnar Grundarhóls, og Gunnlaugur Ólafsson, sem er eigandi Víðihóls. Til þess að auðvelda lagningu sameiginlegs rafmagns svo og vegagerð o. a. munu þeir byggja hin nýju hús sem næst Grímsstaðabæjunum, þó að þeir nytji eignarjarðir sínar til búskapar.

Áður en þessir ungu menn taka endanlega ákvörðun um að setjast að á Hólsfjöllum og hefja byggingu íbúðarhúsa, vilja þeir eðlilega vita, við hvaða afstöðu þeir geti vænst að búa með rafmagn, barnafræðslu og vetrarsamgöngur. Því ríður nú mjög á því, að viðkomandi stjórnarvöld geti leyst úr spurningum þeirra varðandi þessi efni.

Eins og kunnugt er, hefur byggð á Hólsfjöllum mjög miklu öryggishlutverki að gegna, auk þess sem það væri þjóðfélagsleg hneisa, ef þessi einstæða fjallabyggð þyrfti að leggjast af vegna skorts á félagslegri þjónustu. Frá Reykjahlíð við Mývatn að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal eru um 120 km. Frá Reykjahlíð að Grímsstöðum eru um 45 km. Úr Öxarfirði að Grímsstöðum eru um 50 km. Frá Vopnafirði að Grímsstöðum um 100 km. Frá Grímsstöðum að Möðrudal eru 35 km. Nú er nær útséð um, að byggð muni haldast í Möðrudal. Hólsfjöllin með Grímsstaði á krossgötum eru því eina byggðin, sem hægt er að leita til á þessu víðfeðma þjóðvegakerfi um hálendið, sem hefur þá langlengstu áfanga á milli byggða, sem finnast á þjóðvegum landsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Grímsstaðir eru bæði að fornu og nýju mikill áningarstaður þeirra, sem fara á milli Norður- og Austurlands. Á þessu er ekkert lát, þó að á bílaöld sé. Farið er yfir fjöllin hvenær árs sem er, ef fært er talið, og oft í mikilli tvísýnu. Núverandi Grímsstaðabændur hafa reynst mjög miklar hjálparhellur ferðamanna, jafnt sumar sem vetur, og oft á tíðum farið þeim til hjálpar allt austur á Jökuldalsheiði.

Bragi Benediktsson, sem er bifvélavirki, hefur stundað bifreiðaviðgerðir á Grímsstöðum og hyggst gera áfram með búskapnum. Í því felst mjög mikið öryggi.

Margt fleira mætti telja því til rökstuðnings, að það er þjóðarnauðsyn að viðhalda byggð á Hólsfjöllum, en vansæmd, ef hún þyrfti að falla niður.

Ljóst er, að eldra fólkið mun ekki búa lengi á Fjöllunum, ef þessir og aðrir yngri menn, sem gætu bæst í hópinn, teldu sér ekki búnar þær aðstæður, að þeir gætu forsvarað það að stofna þar heimili.

Til þess að svo yrði, þyrfti viðunandi lausn á því þrennu, sem að framan er nefnt: rafmagnsmálum, námsaðstöðu barna og tryggar vetrarsamgöngur til Mývatnssveitar.

Með virðingu,

Jónas Jónsson.

Ed. 448. Nefndarálit [247. mál]

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og fengið um það umsögn ríkisskattstjóra. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Ríkisskuldabréf og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXIII fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.
2. 2. gr. orðist svo:
   Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971 um framtalsfrelsi, skattfrelsi, verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

Alþingi, 5. mars 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal.

Nd. 449. Frumvarp til laga [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972 og lögum nr. 60 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

1. gr.

Í stað „55 000 kr.“ í A-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 komi: 84 700 kr.

Í stað „25 000 kr.“ í 1. mgr. D-liðs 13. gr. sömu laga komi: 38 500 kr. og í stað „15 000 kr.“ í 5. mgr. D-liðs 13. gr. komi: 23 000 kr.

2. gr.

Í stað „800 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1973, komi „1 232 kr.“.

Í stað „5 000 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971 komi „7 700 kr.“.

3. gr.

16. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 8. gr. l. nr. 7/1972) orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 238 000 kr.

B. Fyrir hjón 355 000 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, sbr. 2. mgr. 3. gr., 238 000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 50 000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 96 000 kr., að viðbættum 11 000 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. l. nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 100 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 100 000—200 000 kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 200 000 kr. greiðist 40%.

II. Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. 1. gr., skal veita skattafslátt frá tekjuskatti eins og hann er ákveðinn skv. I. tl. þessarar greinar. Skattafslátturinn skal vera sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 11 000 kr.

B. Fyrir hjón 18 500 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, 11 000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður, 3 300 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með. Ef foreldrar búa saman ógift, skal skattafsláttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal skattafsláttur einnig skiptast til helminga milli þeirra.

D. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, 6 500 kr. auk afsláttar skv. A-lið og 600 kr. fyrir hvert barn auk afsláttar skv. C-lið.

Skattafsláttur skv. liðum A—D að framan má þó aldrei verða meiri en 6% af skattskyldum tekjum framteljanda skv. 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr., A-liðar 11. gr., sbr. 15. gr., 1. mgr. B-liðar 11. gr., C-liðar 11. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972 og lög nr. 60/1973.

Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur, skv. liðum A.—D. og málsgreininni næstu hér að framan, en nemur tekjuskatti skv. I. tl., og þá eins þegar tekjuskattur skv. I. tl. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð sem þessum mun nemur. Þessu fé skal fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð meðan það endist:

1. Til greiðslu þinggjalda, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu.
2. Til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu, að undanskildum fasteignagjöldum.
3. Sé framlag ríkissjóðs skv. 3. mgr. þessa liðar hærra en greiðslur skv. 1. og 2. hér að framan, skal því, sem umfram þær er, ráðstafað sem hér segir:
   a. Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem njóta frádráttar vegna námskostnaðar á skattárinu.
   b. Til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum og síðan til greiðslu fasteignagjalda hans og ógoldinna gjalda til sveitarsjóðs frá fyrri árum, þegar í hlut eiga aðrir menn en um gat í a. hér að framan.
4. Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1. til 3. hér að framan, skal hann greiddur viðkomandi manni.

Ráðherra ákveður með sérstakri reglugerð alla meðferð skattafsláttar skv. þessum lið.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg, er heimilt í reglugerð þessari að kveða svo á, að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

III. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

IV. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr. að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, skal fella niður við álagningu.

V. Tekjuskatt, að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka sem hér segir:
   A. Tekjuskatt, 10 000 kr. eða lægri hjá einstaklingum og 16 000 kr. eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
   B. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 10 000 til 50 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 10 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 10 000 kr.
   C. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 16 000 til 80 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 16 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 16 000 kr.

5. gr.

53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í II. og V. lið þeirrar greinar, í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1975.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 61/1964, lög nr. 76/1967 og lög nr. 3/1970.

6. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 61/1964) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattaukann.

7. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 5% — fimm af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

12. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, innheimtu, gjalddaga og eindaga söluskatts.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslu og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa skilað fullnægjandi söluskattskýrslu innan tilskilins tíma

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga, skal hann sæta viðurlögum samkvæmt 21. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða viðurlögum, skv. 21. gr., á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

9. gr.

Við 15. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Hafi skattstjóri grun um, að verulegur undandráttur á söluskatti hafi átt sér stað, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur borist slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

10. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem best samræmi sé í söluskattsákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að söluskattsákvörðunum og söluskattsframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af dómum og úrskurðum, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknastjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara, og skal rannsóknadeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Geta þessir aðilar í því skyni krafist allra upplýsinga hjá söluskattskyldum aðilum og öðrum, sem framkvæmd þessara laga varðar, á sama hátt og skattstjórar skv. 15. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má, að geti gefið upplýsingar, er máli skipta.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun, og getur hann þá gert aðila söluskatt að nýju. Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi, áður en söluskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 13. gr.

11. gr.

17. gr. laganna (sbr. 3. gr. l. nr. 3/1970), er telja skal til II. kafla, orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, skal aðili sæta viðurlögum til viðbótar skatti samkv. söluskattskýrslu. Sama gildir, ef söluskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og söluskattur því áætlaður, nema aðili hafi greitt fyrir eindaga söluskattsins upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%.
2. 1½% viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Við útreikning á viðurlögum á áætlaðan söluskatt telst eindagi sá sami og eindagi söluskatts þess mánaðar, sem áætlað er fyrir. Sama gildir um viðurlög á vangreiddan eða ógreiddan söluskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi söluskattskýrslu innan kærufrests, skal hann greiða söluskatt samkvæmt skýrslunni auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar. Kæri aðili áætlaðan söluskatt, skal hann greiða söluskatt samkvæmt kæruúrskurði auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós, að aðila, sem greiða átti söluskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur, sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt, sem honum bar, auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Fella má niður viðurlög samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki, hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju, nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglugerðar um söluskatt um tilhögun bókhalds. Jafnframt er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að færsla á sölu í bókhald eða öðrum þeim þáttum, sem söluskattskýrsla á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn, sem ákvæði reglugerðar um söluskatt mæla fyrir um, eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á söluskattskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á söluskattskýrslu, sbr. 15. gr. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir skv. þessari málsgrein.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs, þegar álagning fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða fyrir dómstólum á söluskattskilum aðila, reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs, þegar rannsókn hófst.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 2. og 4. mgr. 11. gr., misnotar skírteini það, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., eða vanrækir skyldu sína

til að halda tilskilið bókhald, sbr. 27. gr. þessara laga, skal hann sæta sektum, allt að kr. 100 000, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Sömu sektum má beita þann, sem vanrækir eða tregðast við að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skýri söluskattskyldur aðili rangt frá einhverju því, er máli skiptir um söluskatt hans, og það hefur í för með sér, að hann greiðir lægri söluskatt en honum ber, skal hann auk hins undandregna söluskatts ásamt viðurlögum samkvæmt 21. gr. greiða sekt í ríkissjóð, er nema má allt að tífaldri fjárhæð hins undandregna söluskatts. Sömu sektum má beita þann, sem eigi hefur skilað söluskattskýrslu og afhent söluskatt á lögmæltum tíma.

Komi fram þau atvik, sem lýst er í 2. mgr., við skipti á dánarbúi, skal greiða úr búinu, auk hins undandregna söluskatts og viðurlaga samkvæmt 21. gr., tvöfalda fjárhæð hins undandregna söluskatts sem sekt.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. má reikna 6 ár aftur í tímann miðað við upphaf rannsóknar.

Nefnd, sem starfar samkvæmt 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972, skal ákveða sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu verði vísað til dómstóla. Skattyfirvöld ákveða sektir samkvæmt 3. mgr.

Sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., sem úrskurðaðar eru af nefnd samkvæmt 5. gr. skal gera á hendur hinum söluskattskylda aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Þær skulu njóta lögtaksréttar, og beita má ákvæðum 4. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Afhendi söluskattskyldur aðili eigi á lögmæltum tíma þann söluskatt, er hann hefur innheimt eða bar að innheimta, eða séu framin önnur brot gegn lögum þessum, sem eigi eru úrskurðuð af nefnd eða skattyfirvöldum samkvæmt 5. mgr. 25. gr., varðar það sektum allt að kr. 10 000 000. Ef um ítrekuð brot eða miklar sakir er að ræða, má auk sektar koma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um sviptingu starfsréttinda og um hlutdeild skal beita um brot gegn lögum þessum.

Nú hefur maður, sem er í fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila, framið athæfi, sem er refsivert samkvæmt 1. mgr., og er þá rétt að dæma nefndum lögaðila einnig fésekt samkvæmt 1. mgr. og sviptingu starfsréttinda, sbr. 2. mgr., enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi haft ágóða af brotinu.

15. gr.

Við 27. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Þá má ákveða í reglugerðinni, að söluskatt, söluskattauka, viðlagagjald af söluskattstofni, sbr. lög nr. 4/1974, og sérstakt gjald af söluskattstofni til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, sbr. lög nr. 5/1974, megi leggja á og innheimta í einu lagi og nefna til hagræðis safnheitinu: sölugjald. Ríkisbókhaldið skal síðan skipta sölugjaldinu milli aðila, eftir því sem lög mæla fyrir.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, og lögum nr. 101 21. desember 1973, um breyting á þeim lögum.

16. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á

íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða (sbr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Frá 1. apríl 1974 og til loka ársins 1974 skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 3½% og renna 1½% í ríkissjóð. Ákvæði 10. gr. laga þessara eiga einungis við um hluta Byggingarsjóðs af innheimtum launaskatti.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skal Kauplagsnefnd ekki taka tillit til þeirrar hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem hlýst af 5% söluskattauka skv. 7. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, sem svarar söluskattauka skv. 8. gr. laga þessara, nema sannað sé, að söluskattaukinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi, til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni söluskattauka skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 8. gr. þessara laga, en þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

III.

Í þeim mánuði, er lög þessi taka gildi, skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með gildistökudags þessara laga, en hinni vegna sömu starfsemi frá og með næsta degi eftir gildistökudag og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, felur í sér miklar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt til lækkunar á beinum sköttum og á lögum um söluskatt, til tilsvarandi hækkunar á óbeinum sköttum. Frumvarpið felur einnig í sér hliðarráðstafanir til að tryggja, að skattkerfisbreytingin feli í sér sem jafnastar hagsbætur fyrir alla launþega, einnig þá tekjuskattlausu. Auk þess felur frumvarpið í sér breytingu á lögum um launaskatt og ákvæði um útreikning kaupgreiðsluvísitölu.

Frumvarpið er flutt í samræmi við yfirlýsingar um skattamál og húsnæðismál, sem ríkisstjórnin gaf hinn 26. febrúar s. l. til þess að greiða fyrir gerð almennra kjarasamninga. Við endanlega gerð frumvarpsins hefur verið haft samráð við fulltrúa ASÍ, og telja þeir efni þess vera í samræmi við yfirlýsingarnar. Yfirlýsingin um skattamál fer hér á eftir, en ASÍ féllst fyrir sitt leyti á efni hennar og var það staðfest við undirritun kjarasamninganna.

„Yfirlýsing um skattamál.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir, að breytingar verði gerðar á skattalögum í samræmi við eftirfarandi:

1. Tekjuskattur einstaklinga 1974 verði lækkaður, þannig að heildarfjárhæð álagðra skatta á forsendum tekjuáætlunar fjárlaga lækki um ca. 2700 milljónir kr. sbr. breytingar á skattstiga og persónufrádrætti skv. tölul. 2 hér á eftir. Á móti þessari lækkun komi hækkun söluskatts frá 1. mars 1974 að telja 5%-stig.
2. Við lækkun tekjuskattsins verði miðað við skattstiga og persónufrádrátt sem hér segir:
   a. Skattstigi tekjuskatts verði:

	Jaðarskattur
0—100 þús. kr. verði	20%
100—200 þús. kr. verði	30%
200 og þar yfir verði	40%

   b. Persónufrádráttur eða önnur persónuívilnun verði þannig, að hún sé ígildi persónufrádráttar:

Hjón	425 000 kr.
Einhleypur	280 000 —
Barn	58 000 —

   Endanlegar tölur um skattprósentur og/eða persónufrádrátt ráðist af því, hvernig nauðsynlegar hliðarráðstafanir vegna hinna tekjulægstu verða framkvæmdar, en við það verði miðað, að tekjuskattur verði ekki greiddur af lægri tekjum en ofangreindur persónufrádráttur segir til um.
3. Í lögum um breyting á lögum um tekjuskatt verði ákvæði til þess að tryggja, að engum launþegahópum verði íþyngt með þessari kerfisbreytingu. Lagt er til, að þær hliðarráðstafanir, sem til þessa eru hugsaðar, verði í formi sérstaks skattafsláttar, sem nýtist bæði til þess að lækka tekjuskatt og önnur opinber gjöld. Við ákvörðun skattafsláttarreglna verði við það miðað, að þær hagsbætur, sem í kerfisbreytingunni felast, verði sem jafnastar fyrir alla launþega án tillits til tekna.

   Ef reiknaður skattafsláttur nýtist ekki til lækkunar skatta, eða annarra skulda viðkomandi gjaldþegns við ríkis- eða sveitarsjóð, má t. d. verja eftirstöðvum til þess að auka með félagslegum hætti fjárhagsaðstoð við námsmenn, eða til beinnar útgreiðslu, ef þannig stendur á.
4. Útreikningi kaupgreiðsluvísitölu verði breytt þannig, að hækkun framfærsluvísitölu vegna framangreindrar söluskattshækkunar verði ekki reiknuð með í kaupgreiðsluvísitölunni.

Frekari viðræður um K-vísitölukerfið og stöðu skattbreytinga í því verði teknar upp á öðrum vettvangi.

5. Endurskoðun tekjuöflunar ríkisins.

Haft verði samráð við fulltrúa launþegasamtakanna um endanlega gerð lagafrumvarps þess (eða þeirra), sem ríkisstjórnin hyggst flytja til þess að framkvæma 1.—4. hér að framan. Með tillögum, sem lýst er hér að framan, er mikilvægt skref stigið í þá átt að lækka beina skatta og taka upp almennt skattafsláttarkerfi. Við framhaldsendurskoðun yrði unnið að því að einfalda tekjuskattinn og e. t. v. sameina algengustu bætur almannatryggingakerfisins (einkum fjölskyldubæturnar) þeim vísi að skattafsláttarkerfi, sem hér er ráðgerður. Þar með væri stefnt að því að sameina og samræma tekjuskiptingarafskipti ríkisins í almennu tekjujöfnunarkerfi. Við þessa endurskoðun yrði tryggt, að byrði beinna skatta þyngdist ekki frá því, sem að er stefnt með tillögum í 1. og 2. hér að framan. Endurskoðun söluskatts með upptöku virðisaukaskatts í hans stað á næstu árum fyrir augum, yrði einnig liður í þessu samráði. En með þeim breytingum yrði m. a. stefnt að því að létta óbeinum sköttum af framleiðslunauðsynjum.

Fulltrúar ASÍ leggja á það áherslu, að með því að fallast á 5%-stiga hækkun söluskatts, sé tekið mið af skertri álagningu á árinu 1974. Á árinu 1975 verði því að taka tillit til þess, við skattaákvarðanir, þannig að þá verði metið hvað 5%-stiga hækkun á söluskatti nemi yfir árið og jafnframt, hve skattalækkun þá nemi miklu samkvæmt nýja skattstiganum og að því leyti sem söluskatturinn verður talinn nema hærri upphæð, þá verði sá hluti sem umfram er metinn inn í kaupgjaldsvísitölu."

Á kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands í Reykholti 27. og 28. ágúst 1973 og í Reykjavík 12. og 13. október 1973 voru samþykktar ályktanir um skattamál, þar sem lagt var til, að tekjuskattar einstaklinga yrði lækkaðir verulega. Af þessu tilefni tók ríkisstjórnin upp viðræður við Alþýðusambandið og má skoða yfirlýsinguna hér að framan sem niðurstöðu þessara viðræðna.

Ríkissjóður getur ekki misst verulegar tekjur af tekjuskatti einstaklinga án þess að fá í staðinn aðrar tekjur, og er því lagt til að færa þessa skattbyrði yfir í form sérstaks söluskattauka. Felur frumvarpið hér að framan í sér þessar breytingar.

Nauðsynleg söluskattshækkun samhliða tekjuskattslækkun veldur þyngingu skattbyrðar þeirrar, sem lítinn eða engan tekjuskatt hafa greitt skv. gildandi reglum. Í viðræðum ríkisstjórnarinnar og ASÍ var því talið nauðsynlegt að gera hliðarráðstafanir til að tryggja hlut hinna lægst launuðu í þessari breytingu.

Í 2. tl. yfirlýsingarinnar að framan er skýrt frá skattstiga þeim og persónufrádrætti, sem heildarfjárhæð tekjuskattslækkunarinnar miðast við, áður en tekið er tillit til áðurgreindra hliðarráðstafana. Eins og segir í b-lið 2. tl. yfirlýsingarinnar er þar gert ráð fyrir, að endanlegar tölur um skatthlutföll og/eða persónufrádrátt ráðist af því, hvernig framkvæmdar verði þessar nauðsynlegu hliðarráðstafanir til að tryggja sem jafnastar hagsbætur allra launþega.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þessu marki verði náð með sérstökum skattafslætti, sem veittur verði öllum framteljendum, einnig þeim, sem ekki bera tekjuskatt, skv. sérstökum reglum, sem nánar verður vikið að hér á eftir. Þessi skattafsláttur er ígildi persónufrádráttar, og því er nauðsynlegt að breyta persónufrádrætti nokkuð frá því, sem nefnt er í 2. tl. yfirlýsingarinnar, eins og þar er reyndar gert ráð fyrir. Er þá miðað við, að tekjuskattur verði ekki greiddur af lægri tekjum en persónufrádráttur skv. 2. gr. yfirlýsingarinnar segir til um og skatthlutföll verði ekki hærri en þar er nefnt.

Í fjárlögum ársins 1974 er innheimtur tekjuskattur einstaklinga áætlaður 5 864 mkr. að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þessi áætlun er á því reist, að álagður tekjuskattur einstaklinga verði 6 400 m.kr. Helstu forsendur þessara áætlana eru

þær, að meðalbreyting tekna milli áranna 1972 og 1973 verði 25—26%, og að innheimta tekjuskatts verði með líkum hætti og 1973.

Sú lækkun tekjuskatts, sem frumvarpið felur í sér, veldur því, að álagður tekjuskattur einstaklinga verður 3 700 mkr., miðað við forsendu tekjuáætlunar fjárlaga um tekjur skattþegna á árinu 1973.

Hér er þannig um að ræða lækkun álagðs tekjuskatts um 2 700 mkr. eða um 42%.

Auk lækkunar tekjuskatts hjá þeim, sem tekjuskatt bera, gerir frumvarpið ráð fyrir „neikvæðum" tekjuskatti, þ. e. skattafslætti, sem einnig kemur þeim til góða, sem ekki bera tekjuskatt.

Kostnaður ríkissjóðs af skattafsláttarkerfinu á árinu 1974 er áætlaður 550 mkr., en megintilgangur þess er að tryggja hag hinna tekjulægri.

Í samræmi við 1. tl. yfirlýsingarinnar að framan er gert ráð fyrir viðauka við núgildandi almennan söluskatt, sem nemur 5% af söluskattstofni, frá gildistöku laganna, sem allur renni í ríkissjóð til að bæta honum tekjutap vegna lækkunar tekjuskatts einstaklinga frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ríkisins 1974. Enn fremur er þessari hækkun söluskatts ætlað að mæta auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna kerfisbreytingarinnar, aðallega útgjöldum vegna skattafsláttarkerfisins.

Í fjárlögum ársins 1974 er innheimtur söluskattur í ríkissjóð áætlaður 6 702 mkr. eða nær 610 mkr. fyrir hvert stig söluskatts. Áætlun þessi var miðuð við, að álagður söluskattur á árinu 1974 að meðtöldum hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi nær 7 400 mkr. eða um 670 mkr. fyrir hvert stig söluskatts. Af þessari upphæð koma um 616 mkr. í hluta ríkissjóðs. Þar sem söluskattur er innheimtur mánaðarlega eftir á, kemur desemberálagning ársins ekki til innheimtu fyrr en í janúar á næsta ári, en í ár er hins vegar innheimt álagning í desember á síðasta ári. Í fjárlagaáætlun var miðað við verðlag, eins og það var í desember s. l. óbreytt.

Í þjóðhagsspá hagrannsóknadeildar fyrir árið 1974, sem birtist í riti deildarinnar, Þjóðarbúskapurinn nr. 4., desember 1973, var sett fram mat á þjóðhagshorfum ársins, byggt á ýmsum forsendum um helstu þjóðhagsstærðir, sem nánar er greint frá í skýrslunni. Meginforsendur um kauplag og verðlag á árinu 1974 voru þær, að kaupmáttaraukning yrði í hátt við aukningu þjóðarframleiðslu og þjóðartekna til lengri tíma litið, og áætlun um hækkun verðlags og verðlagsbóta á laun var reist á mati á innlendum og erlendum verðhækkunartilefnum, eins og þau voru metin í lok árs 1973. Í þjóðhagsspánni var hins vegar ekki gerð nein tilraun til þess að spá beinlínis niðurstöðum almennra kjarasamninga, sem þá stóðu yfir. Hækkun söluskattstofnsins var áætluð 9% meiri en lagt var til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga, sem eins og áður sagði tók beint mið af verðlagi í desember 1973.

Niðurstöður framangreindrar þjóðhagsspár lágu til grundvallar í viðræðum ríkisstjórnarinnar við launþegasamtökin um breytingu á tekjuöflun ríkisins. Samkvæmt þessari áætlun nemur hvert stig í álagningu söluskatts nær 730 mkr. á öllu árinu 1974 að teknu tilliti til ráðgerðrar lækkunar tekjuskatts og þeirrar veltuaukningar, sem henni fylgir. Miðað við álagningu frá 1. mars, (sem þó ekki næst, þar eð lagasetningunni er ekki lokið fyrir þann tíma), nemur álagningin um 610—620 mkr. fyrir hvert stig á árinu 1974. Samkvæmt þessu nemur 5 stiga hækkun söluskatts frá 1. mars, sem öll renni í ríkissjóð, um 3.050—3.100 mkr. í álagningu á árinu 1974. Af þessari upphæð innheimtist desemberálagning ekki fyrr en á næsta ári, þannig að af framangreindri fjárhæð koma um 2.750—2.800 mkr. til innheimtu á árinu, og þar af greiðir ríkissjóður sjálfur nær 100 mkr. vegna aukinna söluskattsútgjalda.

Nú er ljóst, að almenn veltubreyting verður meiri í ár en gert var ráð fyrir í forsendum þjóðhagsspár frá desember s.l. Niðurstöður nýrra kjarasamninga fela í sér mun meiri hækkun kauplags en þá var gert ráð fyrir, en afar erfitt er að spá um verðlagsáhrif samninganna og þar með um frekari kauphækkanir. Auk þess ríkir óvissa um bæði innlendar og erlendar verðhækkanir af öðrum toga. Mjög lauslegar áætlanir benda til þess, að almenn veltubreyting (án verðlagsáhrifa söluskattshækkunar) gæti numið 8—10% umfram forsendur þjóðhagsspár. Miðað við slíka veltu-

aukningu gæti hvert stig söluskatts numið nær 800 mkr. í álagningu á öllu árinu 1974 eða um 680 mkr. á tímabilinu mars til desember. Í þessum tölum hefur verið gert ráð fyrir veltuaukningu í kjölfar tekjuskattslækkunar skv. I. kafla þessa frumvarps. Hækkun söluskatts um 5%—stig næmi þannig um 3.400 mkr. á árinu 1974, og þar af kæmu rúmlega 3.000 mkr. til innheimtu á árinu. Af þeirri upphæð greiðir ríkissjóður þó sjálfur nær 100 mkr. vegna aukins söluskatts af útgjöldum hans.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að sé miðað við áætlaða innheimtu á árinu 1974, er fyllilega þörf á 5%—stiga hækkun söluskatts til þess að vega á móti ráðgerðri lækkun tekjuskatts og þeim hliðarráðstöfunum, sem skattafsláttarkerfið felur í sér hinum tekjulægri til hagsbóta. Þannig má sjá af tölunum hér að framan, að þótt gert sé ráð fyrir, að 5 söluskatts %—stig gefi á ársgrundvelli 4000 mkr., innheimtast ekki í ríkissjóð nema um 3.000 mkr. á árinu 1974 (og raunar ekki nema 2900 mkr. nettó, því útgjaldaauki ríkissjóðs á árinu vegna söluskattaukans nemur 100 mkr.) og er þá raunar miðað við, að söluskatturinn taki gildi 1. mars 1974. Með sama hætti eru nettótekjur ríkissjóðs á álagningargrundvelli 1974 m. v. 10 mánuði (sem þó nást ekki að fullu) um 3 300 mkr., eða því sem næst sama tala og lækkun tekjuskattsálagningar og útgjaldaauki vegna skattafsláttar nemur. Áhrifin á afkomu ríkissjóðs vegast því nokkurn veginn á, og er óhætt að fullyrða, að tæpara má dæmið ekki standa, því við ríkjandi verðbólguástand væri full ástæða til að styrkja stöðu ríkissjóðs fremur en veikja ekki síst, þar sem verð- og launahækkanir valda ríkissjóði fyrirsjáanlega miklum útgjaldaauka á árinu.

Á fylgiskjali 1 með frumvarpinu kemur fram, að á álagningargrundvelli 1974 felur skattkerfisbreytingin yfirleitt í sér 2½—3% lækkun heildarskattbyrðar einstaklinga miðað við brúttótekjur 1973. Ástæðan til þess, að áhrif skattkerfisbreytingarinnar á hag ríkissjóðs jafnast nokkurn veginn út, þótt einstaklingarnir hafi af henni ótvíræðan hag, sbr. hér að framan — hvort tveggja metið á álagningargrundvelli — er að sjálfsögðu sú, að söluskattur leggst á ýmsar framleiðslunauðsynjar og fjárfestingarvörur annarra en heimilanna.

Í áðurnefndri yfirlýsingu um skattamál taka fulltrúar ASÍ fram, að með því að fallast á 5 %—stiga hækkun söluskatts, sé tekið mið af skertri álagningu, þ. e. 10 mánaða álagningu, á árinu 1974. Við skattákvarðanir á árinu 1975 verði því að taka tillit til þessa.

Í samráði við fulltrúa ASÍ við endanlega gerð frumvarpsins kom fram, að þeir telja fleiri aðferðir koma til greina til að jafna mun söluskattshækkunar og tekjuskattslækkunar (ásamt skattafslætti) á árinu 1975, ef til kæmi, en hækkun kaupgreiðsluvísitölu. Þessi met mætti jafna með hvers konar skattbreytingum.

Í þeim kafla frumvarpsins, sem fjallar um söluskattaukann, eru ennfremur breytingar og nýmæli að því er varðar almenna framkvæmd söluskattsins, eftirlit með framtölum og um viðurlög við brotum gegn söluskattslögunum.

Ákvæði um viðurlög við brotum gegn söluskattslögum eru 15 ára gömul. Þegar ákvæði þessi voru sett var söluskatturinn 3%. Á undanförnum árum hefur hvað eftir annað komið í ljós, að núgildandi viðurlagaákvæði eru ófullkomin m. a. af því, að skil söluskattskýrslna eru nú með öðrum hætti en var, þegar lög nr. 10/1960 voru sett. Þá var kveðið á um skil skýrslna til skattstjóra ársfjórðungslega, en skv. núgildandi réttarreglum fara skil fram mánaðarlega til innheimtumanns ríkissjóðs. Viðurlög við vanskilum eru hins vegar enn miðuð við þá skipan, sem á var komið 1960. Hefur þetta skapað erfiðleika og misræmi við framkvæmd innheimtu og jafnvel eigi talið fært að beita sumum viðurlagaákvæðunum.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur og söluskattauki verði samtals 16%. Nýverið hefur Alþingi samþykkt lög um tvö önnur gjöld, er krefja skuli af söluskattstofni, 1% hvort gjald. Þannig er gert ráð fyrir, að gjöld af söluskattstofni verði samtals 18%. Telja verður það mikinn ábyrgðarhluta að hækka nú söluskatt án þess, að viðurlög við brotum séu fulltrygg. Í II. kafla frumvarps þessa eru því umfangsmiklar breytingar á viðurlagaákvæðum laga um söluskatt.

Kafli III í frumvarpi þessu fjallar um hækkun launaskatts og ráðstöfun tekna af hækkuninni til Byggingarsjóðs ríkisins.

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga gaf ríkisstjórnin svofellda yfirlýsingu um húsnæðismál, sem er niðurstaða viðræðna hennar við ASÍ, en tilefni þeirra viðræðna voru ályktanir ráðstefna ASÍ, sem til var vitnað hér að framan.

„Yfirlýsing
ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál.

Í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda um kjaramálin og í framhaldi af undangengnum viðræðum fulltrúa ríkisstjórnarinnar við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands um húsnæðismál, lýsir ríkisstjórnin yfir því, að hún mun beita sér fyrir eftirfarandi:

1. að á árunum 1976—1980 verði framhald á byggingu hentugra íbúða fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands og hliðstæðra samtaka um land allt, og skal að því stefnt, að eigi minna en þriðjungur af áætlaðri íbúðaþörf landsmanna á þessu tímabili verði leyst á þessum grundvelli, sbr. 2. tl.
2. Íbúðir þessar yrðu ýmist:
   a. verkamannabústaðir,
   b. söluíbúðir eins og íbúðir þær, sem reistar hafa verið á vegum Framkvæmdanefndar byggingaáætlunar í Reykjavík,
   c. leiguíbúðir t. d. á vegum sveitarfélaga eða sérstakra samtaka, sem mynduð yrðu í þessu skyni á vegum verkalýðssamtakanna eða lífeyrissjóða þeirra.
3. Lánakjör vegna íbúða þeirra, sem um getur í 2. tl. verði eigi lakari en nú gilda. Þó skal heimilt að stytta lánstímann með hliðsjón af hækkun byggingavísitölu, sbr. þó 5. lið.
4. Stefnt skal að því, þar sem því verður við komið, að hver byggingaráfangi verði það stór, að kostir fjöldaframleiðslu verði nýttir svo sem frekast er unnt. Gerð íbúða og frágangur verði staðlaður, hvort sem um verður að tefla einbýlis- eða fjölbýlishús, þannig að hagnýta megi teikningar og útboðsgögn, hvar sem íbúðirnar verða reistar. Lögð verði megináhersla á byggingu hagkvæmra og smekklegra íbúða ásamt nauðsynlegri félagslegri aðstöðu.
5. Haft verður fullt samráð við verkalýðsfélögin um framkvæmd þessa samkomulags og verði settar nánari reglur um, hvernig því verður háttað.
6. Gert er ráð fyrir, að launaskattur, sem rennur í Byggingarsjóð ríkisins, verði hækkaður í 2%.
7. Yfirlýsing þessi er gefin í trausti þess, að þátttaka lífeyrissjóða stéttarfélaga í fjármögnun þessara félagslegu bygginga verði 20% af árlegu ráðstöfunarfé þeirra, frá og með þessu ári. Þátttaka lífeyrissjóða í fjármögnun Húsnæðismálastofnunar ríkisins er miðuð við kaup verðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð og skulu verðtrygging og vextir jafngilda hagstæðustu ávöxtunarkjörum, sem í gildi verða á hverjum tíma á verðskuldabréfum, sem út eru gefin á vegum ríkisins."

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á launaskatti, skv. frumvarpi þessu, mun að líkindum hækka tekjur Byggingarsjóðs ríkisins um 600 mkr. á ársgrundvelli 1974. Gert er ráð fyrir, að launaskatturinn hækki frá og með 1. apríl n. k. Miðað við óbreytta gjalddaga og innheimtuaðferða mun áformuð breyting á launaskattslögunum að líkindum auka ráðstöfundarfé Byggingarsjóðs um 300 mkr. á þessu ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Frumvarpsgreinar þessar fela í sér þá breytingu eina, að færa fjárhæðir heimilla frádrátta frá skattskyldum tekjum vegna heimilisstofnunar, kaupa á lífsábyrgð og sjósóknar á nýjan grunn gagnvart nýrri skattvísitölu, sem þar með teldist 100

við álagningu 1974. Þessi grunnur er eldri fjárhæðir margfaldaðar með 1.54 í samræmi við þá skattvísitölu, sem ákveðin var með fjárlögum fyrir árið 1974.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972, að öðru leyti en tekur til fjárhæða persónufrádráttar, sem nú verða eftirfarandi:

	Frádráttur skv. gildandi lögum og skattvísitölu 154 kr.	Frádráttur skv. frumvarpinu kr.
Persónufrádráttur einstaklinga og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi	223 300	238 000
Persónufrádráttur hjóna	338 800	355 000
Persónufrádráttur fyrir barn	46 200	50 000
Sérstakur frádráttur einstæðs foreldris	92 400	96 000
Sérstakur frádráttur vegna barns einstæðs foreldris	10 000	11 000

Eins og áður sagði, er nauðsynlegt að breyta persónufrádrætti að formi til frá því, sem nefnt var í yfirlýsingunni um skattamál, þegar tekinn hefur verið upp sérstakur skattafsláttur sem viðbótarívilnun við persónufrádrátt. Kemur skattafsláttur-inn þannig í reynd í staðinn fyrir hækkun persónufrádráttar. Til þess að gera gleggri grein fyrir því, að hér er að þessu leyti fyrst og fremst um formbreytingu en ekki efnisbreytinu að ræða, verða hér sýnd þau tekjumörk, þar sem skattskylda byrjar í reynd, þ. e. af lægri tekjum verður ekki greiddur tekjuskattur. Í töflunni hér á eftir eru þessi tekjumörk nefnd skattskyldumörk og þau sýnd bæði miðað við nettótekjur og brúttótekjur. Við ákvörðun skattskyldumarka miðað við brúttótekjur þarf að sjálfsögðu að reikna með þeim meðalfrádrætti, sem ætla má að fylgi þeirri hæð tekna og þeim fjölskylduaðstæðum, sem taflan sýnir. Áætlanir þessar um meðalfrádrátt til skatts eru reistar á skattskrá 1973 og áætlunum um breytingarnar síðan.

	Skattskyldumörk		
	Gildandi lög skattvísitala 154 kr.	Yfirlýsing um skattamál, 2. gr. kr.	Frumvarp kr.
Einhleypingur, barnlaus:			
Nettótekjur	223 300	280 000	293 000
Brúttótekjur	257 000	322 000	337 000
Barnlaus hjón:			
Nettótekjur	338 800	425 000	448 000
Brúttótekjur	424 000	531 000	560 000
Hjón með 2 börn:			
Nettótekjur	431 200	541 000	572 000
Brúttótekjur	539 000	676 000	715 000
Einstætt foreldri með 1 barn:			
Nettótekjur	371 900	463 000	500 000
Brúttótekjur	413 000	514 000	558 000

Framangreindar tölur sýna, að skattskyldumörk samkvæmt frumvarpinu eru nokkuð hærri en óbreyttar tölur yfirlýsingarinnar fela í sér. Þetta er gert til þess að skattafslátturinn nýtist betur þeim framteljendum, sem eru um eða rétt ofan við skattskyldumörk miðað við persónufrádráttarfjárhæðir yfirlýsingarinnar. Eru hinar nýju persónufrádráttarfjárhæðir — og skattstiginn — valdar þannig, að skattbreytingarnar veiti öllum launþegum sem jafnastar hagsbætur eftir því sem unnt er, sbr. einnig fylgiskjal 1.

Um 4. gr.

Í I. lið greinarinnar er kveðið á um skattþrep og skatthlutföll. Skattþrep hafa verið hækkuð og skatthlutföll lækkuð frá gildandi lögum og skattvísitölu fjárlaga 1974 (154 m.v. 1972 = 100). Er þetta einnig í samræmi við 2. gr. yfirlýsingarinnar. Eftir breytinguna verður skattstigi og jaðarskattur, sem hér segir (til samanburðar tölur skv. gildandi lögum); skattgjaldstekjur eru hér taldar í þús. kr.:

Gildandi lög, skattvísitala 154		Yfirlýsing og frumvarp	
Skattgj.-tekjur	Skatthlutfall	Skattgj.-tekjur	Skatthlutfall
0— 77	25%	0—100	20%
77—115	35%	100—200	30%
115 og yfir	44%	200 og yfir	40%

Í II. lið greinarinnar er kveðið á um skattafsláttarfjárhæðir, og hvernig verja skal þeim skattafslætti, sem er umfram reiknaðan tekjuskatt skv. I. tölulið greinarinnar. Í þessum lið eru einnig nauðsynleg ákvæði til þess að heimila ríkissjóði að leggja fram fé, sem nemur muninum á reiknuðum skattafslætti og reiknuðum tekjuskatti skv. ákvæðum greinarinnar, þegar í hlut eiga menn, sem ýmist hafa engan tekjuskatt eða lægri tekjuskatt en nemur skattafslætti. Þessu er ætlað að tryggja það, að engum framteljanda verði íþyngt við lækkun tekjuskatts og hækkun söluskatts. Þetta gildir um hina tekjulægri framteljendur, sem ekki greiða tekjuskatt samkvæmt núgildandi kerfi og hafa því ekki hag af þeirri lækkun tekjuskatts, sem hér er ráðgerð. Hækkun söluskatts veldur hins vegar óhjákvæmilega hækkun framfærsluútgjalda þessa fólks og þar með aukinni skattbyrði, ef ekkert kemur á móti. Talsverður fjöldi þeirra framteljenda, sem ekki greiðir tekjuskatt, greiðir hins vegar önnur opinber gjöld til ríkis eða sveitarfélags, aðallega útsvar til sveitarfélags. Af þessum ástæðum þykir eðlilegt, m. a. af framkvæmdaástæðum, að hafa það sem meginreglu, að þeim afslætti, sem ekki nýtist til lækkunar tekjuskatts, verði varið til greiðslu á öðrum beinum sköttum til ríkis eða sveitarsjóðs, sem á eru lagðir á greiðsluárinu. Við þetta lækkar heildarskattbyrði gjaldenda og ráðstöfunartekjur þeirra hækka á sama hátt og um beinar greiðslur væri að ræða. Þegar í hlut eiga framteljendur, sem ekki geta nýtt skattafslátt að fullu á framangreindan hátt, er hér gert ráð fyrir, að eftirstöðvum þeirra framteljenda, sem notið hafa frádráttar vegna námskostnaðar á skattárinu verði ráðstafað til jöfnunar á námskostnaði, til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn. Komi þetta þeim þá að gagni með félagslegum hætti. Njóti framteljandi ekki frádráttar vegna námskostnaðar á skattárinu, skal verja afslættinum eða eftirstöðvum hans til greiðslu ógoldinna opinberra gjalda frá fyrri árum. Að þeim gjöldum greiddum skal greiða honum eftirstöðvar skattafsláttar eftir reglum, sem settar verða með reglugerð.

III. og IV. liður eru gildandi lagaákvæði óbreytt.

V. liður er óbreyttur frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að mörkum tekjuskattsívilnunar er breytt þannig, að þær tryggi sem næst óbreytta ívilnun miðað við hæð tekna samkvæmt gildandi lögum. Þeirri ívilnun í skatti aldraðra og örorkulífeyrisþega, sem stefnt er að í gildandi lögum, er að mestu leyti náð með þeirri almennu hækkun persónufrádráttar ásamt skattafslætti og breytingum á skattstiga og skatthlutföllum, sem frumvarpið felur í sér. Ívilnun samkvæmt V. lið ætti að tryggja það, að skattbyrði aldraðra og örorkulífeyrisþega miðað við tekjur verði ekki meiri en nú er.

Um 5. gr.

Greinin er 53. gr. gildandi laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 60/1973 með þeim breytingum, að skattafsláttarfjárhæðir skv. II. lið 4. gr. frumvarpsins

breytast með skattvísitölu og skattvísitala er á ný færð í 100 við álagningu 1974, en verði síðan ákveðin í fjárlögum, eins og verið hefur.

Um 6. gr.

Orðalag 1. mgr. er í frumvarpi þessu haft fyllra en nú er í lögum. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Þar sem hér er um hreina kerfisbreytingu að ræða, þykir rétt að marka sérstaklega viðbót þá við söluskattinn, sem er tilefni þessara lagabreytinga.

Um 7. gr.

Eigi er um aðra efnisbreytingu að ræða frá núgildandi ákvæðum en þá, er stafar af söluskattaukanum.

Um 8. gr.

1., 3. og 4. mgr. svara til efnis 12. gr. í núgildandi lögum, að því frátöldu, að ákvæði um dráttarvexti er flutt í 11. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. fela ekki í sér efnisbreytingu frá núverandi framkvæmd.

Um 9. gr.

Efni greinarinnar svarar til þeirrar framkvæmdar, sem komist hefur á við rannsókn skattamála. Skattstofur utan Reykjavíkur eru fáliðaðar en skattrannsóknarmál umfangsmikil og takmarkast ekki af skattumdæmum. Þykir því eðlilegt, að ríkisskattstjóri hafi rannsókn á öllum meiri háttar málum í sínum höndum. Ákvæði þetta er hliðstætt 3. mgr. 37. gr. l. nr. 68/1971.

Um 10. gr.

Ákvæðin svara til ákvæða í 16. gr. gildandi laga, þar sem segir, að fjármálaráðherra geti falið skattstjóranum í Reykjavík eftirlit og rannsókn hjá söluskattskyldum aðilum utan Reykjavíkur. Slíkt eftirlit er nú í höndum embættis ríkisskattstjóra, skv. ákvörðun fjármálaráðherra.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 3/1970 um breyting á lögum nr. 10/1960 um söluskatt. Greinin er hér tekin upp, en jafnframt er lagt til, að lög nr. 3/1970 verði numin úr gildi.

Um 12. gr.

Efni greinarinnar er, hverjar vera skuli lögfylgjur þess, ef söluskattur er ekki greiddur með fullnægjandi söluskattskýrslu á tilskildum tíma skv. lögunum. Hún svarar því að nokkru leyti til 12. og 21. gr. laga nr. 10/1960. Gerð er sú breyting frá ákvæðum þeirra, að viðurlög og dráttarvextir eru felllð saman og yrðu viðurlög 2% fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%, og 1½% til viðbótar fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindagann. Með þessum hætti verða viðurlög fyrstu daga eftir eindaga nokkru léttari en verið hefur, þar eð 10% viðurlög skyldu leggjast á strax að eindaga loknum skv. gildandi lögum. Hins vegar eru 1½% viðurlög fyrir hvern mánuð sambærileg við gildandi ákvæði um dráttarvexti.

Í greininni felst að auki sú breyting frá gildandi lögum, að skil söluskattskýrslu eftir eindaga leysa skattþegna ekki undan viðurlögum.

Ákvæði 7. mgr. þessarar greinar eru nýmæli í lögum. Hér er tekin upp ótvíræð heimild skattstjóra til að áætla söluskatt aðila, sem skilað hafa söluskattskýrslu, sem ekki styðst við tilskilið bókhald skv. lögum. Sama gildir, ef færslur styðjast ekki við þau gögn, sem mælt er fyrir um í reglugerð um söluskatt, eða gögn eru ekki lögð fram til sannprófunar á söluskattskýrslu.

Heimilað er að reikna skatt aftur í tímann til samræmis við heimildir laga um tekjuskatt og eingarskatt. Sérstakt ákvæði er til að taka af vafa um tímasetningu heimildar til endurreiknings söluskatts aftur í tímann, þegar fram fer rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða fyrir dómstólum á söluskattskilum.

Um 13. og 14. gr.

Í greinum þessum eru ákvæði um refsingar við brotum gegn lögunum. Svara greinarnar að því leyti til 25. gr. og 26. gr. gildandi laga. Hins vegar eru hin nýju ákvæði mun fyllri, viðurlög þyngd og framkvæmdaskipulag nokkuð breytt. Er um margt litið til ákvæða 48. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Greint er á milli refsiheimilda hinnar svonefndu skattsektanefndar, sem starfar samkv. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972 um breyting á þeim lögum, og refsiheimilda hinna almennu dómstóla.

Í 1. mgr. 13. gr. er fjallað um refsiheimildir skattsektanefndar. Gert er ráð fyrir, að nefndin geti sektað ýmsa aðila, sem lögin fjalla um, vegna ýmiss konar vanrækslu, misnotkunar heimildarskjala og undanbragða við upplýsingagjöf o. fl. Sektum þessum má beita án tillits til þess, hvort brot hefur haft áhrif á söluskattsfjárhæðir eða ekki.

Ákvæði 2. mgr. 13. gr. svara til ákvæða 25. gr. gildandi laga. Þar er þó það nýmæli, að beita má sömu viðurlögum þann aðila, sem eigi hefur skilað söluskattskýrslu og afhent söluskatt á lögmæltum tíma.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 13. gr. eru nýmæli í lögum um söluskatt, en hliðstæð ákvæðum í 48. gr. laga nr. 68/1971.

Gert er ráð fyrir, að skattsektanefnd ákveði sektir samkvæmt þessari grein, nema þegar um dánarbú er að ræða.

Í 6. mgr. 13. gr. er kveðið á um, að sekta skuli hinn brotlega aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Hvílir því fjárhagsábyrgð á atferli forsvarsmanna hvers konar félaga og samtaka á félögunum eða samtökunum sjálfum. Sektir þessar njóta lögtaksréttar og stöðva má atvinnurekstur og setja starfsstofur undir innsigli, ef eigi er staðið í skilum um sektargreiðslurnar á tilskildum tíma.

Gert er ráð fyrir, að flest minni háttar mál verði afgreidd af skattsektanefnd. Vilji ríkisskattstjóri eða sökunautur ekki, að mál sé afgreitt af skattsektanefnd, þá skal vísa því til hinna almennu dómstóla.

Í 1. mgr. 14. gr. eru ákvæði um refsingar, sem dómstólar geta dæmt vegna brota á lögunum. Almenn refsing myndi verða sekt, sem að hámarki gæti orðið tíu milljónir króna. Er hér um mikla rýmkun refsirammans að ræða. Þá er svo fyrir mælt, að auk sektar megi dæma menn í varðhald eða fangelsi allt að 6 árum, ef um er að ræða ítrekað brot eða miklar sakir. Hér er því lagt til, að ítrekuð eða alvarleg brot á söluskattslögunum verði um refsiramma sett við hlið auðgunarbrota samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga, að því er frelsissviptingarrefsingar varðar. Er hér um stefnubreytingu að ræða, sem leiðir sennilega til mjög þyngdra viðurlaga.

Þá er í 2. mgr. 14. gr. boðið, að beita megi ákvæðum hegningarlaga um hlutdeild og sviptingu starfsréttinda vegna brota á lögum þessum. Er þetta nýmæli.

Í 3. mgr. 14. gr. er það nýmæli, að hafi fyrirsvarsmenn lögaðila framið refsivert brot á lögunum, þá megi dæma lögaðilann einnig til fésektar og svipta hann starfsréttindum, ef brotið er drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur haft ágóða af því.

Um 15. gr.

Eins og nú er háttað eru lögð þrjú mismunandi gjöld á söluskattstofn, söluskattur, viðlagagjald og sérstakt gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir fjórða gjaldinu — söluskattauka. — Þessi margbrotna gjaldtaka veldur ýmiss konar fyrirhöfn og óhagræði við framtalsgerð og

skýrslugerð skattskyldra aðila og hjá skattyfirvöldum. Hér er því lagt til, að í reglugerð megi ákveða einfaldari meðferð þessara gjalda og að heimilt verði í hagræðisskyni að tala um eitt gjald — sölugjald — í framkvæmdinni. Á framtalseyðublöðum fylgdu þó skýringar um samsetningu gjaldsins.

Um 16. gr.

Launaskattur til Byggingarsjóðs ríkisins er nú 1% af launaskattstofni. Lagt er til að framvegis verði skattur þessi 2%. Í þessu sambandi er vísað til 6. tl. í „Yfirlýsingu um húsnæðismál".

Um 17. gr.

Í ákvæðum til bráðabirgða í núgildandi launaskattslögum er kveðið svo á, að árið 1974 skuli innheimta 2½% launaskatt og renni ⅗ hlutar þess skatts í ríkissjóð. Í samræmi við breytingar skv. 14. gr. þessa frumvarps, er skatturinn hækkaður í 3½%, og renna tekjur af hækkuninni í Byggðarsjóð ríkisins.

Í 10. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, er svo fyrir mælt, að Byggingarsjóður greiði 1% af innheimtum launaskatti til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna. Rétt þykir að taka af öll tvímæli um, að Byggingarsjóður greiði 1% af þeim hluta launaskattsins, sem rennur til sjóðsins.

Um 18. gr.

Vísað er til 4. tl. í „Yfirlýsingu um skattamál", sem birt er hér í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Ætla má, að af 5%-stiga söluskattaukanum hljótist 3½% hækkun vísitölu framfærslukostnaðar innan árs.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I. liður ákvæðisins er efnislega samhljóða e-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 10/1960 um söluskatt.

II. liður ákvæðis til bráðabirgða er hliðstæður b-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 10/1960 um söluskatt.

III. liður bráðabirgðaákvæðisins fjallar um skil framtalsskýrslna fyrir mánuð þann, er lögin öðlast gildi. Nauðsynlegt er að gera framteljendum að skila tveimur skýrslum í þeim mánuði, komi söluskattaukinn til framkvæmda annan dag mánaðarins en hinn fyrsta.

Fylgiskjal 1.

Tafla 1. Breyting skattbyrðar einstaklinga eftir fjölskyldustærð og tekjuhæð við lækkun tekjuskatts og hækkun söluskatts á árinu 1974, skv. frumvarpi til laga um skattkerfisbreytingu.

Brúttótekjur 1973 = B Þús. kr.	Barnlaus hjón					Hjón með 2 börn					Hjón með 4 börn				
	Fjöldi	Lækkun tekjusk. eða bætur Kr.	Hækkun sölusk. Kr.	Lækkun heildarskatta Kr.	Lækkun heildarskatta % af B	Fjöldi	Lækkun tekjusk. eða bætur Kr.	Hækkun sölusk. Kr.	Lækkun heildarskatta Kr.	Lækkun heildarskatta % af B	Fjöldi	Lækkun tekjusk. eða bætur Kr.	Hækkun sölusk. Kr.	Lækkun heildarskatta Kr.	Lækkun heildarskatta % af B
200	147	12 000	5 600	6 400	3,2	19	12 000	4 200	7 800	3,9	3	12 000	2 000	9 100	4,6
250	248	15 000	7 500	7 500	3,0	28	15 000	6 000	9 000	3,6	2	15 000	5 100	9 900	4,0
300	649	18 000	9 200	8 800	2,9	39	18 000	7 800	10 200	3,4	9	18 000	6 600	11 400	3,8
350	542	18 500	10 700	7 800	2,2	60	21 000	9 600	11 400	3,3	10	21 000	8 100	12 900	3,7
400	546	18 500	12 100	6 400	1,6	103	24 000	11 600	12 400	3,1	24	24 000	10 300	13 700	3,4
450	597	21 600	13 900	7 700	1,7	144	25 100	13 000	12 100	2,7	32	27 000	12 200	14 800	3,3
500	699	25 200	15 400	9 800	2,0	196	25 100	14 500	10 600	2,1	52	30 000	14 000	16 000	3,2
550	820	29 800	16 900	12 900	2,3	282	25 100	16 000	9 100	1,7	61	31 700	15 700	16 000	2,9
600	837	35 500	18 800	16 700	2,8	391	32 200	18 000	14 200	2,4	98	31 700	17 200	14 500	2,4
650	847	40 400	20 600	19 800	3,0	513	35 500	19 500	16 000	2,5	120	31 700	18 700	13 000	2,0
700	934	44 500	22 200	22 300	3,2	577	41 000	21 500	19 500	2,8	139	38 600	21 000	17 600	2,5
750	852	46 900	23 500	23 400	3,1	691	47 200	23 200	24 000	3,2	167	41 700	22 400	19 300	2,6
800	1 076	48 400	24 700	23 700	3,0	975	51 500	25 000	26 500	3,3	275	46 600	24 200	22 400	2,8
900	1 201	50 800	27 200	23 600	2,6	1 331	57 400	27 800	29 600	3,3	355	57 900	27 700	30 200	3,4
1000	2 049	53 700	29 600	24 100	2,4	2 493	60 200	30 200	30 000	3,0	730	66 400	31 000	35 400	3,5
1500	845	69 600	41 500	28 100	1,9	1 043	74 800	42 500	32 300	2,2	354	82 600	43 000	39 600	2,6
2000	198	89 700	52 200	37 500	1,9	211	92 100	54 000	38 100	1,9	65	100 900	54 300	46 600	2,3

Fylgiskjal 1.

Tafla 2. Breyting skattbyrðar einstaklinga eftir fjölskyldustærð og tekjuhæð við lækkun tekjuskatts og hækkun söluskatts á árinu 1974, skv. frumvarpi til laga um skattkerfisbreytingu.

Brúttótekjur 1973 = B Þús. kr.	Einhleypingar, barnlausir					Einstæð foreldri með 1 barn				
	Fjöldi	Lækkun tekjusk. eða bætur Kr.	Hækkun sölusk. Kr.	Lækkun heildarskatta Kr.	Lækkun heildarskatta % af B	Fjöldi	Lækkun tekjusk. eða bætur Kr.	Hækkun sölusk. Kr.	Lækkun heildarskatta Kr.	Lækkun heildarskatta % af B
50	5 681	3 000	700	2 300	4,6	424	3 000	0	3 000	6,0
100	5 414	6 000	2 700	3 300	3,3	305	6 000	2 200	3 800	3,8
150	7 090	9 000	4 700	4 300	2,9	397	9 000	4 100	4 900	3,3
200	6 545	11 000	6 300	4 700	2,4	394	12 000	6 000	6 000	3,0
250	4 473	11 000	7 600	3 400	1,4	385	15 000	7 800	7 200	2,9
300	4 096	15 900	9 200	6 700	2,2	368	18 000	9 700	8 300	2,8
350	3 898	18 500	10 700	7 800	2,2	392	21 000	11 300	9 700	2,8
400	3 624	25 100	12 500	12 600	3,2	360	21 400	12 700	8 700	2,2
450	3 279	30 800	14 100	16 700	3,7	263	28 200	14 800	13 400	3,0
500	2 619	37 400	16 100	21 300	4,3	212	30 000	16 200	13 800	2,8
550	2 109	39 200	17 300	21 900	4,0	136	35 900	18 200	17 700	3,2
600	1 723	40 900	18 600	22 300	3,7	118	41 500	20 000	21 500	3,6
650	1 331	42 600	19 700	22 900	3,5	75	49 500	21 800	27 700	4,3
700	900	44 000	21 000	23 000	3,3	64	52 500	23 300	29 200	4,2
750	667	46 000	22 200	23 800	3,2	34	54 100	24 600	29 500	3,9
800	719	47 500	23 500	24 000	3,0	38	56 900	25 600	31 300	3,9
900	562	51 100	25 800	25 300	2,8	19	59 700	28 100	31 600	3,5
1000	539	54 400	28 100	26 300	2,6	22	62 900	30 500	32 400	3,2
1500	152	71 700	39 800	31 900	2,1	7	78 700	42 200	36 500	2,4
2000	38	94 800	49 700	45 100	2,3	1	105 100	52 400	52 700	2,6

Fylgiskjal 1.

Skýringar við töflu 1 og 2.

Fjöldatölur sýna fjölda framteljenda á 50 þús. kr. tekjubilum (upp að 800 þús. kr.). Það skal tekið fram, að töflurnar ná aðeins til þessara tilteknu hópa framteljenda, en þeir telja yfir 80% af heildarfjölda.

Lækkun tekjuskatts sýnir mismun á álögðum tekjuskatti skv. gildandi lögum (skattvísitalan 154) og álagningu skv. I. kafla frumvarpsins að teknu tilliti til skattafsláttar, sem nýtist til greiðslu annarra opinberra gjalda en tekjuskatts, til námsaðstoðar eða útgreiðslu, eftir því sem við á.

Tölurnar um tekjuskattsálagningu, sem fram eru settar á þessum blöðum, eru áætlaðar með reiknilíkani hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Reiknistofu Raunvísindastofnunar háskólans. Líkanið er þannig gert, að framtöl allra 101 þús. framteljenda til skatts 1973, eins og þau koma fram í skattskrá, eru dregin

saman í 1100 meðaltöl eftir fjölskyldustærð og tekjuhæð. Tekjurnar eru síðan færðar fram til ársins 1973 sem nemur áætlaðri meðalbreytingu tekna.

Líkanið gefur færi á að meta áhrif mismunandi persónufrádráttar frá tekjum, mismunandi skattstiga, afsláttar frá tekjuskatti, með eða án útborgunar o. s. frv. Inn í líkanið er felld reikniaðferð til að meta áhrif breytingar á söluskatti til mótvægis lækkunar á tekjuskatti á skattbyrði framteljenda eftir tekjuhæð og fjölskylduaðstæðum.

Söluskattsbreytingar eru metnar á grundvelli áætlaðra ráðstöfunartekna 1974 (ráðstöfunartekjur=bráttótekjur að frádregnum beinum sköttum, o. fl.). Í töflunum er miðað við 5%—stiga hækkun, á söluskatti frá 1. mars 1974. Áætluðum útgjöldum er skipt í söluskattskyld og söluskattfrjáls útgjöld með hliðsjón af útgjaldaskiptingunni í grunni vísitölu framfærslukostnaðar. Aðferðinni má lýsa þannig, að söluskattur sé hér reiknaður af ráðstöfunartekjum að frádregnum 35 000 krónum fyrir hvern fullorðinn í fjölskyldu framteljenda og 17 500 krónum fyrir hvert barn, auk 23% af ráðstöfunartekjum. T. d. er gert ráð fyrir, að hjón með tvö börn og 700 000 króna ráðstöfunartekjur greiði söluskatt af 434 000 króna stofni. Þessi áætlunaraðferð byggist því að öllu leyti á skattframtöldum tekjum. Áhrif söluskattsbreytingar á ráðstöfun tekjuskattfrjálsra tekna koma þannig ekki fram hér.

Dæmum þessum er ætlað að gefa hugmynd um áhrif skattskerfisbreytingarinnar eftir tekjuhæð og fjölskylduaðstæðum. Nokkuð skortir á, að nægar upplýsingar séu til, til þess að meta söluskattsbyrði einstaklinga til fullnustu, og er reyndar vafasamt, að það verði nokkurn tíma gert svo óyggjandi sé. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna, að með þessari aðferð eru söluskattsáhrifin án efa fremur ofmetin en vanmetin, vegna þess að hér er gert ráð fyrir, að söluskattsbreytingunni sé allri velt út í verðlagið, sem fræðilega séð er ekki sjálfsagður hlutur, heldur fer eftir markaðsaðstæðum.

Loks skal á það bent, að þegar metið er gildi talnanna, sem sýna lækkun heildarskatta, þarf að hafa í huga, að hér er um tekjuskattfrjálsar hagsbætur að ræða.

Ed. 450. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Breytingartillögur, sem nefndin flytur, eru prentaðar á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 6. mars 1974.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Helgi F. Seljan.
Jón Árm. Héðinsson.	Jón Árnason, með fyrirvara	Steinþór Gestsson, með fyrirvara.
	Alexander Stefánsson.	

Ed. **451. Breytingartillögur** [113. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku félags- og atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.
2. Við 4. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Skulu þeir skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins, einn skipaður eftir tilnefningu Náttúruverndarráðs og tveir skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaráðs. Einn skipar ráðherra án tilnefningar.
3. Við 6. gr.
   a. Orðin „þ. á m. aðild að rekstri kynningarskrifstofa erlendis“ í I. tölul. 3 falli niður.
   b. Við I. Skipulagning ferðamála bætist nýr tölul., svo hljóðandi:
      6) Samstarf við almennar ferðaskrifstofur og könnun á nýjungum í ferðamálum.
   c. Orðin „dagleg störf“ í II. tölul. 1 falli niður.
   d. Við II. Þjónustustarfsemi. 5. tölul. orðist svo:
      Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum, í samráði við samtök veiðiréttareigenda og Landsamband stangaveiðifélaga.
   e. Við III. Eftirlit og umhverfisvernd. 2. tölul. orðist svo:
      Að hafa frumkvæði um, að uppfylltar séu nauðsynlegar hreinlætiskröfur, sér í lagi á stöðum, sem fjölsóttir eru af ferðafólki.
   f. Við III. Eftirlit og umhverfisvernd. Við 4. tölul. bætist: og stuðla að úrbótum á því, sem áfátt kann að reynast.
4. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Ferðamálaþing skal halda eigi síðar en í septembermánuði ár hvert. Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands, hvaða aðilar, samtök og stofnanir, er hafa hagsmuna að gæta, hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið, svo og hverjir hafa rétt til að sitja þingið án atkvæðisréttar.
5. Við 9. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Ferðamálaþing kýs til eins árs í senn sjö manna Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Ferðamálaráð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna í ráðinu.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Hlutverk Ferðamálaráðs skal vera að stuðla að því, að ályktanir Ferðamálaþings séu framkvæmdar, ræða ný viðhorf ...
6. Við 14. gr. a-liður falli niður.
7. Við 22. gr. 3. tölul. orðist svo:
   Sjóðnum er heimilt að veita Ferðamálastofnun Íslands framlag til að koma upp eða endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum, til umhverfisverndar og til annarra verkefna, sem nauðsynleg eru vegna ferðamanna, sbr. III. lið 6. gr. þessara laga. Styrkveitingar mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en 10% af árlegum tekjum sjóðsins samkvæmt 23. gr.

8. Við 26. gr. 3. málsgr. orðist svo:
Ráðherra skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að fjalla um málefni Ferðamálasjóðs. Skulu þeir gera rökstuddar tillögur um lán eða framlög úr sjóðnum. Formaður stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands skal eiga sæti í nefndinni. Ferðamálaþing tilnefnir einn nefndarmann. Hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar.
9. 32. gr. orðist svo:
Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma. Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

Nd. 452. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr. orðist svo:
Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný málsgr., er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilisins og fá orlof sitt greitt, er það óskar. á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.

Nd. 453. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 454. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar lög nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, voru sett, voru með þeirri löggjöf sameinaðar þrjár stofnanir: Efnahagsstofnunin, Framkvæmdasjóður Íslands og Atvinnujöfnunarsjóður, sem þá fékk nafnið Byggðasjóður.

Ein af meginröksemdum fyrir setningu laga nr. 93/1971 var einmitt þessi sameining framangreindra stofnana, það hagræði, sem af sameiningunni leiddi, og þó einkum þau stórbættu vinnubrögð, sem sameiningin gæti haft í för með sér, þar sem sérfræðingar á sviði hagrannsókna, áætlanagerðar og fjármagnsráðstafana gætu nú unnið sameiginlega innan einnar stofnunar undir einni stjórn að þessum verkefnum, í stað þess að vera sambandslitlir hver í sínu horni.

Sá stutti tími, sem liðinn er síðan Framkvæmdastofnun var komið á fót, hefur að flestra dómi sannað réttmæti þess, að löggjöf um hana var sett á þann veg, sem gert var. Hins vegar hefur ekkert að höndum borið, sem bendir til þess, að æskilegt væri að kljúfa stofnunina í tvennt, hvað þá að þar væri um brýna nauðsyn að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu telja undirritaðir ekki tímabært, að sú breyting verði gerð á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem í frv. felst, og leggja því til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. mars 1974.

Gils Guðmundsson, fundaskr. Karvel Pálmason, frsm.

Nd. 455. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 29. apríl 1967, orkulögum.

Frá Gils Guðmundssyni.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:

Nú æskir sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga eftir vinnuleyfi vegna hitaveituframkvæmda á háhitasvæði í eigu ríkisins, og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Nd. 456. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102/1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. á fundi og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Pétur Sigurðsson og Stefán Gunnlaugsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 1974.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Björn Pálsson.
Karvel Pálmason. Guðl. Gíslason.

Nd. **457. Frumvarp til laga** [260. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Ellert B. Schram, Stefán Gunnlaugsson, Jónas Árnason,
Karvel Pálmason, Bjarni Guðnason, Jón Skaftason.

1. gr.

Á eftir orðunum „aflvéla og ökutækja“ í 1. málsgr. 27. gr. laganna komi: hvers konar íþróttaæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

2. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. málsgr. 29. gr. laganna, svo hljóðandi:

f. íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

3. gr.

Á eftir 4. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðgjöld vegna íþróttafólks greiðast sameiginlega af ríkissjóði og Íþróttasambandi Íslands, og skulu nánari ákvæði um skiptingu iðgjaldsgreiðslna, svo og um slysatryggingar íþróttafólks, sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörp um þetta sama efni hafa oft áður verið flutt á Alþingi, en þrátt fyrir góðar undirtektir þingnefnda og áskoranir íþróttasamtakanna eigi náð fram að ganga, og hefur því barátta fyrir þessum sjálfsögðu réttindum íþróttafólks staðið í marga ártugi.

Þau rök, sem mæla með samþykkt frumvarpsins, eru þessi:

Eins og flestum, er til þekkja, er kunngt, koma oft fyrir slys við íþróttaæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og í flestum tilfellum félítið.

Augljóst er, að erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, sem það verður fyrir, þegar það verður lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slysa við íþróttaiðkanir.

Þennan vanda hefur íþróttahreyfingin sjálf reynt að leysa með myndun eigin slysatryggingasjóða, sem því miður, eftir meira en áratugs starfsemi, hafa eigi getað fullnægt nema hluta af tryggingaþörfinni.

Um raunhæfa lausn á þessu máli er því ekki að ræða, aðra en þá, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur.

Um sanngirni slíks máls má leiða fram mörg rök, en hér verður aðeins bent á þýðingu íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar og reyndar allra þeirra, eldri sem yngri, er iðka íþróttir, og því fráleitt, að íþróttafélag njóti eigi ákvæða almannatrygginga um slysabætur við íþróttaiðkanir.

Eins og fyrr segir, hafa Íþróttasamband Íslands og Íþróttabandalag Reykjavíkur rekið sjálfstæða slysatryggingasjóði, sem þó hafa ekki haft bolmagn til greiðslu fullnægjandi slysa- og kostnaðarbóta og hafa verið fjárhagslegur baggi fyrir íþróttahreyfinguna. Hafa þessir sjóðir þó ekki staðið undir örorku- eða dánarbótum, og verður að telja það mikilvægasta nýmæli frumvarpsins, að gert er ráð fyrir greiðslu slíkra bóta vegna slysa íþróttafólks, sem leiða til örorku eða dauða.

Það er með öllu ósæmandi, að íþróttafólk á Íslandi skuli ekki búa við þær slysatryggingar, sem í lögum um almannatryggingar felast. Verður að telja eðlilegt,

að sá fjárhagsvandi verði í fyrstu leystur sameiginlega af ríkissjóði og íþróttahreyfingunni, en ágreiningur um iðgjaldagreiðslur hefur torveldað framgang þessa réttlætismáls.

Í því sambandi er hugsanlegt, að íþróttahreyfingin leggi fram höfuðstóla þeirra slysatryggingasjóða, sem hún nú rekur, enda verði þeir skoðaðir sem iðgjaldagreiðslur af hálfu íþróttahreyfingarinnar næstu árin. Með því ætti að létta á kostnaði ríkissjóðs vegna þessarar lagabreytingar.

Gert er ráð fyrir, að um þessi atriði verði nánar kveðið á í reglugerð.

Ed. 458. Frumvarp til laga [247. mál]

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. mars.)

1. gr.

Ríkisskuldabréf og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXIII fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf þau. sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971 um framtalsfrelsi, skattfrelsi, verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, eiga við nýjar útgáfur ríkisskuldabréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs, sem út kunna að verða gefin á grundvelli heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 459. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum. Form. hafði samband við Hans G. Andersen þjóðréttarfræðing að ósk nefndarmanna. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Stefán Gunnlaugsson og Pétur Sigurðsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 7. mars 1974.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason. Jón Skaftason.

Guðl. Gíslason. Björn Pálsson.

Ed. 460. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970 um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Síðasta málsgrein 9. greinar orðist þannig:

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt af verkefnum dýralækna er að fylgjast með framleiðslustöðum mjólkur og heilbrigði nautgripa.

Mjólk er vandmeðfarin matvara, og við framleiðslu hennar verður að gera hinar ströngustu kröfur um hreinlæti og heilbrigði gripa.

Nauðsynlegt er, að dýralæknar hafi heimild að lögum til að stöðva sölu á mjólk frá þeim stöðum, sem ekki fullnægja kröfum laga og reglugerða um hreinlæti og heilbrigði.

Heimild dýralækna til slíkra aðgerða hefur verið véfengd, og til þess að taka af tvímæli er þetta frumvarp til lagabreytingar borið fram.

Ed. 461. Frumvarp til laga [262. mál]

um breyting á lögum nr. 61, 19. maí 1971 um breyting á lögum nr. 30, 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

2. málsgrein 2. greinar laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðastliðin áramót rann út frestur sá, sem ráðherra hafði heimild til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi áunnist í endurbyggingu sláturhúsa, er fyrirsjáanlegt, að enn um sinn verður að leyfa slátrun í ólöggiltum húsum, þar sem slátrun verður framkvæmd á viðunandi hátt að mati yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis.

Ber því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að samhljóða meðmæli yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis þurfi að vera til grundvallar undanþáguleyfi til slátrunar.

Ákvæði þetta er að þessu leyti aftur samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 30/1966, en greininni var breytt með lögum nr. 61/1971 á þann veg, að nægjanlegt var, að annaðhvort yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir mæltu með slátrun í viðkomandi húsi, til þess að ráðherra gæti veitt sláturleyfi.

Nd. 462. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna komi ný mgr., er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, er það óskar, á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 463. Breytingartillögur [113. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá Jóni Árnasyni og Steinþóri Gestssyni.

1. Við 4. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Skulu þeir skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins, einn skipaður eftir tilnefningu Náttúruverndarráðs og tveir skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaþings. Einn skipar ráðherra án tilnefningar.
2. Við 6. gr.
   a. 1. töluliður II. tölul. orðist svo:
      Að efla og styrkja starfsemi ferðamálafélaga og vinna að undirbúningi árlegs Ferðamálaþings.
   b. Við II. tölul. bætist nýr töluliður, sem verður 8. töluliður og orðist svo:
      Að annast skipulagningu orlofsferða og orlofsdvala með sem hagkvæmustum kjörum fyrir orlofsfólk, í samvinnu við starfandi ferðaskrifstofur. Skal stofnunin í þessu skyni leita samvinnu við stéttasamtök og önnur almannasamtök.
   c. Tölul. IV. Sölustarfsemi falli niður.
3. Á eftir 6. gr. komi ný gr., er verði 7. gr. og orðist svo:
   Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda samgönguráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ferðamálaþing skal halda eigi síðar en í septembermánuði ár hvert.
   Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, hvaða aðilar, samtök og stofnanir, er hagsmuna hafa

að gæta, hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið, svo og hverjir hafa rétt til að sitja þingið án atkvæðisréttar.

Hlutverk Ferðamálaþings er að fjalla um ferðamál og þróun þeirra og gera tillögur um þau, miðað við heildarstefnu laga þessara.

5. Við 9. gr. Greinin falli niður.

6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands boðar til Ferðamálaþings, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín.

Formaður stofnunarinnar setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið sér fundarstjóra.

7. Á eftir 10. gr. koma 4 nýjar greinar í nýjum kafla með heitinu: Ferðaskrifstofa ríkisins:

a. (11. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja ferðaskrifstofu, og nefnist hún Ferðaskrifstofa ríkisins, og veita henni allt að 10 millj. kr. stofnframlag.

b. (12. gr.) Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast alla þá starfsemi, sem um getur í 11. gr. laga þessara, svo og annað, er fellur undir almennan ferðaskrifstofurekstur, og auk þess er ferðaskrifstofunni heimilt að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna.

c. (13. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán vegna Ferðaskrifstofu ríkisins allt að 10 millj. króna.

d. (14. gr.) Ráðherra ræður forstjóra fyrir ferðaskrifstofuna, og skal það vera maður, sem fullnægir skilyrðum 14. gr. til þess að reka ferðaskrifstofu. Forstjóri ræður annað starfsfólk ferðaskrifstofunnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart ráðherra.

8. Við 26. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að fjalla um málefni Ferðamálasjóðs. Skulu þeir gera rökstuddar tillögur um lán og framlög úr sjóðnum. Formaður stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands skal eiga sæti í nefndinni. Ferðamálaþing tilnefnir einn mann. Hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

9. Við 32. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé það fé, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna, sem þangað koma. Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

10. Við ákvæði til bráðabirgða I. Fyrri málsgrein orðist svo:

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skyldum Ferðamálaráðs þess, er starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969.

11. Við ákvæði til bráðabirgða II. Ákvæðið orðist svo:

Ferðamálaráð samkvæmt lögum nr. 4/1969 skal boða til fyrsta Ferðamálaþings eigi síðar en 30. sept. 1974. Þar til stjórn Ferðamálastofnunar Íslands hefur verið fullskipuð samkvæmt lögum þessum, fer Ferðamálaráð með þau mál, sem undir Ferðamálastofnun Íslands falla samkvæmt lögum þessum.

Sþ. 464. Fyrirspurn [263. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu og kaup ríkisjarða.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hvað hefur núverandi ríkisstjórn selt margar ríkisjarðir:
   a) bændum, b) öðrum, og á hvaða verði hverja jörð?
2. Hvað hefur núverandi ríkisstjórn keypt margar jarðir:
   a) af bændum, b) af öðrum, og þá fyrir hvaða verð hverja jörð?
3. Hefur núverandi ríkisstjórn hafnað kaupum á nokkurri jörð og þá hvers vegna?

Nd. 465. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Sverrir Hermannsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1974.

Björn Pálsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.
Pétur Pétursson.	Stefán Valgeirsson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 466. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt með tveimur

BREYTINGUM:

1. Fyrir „60“ í 1. gr. komi: 80.
2. Fyrir orðið „marslok“ í sömu gr. komi: 15. maí.

Sverrir Hermannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en sendi þau boð á fundinn, að hann væri málinu samþykkur.

Alþingi, 11. mars 1974.

Björn Pálsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Pétur Pétursson.	Stefán Valgeirsson.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 467. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102/1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1974.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm.
Helgi F. Seljan, fundaskr.
Steingr. Hermannsson.
Geir Gunnarsson.
Oddur Ólafsson.
Jón Árnason.
Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 468. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Helga F. Seljan og Páli Þorsteinssyni.

1. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tenginga við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

Nd. 469. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 56 1973, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Björn Pálsson, Pálmi Jónsson, Pétur Pétursson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

2. töluliður 16.5 í 16. gr. laganna orðist svo:

Blönduósumdæmi.

a) Á Blönduósi H2, starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.
b) Á Skagaströnd H1, starfssvæði: Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

Greinargerð.

Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt á Alþingi 1973, var læknishérað á Skagaströnd lagt niður og sameinað Blönduóshéraði. Við fluttum þá breytingartillögu við frumvarpið, en hún var felld með eins atkvæðis mun í neðri deild. Búið var að byggja læknisbústað á Skagaströnd, og íbúar Höfðakauptúns kunna

því illa að hafa eigi lækni búsettan þar. Vegasamband við Blönduós er sæmilegt, en veður eru hörð norður á Skaganum. Norðaustanhríðar geta geisað dag eftir dag, þannig að illfært sé á milli húsa. Fólkið finnur til öryggisleysis að hafa eigi lækni hjá sér í kauptúninu.

Atvinnuástand er gott í Höfðakauptúni og fólkinu fjölgar. Eigi er ólíklegt, að eftir nokkur ár verði íbúatalan nær 1 000, því að fólkið er bjartsýnt og duglegt. Það á því skilið að njóta sæmilegs öryggis í heilbrigðismálum. Viðurkenna ber, að lítið er unnið við að hafa sérstök læknishéruð, ef eigi fást læknar til að starfa í þeim. Nokkur breyting virðist hafa orðið á í því efni, þannig að auðveldara virðist að fá lækna til að starfa í dreifbýlinu en áður var. Læknum fjölgar ört, og gróska er í atvinnulífi úti á landsbyggðinni. Eigi er því ólíklegt, að læknir fáist til að starfa í Höfðakauptúni, og er því tæpast rétt að haga löggjöf þannig, að það hindri, að íbúar Höfðakauptúns og vesturhluta Skagans geti búið við viðunandi öryggi í heilbrigðismálum.

Nd. 470. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið til viðræðna ráðuneytisstjórann í dómsmálaráðuneytinu. Auk þess hefur borist umsögn frá réttarfarsnefnd. Á grundvelli þessa leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Seltjarnarneshreppur skal vera kaupstaður. Nær umdæmið yfir allan núverandi Seltjarnarneshrepp og heitir Seltjarnarneskaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmi.
2. 2. gr. orðist svo:
   Dómsmálameðferð, lögreglustjórn, tollstjórn og önnur sú meðferð málefna af hálfu ríkisvaldsins í umdæminu, sem um ræðir í lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sbr. nú lög nr. 74 1972, heyrir undir þau embætti í Reykjavík, sem í þeim lögum greinir, sbr. nú 1.—6. gr. laga nr. 74 1972.
   Seltjarnarneskaupstaður og Reykjavík eiga saman dómþinghá.
3. 3. gr. breytist svo: Í stað orðanna „bæjarfógetans í Seltjarnarneskaupstað" komi: þeirra embætta í Reykjavík, sem kveðið er á um í 2. gr. hér að framan.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Velgeirsson og Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 11. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Ólafur G. Einarsson, frsm.
Ágúst Þorvaldsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 471. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til laga um skattlega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Á. Mathiesen.	Ásberg Sigurðsson.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Sþ. 472. Nefndarálit [96. mál]

um till. til þál. um athugun á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þáltill. þessa og mælir með, að hún verði samþykkt óbreytt.

Bjarni Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir.	Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.

Nd. 473. Lög [247. mál]

um skattlega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

(Afgreitt frá Nd. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 458.

Nd. 474. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu for-

stöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. 2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 58 28. apríl 1963.

Stefán Valgeirsson og Gylfi Þ. Gíslason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm. Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Thoroddsen. Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 475. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um till. til þingsályktunar á þskj. 50, um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum. Nefndin samþykkti að mæla með samþykkt tillögunnar óbreyttrar.

Bjarni Guðnason var fjarverandi atgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form. Jónas Árnason, fundaskr. Lárus Jónsson, frsm.
Bragi Sigurjónsson. Ragnhildur Helgadóttir. Jón Skaftason.

Nd. 476. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi um skattkerfisbreytingu viðurkennir ríkisstjórnin réttmæti þeirrar stefnu Sjálfstæðisflokksins í skattamálum, að fremur beri að skattleggja eyðslu en verðmætasköpun. Sú staðreynd er á hinn bóginn eftirtektarverð, að ríkisstjórn, sem í upphafi valdaferils síns nefndi sig stjórn hinna vinnandi stétta, hefur verið knúin til þessarar stefnubreytingar af launþegasamtökunum. Sá er þó gallinn á, að ríkisstjórnin hyggst nota þá skattkerfisbreytingu til þess að koma fram stórfelldum auknum skattálögum á þjóðina umfram lækkun tekjuskatta í því skyni að halda áfram þeirri eyðslustefnu, sem hún hóf strax við valdatöku sína.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru andvígir þessu og munu með breytingartillögum við frv. freista þess, að í senn verði raunverulegri skattkerfisbreytingu náð, tekjuskattslækkun verði í samræmi við skattafrv. Sjálfstæðisflokksins frá s. l. hausti, dregið úr eyðslu ríkissjóðs og hamlað gegn því verðbólguflóði, sem orð skortir til að lýsa og vex dag frá degi.

Við teljum, að með sparnaði í ríkisrekstri, er næmi 1 500 millj. kr., og 2%-stiga söluskattauka væri ríkissjóði bætt það tekjutap, sem tillögur okkar gera ráð fyrir.

Jafnframt leggjum við til, að hinum tekjulægstu verði með sérstökum skattafslætti bætt söluskattshækkunin, en með mun réttlátari hætti en gert er ráð fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar.

Það er skoðun okkar, að sú stefna, er fram kemur í breytingartillögum okkar, stuðli að auknum sparnaði, aðhaldi í ríkisrekstrinum, hamli gegn verðbólgunni og létti af þeirri tekjuskattsáþján, sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið að.

Reynslan hefur sýnt, hvílíkt afhroð stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hefur beðið, enda þannig til stofnað.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir svo um stefnu hennar í efnahagsmálum:

> „Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum."

Hvernig hefur svo ríkisstjórninni tekist til? Verðlag vöru og þjónustu hækkaði nær þrefalt hér á landi árið 1972 samanborið við nágrannalönd okkar. Hér nam hækkunin nær 14%, en þar um 5%. Árið 1973 var verðbólgan hér á landi sömuleiðis þreföld á við nágrannalöndin. Neysluvöruverðlag hækkaði hjá okkur um 24%, en umhverfis okkur um 8%.

Það er því vonlaust fyrir ríkisstjórnina að skjóta sér á bak við erlendar verðhækkanir, þar sem nágrannalöndin eru eins og engu síður en við háð utanríkisverslun. Því er hlálegt að heyra stjórn hinna vinnandi stétta halda því fram, að öll verðbólga sé innflutt. Þar með er hún að segja, að engin verðmætasköpun eigi sér stað innanlands. Staðreyndin er hins vegar sú, að erlend aðföng eru vart meira en um þriðjungur heildarvirðis framleiðslunnar. Því er unnt með þeim tveimur þriðju, sem myndast hér innanlands, að jafna niður áhrifum erlendra verðhækkana, ef vel er á málum haldið.

Í skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, „Þjóðarbúskapurinn, yfirlit 1972 og horfur 1973", frá í júlí 1973, á bls. 61, er að finna svar við þessum staðhæfingum ríkisstjórnarinnar. Þar er spáð hækkun vísitölu vöru og þjónustu um 22% frá nóv. 1972 til nóv. 1973, sem varð raunar meiri. Hlutfallsleg áhrif einstakra þátta á hækkunina eru talin þessi:

1.	Bein áhrif gengisbreytinga	22.7%
2.	Bein áhrif breytinga innflutningsverðs í erlendri mynt	18.2%
3.	Bein áhrif breytinga óbeinna skatta	13.6%
4.	Áhrif annarra þátta, einkum launakostnaðarbreytinga, m. a. vegna verðlagsuppbóta	45.5%
	Samtals	100.0%

Hvað segja þessar tölur? Þær segja, að 18.2% eða minna en ⅕ af verðbólgunni er af erlendum toga spunnið.

Slíkri verðbólgustefnu er ekki hægt að fylgja eftir öðruvísi en með síaukinni skattheimtu, eins og staðreyndir sýna.

Strax á fyrsta þingi núv. kjörtímabils réðust núverandi stjórnarflokkar í breytingu á skattalögunum, sem voru í senn vanhugsaðar og án þess að þeir gerðu sér nokkra grein fyrir því, hvaða áhrif breytingarnar hefðu á einstaklinga, atvinnureksturinn eða skatttekjur ríkisins í heild.

Sjálfstæðismenn snerust gegn þessum breytingum og vöruðu við þeim og afleiðingum þeirra, en á það var því miður ekki hlustað. Ljóst var, að þær breytingar, sem gerðar voru, mundu hafa í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins. Við lögðum þess í stað til, að haldið yrði áfram þeirri vel undirbúnu endurskoðun, sem fram fór á árunum 1969—1971, og frestað yrði lögfestingu á þeim breytingartillögum, sem fólust í frv. vinstri stjórnarinnar.

Við álagningu 1972 kom í ljós, að allt, sem stjórnarandstaðan hafði sagt á þingi, var rétt. Ríkisstjórnin varð að grípa til bráðabirgðalaga, til þess að gamla fólkið sligaðist ekki algjörlega undir þeirri þungu skattbyrði, sem stjórnarflokkarnir höfðu samþykkt.

Þá kom í ljós, að innheimtir tekju- og eignarskattar fóru nær einn milljarð fram úr áætlun 1972 og skattbyrðin jókst um rúm 20%.

Enn var haldið áfram á sömu braut. Við álagningu 1973 námu tekjuskattar einstaklinga 4 678 millj. kr., að meðtöldu 1% álagi Byggingarsjóðs ríkisins, en við álagningu 1971 1 117 millj. kr. Þetta jafngildir 318.8% hækkun 1971—1973, á sama tíma sem bruttótekjur framteljenda hækka aðeins um 60%.

Sömu hneigðar gætir í fjárlagafrumvarpi því, sem Alþingi hefur nýlega samþ. Þar er gert ráð fyrir, að tekjuskattur nemi 6 795 millj. kr., þar af nema tekjuskattar einstaklinga um 5 806 millj. kr. og félaga 922 millj. kr. Og áfram heldur ríkisstjórnin í sömu átt.

Á árinu 1973 lentu 72% allra tekjuskattsgreiðenda í hæsta skattþrepi, en þá er tekjuskattur orðinn 44.44% (með 1% álagi til Byggingarsjóðs ríkisins). Að viðbættu útsvari, kirkjugarðsgjaldi og Viðlagasjóðsgjaldi runnu því í flestum tilvikum 55.69% hverrar krónu, sem aflað var í viðbót, til opinberra aðila.

Ætla má, að við álagningu 1974 samkvæmt óbreyttum lögum og skattvísitölu 154, sem er hækkuð um 20.3% frá fyrra ári, lendi um 90% tekjuskattsgreiðenda í hæsta skattþrepi, enda hefur skattvísitalan ekki verið látin fylgja meðaltekjuaukningu og hækkuð um 30%.

Vissulega er mælirinn löngu orðinn fullur. Engir gerðu sér það betur ljóst en launþegar, þar sem skattþunginn á þeim hafði vaxið svo í tíð núverandi ríkisstjórnar sem áður segir. Launþegasamtökin settu því skattamálin á oddinn við nýafstaðna kjarasamninga, en slíkt hefur aldrei gerst áður.

Í framhaldi af yfirlýsingu þeirri, er ríkisstjórnin gaf varðandi skattamálin, flytur hún þetta frumvarp, sem þannig er úr garði gert, að augsýnilegt er, að ríkissjóði er ætlað að stórhagnast á skattkerfisbreytingunni.

Við samanburð á greinargerð frumvarpsins og endurskoðaðri áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs 1974, sem lögð var fram af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd, kemur í ljós, að eftir skattkerfisbreytinguna yrðu innheimtar tekjur ríkissjóðs af 5%-stiga söluskattauka 1 200 millj. kr. hærri en áætluð lækkun innheimts tekjuskatts 1974.

Hækkun innheimts söluskatts um 5% er áætluð í greinargerð 2 900 millj. kr., en samkv. áður nefndri áætlun lækkar innheimtur tekjuskattur einungis um 1 700 millj. kr., en í frv. er gert ráð fyrir söluskattsinnheimtu í 9 mánuði ársins 1974.

Mun óhagstæðari verður samanburðurinn á ársgrundvelli 1975. Ekki verður séð, að þá sé stefnt að frekari tekjuskattsívilnun né lækkun á söluskattsprósentu, þótt söluskattaukinn verði þá innheimtur allt árið, og viðbótartekjur ríkissjóðs þess vegna 1 100 millj. kr., miðað við meðalverðlag 1974.

Hreinn hagnaður ríkissjóðs 1975 af skattkerfisbreytingunni, miðað við meðalverðlag 1974, verður því nálægt 2 300 millj. kr. Af þessu er ljóst, hvert stefnir, verði frumvarpið samþ. óbreytt.

Til þess að freista þess, að svo verði ekki, flytjum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd breytingartillögur við frumvarpið, sem eru samhljóða frumvarpi því, er flutt var á vegum Sjálfstæðisflokksins sl. haust, en þar var byggt á þeirri grundvallarstefnu sjálfstæðismanna, sem lögfest var 1960, að almennar launatekjur skyldu skattfrjálsar og eyðslan skattlögð fremur en verðmætasköpun.

Auk þess að leggja til hækkaðan persónufrádrátt í samræmi við þá stefnu leggjum við til, að hinir tekjulægstu, sem ekki njóta hækkunar persónufrádráttar, fái sérstakan skattafslátt, sem bæti þeim söluskattshækkun þá, sem gert er ráð fyrir í breytingartillögunum.

Breytingartillögur okkar gera ráð fyrir tekjuskattslækkun, er nemur um 3 000 millj. kr.

Verði breytingartillögur okkar samþykktar, verður innheimtur tekjuskattur árið 1974, að frágengnum skattafslætti, 2 910 millj. kr. í stað 5 806 millj. kr., sem fjárlögin gera ráð fyrir. Tekjutap ríkissjóðs yrði þá 2 896 millj. kr.

Við leggjum til, að tekjutapi þessu verði mætt með 1 500 millj. kr. sparnaði á ríkisútgjöldum, sem fjárveitinganefnd geri tillögur um. Þá leggjum við til, að söluskattur verði hækkaður um 2%-stig, sem gæfi að okkar dómi tæpar 1 400 millj. kr. í tekjuauka 1974.

Þá leggjum við til, að 1½% launaskattur, sem lagður hefur verið á til bráðabirgða frá verðstöðvuninni 1970, verði nú felldur niður, en tekjutapi ríkissjóðs þess vegna, 450 millj. kr., mætt af umframtekjum, sem ætla má að verði yfir 3 000 millj. kr.

Enda þótt vitað sé, að ríkisútgjöldin fari fram úr áætlun, ætti ríkissjóður þannig að hafa umframtekjur til að mæta því, og þess vegna er rétt að afnema þennan bráðabirgðaskatt nú.

Við leggjum hins vegar til, að í Byggingarsjóð ríkisins renni 2% launaskattur, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, enda rýrnar sjóðurinn í verðbólgueldi núverandi stjórnar.

Að flestra dómi ber að snúa frá þeirri stefnu eyðslu og verðbólgu, sem ríkt hefur í landinu frá valdatöku núverandi ríkisstjórnar og endurspeglast í þessu frumvarpi, og beinast tillögur undirritaðra að því.

Alþingi, 12. mars 1974.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Ásberg Sigurðsson.

Ed. 477. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1974.

Helgi F. Seljan, form. Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. Oddur Ólafsson, frsm.
Geir Gunnarsson. Auður Auðuns. Eggert G. Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.

Nd. 478. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á síðast liðnu hausti fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar, þar sem mörkuð var ný stefna í íslenskum skattamálum. Talið var orðið tímabært að gera gagngera breytingu á skattkerfinu á Íslandi. Meginbreytingin

skyldi vera fólgin í því, að horfið yrði frá því, að meginþorri einstaklinga greiði tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, heldur greiði gjöld sín til hins opinbera í staðinn í formi óbeins skatts, söluskatts. Þeim, sem hafa mjög háar tekjur, var þó ætlað að greiða áfram stighækkandi tekjuskatt, og sömuleiðis var lagt til, að áfram yrði greiddur stighækkandi tekjuskattur af hagnaði af atvinnurekstri. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun, sem verja átti til að hækka tekjur þeirra, sem lægstar tekjur hafa og ætla mætti, að greiða mundu meira vegna hækkunar söluskatts en þeir hefðu greitt í tekjuskatt. Hér var m. ö. o. sett fram hugmyndin um svo nefndan „neikvæðan tekjuskatt".

Meginástæða þess, að þingflokkur Alþýðuflokksins setti á síðast liðnu hausti fram víðtækar tillögur um nýtt skattkerfi, var sú, að ljóst var orðið, að byrði beinna skatta væri orðin óbærilega þung og álagning þeirra að mörgu leyti mjög ranglát. Álagningarkerfið hefur undanfarin ár orðið óeðlilega flókið og veitt skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra undanbragða og ólöglegra. Eftir þá breytingu, sem núverandi ríkisstjórn gerði á skattalögum, skömmu eftir að hún tók við völdum, hefur hlutfall tekjuskatts af beinum tekjum orðið svo hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða frá þriðjungi og allt að helmingi tekna sinna í beina skatta. Þessi óhóflega skattheimta hefur í mörgum tilfellum orðið og verður í æ fleirum fjötur á framtakssemi og vinnuvilja og hefur þannig beinlínis orðið hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna. Þegar vitað er, að um eða yfir helmingur viðbótartekna fer til greiðslu tekjuskatts, getur ekki hjá því farið, að það hafi áhrif á allt viðhorf manna til tekjuöflunar, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga.

Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná tekjujöfnunarmarkmiðinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðismála og skólamála, og enn fremur margs konar niðurgreiðslur á neysluvörum almennings. Er óhætt að fullyrða, að álagning stighækkandi tekjuskatta hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu, auk þess sem það er ranglátt, þar eð reynsla hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimild laganna til frádráttar, svo sem vaxtafrádráttar, með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna.

Þegar óbeinn skattur eins og söluskattur er greiddur, ræður skattgreiðandinn meira um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Þá má nefna, að framkvæmd tekjuskattsinnheimtu er óhemjudýr og miklu dýrari en innheimta söluskatts. Mikill kostnaður mundi sparast við niðurfellingu þeirrar tekjuskattsheimtu, sem framkvæmanleg er. Enginn teljandi aukinn kostnaður er því hins vegar samfara að hækka hundraðstöluhlutfall söluskatts.

Þegar launþegasamtök hófu að undirbúa viðræður um nýja kjarasamninga á síðast liðnu ári, gerðu forustumenn þeirra sér ljóst, að hin skefjalausa tekjuskattsheimta drægi mjög úr raungildi kauphækkana í krónum vegna þess, hve há hlutfallstala sérhverrar tekjuaukningar rynni sjálfkrafa til opinberra aðila. Þess vegna varð það stefna launþegasamtakanna í samningaviðræðunum að leggja áherslu á nauðsyn þess að lækka tekjuskatt til ríkisins, en fallast á hækkun söluskatts í staðinn, ef jafnframt fylgdu ráðstafanir til þess að auka tekjur þeirra, sem ætla mætti, að greiða mundu meira vegna hækkunar söluskatts en þeir hefðu greitt í tekjuskatt eða m. ö. o., að tekin yrði upp eitthvert form svo nefnds neikvæðs tekjuskatts. Hér var um sömu grundvallarhugmyndir að ræða og fólust í tillögum þingflokks Alþýðuflokksins.

Það var þess vegna mikið fagnaðarefni, að ríkisstjórnin skyldi í sambandi við samningsgerðina lýsa því yfir, að hún væri reiðubúin til að fallast á þessa grundvallarstefnu. Þetta frumvarp um skattkerfisbreytingu er einmitt byggt á henni. Í því felast ákvæði um lækkun tekjuskatts til ríkisins, hækkun söluskatts og skattafsláttarkerfi, sem ætlað er að hafa hliðstæð áhrif og þær hugmyndir, sem yfirleitt hafa verið kenndar við svo nefndan „neikvæðan tekjuskatt."

Þegar um er að ræða slíka skattkerfisbreytingu, þ. e. þegar tekjuskatti er breytt í söluskatt, ber auðvitað að haga breytingunni þannig, að í stað eins árs tekjuskatts komi eins árs söluskattur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að árlegt tekjutap af tekjuskattslækkuninni, miðað við núverandi aðstæður, muni nema 2 700 millj. kr. Það er sá tekjumissir, sem fyrst og fremst ber að bæta ríkissjóði með hækkun söluskatts. Í greinargerð frumvarpsins er talið, að miðað við núverandi aðstæður muni hvert söluskattsstig færa ríkissjóði 800 millj. kr. tekjur á ári.

Miðað við þessar staðreyndir, sem sóttar eru í sjálft frumvarpið um skattkerfisbreytinguna og greinargerð þess, er augljóst, að 3.5 stiga hækkun söluskatts er nægileg til þess að jafna þá 2 700 millj. kr. lækkun tekjuskatts, sem er aðalatriði frumvarpsins og þeirrar skattkerfisbreytingar, sem það á að leiða til.

Í frumvarpinu gerir ríkisstjórnin hins vegar ráð fyrir því að hækka söluskatt um 5 stig. Er það rökstutt með því, að á yfirstandandi ári muni hækkun söluskattsins ekki gilda nema í 9—10 mánuði og þess vegna þurfi hún að vera þeim mun meiri. Ef þannig væri farið að, væri verið að **blanda saman skattkerfisbreytingu, sem gilda á um ófyrirsjáanlega framtíð, annars vegar og fjármálum ríkisins á 9—10 mánaða tímabili á tilteknu ári hins vegar.** Hér er augljóslega um tvö óskyld mál að ræða. Skattkerfisbreytinguna, sem gilda á til frambúðar, á að hugsa og skipuleggja þannig, að lækkun eins tekjustofns sé mætt með tilsvarandi hækkun annars, þ. e. að tekjumissir vegna lækkaðs tekjuskatts sé bættur með tekjuauka vegna hækkaðs söluskatts. Þessar tölur eiga að vera jafnar, hér á að koma króna á móti krónu. Að öðrum kosti er meira tekið af greiðendum söluskatts en greiðendum tekjuskatts er ætlað að fá. Með þessu er ekki verið að dæma um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á þessu ári eða taka afstöðu til vandamála í því sambandi. Þingflokkur Alþýðuflokksins taldi afgreiðslu fjárlaga fyrir síðast liðið ár og yfirstandandi ár vera svo ábyrgðarlausa, að hann greiddi atkvæði gegn fjárlagafrumvörpunum fyrir árin 1973 og 1974. Hann getur ekki fallist á, að ærnum vandamálum í sambandi við stjórnleysi á fjármálum ríkisins sé blandað saman við réttláta og skynsamlega breytingu á skattkerfinu. Hann getur ekki fallist á, að eðlilegt sé, að ríkisstjórnin hagnýti skilning almennings á nauðsyn réttlátari skattheimtu til þess að afla ríkissjóði viðbótartekna, umfram það, sem skattkerfisbreytingin sjálf gefur tilefni til. Þessi mál á að ræða hvort í sínu lagi og taka afstöðu til þeirra hvors um sig. — Skattkerfisbreytingin er eitt, fjárhagsvandamál ríkisins á árinu 1974 annað. Þessu tvennu á ekki að blanda saman.

Þá er að víkja að því, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir skattafsláttarkerfi, sem ætlað er að auka tekjur þeirra, sem greiða mundu meira í söluskatt en því nemur, sem þeir spara vegna lækkunar tekjuskatts. Hér er um að ræða sömu grundvallarhugmyndina og sett var fram í tillögum þingflokks Alþýðuflokksins í haust. Í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að útgjaldaauki ríkissjóðs vegna skattafsláttarkerfisins muni nema um 550 millj. kr. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur slíkt skattafsláttarkerfi vera nauðsynlegan þátt í breytingunni á skattkerfinu í heild og telur sér þess vegna skylt að benda á tekjur, sem staðið geti undir þessum 550 millj. kr. útgjöldum. Í þessu sambandi skal bent á tvennt:

1. Eftir áramót eða eftir að gildandi fjárlög tóku gildi tók fjármálaráðherra ákvörðun um nýjan tekjustofn. Ákveðið var, að við álagningu tekjuskatts í ár skyldi mat á eigin húsaleigu miðað við 3% af fasteignamati, en ekki þau 2%, sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Þessi ákvörðun mun færa ríkissjóði auknar tekjur, sem nema a. m. k. 150—200 millj. kr. á ári.

2. Áætlun gildandi fjárlaga um tekjur af tekjuskatti er við það miðuð, að aukning tekna milli áranna 1972 og 1973 hafi numið 25—26%. Nú liggur fyrir, að sú tekjuaukning er talsvert meiri. Þótt ekki sé gert ráð fyrir nema 2—3% tekjuaukningu umfram það, sem fjárlög miða við, en það er mjög varlega áætlað, nemur það a. m. k. 350—400 millj. kr. aukningu á tekjuskatti umfram það, sem gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum.

Ríkisstjórninni er því innan handar að taka ákvörðun um, að nota tekjur af hinum nýja tekjustofni, hækkun eigin húsaleigu úr 2% í 3%, annars vegar, og tekjuaukningu af tekjuskatti vegna þess, að tekjurnar, sem lagt verður á í ár, munu reynast meiri en gert var ráð fyrir við samningu fjárlaga, til þess að standa undir útgjaldaaukningu vegna skattafsláttarkerfisins, en **tekjuaukning umfram tölur fjárlaga af þessum tveim ástæðum mun örugglega nema hærri upphæð en 550 millj. kr.**

Þessi sjónarmið eru viðurkennd með upplýsingum, sem fjárhags- og viðskiptanefnd voru látnar í té í gær af hálfu embættismanna. Tekjuskattur einstaklinga er í gildandi fjárlögum áætlaður 5864 millj. kr. Miðað við þær forsendur, sem nú eru taldar gilda, er hann áætlaður 4100 millj. kr., ef frumvarpið yrði samþykkt. Tekjur af tekjuskatti eru m. ö. o. taldar verða aðeins 1764 millj. kr. minni en fjárlög gera ráð fyrir. Tekjur af söluskatti eru í fjárlögum áætlaðar 6702 millj. kr. Þær eru, miðað við núgildandi forsendur, áætlaðar 10 780 millj. kr. eða 4078 millj. kr. hærri. Miðað við fjárlög eru tekjur af söluskatti þannig taldar aukast um meira en tvöfalda lækkun tekjuskatts.

Í skattatillögum Alþýðuflokksins frá síðast liðnu hausti var ekki gert ráð fyrir því að afla fjár til þess að greiða kostnað við neikvæðan tekjuskatt eða það, sem nú er nefnt skattafsláttarkerfi, með hækkun á söluskatti umfram það, sem talið var nauðsynlegt vegna lækkunar tekjuskatts. Þingflokkur Alþýðuflokksins taldi þá og telur enn, **að algjörlega óeðlilegt sé að bæta við þá hækkun söluskatts, sem nauðsynleg er vegna lækkunar tekjuskatts, til þess að greiða kostnað við skattafsláttarkerfi, þar eð því er einmitt ætlað að létta byrði þeirra, sem hækkun söluskatts bitnar á umfram hagræði af tekjuskattslækkun.** Með því móti væri þeim íþyngt enn frekar, sem ætlað er að njóta góðs af hinu nýja skattafsláttarkerfi. Þess vegna taldi þingflokkur Alþýðuflokksins í haust og telur enn, að **tekna vegna kostnaðar við skattafsláttarkerfið eigi að afla með öðrum hætti en viðbótarhækkun á söluskatti.** Í haust lagði þingflokkur Alþýðuflokksins til, að útgjöld vegna skattafsláttarkerfis yrðu jöfnuð með því að halda áfram innheimtu vissra gjalda, sem lögð höfðu verið á í sambandi við stofnun Viðlagasjóðs. Nú bendir þingflokkur Alþýðuflokksins á aðrar leiðir til þess að standa undir þessum útgjöldum, eins og að framan hefur verið lýst.

Um þau ákvæði III. kafla frumvarpsins að hækka launaskatt um 1% og láta tekjur renna til íbúðarlánakerfisins er það að segja, að þótt slík ákvæði eigi auðvitað ekki heima í frumvarpi um breytingu tekjuskatts og söluskatts, mun þingflokkur Alþýðuflokksins styðja þessi ákvæði vegna brýnnar þarfar á því að auka tekjur íbúðarlánakerfisins.

Í framhaldi af því, sem að framan hefur verið sagt, er afstaða þingflokks Alþýðuflokksins þessi:

1. Þingflokkurinn er samþykkur þeirri meginstefnu varðandi lækkun tekjuskatts, sem fram kemur í I. kafla frumvarpsins, og mun samþykkja hann, en áskilur sér þó, eins og venja er, rétt til þess að fylgja einstökum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

2. Þingflokkurinn er einnig samþykkur hugmyndinni um skattafsláttarkerfi, eins og hún er fram sett í I. kafla frumvarpsins, og mun greiða atkvæði með ákvæðunum um það, með sama fyrirvara og að framan getur.

3. Á sérstöku þingskjali mun ég bera fram breytingartillögu við ákvæði II. kafla um, að söluskattur skuli hækka um 5 stig. Þingflokkurinn telur söluskatt ekki eiga að hækka meira en svarar til lækkunar tekjuskatts og telur sig hafa sýnt fram á,

að 3.5 stiga hækkun nægi í því skyni. Breytingartillagan er því um, að hækkun söluskatts skuli nema 3.5 stigum.

4. Þótt þingflokkur Alþýðuflokksins sé þeirrar skoðunar, að ákvæði III. kafla frumvarpsins um launaskatt eigi ekki heima í frumvarpi um skattkerfisbreytingu, þ. e. sé alveg óviðkomandi ráðstöfunum til þess að breyta tekjuskatti í söluskatt, mun hann greiða atkvæði með þeirri hækkun launaskattsins, sem þar er gert ráð fyrir, vegna þeirrar brýnu nauðsynjar, sem Byggingarsjóði ríkisins er á auknum tekjum til þess að geta annað nauðsynlegum lánveitingum til húsbyggjenda.

Alþingi, 12. mars 1974.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 479. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GÞG).

Við 7. gr. Fyrir „5% — fimm af hundraði — söluskattauka“ kemur: 3½% — þrír og hálfur af hundraði — söluskattauka.

Nd. 480. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar mælir með frumvarpinu að viðbættum þeim breytingartillögum, sem formaður nefndarinnar flytur á sérstöku þingskjali.

Meginefni þessa frumvarps er byggt á samkomulagi, sem var gert milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtaka í sambandi við nýgerða kjarasamninga. Samkvæmt samkomulaginu skal tekjuskattur, sem lagður er á einstaklinga, lækka mjög verulega, en á móti kemur 5% söluskattur, sem ekki kemur inn í vísitöluna. Þá var samið um sérstakar bætur til handa þeim, sem ekki njóta neins hagnaðar af tekjuskattslækkuninni og yrðu ella að taka á sig söluskattshækkunina óbætta.

Allmikið hefur verið deilt um, hvort söluskattshækkunin nemi hærri upphæð en tekjuskattslækkunin og þau aukaútgjöld, sem ríkissjóður tekur á sig vegna þessara breytinga. Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur aflað sér nýjustu áætlana, sem fyrir liggja hjá viðkomandi embættismönnum um þetta efni. Samkvæmt þeim mundi álagður tekjuskattur á einstaklinga nema réttum 7 milljörðum króna samkvæmt núgildandi skattalögum, en verða 4.1 milljarðar króna samkvæmt skattalagabreytingunni. Tekjutap ríkissjóðs vegna tekjuskattslækkunarinnar yrði þá 2.9 milljarðar króna. Við þetta bætast svo útgjöld ríkissjóðs vegna svonefnds skattafsláttar, sem eru áætluð 550 milljónir króna, og svo aukin útgjöld ríkissjóðs vegna söluskattshækkunarinnar, sem eru áætluð 100 millj. kr. Samtals nemur því tekjutap og aukin útgjöld ríkisins 3550 milljónum króna á þessu ári. Á móti kemur svo 5% söluskattur, en áætlað er, að eitt söluskattsstig nemi um 680 millj. kr. á tímabilinu 1. mars—31. desember, eða samtals 3400 millj. króna. Frá þessu dregst, að mars verður hálfur liðinn, þegar frumvarp þetta kemur til framkvæmda, ef að lögum verður. Sést á þessu, að 5% söluskattur nægir ekki til að bæta til fulls tekjutap og aukin útgjöld ríkisins á þessu ári vegna skattalagabreytingarinnar. Hins vegar yrði þetta

dæmi hagstætt á ársgrundvelli, en reiknað er með, að hvert söluskattsstig nemi þá um 800 millj. kr., eða 5% söluskattur um 4000 millj. á ársgrundvelli.

Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á eftirfarandi ákvæði í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar:

„Fulltrúar ASÍ leggja á það áherslu, að með því að fallast á 5%-stiga hækkun söluskatts sé tekið mið af skertri álagningu á árinu 1974. Á árinu 1975 verði því að taka tillit til þess við skattaákvarðanir, þannig að þá verði metið, hvað 5%-stiga hækkun á söluskatti nemi yfir árið, og jafnframt, hve skattalækkun þá nemi miklu samkvæmt nýja skattstiganum, og að því leyti sem söluskatturinn verður talinn nema hærri upphæð, þá verði sá hluti, sem umfram er, metinn inn í kaupgjaldsvísitölu."

Í samræmi við þetta ákvæði samkomulagsins mun hlutfallið milli tekjuskattslækkunarinnar og söluskattshækkunarinnar metast að nýju á næsta ári, þegar hægt verður að miða við ársgrundvöll.

Því hefur verið haldið fram, að verðbólgan muni auka tekjur ríkisins meira en hún eykur útgjöld þess. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á alveg nýrri spá, sem sérfræðingar hafa gert um breytingar, sem verða á fjárlögum vegna orðinna og væntanlegra verð- og kauphækkana. Samkvæmt þessari spá munu útgjöldin hækka um 3655 millj. króna, en tekjurnar um 3088 millj. króna. Samkvæmt þessu verða breytingarnar frá fjárlögum ríkissjóði í óhag um 567 millj. króna. Hér er því síður en svo upp á eitthvað að hlaupa til að mæta tekjuskattslækkuninni.

Alþingi, 12. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.

Karvel Pálmason.

Nd. 481. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 4. gr.
   a. Upphaf 3. mgr. II. liðar orðist svo:
      Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur, skv. liðum A.—D. og málsgreininni næstu hér að framan, en nemur tekjuskatti skv. I. tl., og þá eins þegar tekjuskattur skv. I. tl. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur. Þetta fé telst ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr., og skal því fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist:
   b. A-liður 3. tl. 3. mgr. II. liðar orðist svo:
      Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem telja fram á skattárinu til frádráttar kostnað vegna náms síns.
   c. 4. tl. 3. mgr. II. liðar orðist svo:
      Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.

2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verði 6. gr. og orðist svo:
   4. málsl. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á 41. gr. laga nr. 68/1971, orðist svo:
   Ríkisskattanefnd skal annast útgáfu úrskurða sinna árlega.

3. Við 13. gr. 6. mgr. orðist svo:
   Sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., sem úrskurðaðar eru af nefnd samkvæmt 5. mgr., skal gera á hendur hinum söluskattskylda aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Þær skulu njóta lögtaksréttar, og beita má ákvæðum 4. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

Ed. 482. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 3. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, bætist:

   Þó er eiganda skrásetts dráttartækis, sbr. 1. mgr. 67. gr., heimilt að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarfélags skv. 1. mgr., þegar endurkrafan er sprottin af tjóni vegna dráttar á öðru ökutæki.
2. Við fyrirsögn bætist: og lög nr. 23 3. maí 1972.

Sþ. 483. Fyrirspurn [265. mál]

til landbúnaðarráðherra um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju.

Frá Jóni Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, er samþykkt var á Alþingi 17. maí 1969, um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju?

Nd. 484. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá Karvel Pálmasyni, Gils Guðmundssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Við 4. gr. II.

1. Aftan við fyrri málslið 3. málsgr. bætist: sbr. þó ákvæði þessarar greinar um reglugerð um meðferð skattafsláttar.
2. Aftan við 4. málsgr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Í reglugerð skal tryggja eftir föngum, að skattafsláttar njóti ekki þeir, sem skattlausir eru vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna.

Ed. 485. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um lántökuheimildir erlendis.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi sínum í dag og mælir með samþykkt þess.

Tveir nefndarmanna, Halldór Blöndal og Geir Hallgrímsson, undirrita nefndarálitið með fyrirvara. Björn Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.

Nd. 486. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   3. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

   Tekjum og eignum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Skattfjárhæðir skulu birtar skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Hjónin ábyrgjast skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt ber því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess af þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur vegna séreignar eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.
2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.).
   a. Í stað „84 700 kr.“ í 1. mgr. komi: 124 000 kr.
   b. Í stað „38 500 kr.“ og „23 000 kr.“ í 2. mgr. komi: 62 000 kr. og 37 200 kr.
   c. Nýr liður bætist við 13. gr., er verði G-liður, svo hljóðandi:
      Heimilt skal fjármálaráðherra að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
3. Við 2. gr. frv. (sem verður 3. gr.).
   a. Í stað „1 232 kr.“ í 1. mgr. komi: 5 000 kr.
   b. Í stað „7 700 kr.“ í 2. mgr. komi: 18 600 kr.
4. Við 3. gr. frv. (sem verður 4. gr.).
   a. Í stað „238 000 kr.“ í A-lið 1. mgr. komi: 310 000 kr.
   b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
      Fyrir hjón samtals 435 000 kr., 217 500 kr. hjá hvoru.
   c. Í stað „50 000 kr.“ í C-lið 1. mgr. komi: 62 000 kr.
   d. Í stað „96 000 kr.“ og „11 000 kr.“ í 3. mgr. komi: 124 000 kr. og 13 500 kr.
   e. Á undan 4. mgr. komi 2 nýjar mgr., er verði 4. og 5. mgr. og orðist svo:
      Við ákvörðun sameiginlegra hreinna tekna hjóna skal draga frá tekjum, auk frádráttar skv. 1. mgr., kostnað vegna heimilishalds. Frádrátturinn skal reiknast þannig:

      Ef hjón vinna bæði utan heimilis, eða vinna önnur tekjuaflandi störf en heimilisstörf á heimilinu, skal draga frá sameiginlegum hreinum tekjum þeirra 124 000 kr., auk 13 500 kr. fyrir hvert barn þeirra innan 16 ára aldurs. Sé ekki um fullt ársstarf að ræða hjá öðru hvoru eða báðum hjónanna, skulu áðurnefndir frádrættir lækka hlutfallslega miðað við starfstíma.

      Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er nemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að

hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu skv. 1. mgr. 12. gr. greindra laga og 1. mgr. 34. gr. og örorka nemur a. m. k. 75%, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði síðustu mgr. 12. gr. greindra laga.

5. 4. gr. (er verður 5. gr.) orðist svo:

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973) breytist þannig:

a. I. liður orðist svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 125 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 15%. Af 125 000 kr. — 375 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 18 750 kr. af 125 000 kr. og 25% af því, sem fram yfir er. Af 375 000 kr. skattgjaldstekjum og hærri greiðist 81 250 kr. af 375 000 kr. og 38% af því, sem fram yfir er.

b. IV. liður orðist svo:

Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. og ákvæði laga nr. 22/1956, að því er þá menn varðar, sem eru að flytjast af landi brott, skulu greiddar úr ríkissjóði þær fjárhæðir, sem hér greinir:

a. 4 800 kr. til einhleypings, sem hefur hreinar tekjur 250 000 kr. eða lægri skv. framtali sínu. Fjárhæð þessi lækkar um 8 kr. við hverjar 100 kr., sem hreinar tekjur eru umfram 250 000 kr., og verður því engin hjá þeim einhleypingum, sem hafa 310 000 kr. eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu.

b. 6 800 kr. til hjóna, 3 400 kr. til hvors, og að auki 960 kr., 480 kr. til hvors, fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr., hafi hjónin hreinar tekjur 350 000 kr., 175 000 kr. hvort, eða lægri skv. framtali sínu (framtölum sínum), að viðbættum 50 000 kr., 25 000 kr. hjá hvoru, fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr. Heildarfjárhæð þessi lækkar um 8 kr., 4 kr. hjá hvoru, fyrir hverjar 100 kr., 50 kr. hjá hvoru, sem hreinar tekjur eru umfram 350 000 kr., 175 000 kr. hjá hvoru, að viðbættum 50 000 kr., 25 000 kr. hjá hvoru, fyrir hvert barn, sbr. ákvæði 4. gr., á framfæri þeirra, og verður því engin hjá þeim hjónum, sem hafa 435 000 kr., 217 500 kr. hvort, í hreinar tekjur, að viðbættum 62 000 kr., 31 000 kr. hjá hvoru, í hreinar tekjur fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr., eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu (framtölum sínum).

c. 4 800 kr. til einstæðs foreldris og að auki 960 kr. fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr., hafi einstæða foreldrið hreinar tekjur 250 000 kr. eða lægri skv. framtali sínu, að viðbættum 50 000 kr. fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr. Heildarfjárhæð þessi lækkar um 8 kr. fyrir hverjar 100 kr., sem hreinar tekjur eru umfram 250 000 kr., að viðbættum 50 000 kr. fyrir hvert barn, sbr. ákvæði 4. gr., og verður því engin hjá því einstæða foreldri, sem hefur 310 000 kr. í hreinar tekjur, að viðbættum 62 000 kr. í hreinar tekjur fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr., eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu.

Orðin „hreinar tekjur“ í stafliðum a—c merkja hreinar tekjur skv. framtali, að viðbættum beinum og óbeinum gjaldfærðum fyrningum skv. ákvæðum C- og D-liða 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, og skv. ákvæðum 2. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972.

Greiðslur skv. þessum tölulið teljast ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 7/1972, hjá móttakanda.

6. 5. gr. (er verður 6. gr.) orðist svo:
53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. laga nr. 60/1973) orðist svo:
Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., svo og allar þær fjárhæðir, sem um ræðir í IV. lið 25. gr., samkvæmt skattvísitölu, sem ákveðin skal af kauplagsnefnd ár hvert, í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

7. Við 7. gr. (er verður 8. gr.). Í stað orðanna „5% — fimm af hundraði —“ komi: 2% — tvo af hundraði —.

8. 17. gr. (er verður 18. gr.) orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 101/1973, falli niður.

9. Við 19. gr. (er verður 20. gr.). Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, er orðist svo:
Enn fremur falla úr gildi ákvæði 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1974.

10. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, er verður IV. tl., er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1974 (lög nr. 110/1973) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 1500 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

Sþ. 487. Þingsályktun [18. mál]

um vinnu framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf á vetrarvertíð.

(Afgreitt frá Sþ. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 355.

Ed. 488. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um frv. Umsagnir hafa borist frá bifreiðatryggingafélögum svo og Félagi ísl. bifreiðaeigenda og Tryggingaeftirliti ríkisins. Nefndin var samdóma um hækkun vátryggingarfjárhæða skv. 1. gr. frv. Hins vegar þótti eðlilegt að miða sjálfsábyrgðina við 2‰ af vátryggingarfjárhæð í stað 2½‰, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá leggur nefndin til, að 2. gr. frv. (umferðarráðsgjaldið) falli niður.

Sjálfsábyrgðarákvæðið er í lögum nr. 23 3. maí 1972, og ofangreind brtt. er við þá löggjöf. Þess vegna þarf að bæta við fyrirsögn frv. í samræmi við það.

Breytingartillögur sínar flytur nefndin á sérstöku þingskjali.

Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frv.

Alþingi, 13. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Halldór Blöndal.	Bjarni Guðbjörnsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 489. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
   Í stað „2.5‰“ í 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, komi: 2‰.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Aftan við fyrirsögn bætist: og lög nr. 23 3. maí 1972.

Ed. 490. Breytingartillaga [255. mál]

við frv. til laga um lántökuheimildir erlendis.

Frá Geir Hallgrímssyni og Halldóri Blöndal.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Heimildin skv. c-lið skal bundin því skilyrði, að lögð verði fram á Alþingi greinargerð um framkvæmda- og kostnaðaráætlun um byggingu flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland, svo og hagkvæmnisamanburður mismunandi valkosta til að leysa orkuþörf Norðurlands.

Ed. 491. Lög [244. mál]

um breyting á lögum nr. 102/1973 um veðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

(Afgreitt frá Ed. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 414.

Ed. 492. Frumvarp til jarðalaga. [46. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um, að haldin verði skrá yfir allar jarðir og ábúendur jarða, og að gerðir verði, eftir því sem aðstæður leyfa, uppdrættir af sveitum landsins, þar sem m. a. verði mörkuð landamerki jarða og land greint eftir notagildi til landbúnaðar.

4. gr.

Lög þessi taka til jarða, jarðarhluta, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna, svo og til ítaka, skóga, vatnsréttinda, veiðiréttinda og hvers konar annarra landgæða, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Skipulögð þéttbýlissvæði, þar sem 100 íbúar eða fleiri hafa fasta búsetu, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli þéttbýlissvæði skv. lögum þessum eða um starfssvið byggðaráðs að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI
Byggðaráð.

5. gr.

Í hverri sýslu skal starfa byggðaráð, skipað þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Sýslunefnd og búnaðarsamband hlutaðeigandi sýslu tilnefna hvort sinn mann í byggðaráð, og skulu þeir kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Ráðherra skipar byggðaráð og formann þess, án tilnefningar. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

Heimilt er, ef sýslunefndir, sem hlut eiga að máli, samþykkja, að láta starfssvæði byggðaráðs vera hið sama og þess búnaðarsambands, sem starfar á svæðinu. Ef sýslunefndir koma sér þá eigi saman um tilnefningu manna í byggðaráð, skipar ráðherra einhvern þeirra, sem sýslunefndir gera tillögu um.

Allir byggðaráðsmenn skulu vera búsettir á starfssvæði byggðaráðs.

Byggðaráð skal skipað til sex ára í senn.

6. gr.

Byggðaráðum ber að vinna, hverju á sínu svæði, að framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr. með því að:

1. Fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara.
2. Gera tillögur um úthlutun landsvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í þessu skyni.
3. Fylgjast með töku hvers konar jarðefna.
4. Gæta þess, að mannvirki verði ekki reist, án heimildar réttra yfirvalda.
5. Fylgjast með búsetu á jörðum og stuðla að góðri umgengni lands og mannvirkja.

7. gr.

Nú eru fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit fyrirframgreiðslu arfs, lán eða leigu, og er þá jafnan skylt að tilkynna það byggðaráði og afla samþykkis þess til ráðstöfunarinnar. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félögum, sem eiga fasteignir, sem lög þessi taka til.

Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi ráðstafar fasteignaréttindum til einhvers þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 28. gr. laga þessara.
2. Þegar ríkissjóður kaupir fasteignir eða selur.
3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða lögtakshafar vegna opinberra gjalda, kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði.
4. Þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum.
5. Þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til aðilaskipta að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við bússkipti vegna skilnaðar, en tilkynna skal þó byggðaráði um breytingar á eignaraðild, sem verða með þessum hætti.

8. gr.

Byggðaráð skal ekki veita leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr. ef um óeðlilega ráðstöfun er að ræða miðað við almennar viðskiptavenjur, ef ætla má, að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.

9. gr.

Nú er leitað samþykkis byggðaráðs til ráðstöfunar fasteignar, og ber þá byggðaráði að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst skrifstofu ráðsins. Hafi svar byggðaráðs þá ekki borizt, er hin áformaða ráðstöfun heimil. Samþykki byggðaráðs gildir í 6 mánuði frá dagsetningu þess.

10. gr.

Nú neitar byggðaráð að samþykkja áformaða sölu fasteignar og ráðuneytið staðfestir þá ákvörðun, getur þá eigandi eða umráðarmaður eignarinnar gert kröfu til þess, að ríkissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal kaupverð eignarinnar ákveðið samkvæmt IX. kafla laga nr. 36/1961.

11. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lög þessi taka til, nema þau séu árituð af byggðaráði um, að ráðstöfunin hafi verið tilkynnt því og að samþykki byggðaráðs til ráðstöfunarinnar liggi fyrir, þar sem þess er krafist samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Skylt er að halda yrktri jörð í þeirri rækt, sem jarðræktarráðunautur viðkomandi héraðs telur nauðsynlega.

Byggðaráð getur krafist úrbóta og látið gera endurbætur á ræktuðu landi á kostnað eiganda, hafi hann ekki sinnt ábendingum jarðræktarráðunautar og byggðaráðs.

Ef meðferð jarða eða ræktaðs lands er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu búrekstrar í byggðarlaginu, getur landbúnaðarráðuneytið heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum eignum, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með eignarnámi.

13. gr.

Land, sem við gildistöku laganna er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum. Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af sveitarstjórn, byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands.

14. gr.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands, byggðaráðs og sveitarstjórnar þarf til að skipta landi jarða, og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta.

Eigi að skipta landi til að stofna nýtt býli til venjulegrar búvöruframleiðslu, skal að jafnaði miða við, að ræktanlegt land sé ekki minna en 100 ha. Heimilt er þó að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.

Stofnun nýrra býla er háð samþykki sveitarstjórnar, byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins. Skal þá leitast við að meta

framtíðarmöguleika býla innan sveitarinnar, m. a. með tilliti til framleiðsluskilyrða, markaðsaðstæðna og hvort almennur hagur verði talinn af stofnun nýrra býla, stuðningi við félagsræktun eða eflingu býla, sem fyrir eru.

15. gr.

Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur.

Séu nýbýlin fleiri en eitt, getur einn eigandi krafist þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skal landinu þá skipt á grundvelli tillagna byggðaráðs.

Sveitarfélögum er heimilt að leysa til sín eyðijarðir eða lönd, sem ekki eru nytjuð í þágu búrekstrar í viðkomandi sveit, enda komi samþykki byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands til.

Náist ekki samkomulag um bætur skv. grein þessari, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

16. gr.

Nú er jörð í sameign, en einn sameigenda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi sveitarstjórn, Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

17. gr.

Þar sem menn hafa komið sér saman um rekstur félagsbús, ber þeim að gera með sér skriflegan samning um rekstur þess, þar sem meðal annars greinir frá skiptingu landsnytja og arðs af búinu. Skylt er að afhenda þeim, er annast skráningu jarða skv. 3. gr., afrit af samningum um félagsbú.

18. gr.

Skylt er hreppstjórum, oddvitum, ráðunautum, eigendum og ábúendum jarða, og öðrum, sem til þess hafa aðstöðu, að láta í té upplýsingar um jarðir og ábúð á þeim, eftir því, sem þörf kann að verða á samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Ákvörðunum byggðaráðs er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.

20. gr.

Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara, og varðar sú ráðstöfun refsingu, sbr. 64. gr. Auk þess getur sveitarstjórn þá, með samþykki byggðaráðs og ráðherra, höfðað mál til ógildingar ráðstöfuninni með kröfu um, að sveitarfélag fái þau umráð og not fasteignar, er ráðstöfunin laut að, og með sömu skilmálum. Þó getur sveitarstjórn krafist mats á endurgjaldi í samræmi við ákvæði 27. gr. Málssókn skal hefjast innan þriggja mánaða frá því að byggðaráði barst vitneskja um ráðstöfunina, og ber að halda málinu áfram með eðlilegum hraða.

21. gr.

Byggðaráð skal ákveða aðsetursstað sinn í samráði við viðkomandi sýslunefnd og búnaðarsamband.

Rétt er, þar sem við verður komið, að byggðaráð og búnaðarsamband hafi samvinnu um skrifstofuhald.

Byggðaráði er heimilt að kaupa sérfræðilega aðstoð, þegar þörf krefur.

Rita skal fundargerðir á öllum fundum byggðaráðs, og halda ber skýrslu yfir allar ráðstafanir fasteigna, sem ráðið fjallar um.

22. gr.

Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu og að jöfnu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til byggðaráðsmanna.

III. KAFLI
Forkaupsréttur.

23. gr.

Eigi að selja fasteignarréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 4. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim, nema um ráðstöfun ættaróðals sé að ræða, sbr. og 28. gr. laga þessara.

Nú hefur leiguliði setið jörð í 8 ár eða lengur, og á hann þá forkaupsrétt á undan sveitarstjórn, enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

24. gr.

Ef fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, getur forkaupsréttarhafi skv. 23. gr. gengið inn í hæsta boð.

Uppboðshaldara er skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa uppboðsþing, um leið og það er ákveðið. Skal forkaupsréttarhafi tilkynna uppboðshaldara innan 10 sólarhringa frá slitum uppboðs, að hann neyti forkaupsréttar síns.

25. gr.

Forkaupsréttur skv. 23. gr. skal jafnan boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn, sem á hlut að máli. Söluverð og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint á tæmandi hátt. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignaréttindum, tilgreini seljandi, hversu hátt hann metur hin framboðnu réttindi til peningaverðs, og hefur þá forkaupsréttarhafi rétt til þess að kaupa þau því verði eða á matsverði skv. 27. gr. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til kaupa.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar skal miðuð við ákveðinn kaupanda og fellur úr gildi sex mánuðum frá dagsetningu.

26. gr.

Ef eigandi eða annar rétthafi fasteignar ráðstafar fasteignarréttindum andstætt fyrirmælum laga þessara um forkaupsrétt, getur forkaupsréttarhafi, sem órétti var beittur, krafist þess, að salan verði ógilt, enda sé málssókn til þess hafin innan sex mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

27. gr.

Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafist mats á eigninni, og gildir það þá sem söluverð. Um framkvæmd matsins fer eftir IX. kafla laga nr. 36/1961.

28. gr.

Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínum, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.
2. Þegar ríkissjóður ráðstafar fasteignarréttindum.

Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði, sem þau eru lögð erfingjum til arfs.

IV. KAFLI
Um jarðir í opinberri eigu.

29. gr.

Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins fer með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum.

Allar eignir ríkissjóðs í landi og lausafé, sem hafa verið í vörslu Landnáms ríkisins, falla undir forræði jarðardeildar landbúnaðarráðuneytisins.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign þeim sveitarfélögum, sem jarðirnar eru í, enda mæli byggðaráð með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

31. gr.

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 10 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.
4. Leggja fram meðmæli byggðaráðs viðkomandi sýslu með kaupum.

Ákvæði greinar þessarar taka þó ekki til jarða, sem þörf er á til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð, heldur ekki til jarða, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands, hlutaðeigandi byggðaráðs og náttúruverndarnefndar eru líklegar til að verða nýttar til annars en búreksturs, svo sem fólkvangur, sumarbústaðalönd eða til annarra útilífsnota, og ekki til þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs og byggðaráðs hafa sérstök náttúrufyrirbæri innan sinna landamarka.

Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði, á ríkissjóður forkaupsrétt.

V. KAFLI
Jarðasjóður.

32. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð, er nefnist Jarðasjóður ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er skv. nánari ákvörðun laga þessara að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum, að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða eða lánveitingar, skulu send til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, áður en þau eru afgreidd.

33. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti:

1. Jarðir, sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir, sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir, sem ekki njóta framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög nr. 79/1972.
4. Jarðir, sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir, sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðirnar áfram.
6. Jarðir, sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á, en byggðaráð viðkomandi sýslu mælir með, að Jarðasjóður kaupi.
7. Jarðir, sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.
8. Jarðir, sem heppilegar teljast til almennra útilífsafnota.

34. gr.

Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands, að veita framlög úr Jarðasjóði til að tryggja ábúð jarða, sem hætt er við að fari í eyði, en mikilvægt er að halda í byggð.

35. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 33. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til að kaupa aðra jörð með góð framtíðarbúskaparskilyrði. Jarðasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þá er þau neyta forkaupsréttar, skv. III. kafla laga þessara.

36. gr.

Við ákvörðun kaupverðs, samkv. 33. gr., skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, samkvæmt ákvæðum 39. greinar.

Jarðasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum þessum, að lágmarki kr. 12 000 000.00 ár hvert, auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í Jarðasjóð.

37. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt 33. gr. laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til

varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi sveitarstjórnar og byggðaráðs, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.

Heimilt er og, að fengnum meðmælum byggðaráðs, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi, til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 5. tölulið 33. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur, ef þeir óska þess.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt 39. gr.

38. gr.

Byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, skv. 1.—8. tölulið 33. greinar, og gera álitsgjörð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðasjóði með öðrum kostnaði.

40. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega, að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. KAFLI
Um óðalsjarðir.

41. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi byggðaráðs.
b. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um, að jörðin sé gerð að ættaróðali.
c. Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands og Orkusjóði, vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

42. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem fram-

leiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörslu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

43. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 42. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af gerningi þar að lútandi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að gerningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

44. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

45. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá skylduerfingjar hans kröfu til þess, að viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfarandi eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

46. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

47. gr.

Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að lofa fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

48. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

49. gr.

Jarðeigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins.

50. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðalsins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 41. greinar.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

51. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

52. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins. Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafist yfirúttektar, og fer um það samkvæmt 53 gr. ábúðarlaga.

53. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur hafnað kaupum á jörðinni.

54. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum, öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

55. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttindum, skal sýslumaður, sbr. þó 59. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

56. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

57. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

a) Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir.

b) Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
c) Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

58. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 50. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr.

59. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára gamall, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, sbr. 55. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hefur til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

60. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að einu ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

61. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja, skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 45. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 45. gr. rennur í búið.

62. gr.

Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum, ef hann:

a) Greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
b) Telji sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap, sbr. þó 59. gr.
c) Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað álits viðkomandi hreppsnefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

63. gr.

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd, Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það eftir reglum laga þessara.

64. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 500 000.00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1948, nr. 54/1967 og I.—VII. kafli laga nr. 102/1962.

Nd. 493. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Frá félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild og var þar samþykkt efnislega óbreytt.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og varð sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gylfi Þ. Gíslason og Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 11. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Ólafur G. Einarsson.

Ágúst Þorvaldsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 494. Framhaldsnefndarálit [24. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Vegna erindis, sem borist hefur frá hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, hefur félagsmálanefnd rætt málið að nýju og undirritaðir nefndarmenn orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum, sem koma í stað breytinga 1—3 á þskj. 470.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 2. gr. orðist svo:
   Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. 3. gr. falli niður.
3. 6. gr. (verður 5. gr.) orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 13. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Ólafur G. Einarsson. frsm.
Gunnar Thoroddsen. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 495. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Við 2. gr. Í stað „1232 kr." komi: 1500 kr., og í stað „7700 kr." komi: 9500 kr.

Nd. 496. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á 20 fundum og kynnt sér fjöldamargar umsagnir, sem borist höfðu frá ýmsum aðilum. Þá kvaddi nefndin á sinn fund framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Magnús E. Guðjónsson, og ræddi við hann um þá hlið málsins, sem einkum snýr að sveitarfélögunum. Einnig kvaddi nefndin á sinn fund Indriða Þorláksson deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu og ræddi við hann um kostnaðarhliðina við framkvæmd grunnskólafrumvarpsins. Og loks ræddi nefndin hina kennslufræðilegu hlið málsins við Andra Ísaksson prófessor á tveimur fundum.

Í upphafi nefndarstarfs óskaði Ellert B. Schram að bóka eftirfarandi: „Undirritaður hefur gert að tillögu sinni, að við meðferð menntamálanefndar á frumvarpi til laga um grunnskóla verði gengið út frá þeirri forsendu, að sveitarfélögin og samtök þeirra annist fræðslumálin á skólaskyldustigi að öðru leyti en því, er varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit. Sveitarfélögin standi undir stofnkostnaði og rekstri skóla á grunnskólastiginu, en ríkissjóður greiði kennaralaun.

Frumvarpinu verði breytt í samræmi við ofannefnt grundvallarsjónarmið.

Að sjálfsögðu er þó gert ráð fyrir, að tekjustofnalögum sveitarfélaga verði breytt í framhaldi hér af, svo og að landshlutasamtök sveitarfélaga verði viðurkennd að lögum. Verði hvort tveggja liður í þeirri tillögugerð um breytta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem boðuð hefur verið af stjórnvöldum á þessu þingi.

Nú er ljóst, að þetta sjónarmið nýtur ekki stuðnings annarra nefndarmanna. Um leið og ég undirritaður harma þá niðurstöðu, mun ég að sjálfsögðu taka þátt í störfum nefndarinnar um frv, en bera fram tillögur með þeim fyrirvara, sem að ofan er getið."

Meiri hluti nefndarmanna taldi vonlaust, að hægt yrði að afgreiða grunnskólamálið á þessu þingi, ef bylta ætti því um skv. framanskráðu og m. a. bíða eftir breytingu á tekjustofnalögum sveitarfélaga og lagasetningu um landshlutasamtök sveitarfélaga.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. En breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þingskjali. Þó hafa nefndarmenn fyrirvara um einstakar tillögur á þingskjalinu og áskilja sér enn fremur rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Eysteinn Jónsson.	Ellert B. Schram.	Gunnar Gíslason.
	Benedikt Gröndal.	

Nd. 497. Frumvarp til laga [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr í Nd., 13. mars.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972 og lögum nr. 60 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

1. gr.

Í stað „55 000 kr.“ í A-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 komi: 84 700 kr.

Í stað „25 000 kr.“ í 1. mgr. D-liðs 13. gr. sömu laga komi: 38 500 kr. og í stað „15 000 kr.“ í 5. mgr. D-liðs 13. gr. komi: 23 000 kr.

2. gr.

Í stað „800 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1973, komi „1 500 kr.“.

Í stað „5 000 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971 komi „9 500 kr.“.

3. gr.

16. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 8. gr. l. nr. 7/1972) orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 238 000 kr.

B. Fyrir hjón 355 000 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, sbr. 2. mgr. 3. gr., 238 000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 50 000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 96 000 kr., að viðbættum 11 000 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. l. nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 100 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 100 000—200 000 kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 200 000 kr. greiðist 40%.

II. Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. 1. gr., skal veita skattafslátt frá tekjuskatti eins og hann er ákveðinn skv. I. tl. þessarar greinar. Skattafslátturinn skal vera sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 11 000 kr.

B. Fyrir hjón 18 500 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, 11 000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður, 3 300 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með. Ef foreldrar búa saman ógift, skal skattafsláttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal skattafsláttur einnig skiptast til helminga milli þeirra.

D. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, 6 500 kr. auk afsláttar skv. A-lið og 600 kr. fyrir hvert barn auk afsláttar skv. C-lið.

Skattafsláttur skv. liðum A.—D. að framan má þó aldrei verða meiri en 6% af skattskyldum tekjum framteljanda skv. 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr., A-liðar 11. gr., sbr. 15. gr., 1. mgr. B-liðar 11. gr., C-liðar 11. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972 og lög nr. 60/1973.

Við 4. gr.

Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur, skv. liðum A.—D. og málsgreininni næstu hér að framan, en nemur tekjuskatti skv. I. tl., og þá eins þegar tekjuskattur skv. I. tl. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur, sbr. þó ákvæði þessarar greinar um reglugerð um meðferð skattafsláttar. Þetta fé telst ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr., og skal því fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist:

1. Til greiðslu þinggjalda, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu.
2. Til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu, að undanskildum fasteignagjöldum.
3. Sé framlag ríkissjóðs skv. 3. mgr. þessa liðar hærra en greiðslur skv. 1. og 2. hér að framan, skal því, sem umfram þær er, ráðstafað sem hér segir:
   a. Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem telja fram á skattárinu til frádráttar kostnað vegna náms síns.
   b. Til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum og síðan til greiðslu fasteignagjalda hans og ógoldinna gjalda til sveitarsjóðs frá fyrri árum, þegar í hlut eiga aðrir menn en um gat í a. hér að framan.
4. Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.

Ráðherra ákveður með sérstakri reglugerð alla meðferð skattafsláttar skv. þessum lið. Í reglugerð skal tryggja eftir föngum, að skattafsláttar njóti ekki þeir, sem skattlausir eru vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg, er heimilt í reglugerð þessari að kveða svo á, að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

III. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

IV. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr. að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, skal fella niður við álagningu.

V. Tekjuskatt, að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka sem hér segir:

A. Tekjuskatt, 10 000 kr. eða lægri hjá einstaklingum og 16 000 kr. eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.

B. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 10 000 til 50 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 10 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 10 000 kr.

C. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 16 000 til 80 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 16 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 16 000 kr.

5. gr.

53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í II. og V. lið þeirrar greinar, í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1975.

6. gr.

4. málsl. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á 41. gr laga nr. 68/1971, orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal annast útgáfu úrskurða sinna árlega.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 61/1964, lög nr. 76/1967 og lög nr. 3/1970.

7. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 61/1964) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattaukann.

8. gr.

12. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfresti, álagningu, innheimtu, gjalddaga og eindaga söluskatts.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslu og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa skilað fullnægjandi söluskattskýrslu innan tilskilins tíma

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga, skal hann sæta viðurlögum samkvæmt 21. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða viðurlögum, skv. 21. gr., á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

9. gr.

Við 15. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Hafi skattstjóri grun um, að verulegur undandráttur á söluskatti hafi átt sér stað, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur borist slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

10. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem best samræmi sé í söluskattsákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að söluskattsákvörðunum og söluskattsframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af dómum og úrskurðum, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknastjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara, og skal rannsóknadeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Geta þessir aðilar í því skyni krafist allra upplýsinga hjá söluskattskyldum aðilum og öðrum, sem framkvæmd þessara laga varðar, á sama hátt og skattstjórar skv. 15. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má, að geti gefið upplýsingar, er máli skipta.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun, og getur hann þá gert aðila söluskatt að nýju. Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi, áður en söluskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 13. gr.

11. gr.

17. gr. laganna (sbr. 3. gr. l. nr. 3/1970), er telja skal til II. kafla, orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, skal aðili sæta viðurlögum til viðbótar skatti samkv. söluskattskýrslu. Sama gildir, ef söluskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og söluskattur því áætlaður, nema aðili hafi greitt fyrir eindaga söluskattsins upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%.

2. 1½% viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Við útreikning á viðurlögum á áætlaðan söluskatt telst eindagi sá sami og eindagi söluskatts þess mánaðar, sem áætlað er fyrir. Sama gildir um viðurlög á vangreiddan eða ógreiddan söluskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi söluskattskýrslu innan kærufrests, skal hann greiða söluskatt samkvæmt skýrslunni auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar. Kæri aðili áætlaðan söluskatt, skal hann greiða söluskatt samkvæmt kæruúrskurði auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós, að aðila, sem greiða átti söluskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur, sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt, sem honum bar, auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Fella má niður viðurlög samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki, hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju, nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglugerðar um söluskatt um tilhögun bókhalds. Jafnframt er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að færsla á sölu í bókhald eða öðrum þeim þáttum, sem söluskattskýrsla á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn, sem ákvæði reglugerðar um söluskatt mæla fyrir um, eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á söluskattskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á söluskattskýrslu, sbr. 15. gr. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir skv. þessari málsgrein.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs, þegar álagning fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða fyrir dómstólum á söluskattskilum aðila, reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs, þegar rannsókn hófst.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 2. og 4. mgr. 11. gr., misnotar skírteini það, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., eða vanrækir skyldu sína til að halda tilskilið bókhald, sbr. 27. gr. þessara laga, skal hann sæta sektum, allt að kr. 100 000, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Sömu sektum má beita þann, sem vanrækir eða tregðast við að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skýri söluskattskyldur aðili rangt frá einhverju því, er máli skiptir um söluskatt hans, og það hefur í för með sér, að hann greiðir lægri söluskatt en honum ber, skal hann auk hins undandregna söluskatts ásamt viðurlögum samkvæmt 21. gr. greiða sekt í ríkissjóð, er nema má allt að tífaldri fjárhæð hins undandregna söluskatts. Sömu sektum má beita þann, sem eigi hefur skilað söluskattskýrslu og afhent söluskatt á lögmæltum tíma.

Komi fram þau atvik, sem lýst er í 2. mgr., við skipti á dánarbúi, skal greiða úr búinu, auk hins undandregna söluskatts og viðurlaga samkvæmt 21. gr., tvöfalda fjárhæð hins undandregna söluskatts sem sekt.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. má reikna 6 ár aftur í tímann miðað við upphaf rannsóknar.

Nefnd, sem starfar samkvæmt 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972, skal ákveða sektir samkvæmt 1. og 2.

mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu verði vísað til dómstóla. Skattyfirvöld ákveða sektir samkvæmt 3. mgr.

Sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., sem úrskurðaðar eru af nefnd samkvæmt 5. mgr., skal gera á hendur hinum söluskattskylda aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Þær skulu njóta lögtaksréttar, og beita má ákvæðum 4. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Afhendi söluskattskyldur aðili eigi á lögmæltum tíma þann söluskatt, er hann hefur innheimt eða bar að innheimta, eða séu framin önnur brot gegn lögum þessum, sem eigi eru úrskurðuð af nefnd eða skattyfirvöldum samkvæmt 5. mgr. 25. gr., varðar það sektum allt að kr. 10 000 000. Ef um ítrekuð brot eða miklar sakir er að ræða, má auk sektar koma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um sviptingu starfsréttinda og um hlutdeild skal beita um brot gegn lögum þessum.

Nú hefur maður, sem er í fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila, framið athæfi, sem er refsivert samkvæmt 1. mgr., og er þá rétt að dæma nefndum lögaðila einnig fésekt samkvæmt 1. mgr. og sviptingu starfsréttinda, sbr. 2. mgr., enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi haft ágóða af brotinu.

15. gr.

Við 27. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Þá má ákveða í reglugerðinni, að söluskatt, söluskattauka, viðlagagjald af söluskattstofni, sbr. lög nr. 4/1974, og sérstakt gjald af söluskattstofni til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, sbr. lög nr. 5/1974, megi leggja á og innheimta í einu lagi og nefna til hagræðis safnheitinu: **sölugjald.** Ríkisbókhaldið skal síðan skipta sölugjaldinu milli aðila, eftir því sem lög mæla fyrir.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, og lögum nr. 101 21. desember 1973, um breyting á þeim lögum.

16. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 101/1973, falli niður.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafla kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, sem svarar söluskattauka skv. 7. gr. laga þessara nema sannað sé, að söluskattaukinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi, til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni söluskattauka skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. gr. þessara laga, en þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

III.

Í þeim mánuði, er lög þessi taka gildi, skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með gildistökudags þessara laga, en hinni vegna sömu starfsemi frá og með næsta degi eftir gildistökudag og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

IV

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1974 (lög nr. 110/1973) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 1500 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

Nd. 498. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá fjármálaráðherra.

2. mgr. 18. gr. falli niður.

Ed. 499. Frumvarp til laga [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. mars.)

Samhljóða þskj. 497 með þessari breytingu.:

18. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.

Ed. 500. Breytingartillögur [255. mál]

um frv. til laga um lántökuheimildir erlendis.

Frá Iðnaðarráðherra.

1. Í stað „494 millj.“ komi: 569 millj. kr.
2. Aftan við staflið e bætist nýr stafliður (f), svo hljóðandi: til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá 75 millj. kr.

Ed. 501. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 14. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Páll Þorsteinsson.	Steingr. Hermannsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Nd. 502. Frumvarp til laga [24. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. mars.)

1. gr.

Seltjarnarneshreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Seltjarnarneshrepp og heitir Seltjarnarneskaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Ed. 503. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með eftirgreindri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

Geir Hallgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.
Björn Fr. Björnsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Ragnar Arnalds.

Ed. 504. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969 og lög nr. 37 16. apríl 1971.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Geir Hallgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.
Björn Fr. Björnsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Ragnar Arnalds.

Ed. 505. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við afgreiðslu málsins í neðri deild voru m. a. þær breytingar gerðar á frv. um skattkerfisbreytingu, að 5% söluskattsviðauki var felldur úr frv. og sömuleiðis 1½% launaskattur til ríkissjóðs. Hins vegar var samþykkt að hækka launaskatt, er rynni til Byggingarsjóðs ríkisins, úr 1% í 2%, og auk þess var tekið inn heimildarákvæði til handa ríkisstjórninni um 1500 millj. kr. niðurskurð á fjárlögum í samráði við fjárveitinganefnd.

Að öðru leyti en að ofan greinir leggjum við undirritaðir til, að á frv. verði gerðar þær breytingar, sem lagðar voru til af 1. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar, og vísast til nefndarálits hans í því sambandi.

Alþingi, 15. mars 1974.

Halldór Blöndal, frsm. Geir Hallgrímsson.

Ed. 506. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá Halldóri Blöndal og Geir Hallgrímssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   3. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

   Tekjum og eignum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig, enda þótt séreign sé aða sératvinna. Skattfjárhæðir skulu birtar skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Hjónin ábyrgjast skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt ber því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess af þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur vegna séreignar eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.).
   a. Í stað „84 700 kr.“ í 1. mgr. komi: 124 000 kr.
   b. Í stað „38 500 kr.“ og „23 000 kr.“ í 2. mgr. komi: 62 000 kr. og 37 200 kr.
   c. Nýr liður bætist við 13. gr., er verði G-liður, svo hljóðandi:
      Heimilt skal fjármálaráðherra að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

3. Við 2. gr. frv. (sem verður 3. gr.).
   a. Í stað „1 500 kr.“ í 1. mgr. komi: 5 000 kr.
   b. Í stað „9 500 kr.“ í 2. mgr. komi: 18 600 kr.

4. Við 3. gr. frv. (sem verður 4. gr.).
   a. Í stað „238 000 kr.“ í A-lið 1. mgr. komi: 310 000 kr.
   b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
      Fyrir hjón samtals 435 000 kr., 217 500 kr. hjá hvoru.
   c. Í stað „50 000 kr.“ í C-lið 1. mgr. komi: 62 000 kr.
   d. Í stað „96 000 kr.“ og „11 000 kr.“ í 3. mgr. komi: 124 000 kr. og 13 500 kr.
   e. Á undan 4. mgr. komi 2 nýjar mgr., er verði 4. og 5. mgr. og orðist svo:

Við ákvörðun sameiginlegra hreinna tekna hjóna skal draga frá tekjum, auk frádráttar skv. 1. mgr., kostnað vegna heimilishalds. Frádrátturinn skal reiknast þannig:

Ef hjón vinna bæði utan heimilis, eða vinna önnur tekjuaflandi störf en heimilisstörf á heimilinu, skal draga frá sameiginlegum hreinum tekjum þeirra 124 000 kr., auk 13 500 kr. fyrir hvert barn þeirra innan 16 ára aldurs. Sé ekki um fullt ársstarf að ræða hjá öðru hvoru eða báðum hjónanna, skulu áðurnefndir frádrættir lækka hlutfallslega miðað við starfstíma.

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er nemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu skv. 1. mgr. 12. gr. greindra laga og 1. mgr. 34. gr. og örorka nemur a. m. k. 75%, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði síðustu mgr. 12. gr. greindra laga.

5. 4. gr. (er verður 5. gr) orðist svo:

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973) breytist þannig:

a. I. liður orðist svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 125 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 15%. Af 125 000 kr. — 375 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 18 750 kr. af 125 000 kr. og 25% af því, sem fram yfir er. Af 375 000 kr. skattgjaldstekjum og hærri greiðist 81 250 kr. af 375 000 kr. og 38% af því, sem fram yfir er.

b. IV. liður orðist svo:

Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. og ákvæði laga nr. 22/1956, að því er þá menn varðar, sem eru að flytjast af landi brott, skulu greiddar úr ríkissjóði þær fjárhæðir, sem hér greinir:

a. 4 800 kr. til einhleypings, sem hefur hreinar tekjur 250 000 kr. eða lægri skv. framtali sínu. Fjárhæð þessi lækkar um 8 kr. við hverjar 100 kr., sem hreinar tekjur eru umfram 250 000 kr., og verður því engin hjá þeim einhleypingum, sem hafa 310 000 kr. eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu.

b. 6 800 kr. til hjóna, 3 400 kr. til hvors, og að auki 960 kr., 480 kr. til hvors, fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr., hafi hjónin hreinar tekjur 350 000 kr., 175 000 kr. hvort, eða lægri skv. framtali sínu (framtölum sínum), að viðbættum 50 000 kr., 25 000 kr. hjá hvoru, fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr. Heildarfjárhæð þessi lækkar um 8 kr., 4 kr. hjá hvoru, fyrir hverjar 100 kr., 50 kr. hjá hvoru, sem hreinar tekjur eru umfram 350 000 kr., 175 000 kr. hjá hvoru, að viðbættum 50 000 kr., 25 000 kr. hjá hvoru, fyrir hvert barn, sbr. ákvæði 4. gr., á framfæri þeirra, og verður því enginn hjá þeim hjónum, sem hafa 435 000 kr., 217 500 kr. hvort, í hreinar tekjur, að viðbættum 62 000 kr., 31 000 kr. hjá hvoru, í hreinar tekjur fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr., eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu (framtölum sínum).

c. 4 800 kr. til einstæðs foreldris og að auki 960 kr. fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr., hafi einstæða foreldrið hreinar tekjur 250 000 kr. eða lægri skv. framtali sínu, að viðbættum 50 000 kr. fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr. Heildarfjárhæð þessi lækk-

ar um 8 kr. fyrir hverjar 100 kr., sem hreinar tekjur eru umfram 250 000 kr., að viðbættum 50 000 kr. fyrir hvert barn, sbr. ákvæði 4. gr., og verður því engin hjá því einstæða foreldri, sem hefur 310 000 kr. í hreinar tekjur, að viðbættum 62 000 kr. í hreinar tekjur fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr., eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu.

Orðin „hreinar tekjur“ í stafliðum a—c merkja hreinar tekjur skv. framtali, að viðbættum beinum og óbeinum gjaldfærðum fyrningum skv. ákvæðum C- og D-liða 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, og skv. ákvæðum 2. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972.

Greiðslur skv. þessum tölulið teljast ekki til skattskyldra tekna skv. 7 gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 7/1972, hjá móttakanda.

6. 5. gr. (er verður 6. gr.) orðist svo:

53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. laga nr. 60/1973) orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., svo og allar þær fjárhæðir, sem um ræðir í IV. lið 25. gr., samkvæmt skattvísitölu, sem ákveðin skal af kauplagsnefnd ár hvert, í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.

7. Á eftir 7. gr. komi ný grein (er verður 9. gr), er orðist svo:

1. mgr. 2. gr. lagann (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvo af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

8. Við 18. gr. (er verður 20. gr.). Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Enn fremur falla úr gildi ákvæði 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1974.

Ed. 507. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og kunnugt er, fluttu þingmenn Alþýðuflokksins á s. l. hausti till. til þál., þar sem mörkuð var ný stefna í íslenskum skattamálum. Þetta var talið nauðsynlegt vegna skattalaga hæstv. ríkisstj., sem reynslan sýndi, að höfðu í för með sér svo háa skatta, að þeir voru beinlínis hemill á vilja almennings til vinnu.

Miklar umræður hafa átt sér stað um slíka kerfisbreytingu, eins og hún var sett fram af þingmönnum Alþýðuflokksins, en meginefni þessarar breytingar var veruleg lækkun beinna skatta á almennar launatekjur, en þess í stað gengið út frá því, að nauðsynlegt væri að jafna tekjutap ríkissjóðs með hækkun á söluskatti. Auk þessa var svo ákvæði um að mynda sérstakan sjóð, er yrði ráðstafað í þágu þeirra einstaklinga, er ekki höfðu borið beina skatta áður, en yrðu nú að taka á sig einhverja hækkun á vöru og þjónustu vegna hækkunar á söluskatti. Þessir einstaklingar ættu því að standa jafnt að vígi eftir skattkerfisbreytinguna.

Augljóst er, að vegna geysilegra verðbólgueinkenna hér á Íslandi í dag er höfuðnauðsyn, að hækkun á söluskatti sé í algjöru lágmarki, og getum við þingmenn Alþýðuflokksins því ekki samþykkt hærri söluskatt en sjálf kerfisbreytingin heimtar til þess að mæta lækkun tekjuskatts um 2 700 millj. kr. Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar metur 1 stig í söluskatti á árinu 1974 jafn-

gilda 800 millj. kr., og því er augljóst að 3½ — þrjú og hálft stig — til hækkunar munu nægja á móti umræddri skattalækkun. Það er athyglisverð staðreynd, að í neðri deild var samþykkt að heimila ríkisstjórninni að lækka fjárlög allt að 1 500 millj. kr. og sjálfur forsætisráðherra, ásamt öðrum þingmanni Framsóknarflokksins, studdi stjórnarandstöðuna í þessari atkvæðagreiðslu. Þegar þetta er haft í huga, er enn ljósara, að engin ástæða er til að berjast vonlausri baráttu fyrir hærri söluskatti en 3½ — þremur og hálfu stigi.

Um nánari afstöðu þingmanna Alþýðuflokksins vil ég vitna í nefndaráliti á þskj. 478 frá neðri deild, en þar gerir fulltrúi flokksins skýra grein fyrir málinu í heild. Undirritaður vill þó árétta, að hann getur staðið að tillögu um 3½% söluskattauka við frv. í núverandi mynd og tryggja með því, að ríkissjóður fái nauðsynlegar tekjur á móti skattkerfisbreytingunni.

Alþingi, 15. mars 1974.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 508. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Í neðri deild voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. M. a. var felldur niður 5% söluskattauki þrátt fyrir mikla lækkun tekjuskatts, og mundi það tákna 3400 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Einnig voru felldar niður tekjur ríkissjóðs af 1½% launaskatti, og nemur sú tekjurýrnun um 450 millj. kr. á árinu 1974, ef að lögum yrði. Jafnframt var samþykkt að veita ríkisstjórninni heimild til að lækka fjárveitingar skv. fjárlögum ársins 1974 um allt að 1500 millj. kr., og tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á svo stórfellt tekjutap ríkissjóðs né heldur hitt að veita ríkisstjórninni heimild í þessu formi til lækkunar á ríkisútgjöldum, sem m. a. fæli í sér heimild til breytinga á margháttaðri löggjöf.

Meiri hluti nefndarinnar mælir því með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 7. gr. komi ný gr. (verður 8. gr.), er orðist svo:
   1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:
   Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 5% — fimm af hundraði — söluskattauka, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.
2. Við 17. gr. (verður 18. gr.). Greinin orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða (sbr. l. nr. 101/1973) orðist svo:
   Frá 1. apríl 1974 og til loka ársins 1974 skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 3½% og renna 1½% í ríkissjóð. Ákvæði 10. gr. laga þessara eiga einungis við um hluta Byggingarsjóðs af innheimtum launaskatti.
3. Á eftir 17. gr. frumvarpsins (í upphafi IV. kafla þess) komi ný grein (verður 18. gr.), svo hljóðandi:
   Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skal Kauplagsnefnd ekki taka tillit til þeirrar hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem hlýst af 5% söluskatt-

auka skv. 8. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

4. Við 18. gr. (verður 20. gr) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, svo og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. IV. töluliður falli niður.

Alþingi, 15. mars 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.
Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Björn Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson.

Nd. 509. Frumvarp til laga [266. mál]

um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðskiptabankar í eigu ríkisins (hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar) eru tveir. Þeir eru Landsbanki Íslands, sbr. lög nr. 11 frá 29. mars 1961, og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands, en hann tekur við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 115 frá 7. nóvember 1941, og Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 12 frá 29. mars 1961.

Ríkisviðskiptabankarnir eru sjálfstæðar stofnanir, er lúta hvor um sig sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabankanna er í Reykjavík, en auk þess geta þeir haft útibú og umboðsskrifstofur og fer um stofnun þeirra eftir b-lið 13. gr.

4. gr.

Hlutverk ríkisviðskiptabankanna er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í IV. kafla laganna.

Ríkisviðskiptabönkunum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað.

Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í hlutafélagsformi, sem starfa skv. sérstökum lögum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „BANKI“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur seðlabanka eða almenns viðskiptabanka sé að ræða. Ráðherra þeim, sem fer með bankamál, er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæði málsgreinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Um starfsemi Veðdeildar Landsbanka Íslands fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um hana gilda.

Veðdeild Búnaðarbankans starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðar- og Útvegsbankanum.
Um veðdeild Búnaðarbankans og Stofnlánadeild landbúnaðarins fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um þær gilda.

6. gr.

Nú voru sjóðir og stofnanir tengdar, í vörslu eða umsjón Búnaðarbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, skv. fyrirmælum laga eða samningum, og skal þá Búnaðar- og Útvegsbankinn taka við öllum réttindum og bera allar skyldur í því sambandi.

II. KAFLI
STJÓRN

7. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.
Framkvæmdastjórn hvors ríkisviðskiptabanka er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

8. gr.

Bankaráð hvors ríkisviðskiptabanka skipa sjö menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

9. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

10. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.
Bankaráð ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segir þeim upp starfi.
Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo skuldbindandi sé fyrir hann.

13. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

a. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum bankans.
b. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa, sbr. þó ákvæði 10. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.
c. Yfirtöku á starfsemi (eignum og skuldum) annarra innlánsstofnana.
d. Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.
e. Ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og hliðstæðra sjóða bankans.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það, eða það skal annast skv. lögum þessum.

14. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og ákvörðunum bankaráðs.

15. gr.

Bankastjórn undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í reglugerð.

16. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki heldur án leyfis bankaráðs taka þátt í stjórn eða rekstri annarra atvinnufyrirtækja en bankans, sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt, eða taka að sér önnur launuð störf.

18. gr.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Laun bankastjóra og eftirlaun skulu ákveðin af bankaráði.

Laun annarra starfsmanna skulu ákveðin af bankaráði að höfðu samráði við heildarsamtök starfsmanna bankanna.

III. KAFLI
SAMSTARFSNEFND

19. gr.

Ríkisviðskiptabankarnir skulu hafa sín á milli náið samstarf, er miði að því að tryggja sem mesta rekstrarhagkvæmni og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Setja skal á stofn sérstaka samstarfsnefnd, er hafi það markmið að samræma starfsemi ríkisviðskiptabankanna, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Samstarfsnefndina skipa fimm menn. Ríkisviðskiptabankarnir skipa tvo nefndarmenn hvor og Seðlabankinn einn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

20. gr.

Verkefni samstarfsnefndarinnar eru:

a. Að koma á náinni samvinnu ríkisviðskiptabankanna um allt það, er stuðlað geti að hagkvæmni í rekstri, svo sem samvinnu um bókhald, innkaup og erlend viðskipti.
b. Að vinna að því að endurskipuleggja útibúakerfi ríkisviðskiptabankanna í því skyni að tryggja eðlilega verkaskiptingu og stuðla að því, að útibú geti náð hagkvæmri stærð, án þess að dregið verði úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög.
c. Að fjalla um tillögur ríkisviðskiptabanka um stofnun nýrra útibúa.
d. Að vinna að því, að ríkisviðskiptabankarnir skipti með sér verkum, eftir því sem hagkvæmt þykir, varðandi þjónustu við einstök byggðarlög og atvinnugreinar. Skal nefndin vinna að tilflutningi viðskipta í því skyni, að sem mest

jafnvægi náist milli ríkisviðskiptabankanna að því er varðar útlán til einstakra atvinnugreina. Skulu bankarnir skiptast á almennum upplýsingum um útlánastarfsemi sína og önnur viðskipti, er tryggi sem best samræmi varðandi starfsreglur.

e. Að fjalla um hvaða mál önnur, sem stuðlað geti að virkara samstarfi ríkisviðskiptabankanna, hagkvæmari rekstri þeirra og bættri þjónustu við atvinnuvegi landsmanna.

21. gr.

Auk þess samstarfs sín á milli, sem fjallað er um í þessum kafla, skulu ríkisviðskiptabankarnir einnig leita samstarfs við hlutafélagsbanka og sparisjóði með þau markmið fyrir augum, sem um ræðir í 19. gr.

IV. KAFLI
STARFSEMI

22. gr.

Starfsemi ríkisviðskiptabanka er fólgin í miðlun á peningum og lánsfé ásamt annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimil önnur starfsemi, en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi ríkisviðskiptabanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, sbr. 48. gr.

23. gr.

Ríkisviðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, en honum er óheimilt að taka á sig gengisáhættu umfram það, sem óhjákvæmilegt er vegna venjulegra og eðlilegra gjaldeyrisviðskipta bankans.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem honum er seldur. Þó skal hann selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir hans, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skal hann gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Að öðru leyti en segir í 3. mgr. er ríkisviðskiptabanki, að því er varðar erlendar lántökur, háður ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

24. gr.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir, en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Slík eignaraðild skal ákveðin af bankaráði skv. tillögum bankastjórnar. Umfram það, sem hér er heimilað, má ríkisviðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 25. gr.

25. gr.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. a-lið 13. gr.

26. gr.

Úr innlánsskilríki, þ. e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur bankinn greitt hverjum, sem hefur skilríkið undir höndum og gefur upp þær upplýsingar, sem bankinn almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Ef sérstök ástæða er til, getur bankinn þó jafnframt krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé út úr reikningnum.

Eigandi innlánsskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka út fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í reglugerð, sbr. 48. gr.

27. gr.

Ríkisviðskiptabönkum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabankinn samþykkir.

28. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í ríkisviðskiptabanka.

29. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í ríkisviðskiptabanka, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

30. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn gefur sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsskilríkið eða viðtökuskírteinið, án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

31. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skulu að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Forsenda þess, að til skuldbindinga sé stofnað gagnvart ríkisviðskiptabanka án veðs eða ábyrgðar annarra, sé sú, að bankinn hafi aflað sér upplýsinga um afkomu og efnahag viðkomandi viðskiptaaðila, sem að mati bankans sýni, að slíkra trygginga sé ekki þörf. Meðan slík skuldbinding stendur, skal bankinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

32. gr.

Við ákvörðun um heildarfyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána og/eða ábyrgða skal ríkisviðskiptabanki gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið, og fjárhag viðskiptaaðilans, sbr. 31. gr. Sama gildir um fyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila, sem eru fjárhagslega tengdir.

33. gr.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki vera skuldskeyttir viðkomandi banka, hvorki sem skuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn, en um getur í 1. mgr., mega vera skuldskeyttir viðkomandi banka eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir né reka á nokkurn hátt erinda annarra við bankann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem bankaráðsmenn, varamenn þeirra eða þingkjörnir endurskoðendur kunna að hafa stofnað til, áður en þeir eru kjörnir til starfans, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma að mati hlutaðeigandi bankastjórnar. Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar skulu greiða slíkar skuldbindingar upp, þegar er þeir taka við starfi.

V. KAFLI
LAUSAFJÁRSTAÐA

34. gr.

Ríkisviðskiptabanki skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

VI. KAFLI
REIKNINGSSKIL

35. gr.

Reikningsár ríkisviðskiptabanka er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skulu gerð reikningsskil, en þau fela í sér rekstrarreikning og efnahagsreikning ásamt greinargerð.

Um gerð rekstrar- og efnahagsreiknings fer eftir ákvæðum laga um bókhald, en heimilt er bankaeftirlitinu að setja reglur um sameiginleg form ársreikninga ríkisviðskiptabankanna og um mat eigna í efnahagsreikningi, sbr. þó 36. gr.

Í greinargerð skal veita upplýsingar um atriði, sem skipta verulegu máli í sambandi við mat á efnahag og rekstrarafkomu bankans, en ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi.

36. gr.

Um mat eigna í efnahagsreikningi gilda eftirtaldar sérreglur:

1. Fasteignir og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við rekstur, skal meta á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Hafi verðrýrnun átt sér stað á þessum eignum umfram venjulega afskrift, ber að lækka þær í verði tilsvarandi.
2. Sé raunverulegt verðmæti fasteignar verulega hærra en bókfært verð, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. töluliðs, að eignfæra fasteignina sem svarar raunverulegu verðmæti hennar, en þó aldrei hærra en nemur hinu opinbera fasteignamatsverði. Sé bókfært verð fasteignar hækkað í samræmi við þessa heimild, skal efnahagsreikningur bera það greinilega með sér. Slíka matshækkun fasteigna skal færa á sérstakan eiginfjárreikning og þann reikning má ekki nota nema til að jafna halla á rekstrinum, sbr. þó 2. mgr.
3. Ótryggar kröfur, þ. e. ótrygg útlán og aðrar ótryggar útistandandi kröfur, má ekki meta á hærra verði en ætla má, að fyrir þær fáist. Tapaðar kröfur má ekki telja sem eign í efnahagsreikningi.

   Hafi bankastjórn ástæðu til að ætla, að tilteknar kröfur séu ótryggar eða tapaðar skal hún leggja fyrir bankaráð tillögur til afskrifta, skv. ákvæðum 13. gr.

Eiginfjárreikning, sem myndaður er í samræmi við ákvæði 2. töluliðs, má ekki nota til að jafna rekstrarhalla, fyrr en varasjóður og aðrir hliðstæðir eiginfjárreikningar hafa verið fullnotaðir í þessu skyni.

37. gr.

Reikningsskilum, ásamt endurskoðun þeirra, skal lokið eigi síðar en í marslok. Skulu þau undirrituð af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri athugasemdir fram að færa við reikningsskilin, skal undirritun hans bera það með sér, og í greinargerð, sbr. 35. gr., skulu athugasemdirnar raktar í einstökum atriðum.

Endurskoðuð reikningsskil skal leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Ríkisviðskiptabanki skal gefa út prentaða ársskýrslu, þar sem birt séu reikningsskil bankans. Skal ársskýrslan liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og eintak af henni afhendast hverjum þeim viðskiptaaðila, sem þess óskar.

Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum, og efnahagsyfirlit í Lögbirtingablaðinu ársfjórðungslega.

Opinber birting efnahagsyfirlits og ársreikninga skal vera í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VII. KAFLI
ENDURSKOÐUN

38. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun þeirra.

Hafi hvorugur hinna þingkjörnu endurskoðenda löggildingu sem endurskoðandi skulu þeir, að fengnu samþykki ráðherra, ráða löggiltan endurskoðanda sér til ráðuneytis um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Skylt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

39. gr.

Við ríkisviðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 11. gr.

40. gr.

Hinum þingkjörnu endurskoðendum er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

41. gr.

Hinir þingkjörnu endurskoðendur skulu árita hin árlegu reikningsskil og einnig skulu þeir í endurskoðunarskýrslu, sem fylgi reikningsskilum, gera grein fyrir endurskoðun á árinu og þeim athugasemdum sínum, ef einhverjar eru, varðandi rekstur eða efnahag bankans, sem þeir telja rétt að vekja athygli ráðherra á. Þeir skulu gera grein fyrir öðrum athugasemdum, ef einhverjar eru, í sérstakri skýrslu til bankaráðs.

Þá endurskoðunarskýrslu, sem fylgir reikningsskilum, skal bankaráð fá í hendur hæfilegum tíma, áður en reikningsskil eru lögð fyrir ráðherra til staðfestingar,

þannig að bankaráð geti samið svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

42. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf deildarinnar. Hann skal árita hin árlegu reikningsskil.

VIII. KAFLI
REFSIÁKVÆÐI

43. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

44. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti, samkvæmt almennum hegningarlögum.

IX. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI OG GILDISTAKA

45. gr.

Ríkisviðskiptabanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur ríkisviðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

46. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn ríkisviðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett ríkisviðskiptabanka og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

48. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs ríkisviðskiptabanka, nánari ákvæði um starfsemi hans.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 30. september 1974, þó öðlast þegar gildi ákvæði til bráðabirgða, er varða undirbúningsstörf hins nýja bankaráðs Búnaðar- og Útvegsbankans, sem framkvæma skal fyrir gildistöku meginefnis laganna.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:

Nr. 11 frá 29. mars 1961 um Landsbanka Íslands,
nr. 12 frá 29. mars 1961 um Útvegsbanka Íslands,
nr. 34 frá 29. maí 1957 um Útvegsbanka Íslands,
I., II., VII. og VIII. kafli laga nr. 115 frá 7. nóvember 1941 um Búnaðarbanka Íslands,

Lög nr. 31 frá 19. maí 1930 um sveitabanka og nr. 49 frá 8. september 1931 um Ríkisveðbanka Íslands,
og síðari breytingar á ofangreindum lögum, svo og önnur lög, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Er lög þessi hafa verið staðfest skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð, skv. ákvæðum 8. gr., sem tekur við yfirstjórn Búnaðar- og Útvegsbankans við gildistöku laganna. Kjörtími hins nýja bankaráðs skal vera til ársloka 1976. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra í bankaráðum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

   Ákvæði 8. gr. laganna taka ekki gildi gagnvart bankaráðsmönnum Landsbanka Íslands og varamönnum þeirra, fyrr en í lok yfirstandandi kjörtímabils þeirra, sem rennur út í árslok 1976. Í desember 1976 skal kjósa nýtt bankaráð fyrir Landsbankann skv. ákvæðum 8. gr. laganna.
2. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans skal ráða bankastjóra, skv. ákvæðum 10. gr., sbr. 5. mgr. 7. gr. laganna, á fundi, sem haldinn skal, áður en viðskipti hefjast þriðjudaginn 1. október 1974. Núverandi bankastjórar Landsbanka Íslands halda umboðum sínum.
3. Búnaðarbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands skulu fyrir lok september 1974 nefna til sinn manninn hver til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna. Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hinn 30. september 1974 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafa við tekið, og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal ráðherra skera úr þeim.
4. Heimilt er bankaráði Búnaðar- og Útvegsbankans að reka hann sem tvær aðskildar, reikningslegar einingar til 30. júní 1975 á meðan unnið er að sameiningu aðalbókhalds, aðalendurskoðunar og annarra deilda, sem nauðsyn ber til að sameinaðar verði á þessu stigi. Þrátt fyrir ofangreinda heimild, kemur Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands fram sem persóna að lögum frá gildistöku laga þessara.
5. Eigi síðar en 1. janúar 1976 skal starfseminni vera þannig háttað, að Búnaðar- og Útvegsbankinn hafi frá þeim tíma einar aðalstöðvar með aðalafgreiðslu, þar sem séu þjónustudeildir, sem almennt eru hafðar í aðalstöðvum viðskiptabanka.
6. Eigi síðar en 1. janúar 1976 skulu útibú Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands, sem liggja nálægt hvort öðru, hafa verið sameinuð í því húsnæði, sem betur þykir henta starfsemi þeirra.
7. Til þess að draga úr röskun á stöðu og högum fastráðinna starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands við sameiningu bankanna skal gæta eftirfarandi atriða:

   a. Nýja starfsmenn skal hvorki ráða né fastráða nema brýna nauðsyn beri til.
   b. Heimilt skal að láta starfsmenn, sem komnir eru nærri eftirlaunaaldri, hætta störfum, fyrr en reglugerð um eftirlaun og eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir, á fullum eftirlaunum.
   c. Heimilt er að greiða fastráðnum starfsmönnum, sem segja þarf upp störfum vegna sameiningarinnar, laun í allt að sex mánuði fram yfir það, sem bankinn er skyldur til skv. núgildandi launareglugerð.
   d. Fastráðnir starfsmenn skulu að öllu jöfnu ganga fyrir, er ráðið er í stöður, sem losna vegna ofangreindra aðgerða.

8. Er lög þessi hafa verið staðfest, skal Alþingi kjósa nýja endurskoðendur, skv. ákvæðum 38. gr. laganna. Kjörtími hinna nýju endurskoðenda skal vera til ársloka 1976.
   Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi endurskoðenda við Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.
9. Í sambandi við framkvæmd skipulagsbreytinga þeirra, sem ákveðnar eru í lögum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að leggja nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans, 400 millj. kr. Heimilt er ríkisstjórninni að taka þetta fé að láni hjá Seðlabankanum.
10. 27. gr. laganna skal einnig gilda um viðskiptabanka í hlutafélagsformi, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu einnig gilda um viðskiptabanka í hlutafélagsformi og um sparisjóði, eftir því sem við á, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra:

1. mgr. 24. gr., 25. gr. og 34. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna gilda ennfremur um viðskiptabanka í hlutafélagsformi, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra:

29. gr., 30. gr., 31. gr., 32. gr., 45. gr. og 47. gr.

Ákvæði núgildandi laga um einstaka hlutafélagsbanka og laga um sparisjóði gilda ekki, brjóti þau í bága við ofangreind ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. maí 1972 skipaði viðskiptaráðuneytið nefnd til að undirbúa framkvæmd á því atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er varðar endurskoðun bankakerfisins. Í nefndina voru skipaðir Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, Ármann Jakobsson, bankastjóri, Björgvin Vilmundarson, bankastjóri, Guðmundur Hjartarson, seðlabankastjóri, Jóhannes Elíasson, bankastjóri, og Magnús Jónsson, bankastjóri. Ritari nefndarinnar var ráðinn Sveinn Jónsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabankans.

Nefndin skilaði áliti, dagsettu hinn 19. janúar 1973. Er þar rakin þróun bankamála hér á landi, gerð grein fyrir núverandi skipulagi og starfsháttum bankakerfisins, og rætt um ýmis almenn sjónarmið, sem nefndin telur nauðsynlegt að hafa í huga við mótun opinberrar stefnu í þessum málum. Setur nefndin síðan á þessum grundvelli fram margháttaðar tillögur og hugmyndir um breytingar á bankakerfinu og einstökum þáttum þess.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru þær, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist, auk þess sem margar þeirra séu of smáar til að geta uppfyllt nútímakröfur um alhliða þjónustu við viðskiptaaðila sína og öryggi fyrir innstæðueigendur og aðra kröfuhafa. Leggur nefndin jafnframt áherslu á nauðsyn þess, að löggjöf, sem varðar starfsemi þessara stofnana, sé endurskoðuð og færð í nútímalegt horf. Telur nefndin allt benda til víðtæks samkomulags um meginmarkmiðin, sem stefna beri að í þessum efnum, þ. e. a. s. samruna peninga- og lánastofnana í stærri og virkari heildir, og einföldun bankakerfisins innan ramma heilsteyptrar löggjafar.

Umfangsmesti kaflinn í tillögugerð nefndarinnar fjallar um viðskiptabanka í eigu ríkisins, enda er þáttur ríkisviðskiptabankanna þriggja, Landsbanka, Útvegsbanka og Búnaðarbanka, mjög stór í heildarstarfsemi bankakerfisins. Til viðmiðunar um þetta má nefna, að starfsmannafjöldi þessari þriggja banka er um 65% af heildarstarfsmannafjölda þeirra peninga- og lánastofnana, sem tillögugerð nefnd-

arinnar nær til. Einnig ber í þessu sambandi að hafa í huga þá staðreynd, sem minnst er á í nefndarálitinu, að endurskipulagning ríkisviðskiptabankakerfisins getur eðli málsins samkvæmt komið fyrr til framkvæmda, og með einfaldari hætti, en endurskipulagning ýmissa annarra þátta bankakerfisins.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á ríkisviðskiptabankakerfinu eru settar fram í nánu samhengi við hliðstæðar tillögur varðandi hlutafélagsbankana. Meginniðurstaðan um viðskiptabankana er þessi: „Nefndin telur rétt að stefna að því, að viðskiptabönkum hér á landi fækki í þrjá eða fjóra. Miðað við núverandi aðstæður í bankamálum virðist eðlilegast að ná því markmiði með fækkun hlutafélagsbankanna í einn eða tvo, og ríkisbankanna í tvo.“ Eftir að fjallað hefur verið um ýmsar leiðir, sem til greina koma til að ná fram þessari fækkun ríkisviðskiptabankanna, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að líklegasta leiðin til að skapa hagkvæmt ríkisviðskiptabankakerfi sé að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, ef jafnframt eru gerðar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu hins sameinaða banka.

Í nefndarálitinu fjallar alllangur kafli um kosti og galla sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans og þykir rétt að taka þennan kafla hér upp orðréttan:

„Sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Sá banki, sem myndaður kynni að verða með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, verður hér kallaður Sameinaði bankinn, án þess að í því felist nein tillaga um nafngift bankans, ef af stofnun hans verður.

Sameinaði bankinn yrði banki, sem 1) nálgaðist Landsbankann að stærð; 2) hefði mjög svipaða dreifingu útlána á atvinnuvegi og aðra lánsaðila og Landsbankinn, 3) hefði afgreiðsluaðstöðu í öllum landshlutum mjög til jafns við Landsbankann og 4) tæki við gjaldeyrisréttindum af Útvegsbankanum. Með Sameinaða bankanum og Landsbankanum yrði með öðrum orðum mjög mikið jafnræði, hvað snertir stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu, og eru það vissulega miklir kostir á þessari leið.

Fjárhagsleg staða hins nýja banka yrði hins vegar ekki eins sterk og vera þyrfti til að tryggja honum eðlilega vaxtarmöguleika og sem jafnasta samkeppnisaðstöðu við Landsbankann. En segja má, að það sé óbeinn kostur við þessa sameiningarleið, að með henni má ætla, að skapaðar væru forsendur fyrir nægilegri samstöðu um aðgerðir til varanlegra úrbóta í þessum efnum.

14.	Grýtubakkahreppur	—	2.400.000
15.	Hafnahreppur	—	3.600.000
16.	Hveragerðishreppur	—	3.900.000
17.	Ísafjarðarkaupstaður	—	3.600.000

Fylgiskjal II.

LANDAKAUPASJÓÐUR skv. l. nr. 41/1963.

Rekstrarreikningur 1973.

TEKJUR:		
Vextir		1.624.741.20
GJÖLD:		
Hagnaður	1.624.741.20	
	1.624.741.20	1.624.741.20

Efnahagsreikningur pr. 31. 12. 1973.

EIGNIR:

1 Innst. á hlr. 2533 í Seðlabanka	802.901.00	
2. Útist. skv. skuldabréfum	33.181.253.80	
SKULDIR:		
1. Lánasjóður sveitarfélaga		4.000.00
2. Höfuðstóll:		
a) í ársbyrjun	32.355.413.60	
b) hagnaður 1973	1.624.741.20	33.980.154.80
	Kr. 33.984.154.80	33.984.154.80

Reykjavík, 7. janúar 1974.

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Magnús E. Guðjónsson.

Útgefin skuldabréf og eftirstöðvar þeirra pr. 31/12 1973.

	Dags. skbr.	Upphafl. kr.	Eftirst. 31/12 '73
1. Grindavíkurhreppur	24/2 '64	4 300 000.00	3 315 605.00
2. Reyðarfjarðarhreppur	5/3 '65	177 600.00	142 061.00
3. Dalvíkurhreppur I	23/4 '65	1 650 000.00	1 318 971.80
4. Stöðvarhreppur I	21/1 '66	350 000.00	290 283.00
5. Stöðvarhreppur II	28/4 '66	253 265.80	210 059.70
6. Vatnsleysustr.hreppur	26/7 '66	600 000.00	497 647.00
7. Breiðdalshreppur	4/10 '66	1 791 624.00	1 485 981.75
8. Stokkseyrarhreppur	31/10 '66	105 000.00	87 089.80
9. Akraneskaupstaður	7/12 '66	1 800 000.00	1 543 468.25
10. Hafnarhreppur I	16/1 '68	1 687 798.20	1 492 000.00
11. Rangárvallahreppur	8/8 '68	130 000.00	114 958.00
12. Súðavíkurhreppur	18/9 '68	66 000.00	58 370.00
13. Flateyjarhreppur	16/10 '68	830 000.00	733 908.00
14. Hafnarhreppur II	6/11 '68	110 000.00	97 335.00
15. Kjalarneshreppur I	16/5 '69	1 000 000.00	909 955.00
16. Garðahreppur	21/4 '70	2 100 000.00	1 961 635.50
17. Ólafsfjarðarkaupstaður	23/10 '70	720 000.00	673 000.00
18. Patrekshreppur I	10/2 '71	5 000 000.00	4 723 250.00
19. Svarfaðardalshreppur	20/2 '71	540 000.00	505 150.00
20. Tálknafjarðarhreppur	15/5 '71	1 080 000.00	1 026 700.00
21. Ölfushreppur	9/9 '71	1 900 000.00	1 787 250.00
22. Stokkseyrarhreppur II	20/9 '71	630 000.00	592 075.00
23. Selfosshreppur	22/9 '71	900 000.00	848 750.00
24. Kjalarneshreppur II	16/9 '71	900 000.00	848 750.00
25. Vopnafjarðarhreppur	29/12 '71	700 000.00	682 000.00
26. Búðarhreppur I	15/2 '72	2 000 000.00	1 940 000.00
27. Búðahreppur II	18/4 '72	1 000 000.00	970 000.00
28. Patrekshreppur II	8/8 '72	1 500 000.00	1 455 000.00
29. Búðahreppur III	30/11 '72	1 000 000.00	970 000.00
30. Patrekshreppur III	3/1 '73	500 00.000	500 000.00
31. Búðahreppur IV	15/2 '73	200 000.00	200 000.00
32. Búðahreppur V	25/5 '73	800 000.00	800 000.00
33. Búðahreppur VI	20/11 '73	400 000.00	400 000.00
Lán til 22ja sveitarfélaga		kr. 36 721 288.00	33 181 253.80

Ed. 511. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JÁH).

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 3½% — þrjá og hálfan af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Ed. 512. Breytingartillaga [46. mál]

við brtt. á þskj. 105 [Jarðalög].

Frá Ragnari Arnalds.

Tillagan orðist svo:
27. gr. orðist svo:
Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þessar ástæður hafa ekki veruleg áhrif til verðhækkunar.

Sþ. 513. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Flm.: Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Jónas Jónsson, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að skorar á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því, að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið eða verið er að undirbúa í nálægum löndum, bæði austan hafs og vestan, um bann við persónunjósnum með tölvutækni. Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Safnanir undirskrifta til stuðnings eða til andstöðu við tiltekið málefni hafa lengi tíðkast og svo mun áfram verða um langa framtíð. Í kosningabaráttu gera menn spjaldskrár yfir hugsanlega stuðningsmenn og merkja kjörskrár í því skyni að skipuleggja kosningastarfið á kjördegi. Starfsemi af þessu tagi er gamalkunn og veldur ekki deilum.

En jafnvel hin venjulegustu vinnubrögð gerbreyta um eðli, þegar allt í einu er farið að beita fullkomnustu tækni nútímavísinda til að leysa verkefni af hendi með undraverðum hraða, sem áður var flókin og seinunnin handvinna.

Notkun tölvutækni skapar áður óþekkta yfirsýn við söfnun hvers konar upplýsinga, og þegar þess háttar tækni er beitt til að skrásetja persónulegar skoðanir fólks eða aðrar upplýsingar um einkahagi manna, þá er alvarleg hætta á ferðum. Þetta hefur mönnum orðið ljóst á seinustu árum í flestum nálægum löndum, og þess vegna hafa víða verið gerðar ráðstafanir til að vernda friðhelgi einstaklinganna gegn undramætti tölvutækninnar.

Í Svíþjóð eru nú í gildi svonefnd **Datalag** nr. 289, sem samþykkt voru á sænska þinginu á s. l. vori og staðfest af konungi 11. maí 1973. Er þar bannað að koma upp upplýsingaskrá um einstaklinga með aðstoð tölvutækni nema að fengnu sérstöku leyfi, að viðlögðu 2 ára fangelsi. Fyrir bandaríska þinginu liggur nú frumvarp, sem flutt er af Goldwater, fyrrum forsetaefni Republikana, og fjallar það um sama efni.

Vegna fámennis þjóðarinnar er sérstaklega auðvelt á Íslandi að nota nýjustu tölvutækni til að koma upp skrám um einkahagi allra landsmanna. Á skal að ósi stemma og er ekki seinna vænna, að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að unnt sé að hagnýta tölvutækni hér á landi til persónunjósna.

Nd. 514. Lög [45. mál]

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

(Afgreitt frá Nd. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 46.

Ed. 515. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 og lög nr. 23 3. maí 1972.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. mars.)

1. gr.

70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eigandi skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 2 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 3 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 3 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 6 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 200 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 400 000.00.

2. gr.

Í stað „2.5‰“ í 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, komi: 2‰.

Aftan við 3. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, bætist:

Þó er eiganda skrásetts dráttartækis, sbr. 1. mgr. 67. gr., heimilt að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags skv. 1. mgr., þegar endurkrafan er sprottin af tjóni vegna dráttar á öðru ökutæki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. mars 1974.

Jafnframt fellur úr gildi 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970.

Nd. 516. Frumvarp til laga [67. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 73 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út fyrir 15. maí 1974.

Nd. 517. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „umburðarlyndi“ komi: kristilegu siðgæði.
2. Við 4. gr. Fyrir tölurnar „7, 8 og 9“ komi: 7—10.
3. Við 6. gr. Niður falli úr greininni: „Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum.“
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

   Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

   Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
5. Við 10. gr.

   Fyrir „Barðastrandarsýslu“ í 4. tl. komi: Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Við 11. gr.

   a) 1. málsgr. orðist svo:

   Fræðsluráð skal skipað sjö mönnum, og skulu fimm kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann og varaformann.

   b) 2. málsgr. orðist svo:

   Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

   c) Í næstsíðustu málsgr. falli niður orðin „utan Reykjavíkur“.
7. Við 12. gr. Við bætist nýr töluliður, nr. 5, svo hljóðandi:

   Það skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

   Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.
8. Við 13. gr.

   a) Niður falli úr 3. málsgr. orðin „umdæmisins og þörfum þess“.

   b) Enn fremur falli niður tvær síðustu málsgreinarnar.

9. Við 14. gr. 1. töluliður 2. málsgr. orðist svo:
Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
10. Við 16. gr. Fyrir orðin „eins fundar eða fleiri“ í síðustu málsgrein komi: funda.
11. Við 17. gr. Á eftir orðinu „erindisbréf“ í 3. málsgr. komi: Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra.
12. Við 18. gr.
a) Orðið „staðsettur“ í lokamálsgrein a-liðar falli niður.
b) 6. málsgr. orðist svo:
Í kaupstöðum með 10 000 íbúa eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisnefnd, skipuð 5 mönnum. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.
13. Við 19. gr. Á eftir orðunum „fylgist með því“ í 1. málsgr. komi: og stuðlar að því.
14. Við 20. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:
Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.
15. Við 21. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.
16. Við 23. gr.
a) Framan við greinina bætist ný málsgrein og orðist svo:
Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn, skólanefnd og fræðsluráði, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.
b) Í næstsíðustu málsgr. falli niður orðin „að áliti ráðuneytisins“.
17. Við 25. gr.
a) Í stað orðsins bókasafni í 1. málsgr. komi í upptalningunni: safni bóka og annarra námsgagna.
b) 2. málsgr. orðist svo:
Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.
18. Við 26. gr. Fyrir orðin „á a. m. k. þriggja ára fresti“ komi: þegar ástæða þykir til.
19. Við 30. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.
20. Við 32. gr. Fyrir orðið „umsögnum“ í 1. málsgr. komi: tillögum.
21. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
Ráðuneytið setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskóla samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar. Eftir tveggja ára setningartíma við sama skóla á bryti rétt á skipun í starf sitt, enda hafi hann meðmæli skólastjóra um skipun í starfið.
Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.
Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mötuneyti.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. málsgr.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

22. Við 37. gr. Aftan við 4. málsgr. bætist: Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

Við heimavistarskóla skulu fóstrur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun eiga rétt á skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.

23. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

24. Við 39. gr. Greinin falli niður.

25. Við 40. gr. (verður 39. gr.). Greinin orðist svo:

Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 40. gr., verja fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

26. Við 41. gr. (verður 40. gr.).

a) Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá o. s. frv.

b) 4. málsgr. orðist svo:

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

27. Við 42. gr. (verður 41. gr.). Greinin orðist svo:

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs, að kennsla hefjist á tímabilinu 15. september til 1. október, og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,

b) í 4.—9. bekk í 7½ mánuð.

Í þessu sambandi ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð og skólanefnd geta í upphafi skólaárs ákveðið, hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

Kosta ber ávallt kapps um að skipuleggja kennslu á þann hátt, að komist verði yfir námsefni skv. námsskrá, þótt kennslutími sé í lágmarki.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.

28. Við 43. gr. (verður 42. gr.).

a) Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störf-

um utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal þar við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.

b) Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá o. s. frv.

c) e-liður orðist svo:
Kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð.

d) Inn komi nýr bókstafsliður, er verði j-liður:
Verklegt nám.

e) Núverandi j-liður verði k-liður og orðist svo:
Ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla.

f) Inn komi ný málsgr. eftir bókstafsliðina, svo hljóðandi:
Þar, sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu, skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal það metið að nokkru sem verklegt nám, sbr. j-lið þessarar greinar.

g) Í stað orðanna „Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins“ í síðustu málsgr. komi: Menntamálaráðuneytið.

29. Við 45. gr. (verður 44. gr.).

a) Framan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Í samræmi við þetta skal starfsskylda nemenda í 8.—9. bekk grunnskóla markast af 40 klukkustundum á viku.

b) Tölur í g-, h- og i-lið breytist þannig:

g) í 7. bekk, 1440—1480 mínútur;
h) í 8. bekk, 1440—1480 mínútur;
i) í 9. bekk, 1440—1480 mínútur.

30. Við 47. gr. (verður 46. gr.). Síðasta málsgr. orðist svo:
Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það, sem kenna ber.

31. Við 48. gr. (verður 47. gr.). Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., sem orðist svo:
Í fámennum skólum, þar sem nemendur (1.—6. bekkjar) eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu þó ekki vera fleiri en þrír aldursflokkar saman í bekkjardeild. Þó sé heimilt, ef nauðsyn krefur, að hafa 1.—4. bekk saman í deild.
Undir slíkum kringumstæðum er æskilegt, eftir því sem við verður komið, að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a) 12 nemendur, ef aldursflokkar eru fjórir,
b) 17 nemendur, ef aldursflokkar eru þrír,
c) 22 nemendur, ef aldursflokkar eru tveir.

32. Við 51. gr. (verður 50. gr.). Aftan við greinina bætist:
Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp.

33. Við 58. gr. (verður 57. gr.). Greinin orðist svo:
Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Einkunnir skulu færðar í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

34. Við 60. gr. (verður 59. gr.). Greinin orðist svo:
Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 8. og 9. bekk svo og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa. Einkunnir úr samræmdum og stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir, og hafi einkunnir kennara ekki áhrif á þær.
35. Við 63. gr. (verður 62. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:
Menntamálaráðuneytið annast m. a. gerð áætlana um umbætur o. s. frv.
36. Við 64. gr. (verður 63. gr.). Greinin orðist svo:
Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til þess á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.
37. Við 65. gr. (verður 64. gr.). Greinin orðist svo:
Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa skv. 63. gr., skal árlega varið fé, svo sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.
38. Við 66. gr. Greinin falli niður.
39. Við 68. gr. (verður 66. gr.).
a) Upphaf greinarinnar orðist svo:
Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.
b) Í stað 4.—5. málsgr. komi ein málsgr., sem orðist svo:
Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skv. lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn, sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa.
c) Næst síðasta málsgr. orðist svo:
Sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar gegna störfum sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.
40. Við 70. gr. (verður 68. gr.).
a) Fyrri málsgr. orðist svo:
Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.
b) Síðari málsgr. orðist svo:
Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum eða kennurum.
41. Í stað 73. og 74. gr. komi ein grein (verður 71. gr.), svo hljóðandi:
Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Setur ráðuneytið í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna, svo sem skólasálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið kandidatsprófi eða sambærilegu prófi í sálarfræði.
Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráðs.

42. Við 75. gr. (verður 72. gr.). Greinin orðist svo:
Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.
Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.
Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.
Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti, setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.
43. Við 77. gr. (verður 74. gr.). Síðasta málsgr. falli niður.
44. Við 80. gr. (verður 77. gr.). Fyrir orðið „aðstoðarskólastjóra“ í a-lið komi: yfirkennara.

Ed. 518. Frumvarp til laga [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. mars.)

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972 og lögum nr. 60 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

1. gr.

Í stað „55 000 kr.“ í A-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 komi „84 700 kr.“.
Í stað „25 000 kr.“ í 1. mgr. D-liðs 13. gr. sömu laga komi „38 500 kr.“ og í stað „15 000 kr.“ í 5. mgr. D-liðs 13. gr. komi „23 000 kr.“.

2. gr.

Í stað „800 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1973, komi „1 500 kr.“.
Í stað „5 000 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971 komi „9 500 kr.“.

3. gr.

16. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 8. gr. l. nr. 7/1972) orðist svo:
Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:
A. Fyrir einstaklinga 238 000 kr.
B. Fyrir hjón 355 000 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, sbr. 2. mgr. 3. gr., 238 000 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 50 000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.
Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt

greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 96 000 kr., að viðbættum 11 000 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. l. nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 100 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 100 000—200 000 kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 200 000 kr. greiðist 40%.

II. Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. 1. gr., skal veita skattafslátt frá tekjuskatti eins og hann er ákveðinn skv. I. tl. þessarar greinar. Skattafslátturinn skal vera sem hér segir:

A. Fyrir einsaklinga 11 000 kr.

B. Fyrir hjón 18 500 kr.; telji þau fram hvort í sínu lagi, 11 000 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður, 3 300 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með. Ef foreldrar búa saman ógift, skal skattafsláttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeira hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal skattafsláttur einnig skiptast til helminga milli þeirra.

D. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, 6 500 kr. auk afsláttar skv. A-lið og 600 kr. fyrir hvert barn auk afsláttar skv. C-lið.

Skattafsláttur skv. liðum A.—D. að framan má þó aldrei verða meiri en 6% af skattskyldum tekjum framteljanda skv. 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr., A-liðar 11. gr., sbr. 15. gr., 1. mgr. B-liðar 11. gr., C-liðar 11. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972 og lög nr. 60/1973.

Við 4. gr.

Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur, skv. liðum A.—D. og málsgreininni næstu hér að framan, en nemur tekjuskatti skv. I. tl., og þá eins þegar tekjuskattur skv. I. tl. er enginn, skal ríkissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur, sbr. þó ákvæði þessarar greinar um reglugerð um meðferð skattafsláttar. Þetta fé telst ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr., og skal því fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist.

1. Til greiðslu þinggjalda, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu.
2. Til greiðslu útsvars og annarra gjalda til sveitarsjóðs, sem á manninn eru lögð á greiðsluárinu, að undanskildum fasteignagjöldum.
3. Sé framlag ríkissjóðs skv. 3. mgr. þessa liðar hærra en greiðslur skv. 1. og 2. hér að framan, skal því, sem umfram þær er, ráðstafað sem hér segir:
   a. Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem telja fram á skattárinu til frádráttar kostnað vegna náms síns.

b. Til greiðslu ógoldinna þinggjalda mannsins frá fyrri árum og síðan til greiðslu fasteignagjalda hans og ógoldinna gjalda til sveitarsjóðs frá fyrri árum, þegar í hlut eiga aðrir menn en um gat í a. hér að framan.

4. Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.

Ráðherra ákveður með sérstakri reglugerð alla meðferð skattafsláttar skv. þessum lið. Í reglugerð skal tryggja eftir föngum, að skattafsláttar njóti ekki þeir, sem skattlausir eru vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg, er heimilt í reglugerð þessari að kveða svo á, að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

III. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

IV. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr. að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, skal fella niður við álagningu.

V. Tekjuskatt, að frádregnum skattafslætti skv. lið II þessarar greinar, þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka sem hér segir:

A. Tekjuskatt, 10 000 kr. eða lægri hjá einstaklingum og 16 000 kr. eða lægra hjá hjónum, skal fella niður.

B. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 10 000 til 50 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 10 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 10 000 kr.

C. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 16 000 til 80 000 kr. skal lækka um fjárhæð, sem nemur 16 000 kr., að frádregnum fjórðungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 16 000 kr.

5. gr.

53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. l. nr. 60/1973) orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í II. og V. lið þeirrar greinar, í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1975.

6. gr.

4. málsl. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á 41. gr. laga nr. 68/1971, orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal annast útgáfu úrskurða sinna árlega.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 61/1964, lög nr. 76/1967 og lög nr. 3/1970.

7. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 61/1964) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattaukann.

8. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 5% — fimm af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

9. gr.

12. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framtöl, framtalsfrelsi, álagningu, innheimtu, gjalddaga og eindaga söluskatts.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslu og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattsjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa skilað fullnægjandi söluskattskýrslu innan tilskilins tíma.

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga, skal hann sæta viðurlögum samkvæmt 21. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða viðurlögum, skv. 21. gr., á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

10. gr.

Við 15. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Hafi skattstjóri grun um, að verulegur undandráttur á söluskatti hafi átt sér stað, skal hann senda ríkisskattstjóra skýrslu um málið. Þegar ríkisskattstjóra hefur borist slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

11. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem best samræmi sé í söluskattsákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að söluskattsákvörðunum og söluskattsframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af dómum og úrskurðum, sem almennt gildi hafa.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknastjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara, og skal rannsóknadeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Geta þessir aðilar í því skyni krafist allra upplýsinga hjá söluskattskyldum aðilum og öðrum, sem framkvæmd þessara laga varðar á sama hátt og skattstjórar skv. 15. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má, að geti gefið upplýsingar, er máli skipta.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun, og getur hann þá gert aðila söluskatt að nýju. Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi, áður en söluskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 13. gr.

12. gr.

17. gr. laganna (sbr. 3. gr. l. nr. 3/1970), er telja skal til II. kafla, orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

13. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, skal aðili sæta viðurlögum til viðbótar skatti samkv. söluskattskýrslu. Sama gildir, ef söluskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og söluskattur því áætlaður, nema aðili hafi greitt fyrir eindaga söluskattsins upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Viðurlög skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%.
2. 1½% viðurlög til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Við útreikning á viðurlögum á áætlaðan söluskatt telst eindagi sá sami og eindagi söluskatts þess mánaðar, sem áætlað er fyrir. Sama gildir um viðurlög á vangreiddan eða ógreiddan söluskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi söluskattskýrslu innan kærufrests, skal hann greiða söluskatt samkvæmt skýrslunni auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar. Kæri aðili áætlaðan söluskatt skal hann greiða söluskatt samkvæmt kæruúrskurði auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Komi í ljós, að aðila, sem greiða átti söluskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur, sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt, sem honum bar, auk viðurlaga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Fella má niður viðurlög samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki, hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju, nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglugerðar um söluskatt um tilhögun bókhalds. Jafnframt er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að færsla á sölu í bókhald eða öðrum þeim þáttum, sem söluskattskýrsla á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn, sem ákvæði reglugerðar um söluskatt mæla fyrir um, eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á söluskattskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á söluskattskýrslu, sbr. 15. gr. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir skv. þessari málsgrein.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs, þegar álagning fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða fyrir dómstólum á söluskattskildum aðila, reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs, þegar rannsókn hófst.

14. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 2. og 4. mgr. 11. gr., misnotar skírteini það, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., eða vanrækir skyldu sína til að halda tilskilið bókhald sbr. 27. gr. þessara laga, skal hann sæta sektum, allt að kr. 100 000, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Sömu sektum má beita þann, sem vanrækir eða tregðast við að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skýri söluskattskyldur aðili rangt frá einhverju því, er máli skiptir um söluskatt hans, og það hefur í för með sér, að hann greiðir lægri söluskatt en honum ber, skal hann auk hins undandregna söluskatts ásamt viðurlögum samkvæmt 21. gr. greiða sekt í ríkissjóð, er nema má allt að tífaldri fjárhæð hins undandregna

söluskatts. Sömu sektum má beita þann, sem eigi hefur skilað söluskattskýrslu og afhent söluskatt á lögmæltum tíma.

Komi fram þau atvik, sem lýst er í 2. mgr., við skipti á dánarbúi, skal greiða úr búinu, auk hins undandregna söluskatts og viðurlaga samkvæmt 21. gr., tvöfalda fjárhæð hins undandregna söluskatts sem sekt.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. má reikna 6 ár aftur í tímann miðað við upphaf rannsóknar.

Nefnd, sem starfar samkvæmt 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972, skal ákveða sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu verði vísað til dómstóla. Skattyfirvöld ákveða sektir samkvæmt 3. mgr.

Sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., sem úrskurðaðar eru af nefnd samkvæmt 5. mgr., skal gera á hendur hinum söluskattskylda aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Þær skulu njóta löktaksréttar, og beita má ákvæðum 4. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

15. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Afhendi söluskattskyldur aðili eigi á lögmæltum tíma þann söluskatt, er hann hefur innheimt eða bar að innheimta, eða séu framin önnur brot gegn lögum þessum, sem eigi eru úrskurðuð af nefnd eða skattyfirvöldum samkvæmt 5. mgr. 25. gr., varðar það sektum allt að kr. 10 000 000. Ef um ítrekuð brot eða miklar sakir er að ræða, má auk sektar koma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um sviptingu starfsréttinda og um hlutdeild skal beita um brot gegn lögum þessum.

Nú hefur maður, sem er fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila, framið athæfi, sem er refsivert samkvæmt 1. mgr., og er þá rétt að dæma nefndum lögaðila einnig fésekt samkvæmt 1. mgr. og sviptingu starfsréttinda, sbr. 2. mgr., enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi haft ágóða af brotinu.

16. gr.

Við 27. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Þá má ákveða í reglugerðinni, að söluskatt, söluskattauka, viðlagagjald af söluskattstofni, sbr. lög nr. 4/1974 og sérstakt gjald af söluskattstofni til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, sbr. lög nr. 5/1974, megi leggja á og innheimta í einu lagi og nefna til hagræðis safnheitinu: **sölugjald.** Ríkisbókhaldið skal síðan skipta sölugjaldinu milli aðila, eftir því sem lög mæla fyrir.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt og lögum nr 101 21. desember 1973 um breyting á þeim lögum.

17. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða (sbr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Frá 1. apríl 1974 og til loka ársins 1974 skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 3½% og rennur 1½% í ríkissjóð. Ákvæði 10. gr. laga þessara eiga einungis við um hluta Byggingarsjóðs af innheimtum launaskatti.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skal Kauplagsnefnd ekki taka tillit til þeirrar hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem hlýst af 5% söluskattauka skv. 8. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964 um breyting á lögum nr. 10/1960 um söluskatt svo og lög nr. 3/1970 um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, sem svarar söluskattauka skv. 8 gr. laga þessara nema sannað sé, að söluskattaukinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi, til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni söluskattauka skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 8. gr. þessara laga, en þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

III

Í þeim mánuði, er lög þessi taka gildi, skulu framteljendur skila tveimur framtalsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með gildistökudags þessara laga, en hinni vegna sömu starfsemi frá og með næsta degi eftir gildistökudag og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Nd. 519. Frumvarp til jarðalaga. [46. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 492 með þessari breytingu:

27. gr. hljóðar svo:

Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafist mats á eigninni, og gildir það þá sem söluverð. Um framkvæmd matsins fer eftir IX. kafla laga nr. 36/1961.

Við matið skal ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af því, að skipulagt þéttbýlissvæði, sbr. 4. gr. þessara laga, er að byggjast upp í næsta nágrenni og veldur óvenjulegri eftirspurn eftir landi, heldur ber að miða við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þessar ástæður hafa ekki veruleg áhrif til verðhækkunar.

Ed. 520. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

20. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974. Gilda ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 3. mgr. 7. gr., 8. gr. og 19. gr. til loka ársins 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Nd. 521. Frumvarp til laga [269. mál]

um byggingu staðlaðs húsnæðis til eflingar iðnaði á landsbyggðinni.

Flm.: Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason, Ásberg Sigurðsson, Pétur Pétursson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Stjórn Byggðasjóðs beitir sér fyrir því, að reist verði í samræmi við lög þessi staðlað iðnaðarhúsnæði á hentugum stöðum á landsbyggðinni til eflingar iðnaði, einkum framleiðsluiðnaði, sem leigt verði eða selt sjálfstæðum iðnrekendum.

2. gr.

Byggðasjóður hefur frumkvæði um að láta teikna og hanna staðlað húsnæði, sem hentar til fjölbreytts iðnrekstrar, þannig að hver iðnrekandi geti fengið ákveðnar einingar viðkomandi byggingar leigðar eða seldar, sbr. 4. gr.

3. gr.

Í þeim byggðarlögum, sem um það sækja og hentug eru talin til fyrirhugaðs iðnrekstrar að mati stjórnar Byggðasjóðs, er heimilt að stofna byggingarfélög iðnaðarhúsnæðis. Félögin skulu vera sjálfstæð hlutafélög með aðild viðkomandi sveitarfélaga og þeirra einkaaðila, sem þess æskja og leggja fram hlutafé. Stjórn þeirra skal skipuð þrem mönnum og þrem til vara kjörnum af aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Sveitarfélög og/eða þeir aðilar, sem leggja fram hlut í byggingarfélögunum, skulu vera fullgildir stofnendur viðkomandi félags, án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum sömu málsgr. Sama máli gildir um fjölda hluthafa þess, sbr. 38. gr. hlutafélagalaganna.

Heimilt er stjórn Byggðasjóðs að ákveða, að Byggðasjóður gerist hluthafi í byggingarfélagi staðlaðs iðnaðarhúsnæðis.

Stjórn byggingarfélags hefur á hendi stjórn og ábyrgð byggingarframkvæmda, en er skylt að bjóða framkvæmdir út, ef aðstæður leyfa. Hún hefur á hendi rekstur sameignar, þar til eignaskiptasamningar hafa verið gerðir, sé viðkomandi hús-

næði selt einkaaðilum, og hefur á hendi rekstur allrar eignarinnar, ef einingar húsnæðisins eru leigðar.

4. gr.

Stjórn viðkomandi byggingarfélags ákveður í samráði við Byggðasjóð, hvort endurselja eða leigja skuli viðkomandi iðnaðarhúsnæði til einstakra iðnrekenda, og ákveður leigukjör, söluverð og greiðsluskilmála, eftir því sem við á og lánskjör leyfa.

5. gr.

Hlutafé í hverju byggingarfélagi skal nema því sem næst 20% af byggingarkostnaði þess iðnaðarhúsnæðis, sem byggt er í samræmi við lög þessi og ætlað er til útleigu. Nú er ákveðið að selja viðkomandi húsnæði, og skal þá hlutafé í byggingarfélaginu nema 10% og endurgreiðast því ásamt arði, svo sem nánar er kveðið á í reglugerð, sem ráðherra setur, sbr. 7. gr. Sé um sölu að ræða, skal fyrsta greiðsla iðnrekenda nema 10% byggingarkostnaðar viðkomandi einingar. Önnur fjármögnun skal miðast við, að Iðnlánasjóður og Byggðasjóður láni 80% byggingarkostnaðar. Við það skal miðað, að á þessum lánum séu hagkvæm vaxtakjör og að þau verði ekki til skemmri tíma en 15 ára. Óheimilt er byggingarfélagi að hefja byggingarframkvæmdir fyrr en fjáröflun er tryggð.

6. gr.

Þau byggingarfélög iðnaðarhúsnæðis, sem áforma byggingar fyrst og fremst til afnota fyrir framleiðsluiðnað á landsbyggðinni, skulu njóta forgangs um fyrirgreiðslu skv. 5. gr., en félög, sem hyggjast byggja húsnæði til afnota fyrir þjónustuiðnað, geta einnig notið sams konar fyrirgreiðslu, ef aðstæður eru slíkar að mati stjórnar Byggðasjóðs, að viðkomandi þjónustuiðnaður hafi grundvallarþýðingu fyrir vöxt og viðgang þess byggðarlags, sem um ræðir.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og staðfestir samþykktir byggingarfélaganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1975.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í byggðamálum, en í henni eiga sæti: Steingrímur Hermannsson, form., Lárus Jónsson, ritari, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason, Helgi Seljan og Pétur Pétursson.

Meginmarkmið frv. er að efla iðnþróun á landsbyggðinni með þeim hætti að stuðla þar að byggingu staðlaðs húsnæðis, sem selt yrði eða leigt sjálfstæðum iðnrekendum með góðum kjörum. Þessi aðferð til þess að hvetja til iðnþróunar í þeim landshlutum, sem búa við byggðavanda vegna brottflutnings fólks og of fábreytt atvinnulíf, hefur víða verið reynd í nágrannalöndum okkar, þótt í mismunandi formi sé. Má þar m. a. til nefna Breta, sem hafa reist „Industrial Estates“ í þessu skyni um marga áratugi, og Norðmenn, sem tóku slík vinnubrögð upp eftir ítarlega könnun á þessu kerfi í Bretlandi. Í Noregi eru slíkar byggingar nefndar „Industrivekstanlegg“, og ákvað Stórþingið að stofna ríkishlutafélag með lögum hinn 11. jan. 1968 til þess að hafa á hendi frumkvæði um að byggja og reka staðlað iðnaðarhúsnæði á þeim stöðum, sem frekast voru taldir koma til greina í því skyni. Félagið er nefnt Selskapet for industrivekstanlegg, skst. SIVA. Þá tíðkast í Noregi, eins og öðrum nágrannalöndum, að sveitarfélögin komi sér upp iðnaðarhúsnæði í sama skyni með stuðningi byggðasjóða eða viðkomandi ríkisstjórna. Árið 1971 hafði 171 sveitarfélag í Noregi komið sér upp stöðluðu iðnaðarhúsnæði og fengið til þess tæplega 100 millj. norskra króna frá Byggðasjóði Noregs.

Munurinn á starfsemi SIVA í Noregi og á viðleitni sveitarfélaganna í þessu efni er sá, að stefnt er að stærri endanlegum byggingum hjá SIVA. Þar er gert ráð fyrir, að markið sé að fá um 500 manns atvinnu á hverjum stað með þessum hætti.

Með þessu frv. er ekki lagt til að koma á fót sérstöku ríkishlutafélagi eða sérstofnun til þess að koma við þeirri aðferð að byggja staðlað iðnaðarhúsnæði til eflingar iðnaði á landsbyggðinni, eins og gert var í Noregi. Vegna sérstöðu okkar, m. a. vegna fámennis þeirra staða, sem til greina koma fyrir slíkar byggingar, er með frv. lagt til, að stofnuð verði byggingarfélög iðnaðarhúsnæðis í einstökum sveitarfélögum, sem reyna, vilja og hafa aðstöðu til þess að hagnýta þessa aðferð til eflingar iðnaði. Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnir hafi frumkvæði í þessu efni og leggi fram hlutafé, sem yrði fyrst og fremst í því formi, að viðkomandi sveitarfélög legðu þá skatta og gjöld, sem ber að greiða til þeirra af slíkum byggingum, fram sem hlutafé, og að jafnframt geti aðrir áhugaaðilar gerst hluthafar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að stjórn Byggðasjóðs láti teikna og hanna staðlað iðnaðarhúsnæði og láti byggingarfélögunum í té þau gögn endurgjaldslaust. Þá er lagt til, að stjórn Byggðasjóðs leggi fram verulegt lánsfé til þessara bygginga og að ríkisvaldið beiti sér fyrir samningum við aðra stofnlánasjóði um lán til byggingganna, þannig að heildarstofnlán til þeirra verði 80% af byggingarkostnaði. Til þess að takmarka fjölda þeirra, sem byggja slíkt iðnaðarhúsnæði samtímis, og til þess að ekki verði farið út í byggingarnar fyrr en fjármagn er tryggt, er sett það ákvæði í frv., að félögunum sé óheimilt að hefja byggingarframkvæmdir fyrr en fjáröflun er tryggð.

Meginkostur hugmyndarinnar um byggingu staðlaðs iðnaðarhúsnæðis til eflingar iðnþróun á landsbyggðinni er, að með þessari aðferð getur hið opinbera haft áhrif á eflingu iðnaðar á þeim stöðum, sem hafa vaxtarskilyrði sem miðstöðvar iðnaðar í viðkomandi héruðum. Þá er einnig um ávinning að ræða fyrir iðnrekendur, sem kaupa eða leigja slíkt húsnæði. Sé þeim gefinn kostur á sæmilegum kjörum liggur í augum uppi hagræði þeirra af því að fá slíka fyrirgreiðslu, miðað við að þurfa að koma sér upp húsnæði af eigin rammleik. Oftast eru þessir aðilar hver um sig með lítil fyrirtæki, sem eiga í erfiðleikum vegna þess, hve örðugra er oftast um vik um allan iðnrekstur á landsbyggðinni. Í stöðluðu iðnaðarhúsnæði, þar sem margir smáir iðnrekendur hafa aðstöðu, er hægt að koma við margvíslegri samvinnu, t. d. um bókhald, skrifstofuaðstöðu o. fl.

Þessir kostir, sem eru því samfara að reka iðnað í stöðluðu einingahúsnæði, sem byggt yrði í samræmi við ákvæði frv., gætu ráðið úrslitum um atvinnurekstur einstakra iðnrekenda. Fyrir sveitarfélögin yrði hér einnig um stórkostlegt hagsmunamál að tefla. Margir smáiðnrekendur verða að reka fyrirtæki sín í smáhýsum eða skúrum, sem ekki samræmast skipulagi viðkomandi byggðarlags. Með því að stuðla að byggingu staðlaðs iðnaðarhúsnæðis er unnt að koma slíkum smáiðnaði fyrir í skipulegum iðnaðarhverfum og í myndarlegum, hagkvæmum byggingum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að víðast erlendis er fyrst og fremst leitast við að byggja staðlað iðnaðarhúsnæði fyrir framleiðsluiðngreinar, sem selja framleiðsluvöru sína utan viðkomandi byggðarlaga. Ástæðan er sú, að slíkur atvinnurekstur stuðlar að því að flytja tekjur inn í viðkomandi byggðarlag, sem hafa síðan keðjuörvunaráhrif á aðra atvinnustarfsemi. Hér á landi skortir víða aðstöðu fyrir frumstæðustu þjónustugreinar, þannig að í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði þess gildi bæði um húsnæði yfir framleiðslu- og þjónustuiðnað, en í samræmi við gildi framleiðsluiðnaðarins fyrir byggðaþróun í heild er gert ráð fyrir, að hann njóti forgangs í fyrirgreiðslu.

Þetta frv. felur í sér, ef að lögum verður, að tekin verður upp nýbreytni um aðgerðir ríkisvaldsins til þess að stuðla að eflingu iðnþróunar á landsbyggðinni. Hér er að sjálfsögðu aðeins um eitt úrræði að ræða af mörgum, sem ríkisvaldið getur beitt í þessu efni. M. a. mætti nefna, að ríkisvaldið getur yfirleitt haft úrslitaáhrif á staðarval stóriðju og stórfyrirtækja í landinu. Það úrræði, sem í þessu frv. felst, hefur þann meginkost, að unnt er með því að dreifa örvunaráhrifum

aðgerðanna hæfilega mikið í hverjum landsfjórðungi, og er það því beinlínis nauðsynlegt, jafnhliða því að taka upp raunhæfa stefnu á því sviði að velja stórfyrirtækjum stað utan mesta þéttbýlissvæðis landsins.

Um nauðsyn á eflingu iðnaðar á landsbyggðinni til þess að draga úr misþróun byggðar í landinu þarf ekki að fjölyrða. Á það skal þó bent, að næstu árin er gert ráð fyrir, að iðnaður taki við mjög vaxandi atvinnumannafla. Nú eru að ljúka langaskólanámi mjög fjölmennir árgangar ungs fólks á Íslandi. Á því má marka, hvað hér er um fjölmennari árganga að ræða en áður, að um 40 000 Íslendingar verða tvítugir áratuginn 1970—1980. Þetta fólk sækist eftir sérhæfðari vinnu en áður í samræmi við menntun sína og starfsþjálfun. Fjölþættustu atvinnutækifærin eru þar, sem iðnþróun er komin lengst og þjónustustarfsemin er fjölþættust, en það er á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa ber jafnvel brýnni nauðsyn en áður til þess að hraða með tiltækum aðgerðum iðnþróun á landsbyggðinni. Þetta verður enn þá augljósara, þegar haft er í huga, að framleiðslugreinarnar, landbúnaður og fiskveiðar, taka ekki til sín mikið viðbótarvinnuafl vegna þeirrar áframhaldandi vélvæðingar, sem á sér stað í þeim atvinnugreinum.

Í skýrslu Norðurlandsáætlunar, Atvinnumál á Norðurlandi (Efnahagsstofnunin, ágúst 1969), var lagt til, að hafin yrði hér á landi bygging staðlaðs iðnaðarrúsnæðis til útleigu eða endursölu á landsbyggðinni í því skyni að stuðla þar að aukinni iðnþróun. Lagt var til, að byrjað yrði á þessari starfsemi til reynslu á Akureyri. Í framhaldi af því voru teknar upp viðræður milli Atvinnujöfnunarsjóðs og Atvinnumálanefndar Akureyrar. Viðræður þessar náðu því stigi, að Atvinnumálanefnd Akureyrar gerði tillögur til stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs, hvernig standa ætti að þessum framkvæmdum. Tillögur þessar voru að meginefni þannig:

1. Myndað skyldi hlutafélag, sem væri öllum opið, en með þátttöku Atvinnujöfnunarsjóðs og bæjarsjóðs.
2. Hlutafé yrði 10% byggingarkostnaðar.
3. Gefa skyldi væntanlegum iðnrekendum kost á að festa kaup á þeim einingafjölda húsnæðis, sem hver og einn teldi sig vilja kaupa, með 10% útborgun af byggingarkostnaði.
4. 80% byggingarkostnaðar yrði fjármagnað með lánum úr Atvinnujöfnunarsjóði og öðrum stofnlánasjóðum iðnaðar. Greiðslubyrði á ári skyldi vera hófleg, einkum fyrstu árin.

Eins og sjá má, eru framangreindar tillögur Atvinnumálanefndar Akureyrar mjög hliðstæðar þeim hugmyndum, sem fram koma í frv.

Það skal að lokum tekið fram, að ætlast er til þess, að umsóknum um lán og fyrirgreiðslu Byggðasjóðs og annarra fjárfestingarlánasjóða fylgi samningar við einstaka iðnrekendur um kaup eða leigu á viðkomandi byggingaráfanga. Þetta þykir þó ekki ástæða til að setja í ákvæði frv., þar sem slíkt er sjálfsögð starfsregla umræddra stofnana. Með slíkum starfsreglum yrði tryggt, að viðkomandi húsnæði kæmi strax að notum.

Á meðfylgjandi fylgiskjölum er gerð nánari grein fyrir áætlun um iðngarða eða staðlað iðnaðarhúsnæði, sem auðvelt er að skipta niður í misstórar einingar. Á fskj. I er skýrt, hvernig raða má saman byggingareiningum og hver áætlaður kostnaður er við hverja þeirra, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 913. Á fskj. II er birt áætlun eftir Vífil Oddsson verkfræðing, sem upphaflega var gerð fyrir Norðurlandsáætlun, um byggingu iðnaðarhúsnæðis. Á fskj. III er greinargerð Vífils um hækkun á áætlun í fskj. II miðað við byggingarvísitölu 913.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Fjallar um byggingarfélög, staðlað iðnaðarhúsnæði uppbyggingu þeirra og hlutverk. Gert er ráð fyrir, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um lög eða samþykkt byggingarfélaganna. Tekin eru upp í greinina almenn undantekningarákvæði hlutafélagalaga, eins og gert hefur verið í lögum um undirbúningsfélög, sbr fiskkassaverksmiðju o. fl.

Um 4. gr.

Greinin ákvarðar, að stjórnir byggingarfélaga geti í samráði við stjórn Byggðasjóðs ákveðið, hvort selja eða leigja eigi viðkomandi húsnæði og jafnframt með hvaða kjörum.

Um 5. gr.

Fjallar um fjármögnun. Hlutafé skal vera 20%, nema ef um sölu er að ræða, þá skal það vera 10%. Gert er ráð fyrir, að samið sé við fjárfestingarlánasjóði um 80% af byggingarkostnaði sem lánsfé.

Um 6. gr.

Ákvæðið tekur af tvímæli um, að frv. nær til bæði þjónustuiðnaðar og framleiðsluiðnaðar, sem selur afurðir utan byggðarlags.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Gerð var af Vífli Oddssyni verkfræðingi fyrir Norðurlandsáætlun á sínum tíma áætlun um iðngarða, sem yrðu ódýrir í byggingu og auðvelt að skipta niður í misstórar einingar, sjá fskj. II og fskj. III. Niðurstaða þessarar áætlunar er í stórum dráttum sem hér segir:

Hver eining yrði 6x26 m eða 120m² í vinnusal og 36 ferm. í skrifstofu, snyrtingum og kaffistofu. Hver iðnrekandi gæti tekið 2, 3, 4 eða fleiri einingar. Iðnrekendum gæfist þá kostur á eftirfarandi húsrými:

Kostur A	2 einingar
	240 fermetra vinnusalur
	72 fermetra skrifstofa o. fl.
	312 fermetrar

Kostur B	3 einingar
	360 fermetra vinnusalur
	108 fermetra skrifstofa o. fl.
	468 fermetrar

o. s. frv.

Talið er, að fimm einingar séu lágmarksbyrjunaráfangi, þ. e. a. s. 1090 fermetrar að flatarmáli, en 5250 rúmmetrar að rými. Byggingarkostnaður slíks húsnæðis er nú áætlaður 4100—4500 kr. á rúmmetra, (b-vísitala 913) eftir stærð byggingaráfanga og leiga á fermetra 165 kr. á mánuði miðað við, að 10% á ári fáist í vexti og afborganir. Sjá nánar á fskj. II. Athuga, að margfalda þarf allar kostnaðartölur á því fskj. með 2.37 sbr. fskj. III.

Fylgiskjal II.

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI

2. apríl 1969.

STÖÐLUÐ IÐNAÐARHÚS

Ath, að allar fjárhæðir þarf að hækka með því að margfalda með 2.37, sbr. fskj. III, ef finna á verðlag miðað við b-vísitölu 913.

Tilgangur:

Við fyrirkomulag húsanna hefur það sjónarmið verið ráðandi, að byggja ódýr, stöðluð iðnaðarhús, sem auðvelt er að skipta niður í misstórar einingar, þannig að með hverjum vinnusal fylgi ákveðið húsnæði fyrir skrifstofu, kaffistofu starfsfólks og snyrtingar.

Við athugun á tillögum Iðngarða í Reykjavík hefur eftirfarandi komið í ljós: Hver eining er tiltölulega stór og skipting niður í litlar einingar með samtengdu skrifstofuhúsnæði er fremur erfið. Varðandi tillögur Iðngarða í Reykjavík þykir mér helzt koma til greina tilhögun nr. 4 (á blaði nr. 1), og ef því húsi yrði skipt niður í 4 einingar, verður minnsta eining 493 m² í vinnusal og 257 m² í skrifstofuhúsnæði eða samtals 750 m². Minnsta eining í mínum tillögum er aftur á móti 312 m², þannig að aðalmunur á tillögum Iðngarða Reykjavíkur og tillögunum, sem fylgja hér með, er sá, að hér er reiknað með mun minni rekstrareiningum.

Byggingargerð.

Aðalbitar hússins ganga þvert á það, og fæst þannig heppileg skipting niður í einingar. Hver eining er 6×26 m eða 120 m² í vinnusal og 36 m² í skrifstofur, kaffistofu og snyrtingar. Hver aðili gæti tekið 2, 3, 4 eða fleiri einingar. Á teikningum er sýndur möguleiki með 2 ein. merkt A og 3 ein. merkt B.

Möguleiki A er 2 einingar	=240	m² í vinnusal
	+ 72	m² í skrifst. o. fl.
Samtals	312	m²
Möguleiki B er 3 einingar	=360	m² í vinnusal
	+108	m² í skrifst. o. fl.
Samtals	468	m²
Möguleiki C er 4 einingar	=480	m² í vinnusal
	+144	m² í skrifst. o. fl.
Samtals	624	m²

o. s. frv. .....

Möguleiki er að stækka hverja einingu með viðbyggingu við gaflana, fyrir þá aðila, sem eru staðsettir við gafla, eða þá að yfirtaka miðeiningu. — Öll efnisaðkoma er frá vöruporti, en aðkoma starfsmanna og viðskiptavina er frá hinni hliðinni. Lóðarstærð er 75×75 m². Lýsing er um hliðarglugga, og er því ekki þörf á dýrum þakgluggum. Lofthæð er valin 4.2 m + bitahæð, þannig að minnsta hæð er 4.75 m, og er því möguleiki að koma tvöföldu lofti í hluta vinnusalarins, ef þurfa þykir.

Varðandi hitun er reiknað með einni svartolíukyndistöð fyrir allt iðnaðarhverfið og yrði stofnkostnaður við stöðina greiddur með tengigjöldum og reksturinn síðan greiddur eftir mæli í hverju húsi. Stórar svartolíukyndistöðvar geta orðið 30% ódýrari í rekstri en minni hráolíukyndingar.

Samanburður.

Gerð hefur verið tillaga með strengjasteypu og tillaga með límdum trébitum. Einnig er ætlunin að gera sams konar tillögu með stálgrindarhúsi. Verðmunur á tillögu með strengjasteypu og límdum trébitum er það lítill (sbr. kostnaðaráætlun), að það er innan við nákvæmni þessarar tillögu. — Strengjasteypuhúsið hefur eftirfarandi kosti fram yfir timburhúsið: Meira brunaöryggi, meira burðarmagn loftbita, þannig að auðveldlega má hengja krana eða talíur í loftbita, og meiri innlendur kostnaður. Timburhúsið hefur aftur á móti þann kost fram yfir strengjasteypuhúsið, að það er mun léttara og er því auðveldara og ódýrara í flutningum og uppsetningu. Einnig verður grunnurinn ódýrari, þar sem jarðvegur er gljúpur.

Lausleg lýsing á tillögum:

A. Strengjasteypuhús.

Í verðútreikningum er gert ráð fyrir Akureyri sem byggingarstað og að strengjasteypueiningarnar séu keyptar frá Strengjasteypunni á Akureyri. Grunndýpi er reiknað 1.2 m. — Aðalbitar eru söðulbitar (SIB), 30 cm breiðir, 54 cm á hæð til enda og 120 cm á miðju. Á bitunum hvíla svo rifjaplötur (RP 24/120). Gaflar og milliveggir milli mismunandi fyrirtækja séu úr forspenntum veggplötum (SP 12/120). Stoðir og kantbitar séu einnig úr strengjasteypu (RB 30/54), þ. e. 30×54 cm. Á þök komi tvöfalt lag af asfaltpappa. Eins og áður segir er hús þetta að mestu byggt úr innlendum efnum.


B. Timburhús.

Í verðútreikningi er reiknað með Akureyri sem byggingarstað. Allir helztu burðarviðir eru úr límdum trébitum. Aðalbitar hússins (um helmingur timburmagnsins) yrðu innfluttir frá Finnlandi, stærð: 14 cm þykkir, hæð á endum 70 cm og á miðju 110 cm. Minni burðarviðir yrðu teknir frá nýrri verksmiðju, sem hugsað er að reisa á Ólafsfirði. Aðalstoðir yrðu 14×60 cm, gaflstoðir 9×30 cm og þverbönd í þaki yrðu 9×40 cm. Á þök komi timburklæðning með tveim lögum af pappa.

Lausleg kostnaðaráætlun fylgir hér á eftir, en samkvæmt henni mun strengjasteypuhúsið kosta 9 200 000 kr. eða 1750 kr/m³ og timburhúsið 8 900 000 kr. eða 1700 kr/m³.

Stærð byggingareininga.

Minnsta mögulega byggingarstærð eru 2 einingar eða möguleiki A. Samkvæmt kostnaðaráætluninni hér á eftir er kostnaðurinn miðaður við 7 einingar 1750 kr/m³, en séu aðeins byggðar tvær einingar, verður byggingarkostnaðurinn nokkuð hærri eða ca. 2 800 000 kr. eða 1870 kr/m³ miðað við strengjasteypu. Hagkvæmasta byggingarlengd er um 10 einingar, og lækkar þá rúmmetraverð niður í 1725 kr/m³. Ef byggð yrðu 2 eins eða fleiri hús, má reikna með 25-50 kr/m³ lækkun.



Rúmmetraverð miðað við stærð byggingaráfanganna.

Reykjavík, 2. apríl 1969.

Virðingarfyllst,

Vífill Oddsson, verkfr.

Stengjasteypuhús, kostnaðaráætlun:

Tillaga 1: Flatarmál 26.0 × 42.0 = 1 090 m²
Rúmmál = 5 250 m³

	Ein.	Magn	Ein. verð	Verð	Flutt verð
Gröftur í grunni	m³	1 300	50	65 000	
Fylling í grunn	m³	850	150	127 000	
Lagnir í grunni	l.s.			60 000	
Steyptir sökklar og botnplata	l.s.			850 000	
				1 102 000	
			Ófyrirséð 13.5%	148 000	
			Botnplata fullgerð	1 250 000	1 250 000
Lágbygging steypt.					
Útveggir	m²	330	1 200	369 000	
Þak lágbyggingar	m²	250	400	100 000	
Stoðir uppsettar	m	40	2 200	88 000	
Söðulbitar 20 m uppsettir	stk	8	48 000	384 000	
Gaflar uppsettir + 2 millibil	m²	320	800	256 000	
Rifjapl. uppsettar	m²	840	700	588 000	
Kantbitar uppsettir	m	84	2 200	185 000	
				1 997 000	
			Ófyrirséð 13.3%	263 000	
				2 260 000	2 260 000
			Hús uppkomið		3 510 000
Pappi á þök	m²	1 090	350	381 000	
Þakrennur og niðurföll		100	300	30 000	
Þétting á göflum	m	300	100	30 000	
Gluggar	m	500	300	150 000	
Ísetning glugga	m	280	150	42 000	
				633 000	
			Ófyrirséð 13.8%	87 000	
				720 000	720 000
			Hús fokhelt		4 230 000
Raflagnir og ljós	l.s.			500 000	
Upphitun	l.s.			550 000	
Vatnslagnir	l.s.			30 000	
Einangrun lofta	m²	1 090	500	545 000	
Einangrun útveggja	m²	400	500	200 000	
Pokapúss inni	m²	450	150	68 000	
Léttir hlaðnir innv. í skrifst.hluta	m²	220	800	176 000	
Ílögn í gólf	m²	1 090	200	218 000	
Flísar á v.s.	m²	60	1 000	60 000	
Dúkur á gólf í skrifst.	m²	250	400	100 000	
Gólf í vinnusal máluð	m²	840	120	101 000	
Gler ísett	m²	200	2 500	500 000	
Útihurðir	l.s.			140 000	
Tréverk í skrifst.	l.s.			420 000	
Hreinlætistæki upps.	l.s.			160 000	
Málun úti	m²	500	100	50 000	

	Ein.	Magn	Ein. verð	Verð	Flutt verð
Vinnupallar úti	l.s.			30 000	
Málun inni	m²	1 200	100	120 000	
Jöfnun á lóð	l.s.			50 000	
				4 018 000	
			Ófyrirséð 13.2%	532 000	
				4 550 000	4 550 000
					8 780 000
			Yfirumsjón 4.8%		420 000
			Hús fullbúið samtals		9 200 000

Verð pr. m³ = 9 200 000/5250 = 1750 kr/m³

Miðað við að fá 10% pr. ár í leigu, upp í vexti og afskriftir, þarf leigan að vera 920 000 kr. á ári eða 76 700 kr. á mánuði, sem samsvarar ca. 70 kr/m² pr. mánuð.

Einnig er hægt að vera með timburþak í stað rifjaplatna, og lækkar þá verðið um 840 (700—400) ½ ca. 250 000 kr. eða verður þá heildarverðið 8 950 000 kr. eða 1700 kr/m³ og leiguverð 68 kr/m² pr. mánuð. — Ekki er þó mælt með þessari tillögu, því þetta hús er lakara að gæðum, einkum með tilliti til bruna og stífleika.

Hús úr límdum trébitum. Kostnaðaráætlun

Tillaga 2: Flatarmál = 26.0 × 42.0 = 1 090 m²
Rúmmál = = 5 250 m³

	Ein.	Magn	Ein. verð	Verð	Flutt verð
Botnplata fullgerð, sbr. till. 1	l.s.			1 250 000	1 250 000
Límdir bitar, efni	m³	50	20 000	1 000 000	
Límdir bitar, uppsetn.	m³	50	6 000	300 000	
Þak með klæðningu	m²	1 090	300	327 000	
Gaflar + 2 millibil klædd asbesti	m²	320	600	192 000	
				1 819 000	
			Ófyrirséð	241 000	
				2 060 000	2 060 000
			Hús uppkomið		3 310 000
Hús gert fokhelt (sama verð og við till. 1)				720 000	720 000
			Hús fokhelt		4 030 000
Hús fullgert, sbr. till. 1				4 550 000	
Ódýrari einangrun lofta				÷ 110 000	
				4 440 000	4 440 000
					8 470 000
			Yfirumsjón		430 000
			Hús fullgert samtals		8 900 000

Verð pr. m³ = 8 900 000/5250 = 1700 kr/m³

Fylgiskjal III.

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI.

Undirritaður hefur endurskoðað með tilliti til verðbreytinga áætlun þá, er hann gerði í apríl 1969 yfir stöðluð iðnaðarhús fyrir Norðurlandsáætlun.

Við lauslega athugun kemur í ljós, að með nægjanlegri nákvæmni má reikna hækkunina í réttu hlutfalli við hækkun þá, er orðið hefur á byggingarvísitölu Hagstofu Íslands frá þeim tíma er fyrrnefnd áætlun var gerð.

Vísitala í apríl 1969 = 386 stig

Hækkun = 237%.

Vísitala í jan. 1974 = 913 stig

Réttar kostnaðartölur miðað við verðlag í jan. 1974 fást með því að margfalda fyrrgreinda áætlun með 2.37.

Rúmmetraverð verður því nú frá ca. 4 100 kr./m³ til ca. 4 500 kr./m³ eftir stærð byggingaráfanga. Hverjar 2 einingar (um 1500 m³ og 312 m²) kosta því nú ca. 6.2—6.8 millj. kr. eftir stærð byggingaráfanga.

Athugun þessi er gerð miðað við verðlag í jan. 1974, en að sjálfsögðu munu væntanlegir kjarasamningar og erlendar verðhækkanir hafa áhrif á þessi verð til hækkunar.

Reykjavík, 8. febr. 1974.

Vífill Oddsson.

Nd. 522. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 58 28. apríl 1963.

Ed. 523. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur flutt þetta frumvarp tvívegis, í fyrra sinn á s. l. vetri að beiðni hæstv. dómsmálaráðherra og nú á þessu þingi að beiðni biskups, en í bæði skiptin hefur komið skýrt fram, að í flutningi málsins fælist ekki efnisleg afstaða til málsins.

Nefndin hefur sent frumvarpið ýmsum aðilum til umsagnar, og reyndust skoðanir skiptar um efni þess. Meðmæli með frumvarpinu hafa borist frá héraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis, prófasti Austfjarðaprófastsdæmis, prófasti Skagafjarðarprófastsdæmis, sóknarnefnd Grensássóknar og héraðsfundi Ísafjarðarprófastsdæmis, guðfræðideild Háskóla Íslands og Prestafélagi Íslands.

Andmæli gegn samþykkt frumvarpsins hafa borist frá dómprófasti Reykjavíkurprófastsdæmis, safnaðarstjórn og safnaðarfulltrúa Digranessóknar í Kópavogi, safnaðarnefnd Kársnesprestakalls í Kópavogi og prófasti Kjalarnesþings.

Prófastur Rangárvallaprófastsdæmis hefur borið málið undir söfnuðina, og bárust svör frá átta af sextán söfnuðum og voru þeir allir andvígir frumvarpinu.

Prófastur Húnavatnsprófastsdæmis hefur fengið jákvæðar undirtektir við frumvarpið í 6 sóknum og neikvæðar í öðrum 6 sóknum.

Prófastur Ísafjarðarprófastsdæmis vill afnema prestskosningar, en prestar verði ráðnir í embætti eftir sama fyrirkomulagi og gildir um aðra embættismenn. Svipuð skoðun kemur fram hjá ýmsum, sem lýsa yfir andstöðu við frumvarpið.

Nefndin telur eðlilegt, að gerðar verði breytingar á lögum nr. 32 1915, um veitingu prestakalla, með hliðsjón af óánægju með prestskosningar, sem virðist vera ríkjandi meðal presta, guðfræðinema og ýmissa kirkjunnar manna. Hins vegar getur nefndin ekki fallist á það skipulag, sem felst í frumvarpi Kirkjuþings, að valdið til að velja prest verði fyrst og fremst í höndum sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa í stað sóknarbúa.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp um breytingar á lögum um veitingu prestakalla að höfðu samráði við Kirkjuþing og biskupsembættið og að fengnu áliti almennra safnaðarfunda, leggur nefndin til, að því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. mars 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Auður Auðuns.	Ásgeir Bjarnason.	Jón Árm. Héðinsson.
	Steingr. Hermannsson.	

Sþ. 524. Fyrirspurn [270. mál]

til forsætisráðherra um greiðslur vegna Laxárdeilu.

Frá Braga Sigurjónssyni.

1. Hefur gerðardómur gengið (sbr. sáttasamning 19/5 '73) um skaðabótakröfur landeigenda við Laxá og Mývatn á hendur Laxárvirkjun, og hve háar greiðslur hafa þá verið úrskurðaðar?
2. Hversu mikið hefur ríkissjóður greitt vegna kostnaðar Landeigendafélags Laxár og Mývatns af Laxárdeilu?
3. Hversu miklu af þeirri upphæð nam málflutningsþóknun Sigurðar Gizurarsonar hrl.?
4. Hvað hefur ríkissjóður greitt Laxárvirkjun vegna kostnaðar við Laxárdeilu, og hver var þóknun lögmanns fyrirtækisins?
5. Var álits Lögmannafélags Íslands leitað, áður en þóknun til hvors lögmannsins var ákveðin, og hvert var þá álit félagsins?

Nd. 525. Frumvarp til laga [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 15. mars.)

Samhljóða þskj. 518 með þessari breytingu:

20. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974. Gilda ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 3. mgr. 7. gr., 8. gr. og 19. gr. til loka ársins 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Ed. 526. Lög [65. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Afgreitt frá Ed. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 462.

Sþ. 527. Nefndarálit [121. mál]

um till. til þál. um Z í ritmáli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar óbreyttrar.

Jón Skaftason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. marz 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Bjarni Guðnason.	Lárus Jónsson.	Bragi Sigurjónsson.

Nd. 528. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 15. mars 1974.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Jón Skaftason, fundaskr.	Ellert B. Schram.
Pétur Pétursson.	Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.
	Jónas Jónsson.	

Sþ. 529. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um bætta póst- og símaþjónustu úti um byggðir landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 19. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr., frsm.	Bragi Sigurjónsson.
Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.	Jón Skaftason.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 530. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Ellert B. Schram.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Á eftir orðinu „markmið“ komi: fræðsluskylda.
2. Við 1. gr. Greinin verði svo hljóðandi:
   Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli, sem fullnægir lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, kallast grunnskóli.
   Öllum börnum og unglingum á aldrinum 7 til 15 ára er skylt að sækja grunnskóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.
   Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til 16 ára unglinga, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð ákvörðunina.
   Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.
3. Við 3. gr. 2. mgr. hljóði svo:
   Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem hlutaðeigandi fræðsluráð ákveður.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs“ komi: fræðsluráði með samþykki menntamálaráðuneytisins.
5. Við 7. gr. a-liður falli niður.
6. Við 8. gr. Niður falli orðin „hluta úr skólaári“.
7. Við 12. gr. 4. tölul. Í staðinn fyrir orðið: „menntamálaráðuneytisins“ komi: hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.
8. Við 13. gr.
   a) 1. mgr. hljóði svo:
      Landshlutasamtök sveitarfélaga setja eða skipa fræðslustjóra.
   b) Í staðinn fyrir orðin „Menntamálaráðuneytið auglýsir“ í 2. mgr. komi: Landshlutasamtök sveitarfélaga auglýsa.
9. Við 14. gr.
   a) 1. mgr. verði svo hljóðandi:
      Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Hann veiti forstöðu fræðsluskrifstofu umdæmisins.
   b) Í staðinn fyrir orðin „skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins“ í 4. tölul. komi: menntamálaráðuneytið.

10. Við 15. gr.
    a) Í staðinn fyrir 1. og 2. mgr. komi ný 1. mgr., svo hljóðandi:
    Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en fræðsluráð ræður starfsfólk hennar að fengnum tillögum fræðslustjóra.
    b) Í 3. mgr., er verði 2. mgr., falli niður orðin „enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til“.
11. Við 16. gr. 4. mgr. verði svo hljóðandi:
    Landshlutasamtök sveitarfélaga gera í samráði við menntamálaráðuneytið áætlun um skiptingu hvers umdæmis í skólahverfi og leggja tillögur þar um fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hóflegs tíma, kveður ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum um tillögurnar. Náist ekki samkomulag, sker menntamálaráðuneytið úr.
12. Við 19. gr. Í lok 3. mgr. komi: og samstarfsnefndar.
13. Við 20. gr.
    a) Í staðinn fyrir orðin „Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla“ í 1. mgr. komi: Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara.
    b) Í stað orðanna „sem ásamt skólastjóra fer með stjórn skólans í umboði fastra kennara“ í 2. mgr. komi: sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans.
14. Við 24. gr.
    a) Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið aðstoðar“ í 5. mgr. komi: landshlutasamtök sveitarfélaga aðstoða.
    b) Í stað orðanna „enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd uppdrætti“ í 6. mgr. komi: enda hamli notkun slíks húsnæðis ekki skólastarfi að dómi skólanefndar og menntamálaráðuneytisins.
15. Við 27. gr.
    a) 1. mgr. verði svo hljóðandi:
    Við hönnun skólamannvirkja er heimilt að ákveða listskreytingu þeirra, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar.
    b) 2. mgr. falli niður.
16. Við 29. gr. Niður falli úr 2. mgr. orðin „sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðahalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.“, en í staðinn komi: samkvæmt lögum.
17. Við 50. gr.
    a) 1. mgr. verði svo hljóðandi:
    Börn og unglingar eiga rétt á að sækja grunnskóla, og er þeim það skylt innan þeirra marka, sem skólaskylda er ákveðin í skólahverfi, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 52., 53. og 78. gr. þessara laga.
    b) Í lok 2. mgr. falli niður orðin „ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig“, en í staðinn komi: með samþykki fræðslustjóra.
    c) 3. mgr. verði svo hljóðandi:
    Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og á hann þá rétt á að flytjast á framhaldsskólastig. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, ef foreldrar æskja þess og skólinn samþykkir.
    d) 4. mgr. verði svo hljóðandi:
    Fræðslustjóri getur í skólahverfi, þar sem 9 ára skólaskylda er ákveðin, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk vegna þátttöku

í atvinnulífi, og getur nemandi þá lokið grunnskólanámi síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

18. Við 51. gr. Til viðbótar við 3. málslið komi: með samþykki fræðslustjóra.
19. Við 52. gr.
    a) Í stað „sálfræðideildar“ í a-lið komi: sálfræðiþjónustu.
    b) Í stað „sálfræðideildar“ í c-lið komi: sálfræðiþjónustu.
    c) Í stað „sálfræðideildar“ í d-lið komi: sálfræðiþjónustu.
    d) Í stað „sálfræðideildar“ í e-lið komi: sálfræðiþjónustu.
20. Við 53. gr.
    a) Í stað „sálfræðideildar“ í 1. mgr. komi: sálfræðiþjónustu.
    b) Í stað „sálfræðideild“ í 4. mgr. komi: sálfræðiþjónustu.
21. Við 55. gr. 6. mgr. verði svo hljóðandi:
    Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd.
22. Við 56. gr. Til viðbótar við 1. mgr. komi: en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins, sem tekur ákvörðun í málinu.
23. Við 62. gr. Á eftir orðinu „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. komi: í samráði við fræðslustjóra.
24. Við 63. gr.
    a) Í stað orðanna „Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, skólarannsóknadeild, er hefur með höndum m. a.“ komi: Menntamálaráðuneytið hefur með höndum.
    b) Í stað orðsins „deildin“ komi: ráðuneytið.
25. Við 64. gr. Í stað orðanna „skólarannsóknadeildar, og ræður menntamálaráðuneytið þá“ í 1. mgr. komi: menntamálaráðuneytisins og eru ráðnir.
26. Við 67. gr. Í 1. mgr. falli niður orðið „opinberum“.
27. Við 69. gr. g-liður verði svo hljóðandi:
    að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við störf skólaráðgjafa.
28. Við 70. gr.
    a) 1. mgr. verði svo hljóðandi:
    Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta lýtur stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra. Skólaráðgjafar eru starfsmenn fræðslustjóra, sem skipuleggur störf þeirra í samráði við skólastjóra og sálfræðiþjónustu, en hafa aðsetur í skólunum.
    b) Í stað orðsins „sálfræðideildar“ í 2. mgr. komi: sálfræðiþjónustu.
29. Við 73. gr. Í stað orðsins „sálfræðideilda“ í 2. mgr. komi: sálfræðiþjónustu.
30. Við 74. gr. 2. mgr. verði svo hljóðandi:
    Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf í samráði við fræðsluráð.
31. Við 78. gr. 2. mgr. falli niður.

Ed. 531. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp það, sem hér greinir, um gjaldmiðil Íslands.

Nefndin samþykkti samhljóða að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Síðari málsl. 1. gr. orðist svo:

Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

Alþingi, 18. mars 1974.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Geir Hallgrímsson.	Halldór Blöndal.
	Björn Jónsson.	

Nd. 532. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 8. gr. Fyrir „5% — fimm af hundraði“ komi: 4% — fjóra af hundraði.
2. Við 19. gr. Fyrir „5% söluskattauka“ komi: 4% söluskattauka.
3. Við 20. gr.
   a. Síðasti málsl. fyrri málsgr. falli niður.
   b. Aftan við síðari málsgr. bætist: og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.

Sþ. 533. Nefndarálit [163. mál]

um till. til þál. um jöfnun símgjalda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að till. verði samþykkt óbreytt.

Jón Skaftason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Bjarni Guðnason.	Bragi Sigurjónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 534. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um könnun á notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns og áætlanagerð um dreifingu þriggja fasa rafmagns um sveitir.

Frá allsherjarnefnd.

Mál þetta hefur nefndin haft til meðferðar, rætt það og fengið umsagnir frá Stéttarsambandi bænda og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, bútæknideild. Í hvorum tveggja þessum umsögnum er mælt með efni tillögunnar. Þá hefur að beiðni nefndarinnar borist greinargerð frá Rafmagnsveitum ríkisins, þar sem vikið er að öllum þáttum tillögunnar og veittar margvíslegar upplýsingar. Nefndin telur, að hér

sé hreyft máli, sem fyllsta ástæða er að huga vel að. En þar eð ætla má, að enn frekari rannsóknar sé þörf á vegum þeirra opinberu aðila, sem þegar hafa unnið að málinu, þykir við svo búið rétt að **vísa því til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir.
Bragi Sigurjónsson.	Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.
	Jón Skaftason.	

Sþ. 535. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt till.

Alþingi, 19. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir.
Bragi Sigurjónsson.	Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.
	Jón Skaftason.	

Sþ. 536. Fyrirspurn [271. mál]

til fjármálaráðherra um vísitölutryggingu bótafjár íbúðarhúsa vegna jarðeldanna á Heimaey.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hvenær er að vænta, að lagt verði fram fyrirhugað frv. til laga, sem kynnt hefur verið þingflokkunum, um vísitölutryggingu bótafjár íbúðarhúsa, sem ákveðið hefur verið að bæta vegna jarðeldanna á Heimaey, enda verði fé lagt inn á tiltekinn reikning og notað aftur til íbúðarbyggingar í Vestmannaeyjum?

Nd. 537. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðssyni.

1. Fyrsti liður 4. gr. orðist svo:
   Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
   Af fyrstu 150 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 150 000—300 000 kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 300 000 kr. greiðist 40%.
2. Í stað „5% — fimm af hundraði“ í 8. gr. komi: 3% — þrjú af hundraði.

3. 18. gr. orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða (sbr. l. nr. 101/1973) orðist svo:
Frá 1. apríl 1974 og til loka ársins 1974 skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 2½% og rennur ½% í ríkissjóð. Ákvæði 10. gr. laga þessara eiga einungis við um hluta Byggingarsjóðs af innheimtum launaskatti.

Nd. 538. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

Við 7. gr. 3. mgr. verði 2. mgr. 2. mgr. verði 3. mgr., og við hana bætist orðin: og 2. mgr.

Nd. 539. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðssyni.

Við 19. gr. Fyrir „5% söluskattauka“ komi: 3% söluskattauka.

Nd. 540. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og sent það til umsagnar dómsmálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar.

Fyrir nefndinni lágu einnig frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp og Seltjarnarneshrepp, og fyrir félagsmálanefnd efri deildar auk þess frv. um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi og Grindavíkurhreppi.

Urðu menn fljótlega sammála um, að nokkuð viðurhlutamikið væri að stofna til nýrra bæjarfógetaembætta við stofnun kaupstaða í öllum þessum sveitarfélögum og fleiri, sem vafalaust mundu þá á eftir koma.

Í sömu átt hnigu einnig álitsgerðir dómsmálaráðuneytis og réttarfarsnefndar.

Að öllu þessu athuguðu og einnig að höfðu samráði við félagsmálanefnd efri deildar um afgreiðslu þeirra kaupstaðarréttindamála, sem þar voru, lagði nefndin til, að frumvarp þetta yrði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lögreglustjórinn í Bolungarvík verður bæjarfógeti í Bolungarvíkurkaupstað. Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum bæjarfógetum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, sem varða hagsmuni í Hólshreppi og ekki eru

útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað.

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 14 25. janúar 1934.

Alþingi, 18. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Ólafur G. Einarsson.	Ágúst Þorvaldsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Nd. 541. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um skólakerfi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið, kynnti sér umsagnir, sem borist höfðu um það, og varð sammála um að mæla með, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 7. gr. Í stað orðanna „skal þess gætt, að“ komi: skulu, — og í stað „njóti“ komi: njóta.

Alþingi, 18. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Ellert B. Schram.	Eysteinn Jónsson.	Benedikt Gröndal.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Nd. 542. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kannað frumvarpið. Til viðræðna um það hafa komið þrír stjórnarmeðlimir Orators, félags laganema. Skriflegar álitsgerðir hafa borist frá Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Félagi bankalögfræðinga, Hæstarétti og Orator.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Við 3. mgr. bætist: Þessa ákvörðun má kæra til lögmannsdóms skv. 11. gr. með fjögurra vikna kærufresti. Á sama hátt má kæra til lögmannsdóms ákvörðun um málsvarnarlaun í opinberu máli.
2. Við 10. gr. 4. málsgr. orðist svo:
Laun dómenda í lögmannsdómi skulu greiðast úr ríkissjóði eftir úrskurði dómsmálaráðherra.

3. Við 13. gr. 5. töluliður 1. málsgr. orðist svo:
   Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlega fluttra mála eða að öðrum kosti sýnt hæfni sína með flutningi fjögurra munnlega fluttra mála fyrir prófnefnd, er dómsmálaráðherra skipar.
   Prófnefndin skal fylgjast með starfi að undirbúningi málflutningsins og stuðla að því, að hann veiti prófmanni þekkingu á störfum lögmanna. Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar o. fl. að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.

Alþingi, 19. mars 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Stefán Valgeirsson.
Jónas Jónsson.	Pétur Pétursson.	Ólafur G. Einarsson.
	Ellert B. Schram.	

Nd. 543. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur kannað frumvarpið og flytur við það nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir nefndin einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 19. mars 1974.

Jónas Árnason, form.	Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr.	Jón Skaftason, frsm.
Sverrir Hermannsson.	Bjarni Guðnason.	Ingvar Gíslason.
	Bragi Sigurjónsson.	

Nd. 544. Breytingartillögur [61. mál]

við frv. til l. um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Við 2. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands og hefur meðmæli deildarinnar og landlæknis.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. falli niður.
3. 4. gr. falli niður.
4. Við 5. gr.
   a) 1. málsgr. orðist svo:
      Ef nauðsyn krefur, má um stundarsakir fela tannlæknisefni, sem lokið hefur tíu missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, að gegna störfum tannlæknis eða aðstoðartannlæknis, þar sem aðstaða er fyrir hendi, en ekki hefur reynst unnt að fá tannlækni til starfa, og hefur hann þá tímabundið tannlækningaleyfi á meðan.
   b) Orðið „jafnan“ í 2. málsgr. falli niður.

5. Við 6. gr. Úr 1. málsgr. falli niður „svo og tannréttingar og hvers konar gervitannagerð".
6. 7. gr. orðist svo:
   Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Tannlæknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðherra staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til þess að kalla sig sérfræðing, nema hann sanni fyrir tannlæknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.
   Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir tannlæknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskyldu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.
7. 9. gr. orðist svo:
   Tannlæknum er heimilt að hafa sérhæft starfsfólk, svo sem tannsmiði, tanntækna o. fl., enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Enn fremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni, sem lokið hefur tíu missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, aðstoða sig við tannlæknisstörf, að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til og tannlæknadeild Háskóla Íslands mælir með.
   Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks starfsfólks tannlækna.
8. 12. gr. falli niður.

Nd. 545. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar. Til viðræðna um það hafa komið Unnsteinn Beck, borgarfógeti í Reykjavík, og prófessor Þór Vilhjálmsson. Skriflegar álitsgerðir hafa borist frá Unnsteini Beck, Sigurgeir Jónssyni, bæjarfógeta í Kópavogi, Einari Ingimundarsyni, bæjarfógeta í Hafnarfirði, og Ófeigi Eiríkssyni, bæjarfógeta á Akureyri. Þá hefur Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, gert skriflegar athugasemdir vegna hugmynda um breytingar á frv. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Fyrsti málsliður 2. mgr. orðist þannig:
   Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingaréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar, að frádregnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu.

2. 4. gr. orðist þannig:
   84. gr. orðist þannig:
   Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:
   1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir andlátið.
   2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta.
   3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.

4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.

5. Kröfur skv. 1.—4. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 6 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

6. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

7. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

8. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 19. mars 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Stefán Valgeirsson.
Ólafur G. Einarsson.	Ellert B. Schram.	Pétur Pétursson.
	Jónas Jónsson.	

Ed. 546. Frumvarp til laga [272. mál]

um breyting á lögum nr. 73, 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 5. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

2. gr.

6. tl. 8. gr. orðist svo:
Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar, sbr. 5. mgr. 20. gr., og fulltrúar ríkissaksóknara.

3. gr.

4. mgr. 18. gr. orðist svo:
Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.

4. gr.

20. gr. orðist svo:
Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið.
Forseti skipar ríkissaksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Ríkissaksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, fulltrúar ríkissaksóknara, svo og saksóknarar, sbr. 5. mgr. þessarar greinar. Allir skulu þeir hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara í störfum sínum.

Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar vararíkissaksóknara. Vararíkissaksóknari fer með vald ríkissaksóknara í fjarveru eða forföllum ríkissaksóknara eftir nánari ákvörðun hans.

Ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir Hæstarétti auk annarra embættisstarfa, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að við embætti ríkissaksóknara skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

Saksóknarar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar saksóknara.

Annað starfslið til aðstoðar ríkissaksóknara, þ. á m. fulltrúa með lögfræðiprófi, skipar dómsmálaráðherra með samþykki ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

5. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 21. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 1. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 4. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

6. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar ríkissaksóknari er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um það með öðrum hætti, og skipar hann þá vararíkissaksóknara eða annan löghæfan mann, sbr. 2. mgr. 20. gr., til meðferðar þess máls.

Nú er ríkissaksóknari settur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

7. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 23. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

8. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 1. málsgr. 24. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 2. málsl. 1. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

9. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 3. málsgr. 25. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsgreinar komi orðið: ríkissaksóknari.

10. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ á þremur stöðum í 27. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

11. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 28. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

12. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 29. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

13. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 30. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

14. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 3. málsgr. 32. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

15. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 33. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

16. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 42. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

17. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 73. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

18. gr.

74. gr. orðist svo:

Dómari getur borið undir ríkissaksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá ríkissaksóknari ákvörðun um það atriði. Ríkissaksóknari getur af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa ríkissaksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákæruvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari ríkissaksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu ríkissaksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafist í málum, er greinir í 3. málsgr. 21. gr.

19. gr.

1. mgr. 79. gr. orðist svo:

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og sækir þá ríkissaksóknari málið, en falið getur hann þó sókn þess vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa sínum, er fengið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Heimilt er einungis að löggilda fulltrúa, er fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti, hafa fengið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða fullnægja skilyrðum til þess að fá slík leyfi. Heimilt er og ríkissaksóknara að skipa sækjanda máls einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðilja væri óhæfur dómari í því máli.

20. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 1. málsgr. 84. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknari.

21. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 87. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

22. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. málsgr. 112. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 4. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 5. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ á tveimur stöðum í 6. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

23. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 1. málsgr. 115. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

24. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 118. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

25. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 124. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

26. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 2. tl. 129. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

27. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. tl. 1. málsgr. 130. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

28. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ á tveim stöðum í 131. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

29. gr.

1. málsgr. 143. gr. orðist svo:

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsgr. 87. gr. Þegar mál er sótt af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa ríkissaksóknara, sbr. 1. málsgr. 79. gr. og 1. málsgr. 181. gr., skal það gert án sérstaks endurgjalds bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

30. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. tl. og 3. tl. 154. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

31. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 171. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

32. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 174. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

33. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 175. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ á tveimur stöðum í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 4. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

34. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 177. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

35. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 1. málsgr. 179. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ á þremur stöðum í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ á tveimur stöðum í 1. og 2. málsl. 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ á tveimur stöðum í 3. og 4. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknara.

36. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 180. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ á þremur stöðum í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsl. 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknara.

37. gr.

181. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari sækir öll opinber mál í Hæstarétti, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hvílt hafa á sækjanda fyrir þeim dómi, og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir.

Ríkissaksóknari getur falið vararíkissaksóknara eða saksóknara að flytja tiltekin opinber mál í Hæstarétti.

38. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 182. gr. komi orðið: sækjanda.

39. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 184. gr. komi orðið: sækjandi.

40. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. 1. málsgr. 186. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „Saksóknara“ í 1. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknari.

41. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 191. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

42. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 193. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

43. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 194. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

44. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 195. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

45. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 198. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

47. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af réttarfarsnefnd samkvæmt fyrirlagi í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 23/1973, og er lagafrumvarpið flutt óbreytt eins og nefndin gekk frá því, en frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svo hljóðandi

Greinargerð.

Í lögum nr. 23 frá 17 apríl 1973 er svofellt ákvæði til bráðabirgða: „Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings“.

Í samræmi við þetta ákvæði hefur nefndin tekið mál þetta til meðferðar, rætt það á nokkrum fundum og orðið sammála um framangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu frá gildandi lögum, að embættisheiti saksóknara ríkisins verði ríkissaksóknari. Þessi breyting er eðlileg með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að fleiri en einn beri stöðuheitið saksóknari.

Auk þess er þetta heiti í samræmi við sambærileg embættisheiti á Norðurlöndum og ætti að falla vel að íslenzku máli.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að við embætti ríkissaksóknara starfi vararíkissaksóknari, sem sé staðgengill ríkissaksóknara í fjarveru hans. Einnig er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra sé heimilt að skipa einn eða tvo saksóknara, ef þörf krefur við málflutningsstörf fyrir Hæstarétti.

Þrátt fyrir nefnda breytingu á núverandi embætti saksóknara ríkisins, þá er ekki ætlazt til þess, að valdsvið yfirmanns embættisins, ríkissaksóknara, skerðist frá því, sem nú er.

Frumvarpið felur í sér nokkra breytingu á ákvæðum um sókn mála fyrir Hæstarétti. Með lögum nr. 23 frá 17. apríl 1973 var gerð sú breyting á þágildandi lögum, að saksóknara ríkisins, er áður hafði einn heimild til þess að sækja mál fyrir Hæstarétti, var heimilað að fela fulltrúum sínum sókn máls fyrir þeim rétti, enda fullnægðu þeir lagaskilyrðum til skipunar í embætti saksóknara ríkisins. Frumvarp þetta gerir hins vegar ráð fyrir, að ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari sæki mál fyrir Hæstarétti. Auk þess er dómsmálaráðherra heimilt eins og áður segir að skipa einn eða tvo saksóknara, ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir þeim rétti. Með þessari breytingu, er frumvarpið felur í sér, þykir ekki lengur þörf á því, að fulltrúar ríkissaksóknara hafi heimild til þess að sækja mál fyrir Hæstarétti.

Frumvarpið felur einnig í sér smávægilegar breytingar á ákvæðum um sókn mála fyrir héraðsdómi og verður vikið nánar að því síðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1., 2. og 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4 gr.

Svo sem að framan greinir, er heiti á núverandi embætti saksóknara ríkisins breytt. Samkvæmt frumvarpinu kallast þessi embættismaður ríkissaksóknari. Auk þess er gert ráð fyrir, að skipaður verði vararíkissaksóknari og ákveðin heimild til þess að skipa einn eða tvo saksóknara, ef þörf krefur vegna anna við málflutning fyrir Hæstarétti. Valdssvið ríkissaksóknara verður það sama og valdsvið saksóknara ríkisins er nú.

Um 5. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæði 2. mgr. er hið sama og ákvæði 2. mgr. 181. gr. gildandi laga, en efnislega á ákvæði þetta betur heima í þessari grein.

Um 7., 8., 9., 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., og 18. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 19. gr.

Í gildandi lögum segir að saksóknari skipi sem sækjanda í máli fyrir héraðsdómi einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, er hafi fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Enn fremur segir, að rétt sé þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu, að gert er ráð fyrir því sem aðalreglu, að ríkissaksóknari sæki mál eða feli sókn máls vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa sínum, er fengið hefur til þess sérstaka löggildingu. Jafnframt er ríkissaksóknara þó heimilað að fela sókn máls málflutningsmönnum þeim, sem að framan greinir.

Um 20., 21., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 36. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Gerð hefur verið grein fyrir hér að framan þeim breytingum, sem felast í þessari grein.

Um 38., 39., 40., 41., 42., 43., 44. og 45. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Nd. 547. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið ræður fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum má endurráða hann til jafnlangs tíma, ef meiri hluti fræðsluráðs mælir með því.

Við skipun í starf fræðslustjóra skal taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjanda, stjórnunarreynslu í opinberri þjónustu og þekkingar á skólamálum.

2. Við 21. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Stofna skal foreldrafélög við grunnskóla, sem hafi það markmið að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla. Skólastjóri skal boða foreldra, sem börn eiga í grunnskóla, til stofnfundar foreldrafélags.

3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.
Fulltrúi nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.

4. Við 76. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, 21. gr.

5. Við 77. gr. 3. málsgr. orðist svo:
Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir óskólaskyld börn nema með leyfi fræðslustjóra.

Ed. 548. Frumvarp til laga [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Eftir eina umr. í Nd., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 518 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:
1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:
Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjóra af hundraði — söluskattauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

19. gr. hljóðar svo:
Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skal Kauplagsnefnd ekki taka tillit til þeirrar hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem hlýst af 4% söluskattauka skv. 8. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

20. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.
Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.

Ed. 549. Frumvarp til laga [176. mál]

um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 292 með þessari breytingu.

1. gr. hljóðar svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.

Sþ. 550. Fyrirspurnir. [273. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um uppbætur á útfluttar iðnaðarvörur.

Frá Pétri Péturssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin ákveðið að greiða uppbætur á útfluttar iðnaðarvörur, eða eru slíkar ráðstafanir í undirbúningi?
2. Ef svo er, hvað verða slíkar uppbætur háar?

II. Til samgönguráðherra um flugvöll í Grímsey.

Frá Lárusi Jónssyni og Halldóri Blöndal.

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar í sumar til þess að bæta úr því slæma ástandi, sem er á flugvellinum í Grímsey?

Ed. 551. Frumvarp til laga [113. mál]

um skipulag ferðamála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. mars.)

I. KAFLI
Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku félags- og atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Um Ferðamálastofnun Íslands.

3. gr.

Ferðamálastofnun Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands skal skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn.

Skulu þeir skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins, einn skipaður eftir tilnefningu Náttúruverndarráðs og tveir skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaþings. Einn skipar ráðherra án tilnefningar.

Varastjórn er skipuð á sama hátt.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og setur henni starfsreglur.

5. gr.

Ráðherra skipar ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, samkvæmt því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Ferðamálastjóri skal ekki vera í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, en situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Verkefni Ferðamálastofnunar Íslands eru:

I. **Skipulagning ferðamála:**

1) Áætlanagerð og heildarskipulagning.
2) Markaðskannanir.
3) Landkynningarstarfsemi.
4) Fjárfestingaráætlanir og fjármögnun.
5) Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
6) Samstarf við almennar ferðaskrifstofur og könnun á nýjungum í ferðamálum.

II. **Þjónustustarfsemi:**

1) Að efla og styrkja starfsemi ferðamálafélaga og vinna að undirbúningi árlegs Ferðamálaþings.
2) Að skipuleggja og sjá um námskeið fyrir leiðsögumenn samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er ráðherra setur.
3) Að veita almennar upplýsingar í sambandi við ferðir innanlands.
4) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir pantanir á gistihúsnæði í samráði við samtök gistihúsaeigenda.
5) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum, í samráði við samtök veiðiréttareigenda og Landssamband stangarveiðifélaga.
6) Að veita aðstoð í sambandi við fjölþjóðaráðstefnur á Íslandi og vinna að því í samráði við flutningafyrirtæki og eigendur gistihúsa, að slíkar ráðstefnur séu haldnar.
7) Að vinna að því, að hópferðir fyrir almenning til öræfa landsins verði samræmdar og skipulagðar.

8) Að annast skipulagningu orlofsferða og orlofsdvala með sem hagkvæmustum kjörum fyrir orlofsfólk, í samvinnu við starfandi ferðaskrifstofur. Skal stofnunin í þessu skyni leita samvinnu við stéttasamtök og önnur almannasamtök.

III. **Eftirlit og umhverfisvernd:**

1) Að stuðla að því, að umhverfi, fornminjar eða önnur náttúru- eða menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til. Skal stofnunin hafa náið samstarf við náttúruverndarráð og aðra þá aðila, sem um slík mál fjalla.
2) Að hafa frumkvæði um, að uppfylltar séu nauðsynlegar hreinlætiskröfur, sér í lagi á stöðum, sem fjölsóttir eru af ferðafólki.
3) Að stuðla að fegrun umhverfis og snyrtilegri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
4) Að kanna, eftir því sem ástæða er til, réttmæti kvartana, sem berast um það, sem ábótavant kann að þykja í starfi þeirra aðila, sem veita ferðafólki þjónustu og stuðla að úrbótum á því, sem áfátt kann að reynast.

IV. **Sölustarfsemi:**

1) Að annast skipulagningu orlofsferða og orlofsdvala með sem hagkvæmustum kjörum fyrir orlofsfólk með eigin ferðum eða í samvinnu við starfandi ferðaskrifstofur. Skal stofnunin í þessu skyni leita samvinnu við stéttasamtök og önnur almannasamtök.
2) Að hafa með höndum fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, sem almenn ferðaskrifstofa.
3) Að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um kann að semjast við forráðaaðila skólanna.

V. **Önnur verkefni:**

Að inna af hendi annað það, sem stofnuninni er falið með lögum þessum eða á annan hátt.

7. gr.

Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda samgönguráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

III. KAFLI

Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.

8. gr.

Ferðamálafélög eru samtök einstaklinga, sveitarfélaga og annarra aðila, sem hafa það markmið að vinna að bættri aðstöðu fyrir ferðafólk á félagssvæðinu.

Ferðamálafélög skulu leitast við að hafa sem nánasta samvinnu við sveitarstjórnir og náttúruverndarnefndir um framkvæmd þeirra mála, sem félögin vinna að.

9. gr.

Ferðamálaþing skal halda eigi síðar en í septembermánuði ár hvert.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, hvaða aðilar, samtök og stofnanir, er hagsmuna hafa að gæta, hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið, svo og hverjir hafa rétt til að sitja þingið án atkvæðisréttar.

Hlutverk Ferðamálaþings er að fjalla um ferðamál og þróun þeirra og gera tillögur um þau, miðað við heildarstefnu laga þessara.

10. gr.

Ferðamálaþing kýs til eins árs í senn sjö manna Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Ferðamálaráð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna í ráðinu.

Hlutverk Ferðamálaráðs skal vera að stuðla að því, að ályktanir Ferðamálaþings séu framkvæmdar, ræða ný viðhorf í ferðamálum og bera fram tillögur um þær aðgerðir, sem það telur nauðsynlegar, vera ríkisstjórn og Ferðamálastofnun Íslands ráðgefandi í ferðamálum og inna af höndum annað það, sem því er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

11. gr.

Ferðamálaráð boðar til Ferðamálaþings, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið fundarstjóra.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

12. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar, í einhverri mynd, um innlend eða erlend ferðamál.
b. Hvers konar farmiðasölu með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma.
d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um, hvort starfsemi telst falla undir a.—d.-lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

13. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 12. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

14. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

15. gr.

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Verslunarskólapróf eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
b. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfin skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

   Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilandaferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrifstofu samkvæmt þessari grein.
c. Fjárræði og forræði á búi sínu.
d. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a.—e.-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

16. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 3.0 millj. kr. Ráðuneytið getur ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins, svo og sérstaka hækkun hjá einstökum ferðaskrifstofum, ef rekstur þeirra gefur tilefni til.

Ráðuneytið setur nánari reglur um á hvern hátt trygging samkvæmt 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveislu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

17. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkvæmt 16. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

18. gr.

Ferðaskrifstofur, sem öðlast leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu árlega, eigi síðar en 1. maí, senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skylt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

19. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðamálastofnunar Íslands.

Ráðuneytið setur reglur um, á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

20. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 16. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfið fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 16. gr. nemur eða ef slík vanskil eru fyrirsjáanleg. Einnig getur ráðuneytið afturkallað leyfið, ef skuldir eru hærri en eignir, að viðbættu tryggingarfé, en að frádregnu firmavirði, svo og ef ársreikningi ekki er skilað samkv. 18. gr.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

21. gr.

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

V. KAFLI
Ferðamálasjóður.

22. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lán- og styrkveitingum.

23. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenzkra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita Ferðamálastofnun Íslands framlag til að koma upp eða endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum, til umhverfisverndar og til annarra verkefna, sem nauðsynleg eru vegna ferðamanna, sbr. III. lið 6. gr. þessara laga. Styrkveitingar mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en 10% af árlegum tekjum sjóðsins samkvæmt 24. gr.

24. gr.

Tekjur ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 10 millj. kr.
2. Hluti tekna af aðgöngumiðagjaldi að vínveitingahúsum samkvæmt lögum.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

25. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 200 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

26. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

27. gr.

Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði eða framlag til Ferðamálastofnunar Íslands, samkvæmt 23. gr. laga þessara, skulu sendar samgönguráðuneytinu.

Umsóknunum skulu fylgja þær upplýsingar, sem máli skipta og ráðuneytið kann að óska eftir.

Ráðherra skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að fjalla um málefni Ferðamálasjóðs. Skulu þeir gera rökstuddar tillögur um lán og framlög úr sjóðnum. Formaður stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands skal eiga sæti í nefndinni. Ferðamálaþing tilnefnir einn mann. Hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Ráðherra ræður útlánum og styrkjum af fé Ferðamálasjóðs.

28. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅕ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

29. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

30. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

31. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

32. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma. Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skyldum Ferðamálaráðs þess, er starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969.

Á sama hátt kemur Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðamálaráð samkvæmt lögum nr. 4/1969 skal boða til fyrsta Ferðamálaþings eigi síðar en 30. sept. 1974. Þar til stjórn Ferðamálastofnunar Íslands hefur verið fullskipuð samkvæmt lögum þessum, fer Ferðamálaráð með þau mál, sem undir Ferðamálastofnun Íslands falla samkvæmt lögum þessum.

Ed. 552. Lög [259. mál]

um skattkerfisbreytingu.

(Afgreitt frá Ed. 20 mars.)

Samhljóða þskj. 548 (sbr. 518).

Ed. 553. Frumvarp til laga [274. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Á eftir 173. gr. komi ný gr., 173. gr. a, svofelld:

Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta hefur hegningarlaganefnd samið í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og stendur það í nánum tengslum við frv. til laga um ávana- og fíkniefni, sem flutt er samhliða þessu frv. Í greindu frv. um ávana- og fíkniefni eru ákvæði um bann gegn innflutningi, útflutningi og ýmiskonar meðferð á ávana- og fíkniefnum eða um takmarkaða heimild til notkunar slíkra efna, þ. e. samkvæmt lyfseðli eða lyfjaávísun o. fl. Í því frv. er ákvæði í 5. gr. um refsingu og eignarupptöku vegna brota á ákvæðum þess, ef að lögum verður. Með þessu frv. er stefnt að því að lögfest verði í almennum hegningarlögum refsiákvæði, sem feli í sér, að meiri háttar brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni varði við almenn hegningarlög. Með þessu er það viðhorf áréttað, að a. m. k. sérstaklega saknæm brot gegn lögum þessum séu mjög alvarleg. Í texta frv. er því lýst, í hvaða tilvikum brot falli undir þetta refsiákvæði, en endranær á brot aðeins undir refsiákvæði laga um ávana- og fíkniefni. Yfirleitt munu refsiákvæðin útiloka hvort annað, en þess er þó að geta, að sum brot

tiltekins manns geta varðað við síðargreindu lögin, en önnur tiltekin brot við refsiákvæði það, sem frv. þetta lýtur að.

Refsimörk eru hærri samkvæmt frv. en nú er samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970. Er þyngsta refsing 6 ár skv. síðargreindu lögunum, en lagt er hér til að þyngsta refsing verði 10 ár, og er þetta gert að fordæmi hinna Norðurlandanna.

Lagt er til, að grein þessari verði skipað í XVIII. kafla alm. hegningarlaga, enda má almennt telja, að brot þau, sem ákvæðið tekur til, hafi í för með sér almannahættu.

Þar sem talað er um „verulegt gjald" í frumvarpsgreininni, er ljóst, að þar er ekki um hnitmiðað orðalag að ræða fremur en er í hliðstæðum lögum á Norðurlöndum, og veltur það á úrlausn dómstóla, hversu ákvæðið verði skýrt.

Orðin „á annan sérstaklega saknæman hátt" eru í samræmi við dönsku lögin um ávana- og fíkniefni. Með þeim er ákæruvaldi og dómstólum veitt færi á að taka ýmis sjaldgæf eða ófyrirsjáanleg tilvik alvarlegum tökum, svo sem ef mjög hættuleg efni (heróín) er afhent einum tilteknum manni gegn vægu gjaldi eða hættuminni efni (kannabis) er gefið börnum.

Fyrir brot gegn ákvæði því, er frv. fjallar um er ekki unnt að refsa, nema verk sé unnið af ásetningi, sbr. 18. gr. alm. hegningarlaga. Hins vegar er lagt til í frv. til laga um ávana- og fíkniefni, 5. gr., að heimilt verði að refsa fyrir brot á þeim lögum, sem framin eru af gáleysi.

Með orðalaginu „mörgum mönnum" er átt við það, að hér sé um nokkurn hóp manna að ræða og tíðast ótiltekinn.

Upptökuákvæði er ekki í frumvarpsgreininni, en unnt er að beita eignarupptöku skv. lögum um ávana- og fíkniefni svo og 69. gr. alm. hegningarlaga.

Ed. 554. Frumvarp til laga [275. mál]

um breyting á lögum nr. 52 13. apríl 1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, svo og mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, og mál vegna brota á 173. gr. a. almennra hegningarlaga skulu rannsökuð, rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

2. gr.

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 73 21. júní 1973, eftir því sem við á.

4. gr.

2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum,

settum samkvæmt þeim lögum, eða lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur héraðsdómari ástæðu til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum samkvæmt þeim eða lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal hann þá þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, og tekur hann við meðferð þess.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt fyrst og fremst í því skyni að gera það ótvírætt, að brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, svo og brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga, sem frv. hafa nú verið flutt um, falli einnig undir valdsvið dómara og rannsóknardeildar í ávana- og fíkniefnamálum, sbr. lög 52/1973, enda nái greind frv. samþykki Alþingis. Þar sem ýmis brot gegn lögum 77/1970 eru á rannsóknar- og dómstigi, þykir tilvísun til þeirra laga í 1., 5. og 6. gr. laga nr. 52/1973 eiga að halda sér, en bætt er við vísun til laga um ávana- og fíkniefni og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim og 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Er mælt fyrir um greinda breytingu í 1., sbr. 4. og 5. gr. frv.

Í frv. er lagt til, að dómur sá, sem um mál fjallar samkvæmt lögum 52/1973 og samkvæmt ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, beri heitið Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum. Er mælt fyrir heiti dómsins í 2. gr. frv.

Í 3. gr. frv. er vísað til laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála, sem leyst hafa af hólmi lög nr. 82/1961 og lög nr. 29/1966, sem til er vísað í 4. gr. laga nr. 52/1973.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringar.

Ed. 555. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 50 26. maí 1972, um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

1. gr. laganna (nr. 50/1972) orðist svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, annarra en eftirlifandi maka, og sé búið tekið til skipta hér á landi, skal gjalda skatt í erfðafjársjóð.

2. gr.

1. málsl. A-liðar 2. gr. laganna orðist svo:

Af erfðafé til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

3. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 3. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Á eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: erfðahluti eftirlifandi maka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vorið 1972 var samþykkt á Alþingi stjórnarfrv. um verulegar breytingar á lögum um erfðafjárskatt. Var skattheimtan stóraukin, nær ferfölduð að krónutölu. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu við meðferð málsins í báðum þingdeildum breytingartillögur, er miðuðu að því að draga nokkuð úr skattheimtunni, en engin þeirra náði fram að ganga.

Ein þessara breytingartillagna var sú, er í frv. þessu felst, þ. e. að undanþiggja erfðafjárskatti erfðahlut eftirlifandi maka.

Við umræður um frv. í Ed. tjáðu nokkrir þm. stjórnarflokkanna sig efnislega hlynnta þessari tillögu, þótt þeir greiddu þá atkv. gegn henni, og kváðust fyrir sitt leyti mundu stuðla að því, að á næsta þingi, þ. e. þinginu 1972—73, færi fram endurskoðun á lögunum um erfðafjárskatt, þar sem þetta atriði væri haft í huga. Hins vegar töldu þeir sig ekki vilja hætta á að stefna frv. í tvísýnu með því að gera á því breytingar, en frv. var þá til meðferðar í síðari þingdeild og skammt í þinglausnir.

Síðan þetta gerðist eru liðin nær tvö ár, og ekkert bólar á nýju frv. til l. um erfðafjárskatt né heldur vitað, að það sé á næsta leiti. Virðist því ekki ástæða til að tefja það lengur, að það sanngirnismál, sem í frv. þessu felst, nái fram að ganga.

Til viðbótar því áfalli, sem fráfall maka er fyrir það hjóna, sem eftir lifir, skapast einnig óhjákvæmilega vandamál fjárhagslegs eðlis, sem mörgum reynist erfitt að ráða fram úr. Má þar til nefna það, að í mörgum hjónaböndum er eigið íbúðarhúsnæði eina verulega verðmæti félagsbúsins. Vegna fasteignamatsins, sem gekk í gildi um þær mundir, er fyrrnefndar lagabreytingar voru gerðar, nemur erfðafjárskattur, jafnvel af hóflegri íbúð, eftir það tilfinnanlega hárri upphæð, sem getur orðið þeim, sem lítt eru efnum búnir, þungur baggi. Að skattleggja þannig eftirlifandi maka af eignum búsins, sem hjónin hafa sameiginlega skapað, er órétt-mætt, og er þetta frv. flutt í trausti þess, að skilningur sé fyrir hendi hjá háttv. alþingismönnum á nauðsyn þess að aflétta þeirri skattheimtu.

Ed. 556. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um félagsmálaskóla alþýðu.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur farið yfir frv. og kynnt sér umsagnir aðila.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Við 1. málsgr. bætist: og um hagfræðileg efni.
2. Við 4. gr. Í stað „17 ára“ í 1. málsgr. komi: 16. ára.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum.

Alþingi, 21. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form. | Helgi F. Seljan, fundaskr., frsm. | Þorv. Garðar Kristjánsson.
Páll Þorsteinsson. | Eggert G. Þorsteinsson. | Steingr. Hermannsson.
Auður Auðuns.

Ed. 557. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 558. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til l. um málflytjendur.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Pétri Péturssyni, Stefáni Valgeirssyni og Jónasi Jónssyni.

Á eftir 24. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við lagadeild Háskóla Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að setja á stofn lögfræðiskrifstofu, er veiti efnalitlu fólki almenna málflutningsþjónustu gegn vægu gjaldi, sem ákveðið skal í reglugerð, óháð gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Ráðherra skipar forstöðumann lögfræðiskrifstofu lagadeildar Háskóla Íslands að fenginni umsögn lagadeildar, og skal hann hafa starfað sem héraðsdómari eða héraðsdómslögmaður a. m. k. um þriggja ára skeið og uppfylla að öðru leyti skilyrði þau, sem nefnd eru í 17. gr., 1.—4. tl.

Forstöðumaður ræður starfsfólk skrifstofunnar í fullt starf eða í hluta af starfi, og skal einkum við það miðað, að lögfræðinemar eða ungir lögfræðingar, sem hafa ekki hlotið málflutningsréttindi, hljóti þar eins árs starfsþjálfun. Störf lögfræðinga á skrifstofunni veita sömu réttindi og starfsreynsla hjá héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, sbr. 5. tl. 13. gr.

Forstöðumaður úthlutar verkefnum, tekur ákvörðun um málshöfðanir og hefur umsjón og eftirlit með allri starfsemi skrifstofunnar, sem skal veita alla venjulega þjónustu.

Nánari ákvæði um starfsemi lögfræðiskrifstofu lagadeildar Háskóla Íslands, þar á meðal um þóknun og ráðningarkjör starfsmanna, skulu sett með reglugerð að fenginni umsögn lagadeildar.

Nd. **559. Frumvarp til laga** [277. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni oddvitans í Grímsneshreppi, og er bréf hans um málið ásamt bókun hreppsnefndar og samþykkt almenns hreppsfundar prentuð hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Hr. alþingismaður Ágúst Þorvaldsson.

Ábúandi á jörðinni Stóru-Borg í Grímsneshreppi, Sigurjón Ólafsson, hefur farið þess á leit að fá ábýlisjörð sína keypta af Grímsneshreppi, og samþykkt hefur verið bæði í hreppsnefnd og á almennum hreppsfundi í Grímsneshreppi að selja jörðina. Samkvæmt afsalsbréfi, útgefnu 16. desember 1947 til Grímsneshrepps, er ríkissjóði áskilinn réttur til að gerast kaupandi að jörðinni Stóru-Borg, ef til þess kemur, að Grímsneshreppur vilji selja hana.

Þar sem það er nú yfirlýstur vilji allflestra hreppsbúa í Grímsneshreppi, að það sé meðal annars réttlætismál, að ábúandi fái jörðina keypta, fer hreppsnefnd Grímsneshrepps því hér með á leit við þig, að þú flytjir frumvarp á hæstvirtu Alþingi um, að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti sínum.

Væntum við þess, að máli þessu verði hraðað, og æskilegt væri, að það fengi afgreiðslu á Alþingi því, sem nú situr.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Grímsneshrepps.

Ásm. Eiríksson (sign.)
oddviti.

Fylgiskjal II.

Grímsneshreppi, 25. febrúar 1974.

Á fundi hreppsnefndar Grímsneshrepps, sem haldinn var að félagsheimilinu Borg 24. febr. 1974, var tekið fyrir meðal annars:

Sigurjón Ólafsson bóndi, Stóru-Borg, fór fram á að fá ábýlisjörð sína, Stóru-Borg, keypta af Grímsneshreppi. Svo hljóðandi bókun var gerð um málið.

„Hreppsnefnd Grímsneshrepps samþykkir að selja Sigurjóni Ólafssyni jörðina Stóru-Borg á fasteignamatsverði, ef nauðsynleg leyfi fást til sölunar“ (þ. e. að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti sínum), með því skilyrði, að hreppurinn eigi ávallt forkaupsrétt að jörðinni eða hluta af henni á fasteignamatsverði og þeim mannvirkjum, sem á henni verða, á matsverði.

Undan sölu sé tekið land það, sem um getur í byggingarbréfi Sigurjóns, og eitthvað meira eftir nánara samkomulagi, sem gert verður, ef af sölu verður."

Tillaga þessi var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu.

F. h. hreppsnefndar Grímsneshrepps.

Ásm. Eiríksson (sign.)
oddviti.

Fylgiskjal III.

Á almennum hreppsfundi, er haldinn var að Borg, mánud. 18. mars 1974, var eftirfarandi tillaga borin fram:

Almennur hreppsfundur í Grímsneshreppi, haldinn að Borg, mánudaginn 18. mars 1974, lýsir stuðningi sínum við samþykkt meiri hluta hreppsnefndar Grímsneshrepps frá 24. febrúar s. l. varðandi sölu jarðarinnar Stóru-Borgar, með þeim skilmálum, er fram eru teknir í samþykkt hreppsnefndarinnar.

Flutningsmenn tillögunnar voru: Ásmundur Eiríksson, Gunnlaugur Þorsteinsson, Guðbjörg Arndal, Sigurður Gunnarsson.

Eftir allmiklar umræður var tillagan samþykkt með 39 atkv. gegn einu. Sex fundarmenn greiddu ekki atkvæði.

Nd. 560. Lög [162. mál]

um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

(Afgreitt frá Nd. 21. mars.)

Lögin samhljóða þskj. 403 (sbr. 232).

Nd. 561. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Við 32. gr. Fyrsta mgr. orðist svo:
   Fræðsluráð skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.
2. Við 33. gr.
   a) Við 1. mgr. Síðari málsl. orðist svo:
      Fræðslustjóri auglýsir stöðuna, ef um kennarastöðu er að ræða, annars tilkynnir hann menntamálaráðuneyti, sem þá auglýsir stöðuna.
   b) 3. mgr. orðist svo:
      Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um veitingu á skólastjórastöðum til menntamálaráðuneytisins, en leggur tillögur og umsagnir um veitingu á kennarastöðum fyrir fræðsluráð.
   c) Við 5. mgr. Í stað orðanna „getur menntamálaráðuneytið" komi: getur menntamálaráðuneytið eða fræðslustjórar.
3. Við 35. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Skólastjóri, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur, en kennari samkvæmt lögum og erindisbréfi, er fræðsluráð setur.

Sþ. 562. Skýrsla

iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

FORMÁLI

Með bréfi, dags. 23. nóvember s. l., fól iðnaðarráðherra Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að framkvæma könnun á því, hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa.

Gert var ráð fyrir, að þessi könnun beindist m. a. að því, hvort ekki væri unnt að flýta hitaveitufram kvæmdum í nágrannabyggðum Reykjavíkur umfram það, sem þá var fyrirhugað.

Var þess óskað, að Verkfræðistofan hefði samráð við Orkustofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins og Hitaveitu Reykjavíkur svo og aðra opinbera aðila um þessar athuganir.

Skömmu síðar, eða hinn 27. nóv., fór iðnaðarráðherra þess á leit við stjórn Seðlabankans, að hefja undirbúning að gerð fjármögnunaráætlunar í því skyni, sem að ofan greinir.

Nú hafa þessir aðilar skilað framvinduskýrslu um þessar athuganir og er þessi skýrsla iðnaðarráðherra lögð fram á Alþingi til umræðu um þessi mál.

I. ÁLITSGERÐ VERKFRÆÐISTOFU SIGURÐAR THORODDSEN SF.

Nýting innlendrar orku til húshitunar í stað olíu.

1. Bréf til iðnaðarráðuneytisins, dags. 14. mars 1974.

Með bréfi yðar, dagsettu 23. nóv. 1973, merkt I 1410, óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því, að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen framkvæmdi könnun á því, hvernig unnt væri með skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa.

Eftirfarandi skýrsla er samantekt á þeim þáttum könnunarinnar, sem nú liggja fyrir. Leitast hefur verið eftir að fá sem gleggsta heildarmynd af húshitunarmálum landsmanna í dag og benda á þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í náinni framtíð til þess að breyta olíuhitun í hitun með innlendum orkugjöfum, þ. e. a. s. jarðvarma og raforku frá vatnsaflsstöðvum eða gufuaflsstöðvum.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

Um áramót 1972/73 nutu um 46% þjóðarinnar jarðvarma til húshitunar, og er hlutur Hitaveitu Reykjavíkur þar langmestur, um 7% nutu rafmagnshitunar og um 47% hituðu hús sín með olíu. Þegar olíuhitun hefur verið útrýmt með öllu og tekin hefur verið upp hitun með jarðvarma eða raforku, er væntanleg skipting þannig, að um 66% landsmanna njóta hitunar með jarðvarma, en um 34% með raforku. Nokkrir staðir eru þannig settir, að vafi leikur á, hvort þeir skuli hitaðir með jarðvarma eða raforku, en heildarskiptingin breytist ekki að marki, hvort heldur verður. Olíunotkun landsmanna til húshitunar árið 1972 var um 180 milljón lítrar, þar af tæp 10% svartolía.

Á útsöluverði olíu til húshitunar í dag er notkunin 1972 um 2000 Mkr., er því ljóst, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða að geta skipt yfir til ódýrari orkugjafa auk þess öryggis, að Íslendingar sjálfir ráði sínum orkugjöfum.

Ætla má, að fyrirsjáanlegar jarðvarmaveitur geti að mestu verið komnar í full not um áramót 1976/77, miðað við að þeim framkvæmdum verði tryggð nægjanleg fyrirgreiðsla fjárhagslega. Öðru máli gegnir um uppbyggingu rafhitunarmarkaðsins, þar er um mjög tímafrekar framkvæmdir að ræða, bæði nýbygging virkjana og endurbygging dreifikerfis með tilliti til aukins álags vegna rafhitunar. Er vart hægt að búast við, að aukning rafhitunar verði meiri en svo, að í árslok 1981 verði um 80% af áætluðum heildarmarkaði rafhitunar tengdur.

Niðurstöður útreikninga á kostnaði húshitunar með mismunandi orkugjöfum eru þær helstar, að miðað við olíuverð 11.50 kr/l og 60% brennslunýti olíunnar má rafhitun í nýjum húsum mest kosta um 2.50kr/kwh og hitaveita um 2.10 kr/kwh, sem samsvarar um 95.00 kr/m³ vatns miðað við 40° C hitafall, til þess að jafngildis hitunarkostnaður við olíu fáist, er þá innifalin í orkuverðinu mælaleiga og heimtaugagjald. Í gömlum húsum verður jafngildisorkuverðið nokkru lægra vegna kostnaðar við breytingu á gömlum kerfum, eða 2.10 kr/kwh við rafhitun um 1.80 kr kwh við hitaveitu, sem jafngildir um 85.00 kr/m³ vatns.

Til samanburðar má taka virkjun með stofnkostnað 40 000 kr/kW, sem er nálægt stofnkostnaði Sigölduvirkjunar, og nýtingarstundir hitunarálags í virkjun 4 000 h/ár, verður þá orkukostnaður hjá neytanda um 1.70 kr/kwh eða 20% til 30% ódýrari en hitun með olíu eftir því, hvort um gömul eða ný hús er að ræða.

Helstu hitaveitur, sem fyrirhugaðar eru utan Reykjavíkur, hafa orkukostnað hjá notanda 1.00—1.20 kr/kwh eða um 50—60 kr/m³ vatns. Ef miðað er við 1.20 kr/kwh, er það verð 30% til 40% ódýrara en hitun með olíu.

Af þessum niðurstöðum má ljóst vera, að mjög hagkvæmt er fyrir landsmenn að stefna að útrýmingu olíuhitunar, þar eð álit manna er, að olíuverð lækki ekki að neinu marki frá núverandi verði hér. Hins vegar má benda á, að búast má við verulegum hækkunum á byggingarkostnaði á næstunni, og hefur sú hækkun veruleg áhrif á þennan samanburð, þar eð kostnaður hitaveitu- og raforkuframkvæmda fylgir að mestu leyti byggingarvísitölu, en olíuverð er háð öðrum þáttum.

Áætlanir um hitaveituframkvæmdir liggja nú fyrir um flesta þá staði, sem til greina koma. Áætlanir þessar eru þó mjög mislangt komnar, sumar eru aðeins frumáætlanir, aðrar eru fullhannaðar.

Til þess að unnt sé að standa við þær áætlanir, sem nú liggja fyrir um hitaveituframkvæmdir, er nauðsynlegt, að framkvæmdum sé veitt öll sú fjárhagslega fyrirgreiðsla, sem unnt er.

Á þessu ári er áætlað, að fjárfesting í hitaveituframkvæmdum verði um 900 Mkr., 1975 um 1 600 Mkr. og 1976 um 1 250 Mkr., eða samtals um 3 750 Mkr. Fá þá um 45 000 manns hitaveitu.

Fjárfrekustu framkvæmdirnar eru hjá Hitaveitu Reykjavíkur og hitaveitu frá Svartsengi, jafnframt eru þær veitur með hagkvæmasta orkuverð.

Á þessu árabili er áætlað, að lokið verði við þær veitur, sem nú eru taldar hagkvæmar, þ. e. a. s. nágrannabyggðir Reykjavíkur, Suðurnes, Akranes, Borgarnes, Blönduós, Siglufjörður, Eyrarbakki, Stokkseyri og Þorlákshöfn. Einnig má búast við, að áframhaldandi rannsóknir á hitasvæðum í nánd við þéttbýli leiði í ljós hagkvæmni á hitaveitu þar sem vafi leikur á um hagkvæmni nú. Mikil nauðsyn er því á, að jarðhitarannsóknir verði styrktar mjög, til þess að sem fyrst verði hægt að skera úr um, með fullri vissu, hvar um nýtanlegan jarðvarma sé að ræða. Má þar sem dæmi nefna möguleika á að nýta varma úr nýja hrauninu í Vestmannaeyjum til húshitunar og einnig nýtingu jarðvarma við Mývatn til upphitunar á Akureyri, en frumathugun á því bendir til, að þann möguleika þurfi að kanna nánar.

Áætlanir um framkvæmdir til þess að auka rafhitun í landinu eru skammt á veg komnar, sérstaklega hvað viðvíkur breytingu dreifikerfa vegna aukins orkuflutnings.

Sigölduvirkjun, Lagarfossvirkjun og stækkun Mjólkárvirkjunar eru nú þegar í byggingu, auk þess er ráðgert að hefja lögn byggðalínu frá Hvalfirði til Varmahlíðar á þessu ári, einnig styrking dreifikerfa vegna rafhitunar, þar sem brýnust nauðsyn er.

Lausleg áætlun um kostnað við tengilínur milli landshluta og breytingar á dreifikerfum er um 4000 Mkr., og er áætlað, að unnt sé að tengja um 80% af fullum rafhitunarmarkaði í árslok 1981. Ástæður til þess, að ekki er talið, að hægt sé að hraða mettun markaðsins umfram þetta, er hin mikla fjárfesting og einnig mannaflaþörf við þessa vinnu, sem að stórum hluta krefst sérhæfðs vinnukrafts.

Forsenda aukinnar rafhitunar er, að áfram verði haldið við virkjanaframkvæmdir og rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Einnig er nauðsynlegt að stefna að tengingu alls landsins í eitt kerfi og jafnframt auka öryggi hvers landshluta gagnvart bilunum í raforkukerfinu.

Eins og fram kemur í skýrslunni eru ýmsir þættir húshitunarmála enn óþekktir, einkum þó er varðar rafhitun, og er nauðsynlegt að framkvæma ýtarlega heildaráætlun um rafvæðingu landsins til hitunar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Thoroddsen.

2. Inngangur.

Að undanförnu hefur Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen s. f. unnið að könnun á að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu. Hefur könnunin aðallega beinst að húshitunarmálum, þar eð á því sviði eru augljóslega mestir möguleikar hérlendis til spörunar á olíunotkun.

Könnunin hefur lítið beinst að öðrum þáttum olíunotkunar, en benda má á, að athugun á notkun rafmagns til grasköggglagerðar hefur verið gerð fyrir nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins, en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir.

Notkun rafmagns til heykögglagerðar er mjög góð samhliða notkun rafmagns til húshitunar, þar eð húshitun er lítil á sumrum, þegar heykögglar eru í framleiðslu. Hins vegar eru ýmis tæknileg vandamál við rafþurkun heyköggla, þannig að á þessu stigi málsins er ekki unnt að segja til um þennan nýtingarmöguleika. Einnig hefur verið gerð áætlun um notkun jarðvarma til grasköggglavinnslu, og virðist slík notkun vera hagkvæm, á sama hátt vegna notkunar á heitu afgangsvatni á sumrum, þegar lítil húshitun er.

Einnig mætti benda á, að á svipaðan hátt og við þurrkun grass með rafmagni mætti þurrka fiskimjöl, en tilraunir á því er nauðsynlegt að gera, áður en unnt er að fullyrða um hagkvæmni þeirrar notkunar. Á flestum öðrum sviðum olíunotkunar er óhægara um vik að nýta innlenda orku, en aðalorkunotkun önnur er til skipa, bifreiða og flugvéla.

Eins og fyrr segir er eftirfarandi skýrsla könnun á húshitunarmálum landsmanna, og hefur athugunin verið látin ná til landsins alls. Við vinnslu einstakra þátta skýrslunnar var haft náið samstarf við Orkustofnun og aðra opinbera aðila, til þess að sem réttust mynd húshitunarmála kæmi fram.

Hérlendis er nýtt til húshitunar þrenns konar orka, jarðvarmi, raforka og olía. Á undanförnum árum hefur vaxið mjög áhugi á aukinni nýtingu jarðvarma og raforku til húshitunar og hefur náð hámarki nú vegna verðhækkana á olíu.

Jarðvarmi á hinum svokölluðu lághitasvæðum landsins er mjög vel nýtanlegur til húshitunar, og er orkan mjög ódýr á sjálfum jarðvarmastöðunum. En til þess að nýta megi varmann, er nauðsynlegt, að fjarlægð til notenda sé ekki mjög

mikil, þar eð flutningur á heitu vatni langar vegalengdir er dýr. Jarðvarma með hitastig undir 100°C er mjög erfitt að breyta í annað en varmaorku, en á háhitasvæðum landsins, þar sem hitastig er talsvert hærra, er unnt að breyta varmaorkunni í raforku, sem auðvelt er að flytja langar vegalengdir. Þar sem jarðvarmi er nálægt þéttbýli, er því eðlilegt að leggja áherslu á að nýta hann til upphitunar húsa, ef hann er kostnaðarlega sambærilegur við rafhitun.

Fyrsti hluti skýrslunnar fjallar um núverandi notkun orku til húshitunar og hvernig notkunin skiptist milli jarðvarma, rafhitunar og olíuhitunar, einnig er samsvarandi skipting orkunnar 1980, eins og áætlað er að hún yrði þá, ef öll olíuhitun væri lögð niður.

Í öðrum hluta er samanburður á kostnaði mismunandi hitunargjafa og samanburður á hitunarkostnaði með mismunandi orkugjöfum.

Í þriðja og síðasta hluta er samantekt á framkvæmdum og kostnaði við þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru, til þess að unnt sé að nýta innlenda orku til húshitunar í náinni framtíð.

3. HÚSHITUN

3.1. Skipting íbúa landsins eftir húshitunargjafa.

Núverandi skipting.

Í töflu 1 hér á eftir er íbúum hvers landshluta (sjá töflu 7 um afmörkun landshluta) skipt niður í 3 flokka eftir því, hvort þeir hita hús sín með jarðvarma, rafmagni eða olíu. Kemur þar í ljós, að um áramót 1972/73 nutu um 46% þjóðarinnar jarðvarma til húshitunar, en aðeins um 7% rafmagnshitunar. Talið er, að afgangurinn, 47%, hiti hús sín upp með olíu.

Væntanleg skipting.

Íbúum olíuhitunarhópsins var skipt upp í þrjá flokka eftir því, hvort talið var hagkvæmara að koma á jarðvarmahitun, rafhitun eða hvort vafi var á, hvor orkugjafinn væri ódýrari í stað olíunnar.

Að þessari fyrstu skiptingu lokinni var enn um 12% þjóðarinnar óskipt. Stærsta svæðið, sem vafi leikur á um, hvor orkugjafinn reynist ódýrari, er Akureyri.

Í seinasta dálki töflunnar er öllum íbúum landsins skipt upp í tvo flokka eftir því, hvort talið er líklegra, að hús þeirra verði raf- eða jarðvarmahituð. Er Akureyri sett á rafhitunarsvæði. Skiptingin sýnir, að 66% landsmanna munu njóta jarðvarmahitunar, en 34% rafhitunar, þegar olíu til húshitunar hefur verið útrýmt.

TAFLA 1

Húshitun. — NÚVERANDI OG VÆNTANLEG SKIPTING MILLI ORKUGJAFA

		Núverandi skipting húshitunar			Líkleg skipting olíukynd., jarðv. og rafh.			Líkleg endanleg skipting húshitunar miðað við íbúatölu 1/12 1972			
								Jarðvarmahitun		Raforkuhitun	
Landshlutar	Íbúar 1/12 '72	Jarðv. íb.	Rafhit. íb.	Annað (olía) íb.	Væntanl. jarðv. íb.	Væntanl. rafh. íb.	Vafas. íb.	íb.	Orka GWh	íb.	Orka GWh
Suðurland	18 383	3 670	1 500	13 213	500	7 000	5 713	6 370	78.4	12 013	110.5
Reykjanes	124 947	85 300	5 000	34 647	30 500	0	4 146	117 000	1 439.1	7 947	73.1
Mýra- Borgarfj.	7 963	360	670	6 933	1 100	1 500	4 333	5 460	67.2	2 503	23.0
Snæfellsn.- Dalas.	5 439	20	200	5 219	0	5 239	0	20	0	5 439	50.0
Vestfirðir	9 925	160	200	9 565	200	9 105	200	450	5.5	9 475	87.2
Norðurl. vestra	9 887	2 330	450	7 107	1 150	4 000	1 957	4 500	55.4	5 387	49.6
Norðurl. eystra	22 760	4 660	5 500	12 600	500	4 250	7 850	5 200	64.0	17 560	161.6
Austurland	11 472	0	530	10 942	100	10 200	742	500	6.1	10 972	100.9
Alls	210 776	96 480	14 050	100 246	34 050	41 294	24 941	139 480	1 715.7	71 296	655.9
Hlutfallstölur %	100%	45.8%	6.6%	47.6%	16.2%	19.6%	11.8%	66.2%		33.8%	

3.2. Upphitað húsrými.

Í töflu 3 hér á eftir er tekið saman rúmmál mannvirkja á hvern íbúa í nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu, flokkað niður eftir notkun mannvirkja. Tafla þessi er unnin upp úr gögnum frá Fasteignamati ríkisins og miðast allar tölur við áramót 1972/1973.

Til þess að áætla hitunarþörf húsrýmis er reiknað með, að flokkar 1, 2 og 3, þ. e. íbúðarhúsnæði, verslunar- og skrifstofuhúsnæði og sérhæfðar byggingar (skólar, sjúkrahús o. fl.), séu hitaðir jafnmikið á hvern rúmmetra, en flokkur 4, iðnaðarhús, hitaður upp sem samsvarar tveim þriðju hlutum hitaþarfar flokka 1 til 3. Flokkur 5, þ. e. bílskúrar, útihús og alls konar kofar, talinn óupphitaður.

TAFLA 2

Byggingarflokkur	Meðalstærð m^3/íbúa	Meðalfrávik meðalstærðar m^3/íbúa
Íbúðarhúsnæði	85	3
Verslunar- og skrifst.	8	1
Sérhæfðar byggingar	21	3
Samtals	114	4
2/3 iðnaðarhúsa (38)	25	4
Samtals áætlað upphitað húsnæði	139	7

Sambærileg skipting mannvirkja í Reykjavík er enn ekki fyrir hendi, en heildarrúmmál mannvirkja í Reykjavík var 173 m^3/íbúa um áramót 1972/73 (miðað við 172m^3/íbúa í töflu 3).

Er því enginn marktækur munur á heildarrúmmáli mannvirkja í Reykjavík og meðaltali af heildarrúmmáli mannvirkja þéttbýlisstaða úti um land. Hitaveita Reykjavíkur gefur upp, að rúmmál tengdra húsa hitaveitunnar sé 164 m^3/íb. í árslok 1972.

Hér á eftir er reiknað með, að upphitað húsnæði á hvern íbúa landsins sé 140 m^3 óháð landshlutum.

TAFLA 3

Rúmmál mannvirkja í nokkrum þéttbýlisstöðum, flokkað eftir notkun mannvirkja 1. des. 1972, rúmmetrar á hvern íbúa.

Þéttbýli	Íbúafj. 1/12 '72	Íbúðarhús m³/íbúa	Versl.+ skrifst. m³/íbúa	Sérhæfðar byggingar m³/íbúa	Iðnaður m³/íbúa	Annað m³/íbúa	Alls m³/íbúa
Kópavogur	11 478	86	4	11	18	11	130
Hafnarfj.	10 705	82	7	13	29	13	144
Keflavík	5 862	94	6	9	36	18	163
Grindavík	1 353	91	2	12	101	25	231
Sandgerði	967	70	6	8	88	25	196
Akranes	4 356	91	6	33	42	41	212
Borgarnes	1 243	88	15	12	45	19	179
Ísafjörður	3 061	78	5	17	38	43	181
Siglufjörður	2 050	97	16	48	60	117	338
Blönduós	728	72	15	39	36	23	196
Akureyri	11 182	85	13	20	41	18	178
Húsavík	2 052	87	11	23	40	24	184
Neskaupst.	1 618	81	8	28	61	18	197
Egilsstaðir	796	71	12	17	27	13	139
Stokkseyri	420	57	6	15	40	15	132
Eyrarbakki	539	79	3	13	49	25	169
Selfoss	2 506	76	12	15	35	25	163
Þorlákshöfn	569	90	4	44	103	38	277
Meðaltal	61 485	85	8	21	38	28	172

3.3. Orkunotkun landsins.

Heildarorkunotkun landsmanna árið 1972 var áætluð „nettó“ um 5 870 GWh. Þar af er áætlað að fari til húshitunar um 2 530 GWh eða um 43% af heildarorkunotkuninni (sjá töflu 4 og 5 hér á eftir). Svarar þetta til þess, að hver einstaklingur noti 12 MWh/ári til upphitunar á húsnæði. Er þá miðað við allt upphitað húsrými, svo sem verslunar- og iðnaðarhúsnæði.

Í töflu 5 er gerð tilraun til þess að meta orkunotkun hinna mismunandi orkugjafa á hvern rúmmetra upphitaðs húsnæðis. Er þá reiknað með 140 m³/íbúa, eins og kemur fram í kafla 3.2. Jarðvarmanotkun reynist þá 2.04 m³ vatns á m³ húss á ári. Olíunotkun reynist 12.8 l/m³ húss/ári, en raforkunotkun aðeins 66 KWh/m³ húss/ári.

TAFLA 4

Heildarnotkun á Íslandi árið 1972.

	Verg notkun GWh	Nýtanleg orka áætluð GWh	Þar af notuð til húshitunar GWh
Vatnsafl	1 700	1 510	130
Jarðvarmi, hitaveitur	1 750	1 200	1 200
gróðurhús + iðnaður	550	200	
raforkuvinnsla	450	20	
Erlent eldsneyti (olíur)			
gasolíur	3 500	1 700	1 200
brennsluolíur	1 200	750	
bensín	800	180	
flugvélaeldsneyti	1 000	300	
annað	50	10	
Heildarnotkun	11 000	5 870	2 530
Notkun á íbúa	0.052	0.028	0.012

TAFLA 5

Heildarorkunotkun til húshitunar árið 1972.

Tegund orkugjafa til húshitunar	Notenda-fjöldi	Heildarnotkun, mælt í húsum	Áætluð nýtni	Notkun áætluð GWh/ári	Áætluð notkun á m³ húss miðað við 140 m³/íbúa upphitað	
					KWh/m³/ári	Ein/m³/ári
Jarðvarmi	96 500	27.5 Millj. m³	37.5 °C	1 200	89	2.04 m³
Rafmagn	14 000	130 GWh	100%	130	66	66 KWh
Olíuhitun	100 300	163 Millj. lítrar gasolía	60%			
		17 Millj. lítrar svartolía	65%	1 200	85	12.8 l.
Summa	210 800			2 530		

3.4. Orkunotkun til húshitunar.

Í töflu 5 hér á undan kemur fram, að meðalorkunotkun á íbúa til húshitunar á landinu var árið 1972, 12 MWh/ári, mælt hjá notanda. Orkunotkun virðist mismikil eftir orkugjöfum. Einnig má ætla, að orkunotkun sé eitthvað meiri norðanlands en sunnan vegna mismunar í meðalhita ársins. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið á roforkunotkun til húshitunar á Akureyri og nágrenni Reykjavíkur, benda þó ekki til þess, að marktækur munur sé á orkunotkun hvers íbúa á þessum tveimur stöðum. Hins vegar er uppsett afl á hvern rúmmetra húss nokkru hærra á Akureyri og þar af leiðandi nýtingartími lægri þar. Hér verður reinkað með einni meðaltalstölu fyrir allt landið fyrir rafhitun, 9 300 KWh á íbúa á ári, mælt hjá notanda, en 12 500 KWh á íbúa á ári fyrir hitavatnsnotkun. Þessi mismunur í orkunotkun (25% minni raforkunotkun) stafar bæði af mun næmara og auðveldara stýrikerfi rafhitans og af því að mun meira er bruðlað með jarðvarmann, þar sem hann hefur hingað til fengist á hagstæðu verði.

Við ákvörðun á raforkuframleiðslu í rafstöð er reiknað með 12% töpum í þéttbýlisdreifikerfum og 5% töpum í háspennulínum. Samsvara 9 300 KWh hjá notanda því 10 500 KWh við þéttbýlismörk og 11 000 KWh við stöðvarvegg.

Reiknað er með fólksfjölgun, er nemur 1.6% á ári jafnri um allt land. Einnig er reiknað með 1% aukningu húsnæðis á ári á íbúa. Er því reiknað með 2.6% ársaukningu í orkunotkun.


TAFLA 6

Væntanleg skipting olíuhitunar miðað við notkun 1972.

	Landshluti	Íbúar	Orkuþörf 0.012 GWh/íbúa GWh	% af heild	Núverandi olíuhitun GWh	Skipting olíuhitunar milli jarðvarma og rafhitunar	
						Jarðvarmi[1] GWh	Rafhitun[2] GWh
S	Suðurland	18 383	220	8.7	156	34	98
SV	Reykjanes	124 947	1 500	59.3	414	396	27
VL	Vesturland	13 402	161	6.3	154	64	66
VF	Vestfirðir	9 925	119	4.7	113	4	86
NV	Norðvesturl.	9 887	119	4.7	83	27	46
NA	Norðausturl.	22 760	273	10.8	150	7	112
A	Austurland	11 472	138	5.5	130	6	97
		210 776	2 530	100.0	1 200	538	532

1) Reiknað er með 0.0125 GWh/íbúa/ári, mælt hjá notanda.

2) Reiknað er með 0.0093 GWh/íbúa/ári, mælt hjá notanda.



RAFORKUNOTKUN TIL HÚSHITUNAR MIÐAÐ VIÐ AÐ OLÍUHITUN HAFI VERIÐ ÚTRÝMT.

		1972	1980 +)	
		Mælt hjá notanda GWh	Mælt hjá notanda GWh	Mælt við stöðvarvegg GWh
S	Suðurland	46	166	196
SV	Reykjanes	8	41	48
VL	Vesturland	2	83	98
VF	Vestfirðir	4	110	130
NV	Norðvesturland	51	108	128
NA	Norðausturland	4	142	168
A	Austurland	15	134	159
		130	784	927

+) áætlun miðast við 1.6% fjölgun íbúa á ári og 1% aukningu húsnæðis á íbúa á ári.

Tafla 7. Væntanleg full rafhitun.

4. HÚSHITUNARKOSTNAÐUR

4.1. Viðmiðunarverð raforku og hitaveitu við olíu.

Besti fáanlegi mælikvarðinn til viðmiðunar stofnkostnaði dreifikerfa er byggingarvísitalan. Til þess að sjá innbyrðis breytingar milli olíuverðs til húshitunar (gasolíu) og stofnkostnaðar dreifikerfa er sett upp í línurit hlutfallið milli olíuverðs og byggingarvísitölu. (Sjá línurit 1 hér á eftir).

Þetta hlutfall, olíuverð/byggingarvísitala, hefur haldið sig á bilinu frá 0.0055 upp í 0.0085 með meðaltali 0.007. Sambærilegt verð á olíunni í dag miðað við byggingarvísitölu 913 væri því 6.40 kr/l.

Olíuverð er hins vegar nú orðið 11.50 kr/l og erfitt er að segja fyrir, hvort verðið hefur náð hámarki. Í verðreikningum hér á eftir er reiknað með hlutfallinu 0.0125 olía/vísitala, þ. e. olíuverði, sem er 11.50 kr/l.

Í línuriti 2 er sýnt leyfilegt orkuverð til notenda, mælt hjá notanda, miðað við olíu (olíuverð 11.50 kr/l). Er bæði gefið upp orkuverð til nýrra húsa og til gamalla húsa, er áður höfðu olíukyndingu.

Í nýjum húsum er miðað við eftirfarandi stofnkostnað kynditækja á rúmmetra húss:

	Meðalv. á rúmm. húss	Hærra verð á einbýlishús	Lægra verð á fjölbýlishús
Hitaveita	240 kr/m³	35%	—15%
Rafhitun (þilofnar)	220 kr/m³	30%	—10%
Olíuhitun	350 kr/m³	40%	—40%

Heimtaugagjald fyrir rafmagn eða hitaveitu er ekki innifalið í ofangreindu verði.

Í gömlum húsum, þar sem breyta þarf olíuhitunarkerfi yfir í hitaveitu- eða rafhitakerfi, er reiknað með eftirtöldum aukakostnaði:

	Meðalv. vegna breyt.	Hærra verð á einbýlishús	Lægra verð á fjölbýlishús
Hitaveita	60 kr/m³	50%	—20%
Rafhitun (túbuhitun)	120 kr/m³	40%	—20%


Er þá reiknað með, að stækka þurfi 25% af ofnum vegna hitaveitunnar. Rafhitun er áætluð bein daghitun, þar sem rafmagnið á að nægja í mestu kuldum. Heimtaugagjald er hér ekki innifalið.


Reiknað er með mismikilli orkunotkun við upphitun eftir orkugjafa.

	Ný hús KWh/m³ húss/ári	Gömul hús KWh/m³ húss/ári
Hitaveita	84	87
Rafhitun (bein)	71	74
Olía	84	84

Hér er reiknað með 15% minni orkunotkun á rúmmetra húss fyrir rafhitun miðað við hitaveitu. Er það talið nær sanni, ef orkugjafar eru jafndýrir.

Reiknað er með 8% vöxtum af fjármagni, 20 ára afskriftum og 0.5% viðhaldskostnaði.


Áætlað nýtt meðaltal
EFRI-MÖRK
MEÐALTAL
NEÐRI-MÖRK
Með söluskatti
Án söluskatts
Söluskattur felldur niður
0.012
0.010
0.007
0.005
HLUTFALL
OLÍUVERÐ / BYGG. VÍSIT
'64
'66
'68
'70
'72
'74
ÁR
HLUTFALL MILLI OLÍUVERÐS TIL HÚSHITUNNAR OG BYGGINGARVÍSITÖLU
LÍNURIT 1.
V. S. Th. MARZ '74



Leyfilegt orkuverð til notenda miðað við olíu (olíuverð 11.50 kr/l)

Heildarverð orku (mælaleiga og heimtaugagjald með í orkuverði)

LINURIT 2.

Jafngildisorkuverð.

4.2. Rafhitunarkostnaður.

Fram til þessa hefur oftast verið litið á raforku til húshitunar sem afgangsorku, sem annars færi til spillis. Með aukinni rafhitun verður orkan að mestum hluta forgangsorka, sem gerir það að verkum, að verðlagning rafhitunarorkunnar verður á allt öðrum grundvelli en þegar um beina afgangsorku er að ræða.

Við aukna rafhitun aukast mjög kröfur um öryggi rafkerfisins, svo sem fleiri og stærri varastöðvar og betra raflínukerfi. Hins vegar krefst nútímaþjóðfélag mun meira öryggis í rafkerfum en víða er á landinu, svo að krafan um aukið öryggi stafar ekki eingöngu af aukinni rafhitun, og þess vegna tilheyrir kostnaður við aukninguna aðeins að hluta hitunarorkunni.

Til þess að gera sér nokkra grein fyrir, út frá stofnkostnaði virkjana, hver orkukostnaður til rafhitunar verður, eru reiknuð nokkur dæmi með mismunandi forsendum og niðurstöður settar í línurit.

Vextir reiknast 8% pa, afskriftartími virkjana 40 ár, rekstur og viðhald 2% af stofnkostnaði.


Á háspennulínu reiknast afskriftartími 25 ár og viðhald 2% af stofnkostnaði.

Í öllum dæmunum er reiknað með 130 km háspennulínu frá 150 MW virkjun ásamt spennistöðvum með stofnkostnaði 450 Mkr. Reiknað er með mismunandi nýtingarstundum hitunarálags í virkjun 3 500 til 5 000h og töp frá virkjun til notenda reiknast 17%.

Áætlun um kostnað við aukningu dreifikerfa vegna rafhitunar liggur ekki fyrir enn þá, en unnið er að þeim áætlunum.

Hér er reiknað með, að kostnaður við dreifingu hitunarrafmagns sé 0.35 kr/kwh.

Í línuriti 3 má lesa, að virkjun með stofnkostnaði 40 000 kr/kwh, sem er nálægt verðlagi Sigölduvirkjunar, og ef gert er ráð fyrir, að nýtingartími hitunarálags í virkjun sé 4 000h, verður raforkukostnaðarverð til hitunar hjá notanda 1.70 kr/kwh, ef nýtingartími hins vegar væri 4 500, lækkaði verðið niður í um 1.55 kr/kwh.



Raforkukostnaðarverð miðað við stofnkostnað virkjana og nýtingartíma afls.

5. FRAMKVÆMDIR

5.1. HITAVEITUFRAMKVÆMDIR

5.1.1. Hitaveita Reykjavíkur.

Leit að nýju heitu vatni að Reykjum í Mosfellssveit hefur borið mjög góðan árangur. Talið er, að heita vatnið þar nægi til þess að hita upp nágrannabæina Hafnarfjörð, Garðahrepp og Kópavog auk viðbótarbyggðar í Reykjavík vel fram yfir árið 1980.

Áætlað er að ljúka við boranir og allar virkjunarframkvæmdir á svæðinu árið 1976.

Hitaveita Reykjavíkur gerði samning við Kópavog (30. nóv. '73) og Hafnarfjörð (1. nóv. '73) um lögn og rekstur hitaveitu í þessum bæjum. Í samningunum er gert ráð fyrir, að lögn dreifikerfis og aðveitu fyrir þessa bæi verði lokið í árslok 1976. Samningar standa nú yfir við Garðahrepp um lögn hitaveitu þar.

Gert er ráð fyrir, að austurhluti Kópavogs tengist hitaveitu á þessu ári (1974), en vesturhlutinn árið 1975. Byrjað verður á að tengja aðalæð til Hafnarfjarðar á þessu ári og dreifikerfi í 1. hluta Hafnarfjarðar (Norðurbæ og nágrenni). Lokið verður við tengingu dreifikerfa á árunum 1975 og 1976, en tengja á hitaveituna 1975.

Ef samningar takast við Garðahrepp á næstunni, mætti tengja hreppinn á árunum 1975 og 1976.

Í Reykjavík er áætlað að tengja dreifikerfi í ýmis ný hverfi, sem byggjast munu, og gætir þar mest framkvæmda í Breiðholti.

Ofangreindar framkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur nema alls 1626 Mkr. á þessum þremur árum á verðlagi nóv. 1973. (Sjá skiptingu í töflu hér á eftir). Framkvæmdaáætlunin er mjög hröð og möguleikar á að flýta þessum framkvæmdum virðast ekki vera miklir. Kemur þar sérstaklega til mannafla- og tækjaskortur verktaka á þessu verksviði.

Mikla áhreslu verður að leggja á að áætlun framkvæmda verði haldið. Vegna almennrar spennu á vinnumarkaðinum gæti þurft að seinka öðrum framkvæmdum og veita hitaveitufranikvæmdum forgang.

5.1.2. Hitaveita Suðurnesja.

Í áætlun Orkustofnunar frá 1973 er gert ráð fyrir virkjun háhitasvæðis við Svartsengi til þess að mynda sameiginlega varmaveitu fyrir þéttbýlisstaði Suðurnesja. Áætlað er að leggja varmaveitu í 1. áfanga til Grindavíkur, Keflavíkur, Njarðvíkur, Sandgerðis og Gerða en síðari áfanga til flugvallarsvæðisins á Miðnesheiði. Orkuþörf flugvallarsvæðisins er áætluð rúmlega tvisvar sinnum orkuþörf þéttbýlissvæðanna allra. Varmaveita þessi næði til 96% af öllum íbúum Suðurnesja.

Orkustofnun gerir ráð fyrir að ljúka öllum rannsóknum Svartsengissvæðisins upp úr miðju ári 1974. Þá fyrst verður unnt að segja til um orkugetu svæðisins og endanlega gerð varmaskiptistöðvar. Hönnun flutningsæða og dreifikerfa þéttbýlis ætti að vera langt komin í lok árs 1974 og gætu útboð því hafist upp úr miðju ári 1974.

Möguleiki er á því að tengja hluta Grindavíkur við veitu í ársbyrjun 1975. Njarðvík og Keflavík mætti tengja í árslok 1975 og fyrri hluta árs 1976 en Sandgerði og Gerðar ná varla að komast inn á kerfið fyrr en seinast á árinu 1976. Engin áætlun hefur enn verið gerð um tengingu flugvallarsvæðisins.

Endanleg áætlun liggur enn ekki fyrir um hitaveitu Suðurnesja, þar sem undirbúningsrannsóknum og hönnun er ekki lokið. Framangreind áætlun um framkvæmdahraða er því enn háð of mörgum óvissum til þess að unnt sé á raunhæfan hátt að flýta henni. Ef til vill er möguleiki að flýta hönnun verksins til þess að unnt verði að bjóða út efni í veituna fyrr en nú er ráðgert, en afgreiðslufrestur á efni ásamt mannafla og tækjakosti gæti orðið til þess að tefja framkvæmdahraðann.

5.1.3. Hitaveita Borgarness og Akraness.

Frumáætlun hefur verið gerð um hitaveitu fyrir Borgarnes og Akranes með virkjun Deildartunguhvers í Borgarfirði.. Gert er ráð fyrir 30 km asbest leiðslu að Seleyri gegnt Borgarnesi en tengt yfir í Borgarnes á fyrirhugaðri brú milli Seleyrar og Borgarness. Hvanneyri yrði tengd aðalleiðslu með 5 km lögn. Leiðsla frá Seleyri til Akraness yrði 26 km löng. Virkjun þessi virðist hagkvæm fyrir bæði Borgarnes og Akranes.

Ráðgerð er borun að Leirá nú í vor til að athuga möguleika á heitu vatni þar fyrir Akranes. Leiðsla þaðan niður á Akranes yrði aðeins um 15 km. Ef nægilegt vatn fengist þar yrði sú veita sennilega hagkvæmari en frá Deildartungu.

Hönnun aðfærsluæðar til Borgarness er háð því, hvort Akranes fær vatn frá Leirá eða Deildartungu. Sennilega verður ekki úr því skorið fyrr en síðar á þessu ári. Það ætti þó ekki að tefja framkvæmdir. Hins vegar er tenging við Borgarnes háð brúargerð yfir Borgarfjörð, þar sem áætlað er að aðfærsluæðin liggi á brúnni. Talið er ósennilegt að brúin verði tilbúin fyrr en sumarið 1976. Tengingartími við Borgarnes takmarkast því sennilega af hraða brúargerðarinnar því unnt ætti að vera að ljúka öðrum framkvæmdum seint á árinu 1975.

5.1.4. Hitaveita Blönduóss.

Boranir standa nú yfir á Reykjum við Reykjabraut sunnan við Blönduós. Líkur eru á hagstæðum niðurstöðum þar en framkvæmdir við hitaveitu Blönduóss eru háðar þeim. Möguleikar ættu að vera á lagningu aðalæðar til Blönduóss fyrir næsta vetur og tengingu við sjúkrahús og skóla ef niðurstöður borana verða jákvæðar. Allur bærinn yrði síðan tengdur sumarið 1975.

5.1.5. Hitaveita Siglufjarðar.

Fyrir liggur áætlun um hitaveitu á Siglufirði gerð af Vermi s. f. frá 1966 og endurskoðuð áætlun bæjarverkfræðings Siglufjarðar frá febr. 1972 og nóv. 1973. Gert er ráð fyrir að nýta borholuvatn að hluta til veitunnar, ódýra umframraforku að hluta og svartolíu að hluta. Kostnaðaráætlun bendir til þess að hér sé um hagkvæma virkjun að ræða og full ástæða til þess að Siglufjarðarkaupstaður nýti þann jarðvarma sem fyrir hendi er með blönduðu hitakerfi.

5.1.6. Hitaveita Akureyrar.

Undanfarna áratugi hafa farið fram rannsóknir á jarðvarma í nágrenni Akureyrar, en ekki hefur fundist nægilegt vatnsmagn til þess að fullnægja þörfum Akureyrar fyrir hitaveitu. Raforka hefur því verið notuð í ríkum mæli til upphitunar húsa, bæði með daghitun og næturhitun. Lætur nærri að 27% af orkunotkun Akureyrar til húsahitunar sé nú með raforku.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen s. f. á Akureyri hefur gert frumathugun og samanburð á hagkvæmni þess að leiða heitt vatn frá Bjarnarflagi við Mývatn til Akureyrar annars vegar og upphitun bæjarins með raforku hins vegar.

Í áætlun um varmaveitu er gert ráð fyrir að leiða yfirhitað vatn í stálpípu um 75 km leið til Akureyrar. Áætlaður stofnkostnaður er reiknaður á 1.500 Mkr. en rekstrarkostnaður fyrsta vinnsluársins, 1977, er reiknaður á 195 Mkr. Orkuverð er því um 1.30 kr/kwh miðað við óbreytta orkunotkun. Sambærilegt rafmagnsverð er a. m. k. 20% hærra, en raforkunotkun er hins vegar minni á hvern íbúa heldur en hitaveitunotkun.

Þessi frumhönnun á hitaveitu bendir til þess að athuga beri ýmsa liði hennar nánar, eins og t. d. gerð og legu aðveitulagnar. Einnig þarf að athuga vel náttúruverndarsjónarmið vegna frekari virkjunar í Bjarnarflagi.

Enn er því óvissa um hvort stefna beri að hitaveitu eða algjörri rafhitun á Akureyri. Í öllum spám hér að framan hefur þó verið reiknað með Akureyri sem rafhitunarsvæði.

5.1.7. Eyrarbakki og Stokkseyri.

Orkustofnun hefur að undanförnu gert athugun á ýmsum leiðum til jarðvarmatöku fyrir Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn. Skýrsla um þær athuganir er að mestu tilbúin og er þar áætlað að tveir valkostir séu fyrir hendi fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri báðir hagkvæmir. Annars vegar að fá vatn með viðbótarborunum á svæði Hitaveitu Selfoss og hins vegar með borunum í landi Bollastaða. Gera má ráð fyrir að borun gæti hafist í haust í fyrsta lagi og niðurstöður borana gætu þá legið fyrir fyrri hluta árs 1975 og hitaveitan gæti þá verið komin í notkun fyrir áramót 1976. Kostnaður við fyrri valkostinn er talinn um 100 Mkr. en hinn síðari um 106 Mkr. og er þá meðtalið allt dreifikerfi í bæði kauptúnin.

5.1.8. Þorlákshöfn.

Niðurstöður athugana Orkustofnunar um jarðvarmaveitu fyrir Þorlákshöfn eru að hagkvæmast sé að bora á svæðinu milli Hlíðardalsskóla og vegamóta til Þorlákshafnar. Borun verður hafin á þessu ári og ef vel gengur gætu niðurstöður borana legið fyrir seinnihluta ársins.

Hugsanlegt væri þá að hluti veitunnar gæti komið í notkun í árslok 1975 og öll veitan fyrir árslok 1976. Kostnaður er talinn vera um 85 Mkr. á allri veitunni.

5.1.9. Kostnaðaráætlun hitaveitna.

Í töflu 9 hér á eftir er sýnd áætlun um stofnkostnað hitaveitna eins og álitið er að hann gæti orðið árin 1974 til 1976. Allar tölur eru miðaðar við byggingarvísitölu 913. Miðað er við að veitum verði lokið að mestu árið 1976.

Kostnaðartölur hitaveitu Suðurnesja liggja enn ekki fyrir né áætlun um framvindu verksins, en Fjarhitun h. f. vinnur nú að gerð þeirra. Tölur hér eru bráðabirgðatölur og ber að taka með varúð.

Hitaveita Blönduóss er enn ekki hönnuð og kostnaðartölur þar því mjög ónákvæmar.

Víða þarf að bora nýjar holur á þessu ári og næstu árum, bæði í rannsóknarskyni og til nýrra virkjana. Má þar nefna á þessu ári viðbótarholur fyrir Selfoss, Ólafsfjörð, Dalvík og Húsavík, nýjar holur á Reykhólum, Egilsstöðum og Hellu auk ýmissa smærri staða. Koma þær framkvæmdir allar undir lið „ýmsar boranir“.


Þegar borinn er saman stofnkostnaður hitaveitna (virkjana og aðfærsluæða) og sambærilegra rafvirkjana ber að hafa í huga að venja er að fella niður tolla og söluskatt á efni til rafvirkjana en ekki hitaveitna. Þessi tilhögun gerir allan samanburð erfiðari en ella.

TAFLA 8

Áætlaður stofnkostnaður nýrra hitaveitna.

Nýjar veitur	Stofnkostnaður framkvæmda í Mkr. 1974	1975	1976
Hitaveita Reykjavíkur			
Boranir og nýjar virkjanir	116	118	91
Aðalæð og geymar	75	65	32
Dreifikerfi: 1. Reykjavík	150	107	107
2. Kópavogur	193	131	
3. Hafnarfjörður	107	109	112
4. Garðahreppur		54	59
Samtals H.R. Mkr.	641	584	401
Hitaveita Suðurnesja			
Boranir, rannsóknir og virkjanir	40	110	20
Aðfærsluæð	34	180	100
Dreifikerfi: 1. Keflavík	26	100	80
2. Njarðvík	3	40	30
3. Grindavík	23	40	
4. Sandg. + Gerðar	1	20	70
Samtals H.S. Mkr.	127	490	300
Hitaveita Borgarness og Hvanneyri			
Aðfærsluæð	16	50	50
Dreifikerfi	4	20	20
Samtals H.B. Mkr.	20	70	70
Hitaveita Akraness[1])			
Aðfærsluæð	3	150	150
Dreifikerfi	3	70	70
Samtals H.A. Mkr.	6	220	220
Hitaveita Blönduóss	30	50	
Hitaveita Siglufjarðar[2])	2	40	80
Hitaveita Stokkseyrar og Eyrarbakka	5	40	60
Hitaveita Þorlákshafnar	5	40	45
Ýmsar boranir og smávirkjanir	50	80	80
SAMTALS:			
Hitaveita Reykjavíkur	641	584	401
Hitaveita Suðurnesja	127	490	300
Hitaveita Akran. og Borgarn.	26	290	290
Annað	92	250	265
Samtals Mkr.	886	1 614	1 256

1) Óvíst enn, hvort veita verður frá Leirá eða Deildartungu.
2) Ekki að fullu lokið 1976.



LÍNURIT 4.

Áætlað orkuverð nýrra hitaveitna.

5.2. Raforkuframkvæmdir.

Til þess að unnt sé að flýta notkun raforku til hitunar er nauðsynlegt að hraða virkjanaframkvæmdum og tengingu alls landsins í eitt raforkukerfi.

Nú er verið að byggja þrjár virkjanir;

Sigölduvirkjun, Lagarfossvirkjun og stækkun Mjólkárvirkjunar. Hvorki Lagarfossvirkjun né Mjólkárvirkjun nægja til þess að taka við verulegri aukningu rafhitunar í hvoru rafveitukerfi fyrir sig og þess vegna er nauðsynlegt að huga nú þegar að meiri orkuöflum fyrir þessa landshluta.

Á Vestfjörðum eru nokkur álitleg virkjunarsvæði. Þau helstu eru Dynjandissvæðið, norðurhluti Glámusvæðisins og svæðið suður af Drangjökli. Við fulla rafhitun Vestfjarða þarf að minnsta kosti að virkja tvö þessara svæða og er vart hægt að gera ráð fyrir að slíkar framkvæmdir taki minna en 8—10 ár með rannsóknum, hönnun og byggingu. Tenging Vestfjarða við „byggðalínu" má ætla að taki skemmri tíma. Hins vegar er nauðsynlegt við slíka tengingu að auka verulega öryggi rafkerfisins á Vestfjörðum með hringtengingum raflína og fjölgun orkuvinnslustaða, með nýjum virkjunum og stækkun varastöðva og þess vegna eðlilegt að virkjanaframkvæmdir fylgi í kjölfar tengingar.

Á Austurlandi eru nokkrir möguleikar á tiltölulega litlum virkjunum og auk þess stórvirkjunum í Fljótsdal. Við aukna rafhitun er nauðsynlegt að tengja Austurland við Norðurland með raflínu og þar með væri komin tenging við Landsvirkjunarsvæðið. Litlar virkjanir á Austurlandi nægja ekki til fullrar rafhitunar en eru styrkur fyrir öryggi kerfisins og er því nauðsynlegt að kanna hagkvæmni þess að virkja jafnframt því að leggja línu. Aukning varastöðva er líka nauðsynleg svipað og á Vestfjörðum.

Á Landsvirkjunarsvæði getur varla verið um verulega aukningu rafhitunar að ræða fyrr en Sigalda hefur hafið raforkuvinnslu eða haustið 1976. Þó má gera ráð fyrir að nýbyggingar utan jarðhitasvæðanna fái rafhitun þótt notkun hefjist fyrr, en reynsla síðasta vetrar sýnir að öryggi Landsvirkjunarkerfisins er ekki nægilegt til þess að rafhitun sé örugg. Með tilkomu Sigöldu breytist rekstraröryggið verulega auk aukins afls og orku.

Þótt Sigalda bæti verulega við orkuvinnslu og afl kerfisins er nauðsynlegt að huga nú þegar að nýjum virkjunarvalkostum. Helstu virkjanir sem koma til greina sem næsta stig eru Krafla á Norðurlandi og Hrauneyjafoss á Suðurlandi. Nauðsynlegt er að virkja fyrir norðan til þess að auka öryggi raforkuvinnslunnar, gegn línubilunum, en Kröfluvirkjun nægir ekki til að mæta aukningu alls kerfisins þannig að virkjun Hrauneyjafoss er nauðsynleg samhliða Kröfluvirkjun. Er hér miðað við að orka frá Sigöldu verði seld til nýrrar stóriðju.

Kostnaðaráætlun um 55 MW virkjun í Kröflu bendir til að mjög álitlegt sé að virkja gufu með raforku og er æskilegt að gerðar verði hagkvæmnisathuganir á virkjun annara háhitasvæða svo sem Hengilssvæðisins og fleiri.

Áframhaldandi rannsóknir á álitlegum virkjunarstöðum og áætlanir um þá er mjög nauðsynlegur liður til þess að ekki verði tafir á eðlilegum raforkuframkvæmdum.

Fyrirhuguð byggðalína, sem tengir saman Landsvirkjunarsvæðið og raforkusvæði á Norðurlandi gerir kleift að leyfa aukna rafhitun á Norðurlandi strax og Sigalda fer að vinna rafmagn.

Samanlagður kostnaður við tengilínur til Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða má áætla að sé um 2000 Mkr. og að breyting á dreifikerfum til þess að unnt sé að fullnægja allri orkuþörf til rafhitunar sé einnig um 2000 Mkr. Þar að auki kemur kostnaður notenda við breytingar á húskerfum sem má áætla að sé samtals um 1100 Mkr. fyrir allt rafhitunarsvæði landsins.

Gert er ráð fyrir að byggðalína til Norðurlands verði tengd í árslok 1975 og nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að tenging Austurlands við Norðurland verði samtímis virkjun Kröflu, sem er ráðgert að hefji vinnslu 1978.

Eins og segir hér að framan er nauðsynlegt að huga að virkjunarframkvæmdum á Vestfjörðum jafnframt því að tengilína væri lögð frá Landsvirkjunarsvæðinu en einnig þarf að athuga hvort til greina kæmi að hafa ekki fulla rafhitun heldur blandaða hitun þ. e. a. s. kyndistöðvar, sem annaðhvort eru kyntar með svartolíu eða raforku.

Nákvæmar athuganir á kostnaði við breytingu dreifikerfa vegna rafhitunar eru mjög tímafrekar en mjög nauðsynlegar og væri þá um leið hægt að endurskipuleggja allt öryggi innan kerfisins, sem víða er mjög ábótavant.

Ef gert er ráð fyrir fullri rafhitun og að 80% hennar verði komin í notkun 1980 eða 1981 er nauðsynlegt að allar landshlutatengilínur verði þá komnar og að minnsta kosti 80% af dreifikerfisbreytingum. Samtals eru þessar framkvæmdir um 3600 Mkr., sem þyrftu að dreifast á 6—7 ár eða um 500—600 Mkr. á ári að meðaltali, auk fjárfestingar í breytingum á húskerfum.

5.3. Blönduð kerfi.

Með blönduðum kerfum er átt við varmaveitur, sem nota fleiri en einn af margumtöluðum orkugjöfum í grunnorku til húshitunar (jarðvarma, rafmagn eða olíu).

Í athugun er að koma á fót slíkum hitaveitum á Siglufirði og í Vestmannaeyjum.

Á Vestfjörðum er jarðvarmi ekki fyrir hendi og raforku þarf að flytja að mestu um langan og erfiðan veg. Raforkan verður því hlutfallslega dýr þar, en auk þess óörugg vegna hættu á línubilun. Varaaflsstöðvar eru því nauðsynlegar við hvern þéttbýliskjarna.

Í stað beinnar rafhitunar er hægt að byggja upp fjarhitunarstöðvar sem reka má bæði með svartolíukyndingu og raforku. Slíkt kerfi er mjög öruggt gagnvart truflunum á raforkuflutningi, en orkuverð á rafmagni til slíks kerfis þarf að vera mun lægra en til beinnar rafhitunar til þess að það sé hagkvæmt. Notkun slíkra stöðva er í athugun en endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir.

5.3.1. Hitaveita Vestmannaeyja.

Í athugun er að nýta hitaorku úr nýja hrauninu í Vestmannaeyjum til upphitunar hluta húsanna þar. Þessi athugun er þó enn á frumstigi.

Einnig er í athugun að reisa kyndistöð í Vestmannaeyjum, sem rekin væri með ódýru umframrafmagni frá Landsvirkjun og svartolíu.

Með slíkri kyndistöð fengist meira rekstraröryggi en ef öll hús væru hituð með raforku úr landi. Bráðabirgðaathugun bendir til að lítill munur sé á þessum tveimur kerfum.

Heimildaskrá.

1. „Varmaveita frá Svartsengi".
   Orkustofnun. Jan. 1973.
2. „Hitaveita frá Deildartunguhver til Borgarness og Akraness".
   Verkfræðist. Sig. Thoroddsen s. f. Sept. 1973.
3. „Jarðgufuaflstöð, frumáætlun um 8 MW, 12 MW, 16 MW og 55 MW aflstöð með tilliti til Virkjunar í Námafjalli eða Kröflu".
   Orkustofnun. Sept. 1973.
4. „Varmaveita, Bjarnarflag—Akureyri, frumdrög".
   Verkfræðist. Sig. Thoroddsen s. f., Akureyri. Mars 1973.
5. Fasteignamat ríkisins.
   Upplýsingar úr fasteignaskrá.
6. „Nýting jarðhita og framtíðarhorfur".
   Orkustofnun. Nóv. 1973.
7. „Varmaveita fyrir Siglufjörð".
   Vermir s. f. Jan. 1966.
8. „Athugun á hagkvæmni varmaveitu fyrir Siglufjörð".
   Bæjarverkfræðingurinn Siglufirði. Febr. 1972.

II. ÁLITSGERÐ SEÐLABANKA ÍSLANDS

Fjáröflun til hitaveituframkvæmda og raforkuframkvæmda til húshitunar.

18. mars 1974.

1. Inngangur.

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 27. nóvember 1973, er bankastjórninni falið að hefja undirbúning að gerð áætlunar um fjáröflun til framkvæmda, sem miði að því að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Áður hafði Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen verið falið að gera verkfræðilega könnun á helstu möguleikum á þessu sviði. Skýrsla verkfræðistofunnar liggur nú fyrir, dags. 14. mars 1974.

Í skýrslu verkfræðistofunnar er það meginniðurstaðan, að hagkvæmt sé að nota innlenda orkugjafa, jarðhita og rafmagn til húshitunar í stað innfluttrar olíu á því innflutningsverði olíu, sem nú ríkir, auk þess öryggis, að Íslendingar ráði sjálfir sínum orkugjöfum. Þar sem jarðvarmi er til í grennd við þéttbýli er hagkvæmni hans geysilega mikil, bæði miðað við olíu og raforku, en hagkvæmni minnkar allört, eftir því sem sækja þarf hann lengra að eða byggð verður strjálli. Þegar vissu marki er náð, verður svo rafhitun hagkvæmari en hitaveita. Nokkrir staðir lenda því á mörkum jarðhita og rafmagns.

Munur á kostnaði við upphitun með olíu og rafmagni verður minni en halda mætti eftir hina miklu hækkun olíuverðs. Stafar það einkum af því, að hingað til hefur oftast verið litið á raforku til húshitunar sem afgangsorku. Með stóraukinni rafhitun verður orkan að mestum hluta forgangsorka, sem gerir það að verkum, að reikna verður kostnaðarverð raforkunnar að fullu, bæði í framleiðslu og dreifingu. Við það bætist, að talið er að nýtingartími til húshitunar verði tiltölulega lágur. Þegar um það er að ræða að breyta kerfum í eldri húsum frá olíu í rafmagn, verður hagkvæmnin langminnst. Miðað við þá niðurgreiðslu, sem búist er við á olíu til húsahitunar og fullt kostnaðarverð á raforku er ekki nein fjárhagsleg hvatning fyrir húseigendur að taka upp rafhitun í stað olíu. Við þær aðstæður verður því markaðurinn fyrir raforku til hitunar í talsverðri óvissu.

Rétt er að taka það skýrt fram, að erfitt er að gera fjáröflunaráætlanir um eins umfangsmiklar framkvæmdir og hér er um að ræða, nema sem hluta af heildaráætlun um opinberar framkvæmdir hvers árs og fjáröflun til þeirra. Er það bæði vegna vinnu að lántökum og með tilliti til framboðs á vinnuafli til framkvæmda. Telur bankastjórnin því nauðsynlegt, að áætlanir um þessar framkvæmdir verði felldar inn í framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir hins opinbera.

2. Hitaveitur.

Reiknað er með framkvæmdum við hitaveitur fyrir röskar 3700 millj. kr. á árunum 1974—1976 samkvæmt skýrslu verkfræðistofunnar. Af því eru röskar 1600 millj. kr. á vegum Hitaveitu Reykjavíkur á Reykjavíkursvæðinu. Um þær framkvæmdir hefur þegar verið gerð fjáröflunaráætlun. Er þar gert ráð fyrir erlendum lántökum að fjárhæð um 750 millj. kr. eða sem svarar tæpum helmingi kostnaðar. Unnið er nú að þeirri lántöku. Afgangurinn er tekinn af eigin fé Hitaveitu Reykjavíkur. Eftir standa framkvæmdir fyrir um 2100 millj. kr. utan Reykjavíkursvæðisins, sem ekki hefur verið aflað fjár til, og þar af um 900 millj. kr. vegna hitaveitu fyrir Suðurnes ein.

Taka verður þessar tölur með fullri varúð, þar sem þær byggjast á verðlagi fyrir s. l. áramót. Jafnframt eru allar áætlanir um framkvæmdir utan Reykjavíkursvæðisins raunverulega á frumstigi. Víðast er jarðborunum og öðrum rannsóknum ólokið og sjálfri hönnun verksins einnig. Þess vegna er gerð fjárhagsáætlana í

venjulegum skilningi ekki tímabær. Hins vegar er nú á þessu stigi hægt að gera grein fyrir nokkrum meginforsendum við gerð þeirra, þegar það verður tímabært.

Hitaveitur þessar verða í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga. Nauðsynlegt verður því að gera fjárhagsáætlun fyrir hverja þeirra fyrir sig, en yfirleitt verða þetta nýjar stofnanir eða fyrirtæki. Fyrirtæki sem þessi eru mjög fjárfrek og þess vegna er óhjákvæmilegt að sjá þeim fyrir verulegu eigin fé þegar í upphafi til þess að þau geti staðið undir greiðslum af þeim hluta stofnkostnaðar, sem greiddur er með lánum. Er það mat bankastjórnarinnar, að eiginfjáröflun megi ekki vera minni en 25—30% af stofnkostnaði, enda séu heimæðagjöld frá notendum meðtalin. Afgangurinn kæmi frá sveitasjóðum þeim, sem að hitaveitunum standa. Sveitarfélögin gætu aflað þessa fjár með útsvörum eða með sérstöku álagi á gjaldstofna. Hugsanlegt væri að dreifa greiðslu á nokkurn tíma t. d. með lántökum í bankaútibúum og sparisjóðum eða með vaxtabréfaútgáfum til almennings á hitaveitusvæðinu.

Lánsfjáröflun gæti orðið með tvennum hætti, annars vegar erlendum lánum og hins vegar sérstakri innlendri fjáröflun. Erlend lán ættu ekki að vera hærri en nemur erlendum hluta kostnaðar eða um 50% fjárþarfarinnar. Þeirra væri aflað sem hluta af erlendri fjáröflun hins opinbera á hverju ári, en nokkurs hluta mætti væntanlega afla í formi vörukaupalána erlendis. Eigið fé og erlend lán mundu þá nema samtals 75—80% kostnaðar. Sérstök innlend fjáröflun þyrfti þá að nema 20—25% stofnkostnaðar eða 400—500 millj. kr. samkvæmt tölum verkfræðistofunnar. Er hér bent á þá leið, að hluti af tekjum þeim af söluskatti, sem gert hefur verið ráð fyrir að varið yrði til þess að greiða niður olíuverð, renni í stað þess í sérstakan sjóð, sem láni til þessara framkvæmda. Hluti þessi færi vaxandi með tímanum og þar með niðurgreiðsla olíuverðs lækkandi, til þess að tryggja að húseigendur hefðu fjárhagslegan ávinning af því að taka upp hitaveitu, en þó sérstaklega rafhitun í stað olíukyndingar. Einnig gæti komið til greina að leggja á almennan orkuskatt í þessu skyni, en lítið svigrúm er til þess við núverandi aðstæður, nema að því er varðar hitaveitur. Kæmi því til greina að leggja tiltölulega lágt gjald á núverandi notendur hitaveitu, og leggja í áðurnefndan sjóð til þess að greiða fyrir nýjum hitaveituframkvæmdum í landinu.

Hér fer á eftir yfirlit um fjáröflun til framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur og til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt þeim hugmyndum, sem hér hafa verið settar fram.

TAFLA 9

Fjáröflun til hitaveituframkvæmda 1974—1976.
(í millj. króna)

	1974	1975	1976	Alls
Reykjavíkursvæðið:				
Eigið fé og heimæðagjöld	178	323	370	871
Erlend lán	463	261	31	755
Samtals	641	584	401	1 626

Utan Reykjavíkursvæðisins:	1974	1975	1976	Alls
Eigið fé og heimæðagjöld	60	300	250	610
Önnur innlend fjáröflun	60	215	180	455
Erlend lán	125	515	425	1 065
Samtals	245	1 030	855	2 130

3. Rafhitun.

Eins og fram kemur í skýrslu verkfræðistofunnar eru þegar hafnar þær virkjunarframkvæmdir, sem orðið geta undirstaða verulegrar aukningar rafhitunar í landinu. Um leið er bent á, að tímabært sé nú þegar að hyggja að næstu framkvæmdum og þeim aukningum á dreifikerfum, sem nauðsynlegar eru. Allar þessar framkvæmdir eru á vegum núverandi virkjunar- og dreifiaðila raforku og falla að framkvæmdum vegna aukningar almennrar raforkunotkunar og stóriðjunotkunar. Fjáröflun til þeirra er ýmist þegar tryggð eða fellur inn í árlega fjáröflun þeirra vegna af ríkisins hálfu. Er því ekki ástæða til að gera þeim sérstök skil hér, en Seðlabankinn er að sjálfsögðu reiðubúinn eins og hingað til að veita þessum aðilum aðstoð við gerð fjárhagsáætlana fram í tímann með tilliti til aukningar rafhitunar. Í því sambandi er rétt að minna á eitt grundvallaratriði og endurtaka annað.

Framundan eru verulegar framkvæmdir í raforkumálum um land allt. Til þeirra þarf að afla verulegs lánsfjár, en um leið er nauðsynlegt að verulegt eigið fé komi á móti. Beinast liggur við að afla þess með því að orkuverð sé nógu hátt til þess að framkvæmdaaðilar hafi á hverju ári nokkurt fé umfram rekstrarkostnað og greiðslur af lánum til þess að leggja í nývirki á móti lánsfé. Af þessu leiðir, að raforkunotendur þurfa að standa undir auknum framkvæmdahraða um sinn með hærra orkuverði, nema sérstök skattlagning komi til þessara þarfa, þ. e. a. s. að aukningu raforku til húshitunar hljóti að fylgja álögur í einhverju formi.

Að lokum er rétt að minna aftur á, að niðurgreiðslur á olíuverði draga beint úr hvatningu húseigenda til að taka upp rafhitun og jafnvel sums staðar hitaveitu í stað olíukyndingar. Sérstaklega á þetta við um þau hús, sem eru með olíukyndingu fyrir, en miklu síður ný hús. Þetta kemur ekki verulega að sök í dag, þar sem lítil orka er aflögu til húshitunar, en mun innan skamms vinna verulega gegn því takmarki að nýta raforku til húshitunar í stórum stíl.

Ed. 563. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Auði Auðuns.

Við 5. gr. 1. mgr. verði sem hér segir:

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar, sem félagsmálaráðherra skipar. Skulu tveir skólanefndarmenn skipaðir eftir sameiginlegri tilnefningu Menn-

ingar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands, einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Bandalags ríkis og bæja og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Ráðherra skal skipa formann skólanefndar úr hópi þeirra, sem tilnefndir eru. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Nd. 564. Frumvarp til laga [278. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem ekki endurselur raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins skv. nánari ákvörðun stjórnar Orkusjóðs og ráðherra orkumála.

2. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi raforku.

Raforka undanþegin söluskatti með heimild í 20. gr. laga nr. 10/1960, er verðjöfnunargjaldskyld.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

3. gr.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. gr. 1. mgr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla skuldfærða raforkusölu síðasta mánuð.

4. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

5. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga, falla á dráttarvexti, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

6. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda Orkusjóði uppgjör og skilagrein mánaðarlega.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

7. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar hf. og Íslenska Álfélagsins hf.

8. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

9. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

11. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973 að fjárhæð 147 millj. kr.

Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands, sem veitt var ríkissjóði í nafni Rafmagnsveitna ríkisins árið 1973, að fjárhæð 130 millj. kr.

Heimildir þessar ná einnig til gjaldfallinna vaxta af lánunum.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að þau lán Orkusjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins, sem breytt var í vaxta og afborgunarlaus lán skv. heimild í 2. gr. laga nr. 96/1965 skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

14. gr.

Ráðherra, er fer með raforkumál, skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og lög nr. 17/1970 um breytingu á þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn, eftir gildistöku laga þessara, fyrir tímabil, sem hefst fyrir gildistöku laganna, en lýkur eftir gildistöku þeirra, skal reikna verðjöfnunargjaldið af raforkuverði í réttu hlutfalli við dagafjölda eftir gildistöku laganna af heildardagafjölda reikningstímabilsins.

Greinargerð.

Hinn 5. október 1973 skipaði iðnaðarráðuneytið Hörð Sigurgestsson, deildarstjóra, Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóra, og Bjarna Braga Jónsson, forstöðumann, í nefnd til að kanna fjárhagsörðugleika Rafmagnsveitna ríkisins og gera tillögur til úrbóta, og var Bjarni Bragi Jónsson skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði hinn 21. janúar 1974 ítarlegri skýrslu um viðfangsefnið og tillögum sínum.

TILLÖGUR NEFNDARINNAR til úrbóta eru svo hljóðandi:

„1.1. Jöfnun áorðins halla 1972 og 1973.

Til þess að jafna áorðinn rekstrarhalla 1972 og 1973, ásamt fjárvöntun framkvæmda og skort á rekstrarfé vegna aukinna útistandandi tekna, alls að fjárhæð 294 millj. kr., verði leitað eftirfarandi lausna:

1. Athugað sé, hvort fært sé að gefa eftir tollalán og önnur bráðabirgðalán ríkissjóðs, allt að fjárhæð 282 millj. kr., sbr. fordæmi í lögum nr. 96, 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

2. Að því marki, sem það sé ekki fært, verði veitt langt lán með venjulegum kjörum fjárfestingarlána, til jöfnunar hallans upp í fulla fjárhæð 294 millj. kr.

1.2. Jöfnun rekstrarhalla 1974 og framvegis.

Til þess að mæta óhjákvæmilegri tekjuþörf umfram færar verðhækkanir á eigin orkusölu Rarik, verði verðjöfnunargjaldi raforku breytt í form hlutfallsálagningar á smásöluveltu eða samsvarandi heildsölu, þar sem smásölustig er ekki fyrir hendi. Verði álagshlutfallið þá annað tveggja:

1. Jafnframt eftirgjöf skulda, sem um ræðir 1. tl. kafla 1.1. verði verðjöfnunargjaldið 13% af ofangreindum gjaldstofni.

2. Án slíkrar eftirgjafar verði verðjöfnunargjaldið 15% af gjaldstofninum. Verði um takmarkaða eftirgjöf að ræða, verði verðjöfnunargjaldið ákveðið í hlutfallslegu samræmi við það innan ofangreindra marka.

Þessi tillögukafli er háður þeirri forsendu, að hæfilegt gjald verði lagt á hitaveitur til að greiða fyrir örari nýtingu jarðhita til húshitunar.

1.3. Ráðstafanir til að mæta kostnaðarhækkunum framvegis.

Umfram þá ráðstöfun að láta verðjöfnunargjaldið framvegis fylgja raforkusölu, er lagt til, að reynt verði að fylgja eftirfarandi reglum:

1. Verðbreytingar orkunnar verði gerðar jafnhraðan og kostnaðarbreytingar eru á orðnar eða fyrirsjáanlegar. Verði eigi að síður nokkur töf á, að auknar tekjur mæti útgjöldum í greiðsluskilningi, verði bætt álagi á verðbreytingum til að vinna þann áhalla upp á einu ári.

2. Verðhækkun framkvæmda hvers árs verði gerð upp eða áætluð og bætt við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun eftirfarandi árs, meðan hún er til fjárlagaafgreiðslu.

1.4. Fjármögnunarkjör.

Eftir því, sem kostur er, verði forðast að fjármagna framkvæmdir Rarik með vísitölutryggðum spariskírteinalánum, heldur reynt að láta þær hafa sem mestan forgang um löng og hagstæð lán, sbr. álit Rarik-nefndar 1969, kafla 7.2. Stutt tækjakaupalán verði endurfjármögnuð að hluta, þegar greiðslur þeirra falla til."

SKÝRSLA NEFNDARINNAR fjallar um helstu orsakir fjárhagsvandans, tölulegt mat fjárhagsvandans og leiðir til tekjuöflunar. Í skýrslu nefndarinnar segir m. a. í kafla um almennt og sérstakt misræmi tekna og kostnaðar:

„Orkuverðið varðar lífskjör í dreifðum byggðum og þar með afstöðu til aðstöðujöfnunar og jafnvægis í byggð landsins. Af þessu stafar tregða á að láta orkuverðið endurspegla að fullu framleiðslu- og dreifingarkostnað orkunnar.

Að því leyti sem löggjafinn sættir sig ekki við, að verð endurspegli kostnað, hlýtur hann að leggja til framlag, svo sem gert er í mynd verðjöfnunargjaldsins. Það var fyrst ákveðið árið 1965 sem 35 m.kr. á ári og síðan tvöfaldað 1969, í 70 m.kr. á ári, en í báðum tilvikum ákveðið sem föst fjárhæð, óhagganleg fyrir verðlagsbreytinguna eða öðrum tilefnum. Þetta fyrirkomulag mun annars vegar hafa borið með sér neitun löggjafans á að viðurkenna óhjákvæmilegt framhald verðbólgu, en hins vegar kann að hafa falist í því von um, að Rafmagnsveiturnar efldust með auknu rekstrarumfangi til að standa meir á eigin fótum. Hvorugt hefur verið staðfest af reynslunni, svo sem nánar mun vikið að í sambandi við athugun úrræða, þannig að verulegt skarð hefur myndast í raunverulegar verðjöfnunartekjur.

Skipulagsbygging Rarik gerir í sjálfu sér tregt um að ná samræmi tekna og kostnaðar. Orkuveitusvæðin búa yfir mjög mismunandi framleiðslu- og dreifingarskilyrðum orkunnar, væntanlega meiri en verðjöfnunargjaldið fær sléttað yfir. Tilraunir til svæðismunar í gjaldskrá heildsölu hafa reynst stöðugur ásteytingarsteinn. Á hinn bóginn er tæpast þolað, að notendur á hagstæðari svæðunum greiði mun meira en svarar kostnaði þar eða er sambærilegt við orkukostnað innan annarra orkukerfa á sömu svæðum.

Þessi mótsögn getur leitt til þess, að örðugt sé að ná einu verði á landsmælikvarða, er nægi fyrir fullum kostnaði.“

Þá vekur nefndin athygli á því, að með hækkunum rekstrarkostnaðar, og þá sérstaklega olíuverðhækkuninni, hefur aðstöðumunur Rafmagnsveitum ríkisins í óhag aukist stórlega á kostnaðarmælikvarða, en sá munur felst einna helst í mikilli dísilorkuvinnslu á afmörkuðum svæðum með óhagstæða orkuöflunarkosti, sem verða að gerast í tiltölulega stórum stökkum.

Um áorðinn greiðsluhalla segir í skýrslunni, að fjárvöntun, sem myndast hefur árin 1972 og 1973, sé nú talinn 294 m.kr., sem sundurliðast í aðaldráttum þannig í millj. kr.:

	1972	1973	Alls
Greiðsluhalli rekstrar	3	123	126
Fjárvöntun framkvæmda	59	74	133
	62	197	259
Aukning útistandandi skulda o. fl.			35
Alls			294

Þá segir, að rekstrarhalli 1973 hafi að öðru leytinu stafað af almennum hækkunum flestra rekstrarliða, en að hinu leytinu af því, að orkuverð hafi verið hækkað treglega og verðjöfnunargjaldstekjur hafi enn ekki verið látnar hækka. Um verðjöfnunargjaldið segir:

„Verðjöfnunargjaldið var ákveðið með lögum árið 1965 sem 35 m.kr. árleg upphæð, en var á síðari hluta 1969 tvöfaldað upp í 70 m.kr. á ári. Álagning þess er miðuð við bæði afl- og orkustærðir í heildsölu og þannig ákveðin fyrir hvert ár í senn, að það eigi að gefa 70 m.kr. af áætlaðri heildsölu. Innheimta ársins 1971 komst þó upp í 74.4 m.kr.

Miðað við þennan verðmætisgrundvöll nam innheimta verðjöfnunargjaldsins 7.5% árið 1966 og 7.2% 1971, en frá þeim árum hefur hlutfallið farið lækkandi og var 5.1% 1968 og 4.6% 1973. Fyrra verðjöfnunargjaldið gilti fyrri hluta 1969, en miðað við veltu ársins í heild hefur það numið 4.3%, en síðara verðjöfnunargjaldið hins vegar 8.6% á sama mælikvarða. Að óbreyttri upphæð má áætla það 3.1% árið 1974.

Af þessu má draga þá ályktun, að frá setningu verðjöfnunargjaldsins 1965 eða endurskoðun þess 1969 hafi dregið úr raunverulegu gildi þess til verðjöfnunar um meira en helming. Að sama skapi hefur dregið úr þeirri hlutfallslegu byrði, sem það er raforkunotendum. Hækkun þess upp í 7—8% af umræddum stofni mundi út frá þessu viðhorfi nánast vera endurtekning á fyrri reynslu og leiðrétting í það horf, sem fyrst var tilætlun löggjafans.

Verðjöfnunargjaldið hefur tapað gildi sínu ört af völdum verðbólgunnar. Á hinn bóginn er engin ástæða til að ætla, að sá aðstöðumunur, sem því er ætlað að jafna, sé svo skammær, að úr honum dragi í takt við verðbólguna.

Rýrnun raunverulegra tekna af völdum þessa er veigamikil ástæða fyrir endurteknum fjárhagsvandkvæðum Rarik.

Reiknað hefur verið út á grundvelli töflu Orkustofnunar, hverju munaði ef verðjöfnunargjald hefði jafnan numið 7.5% af sölu, svo sem var fyrsta árið. Hefðu tekjur tímabilsins orðið við það hærri sem nemur 124.5 m.kr. Af þessari reynslu er sprottin sú hugmynd að láta verðjöfnunargjaldið framvegis fylgja söluverðmæti, og er þá söluskattstofn smásölu einna handhægust viðmiðun, enda tilgangurinn að jafna verð til endanlegra smásölukaupenda.

Til þess að breyta álagningu verðjöfnunargjaldsins í þetta form þarf að bæta fjárhæð þess í fyrra formi við fjárvöntunina, áður en fundið sé það hlutfall álagningar, sem nægir.

Sé miðað annars vegar við þann halla, sem fram kemur í rekstraráætlun 1974 (Tilvik 1), en hins vegar sama halla að frádregnum greiðslum af hugsanlegu lengingarláni, kemur nauðsynleg hæð verðjöfnunargjaldsins fram af eftirfarandi yfirliti:

	Í millj. kr.	
	Tilvik 1	Tilvik 2
Greiðsluhalli rekstrar	272	232
Núgildandi verðjöfnunargjald lagt niður	70	70
Alls til jöfnunar í nýju formi	342	302
Áætlaður gjaldstofn	2 250	2 250
Nauðsynlegt verðjöfnunargjald	15,2%	13,4%

Það virðist þolanlegt frávik eða afsláttur að slétta álagshlutföllin niður í 15% eða 13% en um það munar 5 eða 10 m.kr. Hærra tilvikið, 15%, virkar mjög hátt, eða um tvöfalt hærra en áður hefur verið að stefnt með löggjöf. Mælir það sterklega með athugun á því, hvort ekki megi jafna áorðinn halla með öðrum hætti, svo að hallast megi að lægri tilvikinu, 13%. Með hliðsjón af stórauknum kostnaði hins raunverulega aðstöðumunar, sem fyrir hendi er, má e. t. v. telja það álagningarhlutfall þolanlegt, sé ekki öðrum úrræðum til að dreifa.

Hækkun raforkuverðs af völdum þessarar breytingar verður ekki svo há, sem svarar álagshlutföllum, heldur dregst fyrra verðjöfnunrgjald frá, svarandi til 3.1% af smásöluveltu ásamt sölu til Kísiliðju og varnarliðs, svo að hækkunin ætti að nema tæpum 12% eða 10%. Í þessu sambandi kæmi hins vegar til greina að endurskoða heildsöluverð raforku, þyki það þá almennt of lágt, svo sem þegar er að vikið, að því er varðar heildsölu Rarik.“.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að ráðin verði bót á fjárhagsörðugleikum Rafmagnsveitna ríkisins í samræmi við tillögur nefndarinnar á þann hátt, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita eftirgjöf á lánum samtals að fjárhæð 277 millj. kr. og með því að leggja verðjöfnunargjald á raforkuna á síðasta stigi viðskipta, sem nemur 13% á sama gjaldstofn og söluskattur er lagður á. Áætlaður gjaldstofn árið 1974 er 2 250 millj. kr.

Rekstraráætlun tímabilsins 1974—1980, gerð 17. janúar 1974, miðuð við óbreytt verðjöfnunargjald, fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal I. Þá fylgir frumvarpinu áætlun Orkustofnunar, dags. 18. des. 1973, um sölu raforku 1973—1974 sem fylgiskjal II.

Rafmagnsveitur ríkisins.— 17.01.74.

REKSTRARÁÆTLANIR 1974—1980.

Upphæðir í Mkr.	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
GJÖLD	**1 212**	**1 268**	**1 206**	**1 300**	**1 404**	**1 511**	**1 617**
Laun og launatengd gjöld	133	139	145	152	159	166	174
Annar kostnaður	135	141	147	154	161	168	176
Olía	284	217	35	60	88	128	166
Orkukaup	320	350	429	467	508	550	591
Vextir og afborganir	340	421	450	467	488	499	510
TEKJUR	**940**	**1 011**	**1 082**	**1 159**	**1 236**	**1 313**	**1 399**
Heildsala	279	292	306	320	328	336	352
Smásala	611	669	726	789	858	927	997
÷ Verðjöfnunargjald	÷30	÷30	÷30	÷30	÷30	÷30	÷30
Verðjöfnunargjald	70	70	70	70	70	70	70
Aðrar tekjur	10	10	10	10	10	10	10
HALLI	272	257	124	141	168	198	218

Orkustofnun 18.12.73.

ÁÆTLUÐ SALA RAFORKU 1973—1974.
(með 13% sölusk. og viðlagasjóðsgjaldi).

Nr.	Notkun	1972			1973		1974	
		GWh	Mkr.	aur/kWh	GWh	Mkr.	GWh	Mkr.
1.1	Heimilisnotkun	173,0	538,7	311	185	662	198	885
2	Húshitun	106,3	77,0	72	114	95	123	128
3	Búrekstur	35,1	46,7	133	43	66	59	112
4	Lýsing fyrirtækja	58,4	270,5	463	62	330	66	440
5	Smáiðja	22,7	86,9	383	24	106	26	144
6	Sementsverksmiðjan	13,2	14,7	111	13	17	13	20
7	Stóriðja, önnur	149,6	297,2	199	167	382	176	503
8	Götulýsing	16,1	49,6	308	17	60	18	79
9	Önnur notkun	24,2	76,7	317	25	91	26	118
	Alls smásala	598,6	1 458,0	244	650	1 809	705	2 429
2.1	Álverksmiðjan	770,6	208,0	27	1 171	316	1 190	321
2	Áburðarverksmiðjan	127,6	33,6	26	140	36	145	38
3	Kísiliðjan	9,7	9,5	98	10	14	10	14
4	Keflavíkurflugvöllur	54,6	55,1	101	60	85	60	85
5	Hvanneyri	1,4	0,9	64	1	2	2	2
	Alls stórsala	963,9	307,1	32	1 382	453	1 407	460
	Sala alls	1 562,5	1 765,1	113	2 032	2 262	2 112	2 889

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. Lagt er til að verðjöfnunargjald verði nú lagt á alla raforku á síðasta stigi afhendingar. Þ. e. til notandans, en verðjöfnunargjald á raforku í heildsölu verði fellt niður. Ákvæði þetta kemur í stað 4. og 5. gr. laga nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og laga nr. 17/1970 um breytingu á þeim lögum. Reglur um gjaldstofn og útreikning gjaldsins eru einfaldaðar frá því, sem var í fyrrgreindum lögum og tekjur af verðjöfnunargjaldi breytast í samræmi við breytingar á raforkuverði og magni seldrar raforku.

2. mgr. er efnislega eins og síðari hluti 1. mgr. 4. gr. laga nr. 96/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 17/1970. Um Orkusjóð og stjórn hans, Orkuráð, eru ákvæði í X. kafla Orkulaga nr. 58/1967.

Um 2. gr.

1—3 mgr. Lagt er til, að verðjöfnunargjaldið verði lagt á sama gjaldstofn og söluskattur er lagður á skv. gildandi söluskattslögum. Til að taka af allan vafa er tekið fram, að undanþágur frá söluskatti á raforku, sem veittar hafa verið eða kunna að verða veittar með heimild í 20. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, undanþiggja ekki jafnframt raforkuna frá verðjöfnunargjaldi. Ein slík söluskattsundanþága er nú í gildi, en með bréfi fjármálaráðherra, dags. 10. mars 1972, var raforkusala til húshitunar undanþegin söluskatti. Þá er lagt til, að söluskattur verði ekki lagður á verðjöfnunargjaldið, heldur verði söluskattur og verðjöfnunargjald lagt á sama gjaldstofn.

4. mgr. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 96/1965.

Um 3. gr.

Lagt er til, að sami álagningar- og innheimtuháttur verði hafður á og ákveðinn er í lögum og reglugerðum um söluskatt með þeim breytingum, sem leiðir af séreðli samnings um sölu á raforku. Gjald fyrir raforku er skuldfært og innheimt eftir að afhending og notkun hafa farið fram. Magn seldrar raforku er lesið af mælum hjá notandanum með vissu millibili. Gjald fyrir raforkuna er reiknað eftir magni og skv. gildandi gjaldskrám og notandinn skuldfærður fyrir gjaldinu og það innheimt hjá honum. Verðjöfnunargjaldið verður því ekki réttilega reiknað fyrr en eftir álestur mæla og útreikning söluverðs. Um leið og útreikningi er lokið er notandinn skuldfærður og við það tímamark er verðjöfnunargjaldskyldan miðuð. Innheimta gjaldsins dreifist yfirleitt jafnt yfir árið.

Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er tekið mið af gildandi reglum um skil á söluskattsskýrslum um greiðslu.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi ákvæði um viðurlög við vanskilum opinberra gjalda og svarar til 9. gr. laga nr. 96/1965.

Um 6. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til, að komið verði á fastri skipan um samskipti innheimtumanna og Orkusjóðs um uppgjör innheimts verðjöfnunargjalds.

Um 7. gr.

Í grein þessari eru tæmandi taldir þeir notendur, sem undanþegnir eru verðjöfnunargjaldi. Áburðarverksmiðjan hf. er undanþegin verðjöfnunargjaldi skv. 6. gr. laga nr. 96/1965, en óheimilt er að leggja verðjöfnunargjaldið á Íslenzka Álfélagið hf. skv. samningi, sem veitt hefur verið lagagildi.

Um 8. gr.

Lagt er til, að ágreining um gjaldskyldu- og gjaldstofn megi leggja fyrir ráðherra sem æðsta stjórnvald.

Ákveðin er sérstök fyrning málshöfðunarheimildar fyrir almennum dómstólum.

Um 9. gr.

Ráðherra er veitt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð. Ekki þykir ástæða til að taka fram, að farið skuli eftir lögum og reglugerðum um söluskatt um álagningu og innheimtu gjaldsins, en augljóst er hagræði af því, að þessi atriði lúti sömu reglum í framkvæmd.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður fái heimild til að veita eftirgjöf og greiða fyrir Rafmagnsveitur ríkisins skuldir að fjárhæð samtals 277 millj. kr.

Um 13. gr.

Í 2. gr. laga nr. 96/1965 var ríkisstjórninni heimilað að breyta vissum lánum Raforkusjóðs (nú Orkusjóður) til Rafmagnsveitna ríkisins í vaxta- og afborgunarlaus lán fyrst um sinn og ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telji Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

Heimildin til að breyta lánum þessum, sem nema kr. 98 688 176.00, í vaxta- og afborgunarlaus lán var notuð og er lagt til, að heimild ríkisstjórnarinnar til að ákveða síðar, að lán þessi skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir, skuli haldast.

Um 14. gr.

Grein þessi er óbreytt 6. gr. laga nr. 19/1970 um breytingu á lögum nr. 96/1965.

Um 15. gr.

Lagt er til, að lög nr. 96/1965 með síðari breytingum í lögum nr. 17/1970 verði úr gildi felld, enda hafa þau ákvæði laganna, sem enn skipta máli, verið tekin í frumvarp þetta.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem sölutímabili í hinum einstöku samningum seljenda og notenda raforku lýkur ekki á sama tíma, heldur dreifist yfir langan tíma og milli aflestra á mæla og innheimtu líður nokkur tími, er óhjákvæmilegt að hafa ákvæði til bráðabirgða, þar sem kveðið er á um hvernig reikna skuli verðjöfnunargjald á raforku, sem seld er á tímabili, sem fellur beggja megin við gildistökudag laganna. Lagt er til, að við útreikning á seldri raforku frá gildistökudegi laganna til álestursdags, sé lagt til grundvallar, að orkunotkun sé jöfn allt tímabilið og verðjöfnunargjaldið reiknað í réttu hlutfalli við dagfjöldann frá gildistöku laganna til álestursdags af heildardagafjöldanum. Engin önnur aðferð leiðir til sanngjarnari niðurstöðu.

Sþ. **565. Tillaga til þingsályktunar** [279. mál]

um skyldusparnað.

Flm.: Björn Pálsson.

1. Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja á þessu ári frumvarp til laga um skyldusparnað. Skyldutryggingar í lögboðnum lífeyrissjóðum félaga í stéttarfélögum og bænda skulu afnumdar, en hliðstæðri fjárhæð og iðgjöldum nemur varið í skyldusparnað. Allir launþegar skulu greiða 10% af dagvinnukaupi sínu, en atvinnurekendur 7% af nettótekjum á aldurstímabili 30—65 ára, og skulu atvinnurekendur standa skil á greiðslum, enda greiði þeir hluta af skyldusparnaði launþega, svipað og þeir greiða nú iðgjöld til lífeyrissjóða.

2. Stofna skal tryggingа- eða skyldusparnaðarbanka. Hlutverk hans skal vera að annast geymslu, útlán og verðtryggingu á því fé, sem myndast við skyldusparnaðinn. Hver íslenskur ríkisborgari, sem fé greiðir, skal eiga bók, þar sem innstæða og vextir eru innfærð. Innstæður skulu undanþegnar skatti og árleg framlög til skyldusparnaðar einnig. Útlánum bankans skal haga þannig, að þau verði innstæðueigendum og þjóðarheildinni að sem mestum notum.

3. Innstæður skulu endurgreiddar innstæðueigendum eftir ákveðnum reglum, og skal miða við það, að efnahagsafkoma þeirra verði tryggð eftir 65 ára aldur. Þegar innstæðueigandi deyr, skal innstæða hans erfast eins og aðrar eignir og greiðast til erfingja, ef þeir óska þess.

4. Ákveða skal í frumvarpinu, hvernig með það fé skuli fara, sem er nú í vörslu lögboðinna lífeyrissjóða, og þess gætt, að það megi verða raunverulegum eigendum að sem mestum og hagkvæmustum notum.

Greinargerð.

10% af dagvinnukaupi félaga í stéttarfélögum og bænda er nú lagt í lögboðna lífeyrissjóði. Ég athugaði í fyrra, hve mikil fjárhæð þetta mundi verða 1974, og áleit, að það mundi nema allt að 3 milljörðum. Laun hafa hækkað verulega síðan og fólki fjölgað, þannig að líklegt er, að iðgjöld til lögboðinna lífeyrissjóða nemi allt að 4 milljörðum árið 1975. Kerfið er ranglátt, verkamaður þarf að greiða iðgjald frá 16 ára aldri til 67 ára, bændur frá 20 ára aldri til 67 ára. Opinberir starfsmenn og sjómenn greiða eigi iðgjöld nema í 30—35 ár. Sé reiknað með 10% vöxtum og vaxtavöxtum, nær þrefaldast upphæð heildariðgjalda á fjórða áratug, hvað þá á fimmta áratug. Hjón, sem greiða iðgjöld af 600 þús. kr. dagvinnutekjum árlega í 40 ár, hafa greitt með 10% vöxtum og vaxtavöxtum 29 millj. 211 þús. kr. Einstaklingur, sem greiðir iðgjöld af 330 þús. kr. dagvinnutekjum, hefur greitt eftir 40 ár með hliðstæðum vöxtum ca. 16 milljónir. Skólafólk fær 4% endurgreitt, ef það óskar, 6% hirðir sjóðurinn. Annar hvor maður er dauður, áður en hann fær nokkuð að ráði greitt úr þessum sjóðum. Takmörkuð lán munu menn geta fengið, en vextir af slíkum lánum eru nú 11—12%. Það eru háir vextir af eigin fé, þótt vera megi, að hagur sé að því að taka slík lán, sé varanleg verðbólga ráðandi. Ljóst er því, að hinar lögboðnu lífeyristryggingar skaða þá, sem tryggðir eru, um stórar fjárhæðir. Sé gert ráð fyrir, að lögboðin iðgjöld nemi 4 milljörðum á ári, verður sú upphæð að 10 árum liðnum orðin ca. 60 milljarðar með vöxtum og vaxtavöxtum. Iðgjöld eru nú geymd og ávöxtuð í allt að 30 sjóðum. Ég veit eigi til, að verulegt eftirlit sé með rekstri þessara sjóða eða útlánastarfsemi þeirra. Eftir 2—3 áratugi eiga þessir sjóðir, miðað við óbreytt kerfi, verulegan hluta af eignum þjóðarinnar, nema gengis- og verðbreytingar geri sjóðina verðlitla. Enginn, sem ég

hef talað við, sem hefur yfirsýn yfir þjóðarbúskapinn, álítur þetta fyrirkomulag hagkvæmt eða viturlegt til frambúðar. Hitt kunna að vera skiptar skoðanir um, hverju eigi að breyta.

Ég flutti þingsályktunartillögu á síðasta þingi um endurskoðun á tryggingakerfinu. Þar benti ég á, hve tryggingakerfi okkar er margþætt, ranglátt og óviturlegt. Ég benti enn fremur á, að með því að breyta því og gera það einfalt, svipað og er í Noregi og Svíþjóð, gætum við lækkað ríkisútgjöld um svipaða fjárhæð og iðgjöld lífeyrissjóða nema. Í 4. lið þingályktunartillögunnar gat ég þess, að ef álitið væri ógerlegt að afnema iðgjöld til lögboðinna lífeyrissjóða til öflunar lánsfjár, væri hagkvæmara að afla lánsfjár með skyldusparnaði. Verðlag hefur hækkað og dýrtíð aukist hjá okkur. Rekstrarfjárþörf einstaklinga og fyrirtækja hefur því vaxið mjög mikið. Sparifé hefur eigi aukist að sama skapi, því að flestir reyna að koma peningum sínum í einhver verðmæti af ótta við, að verðgildi þeirra minnki að öðrum kosti. Þessi ótti hefur skapað eyðsluæði, og við blasir tilfinnanlegur rekstrarfjárskortur. Ég álít því, að eins og nú horfir sé skyldusparnaður óhjákvæmilegur fyrir þjóðarheild og einstaklinga. Lögboðna lífeyrissjóði á því að afnema, en verja hliðstæðri fjárhæð og iðgjöldum nemur í skyldusparnað. Sérstakur banki ætti að annast geymslu og ávöxtun slíks fjár. Hver einstaklingur ætti sína skyldusparnaðarbók, þar sem vextir og innlög væru færð inn. Fjármuni þessa þyrfti að verðtryggja a. m. k. að einhverju leyti og haga útlánum þannig, að þeir megi verða eigendum og þjóðinni í heild að sem mestum notum. Innstæður þarf svo að endurgreiða eftir vissum reglum, t. d. eftir 65 ára aldur, þannig að enginn þyrfti að kvíða fjárskorti í ellinni. Andist innstæðueigandi, á innstæða hans að erfast hliðstætt og aðrar eignir. Skyldusparnaðartímabilið þarf að vera jafnt hjá öllum stéttum, t. d. frá 30 ára til 65 ára aldurs. Skyldusparnaður sá, sem nú er hjá ungu fólki, gæti verið óbreyttur, en visst árabil, þegar fólk væri að stofna heimili, mætti vera án sparnaðarskyldu. Þetta fyrirkomulag hefur marga kosti umfram það kerfi, sem nú er, og skulu þessir nefndir:

1. Banki sá, sem fengi skyldusparnaðarfé til geymslu og útlána, yrði langstærsti banki þjóðarinnar eftir fá ár og gæti bætt úr rekstrarfjárskorti einstaklinga, fyrirtækja og stofnlánasjóða að verulegu leyti. Má í því sambandi benda á, að sparifjárinnstæður Landsbankans og Útvegsbankans eru samtals nálægt 10 milljörðum, en það er minni fjárhæð en safnast í iðgjöldum til lífeyrissjóða á þremur árum.

2. Eftirlit ætti að geta verið betra og notkun innstæðufjár hagkvæmara í bankakerfi en í mörgum eftirlitslitlum sjóðum.

3. Enginn er fégléttur, þar sem hver einstaklingur ætti sína verðtryggðu innstæðu, sem hann fengi endurgreidda eftir ákveðnum reglum, og eftirstöðvar erfðust. Einnig væri það ranglæti afnumið, sem nú er, að iðgjöld til lífeyrissjóða séu greidd um mislangt árabil.

4. Slíkur skyldusparnaður mundi nema á 30—35 ára tímabili 100—150 milljörðum. Væri slíkur skyldusparnaður verðtryggður að einhverju eða öllu leyti, gæti það dregið úr því braski og eyðsluæði, sem nú er ríkjandi. Víst er, að slíkur skyldusparnaður mundi treysta efnahag einstaklinga og þjóðarheildarinnar og skapa efnahagslegt öryggi.

Ed. **566. Frumvarp til laga** [280. mál]

um kvikmyndasjóð.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Árm. Héðinsson, Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 50 5. júlí 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, orðist svo:

Hlutverk menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs er að styðja íslenska menningu með því að efla listir og vísindi.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs. Menntamálaráð gerir árlega áætlanir um tekjur og gjöld sjóðanna, og skulu þær bornar undir menntamálaráðherra til samþykktar. Tekjur sjóðanna og þeirra stofnana, sem reknar verða á vegum þeirra, má eingöngu verja í þágu sjóðanna.

3. gr.

A-liður 3. gr. sömu laga orðast svo:

Gjald af aðgöngumiðum að dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

4. gr.

D-liður 4. gr. sömu laga fellur niður.

5. gr.

Á eftir 5. gr. sömu laga komi ný grein svo hljóðandi:

Hlutverk kvikmyndasjóðs er:

a) Að styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárstyrkjum, lánum, ábyrgðum og verðlaunum.
b) Að koma á fót kvikmyndasögusafni, sem heimilt skal að sýna kvikmyndir sínar á sýningum, sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum.
c) Að stuðla á annan hátt að bættri kvikmyndamenningu, m. a. með því að verðlauna kvikmyndahús, sem fram úr skara við val á góðum kvikmyndum og barnamyndum til sýninga.

Lán og ábyrgðir, sem veitt eru höfundum eða framleiðendum íslenskra kvikmynda, mega nema allt að 80% af kostnaði við gerð myndarinnar.

6. gr.

Á eftir nýrri grein í sömu lögum, sbr. 5. gr., komi önnur ný grein, svo hljóðandi:

Tekjur kvikmyndasjóðs eru þessar:

a) Stofnframlag úr ríkissjóði að fjárhæð 10 milljónir króna.
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.
c) Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
d) Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

7. gr.

A-liður 7. gr. sömu laga orðist svo:

Að hafa með höndum yfirstjórn menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs og ákvarða um árlega heildarskiptingu á tekjum sjóðanna. A. m. k. fimmta hluta af tekjum kvikmyndasjóðs skal varið til að koma upp kvikmyndasögusafni.

Úthlutun lána og styrkja eða veiting ábyrgða og verðlauna úr kvikmyndasjóði, sbr. 6. gr., fer fram á sérstökum fundum ráðsins, og skulu þá tilkvaddir fulltrúar frá samtökum kvikmyndahúsaeigenda, samtökum kvikmyndagerðarmanna, Bandalagi íslenskra listamanna og samtökum kvikmyndaklúbba með fullum atkvæðis- og tillögurétti.

E-liður sömu greinar fellur niður.

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um starfsemi kvikmyndasjóðs og kvikmyndasögusafnsins skulu sett með reglugerð, þ. á m. um sérstaka stjórn safnsins.

8. gr.

1. málsgr. 8. gr. sömu laga orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar forstjóra menningarsjóðs að fengnum tillögum menntamálaráðs. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður sjóðsins, svo og kvikmyndasjóðs, og sjá um framkvæmdir á ákvörðunum menntamálaráðs.

9. gr.

Fyrirsögn I. kafla sömu laga verði: Um menningarsjóð og kvikmyndasjóð.

Þegar lögunum hefur verið svo breytt, skulu breytingarnar, ásamt ákvæðum laga nr. 35/1971, felldar inn í meginmál laganna og þau gefin út undir fyrirsögninni: Lög um menningarsjóðs, kvikmyndasjóð og menntamálaráð.

10. gr.

2. flokkur 2. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, orðist svo:

Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

11. gr.

5. flokkur 2. gr. sömu laga orðist svo:

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða 24 kr. í skemmtanaskatt og 6 kr. í menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. Upphæðum þessum skal breytt í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar, sem gerðar eru á verði íslensks brennivíns hjá útsölu Áfengisverslunar ríkisins.

12. gr.

8. gr. sömu laga orðist svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr. og að danslekjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 10% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum, og rennur það í kvikmyndasjóð, og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum, og rennur það í menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Kvikmyndagerðarlist hefur verið meira vanrækt á Íslandi en nokkur önnur listgrein. Ástæðurnar eru í fyrsta lagi hinn mikli kostnaður, sem óhjákvæmilega fylgir gerð kvikmynda, en svo að dæmi séu nefnd er lágmarkskostnaður við gerð 100 mínútna leikinnar myndar nú talinn vera um 7 millj. kr. og einfaldasta heimildar-

kvikmynd, sem aðeins tekur 20 mínútur að sýna, kostar nú 1.5—2 millj. kr. Í öðru lagi er óneitanlega um að ræða útbreytt skilningsleysi á vandamálum íslenskrar kvikmyndagerðar. Á síðari árum hefur þó vaknað talsverður áhugi á því, að stofnaður yrði sérstakur sjóður, er veitti lán og styrki til kvikmyndagerðar, og á árinu 1972 safnaði menntamálaráðuneytið upplýsingum með milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í Evrópulöndum. Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á gögnum, sem menntamálaráðuneytið hefur látið flutningsmönnum frumvarpsins í té:

Í **Danmörku** hafa lengi verið í gildi lög um kvikmyndir og kvikmyndahús með ákvæðum um Dönsku kvikmyndastofnunina. Stofnunin rekur kvikmyndaskóla, leikmunasafn og lánar út kvikmyndir, en hefur jafnframt með höndum veitingu lána og ábyrgða til framleiðenda innlendra kvikmynda. Tekjur stofnunarinnar hafa verið 10% gjald, sem innheimt hefur verið með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Gjaldið er nú 7%, verður 4% á næsta ári og fellur alveg niður 1975.

Í **Noregi** hafa styrkir til kvikmyndagerðar verið greiddir úr ríkissjóði og numið 35% af brúttótekjum miðað við selda aðgöngumiða,, en fyrir 3 árum var stofnaður sérstakur kvikmyndasjóður.

Í **Svíþjóð** hefur Sænska kvikmyndastofnunin með höndum starfsemi til styrktar kvikmyndagerð og fær til þess gjald af kvikmyndasýningum. Stofnunin velti 15 milljónum sænskra króna rekstrarárið 1969—1970.

Í **Finnlandi** er 4% gjald innheimt við sölu aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, og er 80% af gjaldinu varið til styrktar innlendri kvikmyndagerð.

Í flestum öðrum Evrópulöndum hafa verið sett lög um opinberan stuðning við kvikmyndagerð og þá víða með stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni.

Í frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert, að stofnaður verði kvikmyndasjóður með 10 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði, en að öðru leyti fái sjóðurinn tekjur með 10% gjaldi, sem innheimt verði með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Sjóðurinn verði undir yfirstjórn menntamálaráðs og í umsjá og vörslu skrifstofu menningarsjóðs.

Skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum er nú 15% og nemur ca. 20 millj. kr. Af þeirri upphæð renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 90% í félagsheimilasjóð. Við þetta bætist 1.5% miðagjald, sem runnið hefur í menningarsjóð, og er því skemmtanaskatturinn í heild 16.5%.

Með þeirri breytingu, sem felst í frumvarpinu, greiða kvikmyndahúsagestir 3.5% hærra gjald en áður var, Sinfóníuhljómsveit og félagsheimilasjóður missa 5% skemmtanaskatt og menningarsjóður missir 1.5%, en samanlagt er þetta 10% af aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa og rennur, eins og áður segir, í kvikmyndasjóð. Til þess að bæta Sinfóníuhljómsveitinni, félagsheimilasjóði og menningarsjóði þennan tekjumissi, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að svonefnt rúllugjald, sem greitt hefur verið fyrir aðgang að vínveitingahúsum, verði hækkað úr 10 kr. í 30 kr.

Ýmsir eru vaflaust andvígir því, að verð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum hækki vegna tilkomu kvikmyndasjóðs, og halda því fram með miklum rétti, að skattlagning aðgöngumiða sé þegar orðin í mesta lagi. Áður en 16.5% skemmtanaskattur er lagður á verð aðgöngumiða, er búið að leggja 17% söluskatt á aðgangseyrinn, og þar að auki er a. m. k. í Reykjavík lagður 5% skattur á verð aðgöngumiða skv. l. nr. 78 4. febr. 1952 um gjald af kvikmyndasýningum, og rennur hann í borgarsjóð. Ef óaðgengilegt þykir, að skattlagning aðgöngumiða verði nú enn aukin um 3.5%, virðist liggja beinast við að lækka eða afnema með öllu skattinn skv. l. nr. 28. 4. febr. 1952, en þessi skattur er ætlaður sveitarstjórnum og virðist lítinn rétt eiga á sér, enda mun hann óvíða hafa verið innheimtur utan Reykjavíkur. Í frumvarpinu er þó ekki gerð tillaga um afnám þessa skatts að svo stöddu, en rétt er að skoða nánar þessa leið við meðferð málsins á Alþingi.

Í 5. og 7. gr. frumvarpsins eru ákvæði um stofnun kvikmyndasögusafns. Mikil nauðsyn er á því, að þess háttar stofnun sé komið upp, sem safni eintökum kvik-

mynda, er hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Starfsemi þessa safns verður að sjálfsögðu allt annars eðlis en starf Fræðslumyndasafnsins, sem hefur svipað verksvið og skólabókasöfn, en kvikmyndasögusafn hefur aftur á móti hliðstæðu hlutverki að gegna og þjóðskjalasafn eða bókmenntadeild landsbókasafns. Stjórn þessa safns þarf því að vera skipuð sérmenntuðum mönnum um kvikmyndalist, og er því skv. 7. gr. gert ráð fyrir, að nánari ákvæði um starfsemi og aðsetur safnsins verði sett með reglugerð.

Þess má að lokum geta, að við meðferð frv. til l. um skemmtanaskatt á þinginu 1969—1970 komu málefni íslenskrar kvikmyndagerðar mjög til umræðu, og var því þá sérstaklega lýst yfir í nefndaráliti menntamálanefndar neðri deildar, að nauðsyn bæri til, að lög yrðu sett til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Af því hefur þó ekki orðið, og er ekki seinna vænna, að Alþingi taki nú loks af skarið um stuðning við þessa vanræktu listgrein.

Ed. 567. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar og fengið umsagnir frá dómsmálaráðuneytinu og réttarfarsnefnd.

Mælir allsherjarnefnd með samþykkt frv. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. 3. gr. falli niður.
2. 6. gr. (sem verður 5. gr.) orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 22. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Helgi F. Seljan, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Auður Auðuns. Þorv. Garðar Kristjánsson. Steingrímur Hermannsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 568. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar um nokkurt skeið. Umsagnir hafa borist frá dómsmálaráðuneytinu og réttarfarsnefnd. Skoðun allsherjarnefndar er, að rétt sé, að hreppurinn hljóti kaupstaðarréttindi, en án þess að um leið verði stofnað til nýs bæjarfógetaembættis þar. Kaupstaðurinn kæmi þá til að heyra undir embætti sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið greint, mælir nefndin með samþykkt frv. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. orðist svo:
   Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.
2. 3. gr. falli niður.

Alþingi, 22. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Helgi F. Seljan, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Auður Auðuns. Þorv. Garðar Kristjánsson. Steingrímur Hermannsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 569. Frumvarp til laga [281. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.
Nafn, aðsetur o. fl.

1.1. Iðntæknistofnun Íslands (ITSÍ) er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið.
1.2. Stofnunin hefur aðalaðsetur í Reykjavík eða nágrenni, en heimilt er að setja á stofn útibú annars staðar.

2. gr.
Hlutverk.

2.1. Tilgangur ITSÍ er að vinna að tækniþróun íslensks iðnaðar með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans sem og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.
2.2. Stofnuninni er einnig heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa not fyrir þá sérþekkingu, er hún hefur yfir að ráða á hverjum tíma.
2.3. Til þess að gegna hlutverki sínu skal stofnunin m. a. vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun.

3. gr.
Starfsfólk.

3.1. Meðal starfsfólks ITSÍ skulu vera:
   1. Sérfræðingar um tækni- og rekstrarfræðileg efni, sem vinna bæði að sjálfstæðum tæknilegum rannsóknum og öðrum þáttum þjónustunnar, sbr. mgr. 2.3. Þeir skulu hafa lokið prófum á háskólastigi. Þó er í undantekningartilvikum heimilt að ráða sérfræðing án slíks prófs, ef stjórn stofnunarinnar metur menntun og reynslu hans jafngilda.
   2. Ráðunautar um tækni- og rekstrarfræðileg efni, sem vinna sjálfstæð störf, einkum að ráðgjöf og fræðslu, tilraunum, prófunum og tæknilegu eftirliti.
   3. Tæknilegir aðstoðarmenn.
   4. Skrifstofufólk.
   5. Starfsmenn við stjórnunarstörf.
3.2. Í ákvæðum þessara laga um ákvörðunarrétt almennra starfsmanna teljast til starfsmanna allir þeir, sem vinna við stofnunina á hverjum tíma og hafa

starfað við hana a. m. k. hálft ár í senn í fullu starfi eða a. m. k. eitt ár í senn í hálfu starfi eða meira.

3.3. Stofnuninni er heimilt að leita til innlendra og erlendra aðila um sérfræðilega aðstoð við einstök verkefni samkvæmt sérstökum samningum hverju sinni.

4. gr.

Skorir.

4.1. Smæstu stjórneiningar Iðntæknistofnunar nefnast skorir. Skoraskipting fer eftir verkefnaflokkum.

4.2. Heildarsamtök iðnaðarins, samtök einstakra greina hans eða aðrir aðilar, eftir því, sem við á, tilnefna einn eða fleiri tengimenn fyrir hverja skor. Þeir skulu m. a. fylgjast með tengslum skorarinnar við iðnaðinn. Stjórn stofnunarinnar ákveður, hvernig tilnefningu tengimanna við einstakar skorir skuli hagað.

5. gr.

Skorarfundir.

5.1. Skorarfundur tekur ákvörðun um mál, er varða skorina eina, í samráði við forstöðumann deildar og innan þess ramma, sem ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar marka. Hann gerir m. a. tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun skorarinnar til forstöðumanns deildar og framkvæmdastjóra.

5.2. Á skorarfundum eiga sæti með fullum réttindum starfsmenn skorarinnar og tengimenn við hana, sbr. mgr. 3.2. og 4.2. Einnig er forstöðumanni þeirrar deildar, sem skorin tilheyrir, og framkvæmdastjóra ITSÍ heimilt að sitja skorarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Skorarformaður.

6.1. Skorarformaður sér um daglega stjórnun skorarinnar, í samráði við forstöðumann deildar, sbr. 9. grein hér á eftir.

6.2. Stjórn ITSÍ ræður skorarformann til tveggja ára í senn að fengnum tillögum skorarfundar.

6.3. Skorarformaður skal valinn úr hópi sérfræðinga og ráðunauta við skorina, sbr. 3. grein, og skal hann fá sérstaka aukaþóknun fyrir þetta verkefni, enda skulu störf hans að öðru leyti haldast óbreytt að mestu.

7. gr.

Almennt um deildir.

7.1. Skorum Iðntæknistofnunar er skipað saman í a. m. k. fjórar deildir, sbr. 8. grein.

7.2. Heimilt er að breyta deildaskiptingu síðar með reglugerð, ef þróun mála gefur tilefni til þess.

8. gr.

Einstakar deildir.

8.0. Deildir ITSÍ skulu fyrst um sinn vera þessar:

8.1. Iðntæknideild, sem annast tækniþjónustu við framleiðslu- og þjónustuiðnað.

8.2. Byggingatæknideild, sem annast tækniþjónustu við byggingaiðnað.

8.3. Stjórnunarmáladeild, sem annast þjónustu við allan iðnað á sviði stjórnunarmála og framleiðsluhagræðingar. Ennfremur sér deildin um skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.

8.4. Fræðsludeild, sem skipuleggur og hefur umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar. Er þá m. a. meðtalin fræðsla og þjálfun iðnverkafólks og annars faglærðs og ófaglærðs iðnstarfsfólks, almennt námskeiðahald og útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónusta og kynning á starfsemi stofnunarinnar. Fræðsludeild sækir kennslukrafta og sérfræðiþekkingu til annarra deilda og til aðila utan stofnunarinnar eftir ástæðum. Fræðsludeild skal í starfi sínu að fræðslu og þjálfun iðnstarfsfólks hafa náið samstarf við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem kunna að vinna að svipuðum verkefnum. Með reglugerðum skal kveðið nánar á um verkaskiptingu og samstarf á þessu sviði.

9. gr.

Forstöðumaður deildar.

9.1. Forstöðumaður deildar sér um daglega stjórnun hennar í samráði við framkvæmdastjóra og í umboði stjórnar stofnunarinnar, sbr. 10. og 13. grein. Forstöðumaður skal tryggja hagkvæmt samstarf milli skora deildarinnar, m. a. með reglubundnum fundum allra skora deildarinnar. Ennfremur samhæfir forstöðumaður tillögur einstakra skora um starfs- og fjárhagsáætlanir.

9.2. Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann til allt að 4ra ára í senn að fenginni umsögn sameiginlegs fundar starfsmanna deildarinnar, sbr. mgr. 3.2.

10. gr.

Framkvæmdastjóri.

10.1. Framkvæmdastjóri vinnur m. a. að framkvæmd stefnu stjórnar og sér um daglega stjórnun stofnunarinnar sem heildar í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar í heild. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar gagnvart stjórn.

10.2. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar. Skal hann skipaður til allt að 4ra ára í senn.

11. gr.

Framkvæmdanefnd.

11.1. Forstöðumenn deilda mynda framkvæmdanefnd ITSÍ ásamt framkvæmdastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Einnig á fulltrúi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sæti í framkvæmdanefnd.

11.2. Framkvæmdanefnd skal m. a. tryggja hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar innbyrðis og við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, t. d. með því að gangast fyrir myndun verkefnahópa.

12. gr.

Skipun stjórnar.

12.1. Iðnaðarráðherra skipar stjórn Iðntæknistofnunar sem hér segir:
einn fulltrúa án tilnefningar,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda,
einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna úr hópi meistara í byggingariðnaði,
einn fulltrúa ófaglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks,
einn fulltrúa faglærðs starfsfólks í iðnaði samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
einn fulltrúa starfsfólks stofnunarinnar samkvæmt tilnefningu sameiginlegs fundar, sbr. mgr. 3.2.
Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

12.2. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna, sbr. mgr. 12.1.
12.3. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4ra ára í senn. Þó er tilnefningaraðilum heimilt að endurskoða skipun þeirra að 2 árum liðnum, ef sérstakt tilefni er til.
12.4. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.
12.5. Fulltrúi starfsfólks í stjórn skal ekki fjalla um kjaramál einstakra starfsmanna.

13. gr.

Hlutverk stjórnar.

13.1. Stjórn stofnunarinnar fer með yfirstjórn hennar og markar henni stefnu. Meðal sérstakra verkefna stjórnar, sem ekki er kveðið á um annars staðar í lögum þessum, má nefna:
1. Að semja áætlanir um starfsemi Iðntæknistofnunar, bæði áætlanir til langs tíma og árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir.
2. Að skipta fjárveitingum milli deilda og skora með hliðsjón af tillögum skorarfunda og meðferð forstöðumanna deilda og framkvæmdastjóra.
3. Að marka stofnuninni stefnu í starfsmannahaldi og kjaramálum.
4. Að ákveða gjaldskrá stofnunarinnar og þóknun fyrir meiriháttar verkefni, þegar það á við.
5. Að sjá um útgáfu árlegrar starfsskýrslu stofnunarinnar.
6. Að ákveða skoraskiptingu og verksvið einstakra skora.
7. Að hafa eftirlit með samstarfi milli deilda og gera ráðstafanir til úrbóta, ef þörf krefur.
8. Að halda fundi með starfsmönnum stofnunarinnar a. m. k. einu sinni á ári.

13.2. Stjórn ITSÍ og framkvæmdastjóri í umboði hennar fara með tengsl stofnunarinnar við iðnaðarráðuneytið varðandi eigin málefni hennar.

14. gr.

Tekjur.

14.0. Tekjur ITSÍ skulu m. a. vera sem hér segir:
14.1. Beint ríkisframlag á fjárlögum, sem skal nema 0.2—0.6% af áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar (vergum tekjum á tekjuvirði) árið á undan fjárlagaárinu, enda hafi iðnaðarráðuneytið samþykkt starfsáætlun stofnunarinnar.
14.2. Framlög frá sjóðum iðnaðarins, sem hafa m. a. það hlutverk að styrkja slíka starfsemi.
14.3. Eigin tekjur samkvæmt gjaldskrá fyrir þjónustu, sem veitt er t. d. einstökum aðilum. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakanda, eðlis þjónustunnar o. s. frv. Eigin tekjur hverrar deildar skulu renna til starfsemi hennar.
14.4. Greiðslur frá opinberum aðilum, samtökum o. s. frv. vegna meiri háttar verkefna, samkvæmt sérstökum samningum hverju sinni.

15. gr.

Ráðning starfsfólks.

15.1. Framkvæmdastjóri ræður sérfræðinga og ráðunauta, sbr. 3. grein, í umboði stjórnar og í samráði við forstöðumann viðkomandi deildar, en forstöðumaður deildar ræður annað starfslið hennar í samráði við framkvæmdastjóra.
15.2. Starfslið stofnunarinnar skal ráðið:
1. Með fastri ráðningu.
2. Með ráðningu til ákveðins tíma, t. d. til ákveðinna verkefna.
3. Með lausri ráðningu, þ. e. með tilteknum uppsagnarfresti.

15.3. Um launakjör starfsfólks fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.
15.4. Störf framkvæmdastjóra og forstöðumanna deilda falla undir ákvæði 2. tl. mgr. 15.2. um tímabundna ráðningu.

16. gr.

Störf starfsmanna utan stofnunarinnar.

16.1. Sérfræðingum og ráðunautum Iðntæknistofnunar er heimilt að kenna sérgreinar sínar við Háskóla Íslands og hliðstæða skóla, samkvæmt nánari reglum, sem stjórn stofnunarinnar kann að setja um slíka starfsemi.
16.2. Starfsmönnum ITSÍ er óheimilt að taka að sér aukastörf, sem skoðast geta sem samkeppni við stofnunina, nema með samþykki stjórnar.

17. gr.

Eignir, réttindi, skyldur o. fl.

17.1. Iðntæknideild ITSÍ tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins.
17.2. Byggingatæknideild ITSÍ tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins.
17.3. Stjórnunarmáladeild og fræðsludeild ITSÍ taka við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Iðnþróunarstofnunar Íslands, samkvæmt skiptingu, sem stjórn ITSÍ ákveður, með hliðsjón af verksviðum deildanna.
17.4. Stjórn Iðntæknistofnunar fer með framkvæmd þessarar greinar af hálfu deilda.

18. gr.

Um þagnarskyldu.

18.1. Stofnuninni og starfsfólki hennar er óheimilt að láta þriðja aðila í té upplýsingar um rannsóknir, tilraunir, prófanir eða önnur verkefni, sem stofnunin vinnur samkvæmt beiðni og fyrir greiðslu, ef verkbeiðandi bannar slíkt. Brot gegn þagnarskyldu varða ábyrgð samkvæmt hegningarlögum.

19. gr.

Um reglugerð.

19.1. Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Afnám annarra lagaákvæða.

20.1. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31/1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. og VII. kafla laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Gildistaka.

21.1. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Stjórn ITSÍ skal skipuð innan mánaðar frá gildistöku laga þessara, en þá falla niður umboð stjórna Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.

II. Gjöld samkvæmt 45. og 53. grein laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skulu innheimt óbreytt til loka ársins 1974 og renna til ITSÍ.

III. Heimilt er að fresta skoraskiptingu í stjórnunarmála- og fræðsludeild, þar til slík skipting þykir eðlileg.

Greinargerð.

Iðnaðarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni iðnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frekari afgreiðslu frumvarpsins. Eftirfarandi athugasemdir fylgdu frv.:

Almennar athugasemdir.

Aðdragandi þess frumvarps, sem hér er lagt fram, er bæði langur og margþættur. Hér verður hann þó ekki rakinn lengra en til fyrri hluta árs 1971, þegar hæstvirt Alþingi hafði til meðferðar frumvarp til laga um Iðnþróunarstofnun Íslands. Með bréfi dagsettu 15. mars 1971 gaf Félag íslenskra iðnrekenda umsögn um frumvarpið, og setti þar m. a. fram þá tillögu,

„að athugað verði, hvort ekki væri æskilegt að sameina Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins ásamt Iðnaðarmálastofnun Íslands í eina stofnun, er lúti yfirstjórn Iðnþróunarstofnunar Íslands. Eru ýmsir þættir starfsemi þessara stofnana það tengdir, að eðlilegast er að þeir séu unnir hjá einum aðila. Má og benda á góða reynslu af slíku hjá nágrönnum vorum í Noregi og Danmörku, sbr. Teknologisk Institut í Osló og Kaupmannahöfn. Þá eru aðstæður okkar á Íslandi það smáar, að vafasamt er að þær réttlæti slíka verkaskiptingu."

Þær tæknistofnanir (teknologisk institut) á Norðurlöndum, sem hér er vísað til. gegna sérstöku og mjög mikilvægu hlutverki í tækniþróun þessara landa. Stofnanir þessar einbeita sér að fræðslu og ráðgjöf ásamt nauðsynlegum tilraunum og prófunum, en sinna ekki eiginlegum rannsóknum. Þær stefna markvisst að því í starfi sínu að ná sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, ekki síst þau smæstu, sem ættu annars erfitt með að tileinka sér tækniþekkingu og nýjungar.

Annar þáttur í aðdraganda þessa frumvarps snýr að fyrirhugaðri þróun íslensks iðnaðar á næstu árum. Aðildin að EFTA og samningarnir við EBE hafa bæði í för með sér harðnandi samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur á innanlandsmarkaði og aukna möguleika til útflutnings á samkeppnishæfum íslenskum iðnaðarvörum. Þannig eykst fjölbreytni íslensks útflutnings og þjóðarbúskapurinn verður ekki eins háður verðsveiflum í einstökum útflutningsgreinum, en slíkt styrkir efnahagslegt sjálfstæði okkar þegar til lengdar lætur. — Sú iðnþróun, sem hér hefur verið lýst stuttlega, kallar að sjálfsögðu á aukna og breytta tækniþjónustu við iðnaðinn. Megintilgangur þessa frumvarps er einmitt að mæta þeirri þörf.

Með bréfi dags. 8. maí 1972 skipaði iðnaðarráðherra 5 manna nefnd

„til þess að vinna að því að samhæfa starfsemi þeirra stofnana ríkisins, er vinna að sérfræðilegum rannsóknum og tækniaðstoð við iðnaðinn, í eina allsherjar tæknistofnun.

Þær stofnanir, sem hér um ræðir, eru: Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Er gert ráð fyrir því, að slík stofnun starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf og geti tekist á við óleyst vandamál varðandi tæknihlið framleiðslunnar".

Í þessari nefnd áttu sæti:

Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda;

Pétur Sigurjónsson, forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins;

Haraldur Ásgeirsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins;
Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarstofnunar Íslands;
Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.

Nefndin skilaði áliti í desember 1972, og ber það heitið „Samhæfing tæknistofnana iðnaðarins". Er það væntanlega tiltækt öllum þeim aðilum, sem fjalla um þetta frumvarp, enda er það að ýmsu leyti meginundirstaða frumvarpsins. Í nefndarálitinu er lýst opinberri þjónustu við iðnaðinn nú og síðan gerðar tillögur um nýja og breytta starfsemi. Að lokum eru gerðar tillögur um skipulag starfseminnar. Iðnaðarráðuneytið sendi nefndarálitið ýmsum aðilum til umsagnar eða kynningar, og bárust allmargar ýtarlegar umsagnir. Með bréfi dags. 27. júní 1973 ákvað iðnaðarráðuneytið síðan

„að skipa 3ja manna nefnd til þess að semja frumvörp til laga um breytingu á þeim lögum, er nefndarálit um samhæfingu tæknistofnana iðnaðarins frá desember 1972 tekur til.

Gert er ráð fyrir, að nefndin hagi störfum þannig, að unnt verði að leggja fram frumvörp í þessu skyni fyrir næsta reglulegt Alþingi á hausti komanda."

Í þessari nefnd eiga sæti:
Davíð Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri;
dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur;
Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.

Nefndin hóf þegar störf og hefur haldið alls 37 fundi. Hún byrjaði starf sitt með því að fara rækilega yfir fyrrnefndar umsagnir um álit samhæfingarnefndar. Þá hafði hún samráð við nokkra aðila vegna tiltekinna mikilvægra atriða, sem ekki voru gerð fullnaðarskil í samhæfingarálitinu. Er þar um að ræða fjármálaráðuneytið vegna fjármála væntanlegrar iðntæknistofnunar, fulltrúa byggingaiðnaðarins vegna stöðu hans innan stofnunarinnar og framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins vegna tengsla stofnunarinnar við ráðið og laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Nefndin hófst síðan handa um að semja drög að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Hefur hún í meginatriðum byggt á skipulagstillögum samhæfingarnefndar, svo langt sem þær ná, en nokkrum atriðum hafa verið gerð rækilegri skil en unnt var á fyrra stigi málsins.

Jafnhliða starfi sínu að frumvarpsdrögunum átti nefndin gott og lærdómsríkt samstarf við tvo danska verkfræðinga, Erik Frost og Mogens Höst, sem hafa dvalist hér að undanförnu á vegum Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNIDO). Eru þeir nákunnugir skipulagi og framkvæmd iðntækniþjónustu víða um heim, og hefur nefndin mjög notið góðs af reynslu þeirra og þekkingu. Annar þeirra, Mogens Höst, hefur að ósk nefndarinnar gert skýrslu um þarfir íslensks trjáiðnaðar fyrir tækniþjónustu („Hvad mangler Islands træindustri af teknologisk service," dags. október 1973). Íslenskaður útdráttur úr skýrslu þessari fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal. Líta ber á þessa athugun Hösts sem sýnisathugun, sem gefi einnig nokkra vísbendingu um þjónustuþarfir annarra iðngreina en trjáiðnaðar, þótt aðstæður þeirra séu vissulega ekki að öllu leyti þær sömu. Jafnframt gefur skýrsla Hösts mjög góða hugmynd um sjálfa starfsemina, sem höfð er í huga við samningu þessa frumvarps, en nauðsynlegt er einmitt að hafa allskýrar hugmyndir um starfið sjálft áður en farið er að vinna að skipulagi, sem er auðvitað aðeins tæki til að ná þeim markmiðum, sem starfinu er ætlað.

Með bréfi dags. 29. okt. 1973 sendi nefndin iðnaðarráðherra drög að frumvarpi til laga um Iðntæknistofnun Íslands ásamt athugasemdum við einstakar greinar. Lagði nefndin til, að drögin yrðu að lokinni meðferð ráðherra send helstu málsaðilum til skjótrar umfjöllunar. Var það síðan gert með bréfi nefndarinnar dags. 15. nóv. 1973 og aðilum jafnframt send fyrrnefnd skýrsla M. Hösts. Fulltrúar aðila voru boðaðir til fundar með nefndinni hinn 30. nóvember s. l., en sumir skiluðu jafn-

framt skriflegum umsögnum. Þeir aðilar, sem áttu þannig kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, voru þessir:

Fjármálaráðuneytið,
Menntamálaráðuneytið,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Stjórn Iðnþróunarstofnunar Íslands,
Stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins,
Stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins
Stjórn Stjórnunarfræðslunnar,
Stjórn Verkstjóranámskeiða,
Framkvæmdastofnun ríkisins,
Iðnþróunarsjóður,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Landssamband iðnaðarmanna,
Meistarasamband byggingamanna
Samband byggingamanna,
Landssamband iðnverkafólks,
Málm- og skipasmíðasamband Íslands,
Samband íslenskra samvinnufélaga,
Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands,
Iðnskólinn í Reykjavík,
Tækniskóli Íslands,
Samband málm- og skipasmiðja.

Auk þess hélt nefndin sérstakan fund með nokkrum starfsmönnum þeirra þriggja stofnana, sem Iðntæknistofnun er ætlað að taka við af.

Þá voru ennfremur haldnir tveir fundir með fulltrúum fjármálaráðuneytisins til rækilegrar umræðu um fjármál og starfsmannahald væntanlegrar Iðntæknistofnunar o. fl. Komu þar fram ýmis mikilsverð atriði.

Á fundum þessum, sem og í nokkrum bréfum, sem nefndinni hafa borist, hafa komið fram ýmsar athugasemdir og ábendingar. Hefur nefndin reynt að taka þær til greina eftir því, sem kostur er, án þess að meginmarkmið frumvarpsins fari forgörðum, og hefur það að mati nefndarinnar reynst gerlegt í langflestum tilvikum. Hefur nefndin þannig gengið frá endanlegum tillögum sínum í mynd þess frumvarps, er liggur hér fyrir. Hins vegar hefur þetta samráð ásamt úrvinnslu athugasemda reynst svo tímafrekt, að nefndin hefur orðið að fara nokkuð fram úr þeim fresti, sem henni var settur í upphafi.

Hér verða nú rakin helstu efnisatriði frumvarpsins, að nokkru leyti með samanburði við skylda starfsemi í landinu nú.

Sem fyrr segir er það meginstefna frumvarpsins að tengja opinbera tækniþjónustu sem best við einstök iðnfyrirtæki, einstakar iðngreinar og iðnaðinn sem heild. Jafnframt er reynt að tryggja nauðsynlega samvinnu og samhæfingu hinna ýmsu þátta þjónustunnar til þess að fjármunir, starfskraftar og tæknibúnaður nýtist sem best. Þá er reynt að tryggja nokkur áhrif starfsmanna á stjórnun stofnunarinnar og einstakra eininga innan hennar. Reynt er að tryggja Iðntæknistofnun öruggan og sjálfstæðan fjárhag ásamt samsvarandi sveigjanleika í starfsmannahaldi. Hér fer á eftir upptalning á nokkrum einstökum atriðum frumvarpsins, sem eru liðir í ofangreindri stefnu:

A. TENGSL VIÐ IÐNAÐINN.

1. Aukin áhersla á ráðgjöf og fræðslu, upplýsingaþjónustu o. fl., sbr. m. a. mgr. 2.3. um hlutverk Iðntæknistofnunar og 1. tl. mgr. 3.1. um verksvið sérfræðinga.
2. Tilkoma sérstakra ráðunauta, sem starfi í sem nánustum tengslum við iðnfyrirtækin sjálf, sbr. mgr. 3.1., 2. tl.

3. Tilkoma tengimanna frá iðnaðinum eða einstökum iðngreinum, sem fylgjast með starfi einstakra skora og vinna þannig með starfsmönnum stofnunarinnar (mgr. 4.2.).
4. Tilkoma fræðsludeildar, sem hafi það sérstaka hlutverk að skipuleggja og hafa umsjón með fræðslustarfsemi Iðntæknistofnunar (mgr. 8.4.).
5. Aðild heildarsamtaka iðnaðarins að stjórn Iðntæknistofnunar, sem er raunar með svipuðum hætti og aðild að stjórn núverandi stofnana. Hins ber þó að gæta, að stjórninni er ætlað mun mikilvægara hlutverk en nú tíðkast (mgr. 12.1.).

B. SAMHÆFING.

1. Sameining iðntækniþjónustu undir eina stjórn (13. grein) ásamt framkvæmdastjóra (10. grein).
2. Samhæfing fræðslu- og upplýsingastarfsemi í þágu iðnaðar í einni deild, fræðsludeild (mgr. 8.4.).
3. Tilkoma framkvæmdanefndar, sem tryggi hagkvæmt samstarf milli deilda stofnunarinnar og við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, m. a. með forgöngu um myndun verkefnahópa með starfsmönnum ýmissa deilda og skora (11. grein). Rétt er að leggja áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst ætlað að tryggja samstarf, en hún er ekki sérstakt þrep í formlegum stjórnstiga stofnunarinnar.

C. ÁHRIF STARFSMANNA.

1. Allir starfsmenn skorar eiga sæti á skorarfundum með fullum réttindum og gera m. a. tillögur um val skorarformanna (5.—6. grein).
2. Sameiginlegur fundur starfsmanna gefur umsögn um val forstöðumanns deildar (mgr. 9.2.).
3. Forstöðumaður deildar skal gangast fyrir reglubundnum fundum allra skora deildarinnar (mgr. 9.1.).
4. Starfsfólk kýs einn fulltrúa í stjórn á sameiginlegum fundi (mgr. 12.1.).
5. Stjórn skal halda fundi með starfsmönnum a. m. k. einu sinni á ári (mgr. 13.1., 8. tl.).

D. FJÁRHAGUR OG STARFSMANNAHALD.

1. Stjórn stofnunarinnar skiptir fjárveitingum milli deilda og skora, markar stefnu í starfsmannahaldi og kjaramálum, ákveður gjaldskrá o. s. frv. (mgr. 13.1., 2.—4. tl.).
2. Settur er rammi um ríkisframlag til stofnunarinnar á fjárlögum, er tryggi sæmilegan og stöðugan fjárhag, sem er tengdur framleiðsluverðmæti iðnaðar. Jafnframt veitir ramminn nokkurt svigrúm til sveigjanleika í tekjuöflun stofnunarinnar (mgr. 14.1.).
3. Gert er ráð fyrir að eigin tekjur vegna veittrar þjónustu aukist verulega (mgr. 14.3.).
4. Auk fastráðins starfsfólks verði starfslið ráðið með tímabundinni ráðningu, t. d. til ákveðinna verkefna, eða með lausri ráðningu (mgr. 15.2.).
5. Í öll stjórnunarstörf innan stofnunarinnar verður ráðið með tímabundinni ráðningu (mgr. 6.2., 9.2. og 10.2.).


Eins og minnst er á hér að framan hefur nefndin gefið tengslum byggingaiðnaðarins við Iðntæknistofnun sérstakan gaum, m. a. með sérstöku samráði við

fulltrúa hans. Er þetta raunar í framhaldi af fyrirvara, sem samhæfingarnefnd gerði um þetta atriði í álitinu frá desember 1972. Telja verður, að tengsl byggingaiðnaðarins við hina nýju Iðntæknistofnun verði jafnvel betri en tengsl hans við tækniþjónustu á þessu sviði í dag. Þetta álit hefur verið staðfest í óformlegum viðræðum við fulltrúa byggingaiðnaðarins. Gert er ráð fyrir fulltrúa byggingaiðnaðar í stjórn Iðntæknistofnunar, sem fær allvíðtækt verksvið. Sérstök deild stofnunarinnar verður helguð tæknimálum byggingaiðnaðar, en auk þess er fræðslu- og stjórnunarmáladeildum ætlað að sinna honum ekki síður en framleiðsluiðnaði. Þyngst á metunum eru þó hin sérstöku tengsl við skorirnar, því að gera verður ráð fyrir að einmitt byggingaiðnaðurinn tilnefni tengimenn við skorir byggingatæknideildar. Slík tengsl geta einmitt orðið miklu virkari og áhrifameiri en þau, sem skapast af tilnefningum einstakra manna í stjórnir og nefndir. Ennfremur má búast við, að sérstaða byggingaiðnaðar gagnvart framleiðsluiðnaði fari minnkandi á næstu árum, ef t. d. fjöldaframleiðsla byggingahluta færist í vöxt. Með slíkri þróun verður vaxandi hætta á skörun eða tvíverknaði í tækniþjónustu við byggingaiðnað annars vegar og við framleiðsluiðnað hins vegar, nema skipulag þjónustunnar tryggi eðlilega samvinnu.


Sem kunnugt er voru skipulagsmál rannsókna á Íslandi allmjög á dagskrá fyrir 2—4 árum. Nefndin, sem samdi þetta frumvarp, telur sig ekki geta tekið afstöðu í þeim deilum, sem þá urðu um þessi mál. Hins vegar hefur nefndin tekið upp nokkur atriði, sem komu fram í umræðum, og allir eða flestir aðilar voru sammála um. Má þar til nefna aukna áherslu á starf ráðunauta, nokkurt sjálfstæði í fjármálum og launamálum og nokkur áhrif starfsmanna á stjórn stofnana. Varðandi tengsl þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir, við Rannsóknaráð ríkisins hefur nefndin kosið að gera sem minnstar breytingar. Þannig mundu viðeigandi deildir Iðntæknistofnunar taka við þeirri aðild að Rannsóknaráði, sem Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Iðnþróunarstofnun Íslands hafa nú (sbr. 17. gr. frv.). Það er því ekki fjarri lagi, að eina breytingin á tengslunum við Rannsóknaráð sé fólgin í því formsatriði, að 2 kaflar í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru felldir niður með frv., og í stað þeirra og ýmissa annarra laga (sjá 20. grein) koma lög um Iðntæknistofnun, ef frv. þetta verður að lögum.

Sem fyrr segir gerir frv. ráð fyrir hlutfallslegri aukningu ýmissa annarra tækniþjónustuþátta en eiginlegra rannsókna. Með þessu er þó alls ekki sagt, að rannsóknir verði útundan eða að úr þeim dragi, miðað við núverandi skipulag. Þvert á móti getur það orðið til eflingar rannsóknum, þegar til lengdar lætur, að þær tengist öðrum þáttum tækniþjónustu, sem eru nátengdari sjálfu atvinnulífinu.

Nokkuð hefur borið á því, að mönnum hefur sýnst stjórnstigi innan Iðntæknistofnunar allviðamikill samkvæmt frumvarpinu. Að svo miklu leyti sem þessi gagnrýni hefur beinst að ákveðnum atriðum í upphaflegum drögum, sem hægt var að bæta úr, hefur nefndin tekið hana til greina. Að öðru leyti virðist sem hér sé að nokkru leyti um misskilning að ræða, t. d. á hlutverki framkvæmdanefndar, sbr. lið B.3. hér að framan og aths. við 11. grein hér á eftir. Einnig ráða nýstárleg orð í frumvarpinu sennilega nokkru um þetta, t. d. orðið skorarformaður, sem kemur í stað orðsins deildarstjóri skv. núverandi skipulagi þessarar þjónustu, og táknar því heldur ekki nýtt þrep í stjórnstiganum. Þegar rætt er um þessi mál, er nauðsynlegt að hafa í huga skipulagið eins og það er nú, en það er að ýmsu leyti viðameira en gert er ráð fyrir í Iðntæknistofnun, þótt um mun minni og fábreyttari starfsemi sé að ræða (sbr. skipurit á myndum 1 og 2). Þannig er stjórnum fækkað a. m. k. úr þremur í eina skv. frv. og lögskipaðar ráðgjafanefndir og Iðnþróunarráð lögð niður. Eina atriðið, sem talist getur nýtt í stjórnkerfinu, er hins vegar framkvæmdastjórastarfið. Miðað við fyrirhugaða starfsemi og verksvið Iðntæknistofnunar hefur nefndin, sem samdi frv., hvorki komið auga á frekari ráð til að einfalda stjórnkerfið, né hafa henni borist ákveðnar tillögur um slíkt.



MYND 1: STJÓRNSKIPURIT IÐNTÆKNISTOFNUNAR



MYND 2: STJÓRNSKIPURIT NÚV. IÐNTÆKNIÞJÓNUSTU

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í áliti samhæfingarnefndar frá desember 1972 var gerð tillaga um nafnið „Iðnþróunarmiðstöð Íslands“, og var þá haft í huga, að þjónusta á sviði markaðsmála (útflutnings) mundi e. t. v. tengjast stofnuninni. Þessi tengsl verða hins vegar ekki svo veruleg skv. frv. að taka þurfi tillit til þeirra í nafngift stofnunarinnar. Hefur því verið horfið að nafninu „Iðntæknistofnun Íslands“, sem virðist bæði þjált og hæfilega víðtækt miðað við fyrirhugað verksvið stofnunarinnar, skv. frumvarpinu.

Orðalag mgr. 1.1. skýrist nánar með öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Þar sem mikill hluti íslenskra iðnfyrirtækja er á Reykjavíkursvæðinu, þykir rétt að stofnunin hafi aðalaðsetur þar. Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráð fyrir útibúum úti um land samkvæmt aðstæðum og bolmagni stofnunarinnar á hverjum tíma. M. a. kemur Akureyri mjög fljótlega upp í hugann í þessu sambandi. Einnig er nauðsynlegt og sjálfsagt að stofnunin haldi námskeið úti um land eftir aðstæðum, skipuleggi ferðalög ráðunauta um landið o. s. frv., en óþarft virðist að kveða sérstaklega á um þetta í lögum.

Um 2. gr.

Miðað við núgildandi löggjöf er með þessari grein hlutfallslega aukin áhersla lögð á ýmiss konar beina tækniþjónustu við iðnaðinn, aðra en rannsóknir, svo sem ráðgjöf og fræðslu, upplýsingastarfsemi og prófanir.

Með orðinu „iðnaður“ í greininni er átt við allan framleiðsluiðnað (“manufacturing industry”) að undanskildum fiskiðnaði, slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði og álvinnslu. Einnig er meðtalinn allur byggingariðnaður, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila, sem og allur þjónustuiðnaður. Það má heita rótgróin hefð að telja fiskiðnað ekki til iðnaðar í íslensku hagkerfi, og má geta þess hér að sérstök stofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sinnir þörfum hans á þessu sviði. Slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaður teljast til landbúnaðar og álvinnsla hefur algera sérstöðu innan iðnaðar á Íslandi.

Nokkru nánari skilgreiningu verksviðs ITSÍ er að finna í 8. grein, sem fjallar um einstakar deildir stofnunarinnar. Annars hefur ekki verið talið rétt að setja mjög ýtarleg ákvæði um verksvið stofnunarinnar í lög, t. d. í formi langrar upptalningar. Reynslan sýnir að slíkt hefur takmarkað gildi í reynd og getur jafnvel orðið til trafala, þegar taka þarf upp ný og eðlileg verkefni, sem voru ekki séð fyrir við samningu laga.

Í heimildarákvæði mgr. 2.2. er t. d. höfð í huga eftirfarandi starfsemi:

— stöðlunarstarfsemi fyrir aðrar atvinnugreinar en iðnað,
— fræðsla og ráðgjöf um stjórnun fyrir sömu aðila,
— tæknileg aðstoð við lánastofnanir vegna lánsumsókna iðnfyrirtækja, en mikil þörf mun vera fyrir ráðgjöf um slík mál,
— tæknileg aðstoð við uppfinningamenn,
— þjónustu við opinberar stofnanir, sem vinna að áætlanagerð og hagrannsóknum,
— þjónusta við opinbera framkvæmdaaðila,
— o. s. frv.

Um 3. gr.

Í 1. tl. mgr. 3.1. er tekið fram, að sérfræðingar ITSÍ skuli ekki aðeins sinna rannsóknum. Í þessu felst nokkur víkkun á verksviði þeirra miðað við núverandi hlutverk rannsóknastofnana, og er það í samræmi við það atriði í meginstefnu frv. að tengja sem best hina ýmsu þætti iðntækniþjónustu og auka hlutfallslega áherslu á aðra þætti en sjálfstæðar rannsóknir.

Samkvæmt málnotkun, sem ryður sér nú til rúms í umræðum um skólamál, hafa orðin „próf á háskólastigi“, sem eru notuð í fyrrnefndum 1. tl., nokkru víðtækari merkingu en orðið „háskólapróf“. T. d. munu tæknifræðingar teljast hafa próf á háskólastigi.

Með 2. tl. mgr. 3.1. er sérstaklega bent á hið mikilvæga hlutverk ráðunauta með margs konar sérmenntun eða þjálfun, í væntanlegu starfi ITSÍ. Gert er ráð fyrir, að verulegur hluti ráðunautsstarfsins fari fram utan veggja stofnunarinnar, t. d. með heimsóknum og starfi í iðnfyrirtækjunum sjálfum. Hér ber að hafa í huga, að fæst íslensk iðnfyrirtæki ráða yfir starfskröftum með verulegri sérmenntun. Þess vegna er ekki víst að menn með mikla sérmenntun nýtist alltaf til fulls í þessu starfi. Á hinn bóginn þarf menntun eða reynsla ráðunautanna þó að nægja til þess, að þeir geti miðlað starfsfólki iðnaðarins af þekkingu sinni með árangri. Hæfni til tjáningar og umgengni við aðra skiptir auðvitað miklu í starfi ráðunauta. Ekki er gert ráð fyrir, að ráðunautar verði endilega settir skör lægra en almennir sérfræðingar, t. d. í launum; bæði störfin krefjast sjálfstæðis og frumkvæðis. Hins vegar má búast við, að ráðunautar spanni stærra bil launastigans en sérfræðingar.

Aukin áhersla á starfi ráðunauta er eitt af meginatriðum frumvarpsins, og getur skv. framansögðu orðið til að bæta mjög tengsl opinberrar tækniþjónustu við iðnaðinn, frá því, sem nú er.

Með mgr. 3.2. er skilgreint hvaða starfsmenn skuli njóta þess ákvörðunarréttar, sem frumvarpið kveður á um, svo að ekki komi til eftirmála um slíkt.

Oft kann að reynast hagkvæmt að neyta þeirrar heimildar, sem felst í mgr. 3.3., t. d. þegar stofnunin ræður ekki yfir sérþekkingu á viðkomandi sérsviði og verkefnin eru ekki svo mikil, að rétt sé að ráða sérstakan starfsmann til þeirra.

Um 4. gr.

Orðið skor, sem er til í fornmáli, hefur verið tekið upp í Háskólanum í seinni tíð í merkingunni hluti háskóladeildar ("sektion"). Hér er það notað í svipaðri merkingu, þ. e. um starfshóp eða starfseiningu, sem vinnur að náskyldum verkefnum. Að öðru leyti á frv. lítið skylt við stjórnskipulag Háskólans.

Þegar Iðntæknistofnun hefur vaxið fiskur um hrygg, miðað við núverandi starfsemi á þessu sviði, má hugsa sér m. a. eftirfarandi skorir í einstökum deildum, sbr. 8. grein:

Iðntæknideild:
Tréiðnaðarskor, efnaiðnaðarskor, matvælaiðnaðarskor, vefjar- og fataiðnaðarskor, málmiðnaðarskor, skipasmíðaskor, hráefnaskor (nýting íslenskra hráefna), mengunarskor.

Byggingatæknideild:
Byggingarefnaskor, byggingaraðferðaskor, byggingakostnaðarskor, byggingahlutaskor, jarðtækniskor, verksmiðjuhúsaskor.

Stjórnunarmáladeild:
Bókhaldsskor, fjármálaskor, stjórnunarskor (stjórnun fyrirtækja og verkstjórn), hagræðingarskor, stöðlunarskor.

Fræðsludeild:
Námskeiðaskor, upplýsingaskor, bókasafnsskor, útgáfuskor.

Í mgr. 4.2. og 5.2. er kveðið á um mikilvægan þátt fyrirhugaðra skipulagstengsla iðnaðarins við hina nýju stofnun. Þessi þáttur er með nokkuð nýstárlegum hætti þar sem t. d. fulltrúar einstakra greina iðnaðarins vinna með starfsmönnum viðkomandi skorar að ákvörðunum um einstök verkefni skorarinnar nálægt framkvæmdarstigi. Telja verður, að slík tengsl geti orðið mun nánari og virkari en tíðkast samkvæmt núgildandi löggjöf, sem gerir ráð fyrir stórum ráðgjafarnefndum eða ráðum með fulltrúum ýmissa samtaka iðnaðarins o. fl. aðila, í tengslum við tiltölulega stórar einingar. — Annar þáttur skipulagslegra tengsla felst í ákvæðum 12. greinar um skipun stjórnar, þar sem samtökum iðnaðarins er ætlaður verulegur hlutur. Með þessum ákvæðum samanlögðum verður að telja, að formleg tengsl við iðnaðinn og einstakar greinar hans verði mun betri en nú er.

Annars ber að leggja áherslu á, að formlega skipulögð aðild iðnaðarins að stofnun sem þessari, tryggir aðeins lágmarkstengsl í raun. Auk þeirra verða að koma

til starfræn tengsl, og er m. a. ætlunin að tryggja þau með starfi ráðunauta, sem vinni í nánu samstarfi við einstök iðnfyrirtæki og starfsmenn þeirra, sjá aths. við 3. grein hér að framan.

Starfsemi sumra skora kann að varða marga aðila eða samtök í landinu, sem óska e. t. v. allir eftir að tilnefna tengimenn við skorina. Slíkt er að ýmsu leyti fagnaðarefni, ef það verður til að mynda virk og raunhæf tengsl við atvinnulífið. Á hinn bóginn kann það að hafa nokkuð óeðlilegar afleiðingar varðandi stjórnun skorarinnar, einkum ef starfsmenn hennar eru fáir. Virðist því koma til greina að setja í reglugerð ákvæði þess efnis, að tengimenn njóti því aðeins fullra réttinda, að þeir sinni tilteknum lágmarksskyldum.

Um 5. gr.

Samkvæmt mgr. 5.1. fá skorir nokkurt ákvörðunarvald um eigin mál. Með þessu skrefi er m. a. ætlunin að draga úr firringu starfsfólks, sem er annars hætt við, ekki síst í allstórri stofnun eins og hér er um að ræða. Með orðinu „samráð" í frv. er átt við, að tilgreindum samráðsaðila gefist kostur á að koma að athugasemdum áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Ekki er talið eðlilegt, að forstöðumaður deildar og framkvæmdastjóri stofnunarinnar hafi atkvæðisrétt á skorarfundum, þar sem þeim gefst kostur á að fjalla um málefni skorarinnar á öðrum stigum.

Um 6. gr.

Hæfilegur ráðningartími skorarformanns er talinn vera 2 ár, bæði með tilliti til hagsmuna skorarinnar, iðnaðarins og viðkomandi starfsmanns. Hafa ber í huga, að ekki er endilega eftirsóknarvert frá sjónarmiði starfsmanns að gegna stjórnunarstarfi eins og skorarformennsku um ótakmarkaðan tíma, auk síns venjulega starfs.

Um 7. gr.

Heimildarákvæði mgr. 7.2. um breytingar á deildaskiptingu er liður í þeirri viðleitni að gera væntanleg lög nokkuð sveigjanleg í framkvæmd.

Um 8. gr.

Í megindráttum má segja, að þrjár deildanna taki við af stofnunum, sem nú eru til. Þannig tekur iðntæknideild við hlutverki Rannsóknastofnunar iðnaðarins, byggingatæknideild tekur við af Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og stjórnunarmáladeild tekur nánast við af Iðnþróunarstofnun Íslands. Síðast nefnda stofnunin hefur þó einnig gegnt væntanlegu hlutverki fræðsludeildar að nokkru leyti, einkum með framkvæmd Verkstjóranámskeiða, sem eru þó sérstakur liður á fjárlögum. Fræðsludeild er ný einnig og gegnir nýju hlutverki að öðru leyti en því, að hún tekur við skipulagningu fyrrnefndra námskeiða.

Nafnið „Stjórnunarmáladeild" virðist eiga betur við en „Stjórnunardeild", sem mætti t. d. misskilja svo að þessari deild væri ætlað að stjórna hinum. Auk þess gefur fyrrgreinda nafnið betur til kynna, að deildinni er aðeins að litlu leyti ætlað að sinna stjórnun í þrengsta skilningi þess orðs, þ. e. verkefnum æðstu stjórnenda, heldur á deildin að sinna alls konar verkefnum, sem tengjast stjórnun eða verkstjórn á öllum stigum í fyrirtæki, sbr. upptalningu skora í aths. við 4. grein hér á undan.

Stöðlunarmál varða að sjálfsögðu fleiri atvinnugreinar en iðnað, svo sem sjávarútveg, verslun og ýmsa opinbera þjónustu. Hins vegar hefur iðnaðurinn meiri þörf fyrir stöðlun en aðrar atvinnugreinar, og er það væntanlega ástæðan til þess að stöðlun hefur frá upphafi verið falin Iðnþróunarstofnun (áður Iðnaðarmálastofnun). Þessi starfsemi er sem stendur alls ekki svo öflug að tilefni sé til að fela hana sérstakri stofnun eða deild, en slíkt getur komið til álita síðar, því að veruleg þörf er fyrir aukningu stöðlunarstarfs.

Mörg hagkvæmnisrök hníga að því, að fræðsla og ráðgjöf fyrir iðnað á sviði stjórnunar tengist öðrum þáttum iðnaðarþjónustu. Auk þess gildir hér svipað og um stöðlun, að þörf iðnaðarins er meiri en annarra atvinnuvega, og einnig nokkurs annars eðlis. Þetta endurspeglast m. a. í því, að Stjórnunarfræðslan hefur frá upphafi verið á vegum iðnaðarráðuneytisins. Nýtur hún fjárveitingar skv. sérstökum lið á fjárlögum og hefur sérstaka 3ja manna stjórn, sem iðnaðarráðherra hefur skipað. Auk þess er sérstakur forstöðumaður fyrir Stjórnunarfræðslunni í hálfu starfi, en um skrifstofuhald og rekstur er höfð samvinna við Stjórnunarfélag Íslands, sem gengst annars fyrir eigin námskeiðum um stjórnunarmál.

Almenn þjónusta og fræðsla á sviði stjórnunarmála er að sjálfsögðu ekki sérmál iðnaðarins. Í ströngum skilningi taka ákvæði frv. aðeins til þjónustu við iðnaðinn, en frv. útilokar alls ekki að aðrir atvinnuvegir notfæri sér þá þjónustu, sem stjórnunarmáladeild býður upp á hverju sinni, og kann að henta þeim, sbr. mgr. 2.2. Þannig getur orðið eðlilegt, að Stjórnunarfélag Íslands tilnefni tengimann við stjórnunarskor stjórnunarmáladeildar. Í þessu sambandi er vakin athygli á því mikilvæga hlutverki frjálsra áhugamannasamtaka eins og Stjórnunarfélagsins að fylgjast með nýjungum á áhugasviði sínu og koma þeim á framfæri og í framkvæmd ef við á.

Iðnskólar hafa að undanförnu ekki haft bolmagn til að sinna þjálfun iðnverkafólks og endurmenntun iðnaðarmanna sem skyldi. Ef Iðntæknistofnun reynist hins vegar þess megnug að bæta hér nokkuð úr, virðist óæskilegt að lagabókstafur verði því til hindrunar. Hér þarf þó að koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja eðlilega samvinnu, og miðar síðasta ákvæði mgr. 8.4. einmitt að því. Til greina kemur, að menntamálaráðuneytið greiði hluta kostnaðar vegna þjálfunar iðnverkafólks. Telja verður eðlilegt, að fræðsludeild gangist fyrir námskeiðum úti um land eftir ástæðum.

Um 9. gr.

Telja verður eðlilegt og í samræmi við nútímahugmyndir um stjórnun, að starfsmannafundir deilda séu haldnir reglulega til umræðna og upplýsinga. Vakin er athygli á, að þessum fundum er ekki ætlað neitt formlegt stjórnunarhlutverk nema að veita umsögn um val forstöðumanna, sbr. mgr. 8.2.

Ekki er talið sjálfsagt að stjórnunarstörf forstöðumanns deildar séu fullt starf, heldur fer það eftir ákvörðun stjórnar með tilliti til aðstæðna. Teljist þessi störf ekki fullt starf er eðlilegt að forstöðumaður vinni að öðru leyti að almennum verkefnum skora í samræmi við menntun sína og reynslu.

Tímabundin ráðning forstöðumanna deilda er í samræmi við ákvæði frv. um skipun skorarformanna, sjá 6. grein hér að framan. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að tryggja deildunum sem hæfasta forstöðumenn á hverjum tíma. Fjögur ár virðast hæfilegur hámarkstími, en styttri tími gæti átt við t. d. ef um tiltölulega óreyndan mann er að ræða.

Um 10 gr.

Ákvæðum mgr. 10.2. er ætlað að stuðla þegar við skipun að hæfilegu sambandi milli framkvæmdastjóra annars vegar og hins vegar stjórnar ITSÍ og iðnaðarráðherra á hverjum tíma.

Um 11. gr.

Starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins tengist á margan hátt væntanlegri starfsemi Iðntæknistofnunar. M. a. getur oft orðið hagkvæmt að sérfróðir menn um markaðsmál taki þátt í verkefnahópum þeim, sem lýst er hér á eftir. Þess vegna er eðlilegt, að fulltrúi Útflutningsmiðstöðvarinnar taki þátt í starfi framkvæmdanefndar ITSÍ. Geta má þess að nú þegar er starfandi sérstök samstarfsnefnd með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins, Iðnþróunarstofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Með orðinu „verkefnahópur“ (project group) í mgr. 11.2. er átt við hóp manna, sem geta komið frá ýmsum skorum og deildum og jafnvel annars staðar að. Slíkir hópar gætu t. d. haft það verkefni að vinna að vandamálum einstakra iðngreina eða fyrirtækja eða að könnun tiltekins hráefnis o. s. frv. Hér er um að ræða mikilvægan þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Leggja ber áherslu á, að framkvæmdanefnd er fyrst og fremst starfshópur, sem á að vinna að hvers kyns samstarfi innan stofnunarinnar. Hún er því ekki sérstakt þrep í stjórnstiga stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Með ákvæðum mgr. 12.1. um tilnefningar í stjórn er reynt að taka tillit til helstu aðila, sem eiga hagsmuna að gæta í starfsemi stofnunarinnar, og eru líklegir til að leggja gott til mála í stjórn. Jafnframt er reynt að takmarka stærð stjórnarinnar.

Í reglugerð þarf að kveða nánar á um tilhögun vals fulltrúa starfsmanna í stjórn.

Ákvæði mgr. 12.3. um hugsanlega endurskoðun tilnefninga á miðju tímabili mun vera nokkur nýlunda. Reynt getur á skilyrði um „sérstakt tilefni“ t. d. ef stjórnarmaður hefur verið óvirkur eða hefur lagst gegn stefnu tilnefningaraðila í mikilvægum málum, eða ef viðhorf tilnefningaraðila hafa gerbreyst síðan tilnefning fór fram, t. d. ef stjórnarskipti hafa orðið í viðkomandi samtökum o. s. frv.

Um 13. gr.

Lögð er áhersla á, að stjórn stofnunarinnar er fyrst og fremst ætlað að vinna að stefnumótun, en ekki að hafa afskipti af daglegum rekstri nema brýna nauðsyn beri til. Í upptalningunni í mgr. 13.1. eru m. a. nefnd ýmis mikilvæg verkefni stjórnar, sem gleymast annars gjarnan skv. reynslu. Fundir með starfsmönnum og stjórn ættu að geta verið báðum aðilum til gagns, sbr. að öðru leyti aths. við 9. grein.

Í mgr. 13.2. felst, að stjórnin ein, ásamt framkvæmdastjóra í umboði hennar, hefur formlegan rétt til að leggja fyrir iðnaðarráðuneytið mál, sem varða starfsemi stofnunarinnar. Þetta á hins vegar ekki við t. d. ef stjórn felur starfsmönnum að vinna tiltekin verkefni beinlínis fyrir iðnaðarráðuneytið.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. greinar eru að ýmsu leyti lykilatriði í frumvarpinu og geta ráðið úrslitum um það hvort Iðntæknistofnun nær sér á strik og þá um leið hvort væntanleg lög ná tilgangi sínum.

Nánari skilgreiningu á orðunum „íslenskur iðnaður“ í mgr. 14.1. er að finna í athugasemdum við 2. grein hér að framan.

Rétt þykir að tiltaka neðri mörk ríkisframlags til þess að tryggja stofnuninni eðlilegt rekstraröryggi. Jafnframt þykir rétt að gera í lögum ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í stærð framlagsins, t. d. með tilliti til breytilegs ástands í efnahagsmálum. Slíkur sveigjanleiki er annars ekki verulegur að því er varðar ríkisstofnanir yfirleitt, því að löggjöf leyfir mjög lítið svigrúm til breytinga á starfsmannahaldi þeirra. Mörk þau, sem frumvarpið gerir ráð fyrir um fjárveitingar hins opinbera, hafa fyrst og fremst stefnumarkandi gildi. Aðhald verður hins vegar áfram í höndum ráðuneytis og auk þess hjá iðnaðinum sjálfum vegna áhrifa hans í stjórn og í skorum. Að öllu athuguðu tekur fjárveitingavaldið því ekki á sig meiri eða ósveigjanlegri skuldbindingar með samþykkt þessa frv. en með hefðbundinni lagasetningu um svipaðar stofnanir.

Þar sem Iðntæknistofnun er ætlað að stuðla að íslenskri iðnþróun, sem birtist m. a. í framleiðslumagni, þykir eðlilegt að miða tekjur stofnunarinnar að einhverju leyti við það. Líklega væri eðlilegast að miða við virðisauka iðnaðarins (value added, verðmætasköpun). Sá hængur er þó á slíkri viðmiðun, að tölur um verðmætasköpun einstakra atvinnuvega á hverju ári liggja ekki fyrir fyrr en alllöngu eftir á. Þess vegna hefur sá kostur verið valinn að miða við framleiðsluverðmæti iðnaðar, en það er að sjálfsögðu nokkuð tengt verðmætasköpuninni. Nægilega áreiðanlegar tölur um framleiðsluverðmæti eiga að liggja fyrir í lok hvers árs, þ. e. áður en gengið er frá fjárlögum næsta árs, svo að hægt er að framkvæma ákvæði frv. snurðulaust.

Heildarframleiðsluverðmæti það, sem um ræðir í mgr. 14.1., er áætlað u. þ. b. 40—45 milljarðar króna á árinu 1973. Hundraðstölur málsgreinarinnar samsvara því ríkisframlagi, sem nemur 80—270 milljónum króna á árinu 1974, á verðlagi þess árs. Til samanburðar má geta þess, að áætlað framleiðsluverðmæti sjávarútvegs og fiskiðnaðar á árinu 1973 er um 19—20 milljarðar króna, en ríkisframlag til tæknistofnana þessara atvinnuvega (Fiskifélag Íslands, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) nemur um 227 milljónum króna skv. fjárlögum 1974, eða um 1.1—1.2% af framleiðsluverðmæti ársins 1973.

Heildarframlög til núverandi stofnana og starfsemi, sem væntanlega sameinast í ITSÍ, nema um 87 milljónum króna skv. fjárlögum 1974. Eru þá með talin framlög til byggingaframkvæmda, sem eru nú fjármagnaðar sérstaklega, en fé til byggingaframkvæmda ITSÍ gæti hins vegar komið af ofangreindu ríkisframlagi. Þá ber þess að gæta, að starfsemi ITSÍ verður vonandi mun víðtækari en núverandi starfsemi á þessu sviði.

Fyrirhugað er jafnhliða þessu frv., að fá sjóðum iðnaðarins m. a. það hlutverk að styrkja tækniþjónustu við iðnaðinn. Fjár til slíkra sjóða verði aflað með sérstökum „mörkuðum" tekjustofni, sem sjóðsstjórn skipti síðan milli hinna ýmsu aðila. Jafnframt hafi sjóðirnir gát á meðferð þess fjár, sem úr þeim er veitt. — Sem stendur hefur Rannsóknastofnun iðnaðarins markaðan tekjustofn, sem nefnist iðnaðargjald, og er áætlað 9 millj. króna í fjárlagafrumvarpi 1974. Byggingariðnaðarsjóðsgjald rennur til Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins og er áætlað 8 millj. kr. á árinu 1974.

Með „raunverulegum heildarkostnaði" í mgr. 14.3. er átt við beinan útlagðan kostnað, launa- og tækjakostnað, kostnað vegna húsnæðis og stjórnunar o. s. frv.

Með mgr. 14.3. er gert ráð fyrir að gjaldskrá fari t. d. eftir stærð og fjárhagsgetu fyrirtækja eða stofnana, sem nota sér þjónustuna. Þannig mundu stór fyrirtæki eða stofnanir, sem gætu e. t. v. sjálf komið á fót hliðstæðri starfsemi á eigin vegum, greiða þjónustuna fullu verði, en smáfyrirtæki mundu greiða minna fyrir hliðstæða þjónustu. Þá mundi t. d. kennsla á námskeiðum og undirstöðukönnun á rekstri fyrirtækja e. t. v. ekki verða greidd að fullu. Sama gæti gilt um nýjar tegundir þjónustu meðan þær eru að ryðja sér til rúms.

Framlagi ríkis skv. mgr. 14.1. og sjóða skv. mgr. 14.2. er m. a. ætlað að standa undir þjónustu, sem viðtakandi greiðir ekki fullu verði skv. framansögðu. Auk þess verður talsverður hluti af starfsemi stofnunarinnar svo almenns eðlis, að erfitt verður að finna tiltekinn viðtakanda, sem hægt er að krefja um greiðslu. Þetta gildir m. a. um hvers konar þjónustu við iðnaðinn sem heild, eða einstakar iðngreinar og um starfsemi, sem miðast við iðnað framtíðarinnar, svo sem könnun íslenskra náttúruauðlinda. Rétt þykir að nefna sérstaklega þær greiðslur, sem um ræðir í mgr. 14.4., því að starfsemin er oft nokkuð sérstaks eðlis og greiðslurnar verða ekki ákveðnar skv. gjaldskrá, m. a. vegna stærðar og sérstöðu verkefnanna. Nauðsynlegt er að undirstrika, að gjaldtakan, sem um ræðir í greininni, er ekki markaður tekjustofn, heldur mjög sveigjanlegur rammi, sem gefur tækifæri til verulegs svigrúms tekna.

Um 15. gr.

Með mgr. 15.2. er reynt að gera tilhögun launamála og starfsmannahalds ITSÍ nokkru sveigjanlegri en tíðkast nú í flestum ríkisstofnunum, þ. á m. þeim, sem stofnunin tekur við af. Nokkurt frjálsræði í þessum málum er alger forsenda þess, að stofnunin geti hugsanlega gegnt fyrirhuguðu hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Til að renna stoðum undir þetta nægir að nefna, að þær stofnanir, sem starfa nú á þessu sviði, hafa átt í miklum erfiðleikum í starfsmannahaldi. Þar við bætast áhrif fyrirhugaðra áherslubreytinga skv. frv., þ. e. t. d. aukinn hlutur hæfra ráðunauta með ýmiss konar menntun eða þjálfun.

Hér er þó ekki hróflað við þeirri hefðbundnu reglu, að launaákvarðanir verði áfram í höndum fjármálaráðuneytisins, þótt eflaust megi gera ráð fyrir meiri sveigjanleika þar vegna ákvæða mgr. 15.2.

Hafa ber í huga, að fyrirhuguð Iðntæknistofnun hefur talsverða sérstöðu meðal ríkisstofnana, svo sem sést meðal annars á lýsingu tekna í 14. grein frv. og á skipan stjórnar skv. 12. grein. Hér er sem sé um að ræða stofnun, sem er ætlað að veita tilteknum aðilum ákveðna þjónustu, og sem verður mjög háð þessum aðilum varðandi tekjur og allan árangur af starfi sínu. Einnig má geta þess að hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndum njóta nokkurs frjálsræðis á þessu sviði.

Til fróðleiks skal þess getið, að starfsmaður, sem ráðinn væri skv. 2. eða 3. tl. mgr. 15.2. til lengri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, mundi eiga kost á aðild að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Ef starfsmaður, sem er fastráðinn við stofnunina, tekur að sér stjórnunarstarf eins og mgr. 15.4. fjallar um, þykir eðlilegt að hann geti við ráðningu áskilið sér rétt til upphaflegs starfs síns eða annars hliðstæðs innan stofnunarinnar, að loknu ráðningartímabili til stjórnunarstarfa. Vegna stærðar stofnunarinnar ætti slíks yfirleitt að vera kostur. Ef starfsmaður áskilur sér þennan rétt kann það að sjálfsögðu að hafa áhrif á ráðningarkjör hans að öðru leyti.

Um 16. gr.

Hliðstæð ákvæði um kennslustörf er að finna í gildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Æskilegt væri að umræddri kennslu yrðu settar heppilegar reglur.

Um 17. gr.

Hér er m. a. um að ræða, að Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Rannsóknastofnun iðnaðarins eiga fulltrúa í Rannsóknaráði ríkisins, senda því fjárhagsáætlanir sínar til umsagnar og hafa önnur sérstök tengsl við þá stofnun.

Iðnþróunarstofnun Íslands, áður Iðnaðarmálastofnun, á einnig fulltrúa í Rannsóknaráði og virðist eðlilegt, að hann færist yfir á stjórnunarmála- eða fræðsludeild ITSÍ, sbr. mgr. 17.3. og 17.5.

Í lögum nr. 49/1961 um verkstjóranámskeið er svo kveðið á, að Iðnaðarmálastofnun Íslands skuli annast framkvæmd verkstjóranámskeiða í umboði námskeiðsstjórnar og hafa á hendi fjárreiður þeirra og varðveita gögn þau og muni, sem tilheyra námskeiðunum. Með lögum nr. 31/1971 um Iðnþróunarstofnun Íslands færðist þessi starfsemi til þeirrar stofnunar. Ef þetta frumvarp verður að lögum færist starfsemin áfram til stjórnunar- og fræðsludeildar Iðntæknistofnunar en að öðru leyti verður engin breyting á stjórnskipulegri stöðu verkstjóranámskeiða.

Um 18. gr.

Hér er um flókið og vandasamt mál að ræða, þar sem bæði þarf að gæta hagsmuna viðskiptaaðila stofnunarinnar og tryggja eðlilega starfshætti hennar, t. d. þegar

nokkrir aðilar biðja um sömu athuganir hver í sínu lagi. Ótti við upplýsingaleka til samkeppnisaðila hefur ráðið nokkru um að íslensk iðnfyrirtæki hafa ekki leitað til núverandi þjónustustofnana sem skyldi. Nauðsynlegt virðist að setja allrækilegar reglur um þessi mál, og má þá fara í smiðju til tæknistofnana á Norðurlöndum, sem hafa mikla reynslu á þessu sviði.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði I. og II. liðar eru fyrst og fremst til skilgreiningar á hugsanlegum vafaatriðum varðandi stofnun ITSÍ. II. liður miðar auk þess að því að tryggja hagsmuni ríkissjóðs, þannig að tekjustofnar, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum, falli ekki niður e. t. v. á miðju ári.

Með III. lið er tekið tillit til þess, að stjórnunarmála- og fræðsludeild verða e. t. v. í fyrstu svo litlar, að skoraskipting verður óeðlileg. Á rannsóknastofnununum tveim, sem hinar deildirnar taka við af, er hins vegar þegar fyrir hendi deildaskipting, sem mundi svara til skoraskiptingar skv. frv.

Fylgiskjal.

Iðnaðarráðuneytið — Iðnþróunarstofnun Íslands

ÞARFIR ÍSLENSKS TRJÁIÐNAÐAR FYRIR TÆKNIÞJÓNUSTU

Þýddur útdráttur úr skýrslu eftir Mogens Höst, verkfræðing, sérfræðing Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNIDO)

EFNISYFIRLIT

Formáli.
Ágrip.
5. Hvaða tækniþjónustu skortir trjáiðnaðinn?
5.1. Þarfir og rökstuðningur þeirra.
5.2. Hvað telja fyrirtækin vanta?
5.3. Eigið mat höfundar.
6. Hvernig verður bætt úr skortinum?
6.1. Markmið og stýring aukningarinnar.
6.2. Tengsla- og upplýsingaþjónusta.
6.3. Námskeiðahald.

6.4. Þróunarverkefni — stjórnun fyrirtækja.
6.5. Ráðgjöf og starfsemi ráðunauta.
6.6. Prófanir, eftirlit og tilraunastarfsemi.
6.7. Þörf fyrir starfsfólk og fjármagn.
(1.—4. kafli upphaflegu skýrslunnar, sem er á dönsku, fjalla um tilhögun athugarinnar, innri gerð trjáiðnaðarins, tækniþjónustu nú og eftirspurn eftir tækniþjónustu.)

Formáli.

Í þessari skýrslu er reynt að gera grein fyrir hvernig komast má að raun um þarfir iðngreinar fyrir tækniþjónustu. Skýrslan er tekin saman að frumkvæði nefndar, sem iðnaðarráðuneytið hefur skipað, til að semja lagafrumvarp um skipulag og rekstur tækniþjónustu á Íslandi.

Ég þakka nefndinni það traust, sem hún hefur sýnt mér með því að fela mér þetta verkefni, og þá ágætu samvinnu, sem við höfum ætíð átt. Þetta hefur verið forvitnilegt og lærdómsríkt verkefni og ég vona að hugmyndir mínar geti orðið til hjálpar þegar efling tækniþjónustunnar hefst.

Ég vil líka þakka öllum þeim sem ég hef haft kynni af í starfinu, ekki síst fyrirtækjunum, sem hafa stuðlað að raunhæfari mynd af afstöðu trjáiðnaðarins til tækniþjónustu, með því að svara spurnareyðublöðunum, er voru send til þeirra.

Þessi skýrsla er liður í starfi mínu á Íslandi á vegum UNIDO (Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna) og Iðnþróunarstofnunar Íslands. Þegar skýrsla sem þessi er lögð fram, er venja að vekja athygli á, að UNIDO hafi ekki tekið afstöðu til hennar, þannig að stofnunin er ekki endilega sammála þeim skoðunum, sem settar eru fram. Sama máli gegnir um Iðnþróunarstofnun Íslands.

Mogens Höst.

Ágrip.

Hagstofa Íslands hefur skilgreint trjáiðnað sem iðnaðarflokk nr. 261. Árið 1971 töldust alls til hans 281 fyrirtæki með 1525 starfsmönnum samtals. Í u. þ. b. 200 fyrirtækjum störfuðu færri en 5 starfsmenn í hverju, og aðeins 13 fyrirtæki höfðu fleiri en 20 starfsmenn í vinnu. Iðngreinin ber þannig svip af því hve mörg og smá fyrirtækin eru.

Tækniþjónustu er oft skipt í eftirfarandi meginflokka:
Tengsla- og upplýsingaþjónustu.
Námskeiðahald (fyrirlestrar og samæfingar (seminör) meðtalin).
Ráðgjöf (um tækni- og stjórnunarmál).
Prófanir og eftirlit (efni og framleiðsluvörur).
Tilraunir (vörur og framleiðsluaðferðir).

Fyrst og fremst eru það starfsmenn fyrirtækjanna, sem eiga að taka við tækniþjónustu og hagnýta hana. Af 1525 starfsmönnum í trjáiðnaði voru um 40 í fullu starfi sem stjórnendur, en 250 sinntu bæði slíku starfi og starfi verkstjóra, iðnaðarmanns og/eða skrifstofumanns. Um 60 voru í fullu starfi sem verkstjórar og um 525 voru iðnaðarmenn (handverksmenn). Ennfremur voru ófaglærðir verkamenn um 375, iðnnemar um 225 og skrifstofumenn um 50. Þetta eru þá þeir starfsmannahópar, sem tækniþjónusta þarf að beinast að.

Með nokkrum hætti má segja, að starfsfólk trjáiðnaðarins vanti næstum alla þætti tækniþjónustu. Á hinn bóginn má líka segja, að þær þrjár stofnanir, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, veiti nokkra þjónustu. Eitt er þó víst: starfsemina verður að skipuleggja og samhæfa miklu betur, til þess að hún hafi veruleg áhrif innan fyrirtækjanna.

Fyrst og fremst þarf að skapa virka tengsla- og upplýsingaþjónustu, sem getur brúað bilið milli fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra annars vegar og stofnananna hins vegar. Slík þjónusta er ekki til í trjáiðnaðinum nú. Án slíkrar þjónustu verður hvorki þróuð nein tækniþjónusta né henni haldið við.

Með upplýsingaþjónustunni á að veita starfsfólki trjáiðnaðarins innsýn í nýjustu þróun í tækni- og stjórnunarmálum iðngreinarinnar. Hún á að skapa áhuga á endurnýjun og framförum. Hún á að flytja boð um námskeið og aðra tækniþjónustu. Vinna má að þessu markmiði með fréttablaði, einföldu í sniðum en nýstárlegu að efni. Slíkt blað mætti kalla „Tré-fréttir“.

Námskeiðahald þarf að efla. Í fyrstu er rétt að leggja áherslu á stutt námskeið á kvöldin og um helgar. Þannig er hægt að komast að því smátt og smátt hvaða þörf er fyrir lengri námskeið og hvernig þeim verði best hagað.

Lítil fyrirtæki eiga við mikinn vanda að etja varðandi stjórnun. Einn stjórnandi þarf að sinna öllum stjórnunarverkefnum, og yfirleitt er enginn, sem getur komið í hans stað, jafnvel um stuttan tíma. Aðstoða þarf stjórnendur í trjáiðnaði með einföldum stýrikerfum, sem verði lýst í aðgengilegum leiðbeiningum. E. t. v. má fylgja þessari aðstoð eftir með beinni ráðgjöf.

Áður en hægt er að fara að tala um að bæta úr þörf trjáiðnaðarins fyrir tækniþjónustu, er nauðsynlegt að ráða tvo starfsmenn, er sinni þessu verkefni sem fullu starfi.

Þessi starfshópur þarf að miða starf sitt við iðngreinina. Síðar meir þarf hann að geta stuðst við starfshópa, sem vinna að ákveðnum verkefnaflokkum, svo sem útgáfustarfsemi, forstöðu námskeiða, náms- og kennslutækni, kerfisþróun og verkefnastjórnun.

Starfshópurinn verður undir öllum kringumstæðum að notfæra sér sérhæfða aðstoð utan frá, t. d. við einstakar greinar á námskeiðum eða við þróun stýrikerfa. Útvega þarf hluta þessarar aðstoðar frá útlöndum.

Þegar verkefni starfshópsins og þjónusta verða skipulögð í smáatriðum verður að taka tillit til menntunar og reynslu hópsins og til þess, hvað sé fáanlegt annars staðar. Ráðningu og notkun starfskrafta og búnaðar þarf ævinlega að haga svo að stefnt sé smám saman að skilgreindum markmiðum.

Þróun tækniþjónustu fyrir trjáiðnaðinn þarf að stýra, og það vandlega. Til þess þarf skipulagningu og stjórnun, sem taki m. a. til skilgreiningar markmiða, starfs- og fjárhagsáætlana og eftirlits.

Trjáiðnaður stendur undir u. þ. b. 10% atvinnu og verðmætasköpunar í framleiðsluiðnaði. Verðmætasköpun í trjáiðnaði nam 655 milljónum króna á árinu 1971. Ekki er óeðlilegt að verja 2% af verðmætasköpun iðngreinarinnar til tækniþjónustu í þágu hennar, en það táknar um 12 milljón króna fjárhagsáætlun.

Kostnaður þjóðfélagsins vegna tækniþjónustunnar skilar sér aftur sem aukin verðmætasköpun í iðngreininni. Þótt torvelt sé að mæla þetta þarf ætíð að hafa það í huga. Að öðrum kosti eiga menn á hættu, að tækniþjónusta verði að takmarki í sjálfu sér — og það er hættulegt fyrir alla aðila.

5. HVAÐA TÆKNIÞJÓNUSTU SKORTIR TRJÁIÐNAÐINN?

5.1. Þarfir og rökstuðningur þeirra.

5.1.1. Þegar ég heimsótti trjáiðnaðarfyrirtæki í ágúst og september sl. og spurði: „Hvaða tækniþjónustu þurfið þið á að halda?“ — varð venjulega löng þögn. Til að rjúfa þessa þögn án þess að eiga á hættu að koma með leiðbeinandi spurningar, hélt ég áfram með spurninguna: „Hvert er mesta vandamál ykkar?“ Svarið við þessu var næstum alltaf: „Skortur á vinnuafli (bæði faglærðu og ófaglærðu) og á rekstrarfé.“

5.1.2. Íslenskur trjáiðnaður býr í dag við mikla eftirspurn eftir framleiðslu sinni. Öll fyrirtæki, sem voru heimsótt, hafa selt framleiðslu sína 3—6 mánuði fram í tímann. Allir innri kraftar sameinuðust um að standa við gefin loforð um afhendingu.

5.1.3. Ef spurt var, „Ætlið þið ekki að búa ykkur undir samkeppnina frá EFTA?“ — var svarið „Við verðum ekki varir við hana; látum hverjum degi nægja sína þjáningu; hingað til hefur allt gengið vel.“

5.1.4. Þegar skortur er á tíma og vinnuafli og afkoma er góð, er skiljanlegt að eftirspurn eftir tækniþjónustu sé lítil. Til þess að leita eftir, taka við og hagnýta tækniþjónustu í fyrirtæki, þurfa starfsmennirnir að leggja sitt af mörkum, en það krefst tíma og áhuga.

5.1.5. Við þetta bætast e. t. v. nokkur vonbrigði vegna þess að þjónustuframboð hinna þriggja stofnana er svo takmarkað, og engin þeirra hefur á að skipa sérfróðum starfsmanni um iðngreinina, sem fyrirtækin finna samhljóm með.

5.1.6. Í þessu viðfangi má þó ekki gleymast, að fjárveitingavaldið hefur hingað til verið mjög tregt til að setja á fót nýjar stöður, og tillögur stofnananna um starfsmannaáætlanir hafa verið skornar mjög niður.

5.1.7. Hér á eftir verður annars vegar gerð grein fyrir hverju úrtaksfyrirtækin svöruðu til á spurnareyðublöðunum og hins vegar sett fram eigið mat höfundar.

5.2. Hvað telja fyrirtækin vanta?

5.2.1. Á tveimur stöðum á spurnareyðublaðinu var hægt að koma að óskum og skoðunum. Spurning 16 hljóðaði svo: „Hafið þér eða aðrir starfsmenn tillögur um efni námskeiða?“ — og spurning 25 var þannig: „Hafið þér einhverjar viðbætur eða tillögur?“ Af þeim 33 fyrirtækjum, sem svöruðu spurnareyðublöðunum, höfðu 12 tillögur fram að færa undir 16. spurningu, og 7 svöruðu 25. spurningu.

5.2.2. Tillögurnar um viðfangsefni námskeiða má flokka sem hér segir:

Trésmíðavélar (sýna nýjar, henta þær á Íslandi, kostir og gallar ....).
Efni (meðtalin hreinsun áklæðis og leðurs).
Val og forgangsröðun hagræðingarverkefna.
Skipti á reynslu — kynnisferðir í fyrirtæki.
Stjórnun fyrirtækja og verkstæða.
Verðútreikningur.
Lánamöguleikar trjáiðnaðarins.
Gæðamat á húsgögnum.
Hugmyndavernd.

5.2.3. Meðal annarra áhugaverðra svara má nefna:
Stofnanir þurfa að gera meira til að kynna fyrirtækjum starfsemi sína.
Útgáfustarf verði gert fyllra og niðurstöðum komið á framfæri.

Forðast þarf úrelt atriði í námskeiðum um vélar og efni.
Námskeiðum þarf að haga með kerfisbundnum hætti.
Öll námskeið þarf að halda á íslensku — takmörkuð málakunnáttu er þrándur í götu.

5.2.4. Nokkrar ákveðnar spurningar um snið námskeiða og tungumál á þeim voru á spurnareyðublaðinu. Svörin við spurningu 17: „Hvaða námskeiðsform viljið þið helst?“ — voru þannig að 14 vildu helst kvöldnámskeið, 10 helgarnámskeið, 9 hálfsdagsnámskeið og 8 námskeið allan daginn. Svör varðandi tungumál á námskeiðum, ef erlendir kennarar tækju þátt í þeim, voru þau, að 23 vildu dönsku, 14 norsku, 14 ensku og 6 sænsku, en enginn vildi þýsku.

5.3. Eigið mat höfundar.

5.3.1. Það vantar kerfisbundna og markvissa umræðu þeirra, sem þurfa á tækniþjónustu að halda, og þeirra sem vilja og geta látið hana í té.

5.3.2. Þótt 275 trjáiðnaðarfyrirtæki séu aðilar að Landssambandi iðnaðarmanna, virðist iðngreinina vanta sameiginlegan umræðuvettvang, þar sem hægt væri að ræða vandamál iðngreinarinnar og setja fram skoðanir og óskir með fullum þunga, t. d. varðandi tækniþjónustu.

5.3.3. Það vantar fljótvirkt kerfi til að gera fyrirtækjunum og starfsmönnum þeirra kleift að fylgjast með aðstæðum og vandamálum iðngreinarinnar á hverjum tíma og með hliðstæðum málum erlendis, fyrst og fremst á Norðurlöndum (t. d. nýjum vélum, efnum og vinnuaðferðum).

5.3.4. Þörf er á miðstöð fyrir spurningar og svör, þar sem fyrirtækin geta fengið svör við spurningum sínum, ýmist beint eða með hjálp eins eða fleiri stuðningsaðila.

5.3.5. Þörf er á röð kerfisbundinna og auðskilinna námskeiða, m. a. á eftirtöldum sviðum:

Menntun og eftirmenntun iðnverkafólks.
Eftirmenntun faglærðra starfsmanna (sveina, starfandi meistara og verkstjóra).
Fræðslu og sérnámskeiðum fyrir skrifstofufólk.
Menntun og eftirmenntun verkstjóra.
Menntun og eftirmenntun stjórnenda.

5.3.6. Það vantar hagnýtar leiðbeiningar um stjórnun trjáiðnaðarfyrirtækja af mismunandi stærð og með mismunandi framleiðslusniði. Þessar leiðbeiningar má miða við sjálfsnám (t. d. handbækur um framleiðslu-, fjárhags- og afurðastjórnun), e. t. v. með stuttum námskeiðum til fyllingar um notkun handbókanna og aðlögun kerfanna að eigin aðstæðum.

5.3.7. Það vantar úttektarþjónustu, sem geri kleift að gera úttekt á fyrirtæki á hálfum til þremur dögum, og hjálpa því síðan til að gera áætlun um þróun eða hagræðingaraðgerðir.

5.3.8. Þegar metið er hvaða tækniþjónustu trjáiðnaðurinn þarf, verður að hafa í huga getu fyrirtækja og starfsmanna til að taka við og hagnýta sér slíka þjónustu. Taka verður ríkt tillit til atriða eins og smæðar fyrirtækjanna, lítillar verkaskiptingar og takmarkaðrar menntunar. Gæta verður þess, að tækniþjónustan setji ekki markið of hátt.

5.3.9. Frá alþjóðlegum sjónarhóli vantar íslenskan trjáiðnað næstum alla venjulega þætti tækniþjónustu, sem geta hjálpað fyrirtæki og starfsmönnum þess til að leysa áþreifanleg vandamál. Á núverandi stofnunum er að finna nokkurn grund-

völl til að byggja á. Þó er þörf á stórátaki til að breyta akademískum rannsóknastofum í aðstöðu til markvissrar tækniþjónustu í þágu manna, sem hafa hagnýta menntun og bera ábyrgð á arðsemi fyrirtækis. Síðast en ekki síst vantar starfsfólk, starfsfólk sem hefur þekkingu á og reynslu af trjáiðnaði og talar mál, sem starfsmenn trjáiðnaðarins skilja.

6. HVERNIG VERÐUR BÆTT ÚR SKORTINUM?

6.1. Markmið og stýring aukningarinnar.

6.1.1. Einn mesti vandinn við að undirbúa og framkvæma aukningu og samhæfingu tækniþjónustu við íslenskan trjáiðnað felst í því, hve marga kosti er um að velja. Byrja þarf næstum því frá grunni, og allt, sem gert er, má telja til framfara.

6.1.2. Þegar tækniþjónusta er skipulögð, aðstaða sköpuð og rekstur síðan hafinn, skiptir miklu að markmiðum sé lýst út frá því, til hvers þjónustan á að hjálpa viðtakandanum. Gæta ber þess vandlega, að tækniþjónustan verði ekki að markmiði í sjálfri sér.

6.1.3. Markmið tækniþjónustu við trjáiðnað mætti t. d. skilgreina þannig: Hún á að bjóða fram og veita hjálp til trjáiðnaðarfyrirtækja og starfsmanna í viðleitni þeirra til að bæta framleiðsluvörur, aðferðir, starfsaðstöðu, stjórnunarkerfi og arðsemi, og skýra þeim jafnóðum frá stöðu iðngreinarinnar innanlands og utan.

6.1.4. Með tímanum má svo endurbæta og fága þessa marklýsingu, þegar þróun og reynsla gefa tilefni til. Einu sinni á ári ber að endurskoða hana, og hún á að varða veginn í daglegu starfi. Tækniþjónusta þarf að vera sveigjanleg, hugmyndarík og virk til þess að hún nái árangri. Notagildi hennar er mælt í fyrirtækjunum.

6.1.5. Meðan verið er að koma þjónustunni á fót, sem mætti gjarnan gerast með vaxandi hraða, verður að taka tillit til fyrrnefndra atriða. Vel skilgreind atriði eiga að ráða forgangsröðun hinna ýmsu þátta tækniþjónustu, meðan verið er að taka þá upp. Meðal slíkra atriða má nefna hvort viðkomandi þjónusta bætir samkeppnishæfni fyrirtækjanna heima og erlendis (útflutningur) eða hvort hún skapar atvinnu.

6.1.6. Vöxtur tækniþjónustu fyrir trjáiðnað er kominn undir því, að völ sé á nægilegu starfsliði. Hér er ekki aðeins um að ræða fjölda starfsfólksins, heldur miklu frekar hæfni þess. Þennan vanda verður að leysa, þegar gerð hefur verið áætlun um vöxtinn og starfsáætlun um næstu ár.

6.1.7. Að svo stöddu þarf að setja fram tölur um þá þætti tækniþjónustu, sem geta bætt úr ríkjandi skorti. Í meginatriðum er um að ræða eftirfarandi þjónustuþætti, sem fjallað verður nánar um hér á eftir:

Tengsla- og upplýsingaþjónustu.
Námskeiðahald.
Þróunarverkefni.
Ráðgjöf.
Prófanir og eftirlit.
Tilraunir.

6.2. Tengsla- og upplýsingaþjónusta.

6.2.1. Tengsla- og upplýsingaþjónusta er undirstaða virkrar tækniþjónustu. Auk þess sem þessi þjónusta hefur sjálfstætt gildi sem slík, stuðlar hún að kynningu á öðrum þáttum þjónustunnar.

6.2.2. Nauðsynlegt og eðlilegt verkefni stofnunar, sem veitir tækniþjónustu, er að taka frumkvæði, koma af stað umræðum, benda fyrirtækjunum á vandamál þeirra

og sýna á hvaða sviðum stofnunin getur hjálpað. Reynsla annarra þjóða sýnir, að mjög fá fyrirtæki leita í fyrstu til ríkisrekinnar tækniþjónustu að eigin frumkvæði. Þetta á sérstaklega við um smærri iðnaðar- og handverksfyrirtæki.

6.2.3. Tengsla- og upplýsingaþjónustu í þágu trjáiðnaðar á Íslandi ber að vefa úr eftirtöldum þáttum:

„Tré-fréttum“ — reglubundnu fréttablaði.
Svörum við spurningum.
Dreifingu sérprenta.
Ritaþjónustu — bókasafni og útlánum.
Heimsóknum í fyrirtækin.
Heimsóknum á stofnunina.

6.2.4. Efni „Tré-frétta“ þarf að höfða til trjáiðnaðarins á líðandi stund. Leggja ber meiri áherslu á reglubundna og tíða útgáfu (t. d. 10 sinnum á ári) en fína prentun á dýran pappír. Í fyrstu getur fréttablaðið verið aðeins ein örk í stærðinni A4, sem prentað er báðum megin á. Beita má Rotaprint aðferð eða þvíumlíku. Nánari hugmyndum um „Tré-fréttir“ er lýst í viðauka 6.2.4. (ekki tekinn með í þessum útdrætti).

6.2.5. Nota mætti niðurstöður úr þessari könnun á aðstæðum trjáiðnaðarins sem efnivið í u. þ. b. helming af fyrstu 5—6 tölublöðum „Tré-frétta“. Ekki ætti að vera erfitt að sjá fyrir afganginum með efni úr Norðurlandatímaritum, útdráttum og ritdómum. Við venjulegar aðstæður má gera ráð fyrir að útgáfa hvers tölublaðs taki tíma eins manns í eina viku. Það þýðir um 10 mann-vikur á ári.

6.2.6. Svör við spurningum eru eðlilegur þáttur tækniþjónustu. Spurningar geta borist símleiðis eða með pósti. Sumum er hægt að svara strax, aðrar þurfa könnunar við eða sambands við sérfræðinga bæði á Íslandi og erlendis. Mikilvægt er að koma á kerfi slíkra stuðningsaðila þegar í byrjun. Á Norðurlöndum eru margar stofnanir, sem gætu verið fyrstu liðir í slíku neti eða kerfi. Tíminn, sem þessi þjónusta krefst af starfsmönnum, verður mjög óreglulegur. Fyrstu árin nemur þessi þjónusta varla meira en 5 mann-vikum á ári.

6.2.7. Útgáfa sérprenta hefur þegar reynst mjög gagnleg þjónusta, sem er mikils metin. Þegar nauðsyn ber til má fela sérfræðingum utan stofnunar að vinna að sérprentum. Sérprentin yrðu auglýst í „Tré-fréttum“ og hægt væri að panta þau símleiðis.

6.2.8. Miðpunktur ritaþjónustunnar er auðvitað bókasafnið. Starfsmenn trjáiðnaðarskorarinnar gera tillögur um kaup á nýjum bókum um málefni trjáiðnaðar innan ramma fjárhagsáætlunar, sem er ákveðin fyrirfram. Starfsfólk bókasafns sér hins vegar um pöntun bókanna, móttöku þeirra og skráningu.

6.2.9. Heimsóknir í fyrirtæki eiga að verða eðlilegur þáttur í tengslastarfi stofnunarinnar. Þær fara fram að frumkvæði stofnunarinnar og samkvæmt fastri kerfisbundinni áætlun. Oft er um að ræða fyrstu persónulegu kynnin milli viðtakenda tækniþjónustu og starfsmanna frá stofnuninni, sem veitir hana. Samskipti þessara aðila bera lengi merki þess hvernig þessi fyrsti fundur hefur gengið.

6.2.10. Gera verður ráð fyrir að heimsækja þurfi öll fyrirtæki, sem hafa fleiri en 10 starfsmenn, en hins vegar ætti að nægja að heimsækja um helming fyrirtækja með 6—10 starfsmenn og um fjórðung fyrirtækja, sem hafa allt að 5 starfsmenn. Ef reiknað er með að einn starfsmaður geti heimsótt 2—4 fyrirtæki á dag, eftir því hvað þau eru stór og hafa mikla þörf fyrir að hefja umræðu, ætti einn starfsmaður að geta heimsótt 100—120 fyrirtæki á 50 vinnudögum, sem samsvarar 10 vinnuvikum.

6.2.11. Rétt er að koma á heimsóknum á stofnunina með því sniði, að hún hafi „opið hús“ fyrir trjáiðnaðinn, þegar eitthvað er til að sýna mönnum. Um leið má halda fyrirlestra og umræður. Auk þess tíma, sem heimsóknin sjálf tekur, verður um nokkurn undirbúning að ræða. Má reikna með að þetta taki um 5 mann-vikur á ári.

6.2.12. Við getum nú tekið saman starfsmannatímann, sem tengsla- og upplýsingaþjónustan krefst:

„Tré-fréttir“	10 vikur
Svör við spurningum	5 —
Sérprent	5 —
Fyrirtækjaheimsóknir	10 —
Heimsóknir á stofnun	5 —
Alls	35 vikur

6.3. Námskeiðahald.

6.3.1. Eins og getið er í grein 5.2.2., liggja fyrir allmargar tillögur um námskeið. Þótt vinnumagn við þau sé ekki ákveðið leikur varla neinn vafi á, að auka þarf eftirmenntun innan trjáiðnaðar. Ef starfsmenn í atvinnulífinu endurnýja sig ekki, dragast þeir bæði sjálfir aftur úr og fyrirtækið, sem þeir vinna við. Margir telja að menn eigi að nota a. m. k. eina viku á ári til að bæta við menntun sína. Sumir nefna jafnvel tvær til þrjár vikur.

6.3.2. Ef við höldum okkur við eina viku á mann á ári og reiknum lauslega út, hvað það þýðir fyrir íslenskan trjáiðnað fáum við út um 1300 kennslustundir á ári. Hér eru undanskildir iðnnemar, sem verið er að mennta. Sé reiknað með um 12 þátttakendum í hverjum námshópi (námskeiði), verða þetta um 100 námskeiðsvikur á ári. Til þess að leysa þetta af hendi þarf kennaralið sem samsvarar 3—4 mann-árum. Þessi starfskraftur skiptist á marga sérfræðinga.

6.3.3. Þegar fræðslustarfsemi er skipulögð, þarf að hafa í huga væntanlega þátttakendur og það snið námskeiða, sem hentar þeim best. Samkvæmt könnuninni eru kvöldnámskeið, helgarnámskeið og hálfsdagsnámskeið hentugust í þessari forgangsröð. Rétt er að velja viðfangsefni námskeiða þannig, að hægt sé að gera þeim fullnægjandi skil á takmörkuðum tíma. Þar til námskeiðahaldið nær raunverulegu „jarðsambandi“ er rétt að beita sem mest fyrirlestrum, samæfingum (semínörum) og ráðstefnum.

6.3.4. Ekki er rétt að auglýsa fyrsta námsstarfið fyrr en í fjórða tölublaði „Tréfrétta“. Þá ætti u. þ. b. helmingi fyrirtækjaheimsóknanna að vera lokið. Þá fyrst má vænta þess að tengsl séu komin á og fengin sé nokkur hugmynd um raunverulegar þarfir iðnaðarins, auk þess sem fyrirtækin hafa skilið að full alvara sé að baki tækniþjónustunnar fyrir iðngreinina. Gæta þarf þess, að námskeiðahaldinu séu ekki sett of háleit markmið í fyrstu, hvorki að því er varðar kennsluna sjálfa né þátttakendurna.

6.3.5. Sérmenntaðir starfsmenn stofnunarinnar eiga að ákveða markmið og efni námskeiða, e. t. v. í samvinnu við ráðgefandi hóp frá dæmigerðum fyrirtækjum. Rétt er hins vegar að fela sameiginlegri einingu umsjón með námskeiðahaldinu, allt frá ráðningu kennslukrafta til ráðstöfunar kennsluherbergja og eftirlits með kennslutækjum. Þessi eining annast auðvitað einnig umsjón með námskeiðahaldi annarra iðngreinaskora. Umsjón með námskeiðum er sérhæft verkefni, sem á að fela fólki, sem er sérmenntað til slíkra hluta. Árangur námskeiðahalds er mjög kominn undir smáatriðum, sem varða tæknilega umsjón.

6.3.6. Á samsvarandi hátt á námskeiðahaldið að njóta stuðnings frá skor, sem annast kennsluaðferðir og -tækni. Slík skor getur stuðlað að því að tvöfalda eða þrefalda það gagn, sem þátttakendur hafa af kennslunni. Hér er einfaldlega um að ræða sérsvið, sem ekki er hægt að ætla iðngreinasérfræðingum eða kennurum að kunna skil á. Þeir eiga að geta fengið hjálp frá slíkri deild.

6.3.7. Kennaraþörfin verður ekki nærri því eins mikil fyrsta árið og reiknað var út í grein 6.3.2. Þar var um framtíðarmarkmið að ræða. Ef við gerum ráð fyrir að tiltekin prósenta hvers starfsmannahóps noti t. d. 20 stundir til eftirmenntunar, má gera eftirfarandi útreikning:

Starfsmannahópur	Fjöldi	%	Kennslutími (stundir)
Stjórnendur í fullu starfi	40	50	400
Verkstjórar í fullu starfi	60	50	600
Stjórnendur/verkstjórar/iðnaðarmenn	250	20	1000
Iðnaðarmenn í fullu starfi	525	20	2100
Ófaglærðir verkamenn	375	20	1500
Skrifstofufólk	50	50	500
Alls			6100

6.3.8. Ef reiknað er með 12 þátttakendum að meðaltali í hverri kennslustund, þarf um 510 kennaratíma til að sjá fyrir ofangreindri kennsluþörf. Hluta þessara stunda geta starfsmenn stofnunarinnar tekið að sér. Til hins hlutans, sem verður e. t. v. mikill meirihluti, þarf að fá kennslukrafta utan stofnunarinnar.

6.3.9. Erfitt verður að útvega hæfa kennara til þessarar kennslu. Við ákvörðun námskeiða verður að taka nokkurt tillit til þess, hvort kennarar og leiðbeinendur eru fáanlegir. Yfirleitt finnast nokkrir menn, sem geta komið til álita til þessara starfa, þegar fyrirtækin eru heimsótt. Kennarar frá útlöndum eiga að heyra til undantekninga. Þegar slíkt reynist óhjákvæmilegt, ber að sjá svo um, að nokkrum innlendum kennaraefnum sé líka boðið til námskeiðsins, svo að þeir geti drukkið í sig fróðleikinn og síðan kennt sama efni á síðari námskeiðum. Sé ekki hægt að finna slíka menn og vekja áhuga þeirra, á að taka viðkomandi hluta námskeiðahaldsins til endurskoðunar.

6.3.10. Fyrstu árin má hafa til viðmiðunar að starfsmenn stofnunarinnar annist þriðjung kennslustundanna, sérfræðingar frá öðrum innlendum stofnunum, einkafyrirtækjum og samtökum annan þriðjung og erlendir sérfræðingar þriðja partinn, þannig að 150—180 stundir komi í hlut hvers hóps.

6.4. Þróunarverkefni — stjórnun fyrirtækja.

6.4.1. Smáfyrirtækin eru mörg, og það vantar ráðunauta, sem geta veitt ráð á staðnum. Þess vegna verður að hugsa fyrir sameiginlegu starfi að stjórnunarmálum fyrirtækjanna.

6.4.2. Flestir, sem gegna stjórnunarstörfum í íslenskum trjáiðnaði, hafa hlotið enga eða mjög litla fræðslu um stjórnun iðnfyrirtækja. Þess vegna þarf að semja röð hagnýtra leiðbeininga um ýmiss konar starfsþætti og stjórnkerfi, sem heyra undir stjórnun fyrirtækja. Mikilvægustu atriðin eru:

Framleiðslustjórnun.
Fjármálastjórnun.
Afurðastjórnun.

6.4.3. Lýsing stjórnkerfanna þarf að vera auðskilin, og fyrirtækin eiga að geta leitað til tækniþjónustunnar, þegar þau velja sér kerfi og gera síðan viðeigandi breytingar á þeim. Til stuðnings þessari þjónustu gætu verið:

Fyrirlestrar og fundir, sem vekja áhuga og skilning.
Námskeið um notkun leiðbeininganna.
Heimsóknir ráðunauta í fyrirtækin til að aðstoða við lausn aðkallandi vandamála.

6.4.4. Semja ber slík stjórnkerfi fyrir „viðmiðunarfyrirtæki" ("módel") í trjáiðnaði af ýmsum stærðum og með ýmiss konar framleiðslu. Einstök fyrirtæki geta síðan valið úr þá viðmiðun, sem fellur best að aðstæðum þeirra, og lagað kerfið, sem verður fyrir valinu, að þeim, en slíkt er alltaf nauðsynlegt til þess að fullnægja markmiðum og starfsaðstöðu viðkomandi fyrirtækis.

6.4.5. Þess vegna verður sem fyrst að afla reynslu í samningu „viðmiðunar" — stjórnkerfa. Hægt væri að færa út það frumkvæði, sem er þegar fyrir hendi á sviði fjármálastjórnunar, þannig að samin yrðu stjórnkerfi fyrir fyrirtæki af ýmsum stærðum. Annað svið er framleiðslustjórnun. Forsendur virkrar framleiðslustjórnunar eru að miklu leyti þær sömu og fyrir virkri fjármálastjórnun.

6.4.6. Kannski ætti framleiðslustjórnun að ganga fyrir fjármálastjórnun. Hin fyrrnefnda er ekki eins nátengd stjórnendum fyrirtækjanna, og hún er skiljanlegri öllum starfsmönnum. Þeir geta allir tekið þátt í þróunarstarfinu, og allir geta fundið áhrif hagkvæmrar framleiðslustjórnunar í daglegu starfi. Þegar framleiðslustjórnun hefur skotið föstum rótum í fyrirtækinu er skrefið til fjármálastjórnunar ekki eins langt.

6.4.7. Til þess að semja þessi stjórnkerfi þarf bæði djúpstæða faglega innsýn í starfsaðstöðu trjáiðnaðarfyrirtækja og góðan skilning á sköpun og viðhaldi kerfa, frá sjónarmiði rekstrartækni og rekstrarafkomu. Þegar fram líða stundir ættu slík kerfi að verða til í samvinnu þeirra starfsmanna stofnunarinnar, sem eru annars vegar sérfróðir um iðngreinina og hins vegar um stjórnkerfi. Stefna ber að því að koma á fót skor, sem verði sérhæfð í stjórnkerfum fyrirtækja.

6.4.8. Vel má hugsa sér að hin ýmsu stjórnkerfi þróist í hópvinnu og sem verkefni undir stjórn kunnáttumanns í verkefnastjórnun. Þangað til komið hefur verið á fót skor fyrir stjórnun fyrirtækja og þróun kerfa, verður nauðsynlegt að leita hjálpar utan frá til verkefnastjórnunarinnar.

6.4.9. Tryggja þarf þátttöku þeirra starfsmanna, sem annast tækniþjónustu við trjáiðnaðinn, í þessu verkefnastarfi. Þeir geta lagt til faglega þekkingu og stuðlað að því að niðurstöður starfsins séu settar fram á íslensku, þannig að leiðbeiningarnar séu strax tilbúnar til dreifingar. Starfsmannatíminn, sem þarf til þessa verkefnis, fer eftir hæfni og menntun starfsmannanna, en verður varla meiri en 10 vikur á fyrstu árunum.

6.5. Ráðgjöf og starfsemi ráðunauta.

6.5.1. Einn þáttur í þjónustu flestra tæknistofnana á Norðurlöndum er fólginn í ráðgjöf, sem fer fram með heimsóknum ráðunauta í fyrirtækin og hjálp „á staðnum". Á Norðurlöndum byrjaði þessi starfsemi með ráðgjöf um val og innkaup véla til sérstakra nota, val og notkun sérstakra efna og val á hagkvæmum vinnuaðferðum við hina ýmsu starfsþætti og aðstoð við að koma þeim á. Kringum 1950 var byrjað að starfa að hagræðingu og rekstrartækni og rekstrarhagfræði. Nú nær starfsemi tæknistofnana til allra starfsþátta fyrirtækja, að meðtalinni stjórnun fyrirtækis sem heildar.

6.5.2. Næstum engin fagleg tækniþjónusta ráðunauta í trjáiðnaði er fyrir hendi á Íslandi í dag. Það tekur nokkurn tíma að koma þessari þjónustu á, því að til hennar þarf mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði, auk þess sem ráðunautarnir þurfa ekki aðeins að fylgjast með þróuninni, heldur að vera helst spölkorn á undan

henni. Það er sama hvaða Íslendingar verða ráðnir til tækniþjónustu fyrir trjáiðnaðinn; það verður að skipuleggja þjálfun þeirra sérstaklega. Slíkt skipulag þarf að laga vel að viðkomandi mönnum.

6.5.3. Þróa þarf fagtæknilega ráðgjafaþjónustu smám saman og í nánum tengslum við fyrirspurnarþjónustuna, sem lýst er í grein 6.2.6., og þann hluta námskeiðahaldsins, sem snýr að tæknimálum iðngreinarinnar. Samhæfa þarf vandlega áætlanir um þróun þessara þriggja sviða. Á þessum forsendum má reikna með að til ráðgjafar þurfi 10—20 starfsmannavikur á ári, fyrstu árin. Meðan á þróuninni stendur varðar miklu að starfsmennirnir þekki takmörk sín og séu ekki hræddir við að segja: „Þetta veit ég ekki — ég skal athuga það".

6.5.4. Kringum 1955 byrjaði Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSÍ, fyrirrennari Iðnþróunarstofnunar) að veita nokkra ráðgjafarþjónustu á sviði rekstrartækni og rekstrarhagfræði. Hugmyndin var fengin frá Hagræðingarstofnun OEEC í París (EPA), og tilgangurinn var að auka framleiðni í atvinnulífinu. Þessari þjónustu var hætt árið 1962. Á síðustu 1—2 árum hefur Iðnþróunarstofnun reynt án árangurs að endurlífga slíka starfsemi. Tvær fastar stöður við Iðnþróunarstofnun eru ekki setnar. (Þetta mun hafa breyst síðan skýrslan var samin). Og ekki hefur verið veitt fé fyrir nýjum stöðum við stofnunina síðan hún var sett á fót í núverandi mynd árið 1970.

6.5.5. Síðan 1971—2 hafa komið fram margir ráðunautar, sem reka ýmist einstaklingsskrifstofur eða lítil ráðgjafarfyrirtæki. Fimm slíkir íslenskir ráðunautar og einn erlendur tóku þátt í athugun og endurbótum á rekstrarafkomu, sem Iðnþróunarsjóður styrkti með helmingi kostnaðar.

6.5.6. Í hverju felst eiginlega brýnasta þörf trjáiðnaðarfyrirtækjanna, að því er varðar ráðunautaþjónustu á sviði rekstrartækni og rekstrarafkomu? Hún felst í því að taka þarf afstöðu til hinna ýmsu vandamála með fyrirtækið sem heild í huga. Einnig þarf að gera áætlun um, hvernig eigi að leysa vandamálin og í hvaða röð. Þá er þörf á greiningu til að skera úr um, hvað eigi að gera og hvernig, og hver geti gert það. Í stuttu máli þarf að gera eina eða fleiri áætlanir um kerfisbundna lausn á vandamálunum.

6.5.7. Það er á þessu sviði, sem fyrirtækin þurfa fyrst og fremst á hjálp sérfróðra manna að halda. Í áætlununum á einnig að vera yfirlit um nauðsynlegan ráðunautatíma (og starfsmannatíma) og lauslegt mat á kostnaði og hugsanlegum árangri, þannig að unnt sé að meta arðsemi verkefnisins og aðra kosti. Meðan verið er að vinna að verkefninu má nota upphaflegu áætlunina til að fylgjast með hvort raunveruleg þróun er eins og fyrirhugað var.

6.5.8. Í sjálfu sér skiptir minna máli hvort ráðunautar frá ríkisstofnun eða einkafyrirtæki leysa sjálf verkefnin, svo framarlega sem fyrirhugaður árangur næst innan reiknaðs kostnaðarramma.

6.5.9. Það tekur ríkisrekna ráðunautaþjónustu 2—3 ár að ná fótfestu og reikna verður með 6—8 ráðunautum til þess að ná yfir mikilvægustu sérsvið rekstrartækni og rekstrarhagfræði. Þar sem engir ráðunautar af þessu tagi eru nú við þær stofnanir, sem til eru, verður að notast við starfskraft utanfrá, ef menn vilja aðstoða við framkvæmd verkefna í smáatriðum.

6.5.10. Sérfræðingar, sem geta framkvæmt fyrrnefndar greiningar og gert tillögur um verkefnaáætlanir, eru ekki til á Íslandi sem stendur. Til þessara starfa þarf langa reynslu sem ráðunautur og þekkingu og reynslu í verkefnastjórnun. Stefna ber að því að finna mann, sem hefur nokkra reynslu sem ráðunautur og hefur sýnt frumkvæði og áhuga á slíku starfi. Síðan þarf að gera áætlun um þjálfun,

sem laga ber eftir manninum. Þar til búið er að finna hann og mennta verður að styðjast við erlenda aðstoð. En alltaf verða Íslendingar að taka þátt í starfinu.

6.5.11. Hin ríkisrekna tækniþjónusta á fyrst og fremst að treysta á ráðunauta af þessu tagi. Sérfræðingur á þessu sviði þarf 2—3 daga til að gera þær greiningar og verkefnalýsingar sem getið var um. Ef reiknað er með 2 greiningum á viku og 40 virkum vinnuvikum á ári, ætti einn maður að geta gert 80 greiningar á fyrirtækjum á ári. Það ætti að gera betur en að nægja til að fullnægja þörfum trjáiðnaðarins.

6.5.12. Aðstoðin við greiningar og samningu áætlana gæti líka náð til þess að hjálpa fyrirtækjunum við að velja ráðunauta. Það mundi raunverulega einnig verða til hjálpar íslenskum ráðunautaskrifstofum, sem hafa enn litla reynslu í að skilgreina verkefni sín, áætla tímanotkun, gera áætlun um aðgerðir og meta möguleika á árangri.

6.6. Prófanir, eftirlit og tilraunastarfsemi.

6.6.1. Rétt er að bíða nokkur ár með að koma á þessum þjónustuþáttum fyrir trjáiðnað. Búnaðurinn, sem er þegar til, er nýttur eins vel og kostur er. Segja þarf frá honum og hugsanlegri notkun hans í „Tré-fréttum“ og þegar fyrirtæki eru heimsótt.

6.6.2. Með tengsla- og upplýsingaþjónustunni fæst smám saman reynsla, sem gerir kleift að meta þörf fyrirtækjanna fyrir þjónustu á þessum sviðum. Síðan er hægt að haga öflun á búnaði eftir þörfinni.

6.6.3. Þegar keypt eru tæki ber að gæta þess að kaupa ekki hluti, sem eru þegar til við aðrar stofnanir eða ríkisfyrirtæki. Slík tæki eru yfirleitt ekki svo vel nýtt að ekki sé eitthvað aflögu til tækniþjónustu fyrir smáfyrirtæki.

6.7. Þörf fyrir starfsfólk og fjármagn.

6.7.1. Áður en á annað borð er stofnað til tækniþjónustu við trjáiðnað ber að tryggja að a. m. k. tveir fastir menn fáist til starfa.

6.7.2. Ekki ber að taka upp neitt verksvið í þjónustustofnun nema unnt sé að ráða til þess a. m. k. tvo menn. Hvernig er annars hægt að halda starfseminni uppi þegar veikindi verða, sumarleyfi, ferðalög í starfi og starfsmannaskipti?

6.7.3. Í fjárlagafrumvarpi 1974 er fallist á að veita Rannsóknastofnun iðnaðarins fé til þess að ráða einn sérfróðan starfsmann um trjáiðnað í 24. launaflokk. Af því leiðir, að leita verður úrræða til að ráða annan mann til tækniþjónustu í þágu trjáiðnaðar.

6.7.4. Semja þarf starfsáætlanir í smáatriðum fyrir fyrstu árin með hliðsjón af þeim tveim mönnum, sem ráðast til starfa. Menntun, hæfni, áhugamál og starfsgleði starfsmanna ráða úrslitum um það, hverju búast má við að koma í verk.

6.7.5. Þeir tveir menn sem verða ráðnir, ættu helst að spanna sem flest nauðsynleg þjónustusvið, auk þess sem þeir þurfa að gerþekkja á öllum stigum í trjáiðnaðarfyrirtæki. Þegar miðað er við tvo menn, mætti hugsa sér að annar þeirra hefði reynslu sem stjórnandi (forstjóri) og e. t. v. verkstjóri, en hinn væri iðnaðarmaður (útlærður húsgagnasmiður) og helst líka verkstjóri.

6.7.6. Með tilliti til þess að tengsla- og upplýsingaþjónustan þyrfti mjög gjarnan að komast í gagnið í byrjun, er eðlilegt að leita fyrst eftir stjórnandanum. Síðan mætti leggja sérstaka áherslu á þau svið þar sem hann skortir eitthvað á, þegar síðari starfsmaðurinn verður ráðinn.

6.7.7. Þessi litli hópur neyðist til að útvega starfskraft annars staðar að, eins og einnig er lagt til um önnur þjónustusvið. Sumt er hægt að kaupa innanlands, en annað þarf að fá erlendis frá. Nauðsynlegt er að tryggja fé til þess. Gera þarf nákvæma fjárhagsáætlun þegar starfsáætlun liggur ljós fyrir. Til viðmiðunar má reikna með að kaupa þurfi þjónustu sem nemur 1—2 mann-árum á Íslandi og samsvarandi erlendis frá, a. m. k. fyrstu árin. Erlenda aðstoðin miðast að nokkru við að þjálfa innlent starfsfólk, svo að e. t. v. gætu Sameinuðu þjóðirnar (UNIDO) veitt fé til þess hluta.

6.7.8. Eftir 3—5 ár ætti trjáiðnaðarskorin að geta staðið á eigin fótum, og mjög ætti að hafa dregið úr þörfinni fyrir hjálp erlendis frá. Þó verða alltaf not fyrir hugmyndir frá útlöndum — það á við í öllum löndum.

6.7.9. Ef haft er í huga að þessi iðngrein stendur undir um 10% af atvinnu og verðmætasköpun í öllum framleiðsluiðnaði, ætti að vera eðlilegt að stefna að því að verja til tækniþjónustu, sem á að aðstoða fyrirtækin, u. þ. b. 2% af þessari verðmætasköpun. Þess vegna ber að stefna að árlegri tekjuöflun, sem nemur um 12 milljónum króna (á verðlagi ársins 1971), til tækniþjónustu í þágu trjáiðnaðar.

6.7.10. Ef ekki er fáanlegt opinbert fé sem nálgast þessa tölu, verður að leita samvinnu við stofnanir og samtök, sem er einnig umhugað um að hafist verði handa.

Ed. 570. Breytingartillögur [113. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá Páli Þorsteinssyni og Jóni Árnasyni.

1. Við 6. gr. II. Þjónustustarfsemi. 8. töluliður falli niður.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. málsgr. ákv. til brb. I. orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráðs þess, er starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969.

Ed. 571. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 28. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Áður en hannað er húsnæði heimavistarskóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju eða öllu leyti, skal leita umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands um gerð hússins og innréttingu. Telji Ferðamálastofnunin, að væntanleg heimavistarbygging henti til starfrækslu sumarhótela, getur hún farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega.

Ed. 572. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 28. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Telji Ferðamálastofnunin, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur hún farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega.

Ed. 573. Frumvarp til laga [255. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. mars.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 569 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

a) til framkvæmda í raforkumálum 149 millj. kr.
b) til orkurannsókna 127 millj. kr.
c) til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland 100 millj. kr.
d) til Laxárvirkjunar 100 millj. kr.
e) til landshafna 18 millj. kr.
f) til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkárvirkjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 574. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um undirbúning að næstu stórvirkjun.

Frá allsherjarnefnd.

Efni till. er, að stefnt skuli að næstu stórvirkjun utan Þjórsársvæðisins, t. d. á Norðurlandi, og virkjunarrannsóknum og öðrum undirbúningi þannig hagað, að svo geti orðið.

Nefndin var sammála um afgreiðslu málsins.

Þar eð orkumál okkar, þ. á m. það efni, sem í till. greinir, eru á rannsóknarstigi hjá þeim stofnunum, sem með þau fara á vegum hins opinbera, þykir við svo búið rétt að leggja til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 24. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Bjarni Guðnason.	Ragnhildur Helgadóttir.	Jón G. Sólnes.

Sþ. 575. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um staðarval stóriðju og stórvirkjana á Norðurlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Efni tillögunnar er í fyrra lagi, að könnuð verði hagkvæmni þess að velja stóriðjufyrirtæki stað á Norðurlandi með hliðsjón af jákvæðri byggðaþróun og auknu öryggi í orkuöflun landsmanna, í öðru lagi, að lögð verði öflug miðlunarlína norður í land, Krafla verði jarðgufuvirkjuð og loks stefnt að Dettifossvirkjun.

Um hið fyrra atriði er það að segja, að viðræðunefndin um orkufrekan iðnað hefur haft það til könnunar og mun halda henni áfram. Þegar til aukins rafmagns kemur þar nyrðra, verður þetta mál vafalítið í brennipunkti.

Um hið síðara efni tillögunnar er þessa að geta: Ríkisstjórnin hefur þegar lagt fram frumvarp um Kröfluvirkjun og áformað, að frumvarpið nái fram að ganga. Orkustofnunin vinnur að undirbúningi að tengilínu milli Norðurlands og Suðurlands, þó að sú lína sé með öðrum hætti en í tillögunni greinir. Að rannsóknum í sambandi við Dettifossvirkjun hefur verið unnið um árabil.

Vafalaust verður haft samráð við forráðaaðila heima fyrir, eftir því sem mál þessi þróast.

Með skírskotun til þess, sem greint hefur verið, þykir rétt, að þingsályktunartillögunni verði við svo búið **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 24. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Bjarni Guðnason.	Ragnhildur Helgadóttir.	Jón G. Sólnes.

Nd. 576. Frumvarp til laga [61. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. mars.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands og hefur meðmæli deildarinnar og landlæknis.

Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Meðmæli skv 1. málsgr. þessarar greinar er óheimilt að veita, ef einhverjum meðmælanda er kunnugt um andlega ágalla hjá umsækjanda, sem gera mundu hann óhæfan til tannlæknisstarfa.

3. gr.

Ráðherra getur veitt manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. grein, tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni, enda uppfylli hann skilorð 2. greinar að öðru leyti.

4. gr.

Ef nauðsyn krefur, má um stundarsakir fela tannlæknisefni, sem lokið hefur tíu missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, að gegna störfum tannlæknis eða aðstoðartannlæknis, þar sem aðstaða er fyrir hendi, en ekki hefur reynst unnt að fá tannlækni til starfa, og hefur hann þá tímabundið tannlækningaleyfi á meðan.

Áður en ráðherra felur tannlæknisefni slík störf, skulu liggja fyrir meðmæli landlæknis ásamt umsögn forseta tannlæknadeildar Háskóla Íslands.

5. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir greiningu og meðferð á sjúkdómum í munni, tönnum og kjálkum.

Tannlæknar, sem hlotið hafa sérfræðingsviðurkenningu, mega vinna að sérfræðingsverkefnum sínum, þótt þau falli að nokkru eða öllu utan starfssviðs hins almenna tannlæknis. Á sama hátt getur ráðherra, eftir meðmælum tannlæknadeildar Háskóla Íslands og stjórnar Tannlæknafélags Íslands, veitt öðrum en sérfræðingum heimild til að vinna að sérhæfðum verkefnum.

6. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Tannlæknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðherra staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til þess að kalla sig sérfræðing, nema hann sanni fyrir tannlæknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.

Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir tannlæknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

7. gr.

Tannlæknum er heimilt að gefa lyf þau, sem á hverjum tíma eru tilgreind í lyfjaskrá fyrir tannlækna.

Tannlæknum er heimilt að afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þurfa við lækningar sínar og nota þau tæki og efni, er fram koma á hverjum tíma og þeir þurfa við starfa sinn, enda hafi þeir aflað sér þekkingar á meðferð þeirra. Svæfingu (narkosis) er tannlæknum óheimilt að beita.

8. gr.

Tannlæknum er heimilt að hafa sérhæft starfsfólk, svo sem tannsmiði, tanntækna o. fl., enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Enn fremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni, sem lokið hefur tíu missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, aðstoða sig við tannlæknisstörf, að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til og tannlæknadeild Háskóla Íslands mælir með.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks starfsfólks tannlækna.

9. gr.

Aðstoðarfólk samkvæmt 8. grein skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla.

Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki þeirra er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir, þar með talið tannréttingar og gervitanngerð.

10. gr.

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna, og helzt þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu tannlækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga, nr. 80/1969, eftir því sem við á.

12. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna viðkomandi.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur tannlækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

13. gr.

Nú telur landlæknir, að tannlæknir hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafist var, er hann fékk tannlækningaleyfi, og skýrir hann þá ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis, má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

14. gr.

Ákvæði læknalaga, nr. 80 frá 23. júní 1969, skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til settar hafa verið reglugerðir þær, sem greinir í 2. málsgrein 8. greinar, er tannlæknum heimilt að hafa aðstoðarfólk við störf á sama hátt og hingað til hefur tíðkast, enda starfi það fólk undir handleiðslu tannlæknis og á hans ábyrgð.

Nd. 577. Lög [201. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis.

(Afgreitt frá Nd. 25. mars.)

Samhljóða þskj. 353.

Nd. 578. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
29. gr. laganna orðist svo:
Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skulu geta notið lána samkvæmt H. kafla þessara laga eða samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason og Garðar Sigurðsson.

Alþingi, 25. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Stefán Valgeirsson, frsm. Ágúst Þorvaldsson.
Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 579. Fyrirspurnir. [282. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um kjarabætur til handa láglaunafólki.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hlaut láglaunafólk mestar kjarabætur við nýgerða kjarasamninga, eins og ríkisstjórn og ASÍ töldu höfuðnauðsyn á?
2. Hver varð hækkun á taxta Dagsbrúnar í samanburði við kauphækkun annarra vinnustétta innan ASÍ, mæld í krónum og hundraðshlutum?

II. Til dómsmálaráðherra um nám ökukennara.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvernig er háttað fræðslu og námi þeirra, sem taka ökukennarapróf?
2. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á námstilhögun, og ef svo er, þá hverjar?

Ed. 580. Frumvarp til laga [283. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:
Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vestfjörðum, Norðurlandi (tvö) og Austurlandi.
Útibúin skulu veita alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir, hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar.

Þau taka við umsóknum hvert af sínu svæði, yfirfara þær og afgreiða í samráði við yfirstjórn stofnunarinnar. Þau skulu einnig annast þá þætti, er lúta að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga á sínu starfssvæði, svo og aðra þá þætti félagslegra framkvæmda, er til greina koma, enda hljóti þeir samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar.

Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna, er þeim verður komið á. Afgreiðsla og útborgun lána skal fara fram í samvinnu við útibú Landsbankans á hverju svæði eða útibú annars ríkisbanka, og skulu bankaútibúin ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum.

Húsnæðismálastofnun ríkisins sér útibúunum fyrir nægilegu fé til afgreiðslu umsókna hverju sinni með tilliti til heildarútlána stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú krafa verður æ háværari og almennari úti á landsbyggðinni, að hvers konar þjónusta á vegum hins opinbera verði stóraukin, hún færð frá Reykjavík út í héruðin sem allra mest. Íbúarnir úti á landi una því eðlilega illa að þurfa að sækja flest stórt sem smátt til höfuðborgarinnar, oftast með ærnum kostnaði. Hinir ýmsu þjónustuþættir eru um margt ólíkir, sumir eru þess eðlis, að erfitt er að koma þjónustunni hvarvetna við, þó að þörf sé brýn og þjónustan eigi fullan rétt á sér.

Að þeim ber að stefna engu að síður, þó að róðurinn kunni að vera þungur.

Ýmsir þættir opinberrar þjónustu eru hins vegar þess eðlis, að fátt mælir því í gegn, að þeir séu sem víðast ræktir.

Er í þessu frv. að einum þeirra vikið. Svokölluð staðarvaldsnefnd, sem hefur það hlutverk að gera tillögur um flutning ríkisstofnana eða hluta þeirra frá Reykjavík út á landsbyggðina, hefur sérstaklega unnið að athugun þessara þjónustuþátta í samræmi við megintilganginn í öllu starfi sínu.

Nefndin skilar áliti í sumar, og án efa verða þar uppi tillögur svipaðs eðlis og hér er lagt til, bæði gagnvart þessari tilteknu stofnun sem og fjölmörgum öðrum.

Rétt er að viðra þessa hugmynd hér í frumvarpsformi, m. a. vegna þess að viðbrögð Alþingis við henni eru máske nokkur prófsteinn á hugmyndir og væntanlegar tillögur um hina ýmsu þætti opinberrar þjónustu, þó að vitanlega komi ný atriði til greina varðandi hvern einstakan þátt. Staðnæmst er við húsnæðismálin, einkum af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi eru húsnæðismálin meir í brennidepli á landsbyggðinni en nokkru sinni. Þar er nú meira byggt og af meiri fjölbreytni en áður.

Auk hinna almennu húsbygginga einstaklinga eru verkamannabústaðir, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og byggingar á vegum almennra byggingarfélaga.

Þessi gróska og hin öra uppbygging í kjölfar aukinnar atvinnu kallar blátt áfram á betri þjónustu, þjónustu, sem veitt er heima í landshlutunum.

Hún fæst ekki nema með einhverju því fyrirkomulagi, sem ráð er fyrir gert í frv.

Í öðru lagi hefur þess orðið átakanlega vart, hve erfitt er um vik, einkum einstökum húsbyggjendum, að þurfa allt hingað að sækja og af því hafa sprottið margs konar erfiðleikar, mikil mistök, sem oft hafa reynst hlutaðeigandi mjög dýr.

Ríkisvaldinu ber tvímælalaust skylda til að létta þeim álögum og kostnaðarauka af landsbyggðarfólki sem framast er kostur, og hér er inn á einn þátt þeirrar skyldu komið.

Útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins var t. d. ein höfuðkrafa húsnæðismálaráðstefnu á Austurlandi s. l. vor, og víðar hafa svipaðar kröfur komið fram.

Um fyrirkomulag og starfssvið þessara útibúa má lengi deila, þ. e. hvert á að vera vald þeirra og hvað á að vera í höndum yfirstjórnar Húsnæðismálastofnunarinnar.

Hér er lagt til, að vald og ákvarðanatekt verði sem mest í höndum útibúanna sjálfra, þó að samráð við yfirstjórn sé sjálfsagt og samþykki hennar þurfi til að koma, ef nýir þættir bætast í útlánakerfið.

Um yfirstjórn hvers útibús fyrir sig er engu slegið föstu, heldur yrði það að ákveðast af yfirstjórn stofnunarinnar og viðkomandi ráðherra og yrðu um það sett nánari ákvæði t. d. í reglugerð.

Að útibúin eru aðeins 4 í frv., stafar einfaldlega af því, að hæpið er að fara lengra í upphafi en að hafa útibú í þeim landshlutum, sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu.

Miðað við kjördæmi og aðstæður allar er réttast, að útibúin séu tvö á Norðurlandi.

Í frv. er beinlínis miðað við það, að skipulags- og verkfræðiskrifstofur komist á í landshlutunum, enda er það ákveðin stefna landshlutasamtakanna að hrinda því í framkvæmd. Milli útibúsins í hverju þessara kjördæma og skipulagsskrifstofu þarf að takast sem nánust samvinna og samstarf. Því er þessi málsgrein sett inn í frv.

Í núgildandi lögum er kveðið svo á, að veðlánakerfið skuli starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Varðandi afgreiðslu lánanna er því lagt til, að útibú Landsbankans eða útibú annars ríkisbanka sjái um þann þátt mála undir yfirstjórn veðdeildar Landsbankans í Reykjavík.

Á Norðurlandi vestra mun þetta vandamál, hvað útibú Landsbankans snertir, og þar yrði þá að finna aðra lausn mála, eins og lagt er til í frv.

Þetta hlýtur að vera vel framkvæmanlegt, og vaknar þá sú spurning um leið, hvort útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi ekki að vera á sama stað og viðkomandi bankaútibú.

Ráð er fyrir því gert, að Húsnæðismálastofnunin sjái útibúunum fyrir fé til afgreiðslu lána með tilliti til heildarútlána, og þá átt við það, að heildarfjárþörf og heildarlánsupphæð fyrir landið allt verði skoðuð af yfirstjórn og ákvörðun hennar verði útibúin að lúta. En auðvitað verður að ætla yfirstjórninni það eitt, að hún skipti lánsfénu á hverjum tíma af fullkomnu réttlæti.

Sumir hafa bent á þann möguleika, að hvert útibú hefði lágmarkskvóta af heildarfé því, sem til ráðstöfunar væri á hverjum tíma. Slíkt er ókleift, svo miklar sveiflur sem eru í húsbyggingum í hinum einstökum landshlutum.

Hér verður þörfin fyrst og fremst að skera úr um fjármögnun alla.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa.

Nd. 581. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Hún hafði samráð við stjórn lífeyrissjóðsins og kvaddi sér til ráðuneytis Guðjón Hansen tryggingafræðing. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum. Verða breytingartillögur nefndarinnar prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Á. Mathiesen.	Ásberg Sigurðsson.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. **582. Breytingartillögur** [168. mál]

við frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
   Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip. Þó skulu yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðum, er þau eru aðilar að, tryggðir í þeim sjóðum. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
   b. 3. málsliður 2. málsgr. falli niður.
   c. Síðasti málsliður 4. málsgr. orðist svo:
   Sömuleiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar, og skylt er að tryggja slíka menn áfram hjá sjóðnum, meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn.

2. Við 10. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
   Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsgr. 2. gr. tekur til, skulu reiknast af launum eftir því, sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma.
   b. 3. málsgr. („Fjárhæðir þessar“ o. s. frv.) falli niður.

3. Við 12. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.

4. Við 14. gr. Í stað 1. málsliðar 5. málsgr. komi tveir málsliðir, er orðist svo:
   Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9.

5. Við 23. gr. Í stað „árslok 1972“ á tveimur stöðum komi: árslok 1973, — og í stað „árslok 1973“ á tveimur stöðum komi: árslok 1974.

6. Á eftir 23. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkv. lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, skal frá 1. janúar 1985, er greiðslur samkv. þeim lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þessum sjóði. Sama gildir, ef hlutaðeigandi sjómaður á ekki aðild að neinum lífeyrissjóði, en hefði verið gjaldskyldur til þessa sjóðs, svo framarlega sem ákvæði laga þessara hefðu verið í gildi á þeim tíma, er hann lét af starfi.

7. Við 24. gr. Í stað „1. janúar 1973“ komi: 1. janúar 1974.

8. Fyrstu tveir málsliðir ákvæða til bráðabirgða orðist svo:
   Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna í

ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsgr. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1974.

Nd. 583. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Á Mathiesen.	Ásberg Sigurðsson.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 584. Frumvarp til laga [284. mál]

um innflutning og eldi sauðnauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita Búnaðarfélagi Íslands leyfi til að flytja sauðnaut til landsins með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Markmið innflutningsins er:

a) Að fá úr því skorið, hvort hérlend náttúruskilyrði henta þessari dýrategund, og auka þannig á fjölbreytni íslensks dýraríkis.
b) Að kanna, hvort ræktun sauðnauta getur orðið arðvænleg búgrein hér á landi.

3. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd innflutningsins og hefur yfirumsjón með vali lands fyrir sauðnautastöð og ræður ræktunarstefnunni.

Um ræktun og gæslu dýranna getur Búnaðarfélagið haft samvinnu við samtök áhugamanna, sem stofnuð kunna að vera í þessu skyni.

4. gr.

Áður en Búnaðarfélag Íslands hefst handa um innflutning, skal það hafa aflað samþykkis yfirdýralæknis, sem setur reglur um allt það, er lýtur að sóttvörnum og heilbrigðiseftirliti með dýrunum, eftir að ræktun þeirra er hafin hér á landi.

5. gr.

Dýrin skulu vera í einangraðri stöð, eins lengi og þurfa þykir að dómi yfirdýralæknis, til þess að öruggt sé, að þau flytji ekki með sér sjúkdóma, sem hættulegir gætu reynst íslensku búfé.

6. gr.

Nú hafa sauðnautin verið nægilega lengi í einangrunarstöð, að dómi yfirdýralæknis, og má þá flytja þau eða hluta þeirra út fyrir stöðina til framhaldsræktunar eða sleppa þeim lausum á til þess valinn stað eða staði, sem samþykktir eru af landbúnaðarráðherra og yfirdýralækni.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara eru úr gildi numin lög nr. 50 14. júní 1929.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Langt er síðan áhugi vaknaði hér á landi fyrir innflutningi sauðnauta. Til eru lög um þetta efni, lög nr. 50/1929. Á grundvelli þeirra voru á árunum 1929 og 1930 gerðar tvær tilraunir til innflutnings, önnur frá Grænlandi, hin frá Noregi. Alls voru þá fluttir inn 14 sauðnautskálfar.

Þessar tilraunir báru þó ekki tilætlaðan árangur, kálfarnir drápust allir, sá síðasti í október 1931.

Ekki er með öllu ljóst, hvað olli þessum dapurlegu endalokum, en víst er þó, að a. m. k. hluti af kálfahópnum drapst af vel þekktum búfjársjúkdómum, sem unnt hefði verið að koma í veg fyrir með góðri heilsugæslu og eftirliti dýralækna.

Þó að þessi tilraun færi þannig út um þúfur, hefur áhugi á innflutningi sauðnauta haldist og aukist nú hin síðari ár, m. a. vegna vel heppnaðra tilrauna bæði vestan hafs og austan til að útbreiða sauðnaut til nýrra heimkynna, bæði villt og tamin.

Búnaðarþing 1972 gerði samhljóða samþykkt um þetta efni. Stingur þingið upp á, að athugað sé:

„Hvort ekki er tímabært og æskilegt að gera nýja tilraun með innflutning sauðnauta í því skyni að mynda hjarðir á hentugum stöðum, t. d. í óbyggðum Vestfjarða."

Í greinargerð með ályktuninni segir Búnaðarþing m. a.:

„Nú hefur aftur vaknað áhugi á þessum dýrum hér á landi, bæði sprottinn af sömu hvötum og fyrr, þ. e. almennum náttúruáhuga, og einnig vegna hugsanlegra nytja af tömdum og hálftömdum hjörðum sauðnauta. Afurðir sauðnauta, og þó einkum ullin, eru mjög verðmæt vara, og er sauðnautabúskapur að vera nytsamleg atvinnugrein sums staðar í nyrstu héruðum Norður-Ameríku og nú síðast í Noregi í tilraunaskyni.

Er ástæða til að benda á eyðibyggðir N.-Ísafjarðarsýslu sem álitlegan stað fyrir dálitlar hjarðir sauðnauta, því þó að þar kunni eitthvað á að skorta, að örugg beit sé fyrir sauðnaut í mjög miklum áfreðum, þá mun vera auðvelt að líta eftir dýrunum, t. d. úr lofti, og sjá þeim fyrir aukafóðri, þegar nauðsyn krefur."

Auk þess, sem hér kemur fram, er vitað, að margir einstaklingar hafa brennandi áhuga á þessu máli og eru reiðubúnir að bindast samtökum um að hrinda því í framkvæmd í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands að fengnum tilskildum leyfum hjá dönskum og íslenskum stjórnvöldum, sem um það kæmu til með að fjalla.

Vegna breyttra viðhorfa þykir nú rétt að setja ný lög um þetta efni, heimildarlög, sem auðveldi framkvæmd þessa máls, þegar skilyrði eru fyrir hendi og nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 20. mars 1974.

Landbúnaðarnefnd
neðri deildar Alþingis,
Alþingi,
R.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 19. mars 1974 var gerð eftirfarandi bókun:

„Í samræmi við samþykkt Búnaðarþings 1972 um nýja tilraun til innflutnings sauðnauta hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands látið semja hjálagt uppkast að lagafrumvarpi um það efni. Er það ósk félagsins, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar taki við málinu og flytji það á Alþingi."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Sþ. 585. Tillaga til þingsályktunar [285. mál]

um breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., dags. 27. maí 1960.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sem nú er í gildi. Verði breytingin við það miðuð, að öll gjaldeyris- og innflutningsviðskipti verði auðveldari í framkvæmd en nú er, t. d. með því að minnka verulega eyðublaðanotkun, skýrslugerðir og þá umfangsmiklu skriffinnsku, sem nú er samfara afgreiðslu slíkra mála. Áhersla verði lögð á það, að ákvæði um vegferð fjármagns að og frá landinu verði gerð mun auðveldari en nú er. Bent er á sem áfanga í þessu máli, að við væntanlegar breytingar á umræddri reglugerð sé við það miðað, að ákvæði um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. verði hér á landi með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku. Stefnt verði að því, að væntanlegar breytingar á fyrrgreindri reglugerð taki gildi hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. júlí 1974.

Greinargerð.

Þegar núgildandi reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. var gefin út hinn 27. maí 1960, var stórt spor stigið í þá átt að gera öll mál viðkomandi gjaldeyris-, innflutnings- og fjármálum í heild mun auðveldari í framkvæmd en verið hafði. Þjóðin hafði um áratugi búið við margs konar kerfi hafta og takmarkana í sambandi við þessi mál, sem á margvíslegan hátt hafði verið dragbítur á athafnasemi, framkvæmdamöguleika og fjármagnssköpun einstaklinga og fyrirtækja og um leið eðlilegan hagvöxt þjóðarinnar í heild. Tilkoma fyrrgreindrar reglugerðar var því mikil úrbót á því vandræðaástandi, sem ríkt hafði í þessum málum til þess tíma, er hún tók gildi.

Á þeim nærri hálfum öðrum áratug, sem liðinn er, frá því að fyrrgreind reglugerð var gefin út, hafa hins vegar orðið svo örar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið, að dómi flm. þessarar tillögu, að mörg ákvæði núgildandi reglugerðar eru orðin algerlega úrelt og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegum hagvexti þjóðarinnar í heild.

Högum okkar er þann veg farið nú, að frá því að hafa um aldaraðir verið einangruð þjóð, erum við nú komnir í miðja þjóðbraut að því er snertir samskipti þjóð-

anna, og er þátttaka okkar í hinum mörgu alþjóðastofnunum, sem við höfum gerst aðilar að, og sívaxandi straumur erlendra ferðamanna til landsins glöggt dæmi þessum staðhæfingum til sönnunar.

Staðreyndirnar blasa því við okkur á þann hátt, að ef við ætlum okkur ekki beinlínis að dragast aftur úr á sviði viðskipta og fjármunamyndunar, þjóðinni allri til ómetanlegs tjóns, verðum við að haga athöfnum okkar á viðskipta- og fjármálasviðinu á þann veg, að þær samrýmist viðurkenndum alþjóðlegum leikreglum.

Flm. telur, að brýnasta og nauðsynlegasta aðgerðin til úrbóta í þessum málum og um leið sú auðveldasta sé að gera hið allra fyrsta breytingu á reglugerð þeirri, sem rætt er um í þingsályktunartillögu þessari. Alveg sérstaka áherslu leggur flm. á nauðsyn þess, að gerðar verði ráðstafanir til þess að gera vegferð fjármagns að og frá landinu greiðari en nú er. Flm. bendir á þá kosti, sem að hans áliti eru fólgnir í því, að hægt er á mjög svo auðveldan hátt að lagfæra með reglugerðarbreytingu helstu annmarkana, sem hann telur vera á þessum málum, í stað þess að þurfa að samþykkja lagabreytingu, sem þarfnast mundi mikillar undirbúningsvinnu og margs konar athugana, sem að sjálfsögðu tækju langan tíma og frestuðu um of þeim aðgerðum, sem flm. telur, að þurfi að koma til framkvæmda hið allra fyrsta.

Ed. 586. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist:

Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 26. mars 1974.

Ásgeir Bjarnason, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.

Ed. 587. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 61 19. maí 1971, um breyt. á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. mars 1974.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.
	Páll Þorsteinsson.	

Ed. 588. Frumvarp til laga [286. mál]

um ávana- og fíkniefni.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni.

Hugtakið ávana- og fíkniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

2. gr.

Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. málsgr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. málsgr., er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem ekki falla undir 2. gr., en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna og skráð eru sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni, sem vísindalegar rannsóknir benda til, að haft gætu slíka hættu í för með sér.

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra, er greinir í 1. málsgr., er einungis heimil lyfsölum og þeim, sem ráðherra hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Ráðherra getur sett frekari takmarkanir um slíka starfsemi og hann getur takmarkað og afturkallað leyfi hvenær sem er.

Kaup og móttaka efna, er greinir í 1. málsgr., frá lyfsölum, svo og varsla efnanna er einnig heimil þeim, sem við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávísanir.

Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna bönnuð.

4. gr.

Ákvæðum 2. og 3. greinar verður einnig beitt, eftir því sem við á, um hráefni, sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni.

5. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu efni, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal

sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum, ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á lögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna, sem lög þessi taka til, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

6. gr.

Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 2. gr. 1. mgr.: Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis. Ketóbemidón, Lýsergíð (LSD, LSD-25), Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílosíne, Psílotsín, Psílocybín, STP, DOM, Tetrahýdrócannabínólar, allir ísómerar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og hegningarlaganefnd, með væntanlega aðild að „Single convention on Narcotic Drugs 1961 og Convention on Psychotropic Substances 1971“ í huga.

Við samningu frumvarpsins hefur mjög verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um þetta efni, ekki síst dönskum lögum nr. 169/1955, sbr. 1. nr. 213/1965 og 277/1969.

I.

Ekki orkar tvímælis, að ávana- og fíkniefni og neysla þeirra fela í sér mikinn vanda fyrir þjóðfélög og einstaklinga víðsvegar um heim. Vísindalegar rannsóknir hafa fært mönnum heim sanninn um skaðvæni þessara efna, þótt vafalaust séu þau misjafnlega skaðvæn. Víða um lönd er talið að það séu ekki síst ungmenni, sem verði fíkniefnaneyslu að bráð. Varsla fíkni- og ávanaefna, afhending og hvers konar meðferð hefur verið lýst refsiverð hvarvetna í nálægum löndum vegna þeirrar hættu fyrir heilsu manna, sem samfara er neyslu þessara efna, og vegna þess, að margvísleg afbrot þykir mega rekja til neyslu þeirra.

Hér á landi voru fyrst sett lög 14/1923 um þetta efni, lög um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., en lög þessi voru að verulegu leyti reist á Haag-samþykktinni frá 23. janúar 1912, er Ísland gerðist að fullu aðili að árið 1921. Á þessum lögum var síðar gerð veruleg breyting með lögum nr. 43/1968 og nr. 25/1970, en lögin frá 1923 voru endurútgefin með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 77/1970, er nú gilda óbreytt. Lagabreytingarnar 1968 og 1970 stefndu í fyrsta lagi að því að rýmka svigrúm ráðuneytis til að mæla fyrir um, hvaða efni skyldu lúta lögum þessum. Í öðru lagi var háttsemi sú, sem lýst var refsiverð, víðtækari að miklum mun en eftir lögunum frá 1923, og var stefnt til höfuðs hvers konar meðferðar á efnum þessum og enn voru viðurlög þyngd, einkum refsing, sem gat orðið allt að 6 ára fangelsi, og eignarupptökuákvæði auk þess lögfest.

Á grundvelli laga 43/1968, 1. gr. (þ. e. 4. gr. laga nr. 14/1923, svo sem henni var breytt með lögum 43/1968) mælti dómsmálaráðuneytið með reglugerð nr. 257/1969 svo fyrir, að ákvæði laganna taki til eftirgreindra efna auk þeirra efna, sem falli undir 1. og 2. grein laganna: Kannabis (marihuana), lýsergíð (LSD), meskalín (peyote) og psílócybin, svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma. Var ákvörðun ráðuneytisins reist á því, að sannað þyki við vísindalega rannsókn, að efni þessi megi misnota eða að þau hafi slík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr. laganna.

Með lögum 52/1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, er mælt fyrir um stofnun sérstaks dóms er fjalla skal um brot á lögum nr. 77/1970 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skulu mál vegna brota þessara rekin og dæmd fyrir dómstól þessum. Var dómari í ávana- og fíkniefnamálum skipaður sl. sumar, og hefur hann nú með höndum víðtæka rannsókn þessara mála.

II.

Lögin nr. 77/1970 eru nokkuð brotakennd. Þau eru fólgin í stofnlögunum frá 1923 ásamt tvenns konar breytingum frá 1968 og 1970, svo sem að var vikið hér að framan. Falla breytingarlögin ekki allskostar vel að stofnlögunum og ýmislegt stendur þar til bóta, svo sem greint er í rækilegri ritgerð eftir Jónatan Þórmundsson, prófessor. „Eiturlyf og afbrot", í Úlfljóti 1972, XXV. árg. 3. tbl. Er til þessarar ritgerðar vísað hér í heild sinni. Er mjög tímabært að endurskoða lögin og semja ný heildarlög um þetta efni að stofni til. Jafnframt er þess að geta, að í grannlöndunum hefur verið farin sú leið að lögfesta refsiákvæði í almennum hegningarlögum um vörslu og ýmiskonar meðferð á fíkni- og ávanaefnum m. a. í því skyni að árétta, hve alvarlegum augum menn líta á þessi brot. Ráðuneytin eru þeirrar skoðnuar að þessa stefnu beri einnig að taka hér á landi, og hefir verið samið sérstakt frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem stefnir að því að koma á þessari skipan. Tengslin milli frv. þessara eru á þann veg, að í frv. til laga um fíkni- og ávanaefni eru efnisleg fyrirmæli, er leggja bann við vörslu og ýmis konar meðferð á efnum þessum, og þar eru einnig ákvæði um refsingu og önnur viðurlög við brotum. Í frumvarpi til breytingar á almennum hegningarlögum er ákvæði um refsingu fyrir öll þyngri brotin gegn lögum um ávana- og fíkniefni og eru refsimörk þar hærri en skv. fyrrgreindum lögum. Verður vikið að þessu atriði síðar.

III.

Með frv., sem hér er flutt, er stefnt að tiltölulega heillegri löggjöf um ávana- og fíkniefni, en lög 52/1973 voru þó látin halda sér. Þess er að geta, að í ýmsum lögum er vikið að æsandi eða deyfandi lyfjum, sbr. t. d. umferðarlög 40/1968, 24. gr. (akstur ökutækja), loftferðalög 34/1964 52. gr. (enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari sé hann m. a. vegna æsandi eða deyfandi lyfja óhæfur til að rækja starfa á tryggilegan hátt), í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39/1964 er rætt um misnotkun á öðrum slævandi eða örvandi efnum en áfengi, og í VI. kafla alm. hegningarlaga er rætt um notkun áfengis og deyfilyfja (57. gr.), sbr. og 17. gr. sömu laga, þar sem ákvæði er um brot, sem framin eru í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja, sbr. og t. d. læknalög 80/1969, V. kafli (sérákvæði um ávísanir lækna, ávana- og fíknilyf), sbr. og lyfsölulög 30/1963, 23. gr. og reglugerð um lyfseðla og afgreiðslu lyfja 30/1966, 6. gr. er fjallar um nautnalyf (eftirritunarskylda). Ekki er hagfellt að fella öll þessi ákvæði í heildarlög um ávana- og fíkniefni, enda varða þau sérstök tilvik og svið.

IV.

Mikið hefur kveðið að alþjóðlegu samstarfi í sambandi við ávana- og fíkniefni og lyf. Áður var drepið á ópíumsamþykktina, sem gerð var í Haag árið 1912. Önnur

ópíumsamþykkt var gerð í Genf 19. febrúar 1925 og hin þriðja er frá 13. júlí 1931. Sameinuðu þjóðirnar hafa látið sig þessi vandamál miklu skipta. Á ráðstefnu, sem þær boðuðu til, var árið 1961 samþykktur alþjóðasamningur um þetta efni. Single Convention on Narcotic Drugs. Samkvæmt honum er aðildarríkjum skylt að hafa eftirlit með og takmarka framleiðslu og viðskipti með þau efni, sem samningurinn tekur til, en þau eru miklu fleiri en eldri ópíum-samþykktunum var ætlað að ná til. Aðildarríkjum er skylt að setja lög, er mæla svo fyrir, að þessi efni verði aðeins afhent einstaklingum gegn lyfseðli, og er aðildarríkjum skylt að lögfesta ákvæði, sem leggja refsingu við vörslu, kaupum og sölu efna þessara, og eiga alvarleg brot að sæta fangelsi eða annars konar refsivist. Hömlur á meðferð efna þeirra, sem samningurinn tekur til, eru mismiklar, og er efnum skipað í 4 flokka í því sambandi. Alþjóðlegu eftirlitsnefndinni er falið eftirlit með samningnum svo og ávana- og fíkniefnanefnd Fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur enn ekki gerst aðili að samningi þessum, en að því stefnt, að svo verði, og hafa vissulega verið gerðar margar ráðstafanir af hálfu löggjafans og framkvæmdavalds hér á landi, sem eru í samræmi við þennan samning, og ganga raunar um sumt lengra en hann býður.

Árið 1971 var gerður nýr samningur „Convention on psychotropic Substances" (Vínar-sáttmálinn) og er honum ætlað að ná til ýmissa efna og lyfja, sem samningurinn frá 1961 tekur ekki til, þ. á m. ýmissa samtengdra efna, sem hætta stafar af, ofskynjunarefni, amfetamín, svefnlyf (barbitúröt) og róandi lyf. Í honum eru ákvæði um 4 flokka efna og lyfja, sem háð eru mismunandi ströngu eftirliti. Í I. flokki er m. a. LSD, og er þar nánast lagt algert bann við því, að það fyrirfinnist innan forráðasvæðis aðildarríkis. Í II. flokki eru amfetamínsefni, og eru þau háð svipuðu eftirliti og efni samkvæmt samningnum frá 1961. Í III. flokki eru svefnlyf (barbitúröt) og í IV. flokki ýmis róandi lyf, og er aðildarríkjum einkum lögð sú skylda á herðar að hafa virkt eftirlit með dreifingu þeirra og sumpart útflutningi. Þessi samningur hefur ekki enn gengið í gildi, en allmörg ríki hafa undirritað hann.

Minna má hér einnig á samþykktir Evrópuráðsins, svo og á ýmsar samþykktir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Við samningu þessa frumvarps er haft mið af alþjóðasamningnum frá 1961 og 1971, og er reynt að haga frv. svo að lögfesting þess skapi grundvöll undir aðild Íslands að samningum þessum, þótt í því efni reyni á ýmis önnur lög, sbr. t. d. lyfsölulögin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. málsgrein er ríkisstjórninni veitt heimild fyrir Íslands hönd, til að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni. Þeir samningar, sem nú er um að ræða eru:

1. Single Convention on Narcotic Drugs 30. mars 1961 ásamt bókun um breytingar á þeim samningi dags. 25. mars 1972.
2. Convention on psychotropic Substances 19. febrúar 1971.

Í 2. málsgrein segir almennt, að hugtakið ávana- og fíkniefni taki einnig til ávana- og fíknilyfja. Er óþjált að tala bæði um efni og lyf í þessu sambandi, og er því yfirleitt talað hér um efni, en jafnframt sleginn við varnagli til skýringar í þessu ákvæði.

Um 2. gr. sbr. 6. gr. og um 3. gr.

Í ákvæðum þessum eru sérstaklega greind þau ávana- og fíkniefni eða lyf, sem ætlunin er að stemma stigu við eða banna með öllu innflutning á, vörslu og meðferð hér á landi, svo og útflutning. Að öðru leyti er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimilað að mæla fyrir í reglugerð, um meðferð annarra ávana- og fíkniefna. Er þetta

svipuð stefna og tekin var upp 1968 og 1970, sbr. 4. gr. laga nr. 77/1970, en þess er þó að geta, að í 1.—3. gr. þeirra laga eru ópíum, ópíumsleyfar og afgangar, svo og morfín, kókaín og heróín sérstaklega tilgreind.

Telja verður almennt varhugavert að efnisinntak í háttsemi, sem refsing er lögð við, sé ekki greind til hlítar í refsiákvæði heldur velti að einhverju leyti á ákvörðunum framkvæmdavaldsins. Hér gegnir sérstöku máli. Örar breytingar verða í sambandi við ávana- og fíkniefni eða slík lyf og er gert ráð fyrir í alþjóðasamningum, að til sífelldrar endurskoðunar komi á ákvörðunum um þessi efni eða lyf, er undir samningana falla.

Tilgreining á öllum efnum þessum eða lyfjum í lagatextanum er miklum vandkvæðum bundin vegna sífelldra breytinga. Er þessu máli skipað í Norðurlandaríkjunum hinum með svipuðum hætti og hér er lagt til. Skal nú vikið að nokkrum þáttum 2. og 3. greinar.

A. **Ákvörðun á því, hver efni og lyf falli undir lögin.**

Heimild ráðherra til að kveða á um, að tiltekin efni eða lyf falli undir lögin horfir mismunandi við eftir atvikum, og skal það nú greint stuttlega:

1. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. sbr. 6. gr. er heimild ráðherra takmörkuð, að því leyti að tilgreind lyf eru bönnuð á íslensku forráðasvæði. Í 2. mgr. 2. gr. er heimild fyrir ráðherra til þess að kveða á, í reglugerð, um bann við vörslu og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem **sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum**. Hér er um að ræða alþjóðasamninga, sem Ísland hefur gerst aðili að. Í 3. mgr. 2. gr. er ráðherra veitt heimild til að veita undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. 2. gr. Er þar sérstaklega tekið mið af vísindalegum rannsóknum.
2. Samkvæmt upphafi 3. gr. er heimild ráðherra bundin við efni, sem ekki falla undir 2. gr. sbr. 1 hér að ofan, en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- eða fíkniefna eða lyfja, enda séu þau **skráð sem slík í alþjóðasamningum**, sem Ísland er aðili að. Varsla og meðferð þeirra efna og lyfja er ekki bönnuð, en notkun þeirra einskorðuð við það, **að þau séu notuð í „læknisfræðilegum eða vísindalegum tilgangi"**. Þá getur heimildin einnig verið fyrir hendi, ef vísindalegar rannsóknir bykja eindregið benda til þess, að efni eða lyf hafi slíka hættu í för með sér, sem greinir hér næst á undan. Samkvæmt þessu er heimild ráðherra settar lagaskorður, og er það með þeim hætti, að ekki þykir ástæða til að óttast að dómstólar muni telja hér of langt gengið í valdframsali frá löggjafarvaldi til framkvæmdavalds, miðað við þá túlkun, sem þykir mega leggja í dómvenjur á þessu sviði.

B. **Varsla, meðferð efna og lyfja samkv. 2. og 3. gr.**

Í þessu efni kemur fram meginmunur á efnum, sem falla undir 2. gr. annars vegar og 3. gr. hins vegar.

a. Ávana- og fíkniefni, **er falla undir 2. gr.**, eru **með öllu bönnuð** á íslensku forráðasvæði, nema sérstakt leyfi ráðherra komi til, sbr. 3. málsgr. 2. gr. Er samfellt bannákvæði um efni þau, sem falla undir fyrra og síðara málslið 2. gr. í 4. málsgr. 2. gr., og er til þess stofnað, að yfirleitt sé hvers konar varsla og meðferð efna þessara og lyfja refsiverð.
b. **Samkvæmt** 3. gr. er aðeins reist rönd við því, að efni þau eða lyf, sem þar greinir, verði notuð í öðru skyni en í læknisfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Samkvæmt því er innflutningur og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla **einungis heimil lyfsölum og öðrum þeim, er ráðherra veitir leyfi** til þessa, þó svo að kaup og móttaka lyfja og efna þessara frá lyfsölum og varsla þeirra sé einnig heimil þeim, sem

við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávísanir (sbr. 3. málsgr.). Að öðru leyti er innflutningur og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara lyfja og efna bannaður hér á landi.

Greinarmörk 2. og 3. greinar eru að verulegu leyti reist á flokkun í alþjóðasamþykktunum frá 1961 og 1971 á einstökum ávana- og fíkniefnum og lyfjum. Tekið skal fram, að þar sem talað er um afhendingu í 2. og 3. gr. er m. a. átt við það, er maður veitir öðrum ávana- eða fíkniefni. Varsla í sömu ákvæðum á m. a. við um geymslu. Orðalag 2. og 3. gr. nær til þess, er í vörslum farþega, sem hefur viðdvöl hér á landi, finnst ávana- eða fíkniefni, svo og ef þess konar efni finnst í farangri slíks manns eða í vörum og farangri, sem umhlaðið er hér á landi.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sett til öryggis og svarar að efni til ákvæðis í dönskum lögunum um ávana- og fíkniefni, og á m. a. við um samtengd efni og efnisblöndur, efnisleifar og afganga.

Um 5. gr.

Refsihámark skv. 1. málsgr. er 2 ár, en þess er að geta, að stórfelld brot eiga undir 173 gr. a. alm. hgl., ef framangreint frv. verður lögfest, og eru refsimörk þar 10 ár. Tæmir greint ákvæði alm. hgl. þá sök og á ekki að beita 5. gr. 1. málsgr. samfara því ákvæði. Refsimörk eru hér svipuð og í lögum á hinum Norðurlöndunum.

Um 2. málsgr. athugast, að brot gegn lögum þessum ber að reka og dæma samkvæmt lögum nr. 52/1973, en í sérstöku frv. er lagt til, að lítilsháttar breyting verði gerð á greindum lögum til þess að taka af öll tvímæli um, að brot gegn þessum lögum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, eigi að reka og dæma af dómi í ávana- og fíknimálum.

Í 3. málsgr. er lagt til, að heimilt sé að refsa fyrir brot, sem framin séu af ásetningi eða gáleysi, og er það gert til fyllingar og áréttingar á 18. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. málsgr. er það nýmæli, að heimilað er að refsa fyrir tilraun til brots og hlutdeild í því. Hæstiréttur hefir í dómi hrd. XLIII, bls. 345 refsað fyrir tilraun til brots á lögum 77/1970 samkvæmt löggjöfunum frá 1. gr. alm. hegningarlaga, en sjálfsagt er, að ótvírætt ákvæði sé um þetta í lögum.

Í 5. mgr. er fjallað um upptöku efna. Lagt er til, að upptökuákvæðið sé haft það rúmt, að efni, sem finnast í ólögmætri vörslu, skuli gera upptæk til ríkissjóðs. Þannig skal gera upptækt t. d. lyf, sem lög þessi taka til og afgreitt hefur verið á löglegan hátt úr lyfjabúð, en komist hefur í vörslu annars aðila með sölu eða annarri afhendingu, sem andstæð er lögum og almennum reglum um lyfseðla.

Í 6. mgr. er fjallað um upptöku andvirðis sölu, svo og upptöku muna. Lagt er til, að heimilt sé að gera upptækt fullt andvirði hverrar ólögmætrar sölu og ekki tekið tillit til kostnaðar við öflun efnisins.

Einnig er lagt til, að heimilt sé að gera upptæka hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna þeirra, sem lögin taka til. Getur þar verið um að ræða tæki til framleiðslu, muni notaða eða ætlaða til flutnings efnanna eða geymslu þeirra.

Um 6. gr.

Sbr. um 2. og 3. gr. þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Sþ. 589. Fyrirspurnir. [287. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni og Pálma Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að stofnun fiskiðnskóla í Siglufirði í samræmi við þingsályktun frá síðasta Alþingi?

II. Til menntamálaráðherra varðandi dreifingu sjónvarps.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessu ári til að koma sjónvarpi til byggða, sem enn hafa engin eða ófullnægjandi móttökuskilyrði fyrir sendingar sjónvarpsins?
2. Eru fyrirhugaðar nýjar fjármögnunarleiðir til að flýta dreifingu sjónvarps og til að endurbæta dreifingarkerfi sjónvarpsins?
3. Hefur verið gerð áætlun um það, hvenær hægt verði að ljúka dreifingu sjónvarps til þeirra aðila, sem geta vænst þess að geta notið sjónvarpssendinga á næstu árum?

Sþ. 590. Þingsályktun [48. mál]

um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum.

(Afgreitt frá Sþ. 26. mars.)

Samhljóða þskj. 50.

Sþ. 591. Þingsályktun [96. mál]

um athugun á breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

(Afgreitt frá Sþ. 26. mars.)

Samhljóða þskj. 113.

Nd. 592. Frumvarp til laga [129. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. mars.)

1. gr.

Bolungarvíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Hólshrepp og heitir Bolungarvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík verður bæjarfógeti í Bolungarvíkurkaupstað. Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum bæjarfógetum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, sem varða hagsmuni í Hólshreppi og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Norður-Ísafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Ef þessir aðilar ná ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 14 25. janúar 1934.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Nd. 593. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árið 1971.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og skrifstofa Alþingis borið saman frumvarp og ríkisreikning. Endurskoðendur hafa ekki vísað neinum atriðum til aðgerða Alþingis. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen,
Ásberg Sigurðsson,	Gylfi Þ. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 594. Tillaga til þingsályktunar [288. mál]

um græðslu Sauðlauksdalssanda.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela Landgræðslu ríkisins að gera áætlun um græðslu foksanda í Sauðlauksdal og á Sandodda og kæmi hún til framkvæmda á árunum 1974—1982 til minningar á þjóðhátíðarári um hinn mikla velgerðarmann þjóðarinnar, séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, sem kenndi þjóðinni að rækta jarðepli og neyta þeirra og einna fyrstur Íslendinga reyndi, svo að vitað sé, að sporna við landeyðingu vegna sandfoks.

Greinargerð.

Það mun flestra mál, að eitt stórbrotnasta áform, sem uppi er um aðgerðir til að minnast ellefu alda byggðar í landinu, að það sem síst verður kennt við fordild eða hégómaskap, er landnýtingar- og landgræðsluáætlun sú, sem ákveðið hefur verið að gera um landgræðslu og gróðurvernd, svo og alhliða skipulagningu á notkun landgæða.

Þessu ber mjög að fagna, og mun enginn sjá eftir því fjármagni, sem til þess verður varið.

Þessu áformi til framkvæmda hefur nú verið skipuð 7 manna nefnd, og skal hún, svo sem í erindisbréfi hennar segir, gera tillögur um, „á hvern hátt heppilegast sé að vinna að gerð þessarar áætlunar.“ Í því efni skal miða við, að hægt sé að minnast 11 alda byggðar landsins með heildarátaki um landgræðslu og gróðurvernd, svo og alhliða skipulagningu á notkun landsnytja.

Nefnd þessi hefur leitað samstarfs við marga aðila, meðal annars við landshlutasamtökin. Í riti miklu, „Landgræðsluáætlun 1974—1978“, sem Landnýtingar- og landgræðslunefnd hefur nýlega sent frá sér, er birt bréf nefndarinnar til landshlutasamtakanna, og endar bréfið á þessa leið:

„Er það tillaga nefndarinnar, að ríkið veiti landshlutasamtökunum fjárstuðning til þess, að þau hafi forustu um að undirbúa áætlanir um landnýtingarskipulag í samráði við sveitarstjórnir, eða sveitar- og sýslustjórnir. Þannig verði stuðlað að því, að undirbúningur hefjist sem allra fyrst í öllum landshlutum og að á þeim grundvelli verði síðan ákvarðaðar framkvæmdir, þ. á m. þær lagabætur, sem til þurfa að koma, og ráðstafanir aðrar til þess að stuðla að skynsamlegri nýtingu alls landsins.“

Ekki er flutningsmönnum þessarar tillögu kunnugt um, hvort eða hvar fyrstu aðgerðir í landgræðslumálum séu ráðnar. En hvað sem um það er, þá er einn sá staður á Vestfjörðum, sem ekki má gleymast, þegar minnast skal 11 alda byggðar í landinu með stórátaki í landgræðslumálum.

Það eru Sauðlauksdalssandar.

Sandfok frá Sauðlauksdalssöndum ógnar nú jörðunum Sauðlauksdal og Kvigindisdal með eyðingu, og hafa þeir tilburðir af opinberri hálfu, sem uppi hafa verið til heftingar sandfoksins, að litlu gagni komið og reynst kák eitt. Hins vegar hefur fátækur bóndi í nágrenninu náð slíkum árangri í ræktun sandsins, að full sönnun er fengin fyrir því, að hinum nöturlegu sandborgum á Sauðlauksdalssöndum má breyta í fagran, sléttan og arðsaman töðuvöll. Til þess ber ríkinu að leggja fram fé á bjóðhátíðarárinu og næstu árum. Hér er um mikið landflæmi að ræða, marga tugi hektara. Sem ræktað land gætu sandarnir orðið grundvöllur fóðurbirgðaforðabúrs héraðsins. En meðan sandfokið er óheft, getur það evtt góðum bújörðum í nágrenninu og í framhaldi af því e. t. v. byggðinni allri. Hér er því brýn nauðsyn myndarlegra aðgerða. En fleira kemur til.

Jafnframt því, sem ræktun Sauðlauksdalssanda félli á allan hátt fullkomlega inn í landgræðsluáform þjóðhátíðarársins til minningar um 1100 ára búsetu í landinu, væri ræktun þeirra ekki síður verðug minning um búsetu séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal.

Varla er gefið út svo lauslegt ágrip Íslandssögu, að séra Björns sé ekki minnst sem brautryðjanda jarðeplaræktar á Íslandi. Hann er fæddur 1724, fyrir réttum 250 árum, og fékk Sauðlauksdal árið 1752. Talið er, að árið 1754 hafi hann gert fyrstu tilraunir með ræktun jarðepla á staðnum, og vann hann ósleitilega að ræktun þeirra og útbreiðslu upp frá því.

Í Íslenskum æviskrám hinu mikla riti Páls Eggerts Ólasonar, segir svo m. a. um séra Björn í Sauðlauksdal:

„Hann gerðist umsýslumaður mikill og varð nafnkunnur af garðrækt og annarri

jarðyrkju, enda fékk hann fyrstur manna hérlendis, 1756, verðlaunapening frá konungi og varð bréfafélagi danska landbúnaðarfélagsins 1770.“

Og í Sögu Íslendinga, 6. bindi, eftir Pál Eggert, farast honum orð á þessa leið um séra Björn Halldórsson í kaflanum um „Nýmæli um búnað og sjávarútveg“:

„Frægastar eru garðyrkjuframkvæmdir séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, er hann hélt áfram óslitið, frá því hann settist þar að, 1752.... Varð hann fyrirmynd Íslendinga í jarðyrkju á sinni tíð og lengi síðan. Gekk honum vel að rækta ýmsar matjurtir, en þótt sýnt væri, að slíkt mætti takast, voru landsmenn seinir á sér að fylgja dæmi hans.“

Þetta er dómur sögunnar um séra Björn Halldórsson.

Enginn getur dregið í efa, að ræktun jarðepla og neysla þeirra hefur fremur en flest annað átt þátt í að bægja frá þjóðinni og afstýra hungursneyð og hallæri á 18. og 19. öld. Er því ekki of djúpt í ár tekið, þótt séra Björn Halldórsson sé nefndur meðal mestu velgerðarmanna íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar.

Þá leiðir annar þáttur í ævistarfi séra Björns Halldórssonar hugann beint að því máli, sem helgað er þjóðhátíðarárinu, nefnilega landgræðslunni og heftingu sandfoks.

Séra Björn gerðist nefnilega fyrstur Íslendinga, svo að vitað sé, til þess að reyna að afstýra eyðingu gróðurlendis af völdum sandfoks.

Hann lét byggja garðinn „Ranglát“, sem enn mótar fyrir. Átti hann að verja túnið í Sauðlauksdal fyrir sandfoki. En nafnið „Ranglátur“ fékk garðurinn af því, að prestur lagði það að fengnu samþykki stjórnvalda sem skyldukvöð á hjáleigubændur staðarins að vinna við byggingu garðsins og grjótaðdrætti.

Séra Björn Halldórsson fluttist frá Sauðlauksdal árið 1782, og fer tillagan fram á það að lokið verði rætkun Sauðlauksdalssanda á árinu 1982, eða m. ö. o. þegar rétt 200 ár eru liðin frá brottför hans frá Sauðlauksdal.

En séra Björns ber einnig að minnast vegna margs annars en brautryðjendastarfsins í garðyrkju og varnaraðgerða hans gegn sandfoki, þó að það beri hæst.

Hann var líka skáld gott, hálærður í guðfræði, latínu og grísku og einnig vel að sér í yngri málunum. Grasafræðiþekking hans var frábær. Og eftir hann liggja stórmerk búfræðirit, sem urðu mjög útbreidd meðal alþýðu manna. Ber þar hæst ritin Atla og Arnbjörgu. Telur Hannes Þorsteinsson þau, einkum Atla, vera „eitthvert hið besta búnaðarrit, sem samið hafi verið á íslenska tungu.“ „Gömlu bændurnir“ segir hann, „kunnu hann svo að segja utan að og vitnuðu í hann eins og bibliuna.“

Þá var séra Björn mjög vel að sér í íslenskri sagnfræði. Hann ritaði t. d. Æviminning Eggerts Ólafssonar, og annála ritaði hann um innlenda og erlenda viðburði. Síðari hluti þeirra er talinn einna merkastur íslenskra annála um og eftir miðbik 18. aldar. Er þar margs getið, sem hvergi finnst annars staðar. Hefur annáll þessi verið kallaður Sauðlauksdalsannáll, enda þar ritaður.

En þótt séra Björn Halldórsson væri þannig fjölhæfur og frábær vísindamaður, er talið, að hann hafi auk þess skarað fram úr flestum eða öllum samtímamönnum sínum að þekkingu á íslensku og íslenskri málfræði.

Og á því sviði vann hann sitt stærsta vísindaafrek. Hann samdi íslenska orðabók yfir gamla og nýja málið með latneskum þýðingum. Að þessu mikla og þarfa verki vann hann í 15 ár samfleytt.

Um orðabók Björns Halldórssonar lét P. E. Müller prófessor, síðar Sjálandsbiskup, svo um mælt í formála fyrir henni, „að það sé undrunar vert, að höfundurinn hafi getað afkastað slíku verki á svo afskekktum stað, ekki átt kost nauðsynlegra bóka, nema af skornum skammti og haft svo mörgum sundurleitum störfum að gegna, en hann hafi auk búsýslu og embættisanna stundað vísindi af svo miklu kappi, að ætla mætti, að hann hefði alið allan aldur sinn í lestrarstofu á einhverju höfuðbóli menntagyðjanna.“

Þetta er mikilsverður vitnisburður um það bókmenntalega þrekvirki, sem séra Björn vann með samningu orðabókarinnar. Enda hefur annar merkur maður sagt, að hún muni, auk alls annars, „standa sem óbrotgjarn minnisvarði yfir moldum hans.“

Um eitt af búfræðiritum séra Björns Halldórssonar er líka til ekki síður glæsilegur vitnisburður, og er höfundur hans einn af merkustu mönnum Íslandssögunnar fyrr og síðar, Jón Eiríksson konferensráð.

Hann segir svo í formálsorðum fyrir hinni miklu ritgerð Björns, „Grasnytjum“:

„Svo er prófasturinn, séra Björn, þjóðkunnur að mannkostum og lærdómi, eigi einungis úti á Íslandi og víðar hér í ríkjunum, heldur og einnig um Suðurlönd og vestur á Franz, að eigi þarf ég að leita honum né riti hans lofs með línum þessum.“

Þetta er mikilsvert lof af munni slíks manns sem Jón Eiríksson var.

Það er þessi maður, séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, sem flm. þessarar tillögu vilja, að Alþingi og íslenska þjóðin heiðri og minnist á viðeigandi og veglegan hátt með uppgræðslu Sauðlauksdalssanda. Verði verkið hafið á þjóðhátíðarárinu, sem helgað er græðslu lands og gróðurvernd, en nú eru 250 ár liðin frá fæðingu þessa stórmennis, og verði verkinu lokið eigi síðar en á árinu 1982, en þá eru rétt 200 ár liðin frá því séra Björn fluttist frá Sauðlauksdal.

Nd. 595. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins var til meðferðar eftir valdatöku núverandi ríkisstjórnar gagnrýndi stjórnarandstaðan mjög það frv. og þá stefnu, sem í því fólst. Gagnrýnin beindist fyrst og fremst að því, að í stað Efnahagsstofnunarinnar, sem starfað hafði að hagrannsóknum og áætlunargerð í nokkur ár og laut stjórn embættismanna undir yfirstjórn forsætisráðherra og í nánum tengslum við aðra ráðherra, lagði ríkisstjórnin til að sett yrði á laggirnar mikið bákn, Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hlutverk hinnar nýju stofnunar var m. a. að hafa á hendi hagrannsóknir og áætlunargerð fyrir ríkisstjórnina svo og stjórnun á lánveitingum framkvæmdasjóðs, undir stjórn pólitískra eftirlitsmanna stjórnarflokkanna.

Í ýtarlegu nefndaráliti gerðu sjálfstæðismenn grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem lágu til grundvallar andstöðu þeirra við málið. Auk þess að frv. stefndi að meiri afskiptum stjórnvalda af atvinnulífinu, meiri pólitískri íhlutun, var með frumvarpinu gert ráð fyrir því að hagfræðilegar rannsóknir skyldu vera undir pólitískri stjórn stjórnarflokkanna.

Stjórnarandstaðan beitti sér fyrir breytingum á frv., m. a. því, að hagrannsóknadeildin heyrði beint undir forsætisráðuneytið og fékk þá tillögu samþykkta.

Með frv. því, sem nú er flutt af ríkisstjórninni eru hagrannsóknir teknar frá Framkvæmdastofnun ríkisins og sérstakri stofnun, Hagrannsóknastofnun, falið að fara með þau mál og heyri stofnunin undir forsætisráðuneytið.

Ríkisstjórnin leggur því til, að horfið verði með hagrannsóknir til þess fyrirkomulags, sem Viðreisnarstjórnin mótaði og viðurkennir því frumhlaup sitt í þessu máli.

Í samræmi við okkar fyrri afstöðu, styðjum við undirritaðir frumvarpið, en teljum eðlilegt að Hagrannsóknastofnunin verði Alþingi og alþingismönnum einnig til ráðuneytis í efnahagsmálum og munum beita okkur fyrir flutningi breytingartillögu þar að lútandi.

Alþingi, 27. mars 1974.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Ásberg Sigurðsson.

Nd. **596. Frumvarp til laga** [289. mál]

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf allt að 600 millj. króna.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja þau skuldabréf, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

3. gr.

Skuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, má ríkissjóður einungis selja Viðlagasjóði og skulu þau vera óframseljanleg. Lánsfé það, sem aflað er með sölu ríkisskuldabréfa þessara, skal lagt inn á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann vegna skuldbindinga Viðlagasjóðs.

4. gr.

Þeim, sem fengið hafa bætur eða rétt eiga til bóta úr Viðlagasjóði vegna íbúðarhúsnæðis, sem eyðilagðist eða varð óíbúðarhæft í Heimaeyjargosinu, en hyggjast koma sér upp íbúðarhúsnæði á ný í Vestmannaeyjum, gefst kostur á að láta bætur sínar standa inni á reikningum á vegum Viðlagasjóðs. Innstæður á reikningum þessum verða verðtryggðar á sama hátt og skuldabréf þau, sem gefin kunna að vera út skv. lögum þessum, og er það forsenda verðtryggingar, að innstæðum verði varið til eigin íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum. Innlánstími og önnur kjör skulu ákveðin af fjármálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Viðlagasjóðs og Seðlabankans.

5. gr.

Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til á vegum Viðlagasjóðs með mótvirði þeirra ríkisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum þessum, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.

6. gr.

Skilyrði verðtryggingar skv. 4. og 5. gr. er, að óhafnar, en gjaldfallnar bætur verði færðar beint, skv. ávísan bótaþega, inn á verðtryggðan reikning hans, en þegar hafnar bætur skulu greiddar inn á verðtryggðan reikning fyrir 1. maí n. k., eigi þær einnig að falla undir verðtryggingarkjör.

7. gr.

Fjármálaráðherra ákveður að öðru leyti fyrirkomulag verðtrygginga, önnur kjör og tímalengd þeirra ríkisskuldabréfa, sem út kunna að verða gefin skv. lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem öllum er kunnugt, hefur þróun mála í Vestmannaeyjum og framtíðarhorfur þar, orðið mun hagstæðari en bjartsýnustu vonir stóðu til. Eldgosinu lauk í júnímánuði s. l., og hafa menn nú í meginatriðum gert sér grein fyrir hvert tjón varð á mannvirkjum í Vestmannaeyjum.

Gert er ráð fyrir nú, að um 400 íbúðir hafi orðið eldi að bráð eða eyðilagst af völdum gossins, eða tæpur þriðjungur byggðarinnar.

Fjöldi Vestmannaeyinga hefur þegar snúið heim og margir vilja snúa heim eins fljótt og unnt er. Tilfinnanlegur húsnæðisskortur er nú þegar fyrir hendi í Vestmannaeyjum og er nauðsynlegt að hefja þar byggingu íbúðarhúsnæðis hið allra fyrsta. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur þegar hafið undirbúning að skipulagningu nýs íbúðarhúsahverfis, og er þegar gert ráð fyrir, að þar verði milli 300 og 400 íbúðir. Ekki verður unnt að hefjast handa við byggingarframkvæmdirnar í stórum stíl fyrr en í sumar og á næsta ári og alllangan tíma tekur að reisa húsin og gera þau íbúðarhæf.

Viðlagasjóður greiðir eigendum eyðilagðra húsa bætur. Er gert ráð fyrir, að heildarbætur vegna þessa nemi um kr. 1 070 millj. Bótagreiðslur hófust í októbermánuði s. l. og er gert ráð fyrir, að þeim verði lokið á miðju þessu ári.

Þess er vænst, að flestir bótaeigendur hyggist byggja að nýju í Vestmannaeyjum. Nokkur tími mun líða, þar til þau hús verða íbúðarhæf. Af þessum ástæðum er ætlunin að gefa þeim, er bætur eiga, kost á því að láta þær standa inni á reikningi á vegum Viðlagasjóðs, enda séu þær verðtryggðar. Mætti hugsa sér, að þær mætti taka út í fyrsta lagi að einu ári liðnu frá því að bótagreiðslur hófust, enda liggi fyrir vottorð byggingarfulltrúa í Vestmannaeyjum, um að húsnæði hlutaðeiganda sé fokhelt. Lengst yrði verðtryggingin til fimm ára. Yrði nánara fyrirkomulag ákveðið af fjármálaráðherra í samráði við stjórn Viðlagasjóðs og Seðlabankans. Til þess að standast þessar skuldbindingar, mundi sjóðurinn kaupa verðtryggð skuldabréf af ríkissjóði. Þessi bréf yrðu ekki seld á almennum markaði.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Ed. 597. Frumvarp til laga [290. mál]

um skylduskil til safna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI
TILGANGUR

1. gr.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu, sem á er lögð í lögum þessum, er að tryggja,

a) að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem skilaskylda nær til;
b) að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
c) að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna, opinberrar stjórnsýslu eða annarra réttmætra þarfa.

II. KAFLI
SKILASKYLT EFNI

2. gr.

Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndaefni í viðtækasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákvæði 3. gr.

Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni, sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

Til skylduskila skulu ennfremur koma jafnmörg eintök hliðstæðs efnis, sem unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

3. gr.

Séu afbrigði í texta, myndaefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags, skulu koma til skylduskila þrjú eintök af algengustu gerð, en að auki eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó skilin undan þessu ákvæði.

4. gr.

Til skylduskila skulu koma sérprentanir og nýjar útgáfur, ennfremur endurprentanir, ef minnsta breyting er gerð á texta, myndaefni eða frágangi, enda þótt sama letursteypa eða filmusetning sé notuð og ekki talið um nýja útgáfu að ræða.

Skyldueintök skulu vera hrein og óskert. Bækur og tímarit skal afhenda í brotnum örkum.

5. gr.

Það efni, sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota, getur útgefandi ákveðið, að safn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu, ef óskað er. Sá tími, sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda, má ekki fara fram úr fyrningartíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið, að þann tíma, sem efni er innsiglað, séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni.

Af efni, sem opinber yfirvöld gera upptækt, skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

Ráðuneyti getur veitt undanþágu frá skylduskilum efnis, sem um er fjallað í þessari grein.

6. gr.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Landsbókasafni Íslands er falið að setja reglur um, hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skylduskilum.

III. KAFLI
FRAMKVÆMD SKYLDUSKILA

7. gr.

Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málslið 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málslið sömu gr.

8. gr.

Landsbókasafn Íslands veitir skyldueintökum viðtöku og hefur eftirlit með skylduskilum. Skilaskyldir aðilar skulu senda safninu eigi sjaldnar en einu sinni á ári það efni, sem þeim ber að skila, og skal skilum fyrir hvert ár lokið eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári. Skilum skal fylgja skrá í tvíriti, þar sem hið afhenta efni er greint lið fyrir lið, en hið smærra efni má þó flokka og greina fjölda eininga í hverjum flokki. Skránni skal fylgja skrifleg yfirlýsing hins skilaskylda aðila um, að honum beri ekki skv. lögum þessum að skila öðru efni en því, sem greint er á skránni. Hafi prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki ekki unnið neitt skilaskylt efni á árinu, skal eigi að síður senda Landsbókasafni skriflega yfirlýsingu um það. Landsbókasafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár.

9. gr.

Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki gjaldþrota eða hætti störfum, áður en skylduskil hafa að fullu verið innt af höndum, er þrotabúinu eða kostnaðaraðila hins unna efnis skylt að sjá um, að ákvæðum 2. gr. sé fullnægt.

IV. KAFLI
VARÐVEISLA OG MEÐFERÐ SKYLDUEINTAKA

10. gr.

Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

11. gr.

Landsbókasafn Íslands og Amtsbókasafnið á Akureyri skulu aðeins lána skyldueintök til afnota á lestrarsal. Háskólabókasafni er heimilt að lána út skyldueintök stofnunum háskólans, starfsmönnum og stúdentum vegna rannsókna þeirra, ennfremur öðrum söfnum innan lands og utan og stjórnsýslustofnunum.

12. gr.

Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lögum þessum, annað en smáprent.

V. KAFLI
VIÐURLÖG

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögregluyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

VI. KAFLI
GILDISTAKA

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er brjóta kunna í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðuneytið fól Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni, deildarstjóra í Landsbókasafni, og Knúti Hallssyni, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, að semja frumvarp um þetta efni. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Í frumvarpi því til laga um skylduskil til safna, sem hér er lagt fram, er þess freistað í upphafi að skýrgreina, hver sé raunverulegur tilgangur slíkra laga. En þeir aðilar, sem skilaskyldir hafa verið samkvæmt lögum um afhending skyldueintaka til bókasafna, samþykktum á Alþingi 24. febrúar 1949, hafa oft knúið á um það undanfarin ár, að lögin yrðu endurskoðuð og þá ekki síst að því, er varðaði tilgang þeirra og þar af leiðandi fjölda skyldueintaka.

Í fyrsta kafla laganna er fjallað um tilgang þeirra, en á það hefur í fyrri lagasetningu þótt bresta, að hann væri skýrður svo sem vert væri. Á fundi, sem haldinn var í Reykjavík í október s. l. á vegum Norræna rannsóknarbókavarðasambandsins, var m. a. rætt um þetta atriði, og er kaflinn um tilgang laganna saminn með hliðsjón af niðurstöðum þeirra umræðna.

Þegar í 2. kafla, um skilaskylt efni, segir, að íslenskar prentsmiðjur o. s. frv.

skuli halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, felur það í sér, að útgefandinn eða sá, er prenta eða margfalda lét, ber í raun kostnað af þeim.

Nýmæli er í íslenskum lögum, að afhenda skuli hljómplötur eða annars konar tón- og talupptökur, sem gefnar eru út. En nauðsynlegt er að tryggja, að þessu efni sé haldið örugglega til haga, engu síður en efni því, sem prentað er eða fjölfaldað með öðrum hætti.

Um það efni, sem ætlað er til takmarkaðra nota innan þröngs hóps og jafnvel er merkt sem trúnaðarmál, er vert að taka fram, að því ber að skila engu að síður. Það er Landsbókasafns (en ekki prentsmiðjunnar eða þess, er fjölfaldað hefur umrætt efni með öðrum hætti) að trygga það síðan, eins og fram kemur í lögunum, að með það verði farið af þeirri leynd, sem útgefandi ætlast til.

Um skil margvíslegs smærra efnis er það að segja, að enginn getur sagt fyrir um það með neinni vissu, á hvaða efni eða efnisflokka kann að reyna. Þótt mönnum virðist t. a. m. ýmiss konar smáprent í svipinn lítils vert eða jafnvel einskis vert, getur það, þegar saman kemur og oft fyrr en varir, reynst ómetanlegar heimildir.

Í 6. grein 2. kafla er nefnt ákveðið efni, er vera skuli undanþegið skylduskilum, en jafnframt um það atriði vísað til reglna, er Landsbókasafni Íslands er ætlað að setja um það, hvaða efni annað skuli vera undanþegið hinum lögbundnu skilum.

Í fjórða kafla er rætt um varðveislu og meðferð skyldueintaka.

Varðveisla alls hins skilaskylda efnis er ekki talin trygg til frambúðar, nema í Landsbókasafni séu tvö eintök af hverju einu og sé annað þeirra varðveitt sem hreint geymslueintak.

Til enn frekara öryggis á viðsjárverðum tímum þykir ennfremur nauðsynlegt, að eitt eintak sé varðveitt í öðrum landshluta, og er þá eðlilegt, að Akureyri verði fyrir valinu sem fjölmennasti bær og mestur framtíðarstaður utan höfuðborgarsvæðisins.

Til þess að varðveisla skyldueintaka verði þar sem tryggust, verður að binda not þeirra við lestrarsal, eins og fram kemur í lögunum.

Með ráðstöfun eins eintaks til Háskólabókasafns er í fyrsta lagi litið á brýna þörf Háskóla Íslands til þess að hafa jafnan sem greiðastan aðgang að hverju einu, stóru og smáu, vegna rannsókna hvers konar. En jafnframt er nauðsynlegt, að eitt safn geti, ef ríka nauðsyn ber til, léð öðrum söfnum og stjórnsýslustofnunum innan lands íslenskt efni, og loks erlendum söfnum, er hingað kunna að snúa sér um bókalán. Slíkar beiðnir hafa verið fremur fátíðar sökum þess, að þjóðbókasöfn á Norðurlöndum t. a. m., þar sem íslensk rit eru að vonum mest notuð utan Íslands, eru mjög birg að þeim og þá ekki síst vegna þess, að þau hafa um langt skeið notið góðs af ákvæðum íslenskra laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Þótt fyrir það taki nú með setningu hinna nýju laga, verður reynt með öðrum hætti að halda uppi bókaskiptum við söfn á Norðurlöndum og víðar.

Nd. 598. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. mars.)

1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skulu geta notið lána samkvæmt II. kafla þessara laga eða samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 599. Frumvarp til laga [178. mál]

um Félagsmálaskóla alþýðu.

(Eftir 2. umr. í Ed. 27. mars.)

Samhljóða þskj. 305 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar og um hagfræðileg efni.

Enn fremur skal kenna almennar fundarreglur, fundarstjórn, undirstöðuatriði bókfærslu, einkum að því er varðar bókhald sjóða og fjárgæslu verkalýðsfélaga.

Leggja skal áherslu á að þjálfa nemendur í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðu og riti og gera þá færa um að taka að sér félagsleg leiðbeinenda- og kennslustörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar.

Heimilt er að veita fræðslu um íslenska tungu og bókmenntir og kenna tvö eða fleiri tungumál eftir vali nemenda.

Nánari ákvæði um námsefni skulu sett í reglum, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans og félagsmálaráðherra staðfestir.

4. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára og séu félagar í stéttarfélagi.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði, að nemandi hafi lokið þátttöku í öðru nánar tilteknu námskeiði í skólanum.

Nd. 600. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur rætt frumvarpið og aflað sér upplýsinga um málið. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „200 metra breiðri strandlengju með báðum bökkum Laxár“ komi: 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „samkvæmt úrskurði menntamálaráðuneytis“ komi: eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Alþingi, 27. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.
Ellert B. Schram.	Benedikt Gröndal.	Ingvar Gíslason.
	Eyjólfur Konráð Jónsson.	

Ed. 601. Frumvarp til laga [146. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. mars.)

1. gr.

Eskifjarðarhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Eskifjarðarhrepp og heitir Eskifjarðarkaupstaður. Umdæmi þetta er í alþingiskjördæmi Austurlands.

2. gr.

Sýslumaður Suður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti Eskifjarðarkaupstaðar.

3. gr.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Suður-Múlasýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

Ed. 602. Frumvarp til laga [181. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. mars.)

1. gr.

Grindavíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Grindavíkurhrepp og heitir Grindavíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar,

ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Grindavíkurhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

Ed. 603. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum 67/1971 um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Aftan við 2. málslið 5. málsgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Á sama hátt má reikna lögheimilistíma eftirlifandi maka frá upphafi lögheimilistíma hins látna.

2. gr.

16. gr. hljóði svo:

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 16 700.00 við hverja fæðingu til móður, sem á lögheimili hér á landi.

Aldrei skal þó fæðingarstyrkur vera lægri en svo, að nægi fyrir dvöl konu í allt að 7 daga á þeirri fæðingardeild hér á landi, þar sem konan fæddi.

3. gr.

19. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Ef aðrar tekjur elli-eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginganna fara ekki fram úr kr. 30 þúsund á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 64 þúsund á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram kr. 30 þúsund á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru.

4. gr.

26. gr. orðist svo:

Fjölskyldubætur eru greiddar með börnum yngri en 16 ára umfram eitt í fjölskyldu. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna.

Séu bruttóárstekjur þeirra, sem foreldraráð hafa eða framfærslu annast, lægri en 700 þúsund kr. eða börn í fjölskyldu yngri en 16 ára 5 eða fleiri, skal þó greiða fjölskyldubætur með öllum börnum, sé um það sótt.

Árlegar fjölskyldubætur með barni skulu vera 15 þúsund kr.

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta greiðast að fullu úr ríkissjóði.

Ákvæði þetta taki gildi 1. júlí 1974.

5. gr.

b.-liður 43. greinar hljóði svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum, þó þannig að samlagsmaður greiði 150 kr. fyrir hverja komu til sérfræðings.

c.-liður 43. greinar hljóði svo:

Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri.

Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiði samlagsmaður ávallt fyrstu 100 krónurnar skv. lyfjaskrá I og fyrstu 150 krónurnar skv. lyfjaskrá II, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk, greiðir samlagsmaður það.

d.-liður 43. greinar hljóði svo:

Röntgengreiningu og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 250 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.

Á eftir h-lið 43. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkvæmt þessari grein til samræmis við gjaldskrárbreytingar.

Í síðustu málsgrein 43. greinar falli burt orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar".

6. gr.

Ný 44. gr. komi inn, svo hljóðandi, og númer annarra greina breytist til samræmis:

Sjúkrasamlög greiða að hálfu þá tannlæknaþjónustu, sem veitt er á heilsugæslustöðvum, hjá skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins semur við um þjónustu í þágu sjúkratrygginga.

Meðan uppbygging tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöðvum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu stendur yfir, skulu ákvæði 1. málsgr. aðeins gilda fyrir tiltekna þjónustu og tiltekna hópa fólks.

Frá 1. sept. 1974 skulu ákvæði 1. málsgr. gilda fyrir börn og unglinga 6—15 ára, enda leggi sveitarfélög 50% á móti. Greiða skal alla þjónustu, sem þessum aldursflokkum er veitt, hjá skólatannlækni eða á heilsugæslustöð. Sé ekki kostur á slíkri þjónustu á vegum viðkomandi sveitarfélags, er heimilt að greiða þjónustu fyrir þessa aldursflokka hjá hverjum þeim tannlækni, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við.

Frá 1. janúar 1975 skulu ákvæði 1. málsgreinar taka til barna 3—5 ára og 16 ára unglinga, ellilífeyrisþega, öryrkja samkv. 12. grein og vanfærra kvenna. Fyrir þessa hópa skal þó ekki greiða kostnað við gullfyllingar né krónu- og brúargerðir.

Ráðherra er heimilt að auka með reglugerð þá þjónustu, sem greiðslur samkvæmt 1. málsgr. taka til, eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar og fé er veitt til á fjárlögum.

7. gr.

c.-liður 50. greinar hljóði svo:

Örorkubætur og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17. gr.

8. gr.

Í niðurlagi 50. greinar, á eftir orðunum „undanfarandi 24 mánuði", komi ný setning, svo hljóðandi:

Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Síðasta málsgr. 72. greinar hljóði svo:

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

10. gr.

77. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda, sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m. a. kveða svo á, að lögheimilistími í öðru samningsríki skuli talinn jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 62. gr. og 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða.

11. gr.

Breyting sú á greiðslu fjölskyldubóta, sem felst í 4. gr., skal ekki hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er áfangi í þeirri heildarendurskoðun á tryggingakerfinu, sem tryggingamálaráðherra fól sérstakri nefnd að annast 1971.

Í nefndinni voru upphaflega skipuð: Geir Gunnarsson, alþingism., Páll Sigurðsson, ráðuneytisstj., Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarm. ráðherra, Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur og Tómas Karlsson, ritstjóri. Í ársbyrjun 1972 var þeim Oddi Ólafssyni, alþingismanni, og Sigurði Ingimundarsyni, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, bætt í nefndina. Ritari nefndarinnar er Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri.

Nefndin lagði fyrstu tillögur sínar fram haustið 1971. Voru höfuðatriði þeirra aukin tekjutrygging aldraðra og öryrkja, afnám beinna gjalda einstaklinga til tryggingakerfisins og jöfnun á réttarstöðu karla og kvenna gagnvart lögunum.

Haustið 1972 lagði nefndin aftur fram tillögur, sem fjölluðu einkum um skipulagsbreytingar á sjúkrasamlögum og tryggingaumboðum.

Að þessu sinni hefur nefndin fjallað um rýmkun á tekjutryggingarákvæðum, þátttöku trygginga í tannlæknakostnaði, niðurgreiðslu á kostnaði við röntgengreiningar og jöfnunargreiðslu á þeim hluta kostnaðar, sem samlagsmenn sjúkrasamlaga bera vegna lyfja og sérfræðiþjónustu auk minni háttar lagfæringa.

Til þess að afla fjár vegna þess kostnaðar, sem af ofangreindum ráðstöfunum leiðir, leggur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fram þá tillögu, að dregið verði úr greiðslu fjölskyldubóta til þeirra sem hafa útsvarsskyldar árstekjur að fjárhæð kr. 600 þúsund eða hærri, eins og greinir í 4. gr. frumvarps þessa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Með bráðabirgðalögum nr. 75 19. júlí 1971 var flýtt gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 67 20. apríl 1971 og þá miðað við 1. ágúst 1971 í stað 1. janúar 1972. 2. gr. nefndra bráðabirgðalaga fjallaði hins vegar um efnisbreytingu á lögum 67/1971, en greinin var svohljóðandi: Við 16. grein laganna komi ný málsgrein, sem hljóði svo: „Frá og með 1. ágúst 1971 skal þó fæðingarstyrkur aldrei vera lægri en svo, að nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild, þar sem konan fæddi."

Vegna misskilnings fórst fyrir að staðfesta þetta ákvæði eða taka það inn í breytingu á almannatryggingalögunum nr. 96/1971 og er því nauðsynlegt að leita samþykktar á þessu núna.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að gefa því fólki, sem á rétt á lágum greiðslum úr lífeyrissjóðum eða getur aflað sér smávægilegra tekna, kost á því að njóta jafnhliða góðs af tekjutryggingu almannatrygginga. Gert er ráð fyrir að uppbót á almennan lífeyri haldist að fullu, þó bótaþegi hafi tekjur, sem nema kr. 2 500.00 á mánuði, en síðan skerðist uppbótin um helming annarra tekna, sem við bætast.

Miðað við upphæð tekjutryggingaruppbótar janúar 1974, kr. 5 336 á mánuði, lækkar uppbótin frá þeirri upphæð niður í núll, þegar mánaðartekjur hækka frá kr. 2500 kr. upp í kr. 13 172.

Erfitt er að gera nákvæma áætlun um útgjaldaaukningu almannatrygginga vegna þessa ákvæðis en Tryggingastofnun ríkisins telur að sennilega sé hér um 250 milljónir að ræða á ársgrundvelli.

Um 4. gr.

Með þessari grein er dregið úr greiðslu fjölskyldubóta til þeirra, sem sæmileg fjárráð hafa. Samkvæmt lauslegu mati hagrannsóknastjóra, mundi þessi skerðing spara ríkinu um 330 milljónir kr. á ársgrundvelli, ef hún tæki til allra fjölskyldna með ártekjur yfir 700 þúsund krónur.

Nokkur hluti sparnaðarins mundi þó tapast aftur árið eftir breytinguna vegna tilsvarandi lækkunar skattgjaldstekna.

Sé skerðingin ekki látin ná til stærstu fjölskyldnanna, eins og hér er gert ráð fyrir, má áætla sparnaðinn um kr. 300 millj. fyrsta árið.

Um 5. gr.

Breytingin á b-lið 43. greinar hefur það í för með sér, að í stað fjórðungsgjalds af misdýrri skoðun hjá sérfræðingi, greiða allir jafnt fyrir komu til sérfræðings eins og nú gildir um greiðslur til heimilislækna. Sé reiknað með að jafnaðargjald þetta sé kr. 150.— eins og lagt er til í frumvarpinu, ættu heildargreiðslur samlagsmanna eftir sem áður að nema um ¼ heildarkostnaðarins vegna slíkrar sérfræðingsþjónustu.

Breytingin á c-lið 43. greinar hnígur í þessa sömu átt, þ. e. a. s. að núverandi heildargreiðslum samlagsmanna vegna lyfjakaupa er jafnað niður í fastagjald í tveim flokkum. Lægri greiðsla vegna lyfja, sem framleidd eru hér á landi og eru ódýrari en erlend lyf. Þessi innlendu lyf eru verðlögð samkvæmt lyfjaverðskrá I en þau innfluttu samkvæmt lyfjaverðskrá II.

Breytingin á d-lið er á sama hátt jöfnun á hlut samlagsmanna, en jafnframt aukin niðurgreiðsla sjúkrasamlaga vegna röntgenskoðana, sem framkvæmdar eru á fólki án þess að um innlagningu á sjúkrahús sé að ræða. Erfitt er að meta kostnað vegna þessa liðar, en hann gæti jafnframt falið í sér nokkurn sparnað sjúkratryggginganna með því að stuðla að hlutfallslegri aukningu á rannsóknum á sjúklingum utan sjúkrahúsa, eftir því sem við verður komið.

Um 6. gr.

Með þesari grein er í fyrsta sinn kveðið á um skyldubundna þátttöku sjúkrasamlaga í kostnaði vegna tannlækninga.

Þar sem ekki er gerlegt að veita öllum landsmönnum þegar í stað niðurgreidda tannlæknaþjónustu, vegna skorts á tannlæknum og aðstöðu til tannlækninga, er hér aðeins gert ráð fyrir byrjunaráfanga. Æskilegt hefði verið að geta lagt fram tímabundna áætlun um útvíkkun kerfisins þar til það hefði náð til allra landsmanna, en þar sem ekki er hægt að fullyrða hve hratt uppbyggingin getur gengið, eru hér aðeins afmarkaðir áfangar áranna 1974 og 1975. Síðari áfanga er ráðgert að ákveða með reglugerð.

Miðað er við að 6 ára börn á skólaskyldualdri njóti þessarar þjónustu frá byrjun skólaárs haustið 1974 og að sveitarfélög greiði helming þjónustunnar. Árs-

kostnaður við þessa auknu þjónustu umfram það, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum vegna skólatannlækna, ætti að vera nálægt 45 milljónum kr.

Á árinu 1975 er lagt til að bætt verði nánar tilgreindum hópum, en jafnframt er þjónusta við þá takmörkuð að nokkru og ekki gert ráð fyrir framlagi sveitarfélaga vegna þeirra.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að saman megi fara greiðsla örorkustyrks og greiðsla ekkju- eða ekkilsbóta skv. 17. gr., en svo er ekki nú.

Yrði breyting þessi samþykkt, nytu örorkustyrkþegar framvegis sama réttar og örorkulífeyrisþegar að þessu leyti.

Um 8. gr.

Endurskoðunarnefndin er sammála um að leggja til að veita tryggingaráði heimild til að víkja frá ströngustu túlkun niðurlagsákvæðis 50. greinar, enda sé um sérstakar ástæður að ræða hverju sinni.

Um 9. gr.

Hér er aðeins lagt til að eitt og hið sama gangi yfir handhafa meðlagsúrskurðar hvort sem hann er karl eða kona.

Um 10 gr.

Tilefni til hugmyndarinnar um breytingu á 77. gr. almannatryggingalaga er sú endurskoðun á samningi Norðurlanda um félagslegt öryggi, sem nú er unnið að. Upphaflegur samningur frá 1955 var lagður fyrir Alþingi, sbr. lög nr. 53/1956, en hins vegar hefur ekki verið leitað staðfestingar Alþingis á breytingum þeim, sem á samningnum hafa verið gerðar. Heimild til samningsgerðar er í 77. gr. núgildandi almannatryggingalaga.

Talið er, að í núverandi orðalagi 77. gr. felist ekki heimild til að veita íslenskum ríkisborgurum meiri rétt en þann, sem er veittur samkvæmt lögunum. Þetta atriði skiptir máli í tveimur tilvikum, þ. e. í fyrsta lagi, þegar Íslendingar flytjast heim og taka þarf tillit til búsetutíma annars staðar á Norðurlöndum, og í öðru lagi, þegar greiða þarf lífeyri úr landi um allt að þriggja ára skeið, uns biðtímaskilyrði samningsins fyrir lífeyrisrétti í því landi sem flust er til, eru uppfyllt. Mál af fyrrnefndu tagi verða stundum, en ekki alltaf, leyst með því að nota heimildarákvæði 19. gr. um uppbót á elli- og örorkulífeyri. Til þess að leysa mál af síðarnefndu tagi má beita ákvæðum 62. gr. og 1. töluliðar ákvæða til bráðabirgða, en séu þau ákvæði skýrð þröngt, geta þau vart talist fullnægjandi í því sambandi, sem hér um ræðir.

Með hinu nýja orðalagi á 1. málslið 77. gr. er við það átt, að bæði geti verið um að ræða milliríkjasamninga og samninga milli stofnana, sbr. sjúkratryggingasamning Norðurlanda. Þá geta slíkir samningar tekið til fleiri einstaklinga en ríkisborgara hlutaðeigandi ríkja, og er sjúkratryggingasamningurinn dæmi um það.

Ekki verður um það fullyrt, hvort nefnd breyting á 77. gr. nægir til þess, að komist verði hjá staðfestingu nýs samnings um félagslegt öryggi með lögum frá Alþingi. Ný atriði gætu komið fram á síðara stigi málsins, og ennfremur nær samningurinn til fleiri þátta félagslegs öryggis en almannatrygginga. Hins vegar hafa breytingar verið tíðar á ákvæðum, er varða almannatryggingar, og hefði verið þunglamalegt að þurfa að leita hverju sinni til Alþingis um þær.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að breytingar þær á fjölskyldubótagreiðslum, sem felast í frumvarpinu hafi ekki áhrif á kaupgreiðsluvísitölu.

Frumvarpið felur í sér tilfærslur innan tryggingakerfisins lágtekjufólki í hag, þannig að heildargreiðslur til bótaþega verða óbreyttar. Því er ekki réttmætt að láta þessar tilfærslur valda breytingu á almennri kaupgreiðsluvísitölu í landinu.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 604. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag. Þar mætti til viðtals Helgi Bergs bankastjóri, formaður stjórnar Viðlagasjóðs, og Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands. Gáfu þeir ýmsar upplýsingar um málið. Urðu nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Þórarinn Þórarinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason.
Ásberg Sigurðsson.

Ed. 605. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er komið frá neðri deild. Fjarverandi afgreiðslu voru: Páll Þorsteinsson, Steingr. Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 28. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.
Helgi Seljan, fundaskr., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.
Auður Auðuns.

Nd. 606. Frumvarp til laga [292. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis með ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldi, sem lagt er á söluskattsstofn með l. nr. 5 28. febr. 1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1 gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.
b) Til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

3. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt l. 5/1974, skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr. svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Sveitarstjórnir skulu gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

4. gr.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, var ákveðið að leggja á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og l. 10/1960 um söluskatt taka til, og skyldi gjaldið koma í stað hálfs viðlagagjalds sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. l. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Samkvæmt áætlun hagrannsóknardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins er gert ráð fyrir því, að tekjur skv. l. 5/1974 muni nema 800 millj. króna á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975. Í athugasemdum með frumvarpi til l. 5/1974 voru ýmsar tölulegar upplýsingar, svo sem áætlanir um skiptingu íbúafjölda eftir hitagjafa í árslok 1973 og um heildarkostnað við kyndingu íbúða á árunum 1973 og 1974 og vísast til þess, sem þar er sagt.

Í l. 5/1974 er ekki fjallað um ráðstöfun á tekjum af gjaldinu, en í 2. gr. laganna segir, að þeim verði ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum, og þess vegna er þetta frumvarp lagt fram.

Tilgangurinn með þessum lagasetningum er að draga úr aðstöðumun landsmanna eftir því við hvaða hitagjafa þeir búa, og létta þannig byrðina á þeim hluta landsmanna, sem búa við olíukyndingu.

Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir því, hversu mikið er unnt með þessu móti að draga úr áhrifum olíuverðhækkana til hitunar íbúðarhúsnæðis, en miðað við lauslega áætlun ætti bilið milli hitunarkostnaðar með olíu og hitaveitu í heild ekki að aukast frá því, sem var í desember 1973.

Í 2. gr. frumvarps þessa er fjallað um það, hvernig tekjum af gjaldi samkvæmt l. 5/1974 skuli varið. Er í fyrsta lagi um að ræða greiðslu til þeirra einstaklinga, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Svo sem fram kemur í 1. gr. l. 5/1974 er ætlast til, að ráðstafanir þessar verði bundnar við íbúðarhúsnæði, enda leyfa tekjur af gjaldinu ekki, að ráðstafanirnar nái til fleiri neysluflokka, a. m. k. yrðu verðlækkunaráhrifin þá miklu minni og kæmu ekki að nægu gagni.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að sama upphæð greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, og renni greiðslan til hvers framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og ekki eru sjálfstæðir framteljendur. Er þetta hagkvæmari og sanngjarnari regla en að miða við íbúðastærð.

Ef sú leið yrði farin að greiða niður olíuverð, er óhjákvæmilegt, að tekjurnar renni til lækkunar á verði fleiri neysluflokka en olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. Ennfremur væri með þeirri aðferð dregið úr viðleitni til betri nýtingar olíunnar eða til að nýta innlenda orkugjafa. Auk þess væri slík niðurgreiðsluleið mun erfiðari í framkvæmd.

Í lok a. liðar 2. gr. er svo kveðið á um, að greiðslan skuli ekki talin til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Í b. lið 2. gr. er ákvæði, sem veitir heimild til þess að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða. Þykir rétt að hafa heimild þessa, ef rafmagn til húsahitunar þyrfti að hækka verulega í verði, þar sem raforka er framleidd með disilafli.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið svo á um, að tekjum af gjaldi skv. l. 5/1974 skuli úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr., svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Eðlilegast er einnig, að sveitarstjórnir afli upplýsinga um fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

Í 4. gr. frumvarpsins er viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo sem um upphæð greiðslna, hversu oft greiðslur skuli fara fram o. fl.

Nd. 607. Frumvarp til laga [293. mál]

um fjáröflun til vegagerðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni, er fellur undir tollskrárnúmer 27—10—29. Gjald þetta skal frá og með 1. janúar 1975 nema 15.00 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema 45.00 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

3. gr.

Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

4. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni, er miðist við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensíni, er sönnur eru færðar á, að hafi ekki verið notað og verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

5. gr.

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1975 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

a) Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga eða léttari greiðast kr. 39 000.
b) Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 39 000 og auk þess kr. 1 350 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

6. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt skv. ökumælum, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun og viðgerðir. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um áætlun á þungaskatti sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma og heimilað á sama hátt, að bifreið sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í hana á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreiðina til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er ennfremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ákveða má í reglugerð, að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd). Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem bessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga, innheimtu og áætlun þungaskatts. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð, að heimilt sé að taka festi- og tengivagna úr umferð, sé mælir ekki settur í þá á tilskildum tíma eða ekki komið með þá til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 krónum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Bensíngjald og þungaskattur sá, sem tilgreindur er í lögum þessum, eða ákveðinn verður með reglugerð, sbr. ákv. 1. og 4. mgr. 7. gr., skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957. Grunntaxtar bensíngjalds og þungaskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. mars 1974, þ. e. 998 stig.

9. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a og b-lið 5. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákv. 2. mgr. 7. gr. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu leyti við landbúnaðarstörf.

10. gr.

Innheimtu bensíngjalds, gúmmígjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

11. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur, sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning, umskráning og skráning eigendaskipta bifreiðar skal ekki fara fram, nema þungaskattur af bifreiðinni skv. a og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningadags sé um að ræða þungaskatt samkv. ökumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur hefur lögtaksrétt og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

13. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna, sem aflað verður skv. ákvæðum laga þessara, veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974 sbr. lög nr. 99/1971.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1974 skal bensíngjald skv. 1. gr. nema kr. 14.00 af hverjum lítra.

II. Af bifreiðum, sem nota bensín að eldsneyti skal á árinu 1974 greiða þungaskatt kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
Af bifhjólum skal greiða kr. 450.00 í þungaskatt á árinu 1974.

III. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín skal á árinu 1974 í stað gjalds skv. 5. gr. þessara laga greiða þungaskatt sem hér segir:
a. Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.
b. Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 27 500 og auk þess kr. 950 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.
Fyrir tímabilið 1. mars 1974 til 31. desember skal að auki greiða skattauka sem hér segir:
a. Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðist kr. 8 600 skattauki.
b. Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðist kr. 8 600 skattauki og auk þess kr. 300 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.
Eindagi þungaskatts og skattauka skv. ákvæðum til bráðabirgða II og III er 1. apríl 1974.

IV. Gjald skv. ákvæði til bráðabirgða I tekur einnig til bensínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi og gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða, sem til eru í landinu 1. janúar 1975. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
Gjaldið skal greiða, hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 verið greitt af birgðum, sem til eru við gildistöku laga þessara, skal greiða kr. 4.13 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda. Hafi gjald skv. ákvæði til bráðabirgða I verið greitt af birgðum, sem til eru 1. janúar 1975 skal greiða kr. 1.00 af hverjum lítra slíkra birgða, sem eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda. Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar. Sama gildir um þá, er eiga eða hafa umráð 300 lítra af bensíni þann 1. janúar 1975. Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir gildistöku þessara laga. Sömu upplýsingar getur innheimtumaður krafist um sölu fyrir áramótin 1974/1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er annars vegar að því stefnt að afla fjár til vegagerðar og hins vegar að fella niður 38 gjöld, sem lögð eru á notendur bifreiða.

Gerir frumvarpið ráð fyrir, að gjöld af bensíni og þungaskattur dísilbifreiða hækki þann 1. apríl n. k. og aftur um áramótin 1974/1975. Frá 1. janúar 1975 falli hins vegar margvíslegar álögur niður, sem til þessa hafa verið lagðar á bifreiðaeigendur. Hækkun gjaldanna 1. janúar 1975 er ætlað að mæta tekjumissi ríkissjóðs vegna fækkunar gjaldstofna. Fyrir Alþingi munu því verða lögð 4 frumvörp um niðurfellingu gjalda. Lagt er til, að í stað gjalda þessara verði eitt gjald lagt á notendur bensínknúinna ökutækja — bensíngjald — og annað á notendur dísilbifreiða — þungaskattur.

Gjöld þau, sem lagt er til að niður verði felld eru þessi:

Þungaskattur af bensínbifreiðum og bifhjólum sbr. a og c-lið 87. gr. laga nr. 80/1973.

Slysatryggingagjald ökumanns, sbr. c-lið 29. gr. og 36. gr. laga nr. 67/1971.
Skírteinagjöld, sbr. 2.—5. tl. 30. gr. laga nr. 104/1965.

Gjald fyrir ökuskírteini bifreiðastjóra,
— — alþjóðlegt ökuskírteini,
— — bifreiðaskírteini alþjóðlegt,
— — skírteini til aksturs bifhjóls.

Skírteinagjöld, sbr. 28. gr. og 31. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 52. gr. rgl. nr. 57/1960 sbr. rgl. nr. 229/1965.

Gjald fyrir leyfisbréf til ökukennslu,
— — skírteini til aksturs létts bifhjóls,
— — leyfi til að stýra dráttarvél,
— — endurnýjun.

Skráningargjöld sbr. 13.—20. tl. 32. gr. laga nr. 104/1965.

Gjöld fyrir nýskráningu bifreiðar,
— — endurskráningu bifreiðar,
— — skrásetningu eigendaskipta að bifreið,
— — nýskráningu bifhjóls,
— — endurskráningu bifhjóls,
— — skráningu eigendaskipta að bifhjóli,
— — skráningu og umskráningu létts bifhjóls,
— — skráningu dráttarvéla.

Gjöld fyrir skráningarmerki sbr. 12. gr. laga nr. 40/1968 sbr. ráðuneytisbréf 9. október 1970.

Gjald fyrir skráningarmerki á bifreið,
— — skráningarmerki á bifhjól,
— — skráningarmerki á létt bifhjól,
— — skráningarmerki á dráttarvélar,
— — S-merki,
— — L-merki,
— — CD-merki,
— — kennsluspjald.

Gjald fyrir bráðabirgðaskráningarmerki sbr. 13. gr. laga nr. 40/1968, sbr. rgl. nr. 112/1949.

Skoðunargjöld sbr. 22. gr. laga nr. 40/1969, sbr. reglug. nr. 171/1969 og rgl. nr. 98/1970.

Skoðunargjald bifreiðar,
— bifhjóls,
— létts bifhjóls.

Prófgjöld sbr. 33. gr. l. nr. 40/1968 sbr. 52. gr. reglug. nr. 57/1960 sbr. rgl. nr. 229/1965.

Gjald fyrir almennt bifreiðastjórapróf,
— — bifhjólapróf,
— — próf á létt bifhjól,
— — dráttarvélapróf,
— — ökukennarapróf.

Kennslugjald fyrir meirapróf, sbr. 33. gr. laga nr. 40/1968 sbr. 13. gr. rgl. nr. 57/1960.

Prófgjald fyrir próf á bifreið, er flytur fleiri en 16 farþega, sbr. 33. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 57/1960.

Við niðurfellingu framangreindra gjaldstofna er talið, að tekjur ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins skerðist um 150 milljónir króna. Af upphæð þessari hafa um 48 milljónir komið inn í ríkissjóð sem þungaskattur af bensínbílum og verið skv. ákvæðum vegalaga varið til vegagerðar. Í ár er áætlað að um 72 milljónir króna renni til Tryggingastofnunar ríkisins sem tryggingaiðgjöld ökumanna og um 30 milljónir komi í ríkissjóð sem ómerktar tekjur.

Því fylgir mikið hagræði að losna við sérstaka innheimtu á gjöldum þeim, sem hér um ræðir. Við mat á álögum þeim, er hækkun bensíngjalds og þungaskatts hefur í för með sér, verður að hafa í huga, að nokkrum gjöldum hefur verið aflétt á móti, er hingað til hafa gefið ríkissjóði og Tryggingastofnun tekjur, en oft skapað gjaldendum mikið amstur.

Bensíngjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 er nú 9.87 kr. á hvern lítra. Að óbreyttu þessu gjaldi hefur verið áætlað, að tekjur til ráðstöfunar til vegagerðar gæfu 954 milljónir króna árið 1974. Með hliðsjón af þeim breytingum, sem ákvæði til bráðabirgða I og II frumvarps þessa fela í sér, er gert ráð fyrir, að ráðstöfunarfé til vegagerðar af bensíngjaldi verði 1 218 milljónir kr. árið 1974.

Áætlaðar tekjur, er kæmu til nota Vegagerðarinnar 1974 af þungaskatti munu að óbreyttum lögum nema um 287 milljónum króna. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þungaskattur dísilbifreiða breytist í sama hlutfalli og skattur á hverjum lítra bensíns og er áætlað, að skatturinn þannig breyttur, muni auka ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar 1974 frá því, er áður var áætlað, um 67 milljónir króna, miðað við óbreyttan skilafrest olíufélaganna á innheimtu bensíngjaldi.

Skv. ákvæðum 3. greinar frumvarpsins skal verja tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti til vegagerðar. Sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er hér birt greinargerð Vegagerðar ríkisins um fjárþörf 1974 og 1975 og fjáröflun til vegamála sömu ár skv. frumvarpi þessu.

Ljóst má vera, að eigi eru efni til frekari hækkunar á bensíngjaldi og þungaskatti eins og á stendur en frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Fjár þess, sem á vantar til að vegáætlun verði fylgt, verður því að afla með öðrum hætti.

Gjaldaákvæði þau, sem gert er ráð fyrir, að niður verði felld, má finna í lögum, sem undirbúin hafa verið af dómsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og samgönguráðuneytinu. Frumvarp þetta er samið af fjármálaráðuneytinu í samráði við þau ráðuneyti, sem hér eiga hlut að máli. Með hliðsjón af ákvæðum 4. tl. I-liðar 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 þykir eðlilegt, að framkvæmd þessara laga sé á vegum fjármálaráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er ákvarðað, hvaða bensín er gjaldskylt með því að geta tollskrárnúmers. Gjald af hverjum lítra bensíns hækkar úr 9.87 kr. í 15.00 kr. frá næstu áramótum, en ákvæði til bráðabirgða I tekur til bensíngjalds frá gildistöku laga þessara til næstu áramóta.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 86. gr. laga nr. 80/1973. Á undanförnum árum hafa síauknar kröfur verið gerðar til ástands hjólbarða og eru góðir hjólbarðar mikilvægur liður til tryggingar öruggum akstri bifreiða. Þykja því eigi efni til að hækka gjald þetta frá því, sem nú er í lögum.

Um 3. gr.

Í greininni felast engin nýmæli.

Um 4. gr.

Í greininni felast engin nýmæli.

Um 5. gr.

Núgildandi þungaskattur er 27 500 kr. fyrir bifreið allt að 2000 kg. Skv. ákvæðum greinarinnar hækkar tala þessi í 39 000 kr. frá næstu áramótum. Er hér um hlutfallslega sömu hækkun að ræða og verður á bensíngjaldinu þó þannig, að tekið er tillit til þess, að þungaskattur af bensínbílum fellur niður frá næstu áramótum. Í ákvæði til bráðabirgða III er lagt til, að fram til áramóta verði greiddur sérstakur skattauki, og er það gert til að halda samræmi við hækkun bensíngjaldsins.

Um 6. gr.

Efni greinarinnar svarar til 12. greinar reglugerðar nr. 118/1973.

Um 7. gr.

Efni greinarinnar svarar að mestu til ákvæða b, d og e-liða 87. gr. laga nr. 80/1973. Í greinni eru þó fyllri ákvæði um refsingar fyrir misnotkun ökumæla en í núgildandi lögum og heimild er til áætlunar þungaskatts m. a. ef ökumælir er óvirkur. Þá er í greininni það nýmæli, að ráðherra er heimilað að ákveða með reglugerð, að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka annað hvort við tiltekna þyngd bifreiða (eigin þyngd eða leyfða heildarþyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Hér er því lagt til, að ráðherra geti ákveðið, að kílómetragjald skuli miðað við leyfða heildarþyngd bifreiða í stað eigin þyngdar, en margt bendir til þess, að sú viðmiðun sé sanngjarnari. Það mál er þó ekki að fullu kannað. Með því að heimila ráðherra að miða skyldu til að hafa ökumæli við tiltekin not bifreiða eru líkur á að unnt sé að jafna að nokkru þann aðstöðumun, sem t. d. eigendur dísilknúinna leigubifreiða hafa fram yfir þá, er nota bensínknúnar bifreiðar.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli. Reynsla er á því fengin, að vegna verðlagsbreytinga í landinu hafa tekjur til vegagerðar, í krónutölu, aðeins um skamma hríð getað staðið undir þeim framkvæmdum við vegagerð, sem samþykktar hafa verið á vegáætlun. Bensíngjald var fyrst lagt á 1. janúar 1964 með lögum nr. 71/1963 og nam þá kr. 2.77. Bensíngjaldið hefur síðan verið hækkað 5 sinnum með lögum frá árunum 1965, 1968, 1969, 1970 og 1972.

Vísitala byggingarkostnaðar var þann 1. nóvember 1963 197 stig en var þann 1. mars s. l. 998 stig. Hefði bensíngjaldið frá 1964 fylgt vísitölu byggingarkostnaðar væri upphæð gjaldsins nú kr. 14.03. Greinin felur í sér heimild til handa ráðherra að breyta bensíngjaldinu og þungaskattinum, þó með þeim takmörkunum, að hækkun gjaldanna verði ekki meiri en svarar til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar.

Um 9. gr.

Greinin hefur að geyma sömu ákvæði og nú er að finna í 1. og 2. mgr. 91. gr. laga nr. 80/1973 með þeirri undantekningu, að lagt er til, að hin sérstæðu fyrningarákvæði, er finna má í 91. gr., verði felld niður. Óeðlilegt verður að telja, að endurgreiðsluréttur á ofgreiddum þungaskatti fyrnist á öðrum tíma en réttur til endurgreiðslu á sköttum almennt, og þá sérstaklega þegar á það er litið, að þungaskatt af dísilbifreiðum, sem ekki hafa ökumæla, á að greiða fullu fyrirfram.

Þá eru í grein þessari ákvæði, er svara til endurgreiðsluheimilda 88. gr. laga nr. 80/1973.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar gefur ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er að efni til samhljóða ákv. 3.—6. mgr. 91. gr. laga nr. 80/1973. Tekið er þó sérstaklega fram í greininni, að þungaskatt, sem gjaldfallinn sé á skoðunardegi, skráningar- eða umskráningardegi, verði að greiða, áður en skoðun bifreiðar eða skráningu má framkvæma.

Um 12. gr.

Greinin gefur ekki tilefni til athugasemda. Hliðstætt ákvæði er að finna í 95. gr. laga nr. 80/1973.

Um 13. gr.

Fyrri málsgrein er hliðstæð ákv. 89. gr. laga nr. 80/1973.

Að undanförnu hefur verið aflað fjár til framkvæmda á Skeiðarársandi með útgáfu happdrættisskuldabréfa. Þeim framkvæmdum mun ljúka nú í ár. Lagning vegar yfir Skeiðarársand er aðeins áfangi í gerð greiðfærs hringvegar um landið til hagsbóta fyrir alþjóð. Í 2. mgr. er bent á leið til fjármögnunar þeirra framkvæmda.

Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Lagt er til að gjald skv. 1. gr. verði 14 kr. til n. k. áramóta. Eins og fram kemur í skýringum við 1. gr. hækkar gjald þetta um 1 kr. þann 1. janúar 1975. Ætlast er til, að tekjur af hækkun þessari bæti þann tekjumissi, sem verður vegna niðurfellingar ýmissa gjalda sbr. almennar athugasemdir við frumvarp þetta. Þar sem tekjum skv. lögum þessum er öllum ráðstafað til vegagerðar mun verða að bæta ríkissjóði tekjutap vegna ráðstafana þessara með skerðingu á fjárveitingu til vegamála sbr. 13. gr.

II.

Þar sem lagt er til að ákvæði 87. gr. a og c-liðar vegalaga nr. 80/1973 verði felld úr gildi með frumvarpi til breytinga á vegalögum, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er nauðsynlegt að kveða á um þungaskatt af bensínbílum á árinu 1974 í frumvarpi þessu. Er ákvæðið óbreytt frá ákvæðum gildandi laga.

III.

Fyrri málsgrein er samhljóða b-lið 87. gr. laga nr. 80/1973 og er vísað til athugasemda við ákvæði til bráðabirgða II.

Í 2. mgr. er um tilsvarandi ráðstafanir gagnvart dísilbílum að ræða og um er fjallað í ákv. til bráðabirgða I að því er bensínbíla varðar. Sjá skýringar við þá grein.

IV.

Ákvæði sem þessi hafa jafnan verið sett, þegar umtalsverðar breytingar á bensíngjaldi hafa verið gerðar. Ákvæðin eiga sér hliðstæðu í 85. og 92. gr. laga nr. 80/1973.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Fylgiskjal.

Fjárþörf og fjáröflun til vegáætlunar 1974 og 1975.

1. **Fjárþörf vegasjóðs 1974 og 1975.**

Frá því að vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 var samin í ársbyrjun 1972 hafa orðið mjög miklar hækkanir á framkvæmdakostnaði, svo og öðrum gjöldum, sem bundin eru í vegáætlun. Námu þessar verðhækkanir í lok s. l. árs um 45% fyrir vegagerð, en 52—53% fyrir vegaviðhald og brúagerð.

Þó að verðhækkanir þær, sem leiða af nýgerðum kjarasamningum í lok febrúar og byrjun mars á yfirstandandi ári, séu ekki enn komnar fram að öllu leyti er þó lauslega áætlað, að þær nemi frá 26—32% til viðbótar ofangreindum verðhækkunum, sem fram voru komnar í lok fyrra árs.

Miðað við þessar forsendur er áætlað, að heildarútgjöld vegna vegáætlunar 1974 muni nema um 3 500 mkr. og 1975 um 3 400 mkr. Er þá í fjárþörf á árinu 1974 reiknað með, að til framkvæmda komi þau verk, sem fresta varð vegna verðhækkana á árinu 1973, en kostnaður við framkvæmd þeirra í ár mun verða um 300 mkr. á áætluðu verðlagi í mars þ. á.

Þá er og með fjárþörf vegasjóðs þessi tvö ár talin nokkur hækkun útgjalda, sem leiða mun af breytingu á vegalögum, sem frumvarp hefur verið lagt fram um og einnig vegna endurskoðunar á gildandi reglum um snjómokstur.

2. **Áætlun um tekjur vegasjóðs að óbreyttum tekjustofnum.**

	1974	1975
Innflutningsgjald	970.2	1 028.5
Þungaskattur	289.4	300.1
Gúmmígjald	86.8	91.2
	1 346.4	1 419.8
Endurgreitt innflutningsgjald	16.0	16.0
Endurgreiddur þungaskattur	2.0	2.2
	1 328.4	1 401.6

3. **Áætlun um tekjur vegasjóðs samkvæmt frumvarpi til laga um fjáröflun til vegagerðar.**

	1974	1975
Innflutningsgjald	1 234.5	1 546.4
Þungaskattur dísilbifreiða (km-gj.)	189.5	222.2
Þungaskattur dísilbifreiða (árgjald)	118.5	132.4
Þungaskattur bensínbifreiða	48.2	
Gúmmígjald	86.8	91.2
Tekjur brúttó	1 677.5	1 992.2
Endurgreitt innflutningsgjald	16.0	22.0
Endurgreiddur þungaskattur	2.0	3.0
Markaðar tekjur nettó	1 659.5	1 967.2

Hækkun á mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt frumvarpinu verður 332 mkr. á árinu 1974 og 566 mkr. á árinu 1975.

4. **Áætlaðar heildartekjur vegasjóðs á árinu 1974 og 1975 af mörkuðum tekjum skv. frumvarpi til laga um fjáröflun til vegagerðar, fjáröflun í fjárlögum og innheimtu veggjalds.**

	1974	1975
Markaðar tekjur skv. frv.	1 659.5	1 967.2
Veggjald	31.2	91.3
Ríkisframlag í fjárl.	262.0	280.0
Lánsfjáröflun sbr. fjárl. 1974 og vegáætlun 1975	100.0	125.0
Alls	2 052.7	2 463.5

Á ofangreindu yfirliti undir lið 4 er miðað við, að innheimta á hækkun markaðra tekjustofna geti hafist 1. apríl n. k. Ennfremur, að tekin verði upp innheimta veggjalds á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi frá 1. ágúst n. k. að telja og að ríkisframlag og lánsfjáröflun verði eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs.

Um 1 400 mkr. vantar á, að ofangreindar tekjur hrökkvi fyrir áætluðum gjöldum á árinu 1974, en liðlega 900 mkr. á árinu 1975.

Í tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 verður gerð nánari grein fyrir því, hvernig brúa má það bil, sem er milli áætlaðra útgjalda í vegáætlun og þeirra heildartekna, sem að ofan greinir.

Ed. 608. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. eins og neðri deild hefur gengið frá því.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 28. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Helgi F. Seljan, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Auður Auðuns, Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 609. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja eða fylgja brtt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 28. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Helgi F. Seljan, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Auður Auðuns, Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 610. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og sent það til umsagnar dómsmálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar.

Einnig hefur nefndinni borist frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarneshrepp og Bolungarvíkurkauptún, og flutt hafa verið í efri deild frv. um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi og Eskifjarðarhreppi.

Urðu nefndarmenn sammála um, að nokkuð viðurhlutamikið væri að stofna til nýrra bæjarfógetaembætta við stofnun kaupstaða í öllum þessum sveitarfélögum, ekki síst þar sem sýnt þykir, að fleiri munu á eftir koma.

Í sömu átt hnigu einnig álitsgerðir dómsmálaráðuneytis og réttarfarsnefndar.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „í alþingiskjördæmi Norðurlands eystra“ komi: í Norðurlandskjördæmi eystra.
2. 2. gr. orðist svo:
   Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti Akureyrar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.
3. 3. gr. falli niður.
4. 6. gr. (verður 5. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.
5. Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

GÞG var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Stefán Valgeirsson, frsm.
Ólafur G. Einarsson, Gunnar Thoroddsen.
Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 611. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um Hagrannsóknastofnun og breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Gylfa Þ. Gíslasyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Ásberg Sigurðssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „ríkisstjórninni“ í fyrri málsgr. komi: ríkisstjórn og Alþingi.
   b. Í stað orðsins „Hagrannsóknastofnun“ í síðari málsgr. og hvarvetna í öðrum greinum frumvarpsins komi: Þjóðhagsstofnun.
   c. Aftan við síðari málsgr. bætist: er nefnist hagrannsóknastjóri.
2. Við 2. gr. Á eftir 4. tölul. komi nýr töluliður:
   5) Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
3. Við fyrirsögn. Í stað orðsins „Hagrannsóknastofnun“ komi: Þjóðhagsstofnun.

Sþ. 612. Þingsályktun [75. mál]

um bætta póst- og símaþjónustu úti um byggðir landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 28. mars.)

Samhljóða þskj. 81.

Sþ. 613. Þingsályktun [103. mál]

um jöfnun símgjalda.

(Afgreidd frá Sþ. 28. mars.)

Samhljóða þskj. 234.

Sþ. 614. Þingsályktun [164. mál]

um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar.

(Afgreidd frá Sþ. 28. mars.)

Samhljóða þskj. 237.

Ed. 615. Frumvarp til laga [294. mál]

um breyting á lögum um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Í stað „1500 íbúa“ í 1. gr. laganna komi: 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breyting á lögum um skemmtanaskatt felur aðeins í sér breytingu á einni tölu, þ. e. við hvaða íbúatölu eigi að miða innheimtu skemmtanaskatts. Hér er lagt til, að sú tala verði færð úr 1500 í 2500. Ástæðurnar fyrir því, að þessi breyting er lögð til, eru þær, að félagsheimili í minni sveitarfélögum eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða og þar veldur greiðsla skemmtanaskatts töluverðu um.

Félagsheimilin víðs vegar um land berjast í bökkum. Þó að tekjumöguleikar séu nýttir til fullnustu, virðist það ekki nægja. Á þinginu 1971—1972 flutti flm. þessa frv. þingsályktunartillögu um bætta rekstraraðstöðu félagsheimila, og var henni vísað til ríkisstjórnarinnar með jákvæðum tilmælum allsherjarnefndar.

Lítið mun hafa verið gert til úrbóta, og því er þetta frv. flutt.

Það snertir að vísu aðeins einn þátt vandans, en skemmtanaskatturinn er býsna þungbær félagsheimilum minni sveitarfélaganna.

Íbúafjöldinn 1500—2500 er hreinlega ekki nægur til þess að tryggja húsunum öruggan rekstur, nema þau séu sérstaklega vel í sveit sett.

Á það ber og að líta, að þótt íbúafjöldinn sé t. d. 1600—1800, er raunverulegur fjöldi fólks í sveitarfélaginu oftlega neðan við 1500 meginhluta ársins, m. a. vegna fjarveru skólafólks.

Um það má að vísu deila, hversu hátt eigi að fara með íbúamörkin, en a. m. k. eru núverandi mörk algerlega óraunhæf.

Fyrir viðkomandi félagsheimili er um að ræða verulega úrbót, ef þau losna við greiðslu skemmtanaskattsins, en varðandi heildarupphæð innheimts skemmtanaskatts skiptir þessi breyting sáralitlu.

Ríkisvaldið væri með þessu aðeins að styrkja stöðu einstakra félagsheimila við það hlutverk sitt að sinna þeim rekstri, sem nauðsynlegur er hverju byggðarlagi.

Nd. **616. Frumvarp til laga** [295. mál]

um breyting á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi, aðra fjallvegi, þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

2. gr.

Við 12. gr. bætist:

..... eða að orkuveri.

Heimilt er að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur.

3. gr.

Í stað orðanna „300 íbúum“ í c-lið 19. gr. komi: 200 íbúum.

Við d-lið bætist: ..... og sjúkraflugvöllum.

3. mgr. orðist svo:

Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

4. gr.

Við 20. gr. bætist:

Heimilt er að styrkja af fé sýsluvegasjóðs lagningu og viðhald vega að sumarbústaðahverfum, enda náist samkomulag um mótframlag af hálfu eigenda og um afnot vegarins.

5. gr.

21. gr. orðist svo:

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en getur í 1. mgr., og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

6. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Vegaskattur skal nema 2.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

7. gr.

Í stað orðanna „skv. XIV. kafla laga þessara“ í 1. mgr. 28. gr. komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Við 28. gr. bætist:

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 30. gr. komi: 200 íbúa.

9. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 32. gr. komi: 200 íbúa.

Í stað orðanna „samkv. XIV. kafla laga þessara“ komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

10. gr.

34. gr. laganna orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 20 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

11. gr.

2. mgr. 44. gr. orðist svo:

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir. Skulu þeir, og þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

12. gr.

60. gr. orðist svo:

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

13. gr.

XIV. kafli falli niður og greinatala breytist í samræmi við það.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 80, 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á vegalögum, sem nauðsynlegt er talið að gera, í flestum tilfellum að fenginni reynslu, m. a. til að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið.

Auk þess felur frumvarpið í sér breytingar, sem koma til vegna annarrar lagasetningar, þar sem hér er lagt til að XIV. kafli gildandi vegalaga falli niður, en jafnframt verður flutt frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar.

Um 1. gr.

Um skýringu á grein þessari vísast til athugasemdar við 11. gr. frumvarps þessa.

Um 2. gr.

Samkvæmt 12. gr. vegalaga má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

Vegna aukinna framkvæmda í óbyggðum, og má þar til nefna Sigölduvirkjun, þykir rétt að einskorða heimild þessa ekki við býli og láta hana einnig ná til orkuvera.

Jafnframt er gert ráð fyrir í 2. gr., að heimilt verði að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Til þess að eðlilegt samhengi sé í samgöngukerfinu þykir nauðsynlegt, að nokkuð tryggar og góðar samgöngur séu að flugvöllum þessum, sem hljóta að teljast mikilvægir fyrir það byggðarlag, sem þeir þjóna. Verði heimild þessi nýtt að fullu lengist þjóðvegakerfið um 7 km.

Um. 3. gr.

Varðandi skýringu á breytingunni á c-lið 19. gr. vísast til athugasemda við 9. gr.

Með tilliti til bættrar og öruggari heilbrigðisþjónustu þykir rétt og eðlilegt, að sýslunefnd hafi heimild til að taka vegi að sjúkraflugvöllum í tölu sýsluvega. Sjúkraflugvellir munu nú vera um 70 talsins á landinu öllu.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Hér er lagt til, að allir vegir að býlum verði sýsluvegir, nema síðustu 50 m. Vegna aukinnar umferðar, m. a. vegna tankvæðingar kúabúa, hefur kostnaður við gerð og viðhald vega að býlum stóraukist. Er því, svo sem lögum er háttað í dag, erfitt fyrir marga bændur að halda við heimreiðum að býlum sínum, og kemur slíkt viðhald ójafnt niður, þar sem heimreiðar í umsjá býla geta orðið allt að 400 m langar. Ekki þykir þó rétt að fara nær býlum en 50 m, og verður þá vegurinn heim einkavegur.

Um 4. gr.

Í einstökum sýslum taka nú sumarbústaðahverfi yfir víðáttumikil landssvæði. Þykir eðlilegt að fella vegi að og um þessi hverfi a. m. k. að einhverju leyti inn í vegakerfi sýslnanna, og er því lagt til, að heimilt verði að styrkja vegi þessa af fé sýsluvegasjóðs með tilteknum skilyrðum.

Um 5. gr.

Með vísun til þess kostnaðarauka fyrir sýsluvegasjóði, sem einkum kemur til vegna ákvæða 3. mgr. 3. gr. frumvarps þessa, er lagt til, að hvert hreppsfélag geti ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en nú er ákveðin í lögum.

Um 6. gr.

Sýsluvegasjóðsgjald samkvæmt 23. gr. vegalaga er mjög lágt og víða naumast talið svara kostnaði að innheimta það. Til þess að gjald þetta nái tilgangi sínum og með hliðsjón af 4. gr. frumvarps þessa er lagt til að hækka þá „pro mille“ tölu af matsverðinu, sem skatturinn nemur.

Er lagt til, að talan verði 2.0 af þúsundi í stað 0.3 og 3.0 í stað 0.6, sem nú er.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum kemur framlag ríkissjóðs skv. 28. gr. vegalaga ekki til greiðslu fyrr en 1—2 árum eftir að hreppsframlag er reitt fram. Er hér lagt til, að heimilt verði að greiða framlag þetta á sama ári og framlag hrepps er innheimt, og skal það renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi. Er þetta lagt til m. a. vegna þeirrar tankvæðingar, sem þegar er hafin og fyrirsjáanlegt er, að

til framkvæmda kemur á næstu árum í flestum sýslum landsins. Kostnaður við styrkingu vega af þessum sökum er ærið misjafn í einstökum hreppum og þykir því rétt að leggja það í sjálfsvald þeirra, hve langt skuli gengið í gjaldheimtu til sýsluvegasjóðs gegn óskertu ríkisframlagi sama ár.

Ákvæðið um niðurfellingu XIV. kafla gildandi vegalaga er skýrt í aths. við 13. gr.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 9. gr.

Um 9. gr.

Í kauptúnum landsins er nú mikil hreyfing í þá átt að ganga frá götum og vegum með bundnu slitlagi.

Til þess að fleiri kauptún geti notið fjárframlags samkvæmt 32. gr. vegalaga, er hér lagt til að miða við 200 íbúa kauptún í stað 300 áður. Miðað við manntal 1. des. 1972 munu eftirtalin kauptún til viðbótar njóta fjárframlags skv. 32. gr.:

Búðardalur,
Súðavík,
Hofsós,
Hrísey,
Stöðvarfjörður,
Vogar.

Til samræmis þessu er sams konar breyting gerð á 30. og 19. gr. c-lið, gildandi vegalaga, sbr. 3. og 8. gr. frv.

Skýringar vegna niðurfellingar XIV. kafla er að finna í aths. við 13. gr.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að árlega skuli halda eftir 20 af hundraði af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum í stað 10 af hundraði, svo sem nú er. Er þetta lagt til til þess að auðvelda fámennum kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi, skv. 30. gr. Nýmæli er, að skylt sé að leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu fjár þess, sem hér um ræðir, áður en hún er endanlega ákveðin. Til þessa hefur framlag þetta verið bundið í Hafnarfjarðarvegi um Kópavog og í Suðurlandsvegi um Selfoss, en gert er ráð fyrir frekari dreifingu fjár þessa.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, að þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum skuli taldir sérstaklega í vegáætlun, svo sem verið hefur um aðalfjallvegi. Vegi þessa hefur hingað til eigi verið heimilt að taka inn í vegáætlun, en vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna, og þar af leiðandi aukins álags, þykir nauðsyn bera til, að tekið sé tillit til þeirra við gerð vegáætlunar.

Um 12. gr.

60. gr. gildandi vegalaga er hér breytt til samræmis við lög nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

Um 13. gr.

Hér er vísað til frumvarps til sérstakra laga um fjáröflun til vegagerðar, sem lagt mun fyrir Alþingi jafnhliða frumvarpi þessu. Til samræmis við það er gert ráð fyrir, að XIV. kafli vegalaga falli niður.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 617. Frumvarp til laga [296. mál]

um breyting á lögum um loftferðir, nr. 34, 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Við 78. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til greiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum, sem settar eru af flugmálaráðherra. Gjaldskyldan hvílir á eigendum eða notendum íslenskra loftfara og erlendra vegna ferða um svæðið, þar sem nota má þessi hjálpartæki. Gjald þetta er kræft vegna loftferða yfir íslenskt yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi erlends ríkis. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

Heimilt er flugmálaráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hingað til hefur ekki verið krafist sérstaks gjalds af notendum þeirrar flugöryggisþjónustu, sem haldið er uppi hér á landi.

Flugöryggisþjónusta er þannig skipulögð, að einstök lönd annast hana á ákveðnum svæðum samkvæmt ákvörðun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (hér á eftir skammstafað ICAO). Samkvæmt ákvörðun hennar um flug yfir Norður-Atlantshaf hefur Ísland á undanförnum árum annast þessa þjónustu á tilteknu svæði, sem nær suður að 61°N, austur að 0°, norður að 73°N og að ströndum Grænlands.

Þjónusta þessi er til nota fyrir öll loftför, sem leið eiga um svæðið, og þess vegna var árið 1956 gert samkomulag milli margra ríkja, þar sem ákveðið var, að 95% af kostnaði við þessa öryggisþjónustu skyldi endurgreidd íslenska ríkinu af öðrum þátttökuríkjum í því hlutfalli, sem loftför þeirra fljúga yfir N-Atlantshafið norðan við 40°N. Hliðstætt samkomulag var gert að því er varðaði þjónustu danska ríkisins í þessu efni, en hún tekur til Grænlands og Færeyja.

Í samkomulaginu frá 1956 var gert ráð fyrir því, að síðar kynni að verða talið réttara, að þeir greiddu fyrir þjónustuna, sem hennar nytu. Þess vegna var ákveðið, að ríkisstjórnir Íslands og Danmerkur skyldu sjá til þess, ef þess yrði óskað af ICAO, að settar yrðu reglur, sem gerðu það kleift, að gjöld vegna þjónustunnar yrðu greidd af þeim, sem hennar njóta.

Þegar eru í framkvæmd hliðstæðar reglur, sem á þessu eru byggðar. Þannig krefjast t. d. Bretland, Kanada og Bandaríki Norður-Ameríku gjalda af þeim, sem fljúga um flugstjórnarsvæði þeirra.

Í mars og apríl 1973 var haldin ICAO-ráðstefna í París. Þar áttu fulltrúa þau lönd, sem eru aðilar að samþykktum um greiðslu á kostnaði til Íslands og Danmerkur vegna flugöryggisþjónustu á Norður-Atlantshafi. Til ráðstefnu þessarar var boðað vegna tilmæla Bretlands og Kanada. Þar var samþykkt, að þegar skyldu 40% af þeim útgjöldum vegna þjónustunnar, sem talið er að komi notendum til góða, greidd af notendum, en 60% yrðu áfram greidd af þátttökuríkjunum. Jafnframt var gert ráð fyrir því, að frá og með 1976 yrði skiptingin sú, að 50% yrðu greidd af notendum, en 50% af þátttökuríkjunum. Samkvæmt ályktun fundarins hefur ICAO óskað eftir því við ríkisstjórn Íslands, að innheimtunni verði breytt í þetta horf.

Mikill hluti loftfara, sem fara yfir Norður-Atlantshaf og notfæra sér flugöryggisþjónustu á Íslandi, kemur ekki inn á íslenskt yfirráðasvæði, og þar sem loftferðalögin nr. 34/1964, 2. og 5. gr., gilda aðeins um flugferðir á íslensku yfirráðasvæði ásamt flugferðum íslenskra loftfara utan íslensks yfirráðasvæðis, er ekki í þeim að finna heimild til að krefja gjöld hjá erlendum aðiljum vegna flugferða, sem ekki fara um íslenskt yfirráðasvæði. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta 78. gr. l. nr. 34/1964 þannig, að gjalds skuli ekki aðeins krafist í þeim tilvikum, er flogið er með íslenskum loftförum eða um íslenskt yfirráðasvæði, heldur fyrir þá þjónustu, sem til boða er fyrir erlent loftfar, sem flýgur yfir N-Atlantshafið. Þar sem þetta á sérstaklega við um öryggisþjónustu, er gerð tillaga um að tekin verði upp sérstök málsgrein um þetta og jafnframt, að skýrt verði tekið fram, að þetta taki jafnt til stofnkostnaðar og reksturs þeirra tækja, sem nauðsynleg eru vegna flugöryggisþjónustunnar.

Þar sem hér er gert ráð fyrir, að gjalds verði krafist af loftförum, sem ekki koma inn á íslenskt yfirráðasvæði og sem að öðru leyti eru ekki háðar íslenskum réttarreglum, hefur sú spurning vaknað, hvort krafa þessi sé andstæð þjóðréttarreglum, sbr., að samkvæmt Genfarsáttmálanum frá 1958 um frelsi á höfunum eru öll ríki frjáls að flugferðum yfir úthafinu.

Þessi regla stendur því að sjálfsögðu ekki í vegi, að ríki geti gert með sér samninga um það, hverjar reglur skuli gilda um loftför þeirra, þegar þau fara yfir úthafið, og ekki verður séð, að krafa um gjald valdi vandkvæðum að því er varðar þau ríki, sem eru þátttakendur í framangreindu samkomulagi um greiðslu fyrir flugöryggisþjónustu, en eins og áður segir er í samþykktinni að finna bein ákvæði um heimild til innheimtu gjalda.

Nálega öll ríki, sem stunda flugferðir milli landa, hafa gerst aðilar að Chicagosamþykktinni frá 1944, um alþjóðlegar flugferðir og eru þar með aðilar ICAO. Í 15. gr. Chicago-samþykktarinnar er gengið út frá því, að ríkin geti krafist gjalda fyrir notkun flugvalla og flugvirkja annarra, og sú ein krafa gerð, að gjöldin megi ekki vera hærri fyrir erlend flugför en innlend. Í samþykktinni er ekki að finna ákvæði um það, að regla þessi gildi aðeins um yfirráðasvæði landanna og í sérstöku ákvæði, 12. gr., er beinlínis tekið fram, að reglur samþykktarinnar um flugferðir og flugstjórn skuli einnig gilda, þegar flogið er yfir úthafið.

Það er augljóst, að það væri ekki fullnægjandi fyrir öryggi í flugferðum, að öryggisþjónusta landanna næði aðeins til yfirráðasvæðis þeirra yfir landi og sjó. Flugferðir milli landa yrðu þá ekki farnar. Innan ICAO hafa þess vegna verið samþykktar ákveðnar svæðaskiptingar, þar sem úthafinu er skipt upp í svæði, sem einstök ríki bera ábyrgð á. Norður-Atlantshafinu er þannig skipt milli Kanada, Bandaríkjanna, Danmerkur, Íslands, Noregs og Bretlands, sem jafnframt eru skyldug til að halda uppi öryggisþjónustu, hvert á sínu svæði.

Flugáætlanir í millilandaflugi eru gerðar á grundvelli veðurlýsinga og veðurspáa, sem byggðar eru á veðurathugunum á fjölmörgum veðurathugunarstöðvum víðs vegar í veröldinni. Flugleiðsaga loftfars byggist á hjálpartækjum, sem hin ýmsu lönd hafa sett upp, og flugáætlanir eru lagðar fram hjá flugumferðarstjórn á brottfararstað og eru þaðan sendar til annarra flugumferðarstjórna á þeim svæðum, sem um er farið, þannig að hægt er að fylgjast með loftfarinu á leið þess samkvæmt upplýsingum í flugáætlun, tilkynningum loftfarsins um staðarákvarðanir, sem það gefur á leið sinni, og í sumum tilvikum með radarmælingum.

Öryggisþjónustuna verður þannig að skoða sem eina heild og það er óeðlilegt, að greiðsla fyrir notkun hennar sé háð því, hvort loftfarið á leið yfir það landsvæði, þar sem radíóvitar, radarstöðvar eða veðurathugunarstöðvar eru. Í Chicagosamþykktinni er ekki að finna bein ákvæði um gjöld af þessu tagi, og þess vegna verður að líta til hlutverks og verksviðs öryggisþjónustunnar og þeirrar samræmingar, sem framkvæmd er landa á milli í þessu efni. Virðist þá ljóst, að gjaldtaka af sérhverju loftfari, sem fer um svæði, þar sem slík þjónusta er fyrir hendi, sé í

samræmi við samþykktina, og að henni megi beita um sérhvert loftfar frá þeim löndum, sem eru aðilar að ICAO.

Gjöld þau, sem Ísland á að krefjast af loftförum, verða ákveðin af fastaráði ICAO hinn 1. október ár hvert og gilda fyrir næsta almanaksár. Þau eru byggð á raunverulegum útgjöldum síðasta almanaksárs og fjölda flugferða um svæðið á því ári. Gjaldið verður ákveðið sem tiltekin upphæð fyrir hverja ferð yfir Norður-Atlandshafið norðan við 40°N, án tillits til stærðar loftfarsins. Innheimta gjaldsins verður væntanlega framkvæmd af breskum flugmálayfirvöldum, sem hafa komið sér upp kerfi til gjaldheimtu, þar sem gjöld eru nú innheimt vegna flugferða um breska flugstjórnarsvæðið. Samkomulag um þetta verður þá gert með nótuskiptum milli landanna. Bresk flugmálayfirvöld koma fram fyrir hönd Íslands og Danmerkur í þessu efni. Samþykkt er, að Bretum sé heimil innheimtuþóknun, er megi nema allt að 5% og verði lögð á reikningsupphæð.

Ed. 618. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til laga um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum sínum í dag. Á fyrri fundinum, sem haldinn var ásamt neðri deildar nefndinni, mættu til viðtals Helgi Bergs bankastjóri, formaður stjórnar Viðlagasjóðs, og Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands. Gáfu þeir ýmsar upplýsingar um málið. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Björn Jónsson, Páll Þorsteinsson og Geir Hallgrímsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Halldór Blöndal. Bjarni Guðbjörnsson.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 619. Frumvarp til laga [168. mál]

um lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. mars.)

Samhljóða þskj. 266 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip. Þó skulu yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðum, er þau eru aðilar að, tryggðir í þeim sjóðum. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitningamenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir,

ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Þá skulu sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Enn fremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf, er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga menn, sem lögskráðir eru á íslensk skip og eiga ekki aðild að lífeyrissjóði samkv. 1. eða 2. málsgr. Enn fremur er henni heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Sömuleiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar, og skylt er að tryggja slíka menn áfram hjá sjóðnum, meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

10. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum, sbr. 2.—4. málsgr., og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsgr. 2. gr. tekur til, skulu reiknast af launum eftir því, sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma.

Stjórn sjóðsins ákveður, hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga, annarra en þeirra, sem nefndir eru í 2. og 3. málsgr., skulu reiknuð af heildarlaunum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Ef kauptryggingartímabil eru tilgreind í kjarasamningi, skulu skil til sjóðsins eiga sér stað innan 30 daga frá lokum hvers slíks tímabils. Heimilt er sjóðstjórn að innheimta frá gjalddaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því, er þau féllu í gjalddaga.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðstjórnar. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Iðgjöld þeirra, sem veitt er heimild til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr., skulu greidd mánaðarlega eftir á, nema sjóðstjórn ákveði annað. Telst gjalddagi 1. næsta mánaðar, og gilda ákvæði 5. málsgr. um vexti, ef vanskil verða.

Nú hafa slík iðgjöld ekki borist í 6 mánuði, og telst þá hlutaðeigandi sjóðfélagi vera hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

12. gr. hljóðar svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr. og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en ⅘ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku 25 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur, og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris, þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Sé ellilífeyrir tekinn fyrr en frá 65 ára aldri, lækkar upphæð hans um 0.3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsgr., og gert var við fyrri úrskurð.

14. gr. hljóðar svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Enn fremur skal ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans, ef tryggingayfirlæknir telur ekkjuna vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða ekkli, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, allt að þeim lífeyri, sem ekkja ætti rétt á samkvæmt 2. málsgr., ef eins stæði á, enda hafi ekkillinn skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi teljist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 12 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en ⅘ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 13. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 13. gr., en síðan til 65 ára

aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

23. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélagar í starfi í árslok 1973 skulu eiga þess kost, að lífeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1974.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1973, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau voru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsgr.

Lífeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk, fyrir árslok 1974, að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lífeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lífeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

24. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkv. lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, skal frá 1. janúar 1985, er greiðslur samkv. þeim lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þessum sjóði. Sama gildir, ef hlutaðeigandi sjómaður á ekki aðild að neinum lífeyrissjóði, en hefði verið gjaldskyldur til þessa sjóðs, svo framarlega sem ákvæði laga þessara hefðu verið í gildi á þeim tíma, er hann lét af starfi.

25. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1974. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða 4/5 grundvallarlauna í ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsgr. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða 4/5 grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða 4/5 grundvallarlauna í ársbyrjun 1974. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsgr. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Ed. 620. Lög [289. mál]

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 28. mars.)

Samhljóða þskj. 596.

Ed. 621. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. mars.)

1. gr.

Síðari málsgrein 9. gr. orðist þannig:

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 622. Frumvarp til laga [297. mál]

um trúfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I

ALMENN ÁKVÆÐI UM TRÚFÉLÖG

1. gr.

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög, og er hverjum manni frjálst að iðka trú sína og þjóna guði, einn eða í félagi með öðrum, með þeim hætti, er bezt á við sannfæringu hvers eins. Eigi má þó kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

2. gr.

Enginn getur að lögum bundizt skyldu eða skuldbundið annan til að vera eða vera ekki aðili að trúfélagi, trúmálasamtökum eða trúarreglu.

3. gr.

Þeir, sem orðnir eru 16 ára að aldri, geta tekið ákvörðun um inngöngu í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

4. gr.

Enginn, sem er innan 20 ára, getur svo að gilt sé unnið heit um inngöngu í trúarreglu, klaustur eða þvílík samtök. Bannað er að taka við slíku heiti.

5. gr.

Barn, sem fætt er í hjónabandi, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og foreldrar þess.

Ef foreldrarnir heyra ekki til sama trúfélagi, skal barn frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess.

Barn, sem fætt er utan hjónabands eða eftir að hjónabandi er slitið, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess.

6. gr.

Foreldrar geta saman tekið ákvörðun um inngöngu barns síns undir 16 ára aldri í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi. Það foreldri, sem fer eitt með foreldravald, getur tekið slíka ákvörðun.

Ef foreldri fara ekki með foreldravald, getur lögráðamaður tekið ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein.

Hafi barn náð 12 ára aldri, skal leitað álits þess um slíka ákvörðun.

7. gr.

Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða tveimur skráðum trúfélögum utan þjóðkirkjunnar.

Aðeins þeir verða taldir heyra til íslenzku þjóðkirkjunni eða íslenzku trúfélagi utan þjóðkirkjunnar, sem eru íslenzkir ríkisborgarar eða eiga búsetu hér á landi.

8. gr.

Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði, er lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Prestur eða forstöðumaður, er í hlut á, skal gæta þess, að skilyrðum laga sé fullnægt, og að sá, sem leitar inngöngu heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til prests eða forstöðumanns, er í hlut á, en hann skal gæta þess, að skilyrðum laganna sé fullnægt.

Presturinn eða forstöðumaðurinn skulu skrá inngöngu eða úrsögn og láta í té inngöngu- eða úrsagnarvottorð.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að trúfélagi, svo sem vegna álagningar gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir, sem hlut eiga að máli, annast þá tilkynningu með framvísun vottorðs samkvæmt 3. málsgr.

9. gr.

Enginn má leitast við að hafa áhrif á ákvörðun manns um inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi með því að beita ótilhlýðilegum aðferðum, loforðum eða hótunum.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga jafnt við um aðild að þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum, nema annað eigi við samkvæmt þessum lögum eða sérstökum lögum, er varða þjóðkirkjuna.

II

UM TRÚFÉLÖG UTAN ÞJÓÐKIRKJUNNAR

11. gr.

Heimilt er að stofna trúfélag utan þjóðkirkjunnar, án þess að skylt sé að tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi.

Ekki er heimilt að taka upp nafn á trúfélagi, sem er með þeim hætti líkt nafni annars trúfélags, að misskilningi geti valdið.

Trúfélag getur tryggt sér einkarétt að nafni með því að tilkynna það til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skal gæta þess, að nafnið sé ekki notað

af öðrum, að það valdi ekki misskilningi eða fari með öðrum hætti í bága við allsherjarreglu. Ráðuneytið lætur í té vottorð um, að nafnið sé tilkynnt og staðfest.

Ef breytt er um nafn á trúfélagi, sem fengið hefur staðfest nafn sitt, eða félagið er lagt niður, skal stjórn þess tilkynna þetta til ráðuneytisins.

12. gr.

Leita má skráningar á trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Þau fá með henni réttindi og skyldur, sem lög ákveða.

Ákvæði laga þessara um prest eða forstöðumann í skráðu trúfélagi eiga við þá starfsmenn þess, sem annast þau embættisverk, sem skráningin heimilar þeim að vinna innan trúfélagsins.

13. gr.

Trúfélag, sem óskar skráningar, skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu upplýsingar um:

1. nafn trúfélagsins og heimilisfang,
2. trúarjátningar og kenningar þess,
3. skipulag þess og starfshætti,
4. félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ásamt félagatölu,
5. nöfn stjórnarmanna,
6. nöfn presta eða forstöðumanna og starfssvæði,
7. ákvæði samþykkta um inntöku, úrsögn og brottvísun félagsmanna,
8. ákvæði samþykkta um aðalfund, félagsfundi og stjórnarfundi, um atkvæðagreiðslur og atkvæðisrétt og um breytingar á samþykktum félagsins,
9. reglur um meðferð og ráðstöfun fjármuna trúfélagsins.

Ráðherra getur sett ítarlegri reglur um form og innihald beiðni um skráningu.

14. gr.

Þegar trúfélag hefur verið viðurkennt til skráningar, skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði.

15. gr.

Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marzmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt breytingar, sem orðið hafa á þeim atriðum, sem tilkynnt hafa verið til skráningar, sbr. 13. gr.

Tilkynna skal þegar í stað til ráðuneytisins um skipun, flutning eða starfslok prests eða forstöðumanns.

16. gr.

Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita því skriflega aðvörun og setja því frest til að bæta úr því, sem áfátt er. Ef ekki er bætt úr því, sem áfátt er innan frestsins, sem ekki skal vera skemmri en einn mánuður, getur ráðherra ákveðið að fella skráningu þess úr gildi.

Ef brot er sérstaklega vítavert, má fella skráningu úr gildi þegar í stað.

Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag, er þeim, sem annast vörzlu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær ráðuneytinu þegar í stað.

Ráðuneytið auglýsir í Lögbirtingablaði, er skráning fellur úr gildi.

Embættisbækur skráðs trúfélags skulu afhentar til þjóðskjalasafnsins eftir sömu reglum og embættisbækur embættismanna ríkisins.

17. gr.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára og ekki eldri en 75 ára. Hann skal hafa almenn hæfnisskilyrði til opinberra starfa sbr. nú lög nr. 38 1954 3. gr.

Áður en hann tekur við starfi, skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um, að hann muni vinna af samvizkusemi þau störf, sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal færa þær embættisbækur, sem ráðuneytið fyrirskipar.

Hann gefur út fullgild embættisvottorð um það efni, sem í embættisbækurnar er skráð og um þau embættisverk, sem hann hefur unnið.

Hann skal láta í té þær tilkynningar, upplýsingar og vottorð, sem lög eða reglur mæla fyrir um og er háður því eftirliti um framkvæmd embættisstarfa sinna, sem ráðuneytið ákveður.

18. gr.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa, sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga.

Vanræki prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglum settum samkvæmt þeim, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega aðvörun og tilkynna það stjórn trúfélagsins.

Ef ekki er bætt úr því, sem aflaga fer eða um er að ræða mjög alvarlegt brot á starfsskyldum, getur ráðuneytið svipt hann rétti til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

Sama á við, ef hann missir með öðrum hætti skilyrði til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

III
ÝMIS ÁKVÆÐI

19. gr.

Setja má með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, svo og útbúa eyðublöð fyrir tilkynningar og vottorð og um færslu á skrám og reikningshaldi.

20. gr.

Brot gegn 4. gr. 2. málslið, 9. gr., 11. gr. 2. og 4. málsgr., 15. gr., 16. gr. 3. málsgr. og 5. málsgr. og 17. gr. 2. málsgr., varða sektum.

21. gr.

Þau trúfélög utan þjóðkirkjunnar, sem fengið hafa staðfestingu á presti eða forstöðumanni samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn nr. 4 19. febrúar 1886, sbr. lög nr. 6 4 marz 1904, um breyting á þeim lögum, skulu halda réttindum samkvæmt þeim lögum, að öðru óbreyttu, til loka marzmánaðar eftir að heilt almanaksár er liðið frá gildistöku laga þessara. Hafi slíkt trúfélag ekki fengið skráningu skv. 12. sbr. 13. gr. þessara laga, innan þess tíma, koma ákvæði 16. greinar 3. málsgr. til framkvæmda.

Meðan trúfélög starfa samkvæmt þessari grein án þess að hafa fengið skráningu, skulu þó ákvæði þessara laga gilda um þau eftir því, sem við á.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975 og falla þá úr gildi lög um utanþjóðkirkjumenn nr. 4 1886 og lög nr. 6 1904 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í upphafi þings haustið 1973 lýsti forsætis- og dómsmálaráðherra, Ólafur Jóhannesson, því, að hann hygðist leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, lagafrumvarp, þar sem endurskoðaðar og ýtarlegri reglur yrðu settar um söfnuði utanþjóðkirkjumanna, en núgildandi lög um það efni eru orðin næsta gömul og eru, sem vonlegt

er, orðin ófullnægjandi og í ýmsum efnum óskýr við nútíma aðstæður, en lög þessi nr. 4 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn, hafa aðeins sætt lítils háttar breytingum fyrir 70 árum með lögum nr. 6 4. marz 1904. — Lagafrumvarp þetta, um trúfélög, hefur verið samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Svo sem fram kom hjá forsætis- og dómsmálaráðherra í umræðum á Alþingi á þessum vetri, hefur hann skipað nefnd til þess að fjalla um endurskoðun á löggjöfinni um þjóðkirkjuna. Nefndina skipa biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, sem formaður nefndarinnar, dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Verkefni nefndarinnar er mjög umfangsmikið og vandasamt, en íslenzka kirkjulöggjöfin er, svo sem kunnugt er, all ósamfelld og eru í gildi, þótt með óljósum hætti sé, ýmis ákvæði langt aftur úr öldum. Er þess að vænta, að sú endurskoðun taki talsverðan tíma. Þótti því, einnig af þeirri ástæðu, ekki rétt að láta það efni, sem um er fjallað í þessu lagafrumvarpi, bíða slíkrar endurskoðunar, enda má segja, að það málefni, sem fyrst og fremst varð tilefni frumvarpsgerðarinnar, staða utanþjóðkirkjumanna, sem vakið hafði talsverða umræðu undanfarið, standi nokkuð til hliðar við hina almennu kirkjulöggjöf, þótt tengsl séu að sjálfsögðu á milli. Má því og ætla, að við hina almennu endurskoðun komi einnig það efni til frekari skoðunar, og það því fremur, sem rétt hefur þótt, að frumvarpið fengi almennari grundvöll en hin gömlu lög um utanþjóðkirkjumenn. Er í því efni fylgt fordæmi Norðmanna, sem fyrir fáum árum endurnýjuðu sín gömlu lög um utanþjóðkirkjumenn („dissenterloven“ frá 1891).

Norðmenn höfðu ekki áður almenn lög um trúrélög (sbr. hins vegar Svía og Finna), en hin nýju lög þeirra setja það efni fram á mjög skýran hátt í I kafla, en fjalla síðan um utanþjóðkirkjumenn í II kafla. — Danir hafa, þrátt fyrir sömu tilætlun í stjórnarskrá þeirra og þeirri íslenzku, aldrei sett lög um utanþjóðkirkjumenn og þá ekki heldur almenn lög um trúfélög, en hafa byggt framkvæmdareglur á hinum almennu ákvæðum stjórnarskrárinnar. Er augljóst, að almenn ákvæði um trúfélög, sem ná, eftir því sem við á, einnig til þjóðkirkjunnar, hljóta einnig að koma til athugunar við hina almennu endurskoðun á kirkjulöggjöfinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir almennu efni lagafrumvarpsins, þ. e. fyrst I kafla þess, þar sem fjallað er um trúfrelsið og almennar reglur um trúfélög og síðan um II kafla, sem fjallar um trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Loks verður nokkur grein gerð fyrir efni einstakra greina, eftir því sem efni verður til.

Um VI. kafla stjórnarskrárinnar, trúfrelsi og trúfélög.

Í I kafla lagafrumvarps þessa eru í 1. grein settar fram hinar almennu reglur um trúfrelsi, eins og þær koma fram í og eru túlkaðar út frá VI kafla stjórnarskrárinnar, þ. e. fyrst og fremst 63. grein hennar. Að öðru leyti fjallar I kaflinn um trúfélög, og þá fyrst og fremst um aðild að þeim.

Í 62.—64. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 79. gr., er mörkuð lagastaða trúariðkunar samkvæmt íslenzkri grundvallarlöggjöf. Í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers og eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.“ Í stjórnarskrárákvæðunum er hvergi nefnt hugtakið trúfrelsi, og ræðir beinum orðum aðeins um þátt þess, þ. e. „rétt til að stofna félög til að þjóna guði o. s. frv.“. Orðaval 63. greinarinnar hefur leitt til þess, einkum áður fyrr, að gætt hefur hneigðar til að túlka hana þrengra en hugsunin að baki henni leyfir, m. a. að hún verndi aðeins rétt kristinnar trúar, eða a. m. k. aðeins eingyðistrúar. Forsendur ákvæðanna og síðari túlkun fræðimanna heimila ekki þessa takmörkun. Það kom fram þegar við mótun ákvæðanna, að ætlunin var að lögfesta trúfrelsi sbr. t. d. greinargerð grundvallarlaganefndarinnar dönsku frá 1849, en eftir dönsku grundvallarlögunum eru þessi ákvæði íslenzku stjórnarskrárinnar beint sniðin. Í greinargerðinni er beint rætt um: „Grundvallarlög, sem játast trúfrelsiskenningunni“. Á hinn bóginn hefur einnig gætt hneigðar,

einkum hin allrasíðustu árin, til þess að túlka trúfrelsishugtakið og jafnvel þar með stjórnarskrárákvæðin, svo, að í þeim felist hlutleysisafstaða gagnvart trúarbrögðum. — Ekki hefur þessi túlkun þó komið fram hjá fræðimönnum. — Það fer auðvitað ekki milli mála, að stjórnarskráin mótar ekki hlutleysisafstöðu. Hún segir beinlínis: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja Íslands og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“ — Þess má geta, að hvorki mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 (18. grein hennar fjallar um „hugsanafrelsi, samvizkufrelsi og trúfrelsi“ og útlistar nánar trúfrelsið) né mannréttindasamningur Evrópuráðsins (í 9. grein hans eru með líkum hætti túlkuð þessi sömu mannréttindi, og nokkuð ýtarlegar slegnir varnaglar við takmörkun trúfrelsis) leita eftir því að setja fram trúfrelsishugtakið þannig, að í því skuli jafnframt felast hlutleysisafstaða. — Ákvæði, sem ætlað er að tryggja jafnrétti að vissu marki, felst þó í 64. grein stjórnarskrárinnar þar sem áskilið er: „Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu. — Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.“ — Hafa verður svo í huga, að trúfrelsið sætir hinum almennu takmörkunum, sem áður er getið og í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir, „að ekki má kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu“. Augljóst er, að slík hugtök eru óljós og breytileg og túlkast í löggjöf á hverjum tíma, en sæta þó jafnframt gæzlu af hálfu dómstóla í mati þeirra á afstöðu hennar gagnvart slíkum almennum hugtökum.

Eins og áður er sagt, eru ekki í núgildandi lögum almennar reglur um trúfélög og aðild manna að þeim. Um hina ýmsu þætti í starfsemi þjóðkirkjunnar eru, eins og áður segir, dreifð og ósamstæð ákvæði í löggjöfinni, en um áðurnefnd undirstöðuatriði skortir alveg lagaákvæði. Það má segja, að þessar aðstæður hafi ekki valdið verulegu óhagræði í framkvæmd, einkum vegna þess, að þjóðkirkjuaðild landsmanna er svo yfirgnæfandi sem raun ber vitni. Sýnist það þó samræmast bezt allsherjarreglu, að í lögum sé skráð, hvernig skuli fara um höfuðatriði aðildar að trúfélögum utan hennar. Varða ýmis slík atriði réttarstöðu manna og félagslegar aðstæður (gjaldskyldu, rétt til félagsaðildar og þeirrar þjónustu, sem henni er samfara o. s. frv.). Almannaskráningu hefur orðið að framkvæma um þetta efni eftir reglum, sem settar hafa verið fyrir þjóðskrána, án þess að vera studdar af lagaákvæðum. Hafa slíkar reglur verið settar með fullu samráði við kirkjumálaráðuneytið og fyrst og fremst við það miðaðar, sem talið hefur verið efnislega eðlilegast og hagkvæmast í framkvæmd. Hafa engin vandkvæði komið fram við beitingu þeirra reglna. Engu að síður sýnist réttara, að í löggjöfinni sé ákveðið um slík efni, en ekki með frjálsri ákvörðun stjórnvalda. Það er augljóst, að með lagasetningu um efni frumvarps þessa er engan veginn ætlunin að setja tæmandi reglur um þau atriði, sem eðlilegt er, að samtökin setji sér sjálf, sbr. og 8. gr. frumvarpsins. Enn er og rétt að minna á, að þess má vænta, að um ýmis efni verði settar ýtarlegri lagareglur að því er þjóðkirkjuna varðar, sbr. ráðagerð 10. greinar. Hins vegar er þess að geta, að á sum bannákvæði I kafla (sbr. 2., 4. og 9. gr.) verður að líta sem yfirlýsingu um mat löggjafans á atriðum, sem ekki samrýmist allsherjarreglu, og með vissum hætti má segja, að slík ákvæði spretti út frá stjórnarskrárákvæðinu um, að ekki skuli kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

Um trúfélög utan þjóðkirkjunnar.

Svo sem sagt var hér að framan, er gildandi löggjöf um söfnuði utanþjóðkirkjumanna orðin mjög gömul og er næsta ófullkomin og óskýr. Hefur það meðal annars orðið til þess, að skort hefur grundvöll til þess að söfnuðir, sem löggjöfin heimilar að hafa presta eða forstöðumenn, sem falin er framkvæmd embættisathafna, er hafa mikilvæga þýðingu fyrir þjóðfélagið í heild, starfi með svo reglu-

bundnum hætti og haldi uppi svo traustu félagsstarfi, að rétt og eðlilegt sé að fela þeim að annast slík ábyrgðarstörf. Það er þá hvort tveggja, að tryggja þarf, að unnt sé að meta, hvort hæfileg skilyrði séu uppfyllt til að treysta megi, að slík störf verði leyst af hendi þannig, að samfélagið megi við una, svo og að samtökin fái stuðning til að móta svo starfsemi sína, að þau geti vænzt þess, að þau verði þeim falin. Hitt ber svo að hafa í huga, að það er að sjálfsögðu ekki réttur til að framkvæma slík embættisverk, sem með stjórnarskrárákvæðunum er verið að tryggja, heldur rétturinn til trúariðkunar og guðsdýrkunar eftir sannfæringu hvers eins. Einnig er rétt að hugleiða, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að í hinni almennu löggjöf væri ákveðið, að trúfélag tæki við gjöldum meðlima sinna, sem þeir ella mundu greiða til þjóðkirkjunnar, þótt trúfélaginu væri ekki falin nein framkvæmd embættisstarfa, sem hafa lagaverkanir. Þá er og ljóst, að helgiathafnir, sem einungis fá lagaverkanir, ef þær eru framkvæmdar af aðila, sem hefur sérstaka löggildingu, geta verið heimilar sem slíkar, þótt þær hafi ekki slíkar lagaverkanir, enda mega þær auðvitað ekki brjóta í bága við gott siðferði og allsherjarreglu, en það mundu þær gera, ef þær væru t. d. til þess fallnar að blekkja menn til þess að trúa lagaverkunum þeirra. Í frumvarpi þessu er ekki ráðagerð um slíka aðgreiningu á réttarstöðu trúfélaga. Í upphafsákvæði II kafla frumvarpsins (11. gr.) er tekið fram, að stofna megi trúfélög utan þjóðkirkjunnar án þess að skylt sé að tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi. Segja mætti, að þetta ákvæði væri óþarft, en það verður þó ekki beint talið felast í trúfrelsisákvæðunum í stjórnarskránni og jafnvel ekki í ákvæði hennar um félagafrelsi. Ákvæðið þykir þó eiga vel við til áherzlu, en jafnframt í samhengi við það, sem á eftir kemur, að heimilað er (en ekki skylt), að trúfélög tryggi sér einkarétt til nafns.

Ákvæði II kafla fjalla að öðru leyti um skráningu trúfélaga, sem hennar óska, skilyrði fyrir henni og réttindi og skyldur, sem henni fylgja. Eins og getið var í upphafi greinargerðarinnar, hefur verulegt mið verið tekið af nýjum norskum lögum við mótun þessa frumvarps. Meðal annars er þangað sótt hugtakið um „skráningu“ trúfélags. Þykir það hæfa betur en „viðurkenning“ eða „löggilding“. Ekki sízt samrýmist það betur trúfrelsiskenningunni, en jafnframt má segja, að í því felist síður, að svo verði litið á, að ríkisvaldið taki verulega ábyrgð á trúfélaginu, umfram það, að sjálfsögðu, að í skráningunni hlýtur að felast, að talið er að trúfélagið brjóti ekki svo að á verði þreifað, gegn góðu siðferði og allsherjarreglu. Það matsatriði verður svo alla vega að ráðast af þeim umfangsmiklu upplýsingum, sem krafizt er, til þess að ákvörðun verði tekin um skráningu. Eins og áður var sagt, var höfuðtilefni þess, að til gerðar þessa frumvarps var stofnað, að ekki þótti mega við una, að ekki væri skýrari reglur um skilyrði fyrir því, að trúfélög fengju þau réttindi og skyldur, sem löggjöfin heimilaði. Um þau atriði er að verulegu leyti fjallað í sérlögum, svo sem lögum um sóknargjald, lögum um kirkjugarða, hjúskaparlögum o. s. frv., en það er ekki verkefni þessarar greinargerðar eða þessa lagafrumvarps að fjalla beint um það efni.

Um efni og einstakar greinar frumvarpsins skal að öðru leyti þetta tekið fram:

Um I kafla.

Almenn ákvæði um trúfélög.

Eins og áður er sagt, eiga ákvæði þessa kafla jöfnum höndum við um aðild að þjóðkirkjunni og að trúfélögum utan hennar. Ekki eru eða hafa verið í lögum slík almenn ákvæði, sem hér er um að ræða. Söguleg rök eru fyrir því, að lítið tilefni hefur verið til slíkra ákvæða um aðild að þjóðkirkjunni. Um aldir var lögbundin trúarnauðung í landinu, og þótt nokkuð væri slakað á samfara tilsk. um verzlunarfrelsið 1787, og trúfrelsiskenningar fengju viðurkenningu í stjórnarskrá 1874, svo sem áður segir, var í raun mjög lítið tilefni til lagaákvæða um þetta efni vegna yfirgnæfandi aðildar að þjóðkirkjunni. Þegar lögin um þjóðkirkjumenn voru sett 1886, en þá var með stjórnarskránni fenginn rökréttur grundvöllur fyrir slíkri

lagasetningu, var fríkirkjuhreyfingin farin að gera vart við sig, en hún gaf í sjálfu sér lítið tilefni, umfram fyrri aðstæður, til að lýsa almennum heildarreglum, þar sem sú kirkjuhreyfing hefur alla tíð verið lítt eða ekki frábrugðin þjóðkirkjunni. Lögin frá 1886 bera það enda nokkuð með sér, að í þeim er ekki hugsað langt burt frá þjóðkirkjulegum hugtökum, þótt lögunum sé ætlað að fylla ramma stjórnarskrárákvæðanna. — Hins vegar má telja, að nútíma aðstæður geri æskilegt, að höfuðatriði réttarstöðunnar séu lögfest, en jafnframt skal tekið fram strax hér, sbr. einnig síðar um einstakar greinar, að ekki felst í ákvæðum þessum, að beinum bannákvæðum undanteknum, fyrirætlun um að segja fyrir um innri skipan trúfélaganna. Um þjóðkirkjuna er augljóst, að í gildi er umfangsmikil sérlöggjöf og áfram má vænta ýtarlegri lagaákvæða um hana, sem geta gilt við hlið og jafnvel í stað þessara ákvæða.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru tekin upp, og þá að sjálfsögðu efnislega óbreytt, ákvæði 63. greinar stjórnarskrárinnar. Segja mætti, að það sé óþarft, en þykir þó hæfa, bæði sem undirstrikun á samhenginu og sem kjölfesta fyrir ákvæðin, sem á eftir koma. Orðaval og orðaskipun er lítillega frábrugðin stjórnarskrárgreininni til skýrari útlistunar á efni hennar. sbr. útlistun í inngangi greinargerðarinnar.

Um 2. gr.

Það er rétt að taka fram að ætla verður, að þó ekki væri lögfest ákvæði þessarar greinar, væri efni þess þó í fullu gildi samkvæmt almennum reglum réttarskipanarinnar. Ekki mun óþekkt, við aðild að ýmis konar félagsskap eða reglum, að slíkar almennar yfirlýsingar eða heitstrengingar séu tíðkaðar, oft sem hluti af siðareglum, og á það ekki síður við um trúfélög. — Er ljóst, að slíkar yfirlýsingar eru ekki réttarlega bindandi og væntanlega ekki til þess ætlazt. — Þykir engu að síður rétt að undirstrika þá staðreynd með ákvæði þessu, en ekki er með því ætlunin að banna, að slík heit séu gefin. Samsvarandi ákvæði sætti nokkrum andmælum í Noregi, væntanlega af viðkvæmni fyrir helgisiðahefð.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nokkru einfaldara en samsvarandi ákvæði í oftnefndum norskum lögum. Þar er tvískipt ákvæði, þ. e. 15 og 18 ára mark. Við 18 ár eru mörk foreldravalds að norskum lögum en 16 að íslenzkum. Hentar því vel að hafa aðeins það mark og ekkert lægra mark, þar sem ákvörðun er háð samþykki þess, er hefur foreldravald.

Um 4. gr.

Hér á við líkt og um 2. gr. hér að framan, að heit, sem hér ræðir um, eru ekki réttarlega skuldbindandi í þeirra merkingu að þau binda ekki athafnir manna framar en þeim sýnist. Rétt hefur hins vegar þótt, í þessu sambandi með beinu banni við að taka við slíkum loforðum, að við lagðri refsingu, sbr. 20. gr., að vinna gegn slíkum háttum. Er þetta vegna hinna nærgöngulu forma, sem slíkum heitvinningum eru oft samfara. — Segja má, að slík varnaðarákvæði eigi ekki miklu hlutverki að gegna hér á landi, þar sem slíkar reglur eru óþekktar. Þær eru hins vegar engan veginn óheimilaðar í löggjöfinni, og þykir rétt, að slíkt ákvæði verði tekið upp með sama hætti og í Noregi.

Um 5. gr.

Eins og getið var í inngangi greinargerðar, hafa ekki verið ákvæði í lögum um efni þessarar greinar, en reglur þær, sem hér eru settar fram eru í samræmi við þær, sem gilt hafa í framkvæmd samkvæmt reglum, er þjóðskránni hafa verið settar, og samráð voru höfð um við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þessar reglur eru augljóslega auðveldastar í framkvæmd, en segja má raunar á einfaldastan

hátt, þótt greinin skipti því í þrjár málsgreinar, að barn sé ávallt „frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess“. — Norsku lögin haga reglum um þetta efni með nokkuð öðrum hætti, að nokkru leyti af stjórnskipulegum ástæðum, þar sem stjórnarskrárákvæði eru túlkuð þannig, að ef annað hjóna er í þjóðkirkjunni, beri að telja barn þeirra til hennar, meðan ekki kemur til önnur lögmæt ákvörðun, en einnig er með þeirra ákvæðum reynt að halda meiri svip „jafnræðis“ milli foreldra með skírskotun ýmist til sameiginlegrar ákvörðunar eftir fæðingu (en þá vantar sjálfvirka reglu) eða með því að skírskota til foreldravalds „frá fæðingu“. — Íslenzka reglan er sem sagt einfaldari í meðförum.

Tvær fyrri málsgreinarnar fjalla um börn, sem fæðast í hjónabandi foreldranna, en þriðja málsgreinin um þær aðstæður, er móðir er ekki í hjónabandi, er barnið fæðist, hvort heldur barnið er skilgetið eða óskilgetið. Rétt þykir að vekja sérstaklega athygli á orðalagi greinarinnar, þar sem sagt er: skal frá fæðingu „talið“ o. s. frv. Með þessu er undirstrikað, að enn sé ekki um beina ákvörðun að ræða, sbr. svo aftur 3. og 6. grein.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ákvörðun um breytingu á trúfélagsaðild barns innan 16 ára aldurs. Ákvörðun í þessu efni geta foreldrar í hjónabandi aðeins tekið saman, en annars foreldri, sem foreldraráð hefur eða lögráðamaður. Ef barn hefur náð 12 ára aldri, skal leita álits þess. Má um það atriði vísa til sams konar ákvæðis við ættleiðingu barns, sem náð hefur 12 ára aldri. Nánari framkvæmdareglur bæri að setja með reglugerð, sbr. 19. gr.

Um 7. gr.

Það mætti e. t. v. segja, að ekki væri ástæða til að amast við því, að menn væru, ef þeir óskuðu þess, aðilar að fleiri en einu trúfélagi. Ákvæði greinarinnar er og alls ekki ætlað að hindra menn í að taka þátt í starfsemi, svo sem trúariðkun, í fleiri en einu trúfélagi. Hins vegar þykir það bezt samræmast góðri reglu og skýrri réttarstöðu, að menn eigi aðeins formlega aðild að einu skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni. — Óskráð trúfélög, sbr. 11. gr., koma hér ekki við sögu. — Afskipti í þessu efni að öðru leyti en formlegu aðildinni, mundu raunar geta höggvið of nærri trúfrelsiskenningunni.

Í 2. málsgrein þessarar greinar er, ef svo má segja, fjallað um „landfræðileg“ eða „þjóðleg“ mörk aðildarinnar, þannig að einnig útlendingar geta verið aðilar að íslenzkum trúfélögum og þjóðkirkjunni, ef þeir eru búsettir í landinu, en erlendir ríkisborgarar, sem ekki eru búsettir í landinu, geta ekki haldið formlegri aðild. — Á hinn bóginn er látið afskiptalaust, hvort menn kunna að eiga aðild að trúfélögum í öðrum löndum, samtímis aðild að innlendu trúfélagi.

Um 8. gr.

Þótt með ákvæðum greinarinnar sé settur nokkur rammi þeirra atriða, er gæta skal við inngöngu í trúfélag, er þeim ætlað sjálfum að setja reglur í því efni, svo og almennt um aðildina, sem samrýmist skipulagi þeirra og annarri afstöðu til þess, hvað skipti máli fyrir þau, við ákvörðun um aðild manna að trúfélaginu.

Um úrsögn eru með samsvarandi hætti mótaðar reglur um skipulega skráningarhætti.

Þá eru í 4. málsgrein ákvæði um áhrif, sem tilkynning um atriði varðandi trúfélagsaðild manna til þjóðskrár geti haft um ýmis framkvæmdaatriði, svo sem gjaldtöku. Er ljóst, að hentugleikaástæður um skýr tímamörk mæla með því, að tilkynning til þjóðskrár sé höfð sem ákvarðandi viðmiðun.

Um 9. gr.

Bannákvæði þetta gegn óviðeigandi afskiptum af frjálsri ákvörðun manna í þessum efnum, þykir eðlilegt til þess að vara við því að ganga of langt í því að

reyna að hafa áhrif á ákvarðanir manna í því efni, sem hér ræðir um. Það er ljóst, að ekki er með ákvæði þessu ætlunin að banna ýmiss konar trúboðslega mótaðar aðferðir til að hafa áhrif á ákvarðanir manna í þessum efnum. Ekki er hægt að gefa skýrari afmarkanir en það, að í slíkum efnum sé aðferðum haldið innan hefðbundinna marka, sem geta verið álitaefni. Á hinn bóginn getur verið um að ræða aðferðir, sem varðað geta við ákvæði hegningarlaga (t. d. 225 gr.) — Dómstólar mundu eiga mat á mörkum þessa ákvæðis.

Um 10. gr.

Þessari grein er fyrst og fremst ætlað að staðfesta, að hin almennu ákvæði I kafla nái einnig til þjóðkirkjunnar, en eins og tekið er fram í greininni, kemur einnig til sérlöggjöf í ýmsum efnum um þjóðkirkjuna, og sú löggjöf gildir þá eftir atvikum um hana, þótt í bága kynni að fara við hin almennu ákvæði kaflans í einhverjum efnum. Ekki er þó líklegt, að til þess komi um efni, sem verulegu máli skipta.

Um II. kafla.

Trúfélög utan þjóðkirkjunnar.

Ákvæði þessa kafla leysa af hólmi lögin um utanþjóðkirkjumenn (nr. 4 19. febrúar 1886 með breyt. í l. nr. 6 4. marz 1904). Verulegur hluti hinna upphaflegu laga fjallaði um efni, sem nú er komið í sérlöggjöf, svo sem lög um sóknargjöld og lög um stofnun og slit hjúskapar, og nokkuð efni þess, sem stendur eftir, er einnig í raun óþarft vegna nýrra ákvæða í sérlöggjöf, sbr. lög um kirkjugarða. Hins vegar eru, eins og áður er sagt, engin ákvæði í gildandi lögum um það, hvernig trúfélög skuli gera grein fyrir starfsemi sinni og hver skilyrði uppfylla til þess að starfsmönnum þeirra verði falin þau verkefni, sem prestum þjóðkirkjunnar eru falin innan hennar og borgaralegum embættismönnum utan allra safnaða. Það er hlutverk þessa kafla að gera því efni skil.

Um 11. gr.

Í þessari grein er fjallað um frjálsa trúfélagastarfsemi, sem er heimil, þótt ekki sé ætlað að leita skráningar samkvæmt 12. gr., sbr. 13.—18. gr. — Svo sem í 1. málsgr. segir, er stofnun og starfsemi heimil trúfélagi, þótt ekkert sé um þau atriði tilkynnt til stjórnvalda. Slík félög eru engu að síður bundin þeirri skyldu, sem í 2. málsgrein er lögð á öll slík félög til þess að gæta þess að taka ekki upp nafn á félag sitt, sem sé óhæfilega líkt nafni annars trúfélags, þannig að misskilningi geti valdið. Stjórnvöld meta það atriði, ef staðfestingar nafns er leitað samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, en einnig gæti upptaka slíks nafns varðað sektum samkvæmt 20. gr. — Til gæzlu á því, að uppgefin nöfn fari ekki í bága við nöfn, sem í notkun eru, sbr. 3. málsgrein, er sú skylda lögð á slík félög í 4. málsgrein að tilkynna um breytingu nafns eða að félag sé lagt niður, en þá mundi ekki með sama hætti þurfa að gæta þess, að nafni nýs félags yrði ekki ruglað saman við það.

Að sjálfsögðu eru félög, sem um er fjallað í þessari grein, bundin þeirri skyldu, sem önnur, að kenna ekki eða fremja neitt, sem gagnstætt er góðu siðferði og allsherjarreglu.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um hið nýja skipulag, sem frumvarpið ráðgerir, að trúfélög séu skráð, svo að þau öðlist réttindi og skyldur, sem lög ákveða. Í 2. málsgr. er tekið fram, að þar sem talað er um prest eða forstöðumann í þessum kafla, er átt við þá starfsmenn skráðs trúfélags, sem falið hefur verið að annast þau embættisverk, sem þeim verða með skráningunni heimil. — Það er ekki ætlunin að lögfesta heiti slíkra starfsmanna, en starfsheitin, starfssvið og starfssvæði falla undir innri mál-

efni félagsins. Einnig í því efni hljóta félögin að gæta þess að brjóta ekki í bága við allsherjarreglu og siðsamlega háttu, og stjórnvöldum ber að skoða einnig slík atriði.

Um 13. gr.

Hér eru settar fram mjög umfangsmiklar reglur um greinargerð, sem er undanfari þess, að skráningarbeiðni verði staðfest. Þessar reglur eru mjög veigamikið atriði í þeirri bættu reglu, sem ákvæðum þessa kafla er ætlað að tryggja um skipulega undirstöðu að framkvæmd á embættisverkum, sem varða þjóðfélagið miklu. Ekki sýnist þörf á að skýra nánar innihald greinarinnar, enda er upptalning hinna 9 töluliða einföld og augljós. — Nánari reglur um efnið mundu svo settar með reglugerð og jafnframt studdar eyðublöðum og leiðbeiningum.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að auglýsa með skýrum hætti skráningu trúfélags, svo að almenningi verði kunnugt, að í gildi séu starfsheimildir, sem henni fylgja.

Um 15. gr.

Skylda til skýrslugjafar er ákveðin, til þess að hin heimilaða embættisstarf**semi sæti** samsvarandi eftirliti og þeirra embættismanna hliðstæðra, sem eru í beinni þjónustu ríkisins og sama gildir um breytingar á starfshögum embættismanna trúfélaganna.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um viðbrögð af ríkisvaldsins hálfu við ágöllum á starfsemi trúfélags og niðurlagningu þess. — Svo sem í öðrum greinum kaflans, eru hér markaðar samsvarandi skyldur til skipulegra vinnubragða og þeim ber að uppfylla, sem með embættisgögn fara í ríkisþjónustu. Í þessari grein er heimiluð niðurfelling á skráningu trúfélags, ef það hefur að mati ráðherra brugðizt verulega í framkvæmd á lagaskyldum, og ekki bætt úr þrátt fyrir aðvörun.

Um 17. gr.

Í þessari og næstu grein er rætt um réttarstöðu presta og forstöðumanna safnaða. Eðlilegt þykir, að um þessa starfsmenn gildi sömu aldurstakmörk og um presta þjóðkirkjunnar, en um þá gildir almennt aldurshámark, 70 ár, en má þó framlengjast í 75 ár. Eðlilegt þykir, að gerð sé almenn hæfniskrafa, eins og til opinberra starfa. — Mundi af því leiða m. a. almenn krafa um íslenzkan ríkisborgararétt, og er það e. t. v. tilfinnanlegt fyrir trúfélög, sem byggja á alþjóðlega skipulagðri starfsemi, en þar er þó möguleg túlkun á undanþáguheimild 3. gr. laga nr. 38/1954. — Verður að vísu að telja kröfuna um íslenzkan ríkisborgararétt eðlilega frá almennu sjónarmiði. — Þess má geta, að í raun hefur verið vanmetin nauðsyn á talsverðri sérmenntun til embættisstarfa, til þess að prestur eða forstöðumaður geti forsvaranlega gegnt embættisstörfum. Er þetta atriði eitt af þeim, sem hyggja þarf að, ef þessi ákvæði fá lagagildi.

Um 18. gr.

Starfsábyrgð prests eða forstöðumanns er samsvarandi þeirri, er opinber starfsmaður ber. Brot hans í starfi geta því varðað við hina almennu löggjöf, þar með talin hegningarlögin. Agavald gagnvart embættisfærslu hans er samkvæmt greininni hjá ráðherra, en við hlið þess valds er hann auðvitað háður reglum þeim, sem honum eru settar með starfsreglum trúfélagsins um innri starfsemi þess.

Um 19. gr.

Svo sem vísað er til í fyrri greinum, mun þörf á að setja margs konar reglur um framkvæmd ýmissa þátta þeirra málefna, sem um er fjallað hér að framan, einkum í II kafla.

Um 20. gr.

Beiting viðurlaga er ekki veigamikill þáttur í þessum ákvæðum, enda mundu, eins og áður er bent á, jafnhliða eiga við viðurlög samkvæmt sérlöggjöf um embættisverk, sem skráning trúfélags heimilar prestum og forstöðumönnum þess.

Um 21. gr.

Í þessari grein er fjallað um aðdraganda þess, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda. Svo sem greinin ber með sér, er öllum þeim trúfélögum (söfnuðum), sem starfandi eru og hafa fengið staðfestingu á kjöri sínu á presti eða forstöðumanni, þannig að hann hefir öðlazt rétt til embættisverka og hann og söfnuðurinn þar með öðlazt réttindi samkvæmt ýmsum sérlögum, sem áður er getið, svo sem lög um sóknargjöld, um kirkjugarða o. s. frv., rétt að halda áfram starfsemi sinni, á grundvelli hinnar gildandi staðfestingar. Sá réttur er þó takmarkaður þannig, að þeim ber að hafa fengið endurnýjuð réttindi sín, og þá samkvæmt hinum nýju lögum, fyrir lok marzmánaðar, eftir að heilt almanaksár er liðið frá gildistöku laganna. Þessi tími er hafður svo rúmur, til þess að trúfélögunum gefist tími til að skipuleggja félagsstarfsemi sína í samræmi við fyrirmæli laganna og jafnframt til þess að skila ársskýrslu samkvæmt 15. gr. laganna, en svo sem ákveðið er í 2. málsgrein greinarinnar, skulu ákvæði laganna gilda, eftir því sem við á, eftir gildistöku laganna, þótt félögin hafi ekki fengið skráningu samkvæmt þeim.

Um 22. gr.

Miðað er við, að lögin öðlist gildi 1. janúar 1975, og falla þá úr gildi lögin frá 1886 og 1904. Eins og áður var getið, mundi þörf á að samræma ákvæðin í sérlöggjöfinni, þar sem fjallað er um málefni utanþjóðkirkjumanna, hinum nýju lögum. Til þess ætti að vera rúmur tími, meðan sá biðtími líður, sem ráð er gert fyrir í 21. grein og grein er gerð fyrir hér að framan.

Nd. 623. Frumvarp til laga [298. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nú gerir fræðsluráð tillögu um, að stofnað verði til starfsemi fjölbrautaskóla með sameiningu tveggja eða fleiri skóla í umdæmi þess, og er þá menntamálaráðuneytinu það heimilt, hafi samningar tekist um það með eignaraðilum skólanna.

Kostnaðarskipting skal þá fara eftir samkomulagi milli menntamálaráðuneytisins og mótaðila, er gert sé með hliðsjón af gildandi lögum um það nám, sem í boði verður innan skólans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar upphaflega var samið frumvarp til laga um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, var ætlunin, að sú heimild næði einungis til stofnunar eins slíks skóla í Reykjavík. Í því frumvarpi var það ákvæði, að ríkissjóður greiddi 60% af stofn-

kostnaði skólans, en 40% greiddur af Reykjavíkurborg. Þetta ákvæði er í gildandi lögum.

Á sínum tíma var þessi kostnaðarskipting sett í frumvarpið með hliðsjón af áætlun um fjölda nemenda í skólanum og skiptingu hans á námsbrautir. Var þá við það miðað, að raska sem minnst þeirri kostnaðarskiptingu sem orðið hefði milli ríkis og Reykjavíkurborgar, ef byggt hefði verið yfir þessa sömu nemendur eftir gildandi ákvæði um sérskóla og aðra skóla, sem fjölbrautanámið nær til.

Síðar þegar frumvarpinu var breytt á þann veg, að heimildin var ekki eingöngu takmörkuð við skóla í Reykjavík, var ákvæði þetta einnig látið ná til annarra byggðalaga. Þær athuganir, sem síðan hafa farið fram á möguleikum á að koma á fjölbrautanámi utan Reykjavíkur, hafa sýnt, að aðstæður þar eru mjög frábrugðnar því sem er í Reykjavík. Samsetning fjölbrautanámsins og það svið sem það tekur til, yrði í fæstum tilfellum hið sama. Skipting stofnkostnaðar í hlutföllunum 60 á móti 40 yrði flestum sveitarfélögum óhagstæðari en skipting sem reiknuð yrði út á sömu forsendum og gert var við fyrirhugaðan skóla í Breiðholti.

Það má þó ljóst vera, að lagabreytingu þessari er ekki ætlað að vera lausn til frambúðar. Nauðsynlegt er, að ákvæði um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna náms á framhaldsskólastigi verði innan tíðar tekin til endurskoðunar og þau samræmd. Ekki eru augljósar forsendur fyrir því, að mismunandi ákvæði gildi um mismunandi tegundir skóla. Endurskoðun þessi er þó viðameiri en svo, að hún verði unnin á stuttum tíma. M. a. er hún tengd hugsanlegum breytingum á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, breytingum á tekjustofnum þessara aðila og breytingum á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála.

Breyting á ákvæðum um kostnaðarskiptingu í lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla getur þó ekki bætt slíkrar heildarendurskoðunar. Nauðsynlegt er, að unnt verði að vinna áfram að bættri námsaðstöðu á framhaldsskólastigi utan Reykjavíkur. Lögin um fjölbrautaskóla eru á margan hátt ákjósanlegur grundvöllur til slíks en óneitanlega er gildandi kostnaðarákvæði þar nokkur þrándur í götu.

Að undanförnu hefur verið unnið að áætlanagerð um framhaldsnám í formi fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má þar nefna Sauðárkrók, Austurland með skólakjarna á Egilsstöðum og í Neskaupstað, Selfossi og Keflavík. Auk þess er stefnt að því að koma á fót fjölbrautanámi í Kópavogi og Hafnarfirði, og fleiri staðir koma einnig til greina þótt undirbúningur sé þar lítt á veg kominn. Hve víðtækt fjölbrautanámið verður, fjöldi námsbrauta o. s. frv., kann að verða nokkuð mismunandi á þessum stöðum. Ræðst það m. a. af stærð þess svæðis, sem skólanum er ætlað að veita þjónustu, atvinnuháttum þar og því, hvaða skólastofnanir eru þar fyrir hendi. Því er nauðsynlegt, að nokkur sveigjanleiki sé í lögum um kostnaðarskiptingu, svo að hægt sé að beita þeim í samræmi við aðstæður á hverjum stað, og er það tilgangur frumvarps þessa.

Sþ. 624. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um nýtingu innlendra orkugjafa.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Alþingi ályktar eftirfarandi:

Gerð skal ítarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða og fela í sér eftirtalin atriði:

1) **Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar sem jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við að hitaveituframkvæmdum verði í meginatriðum lokið á árinu 1977.**

2) Samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum, svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir, sem tryggi næga orkuframleiðslu og auknar rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt, að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981.
3) Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum, svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda.

Framkvæmdaáætlun þessi skal lögð fyrir næsta þing.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi er flutt í tengslum við skýrslu iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, og vísast til hennar um nánari rökstuðning.

Ed. 625. Frumvarp til laga [300. mál]

um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Sameina skal starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni ríkisstofnun, er bera skal nafnið „Ríkismat sjávarafurða“, en fyrrgreindar tvær stofnanir þar með lagðar niður.

2. gr.

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbadýr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu þeirra.

Stofnunin skal meta eða hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða á öllum vinnslustigum. Undanþeginn er þó eigin afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrennis þeirra. Ríkismatið skal veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða, svo og um önnur þau atriði, er það fjallar um.

Ráðherra getur sett reglugerðir um framkvæmd laga þessara meðal annars um umbúðir, merkingu, vörustaðla, flutning, útskipun og hleðslu sjávarafurða.

Ráðherra getur og með reglugerð lagt bann við því, að verkaður sé fiskur, krabbadýr eða skeldýr undir tiltekinni lágmarksstærð eða, sem ástæða er til að ætla að geti verið gölluð vara, menguð eða óheppileg til vinnslu annarra ástæðna vegna. Skal Ríkismatið í samráði við ráðuneytið hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.

3. gr.

Ríkisstofnanir, sem hafa með höndum verkefni, er falla undir Ríkismat sjávarafurða samkvæmt lögum þessum, geta haldið þeim áfram eftir nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir þær rannsóknir og tilraunir, sem til þeirrar stofnunar falla skv. 26. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en til þess að tryggja að sú starfsemi fari fram í nánu samráði

og samvinnu við Ríkismat sjávarafurða skal ráðherra skipa sérstaka samstarfsnefnd einum fulltrúa frá hvorri stofnun og einum starfsmanni sjávarútvegsráðuneytisins, sem skal kalla nefndina saman þegar þörf þykir.

5. gr.

Ríkismat sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. **Frysti- og hreinlætisdeild,** sem einkum skal hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum og vinnslustöðvum og einnig framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi frystra sjávarafurða.
2. **Ferskfiskdeild,** sem einkum skal annast eftirlit og mat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
3. **Salt- og skreiðardeild,** sem einkum skal annast eftirlit og mat á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.

Ráðherra getur breytt deildaskipun og kveðið nánar á um verkefni einstakra deilda að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar.

6. gr.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum umsóknum um það starf og skal háskólapróf í matvælafræðum eða raunvísindum, eða þá önnur sambærileg menntun, veita forgangsrétt til starfsins.

Forstjóri Ríkismats sjávarafurða hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

7. gr.

Ráðherra skipar deildarstjóra að fengnum umsóknum og álits forstjóra um þær. Deildarstjórar skulu veita forstöðu hver sinni deild hjá stofnuninni og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna.

8. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsóknum og álits viðkomandi deildarstjóra svo og forstjóra um þær. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri deilda eftir ákvörðun forstjóra, sem jafnframt getur fært þá milli umdæma með samþykki ráðherra.

9. gr.

Matsmenn, er starfa á vegum Ríkismats sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Ríkismats sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um reynslu og menntun starfsmanna Ríkismatsins og verkstjóra við fiskverkun. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð, að eigendur fisks skuli greiða kaup og annan kostnað af störfum matsmanna.

11. gr.

Forstjóri Ríkismatsins, deildarstjórar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.

12. gr.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi

mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

13. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara ,enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Ríkismats sjávarafurða.

Þeir, sem flytja út farma af sjávarafurðum, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu forstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

14. gr.

Hver sá, sem leggur stund á verkun eða vinnslu sjávarafurða, skal hafa sérstakt vinnsluleyfi Ríkismatsins til tryggingar því, að vinnslustöðin fullnægi settum skilyrðum.

15. gr.

Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verslar með fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt að gefa starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynleg við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar, um verkun, geymslu og flutning fisks og sjávarafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða um kvartanir vegna þess, að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt.

Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

16. gr.

Forstjóri Ríkismats sjávarafurða, deildarstjórar, yfirmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, krabbadýra og skeldýra svo og vinnslu, pökkun og útflutning fisks og sjávarafurða, ef þrif og búnaður fiskiskips, vinnslustöðvar eða flutningatækis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða afurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru skv. lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismatsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur móttaka, vinnsla, pökkun eða útflutningur fisks eða sjávarafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgrein, og ber þá Ríkismatinu að leyfa, að sá fiskur eða afurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota, sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal banni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Forstjóri Ríkismatsins úrskurðar, ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðuneytisins.

17. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum nema þyngri viðurlögum varði, samkvæmt öðrum lögum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum (öðrum en þeim, er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi 1‰ af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og renna í ríkissjóð.

19. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Lög nr. 53 11. júní 1938 um mat á matjesíld og skozkverkaðri síld.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum halda gildi sínu eftir því sem við á.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með 1. janúar 1975 eru lagðar niður stöður fiskmatsstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna hjá Fiskmati ríkisins svo og stöður síldarmatsstjóra og síldarmatsmanna hjá Síldarmati ríkisins.

Stöður forstjóra, deildarstjóra og yfirmatsmanna hjá Ríkismati sjávarafurða skulu auglýstar lausar til umsóknar og skal forstjóri skipaður eigi síðar en 1. október 1974.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi 29. nóvember 1973 skipaði sjávarútvegsráðherra 3ja manna nefnd til að taka til heildarathugunar skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og semja frumvarp til laga um matstofnun sjávarútvegsins, þar sem gengið skyldi út frá því, að Síldarmat ríkisins yrði lagt niður og starfsemi þess og starfsemi Fiskmats ríkisins felld inn í hina nýju stofnun. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Örn Marinósson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun og Jóhann Guðmundsson, efnaverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þórður Eyþórsson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu, var nefndinni og til aðstoðar. Áður en nefnd þessi var skipuð hafði sjávarútvegsráðuneytinu borist tillaga frá fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, um endurskoðun á starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Í tillögu þessari, sem dagsett er 5. október 1973, segir m. a. svo: „Undirnefnd fjárveitinganefndar, sjávarútvegsráðuneytið og fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa að undanförnu rætt skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Er niðurstaðan af þessum umræðum sú, að brýn þörf sé á og tímabært að taka starfsemi þessara tveggja stofnana til endurskoðunar og breytinga. Er einkum tvennt, sem telja verður, að endurskoðunin eigi að beinast að: (1) Innra skipulag og starfsemi Fiskmatsins og (2) niðurlagningu Síldarmatsins og samruna þess við Fiskmatið."

Helstu rökin, sem sett hafa verið fram, um sameiningu Síldarmats og Fiskmats ríkisins eru þau, að þar sem síldveiðar við Ísland hafa lagst niður að mestu, hafa verkefni Síldarmats ríkisins minnkað að sama skapi. Við Síldarmatið starfa nú 6 síldarmatsmenn auk síldarmatsstjóra, sem hefur skrifstofu sína í Reykjavík. Útlit

er fyrir, að starfskraftar þessara manna verði illa nýttir í náinni framtíð. Á hinn bóginn er þess að gæta, að þessir menn búa yfir mikilvægri þekkingu á meðferð og verkun saltsíldar. Hugmyndin um sameiningu Síldarmatsins og Fiskmatsins byggist þannig á því að nýta mætti betur fjármuni og starfskrafta þessara stofnana, auk þess sem viðhaldi þekkingar síldarmatsmanna ætti að vera betur borgið ef málum væri þannig fyrir komið. Ennfremur er rétt að benda á að Fiskmat ríkisins annast nú allt mat á síld annað en mat á saltsíld.

Eins og fyrr greinir hefur þótt rétt að endurskoða innra skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins um leið og unnið væri að sameiningu þess og Síldarmats ríkisins. Kemur þar ýmislegt til. Eins og kunnugt er hefur á undanförnum árum verið unnið að því að gera miklar endurbætur á frystiiðnaði landsmanna með sérstöku tilliti til aukinna krafna á Bandaríkjamarkaði til gæða framleiðslunnar. Að þessum málum hefur frá árinu 1969 starfað nefnd, sem kölluð hefur verið „Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði." Á grundvelli starfs þessarar nefndar hefur verið lögð mjög aukin áhersla á aukið eftirlit með hreinlæti og búnaði í fiskiskipum, löndunar-, og flutningatækjum og fiskvinnslustöðvum. Má segja að vísir að sérstakri hreinlætisdeild hafi orðið til hjá Fiskmati ríkisins til þess að sinna þessu verkefni. Í núgildandi lögum um Fiskmatið er ekki gert ráð fyrir slíkri deild og hefur hún ekki enn verið formlega stofnuð. Þykir bera nauðsyn til að ráða bót á þessu og er gert ráð fyrir því, að starfsemi Tillögunefndar geti færst inn í þessa deild, þegar fram líða stundir. Þá hefur sú skoðun verið útbreidd, að freðfiskmat, sem Fiskmat ríkisins annast, sé í núverandi mynd lítils virði og beri að leggja það niður. Til freðfiskmats er varið miklum fjármunum auk þess freðfiskeftirlits er sölusamtökin hafa á hendi og miklu fé er einnig varið til. Í frumvarpi þessu fjallar 5. grein um ofangreinda deildarskiptingu og vísast til athugasemda um þá grein.

Fleiri rök mætti nefna í sambandi við þörf endurskoðunar á innra skipulagi og starfsemi Fiskmatsins, en þeirra verður nánar gerð grein í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins.

Nefnd sú, sem falið var að gera uppkast að frumvarpi þessu, hefur starfað óslitið frá því hún var skipuð, og hefur hún m. a. haldið fundi með forsvarsmönnum eftirtalinna samtaka og stofnana: Fiskmats ríkisins, Síldarmats ríkisins, Fiskvinnsluskólans, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Samlags skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefndar, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Auk þess hefur nefndin haft viðtal við fleiri aðila og kannað mikinn fjölda gagna um starfsemi þessra 2ja stofnana. Er óhætt að fullyrða að nefndin telur menn nánast á einu máli um að sameina beri starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni stofnun. Nefndin telur það einnig vera í samræmi við skoðun meiri hluta þeirra sem hún ræddi við, að bæði Síldarmatið og Fiskmatið verði lögð niður og starfsemi þessara stofnana færð inn í nýja stofnun sem tæki til allra sjávarafurða. Er í frumvarpi þessu gengið út frá því, að hér sé um nýja stofnun að ræða, sem nái yfir víðara svið en Fiskmat ríkisins gerir í dag. Jafnframt skal tekið fram, að lög nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, voru jafnan höfð til hliðsjónar og eru öll efnisatriði þeirra laga, sem við þóttu eiga, tekin upp í frumvarp þetta.

Verður nú gerð nánari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein þykir skýra sig sjálf, en í sambandi við nafnið „Ríkismat sjávarafurða" skal tekið fram, að það þykir gefa gleggri mynd af starfsemi hinnar nýju stofnunar heldur en t. d. nafnið „Fiskmat ríkisins" þar sem henni ber ekki einungis að meta fisk og sjávarafurðir heldur einnig hafa eftirlit með búnaði, hreinlæti og hollustuháttum við framleiðsluna.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um verkefni hinnar nýju stofnunar. Ríkismati sjávarafurða er ætlað að hafa með höndum eftirlit með allri meðferð, flutningi, vinnslu og geymslu á fiski, krabbadýrum og skeldýrum frá því veiðin kemur um borð í veiðiskip og þar til hún er send á markað til sölu, hvort og hvernig svo sem hún hefur verið unnin eða verkuð. Þó er undanþága gerð hvað varðar eigin afla, sem veiðiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning getur ráðherra þó sett reglur. Í síðustu málsgreininni er gert ráð fyrir því að Ríkismatið hafi eftirlit með þeim reglum, sem settar hafa verið eða settar kunna að verða um aflasamsetningu fiskiskipa og lágmarksstærðir fisktegunda (þar með talin krabbadýr og skeldýr). Um þetta hafa ekki verið skýr ákvæði í lögum, en rétt þykir að þetta verði fastur þáttur í starfsemi Ríkismatsins.

Í síðustu málsgrein er einnig gert ráð fyrir því, að Ríkismatið hafi eftirlit með reglum um að ekki megi verka eða vinna fisk, sem sé mengaður eða óheppilegur til vinnslu. Er þar m. a. hafður í huga skelfiskur, sem veiddur er of nærri mannabústöðum og gæti því verið sýktur eða mengaður.

Um 3. gr.

Hér er einkum haft í huga að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur nú með höndum eftirlit með lýsi, lagmeti og fiskmjöli. Þykir rétt að svo verði áfram enda þótt Ríkismat sjávarafurða kunni að yfirtaka þessi verkefni síðar.

Um 4. gr.

Ljóst þykir að mjög náið samstarf þarf að vera milli Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Ríkismats sjávarafurða, einkum frysti- og hreinlætisdeildar. Kemur þar til að nauðsynlegt verður að nota tæknilegar einkum gerlafræðilegar aðferðir við vissa þætti í starfsemi Ríkismatsins. Gert er ráð fyrir því að forstöðumenn þessara stofnana muni leysa flestan vanda, sem upp kemur, jafnóðum, en eigi að síður þykir nauðsynlegt að setja á fót samstarfsnefnd þessara aðila og ráðuneytisins þar sem hægt verði að ræða stærri vandamál, samræma starfsemi þessara 2ja stofnana og gera áætlanir fram í tímann um hana.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um deildaskiptingu hinnar nýju stofnunar. Samkvæmt lögum nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, skiptist Fiskmat ríkisins í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar. Er kveðið svo á, að ráðherra geti fjölgað deildum er þörf krefji. Sú hefur orðið raunin og eru nú starfandi hjá Fiskmatinu 4 deildir, auk þess sem vísir er kominn að búnaðar- og hreinlætisdeild, þótt sumar þessar deildir hafi ekki verið formlega stofnaðar enn þá. Deildir þessar, sem allar hafa sameiginlega skrifstofu, eru: Gæðaskráningardeild, ferskfiskmatsdeild, saltfisk- og skreiðarmatsdeild og freðfiskdeild. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að deildir Ríkismats sjávarafurða verði þrjár. Ekki þykir þörf á að hafa sérstaka gæðaskráningardeild þar sem starfsemi sú, er þar fer fram, þykir falla undir eðlilegt starf skrifstofu stofnunarinnar. Ekki þykir heldur heppilegt að reka sérstaka freðfiskdeild þar sem eftirlit með búnaði- og hreinlæti við vinnslu frystra afurða verður svo samtvinnað þeim verkefnum, sem falla myndu undir slíka deild, að best fer á því að ein deild sinni þeim. Hins vegar er gert ráð fyrir því að mat það og eftirlit, sem frystihúsin hafa sjálf með sinni framleiðslu muni haldast sem nauðsynlegur þáttur í þeirra sölumálum. Sú deild, sem í frumvarpi þessu er nefnd salt- og skreiðardeild, tekur við verkefnum Síldarmats ríkisins en auk þess myndu aðrar saltaðar sjávarafurðir þar á meðal söltuð hrogn einnig falla undir verksvið deildarinnar. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir sérstakri deild, sem einungis fjalli um saltsíld. Samkvæmt lögum er ráðherra hins vegar heimilt að breyta deildarskipun og getur því stofnað sérstaka saltsíldardeild ef þörf krefur. Annars

er reiknað með því að forstjóri stofnunarinnar verði nokkuð sjálfráður um það hvernig verkefnum verður raðað á hinar einstöku deildir.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar um að háskólapróf í matvælafræðum eða raunvísindum, eða þá önnur sambærileg menntun, skuli veita forgang til starfs forstjóra Ríkismatsins, er tilkomið vegna þeirrar skoðunar, að breyttar kringumstæður, þróun undanfarinna ára og aukið verksvið þessarar nýju stofnunar krefjist þess, að stöðu forstjóra skipi maður, sem hefur sérhæft nám að baki sér.

Um 7.—12. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir að yfirmatsmenn megi færa milli umdæma með samþykki ráðherra. Nú tíðkast það hjá Fiskmati ríkisins, að yfirfiskmatsmenn eru skipaðir til starfa á sérstöku svæði og jafnvel stundum til að sinna ákveðnum afmörkuðum verkefnum. Hefur þetta oft reynst bagalegt þar sem fiskverkunarhættir ákveðins svæðis taka gjarnan breytingum auk þess sem alltaf er um að ræða nokkrar sveiflur á lönduðu aflamagni hvers svæðis fyrir sig. Þykir þess vegna þurfa að hafa það opið, að breyta megi landfræðilegum umdæmum yfirmatsmanna annars vegar og hins vegar að þeir geti tekið að sér að sinna hinum mismunandi verkefnum stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur. Auk þess getur það stuðlað að frekari samræmingu á störfum yfirmatsmanna ef þeir eru færðir til skiptis milli umdæma.

Um 13. gr.

Þessi grein er efnislega byggð á ákvæðum laga nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er ekki að finna bein ákvæði um sérstök vinnsluleyfi eins og gert er ráð fyrir í grein þessari. Fiskmat ríkisins hefur þó í reynd gefið út vinnsluleyfi til þeirra vinnslustöðva, sem það hefur eftirlit með. Þykir rétt að lögfesta þetta þannig að allar vinnslustöðvar, sem Ríkismatið hefur eftirlit með, verði að hafa formlegt leyfi þess til starfsemi sinnar. Að sjálfsögðu skal Ríkismatið einungis byggja á atriðum, sem undir verksvið þess falla, við ákvörðunartöku í þessu efni.

Um 15.—18. gr.

Þessar greinar eru allar byggðar efnislega á ákvæðum laga nr. 55/1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum og þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 19. og 20. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki þykir fært að láta lögin um Ríkismat sjávarafurða taka gildi fyrr en 1. janúar 1975 svo hægt sé að veita starfsfólki Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins lausn frá störfum sínum með nægilegum fyrirvara. Á hinn bóginn þykir eðlilegt að starfsfólk hinnar nýju stofnunar verði ráðið eða skipað í stöður sínar að mestu leyti fyrir þann sama tíma til að tryggja eðlilegt áframhald á eftirliti og mati á fiski og sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir því að forstjóri Ríkismats sjávarafurða verði skipaður eigi síðar en 1. október 1974, enda skal hann láta í ljós álit sitt á umsóknum til annarra starfa stofnunarinnar eins og mælt er fyrir í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðuneytið sjái um auglýsingar á stöðum hjá Ríkismati sjávarafurða og yfirleitt um framkvæmd þessa bráðabirgðaákvæðis.

Nd. **626. Frumvarp til laga** [113. mál]

um skipulag ferðamála.

(Eftir 3. umr. í Ed., 29. mars.)

Samhljóða þskj. 551 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Verkefni Ferðamálastofnunar Íslands eru:

I. **Skipulagning ferðamála:**
1) Áætlanagerð og heildarskipulagning.
2) Markaðskannanir.
3) Landkynningarstarfsemi.
4) Fjárfestingaráætlanir og fjármögnun.
5) Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
6) Samstarf við almennar ferðaskrifstofur og könnun á nýjungum í ferðamálum.

II. **Þjónustustarfsemi:**
1) Að efla og styrkja starfsemi ferðamálafélaga og vinna að undirbúningi árlegs Ferðamálaþings.
2) Að skipuleggja og sjá um námskeið fyrir leiðsögumenn samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er ráðherra setur.
3) Að veita almennar upplýsingar í sambandi við ferðir innanlands.
4) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir pantanir á gistihúsnæði í samráði við samtök gistihúsaeigenda.
5) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum, í samráði við samtök veiðiréttareigenda og Landssamband stangarveiðifélaga.
6) Að veita aðstoð í sambandi við fjölþjóðaráðstefnur á Íslandi og vinna að því í samráði við flutningafyrirtæki og eigendur gistihúsa, að slíkar ráðstefnur séu haldnar.
7) Að vinna að því, að hópferðir fyrir almenning til öræfa landsins verði samræmdar og skipulagðar.

III. **Eftirlit og umhverfisvernd:**
1) Að stuðla að því, að umhverfi, fornminjar eða önnur náttúru- eða menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til. Skal stofnunin hafa náið samstarf við náttúruverndarráð og aðra þá aðila, sem um slík mál fjalla.
2) Að hafa frumkvæði um, að uppfylltar séu nauðsynlegar hreinlætiskröfur, sér í lagi á stöðum, sem fjölsóttir eru af ferðafólki.
3) Að stuðla að fegrun umhverfis og snyrtilegri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
4) Að kanna, eftir því sem ástæða er til, réttmæti kvartana, sem berast um það, sem ábótavant kann að þykja í starfi þeirra aðila, sem veita ferðafólki þjónustu og stuðla að úrbótum á því, sem áfátt kann að reynast.

IV. **Sölustarfsemi:**
1) Að annast skipulagningu orlofsferða og orlofsdvala með sem hagkvæmustum kjörum fyrir orlofsfólk með eigin ferðum eða í samvinnu við starfandi ferðaskrifstofur. Skal stofnunin í þessu skyni leita samvinnu við stéttasamtök og önnur almannasamtök.

2) Að hafa með höndum fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, sem almenn ferðaskrifstofa.
3) Að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um kann að semjast við forráðaaðila skólanna.

V. **Önnur verkefni:**

Að inna af hendi annað það, sem stofnuninni er falið með lögum þessum eða á annan hátt.

28. gr. hljóðar svo:

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur 1/5 hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

29. gr. hljóðar svo:

Telji Ferðamálastofnunin, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur hún farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé stofnunin eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálastofnuninni eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 10 millj. kr. árlega.

30. gr. hljóðar svo:

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

31. gr. hljóðar svo:

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óheilbrigði eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

32. gr. hljóðar svo:

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

33. gr. hljóðar svo:

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

34. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma. Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

35. gr. hljóðar svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

36. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráðs þess, er starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969.
Á sama hátt kemur Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðamálaráð samkvæmt lögum nr. 4/1969 skal boða til fyrsta Ferðamálaþings eigi síðar en 30. sept. 1974. Þar til stjórn Ferðamálastofnunar Íslands hefur verið fullskipuð samkvæmt lögum þessum, fer Ferðamálaráð með þau mál, sem undir Ferðamálastofnun Íslands falla samkvæmt lögum þessum.

Ed. 627. Lög [24. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.

(Afgreidd frá Ed., 29. mars.)

Samhljóða þskj. 502.

Nd. 628. Lög [237. mál]

um breyting á lögum nr. 18 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd., 29. mars.)

Lögin samhljóða þskj. 404.

Nd. 629. Frumvarp til laga [100. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. mars.)

1. gr.
Dalvíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Dalvíkurhrepp og heitir Dalvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Norðurlandskjördæmi eystra.

2. gr.

Um valdsvið bæjarfógeta á Dalvík og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti Akureyrar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Eyjafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Nd. 630. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. mars.)

Samhljóða þskj. 28 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

83. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingaréttindum í búinu.

Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingaréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar, að frádregnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra rétthafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörsluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Kröfur skv. 82. gr. 2. og 3. liðum ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignarréttindi.

4. gr. hljóðar svo:

84. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir andlátið.
2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta.

3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.
5. Kröfur skv. 1.—4. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 6 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.
6. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.
7. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.
8. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

9. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 631. Fyrirspurnir. [301. mál]

I. Til menntamálaráðherra um rannsóknastörf prófessora.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hver hafa verið rannsóknastörf þeirra prófessora við Háskóla Íslands, hvers um sig, sem skipaðir voru prófessorar á árunum frá 1960 til 1970, á þeim tíma, sem þeir hafa starfað sem prófessorar hver um sig?
2. Hafa verið settar einhverjar reglur um það, á hvern hátt prófessorar við Háskóla Íslands gera grein fyrir rannsóknastörfum sínum?

II. Til menntamálaráðherra um veitingu prófessorsembættis við læknadeild Háskóla Íslands.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvenær má vænta þess, að veitt verði prófessorsembætti í handlækningafræðum við læknadeild Háskóla Íslands, er auglýst var laust til umsóknar á árinu 1973?

III. Til menntamálaráðherra um meistarabréf og sveinsbréf handa tannsmiðum.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður afgreiðslu á meistarabréfum og sveinsbréfum handa tannsmiðum?

Nd. **632. Frumvarp til laga** [302. mál]

um félagsráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Rétt til að stunda félagsráðgjöf hér á landi og kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá félagsráðgjafaskóla, sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

3. gr.

Tarkmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. greinar. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggi meðmæli Stéttarfélags íslenkra félagsráðgjafa. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa, skv. 2. grein með þeim undantekningum, sem leiðir af ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum.

Reglur læknalaga gilda m. a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um félagsráðgjöf, sem hér er lagt fram, er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eftir ítrekaðri ósk Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa.

Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa var stofnað 19. febr. 1964 og í því eru nú tæplega 20 meðlimir. Við nám í félagsráðgjöf eru svo eitthvað í kringum 20 nemar, þannig að líkur eru til að verulega fjölgi í stéttinni á næstunni.

Nám í félagsráðgjöf hefur hingað til ekki verið unnt að stunda á Íslandi heldur hefur aðallega verið sótt til Norðurlandanna í því skyni, en síðan á miðju ári 1971, hefur verið starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, sem hefur unnið að undirbúningi sérstakrar námsbrautar við Háskóla Íslands og þá líklega við þjóðfélagsfræðideild skólans.

Félagsráðgjafaskólar eru ýmist stofnanir, sérháskólar eða í tengslum við háskóla, og er þeim ætlað að veita nemendum sínum fræðilega menntun á háskólastigi og hagnýta starfsmenntun. Námstilhögun er með líku sniði í skólunum á Norðurlöndum og er námstíminn þar 3½ ár miðað við allt árið. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða a. m. k. stúdentspróf í ákveðnum námsgreinum. Lágmarksaldur við inntöku í skólann er 19 ár og tekið er tillit til starfsreynslu umsækjanda.

Námið skiptist í verklegt og bóklegt nám og nær bóklega námið yfir um það bil ⅔ hluta af námstímanum eða 2½ ár.

Eftirfarandi námsgreinar eru kenndar:

1) Lögfræði: félagsmálalöggjöf, persónu-, sifja- og erfðaréttur, refsilöggjöf, réttarfar og fleira.
2) Stjórnlagafræði: Um stjórnarfar, stjórnlög landsins og sveitarstjórnarmál, saga stjórnmálastefna.
3) Þjóðhagfræði ásamt félagsmálafræðum: Undirstöðuatriði í hagfræði, félagsmál, þróun þeirra og framtíðaráætlanir.
4) Félagsfræði: Almenn félagsfræði, félagssálarfræði, félagsfræðirannsóknir, sakfræði og undirstöðuhugtök tölfræði.
5) Sálarfræði: Almenn sálarfræði, barnasálarfræði, skólasálarfræði, klinisk sálarfræði, félagslækningar og geðlæknisfræði.
6) Vinnusálarfræði: Samtalsmeðferð einstaklinga og hópa, viðtalstækni, skýrslugerð og fleira.

Verklega námið tekur yfir eins árs tímabil og er það við suma skóla 1 ár samfleytt, en við aðra er náminu skipt í 2 hálfs árs tímabil með bóklegu námi á milli. Námið fer fram á ýmsum stofnunum þjóðfélagsins þar sem félagsráðgjafar eru í starfi og er nemandi þar undir handleiðslu kennslu-félagsráðgjafa.

Starfssvið félagsráðgjafa er mjög víðtækt og nær yfir bæði fyrirbyggjandi og endurhæfandi starfsemi. Flestir þeirra vinna á opinberum stofnunum, svo sem félagsmálastofnunum, sjúkrahúsum, heilsuhælum, heilsuverndarstöðvum, geðverndarstöðvum, endurhæfingarstöðvum, tryggingastofnunum almannatrygginga, í skólum, við fangahjálp, við fjölskylduráðgjöf og fleira. Erlendis er það einnig algengt að stór einkafyrirtæki hafi félagsráðgjafa í sinni þjónustu í sambandi við starfsmannahald.

Hinn 29. júní 1967 samþykkti Evrópuráðið ályktun um félagsráðgjafa, hlutverk þeirra og menntun og stöðu í þjóðfélaginu. Varðandi stöðu félagsráðgjafa segir í ályktun þessari m. a. svo:

> „Taking for granted that social workers should have a status that is in accordance with their professional responsibilities, the following recommendations are made: Where the need arises, and as far as practicable, measures should be taken to protect the respective titels of professionally trained social workers in their respective countries."

Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að svo sé komið hér á landi, að þörf sé fyrir lögverndun, bæði á starfa og starfsheiti félagsráðgjafa og því beri að fara eftir þeim tilmælum, sem í ofangreindri ályktun felast.

Það er ennfremur mat ráðuneytisins, að með tilliti til þess hversu mikill hluti félagsráðgjafastéttarinnar starfar að einhverju leyti á vegum heilbrigðisstofnana eða að heilbrigðismálum almennt, verði það að teljast eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið hafi forgöngu um að koma slíkri lögverndun á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er fallist á þá skoðun Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, að félagsráðgjafastarf sé fyrst og fremst á sviði heilbrigðisþjónustu, og því sé eðlilegt að flokka félagsráðgjafa með heilbrigðisstéttum.

Grein þessi er því efnislega samhljóða samsvarandi greinum í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir eins og t. d. læknalögum, tannlæknalögum, hjúkrunarlögum og lögum og reglugerðum um sjúkraliða, meinatækna, röntgentækna og fl.

Um heitið félagsráðgjafi er það annars að segja, að það er nýleg smíð úr fornum efnivið, samsett úr tveimur orðum, **félag** og **ráðgjafi**, sem eru hvort um sig samsett orð. Samsetningin **félagsráðgjafi** er mynduð í samræmi við þá **meginreglu**, að fyrri liður samsetningarinnar er hafður í eignarfalli, þegar hann er sjálfur samsett orð.

Heiti þessu virðist hafa verið mjög vel tekið og það sýnist þegar hafa unnið sér sess í þessari merkingu í nútímamáli.

Um 2. gr.

Þar til hafin hefur verið kennsla í félagsráðgjöf hér á landi, við Háskóla Íslands, er nauðsynlegt að Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa segi til um gæði þeirrar menntunar, sem veitt er í þeim félagsráðgjafaskólum, sem heilbrigðisyfirvöldum eru ekki þegar kunnir.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um réttindi þeirra, sem við gildistöku laganna eru í starfi, sem að einhverju leyti teldist eðlilegast að félagsráðgjafar gegndu. Er gert ráð fyrir því, að ráðherra verði heimilað, að fengnum meðmælum Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, að veita slíku fólki takmarkað eða tímabundið starfsleyfi án þess að því fylgi réttur til að kallast félagsráðgjafar.

Takmörkun slíks leyfis gæti m. a. lýst sér í því, að viðkomandi fengi leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, sem einskonar félagsráðgjafi, en öðru starfi ekki. Tímabundið starfsleyfi gæti t. d. kveðið svo á, að viðkomandi hefði leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, uns félagsráðgjafi fengist til að taka við því starfi. Meðmæli Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa gætu þá verið háð því skilyrði að það sannaðist með auglýsingu, að ekki fengist fullgildur félagsráðgjafi til starfans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 633. Lög [115. mál]

um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

(Afgreidd frá Ed., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 522.

Nd. 634. Frumvarp til laga [172. mál]

um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 275 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

7. gr. hljóðar svo:
Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Nd. 635. Lög [233. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1971.

(Afgreidd frá Nd., 1. apríl.)

Lögin samhljóða þskj. 397.

Nd. 636. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu. Minni hlutinn mun skila séráliti, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Karvel Pálmason.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. **637. Frumvarp til laga** [303. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Í stað: „1. taxta“ í 1. málslið 1. mgr. 5. gr. laganna komi: „lægsta taxta“.

2. gr.

Síðasta mgr. 15. gr. hljóði svo:

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig daglega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

3. gr.

16. gr. b-liður orðist svo:

njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða njóta launa á meðan þeir eru atvinnulausir, sbr. 26. gr.

4. gr.

1. málsliður 1. mgr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkvæmt næst lægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera, sem hér segir:

a-liður 1. málsliður 18. gr. orðist svo:

Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greindum launum.

5. gr.

Á eftir 25. gr. komi ný grein, sem verði 26. gr. svohljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Vinnuveitandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggi honum dagvinnukaup fyrir fyrstu þrjá atvinnuleysisdaga í viku hverri frá 27. febrúar 1974 til febrúarloka 1976, fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga á tímabilinu 1. mars 1976 til febrúarloka 1978 og fimm atvinnuleysisdaga frá 1. mars 1978, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 60% slíkra launagreiðslna, eftir því, sem nánar greinir í reglugerð, sem ráðherra setur.

Í reglugerð þessa skal setja ítarleg ákvæði um efni þess samkomulags á milli vinnuveitanda og launþega, sem gert er ráð fyrir í grein þessari. Enn fremur skal setja ákvæði um rétt vinnuveitanda til endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem minnkar úr 60% 1. mars í 50% á ári hverju uns hún fellur niður með öllu frá og með 1.mars 1984. Svo skal og setja ákvæði í reglugerðina um nánari tilhögun endurgreiðslunnar og annað það, sem varðar framkvæmd laga þessara.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar, sbr. 14. gr., og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

6. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt 22.—25. gr. laga þessara er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

7. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 26. gr. þegar lög þessi öðlast gildi og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. síðustu mgr. 26. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að greiða fyrir lausn kjaradeilu þeirrar, sem lauk með samkomulagi á milli aðila vinnumarkaðarins 26. febr. 1974, hét ríkisstjórnin að beita sér fyrir því, að breytt yrði á yfirstandandi þingi lögum um atvinnuleysistryggingar í því skyni að koma á kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, sbr. 4. gr. samningsins, sem prentuð er sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 8. mars 1974, skipaði það eftirtalda þrjá menn í nefnd til að gera drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, hér að lútandi: Eðvarð Sigurðsson, alþingismann, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra og Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóra og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Almenn greinargerð fyrir efni þessa frumvarps felst í ákvæðum kjarasamningsins, 4. gr., og er hér með vísað til fylgiskjals I um þau atriði.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þar eð 1. taxti Verkamannafélagsins Dagsbrún er ekki lengur í gildi, en hann var lægsti taxti félagsins, er lagt til, að í stað orðanna: „1. Taxti", komi: „lægsti taxti".

Um 2. gr.

Þegar núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar voru samin var þess ekki gætt að samræma ákvæði síðustu mgr. 15. gr. laganna við afnám biðtímans, sem var sex dagar eftir eldri lögum. Í stað vikulegrar skráningar verður því að koma dagleg skráning samkvæmt lögunum um vinnumiðlun. Lagt er til, að sú breyting verði lögfest.

Um 3. gr.

Breyting þessi er e. t. v. ekki nauðsynleg, en betur þykir þó fara á því, að taka það skýlaust fram, að þeir, sem njóta dagkaups fyrir atvinnuleysisdaga, geti ekki á meðan notið bóta vegna atvinnuleysis.

Um 4. gr.

Fyrri breytingin á 18. gr. er í samræmi við það, að 1. og 2. taxti Dagsbrúnar eru nú ekki lengur í gildi, en næst lægsti taxti, sem nú gildir svarar til 2. taxta, sem gilti fyrir síðustu samninga.

Hin breytingin er leiðrétting á prentvillu, sem nú er í lagatextanum, þar sem stendur „áður greiddum" en á að vera „áður greindum".

Um 5. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 4. gr. kjarasamninganna, sjá fylgiskjal I.

Með frumvarpinu er prentuð reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, sjá fylgiskjal II. Gert er ráð fyrir að reglugerð þessi verði gefin út þegar í stað, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Þar eð fylgiskjöl þessi skýra efni greinarinnar er ekki þörf frekari athugasemda.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sjá fskj. I i.f. er gert ráð fyrir því, að lög þessi gildi frá og með 27. febr. 1974. Virðist því nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða svo, sem hér er lagt til. Frestur til að fullnægja ákvæðum laganna um tilkynningu og áritun virðist hæfilega ákveðinn 14 dagar frá gildistöku laganna.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

4. grein samningsaðila vinnumarkaðarins frá 26. febrúar 1974.

Fylgiskjal I.

Samkomulag um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

Þegar starfsfólk í fiskvinnu hefur unnið samfellt hjá sama atvinnurekanda í 4 vikur skal því gefinn kostur á að gera sérstakan ráðningarsamning, sem feli í sér eftirfarandi atriði:

1. Starfsfólk skal halda dagvinnukaupi fyrstu 3 atvinnuleysisdaga í viku hverri. Frá 1. mars 1976 skal starfsfólk halda dagvinnukaupi fyrstu 4 atvinnuleysisdaga í viku hverri og frá 1. mars 1978 5 atvinnuleysisdaga.

Starfsfólk, sem ráðið er til hálfs dags vinnu nýtur hlutfallslega sömu réttinda.

2. Starfsfólki ber að vinna öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra.

3. Starfsfólki ber að hlýða útkalli, nema lögmæt forföll hamli.

4. Neiti starfsfólk vinnu samkvæmt tölulið 2 eða mæti ekki til vinnu, þegar vinna er fyrir hendi, falla réttindi þau, sem samningur þessi gerir ráð fyrir úr gildi þá viku.

5. Með samfelldri fjögurra vikna vinnu er átt við, að unnið hafi verið hjá sama atvinnuveitanda full dagvinna í fjórar vikur, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka fullri vinnu.

6. Heimilt er að segja kauptryggingu verkafólks upp með viku fyrirvara, ef fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun. Eftir að vinnsla hefst á ný nýtur verkafólk áunninna réttinda.

7. Sextíu af hundraði greiðslu, sem vinnuveitendur greiða vegna þessarar tryggingar, skal Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiða viðkomandi fyrirtæki mánaðarlega, enda hafi trúnaðarmaður og annar launþegi, er trúnaðarmaður eða stéttarfélag velur, staðfest framlögð gögn með daglegri uppáskrift.

Þann 1. mars 1979 lækkar greiðsluhlutfall Atvinnuleysistryggingasjóðs í 50% á ári næstu 5 ár, þannig, að greiðsla sjóðsins fellur niður frá og með 1. mars 1984.

8. Samkomulag þetta tekur gildi við undirskrift samnings þessa, enda hafi ríkisstjórnin lofað að beita sér fyrir, að breyting á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð verði gerð á Alþingi því, er nú situr, er heimili greiðslu til vinnuveitenda sbr. tölulið 7 hér að framan.

Reglugerð um framkvæmd og eftirlit verði gerð í samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands.

Yfirlýsing.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að breytt verði á yfirstandandi þingi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þannig, að greiðslur samkvæmt framanskráðu samkomulagi geti farið fram.

Reykjavík, 25. febrúar 1974.

Lúðvík Jósepsson. Björn Jónsson. Halldór E. Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

1. gr.

Þegar starfsfólk í fiskvinnu hefur unnið samfellt hjá sama vinnuveitanda í fjórar vikur, skal vinnuveitandi gefa því kost á sérstökum ráðningarsamningi, sem tryggi því dagvinnukaup fyrir atvinnuleysisdaga, svo sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Skylda vinnuveitanda til samningsgerðar samkvæmt 1. gr. er háð því, að launþegi hafi unnið hjá honum fulla dagvinnu samfellt í fjórar vikur. Í því sambandi jafngilda fjarvistir vegna veikinda, slysa, hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka fullri vinnu.

Heimilt er þó vinnuveitanda að segja ráðningarsamningi upp með einnar viku fyrirvara, ef vinnustöðvun í fiskvinnu er fyrirsjáanleg. Eftir að vinnsla hefst á ný og launþegi hefur tekið aftur til starfa hjá honum nýtur launþegi sama réttar og hann hafði þegar ráðningarsamningi var sagt upp.

3. gr.

Réttindi launþega til kaups fyrir atvinnuleysisdaga er háð því, að:

a. að hann vinni öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra,
b. hann sæki vinnu þegar þess er óskað, nema lögmæt forföll hamli.

Neiti launþegi að vinna eða komi ekki til vinnu þegar vinna er fyrir hendi, fær hann ekki greitt dagkaup fyrir atvinnuleysisdaga í þeirri viku.

4. gr.

Þegar fullnægt er 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar skal launþegi halda dagvinnukaupi fyrir þrjá fyrstu atvinnuleysisdaga í hverri viku.

Frá 1. mars 1976 skal hann, að fullnægðum sömu ákvæðum, halda dagvinnukaupi fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga í viku hverri og frá 1. mars 1978 fimm atvinnuleysisdaga.

Launþegi, sem ráðinn er til hálfs dags vinnu, nýtur hlutfallslega sömu réttinda.

Laun þau, sem greiða ber samkvæmt reglugerð þessari, skulu innt af hendi á venjulegum útborgunardögum hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

5. gr.

Vinnuveitandi á rétt til þess, að Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiði honum mánaðarlega kaupgreiðslur þær, sem hann hefur innt af hendi næstliðinn mánuð svo sem hér segir:

Á tímabilinu frá 26. febrúar 1974 til febrúarloka 1979 skal endurgreiðslan nema 60% af greiddum daglaunum. Frá og með 1. mars 1979 minnkar endurgreiðsla þessi úr 60% í 50% og síðan lækkar hún um 10% á ári hverju næstu árin, uns endurgreiðsla sjóðsins fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984.

6. gr.

Vinnuveitandi skal halda skrá um þá launþega, sem hann hefur gert ráðningarsamning við, samkvæmt reglugerð þessari.

Á skrána skal færa þá atvinnuleysisdaga hvers einstaks launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða dagvinnukaup fyrir.

Trúnaðarmaður, sem hlutaðeigandi úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta skal tilnefna, ásamt öðrum trúnaðarmanni, tilnefndum af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða af trúnaðarmanni úthlutunarnefndar, skulu, eftir því, sem atvinnuleysisdagar falla til, daglega votta með áritun sinni á skrána, að framtaldir atvinnuleysisdagar einstakra launþega séu rétt taldir.

Trúnaðarmenn þessir skulu og ganga úr skugga um, að dagvinnukaup hafi verið innt af hendi, svo sem fyrir er mælt í 4. gr. og staðfesta það með áritun sinni á skrána, þegar vinnuveitandi óskar þess.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir skrá þessa og ráðningarsamning, sbr. 1. gr., sem Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar láta vinnuveitanda í té, án endurgjalds, þegar hann óskar þess. (Sjá fskj. 1 og 2 með rg. þessari).

7. gr.

Vinnuveitandi getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið endurgreiddan frá Atvinnutryggingasjóði hluta greidds dagvinnukaups, samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 5. gr., enda liggi fyrir áritun trúnaðarmanna samkvæmt 3. og 4. mgr. 6. gr. á skrá þá, sem þar um ræðir.

Endurgreiðsla fer fram gegn afhendingu skrárinnar. Endurgreiðslur samkvæmt grein þessari skulu inntar af hendi mánaðarlega vegna greiddra launa í næstliðnum mánuði.

8. gr.

Samkomulag samkvæmt reglugerð þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta og hann staðfest það með undirskrift sinni.

9. gr.

Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 4. gr. kjarasamnings aðildarfélaga vinnumarkaðarins frá 26. febrúar 1974 áður en reglugerð þessi öðlast gildi og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. 8. gr. og 3. mgr. 6. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku reglugerðarinnar.

10. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar hagga ekki almennum reglum um slit vinnusamninga.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um atvinnuleysistryggingar, öðlast gildi nú þegar.

Fylgiskjal 1.

RÁÐNINGARSAMNINGUR
um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

..... í samningi þessum nefndur vinnuveitandi og ..... í samningi þessum nefndur launþegi, gera með sér svofelldan ráðningarsamning:

1. Vinnuveitandi skuldbindur sig til að greiða launþega dagvinnukaup fyrir atvinnuleysisdaga samkvæmt reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu og samningi þessum.

2. Vinnuveitandi skal greiða launþega dagvinnukaup fyrstu þrjá atvinnuleysisdaga í viku hverri, enda fullnægi launþegi ákvæðum 3.—4. töluliðs samnings þessa.

3. Launþega er skylt að vinna öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra.

4. Launþega er skylt að koma til starfa þegar vinnuveitandi óskar þess, nema lögmæt forföll hamli.

5. Brjóti launþegi ákvæði 3. eða 4. töluliðs samnings þessa, glatar hann rétti sínum til dagvinnukaups fyrir atvinnuleysisdaga í þeirri viku, sem hann brýtur téð ákvæði.

6. Vinnuveitanda er heimilt að segja upp samningi þessum með viku fyrirvara, ef vinnslustöðvun er fyrirsjáanleg. Launþegi heldur þó rétti þeim, sem hann hafði fyrir uppsögn samningsins, eftir að vinnsla hefst á ný og hann hefur tekið upp störf hjá vinnuveitanda.

7. Ákvæði samnings þessa hagga ekki almennum reglum um slit vinnusamninga.

Samningi þessum til staðfestu undirritum við eiginhandarnöfn okkar.

.....

....

Vottorð:

Ég undirritaður votta hér með, að ofanskráður samningur hefur verið skrásettur hjá úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

.....

.....

.....

Fylgiskjal 2.

S k r á

yfir atvinnuleysisdaga, sem ..... ber að greiða dagvinnukaup fyrir.
nafn vinnuveitanda

Mánaðar-dagur og ár	Nöfn launþega og heimili	Áritun trúnaðarmanna og dagsetning	Dagvinnuk.
			Alls kr. .....

Vottorð:

Það vottast hér með, að .....
nafn vinnuveitanda
hefur greitt launþegum skilvíslega 60% dagvinnukaups samkvæmt skrá þessari.

Þar af 60% = kr. .....

.....
stað- og dagsetning

....
trúnaðarm. úthlutunarn. trúnaðarmaður

Nd. 638. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Eðvarð Sigurðsson og Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form. Ágúst Þorvaldsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.
Benedikt Gröndal. Pálmi Jónsson.

Nd. 639. Breytingartillaga [264. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 1973, um heilbrigðisþjónustu.

Frá Sverri Hermannssyni.

Við 1. gr. bætist:
2. töluliður b í 16. 6 í 16. gr. laganna orðist svo:
Á Eskifirði H 2, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur.

Sþ. 640. Nefndarálit [258. mál]

um till. til þál. um stuðning við búsetu á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. Ingvar Gíslason.
Karvel Pálmason. Jón Árnason. Ásberg Sigurðsson.
Ágúst Þorvaldsson. Steinþór Gestsson. Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 641. Nefndarálit [130. mál]

um till. til þál. um athugun og tillögur til úrbóta á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og varð sammála um að mæla með því, að hún verði samþykkt óbreytt.

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Steinþór Gestsson, frsm.
Ingvar Gíslason. Ásberg Sigurðsson. Jón Árnason.
Karvel Pálmason. Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 642. Nefndarálit [116. mál]

um til. til þál. um „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Ásberg Sigurðsson. Steinþór Gestsson. Karvel Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Árnason.

Sþ. 643. Nefndarálit [182. mál]

um till. til þál. um kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Ásberg Sigurðsson. Steinþór Gestsson. Karvel Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson. Jón Árnason.

Nd. 644. Frumvarp til laga [3. mál]

um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, er nefnist hagrannsóknastjóri.

2. gr.

Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

1) Að færa þjóðhagsreikninga.
2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyzlu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu

og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.

4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.
5) Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
6) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

3. gr.

Skylt er að veita Þjóðhagsstofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Þjóðhagsstofnun skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

4. gr.

Þjóðhagsstofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 60/1964, um breyting á lögum nr. 97/1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965, um Laxárvirkjun, og orkulögum, nr. 58/1967.

5. gr.

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

6. gr.

II. kafli laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, falli niður svo og önnur málsgrein 38. gr. sömu laga og önnur ákvæði þeirra, er varða hagrannsóknadeild og starfsemi hennar.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar má setja með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Nd. 645. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til laga um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 8. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. ágúst.

Nd. 646. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um Hagrannsóknastofnun og breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Bjarna Guðnasyni.

5. gr. orðist svo:
Ríkissjóður greiðir kostnað af starfsemi Þjóðhagstofnunarinnar.

Ed. 647. Frumvarp til laga [3. mál]

um Þjóðhagsstofnun og breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 644 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1974.

Ed. 648. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og fengið um það margar umsagnir. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er að verja fé úr ríkissjóði til mælinga á löndum og til jarðvegskannana samkvæmt tillögum Fasteignaskrár.

2. Við 7. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Fasteignaskrá starfar undir stjórn forstjóra, sem ráðherra ræður til starfs með 6 mánaða uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 38 14. apríl 1954.

3. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Við Fasteignaskrá skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila, sem nýta eða nýtt geta skrána í rekstri sínum. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga, fulltrúi Stéttarsambands bænda, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, fulltrúi Hús- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi samstarfsnefndar banka og sparisjóða.

4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingafulltrúi eða sá, sem sveitarstjórn tilnefnir, skal sjá um, að Fasteignaskrá berist réttar upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig. Sömuleiðis ber þeim að tilkynna breytingar og eyðingu mannvirkja.

Fasteignaskrá kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar.

Fasteignaskrá getur ákveðið að afla upplýsinga um einstakar tegundir mannvirkjagerða frá öðrum aðilum en nefndir eru í 1. mgr., enda er opinberum stofnunum, sem safna þess háttar upplýsingum á verksviði sínu, skylt að leggja Fasteignaskrá til þær upplýsingar.

Í þeim landshlutum, þar sem byggingafulltrúar starfa ekki, getur Fasteignaskrá, meðan svo standa sakir, ráðið menn til gagnasöfnunar, sbr. 1. mgr.

Fasteignaskrá ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

Byggingafulltrúar í dreifbýli geta, ef nauðsyn krefur og að fengnu samþykki Fasteignaskrár, valið sér trúnaðarmenn til aðstoðar við upplýsingasöfnun.

Fasteignaskrá greiðir þeim, sem bera kostnað af starfsemi þeirra aðila, er nefndir eru í 1. mgr., fjárhæð, sem ráðherra ákveður með reglugerð, fyrir hverja tilkynningu, sem send er Fasteignaskrá skv. þessari grein.

5. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórnir eru ábyrgar fyrir því, að Fasteignaskrá hafi borist upplýsingar um mannvirkjagerð í sveitarfélaginu, breytingar á mannvirkjum eða eyðingu þeirra, sbr. 9. gr.

6. Við 12. gr. 3. mgr. orðist svo:

Ávallt er skylt að greina rétt söluverð í afsali. Þinglýsingardómurum er jafnframt skylt við þinglýsingu afsala að ganga úr skugga um, að tilkynningaskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynninga og sendingu, ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu.

7. Við 18. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Mat fasteigna annast sérstakir matsmenn, sem ráðherra ræður með sex mánaða uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 38 14. apríl 1954, út hópi umsækjenda, sem yfirfasteignamatsnefnd skv. 19. gr. telur hæfa til starfsins. Starf matsmanna getur hvort heldur verið fullt starf eða hluti úr starfi, eftir því sem þörf krefur og henta þykir að dómi ráðherra.

b. 2. mgr. orðist svo:

Matsmaður metur skráðar eignir samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélagi og eiganda er hvoru um sig heimilt að tilnefna á sinn kostnað trúnaðarmann til að eiga aðild að mati. Verði ágreiningur milli tilnefndra og skipaðs matsmanns, skal niðurstaða skipaðs matsmanns ráða að svo stöddu, en matið ganga til yfirmats.

c. 2. málsl. 5. mgr. orðist svo:

Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til, og jafnframt falið þeim upplýsingasöfnun að beiðni forstjóra Fasteignaskrár.

Björn Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins úr nefnd.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.
Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Kristjánsson.

Sþ. 649. Nefndarálit [120. mál]

um till. til þál. um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Ingvar Gíslason.	Karvel Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Jón Árnason.

Ed. 650. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Oddur Ólafsson.	Ásgeir Bjarnason.	Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 651. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Þar eð Alþingi ákvað við gerð fjárlaga fyrir árið 1974, að tillögu fjárveitinganefndar, að veita fé til stofnunar kennsluembætta í haffræði við Háskóla Íslands, telur nefndin, að markmiði þessarar tillögu til þingsályktunar sé fullnægt.

Með skírskotun til ofanritaðs leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Jón Árnason.	Steinþór Gestsson.	Karvel Pálmason.
Jón Árm. Héðinsson.	Ásberg Sigurðsson.	Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 652. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um byggingu skips til Vestmannaeyjaferða.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur tekið mál þetta til athugunar. Með tilliti til þeirrar heimildar í lögum frá 14. febrúar s. l., sem ríkisstjórninni var veitt til að ábyrgjast 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess, leggur nefndin til, **að þingsályktunartillögu þessari verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Ingvar Gíslason.	Karvel Pálmason.	Jón Árnason.
Ásberg Sigurðsson.	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 653. Nefndarálit [123. mál]

um till. til þál. um nýtingu raforku til húsahitunar og verðjöfnun á raforku.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum og leitað umsagnar um tillöguna. Leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1974.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.	Ásberg Sigurðsson.
Ingvar Gíslason.	Ágúst Þorvaldsson.	Karvel Pálmason.

Nd. 654. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts eins og það er á þskj. 292 og 549.

Alþingi, 3. apríl 1974.

Eðvarð Sigurðsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Jón G. Sólnes.	Þórarinn Þórarinsson.	Ingólfur Jónsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Sþ. **655. Tillaga til þingsályktunar** [304. mál]

um athugun á fiskræktarmálum eldisstöðvarinnar að Laxalóni.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, Geir Gunnarsson, Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd 5 manna, er rannsaki orsakir deilna þeirra, sem risið hafa vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar að Laxalóni. Skulu sérstaklega rannsakaðar ástæður þær, sem til þess liggja, að yfirvöld hafa neitað um nauðsynleg leyfi til frjálsrar sölu og meðferðar á afurðum stöðvarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en reglulegt Alþingi kemur saman á hausti komanda.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur varla farið fram hjá mönnum, að málaferli og alvarlegar deilur hafa risið í sambandi við ræktun, eldi og rekstur laxeldisstöðvarinnar í Laxalóni, einkum að því er varðar regnbogasilungsstofninn, sem stöðin á og hefur ræktað síðustu tvo áratugi. Þessar deilur hafa verið á milli eiganda stöðvarinnar, Skúla Pálssonar fiskræktarbónda í Laxalóni, og veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og síðar fisksjúkdómanefndar. Verða slíkar deilur að teljast mjög óheppilegar og skaðlegar fyrir þróun fiskræktunarmálanna í landinu.

Ekkert skal um það fullyrt, hve miklum skaða þessar deilur hafa þegar valdið óbeint, að því er varðar vöxt, viðgang og þróun fiskeldismálanna í landinu og væntanlega arðbærrar atvinnugreinar, fiskræktarbúskapar, en varla fer á milli mála, að tjónið er mikið.

Hinu verður ekki á móti mælt, að vegna þess að ekki hafa fengist heilbrigðisvottorð, sem eru nauðsynleg forsenda fyrir útflutningsleyfi og útflutningi á regnbogasilungsafurðum frá laxeldisstöðinni í Laxalóni, hefur á undanförnum árum orðið að grafa í jörð milljóna virði af regnbogasilungshrognum og eyðileggja frystan regnbogasilung til manneldis, sem nógir kaupendur voru að.

Hér er ekki aðeins um tilfinnanlegt fjárhagstjón að ræða fyrir laxeldisstöðina í Laxalóni, heldur einnig allmikið gjaldeyristap fyrir þjóðfélagið, og verður ekki við slíkt unað til lengdar, þar sem auðvelt ætti að vera úr að bæta.

Gera má ráð fyrir því, að ef þróun í eldi og ræktun regnbogasilungs á Íslandi hefði verið með eðlilegum hætti og árekstralaus og nyti stuðnings fiskræktaryfirvaldanna í landinu, væri risinn hér upp myndarlegur vísir að þýðingarmikilli atvinnugrein, sem fiskeldið er og mikil áhersla er lögð á að styðja af alefli hjá nágrannaþjóðum okkar. Í kjölfar þessa hefði svo að sjálfsögðu risið upp víðtæk ræktun og eldi á íslensku bleikjunni og unnið að markaði fyrir hana erlendis.

Verður að harma, hvernig málum þessum er nú komið hér á landi, þegar hafðir eru í huga hinir kostamiklu laxfiskastofnar í íslenskum ám og vötnum og hið óþrjótandi mikla og tæra vatnasvæði landsins og jarðhiti, sem væri áreiðanlega búið að nýta til afkastamikils atvinnurekstrar í fiskeldismálum hjá öðrum menningarþjóðum, ef þær hefðu yfir að ráða slíkum ónotuðum verðmætum og auðlindum.

Hitt er aftur á móti vitað, að margar þjóðir, sem langt eru komnar í fiskræktar- og fiskeldismálum, t. d. Danir, sem flytja árlega út regnbogasilungsafurðir fyrir sem svarar 2 500 milljónum íslenskra króna, berjast við lélegan vatnskost og jafnvel sjúkdóma í fiskstofnunum. Samt sem áður og þrátt fyrir slíka erfiðleika fer þessi atvinnugrein sívaxandi og aflar vaxandi þjóðartekna.

Sú staðreynd virðist fyrir hendi, að regnbogasilungsstofninn í laxeldisstöðinni í Laxalóni sé hraustur, heilbrigður og ósýktur, sennilega eini stofninn í Evrópu af þessari verðmiklu fisktegund, sem svo vel er ástatt fyrir. Þess vegna er brýn nauðsyn, að mál þetta verði athugað, og því er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

Nd. 656. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir orðin „alþingiskjördæmi Austurlands“ komi: Austurlandskjördæmi.

Alþingi, 3. apríl 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Gunnar Thoroddsen.	Ólafur G. Einarsson.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Nd. 657. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Jónas Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1974.

Eðvarð Sigurðsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr., frsm.	Þórarinn Þórarinsson.
Jón G. Sólnes.	Ingólfur Jónsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 658. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á einum fundi og varð sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen.
Gylfi Þ. Gíslason.	Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Ed. 659. Lög [27. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Afgreidd frá Ed., 3. apríl.)

Lögin samhljóða þskj. 28.

Sþ. 660. Tillaga til þingsályktunar [305. mál]

um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að komið verði á fót stofnlánasjóði, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum.

Greinargerð.

Vörubifreiðar hvers konar verða sífellt stærri og dýrari og útbúnaður allur fullkomnari og um leið kostnaðarsamari.

Vöruflutningar á landi með stórum bifreiðum fara sívaxandi, m. a. vegna bættra vegasamgangna landshluta á milli. Þó að deila megi um, hversu vel slíkir flutningar henta þjóðvegakerfi okkar, verður þessi þróun varla stöðvuð.

Nauðsyn góðrar þjónustu í farþegaflutningi með bifreiðum er ótvíræð og brýn þörf á því, að skipulag þessa þáttar samgangnanna verði eflt og bætt stórlega. En langferðabifreiðar eru dýr tæki, og þar sem samgöngur eru erfiðastar, vegir víða slæmir, en þörfin um leið allra mest á þessum samgöngutækjum, þar er ástandið oftlega lakast, einmitt vegna þess að viðskiptin eru hvergi nærri nægileg til að bera uppi eðlilega endurnýjun.

Sums staðar liggur við stöðvun af þessum ástæðum, — stöðvun þessarar annars nauðsynlegu þjónustu. Stórvirkar vinnuvélar hvers konar eru æ meira notaðar, kranar, gröfur, ýtur o. s. frv., og einnig þessi tæki verða fullkomnari og um leið dýrari.

Staðreynd er, að allir þeir, sem hefja vilja atvinnu á einhverju því sviði, sem hér er nefnt, og þurfa til þess að eignast atvinnutækið, eiga mjög erfitt með það, séu þeir ekki því fjáðari fyrir eða hafi óvenjugott lánstraust í banka. Því hlýtur að vera á því nauðsyn, að þessir aðilar eigi kost á eðlilegri fyrirgreiðslu í stofnlánum, en hún er ekki fyrir hendi í dag.

Byggðasjóður hefur fengið fjölda slíkra umsókna, sinnt sumum, öðrum ekki, allt eftir eðli umsókna. M. a. mun Byggðasjóður nú lána um 30% til stórvirkra vinnuvéla, að uppfylltum ýmsum skilyrðum. Það hlýtur þó að teljast óeðlilegt, að Byggðasjóður eigi að koma hér inn í lánakerfið, nema þá sem alger viðbótaraðili, þar sem erfiðast er uppdráttar atvinnurekstri af þessu tagi. Verkefni hans eru ærin fyrir. Eðlileg fyrirgreiðsla í stofnlánum til þessara aðila hlýtur að teljast sjálfsögð, en spurning hins vegar um það, hver hún eigi að vera, þ. e. hversu há prósenta af heildarkaupverði atvinnutækis.

Um fjármögnun sjóðsins hlýtur að miklu að verða að fara svipaðar leiðir og gilda gagnvart öðrum stofnlánasjóðum.

Aðeins skal bent á tvær eðlilegar leiðir: Annars vegar, að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé, og í öðru lagi komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja, sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum.

Fleiri leiða mætti eflaust leita, en skal ekki frekar gerð grein fyrir hér.
En þörf allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, á einhverri verulegri fyrirgreiðslu í stofnlánum er slík, að ekkert er eðlilegra en þeir njóti einhvers þess réttar, sem hér er farið fram á. Því er tillaga þessi flutt.

Ed. 661. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um Félagsmálaskóla alþýðu.

Frá Halldóri Blöndal og Tómasi Karlssyni.

Við 5. gr. 1. mgr. verði sem hér segir:
Stjórn skólans er í höndum sex manna skólanefndar, sem félagsmálaráðherra skipar. Skulu tveir skólanefndarmenn skipaðir eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Menningar- og fræðslusambands alþýðu, einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn eftir tilnefningu fræðsludeildar Sambands ísl. samvinnufélaga og Vinnumálasambands samvinnufélaganna sameiginlega. Ráðherra skal skipa formann skólanefndar úr hópi þeirra, sem tilnefndir eru. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Nd. 662. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til laga um fjáröflun til vegagerðar.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, þannig:
Kveða skal á um það í vegáætlun á tveggja ára fresti, til hvaða framkvæmda verði varið þeim fjármunum, sem inn koma fyrir sölu skuldabréfa samkv. 2. málsgr. þessarar greinar.

Nd. 663. Breytingartillaga [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Í stað 1. málsgr. 10. gr. komi tvær málsgreinar.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein þannig:
      Árlega skal endurskoða allar tölur um tekjur og gjöld samkvæmt vegáætlun.
2. Við 2. gr. Í stað „áætlunarflug“ komi: flug.
3. Við 5. gr. Í stað „þriggja“ komi: fjögurra.
4. Við 7. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, þannig:
   2. mgr. 28. gr. orðist svo:
   Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags miða við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu og hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

Ed. 664. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., eins og það er komið frá Nd., og mælir einróma með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 4. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.	Steingr. Hermannsson.

Ed. 665. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 4. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Auður Auðuns.	Steingr. Hermannsson.

Ed. 666. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. apríl 1974.

Börn Fr. Björnsson, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Steingr. Hermannsson.
Páll Þorsteinsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Auður Auðuns.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Nd. 667. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 og lög nr. 23 3. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Ed., þskj. 515, með þessari

BREYTINGU:

Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. mars 1974.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ellert B. Schram, Jónas Jónsson og Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 4. apríl 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.

Pétur Pétursson.

Nd. 668. Breytingartillaga [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Karvel Pálmasyni, Pétri Péturssyni, Ingvari Gíslasyni og Jóni G. Sólnes.

Við 10. gr. Í stað „20 af hundraði“ komi: 30 af hundraði.

Nd. 669. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá allsherjarnefnd.

Enda þótt frv. þetta um breytingu á stjórnarskránni sé í 17 greinum, fjallar það eingöngu um eitt mál, deildarskiptingu Alþingis, og er efni þess að skipa þinginu í eina málstofu en afnema skiptinguna.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um, að með því sé hreyft stjórnskipunaratriði, sem hefur ekki aðeins mikil áhrif á starfshætti Alþingis, heldur og á sjálfa framkvæmd þingræðis í landinu. Hefur þetta mál verið mikið rætt og um það deilt allt síðan deildaskiptingin var tekin upp í stjórnarskránni 1874 — og raunar fyrir þann tíma. Er tvímælalaust tímabært að athuga þetta mál á ný og íhuga breytingar á deildaskiptingunni.

Þar eð nú starfar nefnd að endurskoðun stjórnarskrárinnar, og formaður hennar hefur lýst yfir, að hún muni fjalla um þetta mál, þykir allsherjarnefnd ekki standa efni til að afgreiða þessa breytingu eina, en telur rétt, að hún verði vandlega athuguð ásamt öðrum tillögum um breytta stjórnskipan. Leggur nefndin því til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Pétur Pétursson, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.	Jónas Jónsson.

Ellert B. Schram.

Nd. 670. Lög [176. mál]

um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 549 (sbr. 292).

Ed. 671. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um skráningu og mat fasteigna.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 18. gr. Fyrir „í Borgarnesi“ í 5. mgr. kemur: á Akranesi.

Ed. 672. Frumvarp til laga [306. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Árnason, Oddur Ólafsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er hlutverk Fiskveiðasjóðs að veita lán til kaupenda eldri fiskiskipa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um lánveitingar þessar, sbr. 11. gr.

2. gr.

Við 11. gr laganna komi viðbót svo hljóðandi:

Til eldri fiskiskipa mega lán nema helmingi kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands er svo kveðið á, að hlutverk sjóðsins sé að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Þetta skal gert með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum og verbúðum.

Af þessu má marka, hve mikilvægu og víðtæku hlutverki Fiskveiðasjóður hefur að gegna. Ekki fer heldur á milli mála, að í framkvæmd hefur Fiskveiðasjóður grundvallarþýðingu fyrir uppbyggingu sjávarútvegsins, og hefur svo raunar verið allt frá stofnun sjóðsins, sem á sér langa og merka sögu, svo sem kunnugt er. Hins vegar hefur nokkuð skort á í starfsemi Fiskveiðasjóðs, og varðar það einn þátt lánamála sjávarútvegsins, sem ekki verður talinn veigalítill. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta hér úr.

Meginverkefni Fiskveiðasjóðs er að veita lán til fiskiskipa. Í framkvæmd er það svo, að lánveitingar þessar hafa verið bundnar við ný fiskiskip. Hafa lögin um fiskveiðasjóð verið skilin svo, að sjóðurinn hafi ekki heimild til lánveitinga nema til nýsmíða og endurbyggingar skipa. Lán til eldri skipa hafa því verið útilokuð. Það er því á vettvangi eldri skipanna, sem skort hefur á í starfsemi Fiskveiðasjóðs. Þetta ástand hefur lengi valdið erfiðleikum, og er nú svo komið, að lengur verður ekki unað við óbreytt ástand í þessum efnum.

Eigendaskipti á fiskiskipum eru ekki ótíðari en á sér stað um aðrar eignir manna, nema síður sé. Á öllum tímum eru tíð eigendaskipti að fiskiskipum, og leiðir þetta af síbreytilegum aðstæðum, sem fylgja jafnan veiðiskap, í hvaða mynd sem er. Sérstaklega á þetta við á tímum þeim, sem nú eru, þegar miklar umbyltingar eru í sjávar-

útveginum. Í því sambandi er nærtækast að benda á tilkomu skuttogaranna. Mörg byggðarlög, sem fengið hafa skuttogara, hafa ekki þörf eða tök á að hagnýta þau fiskiskip, sem fyrir voru. Eigendur hinna eldri skipa vilja því selja þau af þessum ástæðum. Hér getur verið um góð og hagkvæm skip að ræða, sem þörf er á að nýta og eftirspurn er eftir úr öðrum byggðarlögum. En sá er hængur á, að þeir útgerðarmenn, sem gjarnan vildu kaupa þessi eldri skip, eiga erfitt með það eða eiga þess engan kost, vegna þess að Fiskveiðasjóður lánar ekki út á þau. Slíkir menn eiga þá ef til vill ekki annars völ en að láta smíða ný skip, þar sem í því tilfelli er séð fyrir fyrirgreiðslu í lánamálum með venjulegri lánveitingu Fiskveiðasjóðs. Augljóst er, að þjóðhagslega er þetta ekki hagkvæm skipan mála.

Úr þessu vandamáli verður ekki greitt, nema Fiskveiðisjóður taki upp lánveitar til kaupa á eldri skipum. Þess vegna er frumvarp þetta lagt fram.

Ed. 673. Frumvarp til laga [151. mál]

um skráningu og mat fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 205 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Skráningaraðila er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld, að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga frá því, sem kveðið er á um í 3. gr., að því marki sem eignir eru þess eðlis, að slík upplýsingasöfnun er erfið og hefur ekki tilgang fyrir opinbera aðila.

Ráðherra getur með reglugerð fjölgað þeim upplýsingaatriðum um fasteignir, sem færð skulu í fasteignaskrá skv. 3. gr.

Fasteignaskrá ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa, sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis, sem taki til landsins alls.

Heimilt er að verja fé úr ríkissjóði til mælinga á löndum og til jarðvegskannana samkvæmt tillögum Fasteignaskrár.

7. gr. hljóðar svo:

Fasteignaskrá starfar undir stjórn forstjóra, sem ráðherra ræður til starfs með 6 mánaða uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 38 14. apríl 1954. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því, sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni hrökkva til. Hann ákveður einnig innra skipulag stofnunarinnar.

8. gr. hljóðar svo:

Við Fasteignaskrá skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila, sem nýta eða nýtt geta skrána í rekstri sínum. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga, fulltrúi Stéttarsambands bænda, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, fulltrúi Hús- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi samstarfsnefndar banka og sparisjóða.

Fasteignaskrá getur veitt fleiri aðilum rétt til þátttöku í störfum nefndarinnar eftir því, sem henta þykir.

Ráðgjafarnefnd er skv. þessari grein vettvangur fyrir umræður um hvaðeina, sem varðar rekstur Fasteignaskrár. Nefndin gerir tillögur og ábendingar eftir því, sem henni þykir við þurfa, til forstjóra og ráðuneytis um viðfangsefni skrárinnar og lausn þeirra.

Fundi í ráðgjafarnefnd skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin kýs sér sjálf formann til tveggja ára í senn. Formaður kallar nefndina saman og stýrir fundum. Forstjóri Fasteignaskrár skal sitja fundi nefndarinnar.

9. gr. hljóðar svo:

Byggingafulltrúi eða sá, sem sveitarstjórn tilnefnir, skal sjá um, að Fasteignaskrá berist réttar upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig. Sömuleiðis ber þeim að tilkynna breytingar og eyðingu mannvirkja.

Fasteignakrá kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar.

Fasteignaskrá getur ákveðið að afla upplýsinga um einstakar tegundir mannvirkjagerða frá öðrum aðilum en nefndir eru í 1. mgr., enda er opinberum stofnunum, sem safna þess háttar upplýsingum á verksviði sínu, skylt að leggja Fasteignaskrá til þær upplýsingar.

Í þeim landshlutum, þar sem byggingafulltrúar starfa ekki, getur Fasteignaskrá, meðan svo standa sakir, ráðið menn til gagnasöfnunar, sbr. 1. mgr.

Fasteignaskrá ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

Byggingafulltrúar í dreifbýli geta, ef nauðsyn krefur og að fengnu samþykki Fasteignaskrár, valið sér trúnaðarmenn til aðstoðar við upplýsingasöfnun.

Fasteignaskrá greiðir þeim, sem bera kostnað af starfsemi þeirra aðila, er nefndir eru í 1. mgr., fjárhæð, sem ráðherra ákveður með reglugerð, fyrir hverja tilkynningu, sem send er Fasteignaskrá skv. þessari grein.

10. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórnir eru ábyrgar fyrir því, að Fasteignaskrá hafi borist upplýsingar um mannvirkjagerð í sveitarfélaginu, breytingar á mannvirkjum eða eyðingu þeirra, sbr. 9. gr.

Fasteignaskrá sendir hverju sveitarfélagi árlega skrá með nægum upplýsingum um fasteignir, til að gengið verði úr skugga um, að byggingafulltrúi hafi fullnægt lagaskyldu sinni samkv. 9. gr.

12. gr. hljóðar svo:

Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignaskrár um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni skv. fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu, sbr. 3. gr. i. f.

Fasteignaskrá kveður á um form og efni slíkra tilkynninga, og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar, sem um er beðið, þ. á m. um söluverð eða leigu.

Ávallt er skylt að greina rétt söluverð í afsali. Þinglýsingardómurum er jafnframt skylt við þinglýsingu afsala að ganga úr skugga um, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynninga og sendingu, ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu.

Fasteignaskrá ber að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi, með samriti, sem sjálfkrafa er fullnægjandi tilkynning til skrárinnar.

18. gr. hljóðar svo:

Mat fasteigna annast sérstakir matsmenn, sem ráðherra ræður með sex mánaða uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 38 14. apríl 1954, úr hópi umsækjenda, sem yfirfasteignamatsnefnd skv. 19. gr. telur hæfa til starfsins. Starf matsmanna getur hvort heldur verið fullt starf eða hluti úr starfi, eftir því sem þörf krefur og henta þykir að dómi ráðherra.

Matsmaður metur skráðar eignir samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélagi og eiganda er hvoru um sig heimilt að tilnefna á sinn kostnað trúnaðarmann til að eiga aðild að mati. Verði ágreiningur milli tilnefndra og skipaðs matsmanns, skal niðurstaða skipaðs matsmanns ráða að svo stöddu, en matið ganga til yfirmats.

Ráðherra tilnefnir úr hópi matsmanna sérstakan matsstjóra, sem jafnframt matsstörfum skal annast umsjón með störfum matsmanna, samræmingu starfa þeirra,

miðlun upplýsinga þeirra í milli um það, sem máli skiptir um framkvæmd matsins, svo og útvegun sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Matsmenn starfa skipulagslega innan Fasteignaskrár sem stofnunar. Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til, og jafnframt falið þeim upplýsingasöfnun að beiðni forstjóra Fasteignaskrár.

Ráðherra ákveður fjölda matsmanna og aðsetur í þessari röð: Í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Ísafirði, í Borgarnesi, á Sauðárkróki og í Keflavík. Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til.

Ed. 674. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um skráningu og mat fasteigna.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Við 16. gr. 2. málsgrein falli niður.

Nd. 675. Frumvarp til laga [8. mál]

um skólakerfi.

(Eftir 2. umr. í Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 8 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

Nd. 676. Frumvarp til laga [9. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er níu ára skóli, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla.

Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7—10 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 41. gr. um starfstíma skóla, og skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekist á hendur eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. og 41. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutast til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 75. gr., og
b) börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti, sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar sjólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

II. KAFLI
Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. **Reykjavíkurumdæmi,** sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. **Reykjanesumdæmi,** sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Kópavogskaupstað.
3. **Vesturlandsumdæmi, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.**
4. **Vestfjarðaumdæmi,** sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. **Norðurlandsumdæmi vestra,** sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6. **Norðurlandsumdæmi eystra,** sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. **Austurlandsumdæmi,** sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. **Suðurlandsumdæmi,** sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

11. gr.

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

Í Reykjavík kýs borgarstjórn fræðsluráð, og fer hún með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags,

er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð utan Reykjavíkur skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

12. gr.

Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.
4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.
5. Það skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.
6. Það sér um, að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.
7. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til eins árs. Að þeim tíma liðnum má skipa hann í starfið.

Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum, og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a. m. k. þrjú ár.

14. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er, eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 55. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvitaháttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau, sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

15. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

16. gr.

Skólahverfi er sú eining, er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

a) Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans, án samvinnu við önnur sveitarfélög.
b) Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1) ef það skiptist landfræðilega milli a. m. k. tveggja skólahverfa,
2) ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann, en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Útibú frá aðalskóla sbr. 4. og 76. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana, sem rekin eru skv. 52. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til funda með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

17. gr.

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum), sbr. 18. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setur skólafulltrúa erindisbréf. Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf, er kveður nánar á um störf þeirra.

18. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a) Í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn, skal sveitarfélagið, þar sem skólinn er, kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.

c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.

d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau, sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga, skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði þá atkvæði jöfn, skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

Nú telur sveitarstjórn (skólanefnd), að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum, og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

20. gr.

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og má þá vísa málinu til skólanefndar og fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða, skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

21. gr.

Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir.

Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

22. gr.

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar

velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

23. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn, skólanefnd og fræðsluráði, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til;
b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a) íbúafjölda,
b) útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
c) þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d) kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a) og b) við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það, eftir því sem um semst, kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd uppdrætti. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

25. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kenn-

ara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess, er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir, má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað, að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

26. gr.

Skólanefnd ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Menntamálaráðuneytið skal, þegar ástæða þykir til, efna til almennrar samkeppni um uppdrætti að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Ráðuneytinu til aðstoðar við ákvörðun listskreytinga skólamannvirkja skal vera tveggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá Bandalagi ísl. listamanna, og einum frá því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem hlut á að máli hverju sinni, nema það eða þau feli Sambandi íslenskra sveitarfélaga að tilnefna fulltrúa í sinn stað til að fara með umboð sitt.

28. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt 79. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Sambands ísl. sveitarfélaga, sbr. 9. gr., árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðahalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

IV. KAFLI

Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

30. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann, sem lokið hefur kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla. Ákveða má þó í

reglugerð, að skipun í skólastjórastarf við grunnskóla verði háð því skilyrði, að umsækjandi hafi aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn, sbr. 39. gr., enda verði námskeið um stjórnun skóla haldið eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra, er gegnt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku laga þessara.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.

31. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara til 5 ára í senn. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu yfirkennara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðaða við stærð skóla.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

Yfirkennari er ríkisstarfsmaður og tekur laun samkvæmt launakerfi þeirra.

32. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra, sbr. 35. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla, sbr. þó 74. gr.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

33. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins, sem auglýsir stöðuna.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar, og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er.

34. gr.

Ráðuneytið setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskóla samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar. Eftir tveggja ára setningartíma við sama skóla á bryti rétt á skipun í starf sitt, enda hafi hann meðmæli skólastjóra um skipun í starfið.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mötuneyti.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. málsgr.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

35. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkv. lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því, sem við á.

36. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um 1/6, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um 1/6 af fullri kennsluskyldu.

Til þess að öðlast þennan rétt þarf 20 ára kennsluferil.

37. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum, eftir því sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun og réttindi kennara.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem mennta-

málaráðuneytið viðurkennir. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

Við heimavistarskóla skulu fóstrur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun eiga rétt á skipun í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.

38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

39. gr.

Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 40. gr., verja fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

40. gr.

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

V. KAFLI

Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

41. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs, að kennsla hefjist á tímabilinu 15. september til 1. október, og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
b) í 4.—9. bekk í 7½ mánuð.

Í þessu sambandi ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð og skólanefnd geta í upphafi skólaárs ákveðið, hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

Kosta ber ávallt kapps um að skipuleggja kennslu á þann hátt, að komist verði yfir námsefni skv. námsskrá, þótt kennslutími sé í lágmarki.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.

42. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal þar við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá, þar sem m. a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

a) þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenskar bókmenntir;
b) undirstöðukennslu í stærðfræði;
c) þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum;
d) fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði;
e) kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð;
f) kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði;
g) kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir;
h) kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt;
i) kennslu í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum;
j) verklegt nám;
k) ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla.

Þar, sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu, skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal það metið að nokkru sem verklegt nám, sbr. j-lið þessarar greinar.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár, sbr. þó 44. gr.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum

séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nauðsynlegt er, að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 47. gr., svo og um nám í skólum, þar sem miðað er við skertan árlegan starfstíma, sbr. 41. gr.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 50. og 51. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur námsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

43. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.

Í félagsstarfi skal m. a. að því stefnt, að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Heimilt er skólastjórum að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega þennan þátt skólastarfsins, og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir, hversu varið var tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sér um, að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

44. gr.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Í samræmi við þetta skal starfsskylda nemenda í 8.—9. bekk grunnskóla markast af 40 klukkustundum á viku.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a) í 1. bekk, 880 mínútur;
b) í 2. bekk, 960 mínútur;
c) í 3. bekk, 1080 mínútur;
d) í 4. bekk, 1280 mínútur;
e) í 5. bekk, 1360 mínútur;
f) í 6. bekk, 1400 mínútur;
g) í 7. bekk, 1440—1480 mínútur;
h) í 8. bekk, 1440—1480 mínútur;
i) í 9. bekk, 1440—1480 mínútur.

Í 1.—6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt, að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

45. gr.

Leyfisdagar í grunnskóla skulu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar, vera sem hér segir: 1. desember, jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá og með laugardegi fyrir páskadag til og með þriðjudegi næstum eftir páska, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og laugardagur fyrir hvítasunnu.

46. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að jafnaði, að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 42. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það, sem kenna ber.

47. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur (1.—6. bekkjar) eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu þó ekki vera fleiri en þrír aldursflokkar saman í bekkjardeild. Þó sé heimilt, ef nauðsyn krefur, að hafa 1.—4. bekk saman í deild.

Undir slíkum kringumstæðum er æskilegt, eftir því sem við verður komið, að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a) 12 nemendur, ef aldursflokkar eru fjórir,
b) 17 nemendur, ef aldursflokkar eru þrír,
c) 22 nemendur, ef aldursflokkar eru tveir.

Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum. Slíkar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í lögum, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

48. gr.

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

49. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur vorskóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrr en 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sálfræðideildar, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðara hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla, og getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

50. gr.

Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 52. gr. Kennslan fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp.

51. gr.

Kennslu samkvæmt 50. gr. skulu njóta:

a) börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
c) börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
d) börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám.

52. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a- og b-lið 51. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkv. þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðiþjónustu um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-lið 51. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðiþjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

53. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin, skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

54. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu.

Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

Nú ber viðleitni kennara skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

55. gr.

Telji skólastjóri, að kennari, eða kennari, að skólastjóri hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, getur hann vísað málinu til skólanefndar, sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra, ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri, að aðgerðir í málinu þoli enga bið, og getur hann þá gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins, sem tekur ákvörðun í málinu.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna, að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI
Námsmat.

56. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það, hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 42. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfan-

legt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

57. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðar í spjaldskrá skólans og prófskýrslur og veittar nemendum og foreldrum.

58. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum, þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

59. gr.

Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 8. og 9. bekk svo og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa. Einkunnir úr samræmdum og stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir og hafi einkunnir kennara ekki áhrif á þær.

60. gr.

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga samkvæmt 57. eða 58. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það, sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

61. gr.

Menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans, er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði.

Þá getur ráðuneytið, er það telur þörf á, skipað slíkan eftirlitsmann, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um, hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

VIII. KAFLI

Skólarannsóknir o. fl.

62. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða

og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem ráðuneytið hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

63. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar, eftir því sem þörf er á og fé veitt til þess á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.

64. gr.

Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa skv. 62. gr., skal árlega varið fé, svo sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.

65. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. lögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrir fram.

IX. KAFLI

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

66. gr.

Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.

Heimilt er fræðsluráðum tveimur eða fleiri að sameinast um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

Nú telur ráðuneytið, að óhæfilegur dráttur verði á stofnun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í fræðsluumdæmi, og er þá fræðsluráði skylt að hefjast handa um slíkt innan frests, sem ráðuneytið ákveður.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skv. lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn, sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa.

Sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar gegna störfum sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

67. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er:

a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;
b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;
c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;
d) að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);
e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;
f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;
g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda.

68. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.

Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum eða kennurum.

69. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í skólum.

70. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

71. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Setur ráðuneytið í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna, svo sem skólasálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið kandidatsprófi eða sambærilegu prófi í sálarfræði.

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráðs.

X. KAFLI

Bókasöfn.

72. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.

Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti, setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XI. KAFLI
Heilsuvernd.

73. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958, með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

XII. KAFLI
Forskóli.

74. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

XIII. KAFLI
Einkaskólar.

75. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 74. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

XIV. KAFLI
Fjármál.

76. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum, er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi, sem ákveðið hefur verið skv. 16. gr.

Fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda, er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis, og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

Hámarksfjölda kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

Séu nemendur samtímis í grunnskóla:

a) allt að 20, verði kennslustundir á hvern nemanda 3,
b) 21—100, verði kennslustundir 20, og að auki 2 á hvern nemanda,
c) 101—350, verði kennslustundir 60, og að auki 1.6 á hvern nemanda,
d) fleiri en 350, verði kennslustundir 130, og að auki 1.4 á hvern nemanda.

Sé meðaltal kennslutíma í bekkjardeildum grunnskóla annað en meðaltal kennslutíma samkvæmt hámarki 44. gr., breytist hámark kennslustundafjölda, sbr. a—d-liði hér að framan, í réttu hlutfalli við það frávik.

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma, sem ákveðinn er í 44. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

Sé vixlkennsla (skiptikennsla) bekkja viðhöfð um tiltekinn tíma í skólahverfi og árlegur námstími af þeim sökum skertur, má vikulegur kennslutími þeirra nemenda vera allt að 15% lengri en ákvæði 44. gr. mæla fyrir um.

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 3.—9. bekk, sem reiknað er með hér að framan, eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

Auk þess, sem talið er hér að framan, greiðir ríkissjóður að fullu kennslustundir vegna sundkennslu, viðurkenndrar sjúkrakennslu og forfallakennslu.

Verði kennslu samkvæmt námsskrá, svo og nauðsynlegri hjálparkennslu, eigi komið fyrir innan þeirra marka, sem tilgreind eru hér að framan, sakir óhentugrar stærðar aldursárganga eða af öðrum gildum ástæðum, skal bæta við stundafjöldann því, sem til þarf. Slík viðbót er hverju sinni háð samþykki fræðslustjóra, sem í hlut á, og menntamálaráðuneytisins.

Fullnoti grunnskóli ekki hámark kennslustunda þeirra, er honum ber samkvæmt lögum þessum, getur skólastjóri varið allt að 75% mismunarins, þó mest 1% af hámarki kennslustundafjölda skólans, til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans.

Sé rekið útibú frá skóla, sbr. 4. gr., skulu því og aðalskóla, hvoru í sínu lagi, ætlaðar kennslustundir.

Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 77. greinar, eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

77. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum þann launakostnað við grunnskóla, sem hér greinir:

a) Stundafjölda til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjölda samkvæmt 76. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.

Stundafjölda samkvæmt þessum staflið skal varið til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara vegna stjórnunar skóla, eins og hún verður ákveðin, og til almennra skrifstofustarfa að hámarki andvirði þess stundafjölda, sem umfram lækkun á kennsluskyldu er, og skal þá miðað við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

b) Fjárhæð, er varið skal til starfa við bókasöfn og kennslutæki. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, miðast við klukkustundafjölda, er svarar til 6% af kennslustundum, skv. 76. gr., og dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

c) Fjárhæð, er varið skal til starfa að félagslífi nemenda. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, skal annars vegar miða við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi og hins vegar við:

1) 5 klukkustundir, og að auki 3.7 klukkustundir á hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700;
2) 4.4 klukkustundir á hverja 100 nemendur, séu nemendur samtals í skólahverfinu 700 eða fleiri.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda samkvæmt staflið a) til stjórnunarstarfa og enn fremur um störf samkvæmt staflíðum b) og c), þar sem m. a. verði kveðið á um skiptingu þeirra á aldursflokka nemenda og tekið tillit til félagslegrar sérstöðu heimavistarskóla. Reglugerðin kveði einnig á um, hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

Sé kennsluskylda kennara lækkuð að hluta, til þess að hann sinni störfum, sem ríkissjóður greiðir ákveðna hámarksfjárhæð til, skal sú fjárhæð lækka um sama hluta af árslaunum kennarans, og skal lækkun kennsluskyldu hans metin til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Lækkun kennsluskyldu eða greiðsla vegna stjórnunar heimavista er ekki innifalin í stundafjölda samkvæmt a-lið.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda til stjórnunarstarfa og störf samkvæmt staflíðum b) og c), þar sem m. a. sé ákveðið, hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

78. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum laun stjórnskipaðra prófdómara, sbr. þó 61. gr., aukagreiðslur til kennara, er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara, svo og launakostnað vegna umsjónar og mötuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri samkvæmt samningum og þeim reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

79. gr.

Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bókakosts greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil.

Ríkissjóður greiðir hluta í aksturskostnaði grunnskólanemenda eða öðrum kostnaði, sem komið getur í hans stað, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað, að þátttaka ríkissjóðs sé 50%, þar sem unnt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreið, en ella allt að 85%, eða ákveðið framlag á nemanda, til greiðslu á akstri eða kostnaði við annað fyrirkomulag, sem komið getur í stað aksturs.

Heilbrigðisþjónustu greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

80. gr.

Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein húsvörslu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum.

Hreinar tekjur af eignum skóla greiðast í ríkissjóð í því hlutfalli, sem stofnkostnaður var greiddur.

81. gr.

Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 52. gr. um kennslu í sérstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

82. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans, er telst vera frá 1. júlí til 30. júní. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd, og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag, sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, sem það ákveður.

83. gr.

Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á. Mánaðargreiðslur skulu miðast við árlega rekstraráætlun samkvæmt 82. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlunina. Þegar fyrir liggur uppgjör þessa kostnaðar í lok almanaksárs og rekstrarárs skóla í samræmi við samþykkta rekstraráætlun, skal það endurskoðað og leiðréttingar gerðar, eftir því sem efni standa til.

Menntamálaráðuneytið skal hafa tekið afstöðu til rekstraráætlunar skólaárs þess, sem í hönd fer, og tilkynnt hana sveitarstjórn eigi síðar en 1. júlí ár hvert, enda hafi áætlunargerð farið fram samkv. 82. gr.

Um endurnýjun og viðhald lausafjármuna skal sveitarstjórn (skólanefnd) gera áætlun til menntamálaráðuneytisins, og skal hún komin í hendur þess eigi síðar en 1. maí. Ráðuneytið tekur afstöðu til hennar fyrir 15. júní.

Viðhaldskostnaður, sbr. 28. gr., svo og kostnaður við endurnýjun tækja og búnaðar, greiðist árlega eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum. Heimilt er ráðuneytinu þó að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Þar sem fleiri en einn grunnskóli eru í skólahverfi, ráðstafar skólanefnd samanlögðu viðhaldsfé þeirra.

84. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, og skulu því afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar. Heimilt er ráðuneytinu að fela fræðslustjóra að annast þessi störf í umboði sínu.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu með samþykki fræðslustjóra.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

85. gr.

Af launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu skal eftirfarandi greiðast úr ríkissjóði:

a) Föst laun fræðslustjóra.
b) Árlegt framlag, er að hámarki miðist við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur komi 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.
c) Allt að 12 kennslustundir á viku á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins, sem fræðslustjóra er heimilt að verja til námseftirlits og leiðbeininga, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Það er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, hvaða kennurum er falið að gegna þessum störfum.
d) Helmingur kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sem stofnað er til með samþykki menntamálaráðuneytisins.
e) Helmingur húsaleigu, án ljóss og hita, fyrir starfsemi fræðsluskrifstofu, sem samþykkt hefur verið af menntamálaráðuneytinu.
f) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu felst m. a. sá hluti, er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirliti með þeim. Kostnaður við fræðsluskrifstofu greiðist af báðum aðilum mánaðarlega, samkvæmt áætlun, sem gera skal árlega.

Að öðru leyti en að framan greinir tekur ríkissjóður ekki þátt í launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu.

86. gr.

Af stofnkostnaði nýs húsnæðis og búnaðar fyrir fræðsluskrifstofur greiðir ríkissjóður í upphafi byggingarframkvæmda, eða við kaup húsnæðis, kr. 2 000 000.00, sem miðaðar eru við vísitölu byggingarkostnaðar við samþykkt laganna og breytast í samræmi við hana. Af þeim kostnaði, sem þá er eftir, greiðir ríkissjóður helming og hlutaðeigandi landshlutasamtök helming. Um byggingar þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, eftir því sem við getur átt.

Viðhald húsnæðis greiðist að jöfnu af aðilum.

XV. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

87. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

88. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan

10 ára frá gildistöku. Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir.

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanám.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað, að því er tekur til 16.—23. og 25.—26. gr., að því er rekstur grunnskóla varðar, svo og 28. gr. að því er tekur til samstarfsnefndar.

Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Sþ. 677. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]

um öryggis- og varnarmál.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til, að Íslendingar leggi áherslu á af sinni hálfu að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna og er efnislega og orðrétt í samræmi við áskorun þá til ríkisstjórnar og Alþingis, sem 55 522 íslenskir kjósendur skirfuðu undir í undirskriftasöfnun Varins lands. Hún er flutt í því skyni, að Alþingi gefist kostur á að lýsa yfir vilja sínum í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar, að undangengnum umræðum um þessi mikilvægu mál. Eigi var tekin til greina ósk þm. Sjálfstæðisflokksins, að mál þetta væri sérstaklega tekið til umræðu á Alþingi, áður en utanríkisráðherra færi til viðræðna við Bandaríkjastjórn.

Atlantshafsbandalagið hefur miklu til leiðar komið í varnarmálum á 25 ára starfsferli sínum, tryggt öryggi aðildarríkjanna og frið á starfssvæði sínu. Það hefur einnig beitt sér fyrir samvinnu á mörgum öðrum sviðum. Bandalagið hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna, þótt ástand alþjóðamála sé annað en við stofnun þess. Samstarf Atlantshafsríkjanna hefur gert þeim kleift að efla öryggi sitt á sama tíma og þau leita eftir bættri sambúð við ríkin í austri. Í samskiptum austurs og vestur hafa hins vegar engir þeir atburðir gerst, sem benda til, að úr gildi Atlantshafssamstarfsins hafi dregið.

Á þeim breytingatímum, sem við nú lifum í alþjóðamálum, fá smáríkin ekki gætt hagsmuna sinna nema með eðlilegri þátttöku í alþjóðasamstarfi. Í Atlantshafsbandalaginu eiga Íslendingar beina aðild að ákvörðunum um öryggismál okkar heimshluta. Aðildin tryggir, að ekki verður gengið fram hjá íslenskum hagsmunum. Er þetta ómetanlegt, þar sem sérstaða Íslands mundi skapa hættu á, að ella yrði ekki

tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna okkar. Atlantshafsbandalagið er því jafnvel mikilvægara fyrir Íslendinga en margar aðrar þjóðir.

Aðildinni að Atlantshafsbandalaginu fylgja bæði réttindi og skydur. Að sjálfsögðu er skyldunum misjafnlega háttað á hverjum tíma. Til dæmis var ekki talið nauðsynlegt 1949, að á Íslandi væri viðbúnaður til varna. Strax 1951 breyttist aðstaðan á þann veg, að varnarsamningur var gerður við Bandaríkin innan ramma Atlantshafssáttmálans.

Drög þau að umræðugrundvelli um endurskoðun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, eru allsendis ófullnægjandi og ábyrgðarlaus.

1. Fyrirkomulag það, sem þar er gert ráð fyrir, tryggir engan veginn öryggi Íslands. Hér verða engar varnir, sem eru til viðvörunar erlendum ríkjum, sem kynnu að sýna okkur ásælni eða beita okkur þrýstingi til að hafa áhrif á gerðir okkar.
2. Með tillögum ríkisstjórnarinnar er ekki fullnægt þeirri sjálfsögðu kröfu Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar að vita, hverjir fara um næsta nágrenni hennar eða jafnvel yfirráðasvæði, þ. e. a. s. hvaða umferð er í og á hafinu og í loftinu umhverfis landið, og koma í veg fyrir, að yfirráðaréttur Íslendinga sé skertur.
3. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar tekur Ísland ekki þátt í því eftirliti og friðargæslustarfi, sem hingað til hefur verið innt af hendi á vegum Atlantshafsbandalagsins héðan og hefur tryggt öryggi í okkar heimshluta.
4. Öll málsmeðferð ríkisstjórnarinnar er ámælisverð. Ekki var kosið um varnar- og öryggismál Íslands í síðustu kosningum, og nú sýnist ríkisstjórnin ætla að taka örlagaríkar ákvarðanir, þegar líður að lokum kjörtímabilsins.

   Þá hefur lítið eða ekkert samráð verið haft við Atlantshafsbandalagið, en á vettvangi þess hafa ríkisstjórnir 13 bandalagsríkja hvatt íslensku og bandarísku ríkisstjórnirnar til að breyta í engu núverandi skipan varnarmála Íslands. Ríkisstjórnin hefur ekki heldur haft samráð við næstu nágrannaþjóðir okkar og gagnaðilann, Bandaríkjamenn, áður en hún gekk frá drögum þeim að umræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, sem utanríkisráðherra kynnir á fundum sínum í Washington. Slíkt samráð er sjálfsagt, þótt Íslendingar einir taki ákvörðun að lokum í samræmi við sína eigin öryggishagsmuni.

Flutningsmenn þessarar þingályktunartillögu telja eðlilegt að í varnar- og öryggismálum Íslands beri einkum að leggja áherslu á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að varnarliðið sé þess megnugt á grundvelli þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu að reka héðan flug til eftirlits með siglingum í og á hafinu kringum landið og fylgjast með flugferðum ókunnra flugvéla um íslenskt flugstjórnarsvæði, svo að við vitum, hverjir fara um næsta nágrenni okkar.

Í öðru lagi, að varnarliðið sé þess megnugt að veita viðnám, fyrstu varnir, einkum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að nokkrun tíma verði á okkur ráðist.

Í þriðja lagi, að varnarstöðin sjálf verði aðskilin frá annarri starfsemi á Keflavíkurflugvelli, eins og ráð var fyrir gert í áætlun fyrri ríkisstjórnar.

Í fjórða lagi, að allir varnarliðsmenn og erlendir starfsmenn á vegum varnarliðsins og skyldulið þeirra búi á Keflavíkurflugvelli.

Í fimmta lagi, að sérstakt samstarf verði tekið upp af Íslands hálfu innan Atlantshafsbandalagsins við Noreg, Danmörku og Kanada auk Bandaríkjanna, til þess að stöðugt samráð verði haft um öryggismál í okkar næsta nágrenni.

Í sjötta lagi, að Íslendingar hafi varnar- og öryggismál landsins í stöðugri endurskoðun, geri sér sjálfstæða grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum, hafi sjálfir frumkvæði að því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera á hverjum tíma og hvenær

óhætt sé, að allt varnarlið hverfi af landi brott. Þangað til sé varnarliðið í lágmarki þess, sem óhætt er öryggis landsins vegna, og þess sé gætt, að dvöl þess hafi ekki þjóðernisleg, félagsleg og fjárhagsleg áhrif, er skaðleg séu íslensku þjóðinni og geri hana háða varnarliðinu á einn eða annan hátt utan þess öryggishlutverks, sem það gegnir.

Í sjöunda lagi, að Íslendingar taki þátt í þeim störfum, sem unnin eru í þágu eigin öryggis og eru ekki hernaðarlegs eðlis, og jafnframt verði landhelgisgæsla okkar og löggæsla efld til aukins framtíðarhlutverks.

Á forsíðu dagblaðsins Tímans birtist fimmtudaginn 31. janúar frétt þess efnis, að daginn áður hefðu 32 menn afhent forsætisráðherra ályktun um utanríkis- og varnarmál. Segir í fréttinni, að hún hafi verið undirrituð „af 170 framsóknarmönnum úr öllum fjórðungum landsins. Í hópi þeirra eru ýmsir forustu- og framámenn Framsóknarflokksins, er gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.“ Í ályktun þessari segir m. a.:

„Við teljum, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi reynst Íslandi til góðs, á sama hátt og fjölmörgum öðrum bandalagsríkjum, og hafi bandalagið átt mjög ríkan þátt í því að tryggja frið í Evrópu á áhrifasvæði þess og verið skjöldur þess andlega frelsis og efnahagslegu framfara, sem ríkt hafa í Vestur-Evrópu. Við teljum enn fremur, að samvinna Íslands við Bandaríkin um öryggismál innan vébanda bandalagsins hafi þjónað mikilvægu hlutverki á viðsjálum tímum í alþjóðamálum og stuðlað í senn að öryggi og sjálfstæði Íslands og bandalagsríkja okkar.

Af gefnu tilefni vilja undirritaðir stuðningsmenn Framsóknarflokksins lýsa því yfir, að þeir vilja fara með fyllstu gát í mótun nýrrar stefnu í íslenskum utanríkismálum. Um leið og þeir telja endurskoðun núgildandi varnarsamnings við Bandaríki Norður-Ameríku eðlilega og sjálfsagða, lýsa þeir sig andvíga uppsögn hans nú og telja ekki tímabært að gera grundvallarbreytingar á núverandi öryggismálasamstarfi við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið, sem að þeirra dómi hefur reynst Íslendingum vel og ekki sýnt, að annað fyrirkomulag í grundvallaratriðum henti Íslendingum betur, miðað við þá reynslu, er þeir hafa þegar fengið, og það ástand, er enn ríkir í alþjóðamálum. Um þær breytingar, er til mála getur komið að gera á núverandi varnarsamningi, telja undirritaðir rétt og sanngjarnt að hafa um það fullt samráð við bandalagsþjóðir Íslendinga, ekki síst Norðmenn og Dani.“

Á þessari ályktun er vakin hér athygli til að sýna, hve víðtækur stuðningurinn við Atlantshafsbandalagið er, og að nauðsynlegt er talið, að varnarviðbúnaður sé í landinu.

Það er eðlilegt, að sjónarmið 55 522 Íslendinga í utanríkis- og öryggismálum komi til umræðu á Alþingi og þingmenn fái tækifæri til að taka afstöðu til áskorunar þessara kjósenda.

Ed. 678. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um skráningu og mat fasteigna.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 2. gr. Í stað orðsins „landmarka“ kemur: landamarka.

Nd. 679. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 5. apríl 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Gylfi Þ. Gíslason.	Karvel Pálmason.	Ásberg Sigurðsson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 680. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Svövu Jakobsdóttur, Ingvari Gíslasyni og Eysteini Jónssyni.

Við 57. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Óheimilt er að veita upplýsingar um einkunnir nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemanda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Nd. 681. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Svövu Jakobsdóttur og Ellert B. Schram.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Menntamálaráðuneytið ræður fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum má endurráða hann til jafnlangs tíma, ef meiri hluti fræðsluráðs mælir með því.
Við skipun í starf fræðslustjóra skal taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjanda, stjórnunarreynslu í opinberri þjónustu og þekkingar á skólamálum.

Nd. 682. Breytingartillögur [262. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 61 19. maí 1971, um breyt. á l. nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Síðari efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist þannig.
2. Við fyrirsögn. Í stað „61 19. maí 1971“ komi: 85 21. des. 1971.

Ed. 683. Frumvarp til laga [308. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkv. lögum nr. 68/1967 með breytingum nr. 19 1968 og nr 42 1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum gráslеppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973 um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands og lög nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld sbr. lög nr. 19/1973 innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Sölustofnun lagmetisiðnaðarins var stofnsett með lögum nr. 48/1972 var gert ráð fyrir að öll þáverandi útflutningsgjöld af lagmeti skyldu renna í svonefndan þróunarsjóð til eflingar lagmetisiðnaði. Síðar hafa ýmis ný útflutningsgjöld á sjávarafurðir verið lögð á lagmetisiðnað, þar á meðal 1% gjald, sem renna skal til Fiskveiðasjóðs Íslands, og fer það gjald ekki í þróunarsjóðinn.

Á sama tíma hefur það gerst að lagmetisiðnaðurinn hefur ekki notið lánsfyrirgreiðslna úr sjóðum sjávarútvegsins en hins vegar úr iðnlánasjóði, án þess þó að vera skyldur til að greiða iðnlánasjóðsgjald. Hefur af þessu orðið hið mesta öngþveiti fyrir lagmetisiðnaðinn og er staða hans mjög óskýr. Ennfremur hefur það komið í ljós að verðmyndun á lagmetisafurðum er mun líkari því sem gerist um almennar iðnaðarvörur og fylgir ekki þeim sveiflum og reglum um verðlagningu, sem almennt gerast á sjávarafurðum. Aukaálögur af auknum útflutningsgjöldum hafa því reynst mjög þungbærar á síðustu mánuðum.

Þessu frumvarpi er ætlað að undanskilja lagmetisiðnað öllum almennum útflutningsgjöldum á sjávarafurðir og tengja starfsemina við lánakerfi iðnaðarins, og leggja á hana iðnlánasjóðsgjald. Sérstök ákvæði gilda þó um 5 ára skeið um greiðslur í þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Samtímis frumvarpi þessu er flutt frumvarp að lögum um breytingu á lögum um iðnlánasjóð, er gerir lagmetisiðnaðinn skyldan til greiðslu iðnlánasjóðsgjalds.

Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar þessa frumvarps ekki skýringa.

Ed. 684. Frumvarp til laga [309. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

1. málsgrein 1. töluliður 5. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna „Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og

mjólkurbú“ komi: „Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins hefur óskað eftir því við iðnaðarráðuneytið, að framleiðendur lagmetis falli undir Iðnlánasjóð hvað stofnlán áhrærir. Stjórn Iðnlánasjóðs hefur fyrir sitt leyti samþykkt þá skipan mála og hefur enda veitt framleiðendum stofnlán, bæði til vélvæðingar og húsbygginga. Hins vegar hafa skattyfirvöld, sem annast álagningu iðnlánasjóðsgjalds, talið lagmetisiðnaðinn sem fiskiðnað vera undanþegin greiðslu gjaldsins, en samkvæmt lögum um Iðnlánasjóð ganga þeir fyrir um lánveitingar úr sjóðnum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald.

Af þessum ástæðum er lagabreyting sú, sem í frumvarpi þessu felst, nauðsynleg til að gera lagmetisiðnaðinn fortakslaust iðnlánasjóðsgjaldskyldan og þar með lánhæfan úr iðnlánasjóði.

Greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Samferða frumvarpi þessu er framvarp til laga um breyting á lögum nr. 48 frá 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins þess efnis að fella niður útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Ed. 685. Frumvarp til laga [310. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli, ef um er að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verð-

lagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsgr. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsgr. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita með sama hætti viðtöku iðgjöldum frá maka sjóðfélaga, enda sé um að ræða iðgjöld af stopulli vinnu og svo stutt tímabil, að ekki verði talið, að um sjálfstæð réttindi í öðrum lífeyrissjóði geti orðið að ræða.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsgr. 2. gr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsgr. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verslanir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsgr. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. málsgr. en greiða ber, sbr. 2. málsgr., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsgr. 14. gr. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila, ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga, eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum gjaldþrota.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs, er hann nær 69 ára aldri.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 9 mánaða frá lokum almanaksárs, og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Síðasti málsliður 4. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað.

6. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs, er taka ellilífeyris hefst.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Það telst í þessu sambandi tekjumissir hjá sjóðfélaga, þótt skert starfsorka hans sé bætt upp með auknu vinnuframlagi maka hans eða barna innan 16 ára aldurs.

Í stað „til 67 ára aldurs“ í 2. mgr. 10. gr. komi „til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri“.

Í stað „við 67 ára aldur“ í 6. mgr. 10. gr. komi „við lok þessa almanaksárs, er sjóðfélagi nær 67 ára aldri“, og í stað „til 67 ára aldurs“ í sömu málsgrein komi „til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri“.

5. gr.

Aftan við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Sé hvorki um að ræða börn innan 18 ára aldurs né slíka skerðingu starfsorku hins eftirlifandi maka, skal samt sem áður án tillits til aldurs sjóðfélaga og maka hans greiða makalífeyri um 5 ára skeið eftir fráfallið, enda séu skilyrði um iðgjaldagreiðslu- og hjúskapartíma uppfyllt.

Aftan við 3. mgr. 11. gr. bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Nú annast systir bónda heimili hans, og gilda þá ákvæði þessarar málsgreinar eftir því, sem við getur átt.

Í stað „til 67 ára aldurs“ í 4. mgr. 11. gr. komi „til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri“.

6. gr.

Aftan við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Flutningur réttinda vegna tímabils fyrir stofnun sjóðsins skal þó ekki heimill, nema sérstaklega standi á.

7. gr.

Í stað „1969“ í 2. mgr. 17. gr. laganna komi „1974“. Aftur við sömu málsgrein bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systur bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 3. málsgr. 11. gr.

8. gr.

Aftan við 1. mgr. 18. gr. bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár, skal þó miðað við þann rétt þau ár.

9. gr.

Í stað „7. málsgr. 7. gr.“ í 21. gr. laganna komi „6. málsgr. 7. gr.“

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði þeirra um lífeyrisrétt gilda frá 1. janúar 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem rétt eiga á lífeyri samkvæmt I. eða II. kafla laganna, er miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða eldra tímabils, skulu frá 1. janúar 1974 fá lífeyri miðaðan við grundvallarlaun 1969—1973.

Óski bóndi eftir, að tekið verði tillit til réttindatíma systur vegna tímabils fyrir árslok 1974, sbr. 2. málsgr. 11. gr. og 2. málsgr. 17. gr. laganna, skal hann senda sjóðnum tilkynningu þess efnis eigi síðar en 31. desember 1974. Eftir þann tíma gilda ákvæði 21. gr. laganna um slíkar tilkynningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Með bréfi, dags. 8. október 1973, fól Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðherra, stjórn Lífeyrissjóð bænda að endurskoða lög sjóðsins. Í bréfi þessu er tekið fram, að í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 101 frá 28. desember 1970 sé kveðið svo á, að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 1972, og þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar með lögum nr. 35 1972, verði að líta svo á, að endurskoðun í samræmi við ofangreind bráðabirgðaákvæði hafi enn ekki farið fram.

Af hálfu ráðuneytisins er sérstök athygli vakin á ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda 1973, en ályktun þessi hljóðar svo:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1973 felur stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir endurskoðun á lögum um lífeyrissjóð bænda, til þess að lagfæra m. a. ákvæði um ekknabætur, réttindi systur, þar sem systkyni hafa búið saman o. fl.“.

Þá er tekið fram í bréfi ráðherra, að ráðuneytið telji að öðru leyti eðlilegt að stjórnin geri þær breytingatillögur við lögin, sem hún að fenginni reynslu telur æskilegar.

Í greinargerð stjórnar Lífeyrissjóðs bænda með lagafrumvarpi því til breytinga á lögum nr. 101/1970, sem samþykkt var á Alþingi í maímánuði 1972, var tekið fram, að ekki þætti tímabært að hefjast handa um þá heildarendurskoðun laganna, sem að framan er getið, þar eð lítil reynsla væri fengin af framkvæmd I. kafla laganna. Síðan hefur að sjálfsögðu fengist nokkru meiri reynsla, og í meðfylgjandi frumvarpi felast allmargar breytingar á gildandi lagaákvæðum. Um grundvallarbreytingar er hins vegar ekki að ræða.

Það hefur valdið erfiðleikum við framkvæmd laganna, hve ófullkomnar upplýsingar eru að jafnaði tiltækar um félagsbú, hverjir teljast aðilar að þeim og hvernig arður af þeim skiptist. Stjórnin treystir sér ekki til að leggja fram tillögur til breytinga á lögum lífeyrissjóðsins, er að gagni mættu verða í þessu efni, en treystir því, að betri skipan komist fljótlega á þetta mál, sbr. 17. gr. frumvarps til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, enda er hér um að ræða hagsmunamál fleiri aðila en Lífeyrissjóðs bænda.

Meðal bænda hefur orðið vart nokkurrar óánægju sökum þess, að lífeyrissjóðsiðgjöld, er þeim sem launþegum ber að greiða samkvæmt kjarasamningum verkalýðsfélaga, ef þeir starfa um stundarsakir í sláturhúsi eða að öðrum tímabundnum verkefnum, renna til lífeyrissjóða hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, en ekki til Lífeyrissjóðs bænda. Er á það bent í þessu sambandi, að oft sé óvíst, hvort lágmarksskilyrði um réttindatíma og iðgjaldagreiðslur verði nokkru sinni uppfyllt þannig, að um sjálfstæðan rétt í lífeyrissjóði verkalýðsfélags geti orðið að ræða. Lífeyrissjóður bænda hefur heimild til að veita iðgjöldum af þessu tagi viðtöku, en til iðgjaldaflutnings þarf einnig samþykki þess sjóðs, sem iðgjöld hafa verið greidd til. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft, að sett verði ákvæði í lögin um Lífeyrissjóð bænda þess efnis, að iðgjöldum, þ. e. bæði iðgjöldum launþega og vinnuveitanda, skuli í slíkum tilvikum skilað til þess sjóðs. Nýlega hefur verið komið á samskiptareglum milli flestra hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaga innbyrðis. Í trausti þess, að samkomulag geti einnig orðið um lausn samskiptavandamála Lífeyrissjóðs bænda og þessara sjóða, svo og vegna óvissu um, hvert fordæmi lagasetning um þetta efni mundi veita, hefur stjórnin ekki gert tillögur um breytingar á þeim ákvæðum, sem hér um ræðir.

Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Réttur til makalífeyris samkvæmt II. gr. laganna er rýmkaður nokkuð.
2. Gert er ráð fyrir rétti til makalífeyris samkvæmt II. kafla laganna eftir aldraða bændur, sem látist hafa á árunum 1965—1969, en samkvæmt núgildandi ákvæðum er það skilyrði, að fráfall hafi átt sér stað eftir árslok 1969.

3. Gert er ráð fyrir möguleika á greiðslu makalífeyris til systur, sem gegnt hefur húsfreyjustarfi, bæði samkvæmt I. og II. kafla laganna.
4. Kveðið er á um hækkun lífeyrisgreiðslna, sem þegar hafa verið úrskurðaðar, þannig að þær miðist við grundvallarlaun 1969—1973.
5. Gert er ráð fyrir heimild fyrir sjóðstjórn til að veita bændum utan lögbýla aðild að sjóðnum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
6. Sett er ákvæði um forgangsrétt iðgjaldskrafna við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila.

Samþykkt frumvarpsins hefur ekki í för með sér teljandi aukningu skuldbindinga lífeyrissjóðsins, enda er ekki gert ráð fyrir breytingum á tekjugrundvelli hans. Hins vegar er áætlað, að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins um hækkun eftirlaunagreiðslna hafi í för með sér aukningu útgjalda, er nemi 9.1 millj. kr. fyrir ríkissjóð og 5.4 millj. kr. fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins á árinu 1974, en síðan fara áhrif þessara ákvæða minnkandi. Þá munu breytingar á ákvæðum II. kafla laganna um makalífeyri valda nokkurri aukningu útgjalda. Athygli skal vakin á því, að fyrir ríkissjóð verður hér ekki um hreina útgjaldaaukningu að ræða, þar eð framlag til almannatrygginga mun lækka vegna tekjutryggingarákvæða almannatryggingalaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að heimilt er að víkja frá skilyrðum laganna um, að bóndi búi á lögbýli. Er breyting þessi bein afleiðing af hliðstæðri, en þó nokkru þrengri heimild í lögum nr. 35 1972 til að veita bændum utan lögbýla eftirlaun samkvæmt II. kafla. Fyrir réttindi samkvæmt I. kafla greiða sjóðfélagar iðgjöld og virðist því ekki óeðlilegt, að heimild til að veita slík réttindi séu heldur rýmri.

Um 2. gr.

Í 1. málsgr. felst engin efnisbreyting, heldur er einungis leitast við að gera orðalag laganna skýrara en það er nú.

Ákvæði 4. málsgr. 7. gr. laganna um iðgjöld af hlunnindatekjum hafa reynst lítils virði, og er lagt til, að þau falli niður.

Það er almenn regla hjá lífeyrissjóðnum, að séu hjón bæði sjóðfélagar, verði réttindum ekki blandað saman, svo sem með flutningi iðgjalda annars yfir á nafn hins. Lífeyrissjóður bænda hefur sérstöðu að því leyti, að réttindi má að jafnaði rekja til vinnuframlags beggja, bónda og maka hans. Er því lagt til, að heimilt verði að veita viðtöku iðgjöldum húsfreyju vegna annarra starfa og færa þau á nafn bónda, og er þá einkum höfð í huga störf í nánum tengslum við búskapinn, svo sem sláturhúsvinna. Athygli er vakin á því, að hér er einungis um að ræða heimild til að veita iðgjöldum viðtöku, en ekki lausn að öðru leyti á áðurnefndum samskiptavandamálum við aðra sjóði.

Samstarf þeirra aðila, er annast sölu á búvörum bænda, við lífeyrissjóðinn hefur yfirleitt verið mjög gott. Í einstökum tilvikum hefur þó orðið óviðunandi dráttur á því, að skilagreinar og iðgjöld bærust. Er lagt til, að heimild verði veitt til að beita dagsektum og ákvæði sett um forgang iðgjaldakrafna, ef til gjaldþrotaskipta kemur hjá innheimtuaðila og ekki er um að ræða sérgreint geymslufé, sem sjóðurinn á beinan aðgang að.

Hin nýja málsgrein, sem verður 7. málsgr. 7. gr., er í samræmi við reglugerðarákvæði, en rétt þykir að hafa í sjálfum lögunum skýr ákvæði um lok iðgjaldagreiðslu. Er hagkvæmast að miða við lok almanaksárs í stað mánaðamóta.

Um 3. gr.

Dráttur á, að skilagreinar um iðgjöld berist sjóðnum, veldur seinkun á útreikningi stiga, er fram fer í vélum, og er þetta bæði sjóðfélögum og starfsmönnum

til mikils óhagræðis. Heimild sú, sem hér er gert ráð fyrir, til að ljúka endanlega stigaútreikningi 9 mánuðum eftir árslok, mundi bæta mjög úr skák, en á hinn bóginn útilokar hún ekki sérstaka athugun á skilagreinum, sem borist hafa of seint ef iðgjöld viðkomandi ára skipta verulegu máli, t. d. við áætlun stiga fram í tímann vegna örorku eða dauða.

Núgildandi ákvæði 4. málsgr. 8. gr. laganna um athugun viðbótarréttinda til handa smábændum á þriggja ára fresti verða óhjákvæmilega þunglamaleg í framkvæmd. Er lagt til, að takmörkunin við þrjú ár aftur í tímann falli niður.

Um síðustu málsgr. 3. gr. skírskotast til athugasemda við 2. gr.

Um 4. gr.

Í 1. málsgr. eru tekin af öll tvímæli um, að réttur sjóðfélaga til örorkulífeyris skerðist ekki, þótt starfsorkumissir hans sé bættur upp með auknu vinnuframlagi maka hans og barna innan 16 ára aldurs. Um aðrar breytingar skírskotast til þess, sem áður er sagt.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. felst tímabundinn stuðningur við ungar barnlausar ekkjur, sem engan lífeyrisrétt eiga samkvæmt núgildandi lögum og ættu ekki að hafa þörf fyrir makalífeyri ævilangt.

Lagt er til, að systir, sem annast húsfreyjustörf á búi bróður síns, geti öðlast rétt til makalífeyris á sama hátt og sambúðarkona. Í orðunum „eftir því, sem við getur átt“ felst m. a., að tilkynna þarf til sjóðsins, ef slíkur réttur á að skapast. Bóndi getur á hverjum tíma aðeins látið réttinn ná til einnar systur og systir stutt rétt sinn við starf hjá einum bróður, og enn fremur skulu bæði vera ógift.

Um 6. gr.

Í greininni felst takmörkun á heimild stjórnar sjóðsins til að heimila réttindaflutning úr öðrum lífeyrissjóðum, en slíkir flutningar hafa að jafnaði í för með sér meiri skuldbindingar en sem svarar þeim fjárhæðum, sem fluttar eru. Virðist ekki ástæða til að heimila flutning vegna tímabils fyrir stofnun sjóðsins, þ. e., að veitt séu meiri réttindi en unnt er að öðlast með stundun búskapar. Þó er gert ráð fyrir, að undantekningu megi gera, þegar um er að ræða stutt tímabil, sem ekki getur veitt neinn sjálfstæðan rétt í sjóði þeim, sem flutt er úr.

Um 7. gr.

Ákvæðið um makalífeyrisrétt til handa mökum, er aldraðir bændur hafa látið eftir sig á árunum 1965—1969, má rökstyðja með þeirri sameiginlegu réttindavinnslu, sem hér er raunverulega um að ræða, en þeir bændur, sem hætt hafa búskap á þessum árum, eiga rétt á ellilífeyri að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna. Um réttindi systur skírskotast til athugasemda við 5. gr. og almennra athugasemda hér að framan.

Um 8. gr.

Lagt er til, að sjóðfélagi njóti þess í auknum réttindum, ef iðgjaldagreiðslur samkvæmt I. kafla veita tilefni til meiri réttar en 18. gr. veitir. Í þessu sambandi skal á það bent, að um ellilífeyrisrétt samkvæmt I. kafla er ekki að ræða fyrr en eftir a. m. k. 5 ára iðgjaldagreiðslu.

Um 9. gr.

Breytingin stafar af breyttri töluröð málsgreina í 7. gr. laganna.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um þá útgjaldaaukningu, sem samræming eldri og nýrri lífeyrisúrskurða samkvæmt þessum ákvæðum hefur í för með sér, skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Sþ. 686. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um endurskoðun á skipulagi vísindarannsókna.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem endurskoði skipulag vísindarannsókna. Stefnt skal að því, að frumvarp um það efni, verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Fram er komið á þingi frumvarp til laga um Iðntæknistofnun Íslands. Það gerir ráð fyrir róttækri breytingu á skipulagi vísindarannsókna, en nær þó aðeins til rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi á sviði iðnaðar og mannvirkjagerðar. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hlýtur að leiða til þess, að skipulag rannsókna í heild verði að endurskoða.

Nauðsynlegt er, að vísindastarfsemin sé vakandi og fullnægi kröfum tímans. Því er eðlilegt að endurskoða öðru hverju skipulag starfseminnar og lög, sem um hana fjalla, enda hafa á undanförnum árum komið fram margar tillögur um breytingar. Að mati flutningsmanns er orðið aðkallandi, að löggjafinn skoði þær hugmyndir.

Af þessum ástæðum er lagt til, að ríkisstjórnin skipi nefnd, sem endurskoði skipulag og lög um vísindarannsóknir. Í þeirri nefnd þurfa að sitja bæði fróðir menn um vísindi og um þarfir atvinnuveganna fyrir rannsóknir.

Nd. 687. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 11. gr.
   a) 1. málsgr. orðist svo:
      Fræðsluráð skal skipað sjö mönnum, og skulu fimm kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann og varaformann.
   b) 2. málsgr. orðist svo:
      Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.
   c) Í síðustu málsgr. falli niður orðin „utan Reykjavíkur“.

2. Við 18. gr. 6. málsgr. orðist svo:
   Í kaupstöðum með 10 000 íbúa eða fleiri fara fræðsluráð og hverfisnefndir með hlutverk skólanefndar. Viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn skiptir kaupstaðnum í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfis-

nefnd, skipuð 5 mönnum. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.

3. Við 29. gr. Niður falli úr 2. mgr. orðin „sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðahalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.“, en í staðinn komi: samkvæmt lögum.

4. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um ⅙, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um ⅙ af fullri kennsluskyldu.
Til þess að öðlast þennan rétt þarf 28 ára kennsluferil.

5. Við 54. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:
Fræðslustjóri leggur þá málið fyrir sálfræðiþjónustuna, og tekur hún við meðferð málsins, sbr. 67. gr.

6. Við 57. gr. Greinin orðist svo:
Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Einkunnir skulu færðar í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

7. Við 73. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973,

Sþ. 688. Nefndarálit [150. mál]

um till. til þál. um bætt skipulag tónlistarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 5. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Bjarni Guðnason.	Jón G. Sólnes.	Jón Skaftason.
	Stefán Gunnlaugsson.	

Sþ. 689. Nefndarálit [254. mál]

um till. til þál. um íþróttahús fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið, athugað umsagnir og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 5. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Bjarni Guðnason.	Jón G. Sólnes.	Jón Skaftason.
	Stefán Gunnlaugsson.	

Nd. 690. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. apríl 1974.

Jónas Árnason, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Jón Skaftason.
Ingvar Gíslason. Bjarni Guðnason. Stefán Gunnlaugsson.
Sverrir Hermannsson.

Nd. 691. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um lyfjaframleiðslu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingaganefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið, kynnt sér umsagnir og kallað aðila á sinn fund. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. Meirihlutamenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. apríl 1974.

Jónas Árnason, form., frsm. Ingvar Gíslason. Bjarni Guðnason.
Jón Skaftason. Stefán Gunnlaugsson.

Ed. 692. Nefndarálit [16. mál]

Síðari hluta árs hófst undirbúningur að norrænni rannsókn, sem stefnir að því að finna einfaldar aðferðir til hönnunar á burðarþoli vega, m. t. t. umferðarmagns og þunga, veðráttu og jarðvegs. Tekur hún mið af stórri amerískri tilraun, sem fram fór 1959—1961 og notar að nokkru niðurstöður hennar. Rannsókn þessi mun standa fram á mitt ár 1976, og fer hluti hennar fram í hverju Norðurlandanna um sig, en aðalvinnan og einkum úrvinnsla gagna

fer fram í Svíþjóð. Undirbúningi lýkur væntanlega í maí 1974, og er reiknað með, að sameiginlegur kostnaður nemi sænskum kr. 800 þús., en til viðbótar kemur kostnaður af tilraunum hvers lands fyrir sig.

Heildarkostnaður við tilraunir varð á árinu aðeins um 3.3 m.kr. Er það m. a. vegna þess, að allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru í rannsóknastofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en á s. l. ári hafði stofnunin varla undan þjónusturannsóknum, einkum vegna aukins álags frá hinum óvenjumiklu hraðbrautaframkvæmdum og undirbúningi virkjanaframkvæmda, svo að hvorki gafst tími né aðstaða til hinnar venjulegu rannsóknastarfsemi.


2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

1. Útgjöld samkv. lið 2.1.		13.3 millj. kr.
2. Útgjöld samkvæmt lið 2.2.		48.5 — —
3. Útgjöld samkv. lið 2.3.1.		56.6 — —
4. Útgjöld samkv. lið 2.3.3.		4.5 — —
5. Útgjöld samkv. lið 2.3.6.3.		13.0 — —
6. Útgjöld samkv. lið 2.3.6.5.		25.0 — —
7. Útgjöld samkvæmt lið 2.5.		5.7 — —
8. Útgjöld samkv. lið 2.7.		30.9 — —
9. Útgjöld samkv. lið 2.9.		1.4 — —
		198.9 millj. kr.
Innheimtar markaðar tekjur vegasjóðs urðu samkv. bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins	1 234.6	
Áætlaðar markaðar tekjur vegasjóðs eftir breytingu á vegalögum í árslok 1972	1 208.5	26.1 millj. kr.
	Halli samtals	172.8 millj. kr.


Auk ofangreinds halla var framkvæmt á Skeiðarársandi fyrir 198 millj. kr. meira en fjáröflun nam.

Endanlegt uppgjör tekna og gjalda vegasjóðs liggur ekki enn fyrir, og geta því ofangreindar tölur breyst eitthvað.


Fskj. 2.1.5—1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
Meðalumferð á dag, júní - sept., fast talning
skynditalning
árs talning
Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu tákmar semilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð samkv. athugun
STAPI
HELLNAR
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
GERÐAR
KEFLAVÍK
SANDGERÐI
HAFNIR
GRINDAVÍK
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HVOLSVÖLLUR
ÞYKKVIBÆR
ÞORLÁKSHÖFN
VESTMANNAEYJAR
VÍK


Fskj. 2.1.5—2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
YATNEYRI
SUÐUREYRI
FLATEYRI
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐAVÍK
HNÍFSDALUR


Fskj. 2.1.5—3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
ÞÓRSHÖFN
BAKKAFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
DALVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR
HJALTEYRI
AKUREYRI
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
BÚÐIR

Fskj. 2.1.5—4


BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTUR
VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1973
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1974
Skýringar:

Fskj. 2.3.6.2.—1


SKEIÐARÁRJÖKULL
SKAFTAFELL
SKAFTAFELLSÁ
SKEIÐARÁ
SKEIÐARÁRSANDUR
GÍGJA
SÚLA
NÚPSVÖTN
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Áfangaskipti:
1. Áfangi 1972
2. Áfangi 1973
3. Áfangi 1974
VEGAGERÐ RÍKISINS
MÆLIKV. 1:250.000
DAGS. 29.1.74
SKEIÐARÁRSANDUR
ÁFANGASKIPTI

Greinargerð um kostnað við framkvæmdir fyrir lán frá Alþjóðabankanum.
(Í millj. kr.)

Áfangi	Lengd km	Áfallinn kostnaður í lok 1973				Áætlaðar hækkanir miðað við áætl. frá '70 og '71				Áætlaður lokakostnaður			
		Framkv. kostn.	Eftirl. kostn.	Kostn. v. vegstæði	Kostn. alls	v/magn-aukn. verkbr. og viðb.	v/verð-hækkana	v/aukins kostn. við vegstæði	Hækk-anir alls	Framkv. kostn.	Eftirl. kostn.	Kostn. v. vegstæði	Kostn. alls
VV2	3.0	83.4	6.0	10.1	99.5	39.8	4.5	1.1	45.4	83.4	6.0	11.1	100.5
VV3	6.4	105.2	8.0	7.9	121.1	20.7	9.7	0	30.4	105.2	8.0	12.0	125.2
VV4	4.6	128.0	9.0	3.6	140.6	32.4	10.7	1.0	44.1	130.4	9.0	9.5	148.9
SV1	7.2	114.5	8.9	8.8	132.2	÷4.8	8.8	3.2	7.2	114.5	8.9	15.7	139.1
SV5	6.3	68.4	4.6	0.9	73.9	18.5	5.7	0	24.2	68.4	4.6	1.0	74.0
SV6	6.1	93.1	6.0	1.0	100.1	22.1	9.0	0	31.1	93.1	6.1	1.0	100.2
SV7 &8 ..	14.1	83.2	7.7	9.2	100.1	20.9	4.6	0	25.5	83.1	7.8	10.0	100.9
	47.7	675.8	50.2	41.5	767.5	149.6	53.0	5.3	207.9	678.1	50.4	60.3	788.8

Yfirlit um framkvæmdir samkv. vegáætlun 1973.

1. **Hraðbrautir:**
   a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar ..... 23.3 km
   b) Lagning malarslitlags ..... 1.9 km
   c) Lagning bundins slitlags ..... 23.5 km

2. **Þjóðbrautir:**
   a) Undirbyggðir vegir ..... 93.7 km
   b) Lagt slitlag og burðarlag ..... 86.3 km
   c) Brýr, 10 m og lengri, 7 brýr ..... 128.0 m
   d) Smábrýr, 3 brýr ..... 18.0 m

3. **Landsbrautir:**
   a) Undirbyggðir vegir ..... 102.4 km
   b) Lagt slitlag og burðarlag ..... 110.1 km
   c) Brýr, 10 m og lengri, 8 brýr ..... 1 528.0 m
   d) Smábrýr, 7 brýr ..... 44.0 m

4. **Sýsluvegir:**
   a) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú ..... 10.0 m
   b) Smábrýr, 1 brú ..... 8.0 m

Nd. 709. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 29. apríl 1967, orkulögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með tilteknum breytingum, er þeir flytja á sérstöku þskj. (PP með fyrirvara). Minni hlutinn, (IngJ og LárJ) skilar séráliti.

Alþingi, 17. apríl 1974.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm.
Pétur Pétursson, fundaskr., með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.
Jónas Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 710. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 29. apríl 1967, orkulögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Niðurlag 3. mgr., „Með þau svæði“ o. s. frv., falli niður.
   b. Burt falli niðurlag 5. mgr., þ. e. „landeiganda er óheimilt“ o. s. frv.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „innan 5 ára“ í 2. mgr. komi: innan 15 ára.
3. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Nd. 711. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. l. nr. 36 7. maí 1969 og l. nr. 37 16. apríl 1971.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1974.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr., Þórarinn Þórarinsson.
Ingólfur Jónsson. Jónas Jónsson. Lárus Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 712. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Ellert B. Schram.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er viðkomandi fræðsluráði að ákveða, að skyldunám skuli ná til 7—15 ára unglinga, enda samþykki menntamálaráðuneytið ákvörðunina.

Nd. 713. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [9. mál]

í málinu: Frv. til l. um grunnskóla.

Frá Pálma Jónssyni, Birni Pálssyni,
Bjarna Guðnasyni og Sverri Hermannssyni.

Með tilliti til þess, að
a) hagkvæm vinnubrögð séu að láta endanlega afgreiðslu grunnskólafrumvarpsins bíða, þar til fyrir liggur, á hvaða grundvelli verði byggt eftir fyrirhugaðar lagabreytingar varðandi verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga;
b) allgjörlega ófullnægjandi greinargerð fylgir frumvarpinu um kostnað við framkvæmd málsins og engar upplýsingar hafa verið gefnar um það efni við umræður;
c) frumvarpið felur í sér lengingu skólaskyldu;
d) samþykktar voru við 2. umræðu málsins breytingartillögur við frumvarpið um ákvæði varðandi byggingu skólahúsnæðis, sem leggja byrgðar á ríkissjóð í mjög ríkum mæli, án þess þó að nokkuð sé vitað, hvernig verði staðið undir;
e) á frv. eru stórfelld missmíði, svo sem að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga sérstök verkefni og völd, án þess að þessi samtök hafi nokkra stöðu að lögum;
f) meðferð málsins í hv. deild hefur verið reikul og stefnulaus, eins og atkvæðagreiðslna við 2. umræðu sýndi í mörgum tilfellum;

og í trausti þess, að skipuð verði 7 manna þingmannanefnd til að endurskoða frumvarpið og það verði lagt fram endurskoðað fyrir Alþingi næsta haust, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 714. Tillaga [8. mál]

um að vísa til ríkisstjórnarinnar málinu: Frv. til l. um skólakerfi.

Frá Pálma Jónssyni, Birni Pálssyni,
Bjarna Guðnasyni og Sverri Hermannssyni.

Með vísun til þeirrar dagskrártillögu og rökstuðnings við hana, sem lögð er fram við frv. til l. um grunnskóla, leggjum við til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Nd. 715. Nefndarálit [127. mál]

um till. til þál. um umhverfismál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið um hana umsagnir Náttúruverndarráðs, Búnaðarþings, skipulagsstjóra ríkisins og þjóðminjavarðar. Nefndin hefur orðið samála um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að endurskoðuð verði og samræmd löggjöf um umhverfismál, og í því sambandi athuga, hvort rétt sé að sameina þau undir eina yfirstjórn.

Alþingi, 17. apríl 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.	Ellert B. Schram.
	Pétur Pétursson.	

Nd. 716. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um lyfjaframleiðslu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Í grg. með frv. þessu er engar upplýsingar að finna um þann kostnað, sem til verður stofnað við framkvæmd ákvæða frv., ef að lögum verður. Af þeirri ástæðu einni ættu þeir, sem ferðinni ráða, að fresta málinu, þar til kostnaðaráætlun liggur fyrir. Umræður embættismanna við einkaaðila um stofnun einokunarkompanís um lyfjaframleiðslu munu langt á veg komnar, og ættu þeir því að geta gert hinu háa Alþingi lauslega grein fyrir kostnaði.

Að áliti undirritaðra ber hinu opinbera fyrst og fremst að beita sér fyrir, að sjúkrahús, sem á vegum þess eru rekin, og læknar, sem hjá því starfa, fái sem best og ódýrust lyf. Alls almennings vegna ber hinu opinbera enn fremur að hafa eftirlit með því, að svo hagi til um alla lyfjaframleiðslu. Að áliti þeirra, sem best til þekkja, er að finna í lögum nægjanlega skýr og skilmerkileg ákvæði um eftirlit með lyfjaframleiðslu, þeim hafi hins vegar verið framfylgt slælega. Það er því með öllu óþarft að setja ný lög um það efni, heldur snúa sér að rösklegri framkvæmd þeirra laga, sem fyrir eru.

Lyfjaverslun ríkisins hefur að undanförnu framleitt 57% af heildarframleiðslu lyfja. Hún á enda beinan aðgang að langstærsta markaði í landinu, þar sem eru sjúkrahús rekin af ríkinu og læknar í þjónustu þess. Þegar nú ríkið heitbinst apótekurum með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í II. kafla frv., þá afhendir það þeim selskap þann markað á silfurdiski.

Gert er að vísu ráð fyrir, að ríkið eigi 50% í fyrirtækinu, en augljóst má vera, að þar munu apótekarar verða allsráðandi, þar sem þeir stjórna sjálfir allri sölu og dreifingu. Í Svíþjóð eignaðist ríkið ⅔ hluta í slíku kompaníi, en apótekarar ⅓. Þessi mikla meirihlutaeign ríkisins nægði þó ekki til að forða frá verulegri hækkun lyfjaverðs.

Að okkar áliti getur hið opinbera best gegnt skyldum sínum í þessum efnum, að það efli til muna eigin lyfjaframleiðslu. Því er einnig hollt, að öflugir einkaaðilar nái vopnum sínum í lyfjaframleiðslu.

Með frv. þessu er hins vegar verið að leggja drög að einokun á þessu sviði, með afleiðingum, sem aldrei geta orðið nema til óþurftar. Fyrir því leggjum við til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 17. apríl 1974.

Sverrir Hermannsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 717. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um farkennslu í meðferð fiskleitar- og siglingatækja.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Halldór Blöndal, Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún feli tæknideild Fiskifélags Íslands í samráði við skólastjórn Stýrimannaskólans að koma á fót farkennslu í meðferð og viðgerðum á fiskleitar- og siglingatækjum. Kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á hverju ári bætast skip í flota Íslendinga, sem búin eru fiskleitar- og siglingatækjum, sem sífellt verða viðameiri og flóknari. Þeir, sem fiskveiðar stunda, eiga nú mest undir hvers konar tækjum, og gildir raunar hið sama um allar siglingar. Er því augljóslega hin mesta nauðsyn, að viðgerðarþjónusta sé góð á sem flestum höfnum í landinu og varahlutir fáanlegir. Þá er ekki síður mikilvægt, að sæfarendur allir séu sem best þjálfaðir í meðferð tækjanna og þeim kennt að gera við þau, a. m. k. hinar smærri bilanir. Enn fremur er nauðsyn, að um borð í skipum séu leiðbeiningabæklingar á íslensku. Stýrimannaskólinn gaf út fyrir 2 árum slíkan bækling, sem gefist hefur mjög vel. Skipstjórnarmenn hafa upplýst flm. um, að þeir hafi afstýrt milljóna aflatjóni, vegna þess að þeir höfðu kynnt sér tækin það rækilega, að þeir gátu annast viðgerð, og höfðu enda leiðbeiningabækling við höndina.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp á Bretlandi, að útbúin var bifreið með hvers konar fiskleitar- og siglingatækjum. Henni er síðan ekið milli þarlendra útgerðarstaða og mönnum kennd meðferð tækjanna og einfaldar viðgerðir á nokkurra daga námskeiði. Hefur aðferð þessi þótt gefast hið besta.

Með tillögu þessari er lagt til, að svipaður háttur verði á hafður hér á landi. Í bifreiðina þyrfti með efna, en trú flm. er sú, að hin ýmsu umboðsfyrirtæki mundu fús og raunar keppast um að lána tæki til kennslunnar og jafnvel menn. Jafnframt þessu þarf að gefa út leiðbeiningarit.

Sþ. 718. Tillaga til þingsályktunar [313. mál]

um byggingu rannsóknarskips.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita nú þegar samninga um smíði hafrannsóknarskips af skuttogsgerð, 500 smál. eða stærra, knúið a. m. k. 2000 ha. aðalvél.

Greinargerð.

Sú staðreynd blasir við, að við Íslendingar erum mjög skammt á veg komnir, að því er varðar hvers konar hafrannsóknir. Á hinn bóginn er augljóst, að fiskveiðar t. d. verða ekki stundaðar í framtíðinni af neinni fyrirhyggju, nema miklu meiri og ítarlegri upplýsingar liggi fyrir í þeim efnum, en nú er. Ber ekki aðeins brýna nauðsyn til að finna nýja fiskstofna, sem sækja má í, heldur er hitt lífsnauðsyn, að þekkja til hlítar veiðiþol þeirra stofna, sem við stundum.

Vissulega hefur okkur orðið nokkuð ágengt hin síðari árin. Við eigum vel menntaða fiskifræðinga, en Hafrannsóknastofnunin er í heild of fáliðuð.

Nokkurn tækjakost höfum við eignast. Skortur á hæfilegum rannsóknarskipum er þó þar sem skórinn kreppir mest. Þróun í skipakosti hefur ekki orðið eins skjót og mikil og þyrfti. Við eigum nú 4 rannsóknarskip. Þau eru: Bjarni Sæmundsson, smíðaár 1970, 1400 ha., Árni Friðriksson, 1967, 996 ha., Hafþór, 1959, 800 ha., og Dröfn, 1961, 500 ha. Ef Hafþór verður gerður áfram út til rannsókna, þarf hann mjög mikilla endurbóta við, sem vafasamt er að svari kostnaði. Auk þess er skipið að ýmsu leyti óhentugt.

Á örskammri stund hefur orðið bylting í togaraútgerð landsmanna. Við höfum eignast fjölmörg ný skuttogskip, allt upp í 1000 smál. að stærð. Nú er það hið mikilvægasta, að við gerum okkur hið allra fyrst sem ljósasta grein fyrir, hvernig þessum veiðitækjum verður best beitt með tilliti til afla og fiskverndar. Til þess að það megi takast, þurfum við að eignast rannsóknarskip, sem er af stærð og búið þeim tækjum og vélarafli, sem jafnast til þess, sem gerist um hinn nýja togaraflota. Þess vegna er lagt til, að skipið verði eigi minna en 500 smál. að stærð og búið vélarafli a. m. k. 2000 ha., auk að sjálfsögðu allra nýjustu og fullkomnustu fiskleitar- og siglingartækja.

Ed. 719. Lög [210. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 og lög nr. 23 3. maí 1972.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 706.

Sþ. 720. Fyrirspurnir. [314. mál]

I. Til heilbrigðisráðherra um aðstöðu bæklaðra.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hve margir bíða nú skurðaðgerðar á bæklunardeild Landsspítalans?
2. Hvaða aldursflokkar eru fjölmennastir á biðlistanum?
3. Má vænta úrbóta á þessu sviði?

II. Til viðskiptaráðherra um endurkaup Seðlabankans á rekstrarvíxlum iðnaðarins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvernig skiptast endurkaup Seðlabankans á rekstrarvíxlum iðnaðarins milli
a) ríkisfyrirtækja,
b) samvinnufélaga,
c) einkafyrirtækja
á hverju ári tímabilið 1971—1973?

III. Til samgönguráðherra um samræmingu símgjalda á Reykjavíkur- og Brúarlandssvæðinu.

Frá Geir Gunnarssyni.

Er að vænta breytinga á gjaldskrá Landsímans á þann veg, að sömu greiðslureglur gildi um símtöl milli Brúarlands- og Reykjavíkursvæðisins og innan síðarnefnda svæðisins?

IV. Til utanríkisráðherra varðandi viðskilnað mannvirkja á Heiðarfjalli á Langanesi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvernig er háttað viðskilnaði bandarísku varnarliðsins við mannvirki á Heiðarfjalli á Langanesi, og á hvers eða hverra ábyrgð eru mannvirki og mannvirkjaleifar, sem þar eru enn?

Sþ. 721. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Steingrímur Hermannsson, Halldór Kristjánsson, Ásberg Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heimila væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu í allt að 2 MW raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Patreksfjarðar til tengingar þar við aðalorkukerfi Vestfjarða. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til, að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum þessum. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1975.

Greinargerð.

Á undanförnum mánuðum hafa skapast þau viðhorf í orkumálum heimsins, að einskis má láta ófreistað í viðleitni landsmanna til að auka raforkuframleiðsluna. Mikið veltur á, að engar ónauðsynlegar tafir verði á framkvæmd virkjana, sem þegar er hægt að byrja á, vegna þess að undirbúningsrannsóknum og athugunum er lokið. Eitt slíkt verkefni, sem bíður framkvæmda, er virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Þegar árið 1951 beindist athygli manna að virkjun Suður-Fossár. Var þá gerð áætlun á vegum raforkumálastjóra um litla virkjun þar. Var hér um að ræða eina af mörgum athugunum, sem gerðar voru vegna könnunar á orkuöflun fyrir Vestfirði. Reyndist hér um að ræða hagkvæmustu orkuöflunina, sbr. greinargerð í ársskýrslu Sambands íslenskra rafveitna 1952. Árið 1961 voru teknar upp virkjunar-

athuganir að nýju við Suður-Fossá. Var þá gert yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður, og sama ár var enn fremur gert yfirlit yfir virkjunarmöguleika. Þá var árið 1965 mælt langsnið stíflusvæðis og gerð lausleg kostnaðaráætlun fyrir 1.75 MW virkjun, sem áætlað var að kostaði 36.6 millj. kr. Í júlí 1970 samþykkti sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu að hafa forgöngu og frumkvæði að frekari könnun á virkjun Suður-Fossár. Þá var verkfræðifyrirtækið Virkir hf. fengið til að gera áætlun um virkjun í ánni.

Virkjun sú, sem hér er lagt til að gerð verði í Suður-Fossá, er byggð á tillögum þeim og áætlunum, sem Virkir hf. lagði fram í nóvember 1970. Þar segir, að virkjun Suður-Fossár sé tæknilega einföld. Gert sé ráð fyrir að nýta afrennsli 18 ferkílómetra vatnasviðs og miðla vatnsrennslinu í tveim uppistöðulónum og virkja með 160 metra fallhæð. Gefur þetta 2 MW virkjun með 10 GWh árlegri orkuframleiðslu. Áætlað var, að virkjun þessi kostaði 63.1 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1970. Í dag er þessi kostnaður ásamt kostnaði við aðalorkuveitu til Patreksfjarðar áætlaður um 145 millj. kr.

Hér er lagt til, að ráðherra heimili væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá. Er þá gert ráð fyrir, að Vestfjarðavirkjun verði sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæði Vestfjarða. Slíkt væri eðlileg framkvæmd á stefnumörkun í raforkumálum Vestfjarða, samkvæmt þingsályktun, sem samþykkt var 5/4 1971. Samt sem áður er gert ráð fyrir í þingályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, að annar háttur geti orðið á um eignaraðild, ef nauðsyn þykir.

Virkjun sú, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um, er á suðurenda samveitukerfis Vestfjarða og eykur því verulega öryggi notenda þess, einkum þeirra, er búa sunnan Arnarfjarðar. Hér er því um að ræða virkjun, sem gegnir hliðstæðu hlutverki að þessu leyti og vatnsaflsstöðvarnar á norðurenda samveitusvæðisins, á Ísafirði og í Bolungarvík. Með framkvæmd þessari er því verið að búa svo í haginn, að í framtíðinni verði minni þörf á hinum mjög svo óhagkvæmu dísilrafstöðvum sem varastöðvum á þessum hluta samveitusvæðisins.

Þó að hér sé um að ræða virkjun, sem fullnægir litlu af framtíðarorkuþörf Vestfjarða, er framkvæmd þessi mikilvægur þáttur í uppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. Virkjun þessi á að framleiða meiri orku en sem svarar núverandi raforkunotkun sunnan Arnarfjarðar, og nemur vinnslugeta hennar meir en 1/3 af raforkuframleiðslu Vestfjarða í dag.

Nauðsynlegt er, að undirbúningi verði hraðað svo við virkjun Suður-Fossár, að framkvæmdir geti hafist sumarið 1974. Má þá gera ráð fyrir, að hægt verði að ljúka verkinu og orkuvinnsla geti hafist í árslok 1975. Um sama leyti mun koma í gagnið Mjólkárvirkjun II, sem nú er í byggingu og áætlað er að gefi 29 GWh árlega orkuframleiðslu. Báðar þessar virkjanir eru mikilvægur þáttur í heildaruppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. En jafnframt ber nú brýna nauðsyn til að halda áfram virkjunarframkvæmdum, rannsóknum og hönnun nýrra virkjana, svo að séð verði á næstu árum fyrir raforkuþörf Vestfjarða. Verður þá að hafa hugfast, að mæta verður hinni stórauknu þörf fyrir raforku til húshitunar og aukins iðnaðar á Vestfjörðum.

Sþ. 722. Fyrirspurn [316. mál]

til viðskiptaráðherra um viðskipti Íslendinga við þjóðir Sovétríkjanna.

Frá Lárusi Jónssyni.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hvað hefur innflutningur einstakra vörutegunda, sem Íslendingar kaupa frá Sovétríkjunum, hækkað í verði frá 1. jan. 1973 til síðustu mánaðamóta?

2. Hvað hefur útflutningur einstakra vörutegunda, sem Íslendingar selja Sovétþjóðum, hækkað í verði frá 1. jan. 1973 til síðustu mánaðamóta?
3. Hvaða verðfyrirvarar eru í samningum um kaup Íslendinga á olíu frá Sovétríkjunum, og hvernig er fyrirvörum háttað um söluverð íslenskra afurða í Sovétríkjunum?
4. Hver er áætlaður viðskiptahalli Íslands við Sovétríkin um s. l. mánaðamót, og hvað er hann áætlaður verða um næstu áramót?
5. Hversu háum upphæðum hyggst ríkisstjórnin verja til útflutningsuppbóta íslensks lagmetis og ullarvara, sem flutt eru til Sovétríkjanna á yfirstandandi ári, og hvernig er ætlunin að afla fjár til þess?

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, fara viðskipti Íslendinga við þjóðir Sovétríkjanna fram á grundvelli gagnkvæmra vöruskipta. Vegna þess, hvernig verðákvörðunum er háttað í þessum viðskiptum, hafa þau orðið Íslendingum mjög óhagstæð fjárhagslega síðustu mánuði og ár. Full ástæða er til þess fyrir Alþingi og allan almenning í landinu að gera sér grein fyrir því, hvað er að gerast í þessum efnum og hverjar horfur eru um þessi viðskipti, ef nú fer fram sem horfir. Þessi fyrirspurn er fram borin til þess að fá fram sem gleggsta mynd af staðreyndum um þróun þessara mála að undanförnu, en slíkar upplýsingar eru forsenda fyrir viðræðum um gagnkvæma endurskoðun á þessum viðskiptum, sem vissulega eru þýðingarmikil fyrir báða aðila.

Ed. 723. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til laga um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. 2. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

2. Á eftir 6. gr. komi ný gr., sem verði 7. gr., svo hljóðandi:
   Garðagerðargjaldi skv. 1. og 3. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

Páll Þorsteinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Auður Auðuns.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. **724. Frumvarp til laga** [9. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 676 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Fræðsluráð skal skipað sjö mönnum, og skulu fimm kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann og varaformann.

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndaformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

29. gr. hljóðar svo:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

36. gr. hljóðar svo:

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um 1/6, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um 1/6 af fullri kennsluskyldu.

Til þess að öðlast þennan rétt þarf 28 ára kennsluferil.

54. gr. hljóðar svo:

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu.

Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess, Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

Nú ber viðleitni kennara skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri leggur þá málið fyrir sálfræðiþjónustuna, og tekur hún við meðferð málsins, sbr. 67. gr.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

57. gr. hljóðar svo:

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Einkunnir skulu færðar í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

Óheimilt er að veita upplýsingar um einkunnir nemenda öðrum en þeim sjálf um og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

73. gr. hljóðar svo:

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958 með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjórn um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólunum.

Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

Sþ. 725. Nefndarálit [179. mál]

um till. til þál. um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt þessarar tillögu.

Alþingi, 16. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson,
Ragnhildur Helgadóttir.	Jón Skaftason.	Lárus Jónsson.

Bjarni Guðnason.

Ed. 726. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um heimilisfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir 3. tölul. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   Sérmenntun í íslenskum handíðum, sbr. 15. gr.
2. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Í heimilisfræðaskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.:
3. Við 7. gr. 3. málsl. orðist svo:
   Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við heimilisfræðaskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Við heimilisfræðaskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.
5. Við 12. gr.
   a) Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá o. s. frv.
   b) Síðasti málsliður 2. mgr. fellur niður.
   c) Á eftir 2. mgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Orlof skv. 1. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur til tiltekins náms eða námsferða skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur tveggja ára embættislaunum hans.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal 36 vikna handíðaskóla þegar fé er til þess veitt á fjárlögum.
   Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum heimilisfræðaskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða- og textilgreinar.
   Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.
   Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra heimilisfræðaskóla.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. 727. Breytingartillögur [257. mál]

við frv. til l. um heimilisfræðaskóla og við brtt. á þskj. 726.

Frá Ragnari Arnalds og Auði Auðuns.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „heimilisfræðaskóli“ í greininni og í öðrum greinum frv. komi: hússtjórnarskóli.
2. Við brtt. 726, 6. lið (15. gr.). Eftir 3. mgr. komi:
   Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- og teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um hússtjórnarskóla.

Ed. 728. Frumvarp til laga [317. mál]

um fjölfatlaðraskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

A. Skólinn og hlutverk hans.

1. gr.

Ríkið skal starfrækja í Reykjavík skóla fyrir fjölfötluð börn, en fjölfötluð eru þau börn nefnd hér, sem að mati sérfræðingateymis eru þjálfunar- eða kennsluhæf, en eiga við svo margháttaðar og alvarlegar hamlanir að stríða, að þeim nýtist ekki til þess þroska er hæfileikar þeirra leyfa námsvist á stofnunum þeim eða skólum fyrir afbrigðileg börn, sem starfræktir eru hér á landi.

Við skólann skal vera heimavist.

2. gr.

Hlutverk skólans er að veita fjölfötluðum börnum sérhæfða þjálfun og kennslu við hæfi hvers einstaklings. Skólinn skal haga uppeldisstörfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Hann skal í samvinnu við heimilin og aðra þjónustuaðila leitast við að gera nemendur sína að sjálfbjarga og hamingjusömum einstaklingum í samfélaginu með því að gera þeim kleift að þroska hæfileika sína eins og framast er auðið og hjálpa þeim til að öðlast heilbrigð lífsviðhorf.

3. gr.

Inntaka nemenda í skólann fer eftir ákvörðun sérfræðingateymis að undangenginni alhliða rannsókn.

Aldurstakmörk eru engin og lengd námsvistar breytileg og fer eftir mati kennsluliðs skólans og sérfræðingateymis, sem fylgist reglulega með þroska nemenda og námsárangri.

B. Starfslið skólans.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Eigi má skipa skólastjóra eða kennara við skólann aðra en þá, sem lokið hafa almennu kennaraprófi og að auki framhaldsnámi í sérkennslu, sem menntamálaráðuneytið metur fullgilt. Skólastjóri og kennarar skulu ekki skipaðir fyrr en eftir 4ra ára reynslutíma.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum reglugerð og starfsliði skólans erindisbréf, þar sem kveðið er á um sérstakar skyldur þess og réttindi, þ. á m. símenntun og samvinnu við foreldra og sérfræðinga.

C. Stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans, en skólastjóri fer í skólanum með umboð ráðuneytisins gagnvart starfsliði skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra og stýrir daglegu starfi.

8. gr.

Við skólann skal vera skólanefnd, skipuð fimm mönnum: einum fulltrúa kennsluliðs skólans, einum fulltrúa foreldra, einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðisráðuneytinu, einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu og einum fulltrúa tilnefndum af endurhæfingarráði.

Skólanefndin er ráðgefandi um allt er lýtur að hag og starfi skólans.

D. Fjármál skólans.

9. gr.

Kostnaður við skólann greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði. Skólastjóri gerir árlega áætlun um fjárþörf skólans og leggur fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði og skilaði hún því, ásamt greinargerð 31. desember 1973.

Frv. er lagt fram eins og nefndin gekk frá því, nema hvað 10. gr., gildistökuákvæði, er bætt við.

Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

„Inngangur.

Þann 7. febrúar 1973 skipaði menntamálaráðuneytið Bryndísi Víglundsdóttur, skólastjóra, Odd Ólafsson, alþingismann, og Þorstein Sigurðsson, eftirlitskennara, í nefnd til að semja frumvarp til laga um skóla fjölfatlaðra.

Þess var beiðst, að frumvarpið ásamt greinargerð yrði tilbúið svo snemma, að unnt yrði að leggja það fyrir Alþingi haustið 1973.

Nefndin hefur reynt að afla sér gagna og kynnt sér viðfangsefnið eftir föngum. Hún hefur rætt málið á 5 fundum, auk þess sem nefndarmenn hafa unnið að tilteknum verkefnum milli funda. Nefndin hefur nú lokið starfi sínu og sendir hér með hæstvirtu menntamálaráðuneyti frumvarpið ásamt þessari greinargerð.

Afskipti opinberra aðila að málum fjölfatlaðra.

Á árinu 1971 skipaði heilbrigðisráðuneytið nefnd til að huga að málum svokallaðra fjölfatlaðra barna, þ. e. a. s. barna, sem áttu við svo fjölþættar og alvarlegar hamlanir að stríða, að þau voru ekki álitin eiga samleið með nemendum þeirra fjögurra skóla fyrir afbrigðileg börn, sem starfandi voru, en á hinn bóginn talið óverjandi að vista þau á fávitastofnunum. Nefnd þessi gerði tilraun til að kanna fjölda fjölfatlaðra barna og sendi ráðuneytinu þann 13. nóvember 1971 bráðabirgðayfirlit yfir 37 fjölfötluð börn á landinu ásamt áætlun um stofn- og rekstrarkostnað skólaheimilis fyrir 15 fjölfötluð börn. Enn fremur mælti hún með hugmynd, sem fram hafði komið um sérkennslumiðstöð ríkisins.

Í desembermánuði sama ár var, að frumkvæði fræðsluráðsins í Reykjavík, sett niður viðræðunefnd Reykjavíkurborgar, heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins til að fjalla um „kennslustofnanir fyrir börn, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi". Nefnd þessi skilaði þann 25. maí 1973 ítarlegri álitsgerð um sérkennslumiðstöð, enn fremur beitti hún sér fyrir því, að hafin var kennsla fjölfatlaðra haustið 1972 í húsnæði Heyrnleysingjaskólans við Stakkholt. Skólastjóri var ráðinn Bryndís Víglundsdóttir, sérkennari. Skólaárið 1972—1973 voru þar við nám 7 nemendur, þar af 4 í heimavist, en auk þess komu til skipulegrar athugunar í skamman tíma nokkrir væntanlegir nemendur.

Almennt viðhorf nefndarinnar til mála fjölfatlaðra.

Nefndin telur óhjákvæmilegt, vegna fyrirsjáanlegrar skörunar á starfssviði skyldra stofnana, svo og nauðsynjarinnar á hagkvæmum og árangursríkum rekstri, að litið sé á uppeldisvanda allra þroskaheftra barna og ungmenna í samhengi og allar ráðstafanir miðist við það, að komið sé á samvirku heildarkerfi hið allra fyrsta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er því samið með hliðsjón af því, að fjölfatlaðraskólinn falli fyrr eða síðar inn í heildarramma sérkennslumiðstöðvar fyrir allt landið, sem annars vegar hafi með höndum greinandi störf, ráðgjöf og eftirlit með uppeldi og skólun allra þroskaheftra barna — annarra en geðsjúkra og fávita — hvar sem uppeldi þeirra fer fram, og annist hins vegar meðferð, kennslu og uppeldi þeirra þroskaheftu einstaklinga, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi í hinu almenna skólakerfi.

Nefndin lýsir sig samþykka hugmyndum þeim, sem fram komu í álitsgerð viðræðunefndar Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins um sérkennslumiðstöð frá 25. maí 1973, en þær eru á þá leið, að sett verði á stofn miðstöð, sem skiptist í eftirtaldar deildir:

a. Greiningar- og ráðgjafarstöð.

a. 1. **Spjaldskrárdeild**, er safnaði og varðveitti upplýsingar um öll börn með þroskaafbrigði, er vænta mætti að leiddu til náms- og aðlögunarörðugleika. Skilyrði þessa er, að komið verði á tilkynningarskyldu fæðingarstofnana, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva og héraðslækna.

a. 2. **Greiningardeild**, þar sem mismunandi teymi sérfræðinga (lækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérkennara) ynnu greinandi störf og gæfu síðan foreldrum, heilbrigðis- og skólayfirvöldum ráð um nauðsynlegar aðgerðir.

a. 2.1 **Athugunardeild** (heimavist) fyrir 6 börn, tengd a. 2.

a. 3. **Ráðgjafardeild,** skipuð sálfræðingum, félagsráðgjöfum, og sérkennurum, er veittu foreldrum, fóstrum og kennurum, sem uppeldi og kennslu afbrigðilegra barna annast, leiðsögn í samræmi við niðurstöður greiningardeildar og hefði jafnframt á hendi eftirlit með kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna, hvar sem það fer fram. Enn fremur annaðist deildin eftirvernd fyrrverandi nemenda sérskólanna.

a. 3.1 **Leikfangasafn,** (Lekotek), tengt a. 3., sem hefði með höndum útlán valinna uppeldisleikfanga og annaðist ráðgjöf til foreldra um notkun þeirra.

a. 4. **Heyrnarstöð,** bein þjónustudeild fyrir Suð-Vesturland, farþjónusta fyrir aðra landshluta.

a. 5. Heilbrigðisþjónusta sérskólanna,
1) skólalæknar,
2) skólatannlæknar.

a. 6. **Kennslugagnamiðstöð** (Material laboratorium), sem annaðist gerð sérhæfðra kennslutækja og námsgagna til nota við sérkennslu.

b. Sérskólar og þjálfunarstöðvar.

b. 1. Vanvitaskóli fyrir 200 nemendur á skyldunámsaldri. 3—4 smærri vanvitaskólar yrðu þá í öðrum landshlutum, þar sem henta þætti.
b. 2. Fjölfatlaðraskóli með 25 nemendum.
b. 3. Blindraskóli með 5 nemendum.
b. 4. Málhamlaðraskóli með 20 nemendum.
b. 5. Heyrnleysingjaskóli með 50 nemendum.
b. 6. Starfsnámsskóli fyrir 60 nemendur á aldrinum 16—20 ára.
b. 7. Íþrótta- og þjálfunarstöð, sameiginleg fyrir sérskólana:
1) Fimleikasalur m/tilh.,
2) rytmistofa og musikterapistofa,
3) sundlaugar,
4) þjálfunarstöð (fisioterapi) m/tilh.
b. 8. Talkennslustöð, göngudeild fyrir börn og fullorðna með heimavistaraðstöðu.

c. Sameiginleg þjónusta.

c. 1. Bókasafn.
c. 2. Samkomu- og fyrirlestrasalir.
c. 3. Tómstundasalir og fundaherbergi.
c. 4. Eldhús, borðstofur og kantína.
c. 5. Þvottahús.
c. 6. Leikskóli og dagheimili fyrir börn starfsliðs og nokkur þroskahömluð börn, sem þangað gætu sótt.
c. 7. Heimavistir:
1) heimavist fjölfatlaðra og blindra, 15 nemendur,
2) heimavistir annarra nemenda, 30 pláss. (Heyrnleysingjaskóli).

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Skilgreiningin á fjölfötluðum börnum á að tryggja það, að ekki sé seilst inn á starfssvið þeirra stofnana, sem fyrir eru í landinu, svo sem fávitastofnana, vanvitaskóla, barnageðdeildar, blindraskóla og heyrnleysingjaskóla — né skóla fyrir málhamlaða, sem væntanlega verður stofnaður innan tíðar. Hún felur hins vegar í sér, að þeir einstaklingar, sem reynslan sýnir, að framangreindar stofnanir eðli

sínu samkvæmt ráða ekki við að veita fullnægjandi uppeldislega þjónustu, eiga kost á að njóta hennar í skóla fjölfatlaðra.

Af þessu má ráða, að skóli fjölfatlaðra hlýtur að verða mjög sérhæfð stofnun með tiltölulega fjölmennu starfsliði, sem gera verður miklar kröfur til um hæfni og þekkingu.

Um sérfræðingateymið vísast til liðar a. 2. og a. 3. í kaflanum hér að framan um greiningar- og ráðgjafarstöð sérkennslumiðstöðvar. Þó er ástæða til að benda á í þessu sambandi, að ekkert er því til fyrirstöðu, að slík teymi séu þegar í stað mynduð til að starfa við skóla fjölfatlaðra, þótt bið yrði á að sérkennslumiðstöð tæki til starfa.

Um 2. gr.

Hér er lögð áhersla á það meginmarkmið skólans að leitast við að þroska nemendur alhliða eins og hæfileikar hvers og eins framast leyfa með því að búa þeim uppeldis- og þjálfunaraðstæður við hæfi. Hér þarf að koma til sameiginlegt átak margra aðila, sem skólinn verður að hafa frumkvæði að og samhæfa. Þar ber fyrst að nefna heimilin, enn fremur aðra aðila á sviði læknisfræði, sálfræði og félagsfræði, hvar sem sú þjónusta stendur til boða. Þar til fullnægjandi aðstaða verður fyrir hendi í sérkennslumiðstöð, verður t. d. að leita samvinnu við þjálfunarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, svo eitthvað sé nefnt.

Um 3. gr.

Til skýringar þessari grein skal enn vísað til liðanna a. 1.—a. 3. í kaflanum um greiningar- og ráðgjafarstöð sérkennslumiðstöðvar. Þó er rétt að skýra í stuttu máli ákvæðin um, að aldurstakmörk séu engin og lengd námsvistar breytileg.

Það er orðin viðurkennd staðreynd, að því fyrr sem þjálfun þroskaheftra einstaklinga hefst þeim mun meiri árangurs megi vænta. Þess vegna er nú orðið algengt að taka þroskaheft börn í meðferð mun fyrr en áður var talið fært — jafnvel strax á fyrsta aldursári. Einkum á þetta við um fjölfötluð börn, sem síst af öllu mega missa af tækifærum til þroska. Ef rétt þjálfun er látin undir höfuð leggjast á kjörtíma á þorskaferli einstaklingsins, kann svo að fara, að hæfni, sem ella hefði verið möguleg, náist aldrei.

Strax og uppgötvast um þroskaheftingu hjá barni, þarf því að meta hvers konar aðgerðir eru nauðsynlegar og hvenær þær eigi að hefjast. Slíkar ákvarðanir verður að láta í hendur sérfræðingateymanna, og þess vegna er ekki unnt að setja aldurstakmarkanir í lögin. Á hinn bóginn getur komið fyrir, að einstaklingur ofan skólaaldurs fjölfatlist, missi t. d. sjón og heyrn og þurfi af þeim sökum svo sérhæfðrar endurhæfingar, að engri annarri stofnun sé kleift að sinna henni en skóla fjölfatlaðra. Þar verður hann því að eiga rétt á skólavist.

Af svipuðum ástæðum hlýtur lengd skólavistar að vera breytileg. Allt starf skólans er öðrum þræði greinandi, og sérfræðingateymin eiga að tryggja úttekt á þessu greiningarstarfi, reglulega og með hæfilegu millibili að því er varðar hvern einstakan nemanda.

Á samri stundu og kennslulið skólans og sérfræðingateymin komast að þeirri niðurstöðu, að aðrir þjónustuaðilar, hvort heldur um er að ræða almenna skólakerfið, aðra sérskóla eða fávitastofnanir, gætu veitt nemanda jafngóða — eða betri — uppeldisaðstöðu og meðferð, ber að gera viðeigandi ráðstafanir til breytinga.

Skóli fjölfatlaðra er of sérhæfð stofnun og dýr í rekstri til þess að verjandi sé frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að þar séu í skólavist aðrir en þeir, sem nauðsynlega þurfa á henni að halda.

Um 4., 5. og 6. gr.

Erfitt er að áætla námkvæmlega væntanlegan nemendafjölda í skóla fjölfatlaðra samkvæmt þeim upplýsingum sem tiltækar eru, en hér verður þó reiknað með 25 nemendum, þar af 15 í heimavist. Þessu til rökstuðnings má nefna það, að í vetur eru

20 nemendur í Reykjadalsskóla og 8—10 nemendur á forskóladagheimilinu Bjarkarhlíð, en líklega mundi u. þ. b. helmingur þessara nemenda falla undir þá skilgreiningu á fjölfötluðum börnum, sem í frumvarpinu er notuð. Þá er vitað um nokkur börn önnur, sennilega u. þ. b. 10 talsins, sem líkleg eru sem nemendur.

Miðað við 25 nemendur þyrfti 5—6 kennara og jafnmargar fóstrur til kennslunnar, ef tekið er mið af erlendri reynslu. Þá er ótalið heimavistarstarfslið, sem þarf að vera allfjölmennt. Enn má nefna sjúkraþjálfara og iðjuþjálfa, sem tengja þarf skólanum.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir því, að skólanum sé sett reglugerð og starfsliðið fái erindisbréf, þar sem m. a. væri kveðið á um vikulegan og árlegan starfstíma skólans, starfstilhögun alla, enn fremur æskilega hæfni og grunnmenntun starfsliðsins ásamt siðaskrá þess.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á nauðsyn símenntunar starfsliðsins alls vegna sérstöðu stofnunarinnar. Símenntunin tæki m. a. til námsheimsókna til erlendra stofnana, námskeiða og bundins lestrar fagrita. Til þess þyrfti að ætla árlega ríflega fjárhæð á fjárhagsáætlun skólans.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir skólanefnd, sem verði skólastjórninni til ráðgjafar og styrktar. Lagt er til að nefndina skipi fulltrúar þeirra aðila, sem skólinn þarf að hafa nánust samskipti við.

Um 7. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Bryndís Víglundsdóttir. Oddur Ólafsson. Þorsteinn Sigurðsson.“

Nd. 729. Frumvarp til laga [318. mál]

um launasjóð rithöfunda.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Stofna skal launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1975.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðherra skipaði 16. janúar 1973 og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Hinn 18. maí 1972 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita, sem viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda."

Fjármálaráðuneytið skipaði hinn 14. nóvember 1972 nefnd til þess að kanna, hve söluskattur af bókum næmi hárri upphæð ár hvert. Í nefndinni áttu sæti: Bergur Guðnason, formaður, Svava Jakobsdóttir, Knútur Hallsson og Örlygur Hálfdánarson. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að söluskattur af bókum íslenskra höfunda næmi sem næst 21.7 millj. kr. árið 1972, en að viðbættum þýðingum sem næst 38.3 millj. kr. Tölur þessar voru byggðar á upplýsingum frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Nýjar aðferðir við kennslu og nám og ný námsgögn af ýmsu tagi hafa leitt til þess, að kennurum er nú meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum og handbókum. Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins og Ríkisútgáfan hafa sinnt þessu verkefni, eftir því sem við varð komið, og í greininni eru ákvæði um slíka útgáfu.

Þá er í greininni kveðið á um útkomu ýtarbóka, þar sem fá má meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en er í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt, að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti sjálfir aukið þekkingu sína á ýmsum sviðum og verði þá síðar hæfari til að lifa og starfa í heimi, sem virðist munu breytast því hraðar, því lengra sem líður. Ýtarbækurnar munu því þykja nauðsynlegar í hverri grein og verða að sínu leyti uppistaða í skólabókasöfnum.

Loks er ákvæði um það, að Ríkisútgáfunni sé heimilt að hafa þær bækur, sem hún gefur út, til sölu á frjálsum bókamarkaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Er efnislega svipað ákvæði í núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um grundvallarskipan á úthlutun bóka Ríkisútgáfunnar til skóla.

Sá háttur hefur verið hafður á frá upphafi, að börn hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni, og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingaskólum. Fyrstu áratugina voru bækurnar svo litlar og ódýrar (oftast 96 bls. eða minni, í litlu broti, vírheftar), að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum, sem hvergi virtist vera þörf fyrir, og er svo enn að nokkru leyti. En að frumkvæði framkvæmdastjóra Ríkisútgáfunnar eru margar námsbækur nú afhentar skólum til eignar, en ekki nemendum. Nemendur fá þá bækurnar að láni í skólunum, meðan þær eru nothæfar, og nota þá margir sömu bókina, þegar vel tekst til. Enda eru margar bækur útgáfunnar nú orðnar svo stórar og dýrar, að ein-

sætt er, að fleiri en einn nemandi noti sumar þeirra, til að mynda þær, sem nemendur þurfa aðeins að nota um skamman tíma. Sparast á hverju ári stórfé með þessu móti.

Aðrar og meiri umbætur varðandi úthlutun námsbóka hafa einnig verið þeim í hug, sem vinna í Ríkisútgáfunni og Skólavörubúð. Er í ráði að taka upp þann hátt, að hver skóli eigi rétt til bóka í samræmi við tölu og aldur nemenda, að bækurnar verði metnar til fjár, sem telst inneign skólans, er síðan sendir pöntun eftir þörfum og óskum.

Ef bækur nýtast vel og lengi í skóla — og það hefur ekki síður uppeldis- og menningargildi en sparnaðar — getur skólinn keypt þeim mun meira af bókum og námsgögnum, sem ekki eru látin ókeypis. Allmikla vinnu þarf til að koma þeirri breytingu á, sem hér er vikið að, og þarf e. t. v. aðgang að tölvu eða góðri bókhaldsvél, þegar úthlutun hefst með þessum hætti.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um verkefni Fræðslumyndasafns ríkisins, og er þeim til hægðarauka skipt í fjóra þætti. Sú meginbreyting verður til hagræðingar, að öll innkaup til endursölu, svo og öll dreifing og sala, flytjast til Skólavöruhúss. Annars er vísir að allri starfseminni þegar til, og útlán hvað umfangsmest.

Leggja verður aukna áherslu á upplýsingastarfsemi, sem er skilyrði þess, að notkun náms- og kennslugagna fari vaxandi og batnandi í skólum. Þá er nauðsynlegt að auka til muna útgáfu á íslensku nýsiefni, bæði skyggnum, myndræmum, glærum og segulböndum. Þetta efni ætti að hanna í Fræðslumyndasafninu, sjálf framleiðsla þess færi síðan fram í Námsgagnagerð, en dreifing og sala í Skólavöruhúsi.

Um 11. gr.

Með því að verða hluti af Námsgagnastofnun verður Fræðslumyndasafn ríkisins alger þjónustustofnun fyrir skólakerfið. Hefur meginhluti af starfsemi safnsins raunar alla tíð verið fyrir skólana, en þó hefur það rækt önnur hlutverk, sérstaklega stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Er ekki rétt að fella þann þátt niður, meðan ekki er séð fyrir því verkefni á annan og heppilegri hátt.

Um 12. gr.

Eins og þegar hefur komið fram í þessari greinargerð, er aðkallandi þörf á aðstöðu til að framleiða margvíslegt náms- og kennsluefni, sérstaklega það, sem er hljóð- og myndritað. Slík aðstaða er ýmist ekki til hér á landi eða mjög takmörkuð.

Að svo stöddu eru ekki tök á að gera nákvæma áætlun um uppbyggingu eða rekstur Námsgagnagerðar. Hver grein þessarar framleiðslu, sem nefnd hefur verið, getur starfað sjálfstætt, og má af þeim sökum byggja deildina upp í áföngum. Tæki til ljósmynda- og skyggnugerðar eru án efa dýrust, en þau hafa hvað mesta möguleika á öflun tekna. Önnur grein yrði framleiðsla á glærum, og kynni að þurfa teiknistöðu með henni. Hin þriðja er framleiðsla á segulböndum, og kemur þar til álita stofa til upplestrar, þegar hljóðritað er efni.

Þegar námsgagnagerð er tekin til starfa með sæmilegum tækjakosti, má gera ráð fyrir, að hún afli sér nokkurra tekna og fer þá eftir verðlagningu, svo og stjórn stofnunarinnar, hvort þær tekjur hrökkva fyrir öllum kostnaði.

Í tengslum við Námsgagnagerð er áætlað að starfrækja tilraunastofu, þar sem stofnunin sjálf eða aðrir aðilar geta unnið að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði. Verði stofnunin til húsa í næsta nágrenni við Kennaraháskóla Íslands, er vafalaust, að kennaranemar muni geta hagnýtt sér þessa aðstöðu og verklegt nám farið þar fram.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Skólavöruhúss, sem tekur samkvæmt frumvarpi þessu við störfum Skólavörubúðarinnar og ýmsum skyldum verkefnum.

Skólavöruhúsi er fyrst og fremst falið að útvega námsgögn fyrir skóla bæði utanlands frá og innan. Þarf við þau störf að njóta sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum, sem kostur er á hverju sinni. Verður því á komandi árum þörf mikillar kynningar um þessi efni.

Birgðavarsla er mjög vaxandi þáttur í störfum Skólavöruhússins. Má til að mynda geta þess, að árið 1972 lét Ríkisútgáfan prenta yfir 600 þús. bækur, og hækkar sú tala að mun með ári hverju, enda byggist hagkvæmni í rekstri Ríkisútgáfunnar mjög á stórum upplögum bóka, oft um 30 þús. eintökum.

Dreifing hvers konar námsgagna fyrir Ríkisútgáfu og Fræðslumyndasafn verður einnig mjög gildur þáttur í starfi Skólavöruhúss. Verður þar bæði um að ræða bækur, sem látnar verða ókeypis, seldar bækur og fjölmörg önnur námsgögn af hvers konar gerð.

Áður umrædd nýmæli (sjá um 9. gr.) varðandi dreifingu úthlutunarbóka munu verða starfsliði Skólavöruhússins mikið og ekki vandalaust viðfangsefni.

Um 14. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við Námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði, og verði hann ákveðinn í fjárlögum hverju sinni. Þetta á jafnt við um framlög til útgáfu námsbóka og námsgagna, svo og nauðsynlegt stofnfé og rekstrarfé til að halda uppi þeirri starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin var einhuga um, að kostnaður við Námsgagnastofnun ætti að greiðast beint úr ríkissjóði, enda er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur að undanförnu. Má þar til nefna, að námsbókagjald var afnumið með lögum árið 1971, og síðustu árin hefur Menntamálaráðuneytið ekki innheimt það gjald af sveitarfélögum, sem lög nr. 49/1967 um skólakostnað heimila og renna átti til Fræðslumyndasafns ríkisins.

Þá er skýrt tekið fram í greininni, að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af rekstri Námsgagnagerðar og Skólavöruhúss. Það er ekki fráleitt að hugsa sér, að þessar stofnanir geti staðið undir eigin kostnaði, er fram líða stundir.

Verði frumvarp þetta að lögum, er ljóst, að Námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun landsins fyrir skóla. Mjög brýna nauðsyn ber því til þess, að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir, sem gerðar eru á grundvelli þeirra þarfa. Ákvæði tveggja síðustu málsgreinanna miða að slíku samræmi. Þau eru röklegt framhald af því, sem vakað hefur fyrir löggjafarvaldinu, þegar sett voru í 7. gr. laga nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka ákvæði um, að fjárframlög til útgáfunnar skyldu ákveðin „með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu."

Um 15. gr.

Nú er það svo, að enginn aðili eða stofnun er stjórnskipulega ábyrgur fyrir löggildingu kennslubóka. Að vísu má segja, að Námsbókanefnd löggildi útgáfubækur Ríkisútgáfunnar í reynd, þegar hún samþykkir að gefa út handrit, enda er það samkvæmt lögum Námsbókanefnd, sem „annast útgáfu námsbóka (...) og kveður á um efni þeirra og gerð." Hins vegar felur þetta ákvæði ekki í sér skýlausa löggildingarskyldu, og einnig skortir öll lagaákvæði um það, hversu farið skuli með hugsanlegan ágreining í þessum efnum. Þá er vert að benda á það, að áðurgreint lögbundið útgáfuhlutverk Námsbókanefndar tekur aðeins til skyldunámsstigsins, enda þótt einstaka sinnum sé farið út fyrir það skólastig, einkum að því er varðar útgáfu ritaraða eða annars námsefnis, sem er í nánum tengslum við námsbækur skyldunámsstigs.

Með þessari grein er tekinn af allur vafi um löggildingarhlutverk Námsgagnastjórnar. Fyrir námsbækur skyldunámsstigsins verður um að ræða löggildingarskyldu innan ramma aðalnámsskrár, sem Menntamálaráðuneytið setur. Fyrir námsbækur framhaldsskólastigs verður um að ræða heimild fyrir ráðuneytið til að fela stjórninni löggildingu, og má ætla, að sú heimild verði einkum notuð, ef um einhvern vafa er að ræða. Þá verður öðrum útgefendum námsbóka heimilt samkvæmt greininni að leita löggildingar fyrir þær.

Sérstakt ákvæði er í greininni um, að vísa megi ágreiningi um löggildingu námsbókar til endanlegs úrskurðar hjá yfirnefnd þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar. Er þetta ákvæði sett til þess að tryggja áfrýjunarrétt í ágreiningsmálum og til að löggildingarkerfið geti orðið sem sanngjarnast fyrir alla aðila.

Viðvíkjandi ýtarbókum, handbókum, kennsluleiðbeiningum, nýsiefni og kennslutækjum er ekki gert ráð fyrir, að um nokkra löggildingu sé að ræða, heldur láti Námsgagnastjórn í té umsagnir eftir föngum, og er slíkt eðlilegur þáttur í kynningarstarfi stofnunarinnar.

Helstu og mikilvægustu breytingarnar, sem af ákvæðum þessarar greinar leiða, eru annars vegar þær, að heimilt verður að fela Námsgagnastjórn löggildingu fyrir bækur, sem aðrir aðilar en Námsgagnastofnun, innlendir eða erlendir, hafa gefið út, og hins vegar það, að sett eru ákvæði um yfirnefnd, sem vísa má ágreiningi til. Bækur annarra útgefenda eru vitaskuld fyrst og fremst gefnar út fyrir framhaldsskólastig, en í vissum tilvikum geta þær þó komið að notum fyrir skyldunámsstig, t. d. þegar námsskrá er breytt, námsefni fært til milli bekkja í ljósi fenginnar reynslu eða útlent efni er lagt til grundvallar kennslu í erlendum tungumálum. Þá er og mikilvægt ákvæði í 16. grein um, að stjórnin kveðji kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þessi störf. — Gagnvart eigin útgáfubókum Ríkisútgáfunnar breytir greinin hins vegar litlu sem engu, ef yfirnefndarákvæðið er undanskilið, því að þær bækur eru í reynd löggiltar, þegar útgáfa þeirra er ákveðin, eins og áður greindi.

Þar sem samþykki og löggilding námsbóka — og vandaður, faglegur undirbúningur þar að lútandi — er eitt hið mikilvægasta stefnumarkandi starf, sem vinna þarf í íslenskum menntamálum, er varla sæmandi að draga lengur að setja skýr lagaákvæði um það, hvernig með slík mál skuli farið.

Um 16. gr.

Grein þessi, sem fjallar um aðstoð kennara og annarra sérfróðra aðila við Námsgagnastjórn í starfi, hlýtur að teljast nauðsynleg og sjálfsögð.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Nefndin leggur áherslu á það, að allar deildir Námsgagnastofnunar hafi sín í milli mikið og gott samstarf. Til þess að auðvelda það samstarf er nauðsynlegt, að starfsemi stofnunarinnar tengist sem allra fyrst í sameiginlegu húsnæði. Er þetta brýnt atriði m. a. með hliðsjón af hagkvæmari rekstri.

Þá er tekið fram í greininni, að stefnt skuli að því, að húsnæðið verði sem næst Kennaraháskóla Íslands. Æskilegt er, að komið verði á skipulagslegum og raunhæfum tengslum milli Námsgagnastofnunar og menntastofnana kennara. Kennaraefnin þurfa að kynnast allri starfsemi Námsgagnastofnunar, áður en til starfs kemur, og ætti þetta að vera fastur þáttur í námi kennarans. Hugsanlegt er einnig, að sérfróðir menn á sviði kennslutækni, sem starfa við stofnunina, taki að sér kennslu í þessum efnum. Nálægð við miðstöð kennaramenntunar ætti að auðvelda öll þessi atriði, og taldi nefndin eðlilegast að miða þá við Kennaraháskóla Íslands sem samnefnara menntastofnana kennara, enda virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því, að nýtt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun geti í framtíðinni risið á lóð hans.

Húsnæðismálin eru eitt allra mikilvægasta verkefnið, sem Námsgagnastjórn og námsgagnastjóri þurfa að sinna fyrstu árin, verði frumvarp þetta að lögum. Fyrir

starfsemi stofnunarinnar er það mjög brýn nauðsyn, að húsnæði sé ekki aðeins hæfilega rúmt, heldur einnig gott og viðeigandi fyrir það starf, sem þar á að vinna. Svo að dæmi sé tekið af kvikmyndasafni, þá þarf geymslusalur kvikmynda að halda sérstöku hita- og rakastigi, og hið sama gildir ekki síður um geymslu gamalla og verðmætra mynda. Einnig er nauðsynlegt að hafa góða aðstöðu til að sýna kvikmyndir fyrir 20—30 gesti, og mundi slíkt koma fjölmörgum aðilum að gagni, ekki síst ríkisstofnunum. Þá þarf að vera aðstaða til að skoða skyggnur, myndræmur, glærur og 8 mm kvikmyndir, svo og lestrarstofa fyrir erlenda verðlista og skrár yfir nýsiefni auk annars prentaðs máls. Svo að tekið sé annað dæmi, má vísa í greinargerð með 12. grein um ýmsa aðstöðu, sem Námsgagnagerð er nauðsynleg. Af því húsnæði, sem hér hefur verið lýst — og að verulegum hluta mætti nota jafnframt til verklegrar kennslu fyrir kennaraefni — er ekkert til nú.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaratriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir Ríkisútgáfu námsbóka og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þessa frumvarps.

Þá er Námsgagnastjórn heimilað að gera breytingar á starfsháttum Námsgagnastofnunar, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu. Eðlilegt er, að samræming og sameining deilda stofnunarinnar haldi áfram með reglubundnum hætti, eftir að aðstæður til þess hafa batnað, sbr. 5. og 17. gr. Taldi nefndin rétt, að Námsgagnastjórn ákvarðaði sjálf um slík framhaldsstig sameiningar með þeirri einu takmörkun, að samþykkis menntamálaráðherra skyldi leita fyrir stofnun nýrra deilda. Eflaust mun reka að því, þegar störf Námsgagnastofnunar hafa samræmst og eflst, að þörf þyki fyrir stofnun nýrra deilda. Má ætla, að þar muni að líkindum sitja í fyrirrúmi deild til sérstakrar þjónustu við skólabókasöfn, svo og hugsanlega upplýsinga- og fræðsludeild.

Þá er að lokum ákvæði um það, að verði við framkvæmd þessara laga breyting á starfi eða starfsheiti starfsmanns hjá Ríkisútgáfu, Skólavörubúð eða Fræðslumyndasafni, skuli sú breyting í engu rýra launakjör hans. Slík trygging er augljós og sjálfsagt sanngirnisatriði.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Ed. 731. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Helgi F. Seljan, form., frsm. Auður Auðuns. Halldór Kristjánsson.

Oddur Ólafsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. **732. Frumvarp til laga** [320. mál]

um opinberar fjársafnanir.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir almennum fjársöfnunum í sérhverum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

Slík tilkynning skal bera með sér:

a) hver standi fyrir fjársöfnuninni,
b) hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
c) hvar fjársöfnun skuli fara fram,
d) hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
e) og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

4. gr.

Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

5. gr.

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða gíróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var aflað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

7. gr.

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé innan við 100 þús. krónur, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

8. gr.

Lög þessi gilda ekki um:
1) Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
3) Fjársafnanir við guðsþjónustur eða á samkomum, sem haldnar eru á vegum trúarfélaga.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjársafnanir ýmiss konar eru orðnar mjög algengar. Jafnan fara þær fram í góðum tilgangi, og það skal fram tekið, að engin sérstök ástæða til tortryggni liggur að baki þessa frumvarps. Hins vegar skortir nokkuð á um lagasetningu, sem ákvarði fyrirkomulag og uppgjör slíkra fjársafnana.

Ekki er það óalgengt, að fjársafnanir skili milljónum í hendur þeirra, sem fyrir þeim standa, og almenningur, sem þarna leggur fram sína fjármuni, á siðferðilega heimtingu á því að vita niðurstöður söfnunar og ráðstöfun fjárins.

Hverjum þeim aðila, er að fjársöfnun stendur, á einnig að vera það ljúft að sýna allt á hreinu, svo að enginn blettur geti fallið á aðstandendur eða markmið slíkrar söfnunar. Hér virðist vanta allmjög nánari lagafyrirmæli. Þetta frumvarp, sem mjög er sniðið eftir löggjöf í Danmörku, miðar að því, að hér komist á fastar og skýrar reglur um framkvæmd og skipulag slíkra fjársafnana. Það skal rækilega undirstrikað, að hér er á engan hátt verið að bregða fæti fyrir heilbrigðar fjársafnanir, frekar er hér um að ræða undirstrikun á tilvist þeirra og réttmæti, en um leið ætti að vera hægara að stemma stigu við fjársöfnunum, sem engan rétt ættu á sér.

Einnig ætti ákveðin lagasetning að koma í veg fyrir óþarfa og óréttmæta tortryggni, en reyndar skýra eðli og tilgangur frumvarpsins sig fullkomlega.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. — Skýrir sig sjálf.

2. gr. — Grein þessi kveður á um það, hvað átt sé við með opinberum fjársöfnunum. Skv. greininni er gert ráð fyrir því, að allar fjársafnanir séu opinberar, ef þær eiga sér ekki stað innan persónulegra eða félagslegra tengsla milli þess, sem safnar, og þess, sem lætur fé af hendi rakna, eða byggja á sérstöku sambandi þeirra á milli. Safnanir innan félaga eða samtaka, sem aðeins ná til meðlima, eru skv. þessu frjálsar, enda eiga þá viðkomandi greiðan aðgang að öllum gögnum og uppgjöri slíkra safnana.

3. gr. — Heimild til opinberra fjársafnana er bundin leyfi lögreglustjóra á þeim stað, sem félag eða stofnun á varnarþing eða ábyrgðarmaður söfnunar á lögheimili, ef félag eða stofnun stendur ekki fyrir fjársöfnuninni. Í þessu sambandi gildir einu, hvort söfnunin sjálf er bundin ákveðnum svæðum eða nær til landsins alls.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

4. gr. — Í 1. mgr. þessarar gr. er kveðið á um það, að fjársafnanir á götum eða í húsum séu háðar leyfum.

Safnanir á götum og í húsum, geta verið af margs konar tagi og í ýmsum tilfellum, þannig að ástæðulaust er að amast við þeim. En með tilliti til þeirra óþæginda, sem slíkar safnanir geta valdið þeim, sem ekki hafa áhuga á að láta fé af hendi rakna til þeirra, þykir rétt að binda þær leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Í samræmi við ofangreindar röksemdir falla safnanir í samskotakassa eða potta utan við ákvæði greinarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til, að keðjubréf í fjársöfnunarskyni séu óheimil, hverju nafni sem slíkar safnanir nefnast og í hvaða tilgangi þær kunna að vera gerðar.

5. gr. — Sjálfsagt verður að teljast, að innkomið söfnunarfé sé lagt inn á sérstakan reikning, en á engan hátt blandað saman við t. d. fjármál félagssamtakanna, er fyrir þeim standa. Greinin skýrir sig sjálf að öðru leyti.

6. gr. — Hér er reikningshald gert að skyldu, enda forsenda þess, að hægt sé að sannfæra sig um það, að rétt sé að staðið. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að hvorki í Noregi né Svíþjóð er til að dreifa lögum um opinberar fjársafnanir.

Í Noregi eru hins vegar slíkar fjársafnanir háðar leyfum lögregluyfirvalda. Á hinn bóginn eru þar starfandi frjáls samtök í tengslum við atvinnulífið, sem hafa það að verkefni að fylgjast með og yfirfara reikningsskil fjársafnana.

Þessu er einnig þannig farið í Svíþjóð. Samtök af sama tagi fylgjast með fjársöfnunum í tengslum við atvinnulífið og hafa m. a. gert samninga við póstyfirvöld um gíróþjónustu á þessu sviði. Í Svíþjóð er það gert að skilyrði ofangreindu fyrirkomulagi, að reikningsskil séu endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda eða viðurkenndum að öðru leyti.

7. gr. — Greinin ákvarðar birtingu á niðurstöðum fjársöfnunar, og eru aðferðir mismunandi eftir heildarfjárhæð söfnunar. Þannig hvílir eðlilega meiri og betri upplýsingaskylda á þeim, sem safna hundruðum þúsunda eða milljónum króna.

Nauðsynlegt verður að teljast, að leyfisveitandi fái öll gögn í sínar hendur.

8., 9., 10. og 11. gr. — Skýra sig sjálfar.

Ed. 733. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Árm. Héðinsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	**Helgi F. Seljan.**	**Ásgeir Bjarnason.**
Steinþór Gestsson.	Halldór Kristjánsson.	Jón Árnason.

Nd. 734. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um lántökuheimildir erlendis.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Tveir nefndarmenn, Ásberg Sigurðsson og Matthías Á. Mathiesen, undirrita nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.	Karvel Pálmason.	Þórarinn Þórarinsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Sþ. 735. Tillaga til þingsályktunar [321. mál]

um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Benedikt Gröndal, Stefán Valgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að því, að skipulögð verði sumarbústaðalönd á ríkisjörðum til afnota fyrir þéttbýlisbúa, og láta semja löggjöf um þetta efni, sem lögð verði fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Allmiklar umræður fara nú fram um eignar- og afnotarétt af landi ,um landvernd og landnytjar. Kaupstaðabúar gera þá kröfu að fá óhindraðan aðgang og afnot af ónytjuðu landi, en jafnframt þrá þeir flestir að hafa til einkaafnota landsspildu, þar sem þeir geta byggt sér sumarhús og dvalist í frístundum. Hefur þetta leitt til þess, að verðlag á eftirsóttum sumarbústaðalöndum hefur hækkað verulega.

Ríkið á nú um 900 jarðir, sem margar hverjar eru lítt eða ekki nytjaðar. Víða á þessu landi eru hin ákjósanlegustu skilyrði til útivistar og sumardvalar, sem eðlilegt er að heimila alþýðu að hagnýta.

Deilur þær, sem sprottið hafa um afnotarétt lands, ættu að leiða til þess, að leitast yrði við að sætta sjónarmiðin, og að því miðar tillaga þessi. Hún gerir ráð fyrir, að landsmönnum öllum verði gert kleift að hafa til einkaafnota nokkurt land, sem jafnframt kynnu að fylgja þær kvaðir, að leigutaki tæki þátt í ræktun nærliggjandi landssvæða, gróðursetningu trjáplatna, fiskrækt o. s. frv. Að sjálfsögðu yrði samráð haft við Náttúruverndarráð. Þá er og ljóst, að þessar aðgerðir mundu stemma stigu við óhóflegri hækkun verðlags sumarbústaðalanda, sem ýmsum vex þegar í augum. Hér er því um að ræða raunhæfar aðgerðir til þess annars vegar að auðvelda þjóðinni allri afnot landsins og hafa jafnframt hemil á hækkun jarðaverðs, þar sem svo hagar til, að sóst er eftir löndum fyrir sumarbústaði.

Nd. 736. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er flutt í annað sinn með litlum breytingum á 2. gr. frv. Í frumvarpinu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er á háhitasvæðum eða lághitasvæðum. Mörgum finnst, að með frv. þessu sé gengið nokkuð nærri eignarréttinum. Tilhneiging virðist vera til þess af

hendi stjórnvalda að setja eignarréttinum almennar takmarkanir. Í greinargerð með frumvarpinu segir orðrétt: „Með lögum þessum eru eignarréttindi einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir. „Í tilefni þessara orða og ýmissa atriða í frv. varð samkomulag um það í iðnaðarnefnd að senda frumvarpið til umsagnar lagadeildar Háskóla Íslands. Einnig var frumvarpið sent til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga og til Búnaðarþings. Allir þessir aðilar hafa sent greinargóðar umsagnir um málið. Þykir minni hluta iðnaðarnefndar rétt að birta umsagnirnar í heild með nefndarálitinu til upplýsingar fyrir þá, sem vilja kynna sér málið.

Umsögn Búnaðarþings er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. mars 1974.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 1. mars 1974 var ákveðið að senda iðnaðarnefnd Nd. Alþingis ályktun Búnaðarþings 1974 um frumvarp til laga um breytingu á orkulögum, er iðnaðarnefnd Nd. Alþingis hafði sent Búnaðarþingi til umsagnar.

Ályktunin ásamt greinargerð hljóðar svo:

„Búnaðarþing mælir eindregið í gegn frumvarpi til laga um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 1967, er lagt hefur verið fram á Alþingi því, er nú situr.

Greinargerð.

Á Alþingi 1973, 93. löggjafarþingi, var lagt fram frumvarp til breytinga á orkulögunum frá 1967. Meginefni þessara breytinga var það, að ríkið eitt skuli eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar á svokölluðum háhitasvæðum, hver sem eigandi landssvæðanna er. Hins vegar skuli landeigandi aðeins hafa hagnýtingarrétt á lághitasvæðum og yfirborðshita á háhitasvæðum.

Enn fremur er tekið fram, að með landssvæði þau, sem óvissa ríkir um, skuli farið sem háhitasvæði, þar til rannsókn leiði annað í ljós, þ. e. að ríkið hafi þar einnig, a. m. k. um sinn, allan umráðarétt.

Búnaðarþing 1973 mótmælti frumvarpi þessu og byggði andmæli sín á því, að þar væri ákveðið, að einföld lagasetning nægði til þess að taka af landeiganda tiltekinn umráða- og hagnýtingarrétt bótalaust og færa hann til annars aðila, er skyldi hafa öll umráð og not af honum. Jafnframt benti Búnaðarþing á, að yrði stigið út á þessa braut, mundi auðveldur eftirleikur að færa umráða- og hagnýtingarrétt annarra landsgæða til ríkisins án bótaskyldu.

Ályktun Búnaðarþings 1973 fylgir hér með sem fylgiskjal.

Nú, þegar frumvarp til breytinga á orkulögum er lagt fyrir Alþingi að nýju, er sú breyting gerð frá fyrra frumvarpi, að skotið er inn í 2. gr. frumvarpsins nýrri málsgrein, sem efnislega er á þá lund, að sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði, skuli hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi án sérstaks vinnslugjalds, en þó því aðeins að sveitarfélögin hafi sótt um leyfi innan 5 ára frá gildistöku laganna.

Lítil eða engin úrbót virðist vera að þessari innskotsgrein. Athuganir um vinnslu eða virkjanir, áætlanagerð og eftirleitan um fjármögnun til framkvæmda og samþykktir út frá þeirri vitneskju, sem þá lægi fyrir, hlytu að taka langan tíma og óhugsandi að öll sveitarfélög gætu tekið afstöðu til framkvæmda á svo skömmum tíma, því að vinnsluleyfi, þó gefið væri, mundi ólíklega látið gilda nema um skamman tíma, ef ekki yrði fljótlega hafist handa um framkvæmdir. Auk þess hljóta viðfangsefni sveitarfélaga í þessum efnum að breytast oftlega. Þar sem fámenni er nú og því lítil geta til virkjunargerðar, getur verið fjölmenni eftir nokkur ár og þá allt önnur og meiri þörf og möguleikar til hagnýtingar jarðhita.

Búnaðarþing endurtekur því mótmæli sín gegn samþykkt þessa frumvarps og telur sjálfsagt, að farið verði með jarðhita eins og önnur réttindi, að þau verði tekin eignarnámi að lögum eða leigunámi, ef almenningsheill krefst þess, að þau verði tekin af landeiganda, og samningar hafa ekki náðst.

Fram hafa verið lagðar á Alþingi breytingartillögur við frumvarp til breytinga á orkulögum á þskj. 21, fluttar í neðri deild af háttvirtum 5. landskjörnum þingmanni, Stefáni Gunnlaugssyni. Efni þeirra breytingartillagna er, að sveitarfélög eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar á jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landið er eign sveitarfélaga, þrátt fyrir önnur ákvæði frumvarpsins, og að 2. gr. þess falli niður.

Búnaðarþing telur breytingartillögur þessar til bóta frá því, sem í frumvarpinu stendur, en þó er aðeins um undantekningu að ræða. Eftir stendur óhaggað það efni frumvarpsins, sem viðsjárverðast er, að unnt sé með einföldum lögum að taka upp eignir manna og réttindi bótalaust.

Að gefnu tilefni vill Búnaðarþing mótmæla þeirri túlkun, sem fram hefur komið m. a. á Alþingi, að Búnaðarþing standi því í mót, að jarðhiti á svonefndum háhitasvæðum, eins og þau kunna að verða ákveðin, verði nýttur í almenningsþágu. Telur þingið, að engin átylla hafi verið til slíkrar túlkunar á ályktun Búnaðarþings frá árinu 1973. Þvert á móti telur þingið sig þess hvetjandi, að þessi jarðargæði verði nýtt sem mest og best, en ef ríki eða aðrir opinberir aðilar nái ekki samningum við landeigendur um nýtingu þeirra, verði notuð heimild til eignarnáms að lögum og bætur greiddar eftir mati.

Búnaðarþing telur fráleita þá kenningu, er upp hefur skotið kolli, að þau gæði, er á landi eða í jörðu kunni að felast og landeigendur fyrr á tíð höfðu ekki aðstöðu til að nýta, verði almenningseign, jafnskjótt og hagnýtingarmöguleiki skapast. Enginn mun heldur telja, að sú kenning eigi við, að því er tekur til náms bergtegunda af ýmis konar gerð eða vatns til neyslu eða virkjunar, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Um jarðhita hlýtur að gegna öldungis sama máli. Meðan einkaeignarréttur er ákvarðaður í stjórnarskrá hins íslenska ríkis og hann virtur, hlýtur Búnaðarþing að standa fast gegn því, að umráða- og hagnýtingarréttur verði tekinn af landeigendum nema eftir eignarnámsheimild að lögum."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson."

Það, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur um málið að segja er orðrétt þannig:

„Reykjavík, 13. febrúar 1974.

Með bréfi, dags. 6. desember s. l., sendi iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis sambandinu til umsagnar framangreint mál.

Á stjórnarfundi sambandsins í dag var samþykkt að láta þingnefndinni í té svofellda umsögn um málið:

„Stjórnin telur nauðsynlegt, að sú breyting verði gerð á frumvarpinu, að inn í það verði felld breytingartillaga á þskj. 21, flm. Stefán Gunnlaugsson. Jafnframt bendir stjórnin á nauðsyn þess, að lögin tryggi þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga lönd á háhitasvæðum, forgangsrétt til hagnýtingar jarðhita þar."

Framanrituð umsögn tilkynnist háttv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson."

Lagadeild Háskóla Íslands hefur þetta um málið að segja:

„Með bréfi, dags. 6. desember 1973, hefur iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis óskað eftir áliti lagadeildar Háskóla Íslands á því, hvort nokkurt ákvæði frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, brjóti í bága við stjórnarskrána. Fer umsögn deildarinnar hér á eftir.

Hér koma fyrst og fremst til athugunar ákvæði 2. mgr. og 3.—4. mgr. 1. gr. frv., sem eru svo hljóðandi:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir. ....

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landeignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita."

Í greinargerð fyrir frv. kemur fram, hverjar meginreglur felast í ofangreindum ákvæðum, en í upphafi greinargerðarinnar segir m. a.:

„Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skuli þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum."

Samkvæmt framansögðu er meginregla umræddra frv. sú, að heimild til hagnýtingar jarðhita á svonefndum háhitasvæðum skuli eftirleiðis vera ríkiseign, að frátöldum jarðhita á yfirborði jarðar. Með vissum skilyrðum halda sveitarfélög áfram jarðhitaréttindum sínum á háhitasvæðum og með vissum takmörkunum einnig aðilar, sem hafa borað eftir jarðhita og byrjað vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, sbr. nánar ákvæði í 2. og 4.—5. gr. frv. Í 1. gr. frv. eru háhitasvæði skilgreind með eftirfarandi hætti:

„Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum."

Af því, sem að framan hefur verið rakið, kemur skýrt fram, að heimild til hagnýtingar jarðhita með borunum á háhitasvæðum skuli vera ríkiseign, án tillits til þess, hve ofarlega jarðhitinn er í jörðu. Er jafnframt gengið út frá því, að ríkið muni framvegis sjálft hagnýta jarðhita með borunum eða heimila það öðrum gegn gjaldi.

Samkvæmt núgildandi lögum á landeigandi að jafnaði rétt til hagnýtingar jarðhita og jarðefna, sem eru undir yfirborði lands hans, sbr. 9. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 4. gr. námulaga, nr. 24/1973. Vafi leikur hins vegar á, hve langt hagnýtingar- og umráðaréttur landeiganda nái í jörðu niður. Þar sem ákvæði frv. áskilja hins vegar ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum án tillits til þess, hve djúpt hann liggur í jörðu, verður að ætla, að frv. hafi í för með sér, ef að lögum verður, að eigendur jarðhitaréttinda á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni samkvæmt núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum. Eins og eignaskerðingum þessum er háttað, verður að líta svo á, að skylt sé samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar að láta eignarnámsbætur koma fyrir þær, ef á annað borð er um jarðhitaréttindi að ræða, sem hafa fjárhagslegt verðmæti við gildistöku laganna.

Í greinargerð fyrir frv. segir:

„Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.“

Þarna er byggt á því, að fyrrgreindar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignarnámsbóta. Þrátt fyrir það er ástæða til að ætla, að frv. verði skýrt þannig, ef það verður að lögum, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en hins vegar beri að greiða þeim aðilum bætur, sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum, ef um verðmæt réttindi er að ræða.

Niðurstaða lagadeildar er því sú, að ofangreint frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot, ef það verður að lögum. Hins vegar verði að gera ráð fyrir því, að það geti í einstökum tilvikum haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart eigendum jarðhitaréttinda.

Reykjavík, 23. janúar 1974.

Virðingarfyllst,

Jónatan Þórmundsson
forseti lagadeildar.“

Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu, þykir minni hluta iðnaðarnefndar ekki fært að samþykkja frumvarpið, en telur nauðsynlegt að taka málið til frekari yfirvegunar og athugunar. Leggjum við undirritaðir því til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar, sem færi fram í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Samband ísl. sveitarfélaga. Endurskoðuninni mætti ljúka áður en næsta reglulegt Alþingi tekur til starfa á komandi hausti.

Alþingi, 19. apríl 1974.

Ingólfur Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

Sþ. **737. Tillaga til þingsályktunar** [322. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1974—77.

(Lögð fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—74.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 80 10. júlí 1973, að árin 1974—77 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

		1974	1975	1976	1977
1.1.	**Fastir liðir:**				
1.	Bensíngjald	1 212,5	1 574,6	1 690,5	1 794,0
2.	Þungaskattur	356,7	374,9	396,6	420,0
3.	Gúmmígjald	89,7	95,1	100,4	105,9
		1 658,9	2 044,6	2 187,6	2 319,9
	Endurgreiðslur af:				
1.1.1.	Bensíngjaldi	16,0	22,0	24,3	24,3
1.1.2.	Þungaskatti	2,0	2,8	3,5	3,8
		18,0	24,8	27,8	28,1
		1 640,9	2 019,8	2 159,8	2 291,8
4.	Veggjald	36,8	102,2	109,3	115,8
5.	Ríkisframlag	362,0	380,0	500,0	500,0
	Fastir liðir nettó	2 039,7	2 502,0	2 769,1	2 907,6
1.2.	**Sérstök fjáröflun:**				
1.	Hraðbrautir	100,0	125,0	0,0	0,0
2.	Aðrar framkvæmdir	500,0	500,0	550,0	550,0
3.	Skeiðarársandur	400,0[1])	116,0	0,0	0,0
4.	Til gr. vaxta og afb. af lánum	423,0[1])	546,0	634,0	726,0
		1 423,0	1 287,0	1 184,0	1 276,0
		3 462,7	3 789,0	3 953,1	4 183,6

1) Til viðbótar greiðslu vaxta og afborgana lána að upphæð 423 m.kr. 1974, koma 100 m.kr., sem voru endurgreiddar í byrjun árs 1974 af láni vegna Skeiðarársands frá árinu 1973. Er sú upphæð innifalin í fjárveitingu Skeiðarársands 1974.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

		1974		1975		1976		1977	
2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**								
1.	Skrifstofukostnaður	54,0		55,7		56,1		56,1	
2.	Verkfræðil. undirbún.	51,3		55,2		58,2		60,9	
3.	Umferðataln. og eftirlit	7,7		7,9		8,0		8,0	
4.	Eftirlaunagreiðslur	8,2		9,4		10,2		10,8	
			121,2		128,2		132,5		135,8
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**								
1.	Alm. viðhald	649,0		663,6		663,6		663,6	
2.	Vetrarviðhald	127,4		145,6		145,6		145,6	
3.	Vegmerkingar	9,6		9,8		9,8		9,8	
			786,0		819,0		819,0		819,0
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**								
1.	Hraðbrautir	470,0		590,0		690,0		800,0	
2.	Þjóðbrautir	139,7		193,3		236,0		300,0	
3.	Landsbrautir	167,3		224,6		273,6		339,8	
4.	Girðingar og uppgræðsla	43,3		43,7		45,0		45,0	
5.	Sérstakar áætlanir:								
	1. Skeiðarársandur	400,0		116,0					
	2. Austurlandsáætlun	121,3		141,4		115,0		107,0	
	3. Norðurlandsáætlun	184,3		262,1		210,0		210,0	
	4. Djúpvegur	26,4		37,6		30,0		0,0	
	5. Þingvallavegur	81,0		0,0		0,0		0,0	
			1 633,3		1 608,7		1 599,6		1 801,8
6.	Til gr. vaxta og afb. af lánum		423,0		546,0		634,0		726,0
2.4.	**Til fjallvega o. fl.:**								
1.	Aðalfjallvegir	4,6		4,7		6,3		6,3	
2.	Aðrir fjallvegir	12,7		11,0		11,0		11,0	
3.	Reiðvegir	0,6		0,6		0,7		0,7	
			17,9		16,3		18,0		18,0
2.5.	**Til brúargerða:**								
1.	Brýr 10 m og lengri	96,0		165,2		197,0		222,0	
2.	Smábrýr	20,6		25,0		35,0		37,0	
			116,6		190,2		232,0		259,0
2.6.	**Til sýsluvega**		54,0		82,2		97,2		99,0
2.7.	**Til vega í kaupst. og kaupt.**		204,9		254,6		259,9		263,5
2.8.	**Til véla- og áhaldakaupa:**								
1.	Til véla- og verkfærakaupa	18,0		20,0		20,0		20,0	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	10,6		11,3		27,0		27,0	
			28,6		31,3		47,0		47,0
2.9.	**Til tilrauna í vegagerð**		10,2		12,5		13,9		14,5
2.10.	**Til greiðslu halla á vegáætlun:**								
1.	Halli frá fyrri árum	267,0		200,0		100,0			
2.	Yfirfært á næsta ár	200,0		100,0		0,0			
			67,0		100,0		100,0		0,0
			3 462,7		3 789,0		3 953,1		4 183,6

III. FLOKKUN VEGA
3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum: Af vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleytishverfi að Stórhöfðavita.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

206 Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að vegamótum hjá Heiði.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu, að heimreið að Búlandi.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nælægt Holti um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að heimreið að Bólstað.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk og Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.

250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Eyvindarmúla.

251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
257 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Unuhóli.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ásveg við Áshverfi.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut norðan Brattholts.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Barnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, yfir Tungnaá hjá Sigöldu að Sigölduvirkjun.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.

303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
318 Langholtsvegur í Flóa: Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
Á sl. ári nutu 20 verkstjórar og 12 verkstjóraekkjur eftirlauna samkv. þessum lið. Af þessum 20 verkstjórum lést einn á sl. ári en 5 verkstjórar munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 24 verkstjórar og 12 ekkjur njóta eftirlauna.

Á sl. ári nutu 6 verkamenn eftirlauna, en 8 munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 14 verkamenn njóta eftirlauna.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Allt frá því að tekin var upp gerð fjögurra ára vegáætlana, hefur fjárveitingum til viðhalds þjóðvega aðeins verið skipt á tvo liði, þ. e. viðhaldskostnað þjóðvega og vegmerkingar.

Þar sem kostnaður við vetrarviðhald, þ. e. snjómokstur, er tekinn af óskiptri fjárveitingu til viðhaldskostnaðar þjóðvega, fer það eftir tíðarfari hvers vetrar, hve mikið fé er til ráðstöfunar til alls annars almenns viðhalds veganna. Svo sem fram

kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1973, hefur kostnaðurinn við vetrarviðhald á undanförnum 7 árum numið frá 15% upp í 22% af heildarviðhaldskostnaði. Þessar miklu sveiflur í kostnaði vetrarviðhalds hafa það í för með sér að draga verður verulega úr almennu viðhaldi veganna, þrátt fyrir sívaxandi umferð, þau ár, sem snjóþyngsli eru yfir meðallagi.

Hér við bætist, að á undanförnum árum hafa komið fram sívaxandi kröfur úr einstökum byggðarlögum um endurskoðun á snjómokstursreglum og bættri þjónustu í því sambandi og þá ekki síst vegna læknaþjónustu í dreifbýlinu. Þá leiðir af opnun hringvegarins á þessu ári, að óhjákvæmilega verður að endurskoða snjómokstursreglurnar á suðausturhluta landsins.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, er hér gerð tillaga um að skipta viðhaldskostnaði þjóðvega annars vegar í almennt viðhald og hins vegar í vetrarviðhald með það fyrir augum, að kostnaður við vetrarviðhaldið hafi ekki framvegis áhrif á almennan viðhaldskostnað veganna eins og verið hefur.

2.2.0. Áhrif verðhækkana og breytinga á snjómokstursreglum.

Fjárveiting í vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 er 400 m.kr. hvort árið að meðtaldri 5.0 m.kr. fjárveitingu til vegmerkinga.

Þegar vegáætlun fyrir árin 1972—1975 var samin, var miðað við, að vísitala vegaviðhalds hefði 1142 stig. Miðað við verðlag í mars þ. á. er gert ráð fyrir, að vísitala vegaviðhalds verði 2188 í ár og áætluð 2236 á árinu 1975 miðað við þegar umsamdar kauphækkanir. Hækkun vegna þessara verðbreytinga verður því 366 m.kr. á árinu 1974 og 383 m.kr. á árinu 1975.

Svo sem nánar greinir undir lið 2.2.2. um vetrarviðhald, er áætlað, að útgjaldaaukning á þeim lið vegna endurskoðunar á snjómokstursreglum muni nema um 20 m.kr. á árinu 1974 og um 36 m.kr. á árinu 1975. Stafar mismunurinn af því, að hinar nýju reglur munu eigi taka gildi fyrr en á hausti komanda. Lagt er því til, að heildarfjárveiting til viðhalds þjóðvega á árinu 1974 verði 786 m.kr. og 819 m.kr. á árinu 1975. Eru þá fjárveitingar í vegáætlun aðeins færðar til gildandi verðlags og bætt við áætluðum kostnaði við endurskoðun á snjómokstursreglum, en ekkert tillit tekið til þess, að fresta varð í raun verulegu viðhaldi við þjóðvegina á sl. ári vegna fjárskorts, þar sem fjárveiting til vegaviðhalds var ekki leiðrétt með tilliti til hækkaðs verðlags.

2.2.1. Almennt viðhald o. fl.

Undir þessum lið telst allur kostnaður við mölburð, vegheflun, mölun og hörpun efnis, viðgerðir brúa, rykbinding o. fl. Auk þess er undir þessum lið talinn kostnaður við skemmdir vegna náttúruhamfara eins og vatnavaxta o. þ. h.

Í vegáætlun 1972 til 1975 voru áætlaðar 395.0 m.kr. til viðhaldskostnaðar þjóðvega, en aukning vegna verðbreytinga er 361 m.kr. á árinu 1974 og 378 m.kr. á árinu 1975. Kostnaður af vetrarviðhaldi, sem nú er færður sérstaklega (sjá lið 2.2.2.), er áætlaður 107 m.kr. árið 1974 og 110 m.kr. árið 1975 með óbreyttum snjómokstursreglum.

Fjárveiting til þessa liðar verður því 649.0 m.kr. árið 1974 og 663.6 m.kr. árið 1975.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 75.9 m.kr. á ári miðað við verðlag 1973 þ. e. vísitölu 1550. Miðað við vísitöluna 2188 í mars í ár og 2236 árið 1975 áætlast þessi kostnaður 107 m.kr. á árinu 1974 og 110 m.kr. á árinu 1975.

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1973.

1	2	3	4	5
Ár	Vetrar-viðhald m.kr.	Vísitala viðhalds-kostn.	Kostn. á verðl. 1973 m.kr.	Hlutfalls-tala
1967	28,0	571	76,0	102,1
1968	31,9	665	74,4	100,0
1969	31,7	812	60,5	81,3
1970	47,6	902	81,8	109,9
1971	52,7	1 046	78,1	105,0
1972	55,2	1 252	68,3	91,8
1973	92,3	1 550	92,3	124,1
Meðaltal 1967—'73			75,9	

Samkvæmt tillögum um breytingar á snjómokstursreglum er reiknað með, að kostnaður vegna vetrarviðhalds hækki, sem nemur 25.0 m.kr. á ári miðað við verðlag 1973, eða 35.0 m.kr. á árinu 1974. Þar sem fyrirhuguð breyting á snjómokstursreglum kemur ekki til framkvæmda fyrr en á síðari hluta ársins er hækkun á árinu áætluð 20 m.kr., en á árinu 1975 verður hún um 36 m.kr.

Heildarkostnaður vetrarviðhalds er því áætlaður 127.4 m.kr. 1974 og 145.6 m.kr. á árinu 1975.

2.2.3. **Vegmerkingar.**

Fjárveiting til þessa liðar var 5.0 m.kr. í vegáætlun 1972—1975, en aukning vegna verðbreytinga verður 4.6 m.kr. árið 1974 og 4.8 m.kr. á árinu 1975. Fjárveitingar verða því 9.6 m.kr. árið 1974 og 9.8 m.kr. árið 1975.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkjum.

Meginhluta þessarar fjárveitingar verður þó varið til þess að endurnýja og endurskipuleggja vegvísa við öll helstu vegamót á landinu, en sú endurskipulagning er nátengd vegnúmerakerfi, sem samþykkt var með vegáætlun 1972—1975.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.1. **Hraðbrautir.**

Eins og fram kemur á fskj. 2.0.—1. er kostnaður skv. núgildandi vegáætlun á árinu 1974 áætlaður 806.0 m. kr. Er þá meðtalin frestun framkvæmda frá 1973 og miðað við vísitölu vegagerðar 2036. Tillagan gerir ráð fyrir 470.0 m. kr. fjárveitingu til hraðbrauta 1974 og að mismuninum, 336.0 m. kr., sé frestað til 1975.

Kostnaður skv. núgildandi vegáætlun á árinu 1975 miðað við vísitölu 2073 er á sama hátt áætlaður 1 045.1 m. kr. og er þá meðtalin áðurnefnd frestun 336.0 m. kr. frá 1974. Tillagan gerir ráð fyrir 590.0 m. kr. fjárveitingu 1975 og þá 455.1 m. kr. frestun til 1976.

Í áætluðum kostnaðartölum, sem hér eru tilgreindar, er ekki tekið tillit til breyttra forsenda við einstakar hraðbrautaframkvæmdir, sem komið hafa í ljós síðan núgildandi vegáætlun var gerð í upphafi ársins 1972. Verða slík tilvik að koma til skoðunar, þegar sundurliðun fjárveitinga í einstök verk fer fram.

2.3.2. **Þjóðbrautir.**

Í vegáætlun 1972—1975 er fjárveiting til þjóðbrauta 108.5 m. kr. á árinu 1974 og 127.6 m. kr. á árinu 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 93.1 m. kr. á árinu 1974 og 113.7 m. kr. á árinu 1975.

Á árinu 1973 var framkvæmdum við þjóðbrautir frestað, sem nemur 20.5 m. kr., en vegna verðbreytinga hækkar sú upphæð um 17.5 m. kr. eða samtals 38.0 m. kr.

Á sl. ári var heimilað að taka lán vegna framkvæmda við þjóðbrautir, sem nemur 6.6 m. kr., og er reiknað með, að þau verði endurgreidd á þessu ári.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 246.2 m.kr. og 241.8 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögu um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 106.5 m.kr. frestað til 1975 og 154.5 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til þjóðbrauta er því 139.7 m.kr. á árinu 1974 og 193.3 m.kr. á árinu 1975.

2.3.3. **Landsbrautir.**

Fjárveiting í vegáætlun 1972—1975 var 119.7 m.kr. á árinu 1974 og 146.1 m.kr. á árinu 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 102.7 m.kr. á árinu 1974 og 130.2 m.kr. á árinu 1975.

Á árinu 1973 var framkvæmdum við landsbrautir frestað, sem nam 32.7 m.kr., en verðbreytingar á þeirri upphæð eru 28.1 m.kr. eða samtals 60.8 m.kr.

Á sl. ári voru samþykktar lánsheimildir fyrir, sem nemur 12.0 m.kr. vegna framkvæmda við landsbrautir, og er lagt til, að þær verði endurgreiddar á þessu ári.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 295.2 m.kr. og 276.3 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögu um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 127.9 m.kr. frestað til 1975 og 179.6 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til landsbrauta verður því 167.3 m.kr. á árinu 1974 og 224.6 m.kr. á árinu 1975.

2.3.4. **Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.**

Fjárveitingar í vegáætlun 1972—1975 námu 15.2 m.kr. á árunum 1974—1975, en með verðbreytingum, sem eru 13.1 m.kr. á árinu 1974 og 13.5 m.kr. á árinu 1975, verða þessar fjárveitingar 28.3 m.kr. á árinu 1974 og 28.7 m.kr. á árinu 1975.

En auk þess er gerð tillaga um viðbótarfjárveitingu til girðinga, 15.0 m.kr. á báðum árunum, þannig að heildarfjárveitingar til þessa liðar verður 43.3 m.kr. á árinu 1974 og 43.7 m.kr. á árinu 1975. Girðingakröfur í lok ársins 1973 námu alls um 88.2 m.kr., og ætti því með þessari viðbótarfjárveitingu að nást umtalsverð leiðrétting á þessum málum.

2.3.5. **Sérstakar áætlanir.**

2.3.5.1. **Skeiðarársandur.**

Fjárveiting er miðuð við, að framkvæmdum á Skeiðarársandi verði lokið 1974, og ennfremur að byggð verði brú á Kvíá sbr. lið 1.2.3.

2.3.5.2. **Austurlandsáætlun.**

Í vegáætlun 1974—1975 er fjárveiting Austurlandsáætlunar 75.0 m.kr. bæði árin, en aukning vegna verðbreytinga er 64.4 m.kr. á árinu 1974 og 66.9 m.kr. á árinu 1975.

Á árinu 1973 var framkvæmdum frestað, sem nemur 5.1 m.kr., en vegna verðbreytinga hækkar sú upphæð um 4.4 m.kr. eða samtals 9.5 m.kr.

Vegna breyttra forsendna við jarðgöng í Oddskarði er aukning sem nemur 65.1 m.kr. á árinu 1974 og 20.0 m.kr. á árinu 1975.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 214.0 m.kr. og 161.9 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögum um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 92.7 m.kr. frestað til 1975 og 113.2 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til Austurlandsáætlunar er því 121.3 m.kr. á árinu 1974 og 141.4 m.kr. á árinu 1975.

Heildarfjárþörf til þess að ljúka Austurlandsáætlun á árunum 1976 og 1977 er 222.0 m.kr., og lagt er til, að fjárveiting verði 115.0 m.kr. 1976 og 107.0 m.kr. 1977.

2.3.5.3. Norðurlandsáætlun.

Í vegáætlun 1972—1975 er fjárveiting til Norðurlandsáætlunar 175.0 m. kr. bæði árin 1974 og 1975, en aukning vegna verðbreytinga er 150.1 m.kr. á árinu 1974 og 155.9 á árinu 1975.

Heildarfjárþörf á árinu 1974 er því 325.1 m.kr. og 330.9 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt tillögum um frestun framkvæmda, sjá fylgiskjal 2.0.—1, er 140.8 m.kr. frestað til 1975 og 209.6 m.kr. frestað til 1976.

Fjárveiting til Norðurlandsáætlunar er því 184.3 m.kr. á árinu 1974 og 262.1 m.kr. á árinu 1975.

Á árinu 1976 er tillaga til fjárveitingar 210.0 m.kr. til að ljúka framkvæmdum sem frestað er 1975. Einnig er gerð tillaga um sömu upphæð á árinu 1977.

2.3.5.4. Djúpvegur.

Nauðsynlegt fjármagn til þess að ljúka framkvæmdum við Djúpveg á kaflanum frá Hjöllum að Eyri er um 151 m.kr. á verðlagi miðað við mars 1974.

Fjárveiting í vegáætlun fyrir árinu 1972—1975 var 25.0 m.kr. á árunum 1974 og 1975, en með breyttu verðlagi og tillögum um frestun framkvæmda, sbr. fskj. 2.0.—1., verður fjárveiting 26.4 m.kr. á árinu 1974 og 37.6 m.kr. á árinu 1975.

Miðað við að búið er að leggja fyrir Alþingi tillögu til fjáröflunar til þessa vegar með happdrættisláni, sem nemur 60.0 m.kr., er lagt til, að fjárveiting á árinu 1976 verði 30.0 m.kr.

2.3.5.5. Þingvallavegur v/þjóðhátíðar.

Á árinu 1974 er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 81.0 m.kr., sem ætluð er til endurbóta á Þingvallavegi. Fyrir fjárveitingu þessa á að endurbyggja brýr á Norðurreykjaá (Suðurá) og Köldukvísl ásamt vegakafla við þær. Ennfremur á að lagfæra veginn á nokkrum stöðum, styrkja hann með mölburði og rykbinda hann.

2.4. Til fjallvega o. fl.

2.4.1. **Til aðalfjallvega.**

Samkvæmt kafla 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 900 kr. Fjárveiting til þeirra er á árunum 1974 og 1975 leiðrétt með tilliti til verðhækkana frá gildandi vegáætlun. Árin 1976 og 1977 er fjárveiting hækkuð um 1.6 m.kr. til viðbótar hvort áranna með tilliti til sívaxandi umferðar um aðalfjallvegina og þó sérstaklega Kjalveg og Sprengisandsleið.

2.4.2. **Til annarra fjallvega:**

Á árinu 1974 er þessi fjárveiting, auk leiðréttingar vegna verðbreytinga, hækkuð um 6 m.kr. til þess að mæta gefnum fyrirheitum um framlag til vegar að skíðahótelinu í Hlíðarfjalli við Akureyri, um 1 m.kr. skuldar vegna Bláfjallavegar við vegasjóð og fyrirheits um 1 m.kr. framlag til Ferðafélags Íslands til byggingar viðbótarskála við Nýjadal á Sprengisandsleið. Árin 1975—1977 er fjárveiting hækkuð um 5 m.kr. auk verðhækkana til þess að mæta sívaxandi óskum hvaðanæva að af landinu um framlag til fjallvega.

2.4.3. **Til reiðvega:**

Fjárveiting þessi er hækkuð með tilliti til verðbreytinga á árunum 1974 og 1975 og örlítið til viðbótar árið 1976 og 1977.

2.5. Til brúagerða.

Eins og fram kemur í fskj. 2.0.—1. er kostnaður skv. núgildandi vegáætlun á árinu 1974 áætlaður 205.4 m.kr. Er meðtalin frestun framkvæmda frá 1973 og miðað við vísitölu brúagerða 3351. Tillagan gerir ráð fyrir 116.6 m.kr. fjárveitingu til brúagerða 1974 og að mismuninum, 88.8 m.kr., sé frestað til 1975.

Kostnaður skv. núgildandi vegáætlun á árinu 1975 miðað við vísitölu 3482 er á sama hátt áætlaður 342.0 m.kr. og er þá meðtalin áðurnefnd frestun 88.8 m.kr. frá 1974. Tillagan gerir ráð fyrir 190.2 m.kr. fjárveitingu 1975 og þá 151.8 m.kr. frestun til 1976.

Í áætluðum kostnaðartölum, sem hér eru tilgreindar, er ekki tekið tillit til breyttra forsenda við einstakar brúaframkvæmdir. Verða slík tilvik að koma til skoðunar, þegar sundurliðun fjárveitinga á einstök verk fer fram.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt ákvæðum 21. gr. vegalaga miðast innheimt sýsluvegasjóðsgjöld ár hvert við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Samkvæmt gildandi kjarasamningum er kaupgjald hinn 1. desember á hvert eins og hér segir:

1. desember 1973	157.00 kr/klst
1. desember 1974	204.00 kr/klst
1. desember 1975	210.90 kr/klst

Tekjur sýsluvegasjóðs samkvæmt 23. gr. vegalaga hafa verið um 400—500 þús. kr. á ári, en samkv. 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973 er gjald af mannvirkjum 6—7 faldað og gjald af löndum og lóðum 5 faldað. Mjög erfitt er að áætla, hve þetta gjald verður mikið, því á undanförnum árum hefur víða naumast verið talið svara kostnaði að innheimta það. Gjald þetta verður því mjög lauslega áætlað 3.0 m.kr. á ári.

Samkvæmt 5. gr. fyrrnefnds frumvarps er hreppsfélögum heimilt að tvöfalda heimaframlag, og er reiknað með, að þriðjungur hreppsfélaga nýti þessa breytingartillögu á árinu 1974, en helmingur eftir það.

Miðað við þessar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1974—1977 áætlaðar eins og hér segir:

	1974	1975	1976	1977
	Upph. í m.kr.			
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	23,1	30,1	31,0	31,0
Samkv. 23. gr. vegal.....	3,0	3,0	3,0	3,0
Heimaframl. skv. breytingatill.	8,0	15,0	15,5	15,5
Ríkisframl. skv. breytingatill.	16,0	30,1	31,0	31,0
Ríkisframl. skv. 21., 23. og 26. gr.	38,0	52,1	66,2	68,0
	54,0	82,2	97,2	99,0
Heildartekjur í m.kr.	88,1	130,3	146,7	148,5

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12.5% af heildartekjum vegasjóðs. Heimilt er þó samkvæmt sömu grein að undanskilja það af tekjum vegasjóðs, sem varið er til hraðbrautaframkvæmda, við ákvörðun á framlagi til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Ákveðið er að nota téða heimild. Ef samþykkt verður sú breyting á vegalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, hækkar 10% frádráttur skv. 34. gr. vegalaga upp í 20%. Samkvæmt þessu yrði þá framlag skv. 32. gr. og frádráttur skv. 34. gr. eins og að neðan greinir:

	1974	1975	1976	1977
Framl. skv. 32. gr.	204,9	254,6	259,9	263,5
Framl. 20% skv. 34. gr.	41,0	50,9	52,0	52,7
Til skipta	163,9	203,7	207,9	210,8 m.kr.

Íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru 1. desember 1972 alls 179.395. Þó að íbúafjöldi þeirra kauptúna, sem framlags skulu njóta skv. 30. gr. vegalaga, verði færð úr 300 niður í 200 íbúa, eins og lagt er til í frumvarpi til breyt. á vegalögum, þá mun það ekki auka heildaríbúafjöldann nema um 1500. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 900 kr.

Hinn 1. janúar þ. á. tók gildi ný reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, og er það endurskoðuð reglugerð nr. 44/1965 um sama efni. Heildarlengd þéttbýlisvega skv. reglugerð þessari er liðlega 100 km eins og sýnt er á meðfylgjandi fskj. 2.3.0.—2.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 er gert ráð fyrir fjárveitingum til véla- og verkfærakaupa að upphæð 78.0 m.kr. Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftafé véla, verði eins og að undanförnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum, sem Vegagerðin þarfnast, en ekki sem fást leigðar á almennum vinnumarkaði. Má þar til nefna vélar til malarvinnslu svo og veghefla og þó sérstaklega vélar til snjóruðnings ef breyting sú á snjómokstursreglum, sem tillagan gerir ráð fyrir, nær fram að ganga.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árunum 1974 og 1975 er gert ráð fyrir 21.9 m.kr. fjárveitingu sem er ætluð til að ljúka stækkun á áhaldahúsi og vélaverkstæði í Borgarnesi. Einnig er fyrirhuguð stækkun á skrifstofuhúsnæði þar, sem nemur aðstöðu fyrir umdæmisverkfræðing og annað tæknilið, en það er í samræmi við ákvörðun um að flytja umdæmisverkfræðinga og starfslið þeirra frá Reykjavík í umdæmin.

Nauðsynlegt er að stækka vélaverkstæði á Reyðarfirði og byggja nýtt áhaldahús á Hvolsvelli, en áhaldahús að Brú við Markarfljót verður lagt niður. Þá þarf að byggja nýtt áhaldahús á Hvammstanga í stað ófullnægjandi eldra húsnæðis, sem yrði selt og vélageymslu á Akureyri.

Á árunum 1976 og 1977 er lagt til, að fjárveiting á þessum lið verði hækkuð um 15 m.kr. hvort árið með það fyrir augum að byggja hús fyrir vegamálaskrifstofuna í Reykjavík. Er skrifstofan nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli. Er af þessu augljóst óhagræði og verulegur aukakostnaður í daglegum rekstri.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveitingar á þessum lið eru samkvæmt 96. gr. vegalaga ½% af heildartekjum vegasjóðs ár hvert.

Er áætlað að tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar verði haldið áfram á þessu vegáætlunartímabili með svipuðu sniði og gert hefur verið undanfarin ár.

2.10. Til greiðslu halla á vegáætlun.

Þegar ljóst var á sl. vori, að verðhækkanir höfðu orðið mun meiri en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar, var horfið að því ráði að fresta framkvæmdum við vega- og brúagerð er nam alls um 130.0 m.kr. Frestun þessi var gerð innan einstakra kjördæma og það fé, sem sparaðist við frestun, var notað til þess að greiða verðhækkanir á öðrum framkvæmdum innan sama kjördæmis.

Óhjákvæmilegur halli varð þó á ýmsum bundnum greiðslum og skiptist hann í aðalatriðum þannig:

Stjórnun	13 m.kr.
Vanm. fjáröflun	57 m.kr.
Viðhald	49 m.kr.
Framkvæmdir	80 m.kr.
	199 m.kr.
Markaðar tekjur umfram áætlun	26 m.kr.
Halli 1973	173 m.kr.

Samandreginn halli á vegáætlun árin 1970—1973 skiptist þannig, talið í heilum m.kr.

Halli 1970—'71	60 m.kr.
Halli 1972	34 m.kr.
Halli 1973	173 m.kr.
Samtals	267 m.kr.

Gert er ráð fyrir, að þessi halli verði greiddur niður á þremur árum.

3. UM FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. grein vegalaga, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfu vegakerfinu, þ. e. a. s. einstaka vegir hafa styst eða lengst, eftir því sem bæir hafa farið í eyði eða verið byggðir að nýju.

Um leið og þessi flokkun var gerð, voru og felldir niður nokkrir ólagðir vegir, sem fyrirsjáanlegt var, að ekki hlytu fjárveitingar í náinni framtíð.

Leitaði vegamálastjóri álits þingmanna allra kjördæma á breytingum þessum, og hlutu þær flestar stuðning þeirra.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.1—3 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta eins og þær voru á síðasta áætlunartímabili miðað við kjördæmi og eins og þær verða samkvæmt þessari tillögu. Við upptalningu hinna einstöku vega hefur verið stuðst við vegnúmerakerfi, sem samþykkt var í vegáætlun 1972—1975.

3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokka.

3.2.1. **Hraðbrautir A og B:**

Á undanförnum árum hefur talning umferðar verið framkvæmd á fjölmörgum vegum. Þær upplýsingar, sem með því móti hafa fengist, benda til þess, að nokkrir vegir eiga að koma í hraðbrautaflokk umfram þá, sem taldir voru í vegáætlun fyrir 1972—1975 samkvæmt skilgreiningu í 12. gr. vegalaga. Samkvæmt meðfylgjandi töflu nr. 2.3.1.—01 eru hraðbrautir samkvæmt tillögu þessari 616,8 km, en voru 398,7 km samkvæmt fyrri vegáætlun.

3.2.2. **Þjóðbrautir:**

Helstu breytingar á þjóðbrautum frá vegáætlun 1972—1975 eru þær, að Norðurlandsvegur liggur nú um Víkurskarð, en ekki Vaðlaheiði, eins og áður var, Norðausturvegur er nú þjóðbraut frá Vopnafjarðarkauptúni um Hofsdal og Vopnafjarðarheiði á Austurlandsveg, en vegur um Hellisheiði og Jökulsárhlíð verður landsbraut og Austurlandsvegur frá Höfn að sýslumörkum á Skeiðarársandi og Suðurlands-

vegur frá fyrrnefndum sýslumörkum að Vík í Mýrdal er nú þjóðbraut, en var áður landsbraut.

3.3. Aðalfjallvegir:
Aðalfjallvegir eru taldir sömu og í vegáætlun 1972—1975.

Fskj. 1.0.0.—01.

Spá um tekjur vegasjóðs árin 1974—1977 miðað við óbreytta gjaldstofna
(Upphæðir í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977
Innflutningsgjald	977,1	1 047,2	1 112,4	1 180,5
Þungaskattur	296,3	313,6	331,7	350,9
Gúmmígjald	89,7	95,1	100,4	105,9
Tekjur brúttó	1 363,1	1 455,9	1 544,5	1 637,3
Endurgr. innfl.gj.	16,0	16,0	16,0	16,0
Endurgr. þungask.	2,0	2,2	2,5	2,7
Tekjur nettó	1 345,1	1 437,7	1 526,0	1 618,6

Fskj. 1.01.—01.

Bifreiðar alls pr. ½ ár hvert.

Ár	Fólksbifr. 1/7	Fólksbifr. pr. 1 000 íbúa	Alm.bifr. 1/7	Vörubifr. 1/7	Bifreiðar alls 1/7
1962	17 785	97,7	373	6 235	24 393
1963	20 579	111,2	401	6 376	27 356
1964	23 785	125,8	412	6 378	30 575
1965	26 781	139,5	431	6 230	30 442
1966	30 425	156,0	456	6 239	37 120
1967	34 003	171,7	483	6 212	40 698
1968	36 250	180,3	530	6 082	42 862
1969	37 157	183,0	557	5 878	43 592
1970	39 045	191,4	561	5 688	45 294
1971	43 433	210,8	612	5 705	49 750
1972	48 286	231,0	680	5 805	54 771
		SPÁ			
1973	53 000	250	722	5 966	59 688
1974	56 975	265	761	6 217	63 953
1975	61 320	280	805	6 382	68 507
1976	65 562	294	854	6 485	72 901
1977	69 916	308	906	6 662	77 484
1978	74 382	322	965	6 856	82 203
1979	78 624	336	1 032	7 046	86 702
1980	83 062	349	1 096	7 254	91 412
1981	87 362	361	1 159	7 487	96 008
1982	91 758	373	1 226	7 724	100 708
1983	96 000	384	1 299	7 957	105 256
1984	100 076	394	1 378	8 187	109 641
1985	104 636	404	1 448	8 461	114 545

Fskj. 1.0.0.—02.

Spá um tekjur vegasjóðs árin 1974—1977.

(Upphæðir í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977
Innflutningagjald	1 212,5	1 574,6	1 690,5	1 794,0
Þungaskattur	356,7	374,9	396,7	420,0
Gúmmígjald	89,7	95,1	100,4	105,9
Tekjur brúttó	1 658,9	2 044,6	2 187,6	2 319,9
Endurgr. innfl.gj.	16,0	22,0	24,3	24,3
Endurgr. þungaskattur	2,0	2,8	3,5	3,8
Tekjur nettó	1 640,9	2 019,8	2 159,8	2 291,8
Tekjur miðað við óbr. gjaldstofna	1 345,1	1 437,7	1 526,0	1 618,6
Mismunur	295,8	582,1	633,8	673,2

Fskj. 1.1.1.—01.

Innflutningsgjald af bensíni.

Ár	Fjöldi bensín-bifr. 1/7	Meðal eyðsla ltr./tekjuár	Bensín notkun m.ltr.	Brúttó tekjur m.kr.	Endur-greiðsla m.kr.
Óbr. gjaldstofn:					
1974	56 760	1 745	99,0	977,1	16,0
1975	60 820	1 745	106,1	1 047,2	16,0
1976	64 760	1 740	112,7	1 112,4	16,0
1977	68 760	1 740	119,6	1 180,5	16,0
Gjaldst. skv. frumvarpi:					
1974	56 760	1 745	99,0	1 212,5	16,0
1975	60 820	1 745	106,1	1 574,6	22,0
1976	64 760	1 740	112,7	1 690,5	24,3
1977	68 760	1 740	119,6	1 794,0	24,3

Fskj. 1.1.2.—01.

Áætlaðar tekjur vegna þungaskatts.

Ár	Bensín bifr. m.kr.	Diesil bifr.árgj. m.kr.	Diesil bifr.km.gj. m.kr.	Tekjur brúttó m.kr.	Endur-greiðslur m.kr.	Tekjur nettó m.kr.
Miðað við óbr. gjaldstofn:						
1974	46,6	94,2	155,5	296,3	2,0	294,3
1975	49,2	99,6	164,8	313,6	2,2	311,4
1976	51,9	105,1	174,7	331,7	2,5	329,2
1977	54,7	111,0	185,2	350,9	2,7	348,2
Gjaldst. skv. frumvarpi:						
1974	46,6	120,5	189,6	356,7	2,0	354,7
1975	0,0	141,2	233,7	374,9	2,8	372,1
1976	0,0	149,0	247,7	396,7	3,5	393,2
1977	0,0	157,4	262,6	420,0	3,8	416,2

Fskj. 1.1.3.—01.

Áætlaðar tekjur af gúmmígjaldi.

Ár	Innfl. fólksbifr.	Innfl. vörubifr.	Bifr. alls 1/7	Gúmmí alls tn.	Gúmmígjöld 45 kr/kg. m.kr.
1974	6 460	540	63 950	1 993,5	89,7
1975	6 660	555	68 500	2 113,9	95,1
1976	6 870	570	72 900	2 231,4	100,4
1977	7 080	585	77 500	2 353,6	105,9

Fskj. 1.1.4.—01.

Áætlaðar tekjur af veggjaldi á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi 1974—1977.

I. Inngangur.

Fyrirhugað er að veggjaldsinnheimtan á Reykjanesbraut verði eins og áður við Straum, en að staðsetning skýlisins á Suðurlandsvegi verði rétt vestan við Hveragerði og veggjaldið miðað við lengdina Höfðabakki—Selfoss.

Áætlað er að veggjaldsinnheimtan hefjist 1. ágúst 1974. Má gera ráð fyrir að innheimta náist það árið á um 42% ársumferðar.

II. Upphæð veggjalds.

Við ákvörðun um upphæð veggjalds er rekstrarkostnaður bifreiða á bundnu slitlagi borinn saman við kostnað á fullgóðum malarvegi. Gjaldið er síðan ákveðið sem þriðjungur þess sparnaðar, sem vegfarendur njóta af því að keyra á bundnu slitlagi.

Miðað við framangreindar forsendur er ⅓ sparnaður á km, áætlaður kr. 1.20 fyrir fólksbifreiðar í flokki I og kr. 4.50 fyrir vörubifreiðar fl. IV. Reiknað er með að innheimt verði aðra leiðina og því greitt fyrir báðar leiðir í einu, ennfremur er reiknað með sömu hlutföllum milli gjaldflokka og var á Reykjanesbraut.

Í eftirfarandi töflu er sýnd upphæð gjalds fyrir hina einstöku gjaldflokka.

	Fl. I.	Fl. II.	Fl. III.	Fl. IV.	Fl. V.
Reykjanesbr. (1:75 km)	90	115	255	340	510
Suðurl.v. (1:98 km)	120	150	330	440	660

III. Umferð.

Við áætlun um umferð er byggt á talningum frá árinu 1973. Gert er ráð fyrir að um gjaldskýlið við Straum fari um 545 þús. bifreiðar í aðra áttina árið 1974, en 307 þús. bifreiðar um Hellisheiði og að umferðaraukning milli ára verði 6%.

Við áætlun um skiptingu bifreiða í gjaldflokka er byggt á reynslutölum frá Reykjanesbraut.

IV. Innheimtukostnaður.

Reiknað er með að 5 fasta starfsmenn þurfi til að sjá um innheimtu við hvort skýli, auk 3/4 manns til afleysninga vegna sumarfría og veikinda. Til að sjá um uppgjör og eftirlit er áætlað að þurfi ½ mann fyrir bæði skýlin.

Samkvæmt bráðabirgðaáætlun er kostnaður við að reisa skýli og koma upp aðstöðu fyrir veggjaldsinnheimtu áætlaður 3.0 m.kr. auk þessa er stofnkostnaður við miðasöluvélar og reiknivélar áætlaður um 400 þús. kr.

V. Tekjur.

Miðað við framangreindar forsendur um umferð og upphæð veggjalds eru tekjur árin 1974—1977 sýndar í töflu hér á eftir. (Upph. í m.kr.)

	Reykjanesbraut			Suðurlandsvegur			
Ár	Tekjur brúttó	Innh. kostn.	Tekjur nettó	Tekjur brúttó	Innh. brúttó	Tekjur nettó	Samtals
1974	27,0	4,2[1])	22,8	19,2	5,2[2])	14,0	36,8
1975	67,2	6,4	60,8	47,8	6,4	41,4	102,2
1976	71,3	6,5	64,8	51,0	6,5	44,5	109,3
1977	75,4	6,5	68,9	53,4	6,5	46,9	115,8

1) Stofnkostnaður 1,2 m.kr.
2) Stofnkostnaður 2,2 m.kr.

Fskj. 2.0.—1.

VEGÁÆTLUN 1974—1977.

Tillaga að frestun framkvæmda.

	Vegáætlun 1974			Vegáætlun 1975					Vegáætlun 1976 og '77		
	Kostn. skv. vegáætl.	Frestun til '75	Vegáætl. 1974	Frestun frá '74	Kostn. skv. vegáætl.	Samtals	Frestun til '76	Vegáætl. 1975	Frestun til '76	Vegáætl. 1976	Vegáætl. 1977
2.1. Stjórn og undirbúningur	121,2	0,0	121,2	0,0	128,2	128,2	0,0	128,2	0,0	132,5	135,8
2.2. Viðhald þjóðvega	786,0	0,0	786,0	0,0	819,0	819,0	0,0	819,0	0,0	819,0	819,0
2.3. Til nýrra þjóðvega											
1. Hraðbrautir	806,0	336,0	470,0	336,0	709,1	1 045,1	455,1	590,0	455,1	690,0	800,0
2. Þjóðbrautir	246,2	106,5	139,7	106,5	241,3	347,8	154,5	193,3	154,5	236,0	300,0
3. Landsbrautir	295,2	127,9	167,3	127,9	276,3	404,2	179,6	224,6	179,6	273,6	339,8
4. Girðingar og uppgræðsla	43,3	0,0	43,3	0,0	43,7	43,7	0,0	43,7	0,0	45,0	45,0
5. Sérstakar áætlanir											
1. Skeiðarársandur	400,0	0,0	400,0	0,0	116,0	116,0	0,0	116,0	0,0	0,0	0,0
2. Austurlandsáætlun	214,0	92,7	121,3	92,7	161,9	254,6	113,2	141,4	113,2	115,0	107,0
3. Norðurlandsáætlun	325,1	140,8	184,3	140,8	330,9	471,7	209,6	262,1	209,6	210,0	210,0
4. Djúpvegur	46,5	20,1	26,4	20,1	47,4	67,5	29,9	37,6	29,9	30,0	0,0
5. Þingvallavegur v/þjóðhátíðar	81,0	0,0	81,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
6. Til greiðslu vaxta og afb. af lánum	423,0		423,0	0,0	546,0	546,0	0,0	546,0	0,0	634,0	726,0
2.4. Til fjallvega o. fl.	17,9	0,0	17,9	0,0	16,3	16,3	0,0	16,3	0,0	18,0	18,0
2.5. Til brúagerða	205,4	88,8	116,6	88,8	253,2	342,0	151,8	190,2	151,8	232,0	259,0
2.6. Til sýsluvega	54,0	0,0	54,0	0,0	82,2	82,2	0,0	82,2	0,0	97,2	99,0
2.7. Til vega í kaupst. og kaupt.			204,9	0,0				254,6	0,0	259,9	263,5
2.8. Til véla- og áhaldakaupa	28,6	0,0	28,6	0,0	31,3	31,3	0,0	31,3	0,0	47,0	47,0
2.9. Til tilrauna	10,2	0,0	10,2	0,0	12,5	12,5	0,0	12,5	0,0	13,9	14,5
2.10. Til greiðslu halla	67,0	0,0	67,0		100,0	100,0	0,0	100,0	0,0	100,0	0,0
		912,8	3 462,7	912,8			1 293,7	3 789,0	1 293,7	3 953,1	4 183,6
Tekjur skv. áætlun			3 462,7					3 789,0		3 953,1	4 183,6

Fskj. 2.3.0.—01.

Þjóðvegir 1. jan. 1974.

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjörd.	11,7	159,7	305,3	1 117,5	1 594,2
Reykjaneskjörd.	53,9	161,2	9,8	199,6	424,5
Vesturlandskjörd.	7,8	101,1	440,3	847,6	1 396,8
Vestfjarðakjörd.	13,9	8,2	404,1	887,8	1 314,0
Norðurlandskjörd. vestra	9,0	129,4	220,8	775,7	1 134,9
Norðurlandskjörd. eystra	9,5	49,4	532,7	673,5	1 265,1
Austurlandskjörd.	18,3	7,8	694,0	756,8	1 476,9
Samtals	124,1	616,8	2 607,0	5 258,5	8 606,4

Fskj. 2.3.0.—02.

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1972 og 1974.

	1. janúar 1972			1. janúar 1974
	Vegir með malarslitlagi km	Vegir með varanl. slitl. km	Vegir alls km	Vegir alls km
Suðurlandskjördæmi	6,4	3,8	10,2	11,7
Reykjaneskjördæmi og Rvík	8,2	23,4	31,6	53,9
Vesturlandskjördæmi	5,8	1,5	7,3	7,8
Vestfjarðakjördæmi	12,9	1,1	14,0	13,9
Norðurlandskjördæmi vestra	5,8	2,5	8,3	9,0
Norðurlandskjördæmi eystra	10,2	2,1	12,3	9,5
Austurlandskjördæmi	13,3	1,8	15,1	18,3
Samtals	62,6	36,2	98,8	124,1

Ekki hefur unnist tími til að kanna ástand þjóðvega í þéttbýli eftir breytingu á reglugerð í des. 1973.

Fskj. 2.3.1.—01.

Hraðbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

	1. jan. 1972	1. jan. 1974	
	Alls km	Ekki akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	83,4	14,0	159,7
Reykjaneskjördæmi	168,4	8,2	161,2
Vesturlandskjördæmi	113,1	7,3	101,1
Vestfjarðakjördæmi	5,1		8,2
Norðurlandskjördæmi vestra			129,4
Norðurlandskjördæmi eystra	26,4		49,4
Austurlandskjördæmi	2,3		7,8
	398,7	29,5	616,8

Fskj. 2.3.2.—01.

Þjóðbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

	1. jan. 1972			1. jan. 1974		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	12,0	215,3	227,3		305,3	305,3
Reykjaneskjördæmi		23,9	23,9		9,8	9,8
Vesturlandskjördæmi		382,2	382,2		440,3	440,3
Vestfjarðakjördæmi		479,5	479,5	10,0	394,1	404,1
Norðurlandskjördæmi vestra		351,0	351,0		220,8	220,8
Norðurlandskjördæmi eystra		540,0	540,0	13,0	519,7	532,7
Austurlandskjördæmi		661,9	661,9		694,0	694,0
Samtals	12,0	2 653,8	2 665,8	23,0	2 584,0	2 607,0

Fskj. 2.3.3.—01.

Landsbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

	1. jan. 1972			1. jan. 1974		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	54,4	1 159,3	1 213,7	27,5	1 090,0	1 117,5
Reykjaneskjördæmi	7,3	176,2	183,5		199,6	199,6
Vesturlandskjördæmi	48,9	865,3	914,2	38,3	809,3	847,6
Vestfjarðakjördæmi	62,4	731,6	794,0	23,3	864,5	887,8
Norðurlandskjördæmi vestra	65,1	696,9	762,0	35,9	739,8	775,7
Norðurlandskjördæmi eystra	8,5	670,5	679,0	8,8	664,7	673,5
Austurlandskjördæmi	40,5	761,7	802,2	16,5	740,3	756,8
Samtals	287,1	5 061,5	5 348,6	150,3	5 108,2	5 258,5

Fskj. 2.5.—01.

Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

	1. jan. 1972		1. apríl 1974	
Kjördæmi	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	7	9	6	4
Reykjaneskjördæmi	1	1	0	1
Vesturlandskjördæmi	1	1	1	2
Vestfjarðakjördæmi	3	5	2	3
Norðurlandskjördæmi vestra	2	4	3	5
Norðurlandskjördæmi eystra	2	1	3	1
Austurlandskjördæmi	15	8	13	3
Alls	31	29	28	19

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fskj. 2.5.—02.

Óbrúaðar ár á sýsluvegum.

Kjördæmi	1. jan. 1972		1. apríl 1974	
	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	1	1	0	1
Reykjaneskjördæmi	1	4	1	2
Vesturlandskjördæmi	5	4	2	5
Vestfjarðakjördæmi	12	2	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	2	5	2	4
Norðurlandskjördæmi eystra	2	1	1	2
Austurlandskjördæmi	20	11	19	11
Alls	43	28	37	27

Fskj. 2.5.—03.

Aldur brúa, 10 m og lengri.


Byggingarár	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	Reiknað álag
1900—1909		1		1	Mannþröng: 400 kg/m²
1910—1919		0	24	24	Mannþröng: 400 kg/m²
1920—1929		6	51	57	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1930—1939		17	88	105	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1940—1949		36	82	118	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	4	76	166	246	Vagn 20—34 tonn
1960—1969		79	97	176	Vagn 20—34 tonn
1970—1973		26	48	74	Vagn 20—34 tonn
Alls	4	241	556	801	

Fskj. 2.6.—01.

Sýsluvegir 1. jan. 1974.

	Samkv. a—c lið 19. gr.				Skv. d—e lið 19. gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
Vestur-Skaftafellssýsla		38,0	62,7	100,7	2,8	103,5	
Rangárvallasýsla		27,6	157,0	184,6	63,3	247,9	
Árnessýsla		24,6	173,3	197,9	22,0	219,9	
							571,3
Gullbringusýsla			14,0	14,0	4,7	18,7	
Kjósarsýsla		11,1	38,7	49,8	11,1	60,9	
							79,6
Borgarfjarðarsýsla		5,5	51,5	57,0	5,6	82,6	
Mýrasýsla	2,0	18,3	105,2	125,5	18,9	144,4	
Snæf. og Hnappadalssýsla	1,6	20,7	88,8	111,1	40,8	151,9	
Dalasýsla	3,0	24,5	35,7	63,2	11,4	74,6	
							433,5
Austur-Barðastrandarsýsla		28,7	16,1	44,8	45,6	90,4	
Vestur-Barðastrandarsýsla		14,6	34,8	49,4	27,6	77,0	
Vestur-Ísafjarðarsýsla		47,7	13,5	61,2	47,4	108,6	
Norður-Ísafjarðarsýsla		7,2	32,9	40,1	26,5	66,6	
Strandasýsla		20,0	40,9	60,9	78,2	139,1	
							481,7
Vestur-Húnavatnssýsla	0,6	18,8	104,7	124,1	33,4	157,5	
Austur-Húnavatnssýsla	1,5	26,1	71,1	98,7	19,7	118,4	
Skagafjarðarsýsla	9,1	45,1	107,3	161,5	1,7	163,2	
							439,1
Eyjafjarðarsýsla	0,3	10,1	79,2	89,6	2,1	91,7	
Suður-Þingeyjarsýsla		68,0	78,1	146,1	7,0	153,1	
Norður-Þingeyjarsýsla	6,0	90,0	86,1	182,1	0,2	182,3	
							427,1
Norður-Múlasýsla	5,2	124,2	108,1	237,5	25,3	262,8	
Suður-Múlasýsla	0,4	52,8	71,1	124,3	25,3	149,6	
Austur-Skaftafellssýsla		21,3	37,9	59,2	22,7	81,9	
							494,3

LÍNURIT 1


Fólksbifreiðar pr. 1.000 íbúa.
y = m / 1+e^-pt
m = 500
p = 0,1193
y = 139 (1965)
500
450
400
350
300
250
200
150
100
50
0
1930
1940
1950
1960
1970
1980
1990
2000
Reiknaður fjöldi fólksbifreiða pr. 1.000 íbúa.
Fólksbifreiðar pr. 1.000 íbúa.

Nd. **738. Frumvarp til laga** [151. mál]

um skráningu og mat fasteigna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. apríl).

Samhljóða þskj. 205 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Fasteign skv. lögum þessum telst vera annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands, sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamarka getur talist sjálfstæð eind.
2. Mannvirki, þ. e. hvert það mannvirki, sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt, með hliðsjón af þeim rétti til lands, sem mannvirkinu fylgir.

Að því marki sem sérgreindur eignarréttur eða sérstök notkun einstakra hluta mannvirkja er ríkjandi skipan, skal samkv. lögum þessum farið með slíka eignarhluta sem fasteignir, sbr. 3. gr., lið 3.22.

5. gr. hljóðar svo:

Skráningaraðila er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld, að takmarka söfnun og skráningu upplýsinga frá því, sem kveðið er á um í 3. gr., að því marki sem eignir eru þess eðlis, að slík upplýsingasöfnun er erfið og hefur ekki tilgang fyrir opinbera aðila.

Ráðherra getur með reglugerð fjölgað þeim upplýsingaatriðum um fasteignir, sem færð skulu á fasteignaskrá skv. 3. gr. ,

Fasteignaskrá ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa, sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis, sem taki til landsins alls.

Heimilt er að verja fé úr ríkissjóði til mælinga á löndum og til jarðvegskannana samkvæmt tillögum Fasteignaskrár.

7. gr. hljóðar svo:

Fasteignaskrá starfar undir stjórn forstjóra, sem ráðherra ræður til starfs með 6 mánaða uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 38 14. apríl 1954. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því, sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni hrökkva til. Hann ákveður einnig innra skipulag stofnunarinnar.

8. gr. hljóðar svo:

Við Fasteignaskrá skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila, sem nýta eða nýtt geta skrána í rekstri sínum. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga, fulltrúi Stéttarsambands bænda, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, fulltrúi Hús- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi samstarfsnefndar banka og sparisjóða.

Fasteignaskrá getur veitt fleiri aðilum rétt til þátttöku í störfum nefndarinnar, eftir því sem henta þykir.

Ráðgjafarnefnd er skv. þessari grein vettvangur fyrir umræður um hvaðeina, sem varðar rekstur Fasteignaskrár. Nefndin gerir tillögur og ábendingar eftir því, sem henni þykir við þurfa, til forstjóra og ráðuneytis um viðfangsefni skrárinnar og lausn þeirra.

Fundi í ráðgjafarnefnd skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin kýs sér sjálf formann til tveggja ára í senn. Formaður kallar nefndina saman og stýrir fundum. Forstjóri Fasteignaskrár skal sitja fundi nefndarinnar.

9. gr. hljóðar svo:

Byggingafulltrúi eða sá, sem sveitarstjórn tilnefnir, skal sjá um, að Fasteignaskrá berist réttar upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig. Sömuleiðis ber þeim að tilkynna breytingar og eyðingu mannvirkja.

Fasteignaskrá kveður á um form, efni og tímasetningu þessarar upplýsingagjafar.

Fasteignaskrá getur ákveðið að afla upplýsinga um einstakar tegundir mannvirkjagerðar frá öðrum aðilum en nefndir eru í 1. mgr., enda er opinberum stofnunum, sem safna þess háttar upplýsingum á verksviði sínu, skylt að leggja Fasteignaskrá til þær upplýsingar.

Í þeim landshlutum, þar sem byggingafulltrúar starfa ekki, getur Fasteignaskrá, meðan svo standa sakir, ráðið menn til gagnasöfnunar, sbr. 1. mgr.

Fasteignaskrá ber að hafa frumkvæði að samræmingu á gagnasöfnun um atriði, sem snerta fasteignir, og koma í veg fyrir tvíverknað í því efni.

Byggingafulltrúar í dreifbýli geta, ef nauðsyn krefur og að fengnu samþykki Fasteignaskrár, valið sér trúnaðarmenn til aðstoðar við upplýsingasöfnun.

Fasteignaskrá greiðir þeim, sem bera kostnað af starfsemi þeirra aðila, er nefndir eru í 1. mgr., fjárhæð, sem ráðherra ákveður með reglugerð, fyrir hverja tilkynningu, sem send er Fasteignaskrá skv. þessari grein.

10. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórnir eru ábyrgar fyrir því, að Fasteignaskrá hafi borist upplýsingar um mannvirkjagerð í sveitarfélaginu, breytingar á mannvirkjum eða eyðingu þeirra, sbr. 9. gr.

Fasteignaskrá sendir hverju sveitarfélagi árlega skrá með nægum upplýsingum um fasteignir, til að gengið verði úr skugga um, að byggingafulltrúi hafi fullnægt lagaskyldu sinni skv. 9. gr.

12. gr. hljóðar svo:

Eigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Fasteignaskrár um breytingar á umráðum yfir skráðri eign sinni skv. Fasteignaskrá. Við eigendaskipti er fyrrverandi eigandi ábyrgur fyrir tilkynningu um þá breytingu, sbr. 3. gr. i.f.

Fasteignaskrá kveður á um form og efni slíkra tilkynninga, og er eigendum skylt að veita allar þær upplýsingar, sem um er beðið, þ. á m. um söluverð eða leigu.

Ávallt er skylt að greina rétt söluverð í afsali. Þinglýsingardómurum er jafnframt skylt við þinglýsingu afsala að ganga úr skugga um, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, og hlutast til um gerð tilkynninga og sendingu, ef þess gerist þörf. Fasteignasölum er einnig skylt í starfi sínu að stuðla að gerð slíkra tilkynninga og sendingu.

Fasteignaskrá ber að undirbúa og gefa út staðlaðar gerðir afsala, kaupsamninga og leigusamninga um fasteignir og fasteignaréttindi, með samriti, sem sjálfkrafa er fullnægjandi tilkynning til skrárinnar.

18. gr. hljóðar svo:

Mat fasteigna annast sérstakir matsmenn, sem ráðherra ræður með sex mánaða uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 38 14. apríl 1954, úr hópi umsækjenda, sem yfirfasteignamatsnefnd skv. 19. gr. telur hæfa til starfsins. Starf matsmanna getur hvort heldur verið fullt starf eða hluti úr starfi, eftir því sem þörf krefur og henta þykir að dómi ráðherra.

Matsmaður metur skráðar eignir samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélagi og eiganda er hvoru um sig heimilt að tilnefna á sinn kostnað trúnaðarmann til að eiga aðild að mati. Verði ágreiningur milli tilnefndra og skipaðs matsmanns, skal niðurstaða skipaðs matsmanns ráða að svo stöddu, en matið ganga til yfirmats.

Ráðherra tilnefnir úr hópi matsmanna sérstakan matsstjóra, sem jafnframt matsstörfum skal annast umsjón með störfum matsmanna, samræmingu starfa þeirra, miðlun upplýsinga þeirra í milli um það, sem máli skiptir um framkvæmd matsins, svo og útvegun sérfræðilegrar aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Matsmenn starfa skipulagslega innan Fasteignaskrár sem stofnunar. Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til, og jafnframt falið þeim upplýsingasöfnun að beiðni forstjóra Fasteignaskrár.

Ráðherra ákveður fjölda matsmanna og aðsetur í þessari röð: Í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Ísafirði, í Borgarnesi, á Sauðárkróki og í Keflavík. Matsstjóri getur sett matsmenn til starfa, hvar sem er á landinu, eftir því sem verkefni falla til.

Sþ. 739. Tillaga til þingsályktunar [323. mál]

um undirbúning nýrrar löggjafar um stéttarfélög, vinnudeilur og kjarasamninga.

Flm.: Halldór Kristjánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa fyrir næsta þing frumvarp að nýjum lögum um stéttarfélög, vinnudeilur og kjarasamninga.

Greinargerð.

Þegar lokið var hinni víðtæku kjarasamningagerð í febrúar síðastliðnum, virtist það einróma álit þeirra, sem að samningunum höfðu unnið, að nauðsyn væri að finna aðra hentugri leið til samningagerðar. Síðan hefur það svo komið í ljós, að niðurstaðan að því er varðar kaup og kjör er í heild töluvert önnur en ætlast var til við undirskriftir. Það samkomulag, sem ríkisstjórnin gerði við Alþýðusambandið um mesta hlutfallslega hækkun lægstu launa, hefur alls ekki verið haldið í reynd. Launþegasamtökin, eða sú forusta þeirra, sem kallast Alþýðusamband Íslands, hefur alveg misst þessa samningagerð úr höndum sér. Það, sem átti að vera heildarsamningar, hefur alls ekki orðið það.

Þetta, sem nú hefur verið rakið, eru raunar nóg rök fyrir því, að knýjandi nauðsyn sé að setja nýja grundvallarlöggjöf um vinnudeilur, kjarasamninga og slíkt. Þeim málum verður að skipa á þjóðhollari og lýðræðislegri hátt en nú er í reynd.

Einn höfuðgalli á núverandi ástandi er sá, að ýmiss konar smáhópar geta farið í verkfall einir sér og stöðvað þýðingarmikinn rekstur og látið mikil verðmæti fara forgörðum. Það skiptir þjóðarbúskapinn í heild ekki miklu, þó að fáeinum mönnum sé ofborgað í hlutfalli við aðra. Stundum er því freistast til að gera það heldur en þola langvinna stöðvun og stórkostlegt tap. Stundum hafa einstakir smáhópar brotist þannig út úr hinu almenna kerfi, ef svo má segja. En það koma alltaf aðrir á eftir, sem telja sig geta gert rökréttan samanburð við þá, sem á undan fóru. Áður en varir er greiðslugetunni ofboðið. Og þá er þetta ekki lengur neinn gróði fyrir launþega.

Hér er vitanlega ekki tímabært að ræða mikið um það, hvernig hin nýja vinnumálalöggjöf ætti að vera. Lægi það ljóst fyrir flm., kæmi hér vitanlega frv. að nýrri vinnumálalöggjöf, en ekki þáltill. Þó þykir við hæfi að nefna hér hugmynd, sem taka bæri til athugunar. Hún er sú, að launþegasamtökin finni launahlutfall fyrir starfshópa sína. Sú skipan yrði gerð innan starfsstéttanna sjálfra að bestu manna yfirsýn. Starfsfólkið á þjóðarheimilinu kæmi sér saman um það, hvernig bæri að skammta og launa hverjum og einum.

Þetta kann að virðast djarfur draumur og vonlaust, að allir verði ánægðir í fyrstu. En hverjir eru ánægðir í dag? Hver telur núverandi ástand gallalaust? Gæti

ekki samningsgerð starfshópanna sjálfra innbyrðis verið betri en það handahóf, ójöfnuður og deilur, sem nú tíðkast?

Stéttarfélögin íslensku hafa mikið vald í reynd, og það er gott hjá öðru verra. En þau hafa takmarkaðar skyldur gagnvart þjóðfélaginu. Löggjöf fyrri tíma þráðist við að játa vald þeirra. Hins gamla viðhorfs gætti enn, þegar þau voru viðurkennd af illri nauðsyn sem löglegur varnaraðili stétta sinna aðeins. Nú er það eitt í samræmi við líðandi stund að gera sér ljóst, að þau eru ráðandi afl, ætla þeim beina þátttöku í stjórn og þróun kjaramála og fela þeim vitandi vits ábyrgð og skyldur sem öllu valdi verða að fylgja.

Nd. 740. Frumvarp til laga [324. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—74.)

1. gr.

Í stað orðanna „151 brúttórúmlest að stærð“ í a-lið og b-lið 17. gr. laganna komi orðin: 131 brúttórúmlest að stærð.

Fjárhæðir 17. gr. laganna breytist þannig, að í a-lið 1. mgr. komi 320 krónur í stað 120 króna, í b-lið 1. mgr. komi 240 krónur í stað 100 króna og í 2. og 3. mgr. komi 150 krónur í stað 85 króna.

Síðasta málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og 2. og 3. mgr., skulu greiðast frá 1. janúar 1974 og skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. júní 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samninganefndir Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands samþykktu nýlega í viðræðum um kaup og kjör sjómanna á fiskibátum að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún beitti sér fyrir því, að fæðisgreiðslum til sjómanna yrði breytt eins og lagt er til í lagafrumvarpi þessu. Eru í frumvarpið teknar óbreyttar óskir þessara aðila, eins og þær eru settar fram í bréfum til sjávarútvegsráðherra, dags. 9. mars og 3. apríl 1974, sem undirrituð eru af Kristjáni Ragnarssyni f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Ingólfi Stefánssyni f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Jóni Sigurðssyni f. h. Sjómannasambands Íslands. Í síðara bréfinu segir, að samkvæmt kjarasamningum þeim, er nýlega voru undirritaðir milli ofangreindra aðila, skuli nú miðað við hinar nýju mælingarreglur Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi rúmlestatölu fiskiskipa, sem leiði m. a. til þess, að skip, sem samkvæmt gömlu mælingarreglunni mældust 150 rúmlestir, teljist nú vera 130 rúmlestir.

Á árinu 1972 voru tekjur áhafnadeildar aflatryggingasjóðs 173.8 milljónir króna, en gjöld námu þá 179.5 millj. króna. Niðurstöðutölur fyrir árið 1973 liggja ekki fyrir, en tekjur námu á því ári 267.6 millj. króna, og ef gjöld eru áætluð að hluta, þá nema þau 222 milljónum króna. Tekjur umfram gjöld verða því rúmlega 45 milljónir króna á síðasta ári, en á árinu 1972 voru gjöldin 5.7 milljónum króna hærri en tekjurnar.

Ekki er unnt að sjá fyrir, hvort tekjur áhafnadeildar aflatryggingasjóðs á árinu 1974 muni hrökkva til að mæta þeim hækkunum á fæðisgreiðslum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, enda óvíst annars vegar, hvert verður verðmæti útfluttra

sjávarafurða á árinu, og hins vegar, hver verður fjöldi úthaldsdaga og áhafnarmanna á fiskiskipaflotanum. Ekki þykir þó líklegt, að svo mikið muni bera á milli, að á þessu stigi sé þörf sérstakra ráðstafana til þess að auka tekjur áhafnadeildarinnar, þótt samþykkt verði að hækka fæðisgreiðslur til sjómanna, eins og hér er lagt til.

Nd. 741. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá félagsmálanefnd.

Málið er komið frá hv. efri deild, þar sem það var samþykkt samhljóða. Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi, 22. apríl 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Gunnar Thoroddsen.	Stefán Valgeirsson.	Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 742. Nefndarálit [236. mál]

um till. til þál. um framkvæmd iðnþróunaráætlunar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundum sínum og mælir með samþykkt hennar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Geirþrúður H. Bernhöft og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 22. apríl 1974.

Hannibal Valdimarsson, form.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Pétur Pétursson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Björn Pálsson.	

Nd. 743. Breytingartillaga [255. mál]

við frv. til l. um lántökuheimildir erlendis.

Frá Lárusi Jónssyni og Pálma Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Heimildin skv. c-lið skal bundin því skilyrði, að lögð verði fram á Alþingi greinargerð um framkvæmda- og kostnaðaráætlun um fyrirhugaða flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland, svo og hagkvæmnisamanburður mismunandi valkosta til þess að leysa orkuþörf Norðlendinga.

Nd. 744. Frumvarp til laga [262. mál]

um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

1. gr.

Síðari efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 745. Frumvarp til laga [191. mál]

um málflytjendur.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 338 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf lögmanns er ekki bindandi fyrir viðskiptaaðilja hans.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða skipuðum lögmanni málflutningslaun hans með dómi í aðalmálinu. Þessa ákvörðun má kæra til lögmannsdóms skv. 11. gr. með fjögurra vikna kærufresti. Á sama hátt má kæra til lögmannsdóms ákvörðun um málsvarnarlaun í opinberu máli.

10. gr. hljóðar svo:

Lögmannafélag Íslands skal velja tvo menn í lögmannsdóm. Skulu menn þessir kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Á sama hátt skal kjósa tvo varamenn. Einn aðalmaður og einn varamaður skulu ganga úr dómnum ár hvert.

Hæstiréttur skipar formann lögmannsdóms til þriggja ára í senn svo og varaformann til sama tíma. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir í fast dómaraembætti.

Varamenn taka sæti, þegar aðalmenn eru forfallaðir eða vanhæfir til að skera úr einstöku máli.

Laun dómenda í lögmannsdómi skulu greiðast úr ríkissjóði eftir úrskurði dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um kjör dómenda og starfshætti lögmannsdóms.

13. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem:

1. Er 25 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.

3. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenskum lögum.
5. Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlegra fluttra mála eða að öðrum kosti sýnt hæfni sína með flutningi fjögurra munnlegra fluttra mála fyrir prófnefnd, er dómsmálaráðherra skipar.

Prófnefndin skal fylgjast með starfi að undirbúningi málflutningsins og stuðla að því, að hann veiti prófmanni þekkingu á störfum lögmanna. Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar o. fl. að fengum tillögum Lögmannafélags Íslands.

Lögfræðingur, sem skipaður hefur verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í fasta dómarastöðu samkvæmt 32. gr. laga nr. 85/1936, er undanþeginn ákvæði 1. mgr. 5. tl.

Leita skal álits stjórnar Lögmannafélags Íslands, áður en leyfi er veitt.

Heimilt er að synja manni um leyfi, ef 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. á við um hagi hans.

Dómsmálaráðherra setur tvo prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. mgr. 5. tl. 1. mgr. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Nd. 746. Lög [239. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

(Afgreidd frá Nd., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 557.

Ed. 747. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um umhverfismál.

(Eftir eina umr. í Nd., 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að endurskoðuð verði og samræmd löggjöf um umhverfismál, og í því sambandi athuga, hvort rétt sé að sameina þau undir eina yfirstjórn.

Ed. 748. Frumvarp til laga [325. mál]

um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

Af hverri þriggja pela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal í næstu 10 ár greiða gjald að upphæð kr. 100.00 og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna í sérstakan sjóð til varnar gegn drykkjusýki. Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur í sjóð til varnar gegn drykkjusýki samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til félagasamtaka og einstaklinga, er vinna að því að hamla

gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Veita má lán og styrki til þess að koma á fót og reka afvötnunar- og ráðleggingarstöðvar fyrir drykkjusjúka, svo og vinnu- og endurhæfingarstöðvar. Þá er og heimilt að verja allt að 10% af árstekjum sjóðsins til styrktar þeim, er reka áróður gegn áfengisneyslu. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að 75% af stofnkostnaði.

3. gr.

Heilbrigðismálaráðherra tekur ákvarðanir um lán og styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum tryggingaráðs. Tryggingastofnun ríkisins setur reglugerð um lánakjör sjóðsins og hlutfall milli lána og styrkja. Einnig skal hún samþykkja starfsreglur þeirra aðila, er aðstoðar njóta.

4. gr.

Áfengisverslun ríkisins er heimilt að hækka verð á sterkum drykkjum um sömu upphæð og nemur framlagi til sjóðsins. Hækkunin skal ekki hafa áhrif á K-vísitölu.

5. gr.

Sjóðnum er ekki ætlað að veita lán eða styrk til þeirra stofnana, sem ríkið rekur til hjálpar drykkjusjúkum, heldur stuðla að viðbót við þær aðgerðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1974.

Greinargerð.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförnum árum, hafa leitt það í ljós, svo að ekki verður um villst, að drykkjuskapur fer vaxandi hér og þá einkum hjá yngri aldursflokkunum.

Þeim, er að málefnum drykkjusjúkra vinna, dylst það ekki, að misnotkun áfengis er stærsta og alvarlegasta félagslega vandamálið, sem við eigum við að stríða. Þúsundir Íslendinga eru vanheilir vegna ofdrykkju og hundruð fjölskyldna líða á ýmsan hátt vegna áfengisvandamálsins. Þótt hið opinbera hafi á undanförnum árum sýnt nokkra viðleitni til þess að hjálpa drykkjusjúkum, þá er varla ofmælt, þótt sagt sé, að sá hópur hafi verið olnbogabarn um langa hríð.

Baráttan gegn áfengisvandamálinu er erfið og ekki að vænta skyndiárangurs. Þó er vitað, að félagasamtök og einstaklingar, er af áhuga vinna að þessum málum, hafa náð athyglisverðum árangri.

Það er tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps að styðja við bakið á þeim, sem af áhuga og fórnfýsi vilja vinna að umbótum á þessu sviði, vilja vinna að því að greiða úr þeim þjóðarvanda, sem hér er um að ræða.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Ætla má, að gjald það, sem hér um ræðir, muni nema 120—130 milljónum króna árlega. Erfitt er að segja til um það, hve hárri upphæð gjaldið muni nema alls, þar eð búast má við því, að verðhækkunin muni fækka eitthvað þeim brennivínsflöskum, sem seldar verða, og er það út af fyrir sig árangur.

Við 2. gr.

Mörg félagasamtök og einstaklingar vinna að því að hjálpa drykkjusjúkum eða vara við hættunni af áfengisneyslu. Með auknum fjárráðum má ætla, að árangur yrði meiri af þessari viðleitni. Drukknir einstaklingar, sem lögreglan tekur í sína vörslu, eiga nú varla annars kost en að gista í fangageymslu og vera fleygt út að

morgni. Nauðsyn er að koma upp aðstöðu til þess að geta veitt þessum vesalingum þjónustu, tekið þá til rannsóknar og grafist fyrir um orsakirnar að drykkju þeirra. Slík afvötnunar- og rannsóknarstöð ætti að njóta forgangshjálpar úr sjóðnum, þar eð telja verður, að hún sé eitt brýnasta úrlausnarefnið. Sjálfsagt er, að sjóðurinn styrki og láni til endurhæfingar og vinnuaðstöðu drykkjusjúkra. Slík starfsemi er nauðsynleg, þegar sjúkrahúsvist lýkur.

Áróður gegn víndrykkju og drykkjuósiðum er að sjálfsögðu eitt veigamesta atriðið til varanlegra úrbóta. 10% af árlegum tekjum sjóðsins mundu auka möguleika bindindishreyfingarinnar og annarra þeirra aðila, er að áfengisvörnum vinna, til þess að sinna þeirri starfsemi.

Við 3. gr.

Æskilegt er, að þau lán, sem sjóðurinn veitir, séu veitt til langs tíma, 10—15 ára, og með vægum vöxtum. Líklegt er, að heppilegt sé, að helmingur aðstoðar sé að jafnaði lán og helmingur styrkur. Það er nauðsynlegt að Tryggingastofnun ríkisins kynni sér starfsaðferðir og fái áætlun um störf þeirra, er aðstoðar njóta.

Við 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 5. gr.

Ákvæðið um það, að sjóðurinn aðstoði ekki þær stofnanir, er ríkið rekur til hjálpar drykkjusjúkum, er sett til þess að tryggja, að aðstoð hans sé hrein viðbót og auki fjölbreytni í aðgerðum til varnar gegn drykkjusýki og til lækninga á drykkjusjúkum.

Ed. 749. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna skal vera: Lög um rétt manna til starfsheitis.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi fimm nýjar greinar, sem verða 10., 11., 12., 13. og 14. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

10. gr.

Rétt til að kalla sig auglýsingateiknara hafa þeir einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

11. gr.

Engum má veita leyfi það, sem ræðir um í 10. gr., nema hann hafi lokið tilskildum prófum frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða sambærilegum lista- eða listiðnaðarskóla erlendis, sem nýtur viðurkenningar Myndlista- og handíðaskóla Íslands, og að auki fengið starfsþjálfun eða stundað framhaldsnám hjá viðurkenndum teiknara eða viðurkenndum skóla að mati Myndlista- og handíðaskóla Íslands og stéttarfélags auglýsingateiknara í a. m. k. tvö ár. Að fengnum meðmælum stéttarfélags auglýsingateiknara, má þó veita þeim undanþágu frá tveggja ára starfsþjálfun eða framhaldsnámi, sem stundað hafa störf teiknara í fimm ár samfleytt fyrir gildistöku laga þessara.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig auglýsingateiknara.

12. gr.

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði (möbel- og interiörarkitekt), hafa þeir einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

13. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um getur í 12. gr., nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla, sem stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

14. gr.

Réttur sá til starfsheitis, sem lögum þessum fylgir, felur ekki í sér einkarétt til ákveðinna verka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 750. Fyrirspurn [326. mál]

til menntamálaráðherra um almenningsbókasöfn.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

1. Hvaða starf hefur verið unnið við undirbúning löggjafar um almenningsbókasöfn?
2. Er þess að vænta, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir yfirstandandi þing?

Ed. 751. Lög [172. mál]

um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Ed., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 634 (sbr. 275).

Ed. 752. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu

Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna, einn eftir sameiginlegri tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands og Félags bryta, tvo eftir tilnefningu nemenda í Hótel- og veitingaskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 753. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjórann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 754. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu fiskimálaráðs og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins, tveir eftir tilnefningu nemenda Fiskvinnsluskólans úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn

skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 755. Frumvarp til laga [257. mál]

um hússtjórnarskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

I. KAFLI
Markmið, námstími.

1. gr.

Hlutverk hússtjórnarskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fóstruskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.
4. Sérmenntun í íslenskum handíðum, sbr. 15. gr.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

2. gr.

Starfstími hússtjórnarskóla skal vera 36 vikur — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímann. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Stofna skal til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður, hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms, og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi (þ. e. grunnskóla) með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.
b) Að nemandinn sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar.

5. gr.

Í hússtjórnarskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.:

a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Manneldisfræðigreinum.

c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
f) Handíðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Eins árs nám í hússtjórnarskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

III. KAFLI
Skólastjórn og kennarar.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hússtjórnarskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að vera settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við hússtjórnarskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr.

Við hússtjórnarskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn hússtjórnarskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

10. gr.

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Ennfremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í

samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Orlof.

12. gr.

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem að slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 1. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur til tiltekins náms eða námsferða skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur tveggja ára embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennurum launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Fjármál.

13. gr.

Hússtjórnarskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mötuneyti, svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Miða skal stærð hússtjórnarskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36—40 nemendur. Í verklegum greinum skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfsliði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hússtjórnarskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

V. KAFLI
Handíðaskóli.

15. gr.

Stofna skal 36 vikna handíðaskóla, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.

Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum hússtjórnarskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða- og textilgreinar.

Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíðaeða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra hússtjórnarskóla.

VI. KAFLI
Námskeið

16. gr.

Heimilt er að starfrækja í hússtjórnar- og handíðaskólum námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda, svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra hússtjórnarskóla, sem starfa eftir föstu námskeiða fyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði

17. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðraskólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma, til þess að slíkur skóli verði rekinn.

Ed. **756. Frumvarp til laga** [228. mál]

um gatnagerðargjöld.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimt skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Sama gildir, ef hús er stækkað, að því er stækkunina varðar.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

3. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

5. gr.

Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.

Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabil, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. og 3. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 757. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ítarlega og kynnt sér umsagnir, einnig átt viðræður við ýmsa aðila.
Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 6. gr. orðist svo:
   Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að landlæknir er formaður hennar, en einn nefndarmaður skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands og annar af tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal einnig tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni. Tannlæknir á rétt til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefndinni, að hann hafi lokið sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er skv. fyrrnefndum reglum.

2. Í 8. gr. 1. málsgr. falli niður orðin „svo sem tannsmiði, tanntækna o. fl.“.

3. 9. gr. orðist svo:
   Sérhæft starfsfólk skv. 8. gr. hefur ekki heimild til að taka að sér, án tilvísunar tannlæknis, sjálfstæð verkefni á sviði tannlækninga. Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðum stoðstéttum við tannlækningar er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir.

Fjarverandi voru Eggert G. Þorsteinsson og Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi, 22. apríl 1974.

Helgi Seljan, form., frsm. Auður Auðuns. Oddur Ólafsson.
Ásgeir Bjarnason. Geir Gunnarsson.

Sþ. 758. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um fullgildingu á Félagsmálasáttmála Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda Félagsmálasáttmála Evrópu, sem undirritaður var í Turin á Ítalíu 18. október 1961, en sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Fylgiskjal

FÉLAGSMÁLASÁTTMÁLI EVRÓPU.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa sáttmála þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

álíta, að markmið Evrópuráðsins sé að koma á nánari einingu meðal aðila þess í því skyni að vernda og framkvæma hugsjónir þær og meginreglur, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra og að auðvelda efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra, einkum með því að viðhalda og efla mannréttindi og mannfrelsi,

álíta, að með Evrópusamþykktinni um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirrituð var í Róm 4. nóvember 1950, og viðbótarbókun, sem undirrituð var í París 20. mars 1952, hafi aðildarríki Evrópuráðsins samþykkt að tryggja þegnum sínum þau borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi og frelsi, sem þar um ræðir,

álíta, að tryggja beri að menn fái notið félagslegra réttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða félagslegs uppruna,

eru staðráðnir í því að gera allt, sem þær orka sameiginlega til þess að bæta lífskjör og efla félagslega velferð þegna sinna, bæði í bæjum og sveitum, með viðeigandi stofnunum og aðgerðum,

hafa þær því orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. KAFLI

Samningsaðilarnir eru sammála um, að það sé markmið stefnu þeirra, sem fylgja beri með öllum viðeigandi ráðum, bæði á innlendum og fjölþjóðlegum vettvangi, að skapa þau skilyrði, sem þarf, til þess að með góðum árangri megi framfylgja eftirfarandi réttindum og meginreglum:

1. Allir menn skulu eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi, sem þeir hafa sjálfir valið sér.

2. Allt verkafólk á rétt á sanngjörnum vinnuskilyrðum.

3. Allt verkafólk á rétt á öruggum og heilsusamlegum vinnuskilyrðum.

EUROPEAN SOCIAL CHARTER.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its Members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage and of facilitating their economic and social progress, in particular by the maintenance and further realisation of human rights and fundamental freedoms;

Considering that in the European Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4th November 1950, and the Protocol thereto signed at Paris on 20th March 1952, the member States of the Council of Europe agreed to secure to their populations the civil and political rights and freedoms therein specified;

Considering that the enjoyment of social rigths should be secured without discrimination on grounds of race, color, sex, religion, political opinion, national extraction or social origin;

Being resolved to make every effort in common to improve the standard of living and to promote the social well-being of both their urban and rural populations by means of appropriate institutions and action,

Have agreed as follows:

PART I

The Contracting Parties accept as the aim of their policy, to be pursued by all appropriate means, both national and international in character, the attainment of conditions in which the following rights and principles may be effectively realised:

1. Everyone shall have the opportunity to earn his living in an occupation freely entered upon.

2. All workers have the right to just conditions of work.

3. All workers have the right to safe and healthy working conditions.

4. Allt verkafólk á rétt á sanngjörnu kaupi, er nægi fyrir sómasamlegum lífskjörum þess sjálfs og fjölskyldna þess.

5. Allt verkafólk og vinnuveitendur eiga rétt á að gerast aðilar að samtökum, innlendum eða fjölþjóðlegum, til verndar efnahagslegum og félagslegum réttindum sínum.

6. Allt verkafólk og vinnuveitendur eiga rétt á að semja sameiginlega.

7. Börn og ungmenni eiga rétt á sérstakri vernd gegn líkamlegri og siðferðilegri hættu, sem að þeim steðjar.

8. Í sambandi við barnsburð og önnur tilvik, eftir því sem við á, eiga konur rétt á sérstakri vernd í starfi.

9. Allir menn eiga rétt á viðeigandi aðstöðu til að njóta leiðbeininga um starfsval með það fyrir augum að auðvelda þeim að velja sér starf, sem henti persónulegri hæfni þeirra og áhuga.

10. Allir menn eiga rétt á viðeigandi aðstöðu til verknáms.

11. Allir menn eiga rétt á að njóta góðs af hvers kyns ráðstöfunum, er miða að því að tryggja sem best heilsu þeirra.

12. Allt verkafólk og skyldulið þess á rétt á félagslegu öryggi.

13. Sérhver, sem ekki hefir næg fjárráð, á rétt á félagslegri aðstoð og læknishjálp.

14. Allir menn eiga rétt á að njóta félagslegrar velferðarþjónustu.

15. Fatlaðir eiga rétt á verknámi, endurhæfingu og endurheimt aðstöðu, hver sem orsök og eðli fötlunarinnar kann að vera.

16. Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og á því rétt á viðeigandi félagslegri, lagalegri og efnahagslegri vernd til að tryggja fullan þroska sinn.

17. Mæður og börn eiga rétt á viðeigandi félagslegri og efnahagslegri vernd án tillits til hjúskaparstéttar og fjölskyldutengsla.

18. Þegnar sérhvers samningsaðila eiga rétt á að stunda hvers kyns arðbær störf í landi sérhvers annars samningsaðila með sama rétti og þegnar hins síðarnefnda, með þeim takmörkunum, sem byggjast á

4. All workers have the right to a fair remuneration sufficient for a decent standard of living for themselves and their families.

5. All workers and employers have the right to freedom of association in national or international organisation for the protection of their economic and social interests.

6. All workers and employers have the right to bargain collectively.

7. Children and young persons have the right to a special protection against the physical and moral hazards to which they are exposed.

8. Employed women, in case of maternity, and other employed women as appropriate, have the right to a special protection in their work.

9. Everyone has the right to appropriate facilities for vocational guidance with a view to helping him choose an occupation suited to his personal aptitude and interests.

10. Everyone has the right to appropriate facilities for vocational training.

11. Everyone has the right to benefit from any measures enabling him to enjoy the highest possible standard of health attainable.

12. All workers and their dependents have the right to social security.

13. Anyone without adequate resources has the right to social and medical assistance.

14. Everyone has the right to benefit from social welfare services.

15. Disabled persons have the right to vocational training, rehabilitation and resettlement, whatever the origin and nature of their disability.

16. The family as a fundamental unit of society has the right to appropriate social, legal and economic protection to ensure its full development.

17. Mothers and children, irrespective of maritals status and family relations, have the right to appropriate social and economic protection.

18. The nationals of anyone of the Contracting Parties have the right to engage in any gainful occupation in the territory of any one of the others on a footing of equality with the nationals of

veigamiklum efnahagslegum eða félagslegum ástæðum.

19. Farandverkafólk og fjölskyldur þess, sem er þegnar samningsaðila, á rétt á vernd og aðstoð í landi sérhvers annars samningsaðila.

II. KAFLI

Eins og gert er ráð fyrir í III. kafla, skuldbinda samningsaðilar sig til að telja sig bundna af skyldum þeim, sem tilgreindar eru í eftirfarandi greinum og málsgreinum.

1. gr.
Réttur til vinnu.

Í því skyni að tryggja, að réttur til vinnu sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að viðurkenna sem eitt helsta markmið þeirra og skyldu að koma á og viðhalda eins mikilli og öruggri atvinnu og mögulegt er, með það fyrir augum að koma á fullri atvinnu,

2. að vernda á raunhæfan hátt rétt verkafólks til þess að vinna fyrir sér í starfi, sem það hefir valið sér,

3. að koma á eða viðhalda ókeypis vinnumiðlun fyrir allt verkafólk,

4. að láta í té eða stuðla að viðeigandi starfsfræðslu, þjálfun og endurhæfingu.

2. gr.
Réttur til sanngjarnra vinnuskilyrða.

Í því skyni að tryggja, að réttur til sanngjarnra vinnuskilyrða sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að sjá til þess, að daglegur og vikulegur vinnustundafjöldi sé hæfilegur og að vinnuvikan verði smám saman stytt að því marki, sem aukin framleiðni og önnur viðkomandi atriði leyfa,

2. að sjá til þess, að veittir séu almennir frídagar með kaupi,

3. að sjá til þess, að veitt sé a. m. k. tveggja vikna árlegt orlof með kaupi,

4. að sjá til þess, að veittir séu aukafrídagar með kaupi eða vinnutími sé stytt-

the latter, subject to restrictions based on cogent economic or social reasons.

19. Migrant workers who are nationals of a Contracting Party and their families have the right to protection and assistance in the territory of any other Contracting Party.

PART II

The Contracting Parties undertake, as provided for in Part III, to consider themselves bound by the obligations laid down in the following Articles and paragraphs.

Article 1
The right to work.

With a view to ensuring the effective exercise of the right to work, the Contracting Parties undertake:

1. to accept as one of their primary aims and responsibilities the achivement and maintenance of as high and stable a level of employment as possible, with a view to the attainment of full employment;

2. to protect effectively the right of the worker to earn his living in an occupation freely entered upon;

3. to establish or maintain free employment services for all workers;

4. to provide or promote appropriate vocational guidance, training and rehabilitation.

Article 2
The right to just conditions of work.

With a view to ensuring the effective exercise of the right to just conditions of work, the Contracting Parties undertake:

1. to provide for reasonable daily and weekly working hours, the working week to be progressively reduced to the extent that the increase of productivity and other relevant factors permit;

2. to provide for public holidays with pay;

3. to provide for a minimum of two weeks annual holiday with pay;

4. to provide for additional paid holidays or reduced working hours for

ur hjá verkafólki, sem vinnur hættuleg eða óheilnæm störf, eins og nánar er ákveðið,

5. að tryggja vikulegan hvíldartíma, sem, eftir því sem mögulegt er, sé veittur á þeim degi, sem samkvæmt hefð eða venju er viðurkenndur hvíldardagur í viðkomandi landi eða landshluta.

workers engaged in dangerous or unhealthy occupations as prescribed;

5. to ensure a weekly rest period which shall, as far as possible, coincide with the day recognised by tradition or custom in the country or region concerned as a day of rest.

3. gr.
Réttur til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða.

Í því skyni að tryggja, að réttur til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að gefa út öryggis- og heilbrigðisreglugerðir,

2. að sjá um framkvæmd slíkra reglugerða með eftirliti,

3. að hafa, eftir því sem við á, samráð við samtök vinnuveitenda og verkafólks um ráðstafanir, sem ætlað er að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Article 3
The right to safe and healthy working conditions.

With a view to ensuring the effective exercise of the right to safe and healthy working conditions, the Contracting Parties undertake:

1. to issue safety and health regulations;

2. to provide for the enforcement of such regulations by measures of supervision;

3. to consult, as appropriate, employers' and workers' organisations on measures intended to improve industrial safety and health.

4. gr.
Réttur til sanngjarns kaups.

Í því skyni að tryggja, að réttur til sanngjarns kaups sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að viðurkenna rétt verkafólks til kaups, sem veiti því og fjölskyldum þess sómasamleg lífskjör,

2. að viðurkenna rétt verkafólks til hærra kaups fyrir yfirvinnu, með undantekningum í vissum tilvikum,

3. að viðurkenna rétt karla og kvenna til sama kaups fyrir jafn verðmæt störf,

4. að viðurkenna rétt verkafólks til hæfilegs uppsagnarfrests,

5. að heimila launafrádrátt einungis með þeim skilyrðum og að því marki, sem tiltekið er í landslögum eða reglugerðum eða kveðið er á um í heildarsamningum eða gerðardómum.

Réttindum þessum skal náð með frjálsum heildarsamningum, lögákveðinni skip-

Article 4
The right to a fair remuneration.

With a view to ensuring the effective exercise of the right to a fair remuneration, the Contracting Parties undertake:

1. to recognise the right of workers to a remuneration such as will give them and their families a decent standard of living;

2. to recognise the right of workers to an increased rate of remuneration for overtime work, subject to exceptions in particular cases;

3. to recognise the right of men and women workers to equal pay for work of equal value;

4. to recognise the right of all workers to a reasonable period of notice for termination of employment;

5. to permit deductions from wages only under conditions and to the extent prescribed by national laws or regulations or fixed by collective agreements or arbitration awards.

The exercise of these rights shall be achieved by freely concluded collective

an launamála, eða á annan hátt, sem hæfir aðstæðum í landinu.

agreements, by statutory wage-fixing machinery, or by other means appropriate to national conditions.

5. gr.
Réttur til að stofna félög.

Í því skyni að tryggja og stuðla að frelsi verkafólks og vinnuveitenda til að stofna staðbundin félög, landsfélög eða fjölþjóðleg sambönd til að gæta hagsmuna þeirra á sviði efnahags- og félagsmála og til að ganga í slík félög, skuldbinda samningsaðilar sig til að sjá um, að landslög skerði ekki það frelsi né að þeim verði beitt til að skerða það. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða að hve miklu leyti trygging sú, sem þessi grein veitir, skuli taka til lögreglunnar. Það skal einnig ákvarðast í landslögum eða reglugerðum að hve miklu leyti tryggingin, sem grein þessi gerir ráð fyrir, skuli ná til manna í herþjónustu.

Article 5
The right to organise.

With a view to ensuring or promoting the freedom of workers and employers to form local, national or international organisations for the protection of their economic and social interests and to join those organisations, the Contracting Parties undertake that national law shall not be such as to impair, nor shall it be so applied as to impair, this freedom. The extent to which the guarantees provided for in this Article shall apply to the police shall be determined by national laws or regulations. The principle governing the application to the members of the armed forces of these guarantees and the extent to which they shall apply to persons in this category shall equally be determined by national laws or regulations.

6. gr.
Réttur til að semja sameiginlega.

Í því skyni að tryggja, að réttur til að semja sameiginlega verði raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að stuðla að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og vinnuveitenda,

2. að stuðla að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda eða vinnuveitendafélaga og verkalýðsfélaga, þegar nauðsynlegt er eða við á, í þeim tilgangi að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum,

3. að stuðla að stofnun og notkun viðeigandi sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna, og viðurkenna,

4. rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum, þegar hagsmunaárekstrar verða, þ. á m. verkfallsrétti, með þeim takmörkunum, sem til kynnu að koma vegna gerðra heildarsamninga.

Article 6
The right to bargain collectively.

With a view to ensuring the effective exercise of the right to bargain collectively, the Contracting Parties undertake:

1. to promote joint consultation between workers and employers;

2. to promote, where necessary and appropriate, machinery for voluntary negotiations between employers or employers' organisations and workers' organisations, with a view to the regulation of terms and conditions of employment by means of collective agreements;

3. to promote the establishment and use of appropriate machinery for conciliation and voluntary arbitration for the settlement of labour disputes;

and recognise:

4. the right of workers and employers to collective action in cases on conflicts of interest, including the right to strike, subject to obligations that might arise out of collective agreements previously entered into.

7. gr.

Réttur barna og ungmenna til verndar.

Í því skyni að tryggja, að réttur barna og ungmenna til verndar sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að sjá um, að lágmarksaldur til ráðningar í starf sé 15 ár að tilskildum undanþágum fyrir börn, sem vinna tilgreinda létta vinnu, sem ekki er skaðleg heilsu þeirra, siðgæði eða menntun,

2. að sjá um, að hærri aldursmörk verði sett til ráðninga í ákveðin störf, sem álitin eru hættuleg eða óholl,

3. að sjá um, að fólk, sem enn er við skyldunám, verði ekki ráðið í vinnu, sem hindrað gæti það í að njóta námsins til fulls,

4. að sjá um, að vinnutími fólks yngra en 16 ára sé takmarkaður samkvæmt þörf þess til þroska, og sérstaklega í samræmi við þörf þess á starfsþjálfun,

5. að viðurkenna rétt ungs verkafólks og lærlinga á sanngjörnum launum eða öðrum viðeigandi greiðslum,

6. að sjá um, að tími sá, sem ungt fólk ver til starfsþjálfunar í venjulegum vinnutíma með samþykki vinnuveitenda, teljist hluti vinnudags,

7. að sjá um, að vinnandi fólk yngra en 18 ára fái minnst þriggja vikna orlof með kaupi árlega,

8. að sjá um, að fólk yngra en 18 ára sé ekki látið vinna næturvinnu, ef frá eru skilin viss störf, sem ákveðin eru með lögum eða reglugerðum,

9. að sjá um, að fólk yngra en 18 ára, sem vinnur störf, sem tiltekin eru í lögum eða reglugerðum, sé háð reglulegu lækniseftirliti,

10. að tryggja sérstaka vernd gegn líkamlegum og siðferðilegum hættum, sem steðja að börnum og ungmennum,

Article 7

The right of children and young persons to protection.

With a view to ensuring the effective exercise of the right of children and young persons to protection, the Contracting Parties undertake:

1. to provide that the minimum age of admission to employment shall be 15 years, subject to exceptions for children employed in prescribed light work without harm to their health, morals or education;

2. to provide that a higher minimum age of admission to employment shall be fixed with respect to prescribed occupations regarded as dangerous or unhealthy;

3. to provide that persons who are still subject to compulsory education shall not be employed in such work as would deprive them of the full benefit of their education;

4. to provide that the working hours of persons under 16 years of age shall be limited in accordance with the needs of their development, and particularly with their need for vocational training;

5. to recognise the right of young workers and apprentices to a fair wage or other appropriate allowances;

6. to provide that the time spent by young persons in vocational training during the normal working hours with the consent of the employer shall be treated as forming part of the working day;

7. to provide that employed persons of under 18 years of age shall be entitled to not less than three weeks' annual holiday with pay;

8. to provide that persons under 18 years of age shall not be employed in night work with the exception of certain occupations provided for by national laws or regulations;

9. to provide that persons under 18 years of age employed in occupations prescribed by national laws or regulations shall be subject to regular medical control;

10. to ensure special protection against physical and moral dangers to which children and young persons are exposed,

og þá sérstaklega gegn þeim hættum, sem stafa beint eða óbeint af starfi þeirra.

8. gr.

Réttur vinnandi kvenna til verndar.

Í því skyni að tryggja, að réttur vinnandi kvenna til verndar sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að sjá um, að konur fái frí frá störfum í samtals a. m. k. 12 vikur fyrir og eftir barnsburð, og sé það gert annað hvort með fullum launum, nægum greiðslum frá almannatryggingum eða styrk úr opinberum sjóðum,

2. að álíta ólöglegt, að vinnuveitandi segi konu upp starfi meðan hún er fjarverandi í barnsburðarleyfi eða segi henni upp með fyrirvara þannig, að fyrirvarinn renni út á slíkum fjarvistartíma hennar,

3. að sjá um, að mæður, sem hafa ungbörn á brjósti, skuli eiga rétt á nægum tíma í því skyni,

4. a) að hafa hönd í bagga með næturvinnu kvenna í iðnaði,

b) að banna ráðningu kvenna við námugröft neðanjarðar og, eftir því sem við á, við öll önnur störf, sem ekki hæfa þeim vegna þess, að þau eru í eðli sínu hættuleg, óholl eða erfið.

and particularly against those resulting directly or indirectly from their work.

Article 8

The right of employed women to protection.

With a view to ensuring the effective exercise of the right of employed women to protection, the Contracting Parties undertake:

1. to provide either by paid leave, by adequate social security benefits or by benefits from public funds for women to take leave before and after childbirth up to a total of at least 12 weeks;

2. to consider it as unlawful for an employer to give a woman notice of dismissal during her absence on maternity leave or to give her notice of dismissal at such a time that the notice would expire during such absence;

Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessi varði ekki komu til lands samningsaðila og

APPENDIX TO THE SOCIAL CHARTER

Scope of the Social Charter in terms of persons protected.

1. Without prejudice to Article 12, paragraph 4 and Article 13, paragraph 4, the persons covered by Articles 1 to 17 include foreigners only insofar as they are nationals of other Contracting Parties lawfully resident or working regularly within the territory of the Contracting Party concerned, subject to the understanding that these Articles are to be interpreted in the light of the provisions of Articles 18 and 19.

This interpretation would not prejudice the extension of similar facilities to other persons by any of the Contracting Parties.

2. Each Contracting Party will grant to refugees as defined in the Convention relating to the Status of Refugees, signed at Geneva on 28th July 1951, and lawfully staying in its territory, treatment as favourable as possible, and in any case not less favourable than under the obligations accepted by the Contracting Party under the said Convention and under any other existing international instruments applicable to those refugees.

Part I, Part II
Paragraph 18 and Article 18,
paragraph 1

It is understood that these provisions are not concerned with the question of

skerði ekki ákvæði Evrópu-samþykktar um gagnkvæmt jafnrétti borgaranna, sem undirrituð var í París hinn 13. desember 1955.

II. KAFLI

1. gr., 2. mgr.

Eigi skal túlka ákvæði þetta þannig, að það banni eða heimili nokkur ákvæði eða venju varðandi kröfu um aðild að stéttarfélagi.

4. gr., 4. mgr.

Skilja ber ákvæði þetta þannig, að það banni ekki tafarlausan brottrekstur vegna alvarlegra misgerða.

4. gr., 5. mgr.

Gert er ráð fyrir því, að samningsaðili geti veitt skuldbindingu þá, sem krafist er í málsgreininni, ef mikill meirihluti verkafólks verður ekki fyrir kauplækkun, hvorki samkvæmt lögum, heildarsamningum né úrskurðum gerðardóma, en undanskilið er það verkafólk, sem reglurnar taka ekki til.

6. gr., 4. mgr.

Gert er ráð fyrir því, að sérhver samningsaðili geti, að því er hann sjálfan varðar, takmarkað verkfallsrétt með lögum, að því tilskildu, að réttlæta megi hvers kyns frekari takmarkanir, sem þetta kann að hafa á verkfallsréttinn, með ákvæðum 31. greinar.

7. gr., 8. mgr.

Gert er ráð fyrir því, að samningsaðili geti veitt skuldbindingu þá, sem ráð er fyrir gert í málsgreininni, ef hann fylgir anda hennar eftir með lagaákvæðum þess efnis, að meginhluti fólks innan 18 ára aldurs skuli ekki látið vinna næturvinnu.

12. gr., 4. mgr.

Orðin „samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í slíkum samningum“ í inngangi málsgreinar þessarar, teljast þýða **meðal annars**, að varðandi bætur, sem fáanlegar eru óháðar nokkru tryggingaframlagi, geti samningsaðili krafist þess, að lokið

entry into the territories of the Contracting Parties and do not prejudice the provisions of the European Convention on Establishment, signed at Paris on 13th December 1955.

PART II

Article 1, paragraph 2

This provision shall not be interpreted as prohibiting or authorising any union security clause or practice.

Article 4, paragraph 4

This provision shall be so understood as not to prohibit immediate dismissal for any serious offence.

Article 4, paragraph 5

It is understood that a Contracting Party may give the undertaking required in this paragraph if the great majority of workers are not permitted to suffer deductions from wages either by law or through collective agreements or arbitration awards, the exceptions being those persons not so covered.

Article 6, paragraph 4

It is understood that each Contracting Party may, insofar as it is concerned, regulate the exercise of the right to strike by law, provided that any further restriction that this might place on the right can be justified under the terms of Article 31.

Article 7, paragraph 8

It is understood that a Contracting Party may give the undertaking required in this paragraph if it fulfils the spirit of the undertaking by providing by law that the great majority of persons under 18 years of age shall not be employed in night work.

Article 12, paragraph 4

The words "and subject to the conditions laid down in such agreements" in the introduction to this paragraph are taken to imply **inter alia** that with regard to benefits which are available independently of any insurance contribution a

sé tilskildu búsetutímabili áður en hann veiti þegnum annarra samningsaðila slíkar bætur.

13. gr., 4. mgr.

Ríkisstjórnir, sem ekki eru aðilar að Evrópu-samþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp, geta fullgilt félagsmálasáttmálann að því er þessa málsgrein varðar, svo fremi þeir veiti þegnum annarra samningsaðila meðferð, sem sé í samræmi við ákvæði greindrar samþykktar.

19. gr., 6. mgr.

Að því er ákvæði þetta varðar er gert ráð fyrir því að orðin „fjölskylda erlends starfsmanns" merki a. m. k. eiginkonu hans og börn á framfæri yngri en 21 árs.

III. KAFLI

Gert er ráð fyrir því, að sáttmálinn feli í sér lagaskuldbindingar alþjóðlegs eðlis, og framkvæmd þeirra sé eingöngu háð eftirliti því, sem gert er ráð fyrir í IV. kafla hans.

20. gr., 1. mgr.

Gert er ráð fyrir, að „tölusettar málsgreinar" geti falið í sér greinar, sem aðeins séu ein málsgrein.

V. KAFLI

30. gr.

Orðin „á styrjaldartímum eða öðrum hættutímum" ber að skilja þannig, að þau nái einnig til stríðshótunar.

Contracting Party may require the completion of a prescribed period of residence before granting such benefits to nationals of other Contracting Parties.

Article 13, paragraph 4

Governments not Parties to the European Convention on Social and Medical Assistance may ratify the Social Charter in respect of this paragraph provided that they grant to nationals of other Contracting Parties a treatment which is in conformity with the provisions of the said Convention.

Article 19, paragraph 6

For the purpose of this provision, the term "family of a foreign worker" is understood to mean at least his wife and dependent children under the age of 21 years.

PART III

It is understood that the Charter contains legal obligations of an international character, the application of which is submitted solely to the supervision provided for in Part IV thereof.

Article 20, paragraph 1

It is understood that the "numbered paragraphs" may include Articles consisting of only one paragraph.

PART V

Article 30

The term "in time of war or other public emergency" shall be so understood as to cover also the threat of war.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í stofnskrá Evrópuráðsins segir, að markmið þess sé að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja þess, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, svo og að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála. Unnið skal að markmiði þessu innan ráðsins með umræðum um mál, sem sameiginlega þýðingu hafa, og með samningum og sameiginlegum aðgerðum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda-, laga- og stjórnarfarsmála, og með varðveislu og frekari framkvæmd mannréttinda og mannfrelsis.

Að þessu yfirlýsta markmiði Evrópuráðsins hefur verið unnið með ýmsu móti allt frá stofnun ráðsins 1949 til þessa dags. Einn þátturinn í þessu starfi

er gerð Félagsmálasáttmála Evrópu, sem undirritaður var í Turin á Ítalíu hinn 18. október 1961 eftir u. þ. b. sjö ára undirbúningsstarf.

Sáttmálinn gekk í gildi í febrúar 1965, þegar fimm ríki höfðu fullgilt hann. Nú hafa 11 af 17 aðildarríkjum Evrópuráðsins fullgilt sáttmálann. En þau sex, sem ekki hafa fullgilt hann eru: Belgía, Holland, Ísland, Luxemborg, Sviss og Tyrkland. Á fundum félagsmálanefndar Evrópuráðsins er jafnan spurt hvað líði undirbúningi fullgildingar og þau ríki, sem ekki hafa fullgilt sáttmálann, hvött til að hraða fullgildingu.

Félagsmálasáttmálinn skiptist í fimm kafla.

Í I. kafla er að finna viljayfirlýsingu samningsaðila um að skapa þau skilyrði, sem þarf til að framfylgja þeim réttindum og meginreglum, sem þar næst eru upptalin í 19 tölusettum málsgreinum.

Í II. kafla eru 19 greinar, sem byggjast á tölusettum málsgreinum I. kafla. Samningsaðilar eru bundnir af skyldum þeim, sem tilgreindar eru í þessum greinum, er þeir hafa samþykkt þær. Greinarnar fjalla um:

Rétt til vinnu.
Rétt til sanngjarnra vinnuskilyrða.
Rétt til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða.
Rétt til sanngjarns kaups.
Rétt til að stofna félög.
Rétt til að semja sameiginlega.
Rétt barna og ungmenna til verndar.
Rétt vinnandi kvenna til verndar.
Rétt til leiðbeininga um stöðuval.
Rétt til starfsþjálfunar.
Rétt til heilsuverndar.
Rétt til félagslegs öryggis.
Rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar.
Rétt til að njóta góðs af félagslegri velferðarþjónustu.
Rétt líkamlega eða andlega fatlaðra til starfsþjálfunar, endurhæfingar og endurheimtar félagslegrar aðstöðu.
Rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.
Rétt mæðra og ungbarna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.
Rétt til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðila.
Rétt farandverkafólks og fjölskyldna þess til verndar og aðstoðar.

III. kafli fjallar um skuldbindingar samningsaðila m. a. í sambandi við fullgildingu á greinum II. kafla.

Í IV. kafla eru ákvæði um skýrslugjafir og nefndir.

Í V. kafla er að finna ýmis ákvæði, svo sem um takmarkanir, skuldbindingar, höft, gildissvið, fullgildingu, gildistöku, uppsögn og viðauka við sáttmálann.

Aðildarríki Evrópuráðsins getur fullgilt sáttmálann þótt það uppfylli ekki öll skilyrði II. kafla hans, en lágmarkið er, að það taki á sig skuldbindingar samkvæmt 10 af 19 greinum kaflans eða 45 tölusettum málsgreinum hans. Af þessum 10 greinum skal hlutaðeigandi ríki telja sig bundið af a. m. k. fimm eftirtalinna greina: 1., 5., 6., 12., 13., 16. og 19. gr. Síðar getur ríki tekið á sig skuldbindingar samkvæmt greinum, sem það hefir undanskilið í upphafi.

Ljóst er, að Ísland getur nú uppfyllt þau skilyrði, sem þarf til fullgildingar á félagsmálasáttmálanum. Einnig má geta þess, að nú er í undirbúningi frumvarp til laga um vinnuvernd, sem veita mun möguleika til viðtækari skuldbindinga, ef það verður að lögum.

Þar sem möguleiki er fyrir hendi að uppfylla skuldbindingar umræddrs félagsmálasáttmála, er nú farið fram á heimild Alþingis til að fullgilda hann fyrir Íslands hönd.

Nd. 759. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til l. um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið skal gera ráðstafanir til þess, að athugaðar verði leiðir til þess að koma á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk óháðri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sþ. 760. Fyrirspurn [328. mál]

til iðnaðarráðherra um afkomu iðnaðarins.

Frá Lárusi Jónssyni.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hver var afkoma almenns iðnaðar (sbr. skilgreiningu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins) árin 1971, 1972 og 1973?
2. Hve miklu nema tollaívilnanir á ári til innlends iðnaðar skv. nýsamþykktum lögum um tollskrá, og hversu miklu nema tollaívilnanir á innfluttum erlendum iðnaðarvörum?
3. Hversu háum fjárhæðum á ári nema viðbótarálögur ríkisins á iðnaðinn vegna söluskatts- og launaskattshækkunar, sem samþ. var á Alþingi í mars sl.?

Nd. 761. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 1 100.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 500.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 1 700.00.
b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 1 100.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 9 19. mars 1964 og lög nr. 26 5. apríl 1971.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni veiðistjóra. Er einungis um að ræða hækkun á verðlaunum fyrir að vinna refi og minka með hliðsjón af þeim breytingum á verðlagi, sem orðið hafa. Bréf veiðistjóra til nefndarinnar er birt sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 28. mars 1974.

Þar sem verðlaun, sem veitt eru fyrir að vinna refi og minka, hafa ekkert hækkað sl. þrjú ár, leyfi ég mér að fara þess á leit við háttvirta landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, að hún beiti sér fyrir því, að ofangreind verðlaun verði hækkuð fyrir vorið í hlutfalli við þær hækkanir, sem orðið hafa frá því í mars 1971.

Með lögum frá Alþingi 5. júní 1957 voru verðlaunin ákveðin kr. 350.00 fyrir refi og kr. 200.00 fyrir minka, og þótti þá síst of hátt. Síðan er tvívegis búið að hækka þau með lagabreytingum frá Alþingi, í síðara sinn þann 23. mars 1971, en þá voru þau ákveðin kr. 1 100.00 fyrir refi utan grenja (hlaupadýr), kr. 700.00 fyrir fullorðin grendýr og kr. 300.00 fyrir yrðlinga. Fyrir unna minka vou þau ákveðin kr. 700.00.

Síðan þessar lagabreytingar voru samþykktar á Alþingi, hafa orðið miklar hækkanir á kaupgjaldi og öllu verðlagi. Af þessum sökum tel ég mjög tímabært, að verðlaun fyrir að vinna refi og minka verði hækkuð til jafns við það, sem þau voru fyrir þremur árum (1971). Ég lít svo á, að algjört lágmark sé, að verðlaunin hækki um helming frá því, sem þau eru nú. Með þeirri hækkun verðlauna væru útgjöld ríkis og sveitarfélaga aukin nokkuð, en þess ber að gæta, að tímakaup og ferðakostnaður yrði verulega lægri, ef verðlaun fyrir unnin dýr hækkuðu, enda hafa verðlaunagreiðslurnar tvímælalaust gefið betri raun í dýravinnslunni en tímakaupsgreiðslur, og þó sérstaklega hvað villiminkinn snertir, svo að óvíst er, að um mikla útgjaldaaukningu yrði að ræða.

Alls munu árlega veiðast um 250 refir utan grenja og álíka mörg fullorðin grendýr og um 1000 yrðlingar, en villiminkar ca. 3000 dýr á ári.

Það skal tekið fram, að sl. ár var mikið spurt um bæði af sveitarstjórnarmönnum og veiðimönnum, hvort ekki kæmi hækkun á verðlaun fyrir unnin dýr bráðlega.

Hjálagt fylgja síðustu breytingar á lögum um eyðingu refa og minka.

Virðingarfyllst,
Sveinn Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 762. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til laga um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 1972.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Nd. 763. Nefndarálit [55. mál]

um frv til laga um niðurfærslu verðlags o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hinn 30. apríl s.l. voru gefin út bráðabirgðalög um niðurfærslu verðlags um 2%. Var þetta gert í kjölfar 5% hækkunar á gengi krónunnar. Að sjálfsögðu átti verðlag

í landinu að lækka í kjölfar gengishækkunarinnar. Ráðstafanir til þess að tryggja, að svo yrði og sem fyrst, voru eðlilegar og sjálfsagðar. Að svo miklu leyti sem það var tilgangur bráðabirgðalaganna, var hann réttmætur.

En í bráðabirgðalögunum var jafnframt kveðið á um, hvernig reikna skyldi kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið júní—ágúst 1973. Skyldi miða hana við 2% lægra verð á vöru og þjónustu en tekið var í skýrslu í maíbyrjun 1973 til útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar í þeim mánuði, en við þá vísitölu er kaupgjaldsvísitala fyrir júní—ágúst miðuð.

Auðvitað átti kaupgjaldsvísitalan júní—ágúst að miðast við **raunverulega** framfærsluvísitölu í maí, enda gert ráð fyrir því í samningum launþega og vinnuveitenda. Eðlilegast hefði því verið, að ný upptaka verðs hefði farið fram, þegar verðlækkunarákvæði bráðabirgðalaganna áttu að vera komin til framkvæmda eða 7. maí 1973. Í 8. hefti Hagtíðinda Hagstofu Íslands, ágústhefti, er hins vegar frá því skýrt í frásögn af niðurfærsluaðgerðunum samkvæmt bráðabirgalögunum, að engin ný verðupptaka hafi farið fram, en framfærsluvísitalan 1. maí reiknuð út samkvæmt þeim fyrirmælum bráðabirgðalaganna að miða við 2% lægra verð á vöru og þjónustu en tekið var í skýrslu í maíbyrjun.

Verðlagsskrifstofan og önnur hlutaðeigandi yfirvöld gerðu m. ö. o. enga tilraun til þess að ganga úr skugga um, að fyrirmælin um 2% verðlækkun kæmu til framkvæmda. Framfærsluvísitalan í maí var ekki miðuð við **raunverulegt verðlag**, heldur **tilbúið verðlag.** Og kaupgjaldsvísitalan í júní—ágúst var miðuð við þetta tilbúna verðlag, en ekki raunverulegt verðlag.

Lítill vafi getur leikið á því, að fyrirmæli bráðabirgðalaganna um 2% verðlækkun á fyrstu viku maímánaðar hafa ekki komist til fullra framkvæmda. Eftir á verður auðvitað ekki úr því skorið, hversu mikið hefur á skort. En þá hefur kaupgjaldsvísitalan í júní—ágúst einnig verið lægri en vera átti, þótt ógjörningur sé nú að segja til um, hversu mikið hafi verið haft af launþegum með þessum vinnubrögðum. En þau eru að öllu leyti forkastanleg. Þess vegna er lagt til, að 9. gr. frv. verði felld.

Alþingi, 22. apríl 1974.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Matthías Á. Mathiesen, Ásberg Sigurðsson.

Sþ. 764. Fyrirspurnir. [330. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um mjólkursölumál.

Frá Ellert B. Schram.

Hverjar eru niðurstöður og/eða tillögur þeirrar nefndar, er kannaði dreifingu og sölu mjólkur?

II. Til menntamálaráðherra um þjóðleikhús.

Frá Ellert B. Schram.

Hvað líður frumvarpi ríkisstjórnarinnar um þjóðleikhús?

III. Til félagsmálaráðherra um endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

Frá Ellert B. Schram.

Hvaða starf hefur verið unnið varðandi endurskoðun sveitarstjórnarlaga?

Nd. **765. Nefndarálit** [46. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Í sveitum landsins skulu vera starfandi byggðaráð. Starfssvæði hvers byggðaráðs skal vera það sama og búnaðarsambands.
   Í byggðaráði eiga sæti sömu menn og eru í stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Byggðaráð er ákvörðunarhæft, séu 3 menn mættir af þeim, sem eiga sæti í því.
2. Við 21. gr. Tvær fyrstu málsgr. falli niður.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu af búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til byggðaráðsmanna.
4. Við 29. gr. Síðari málsgrein falli niður.
5. Við 31. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo:
      Hafa búið á jörðinni minnst 8 ár.
   b. 4. tölul. orðist svo:
      Leggja fram meðmæli hlutaðeigandi byggðaráðs með kaupum.
6. Við 40. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignagjöldum og kostnaði við fjallskil. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.
7. Við 41. gr. C-liður orðist svo:
   Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kann að hafa verið stofnað til í Stofnlánadeild landbúnaðarins, Veðdeild Búnaðarbankans, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.
8. Við 51. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er að taka lán með veði í óðali, þegar eigendaskipti verða á því, enn fremur til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.
9. Við 55. gr. Síðari málsgr. falli niður.
10. Við 56. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 24. apríl 1974

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Eðvarð Sigurðsson. Hannibal Valdimarsson.

Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 766. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum. Ráðuneytisstjóri viðskiptaráðneytisins, Þórhallur Ásgeirsson, og forstjóri Olíufélagsins hf., Vilhjálmur Jónsson, komu á fund nefndarinnar og gáfu ýmsar upplýsingar.

Nefndarmenn eru sammála um, að málið nái fram að ganga, en tveir nefndarmanna, þeir Matthías Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðsson, telja, að fremur beri að greiða niður olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis miðað við olíuverð í október 1973, og áskilja sér því rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum þar að lútandi.

Nefndarmenn eru einhuga um nauðsyn sérstakra ákvæða um hærri greiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar, og mun flytja breytingartillögu um það við 3. umræðu.

Alþingi, 23. apríl 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Gylfi Þ. Gíslason.	Ásberg Sigurðsson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 767. Frumvarp til laga [331. mál]

um þjónustustarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—1974.)

1. gr.

Lög þessi taka til atvinnurekstrar á sviði þjónustu, sem ekki er bundin í sérstökum lögum og sem skiptir verulegu máli fyrir neytendur í landinu.

2. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, eftir því sem tök eru á:

1. Að neytendur í landinu eigi völ á sem bestri þjónustu.
2. Að þeir aðilar, sem fást við atvinnurekstur á sviði þjónustu, geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu.

3. gr.

Hver einstaklingur, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum, hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu:

1. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta árið.
2. Er fjárráða og hefur forræði á búi sínu.
3. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt eða í reglugerðum til þess að mega reka starfsemina.

4. gr.

Nú vill félag eða stofnun stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu og skal þá svo með fara:

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá skulu þeir allir, sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir.

2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldbindingum félags, skal það eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda fullnægi framkvæmdastjórar, stjórnendur og fulltrúar félags skilyrðum 3. gr. Ef félag er hlutafélag, skal ennfremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna, búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félags, er brjóti í bága við íslensk lög.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tl. 3. gr. og ákvæðum 4. gr., enda standi sérstaklega á.

6. gr.

Hverjum þeim, sem stundar atvinnurekstur á sviði þjónustu, ber að hafa fasta starfsstöð eða starfsstöðvar og ber að tilkynna heimilisfang slíkrar starfsstöðvar og breytingu á því heimilisfangi til Hagstofu Íslands.

7. gr.

Ráðherra getur sett reglugerðir um atvinnurekstur á sviði þjónustu, þegar nauðsyn ber til vegna tillits til neytenda í landinu. Má þar m. a. kveða á um ábyrgð og skilaskyldu aðila svo og annað, er snertir væntanlega viðskiptamenn aðila. Ef þurfa þykir, er ráðherra heimilt að ákveða í reglugerðum, að réttur til að stunda tilteknar greinar atvinnurekstrar á sviði þjónustu skuli háður leyfum.

8. gr.

Brot á lögum þessum eða reglumgerðum settum samkvæmt þeim, varða sektum. Séu sakir miklar eða brot ítrekað, má svipta sökunaut réttindum til starfsemi eða leyfisbréfi, tímabundið eða ævilangt.

9. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd, er viðskiptaráðherra skipaði hinn 20. nóvember 1972 til að athuga hvaða reglur væri rétt og tiltækilegt að setja til verndar rétti neytenda. Í nefndinni eiga sæti Arnmundur Backman, lögfræðingur, sem er formaður nefndarinnar, Björn Baldursson, framkvæmdastjóri og Gylfi Knudsen, fulltrúi í viðskiptaráðuneytinu.

A. Almennt yfirlit.

Um ýmiskonar atvinnustarfsemi hafa verið sett sérstök lög, þar sem m. a. er kveðið á um skilyrði til þess að geta öðlast réttindi til þess að stunda atvinnuna, réttindi og skyldur þeirra aðila, sem heimild hafa til að stunda atvinnuna og önnur þau atriði, sem löggjafinn hefur talið ástæðu til að taka fram um viðkomandi atvinnugreinar.

Helstu lög í þessum efnum eru eftirfarandi:

l. 41/1968 um verslunaratvinnu,
l. 79/1971 um iðju og iðnað,
l. 53/1963 um veitingasölu, gististaðahald o. fl.,
l. 4/1969 um ferðamál,

l. 83/1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum,
l. 68/1969 um loðdýrarækt,
l. 80/1969 læknalög,
l. 7/1929 um tannlækningar,
l. 31/1970 um dýralækna,
l. 17/1933 ljósmæðralög,
l. 61/1942 um málflytjendur,
l. 89/1953 um löggilta endurskoðendur,
l. 47/1938 um fasteignasölu,
l. 30/1963 lyfsölulög,
l. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.
85. gr. l. 40/1968 umferðarlaga sbr. og reglur nr. 127/1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.
l. 24/1973 námulög,
l. 26/1973 um vátryggingastarfsemi.

Upptalning þessi er ekki tæmandi, en helstu laga um þessi efni er væntanlega getið. Af þessu yfirliti má ráða, að löggjafinn hefur talið nauðsynlegt að setja lög til eftirlits og aðhalds um afar margar og margvíslegar atvinnugreinar.

Um ýmis konar atvinnustarfsemi, sem almennt er flokkuð undir heitið þjónustustarfsemi, hafa þó engin fyrirmæli verið sett. Engin ákvæði eru því til um lágmarksskilyrði til þess að geta stundað slíka starfsemi, hvernig þeim, er atvinnustarfsemina stunda ber að haga sér gagnvart kaupendum þjónustunnar, eða yfirleitt kveðið á um réttindi og skyldur, sem sérstaklega eiga við um þetta svið.

Greinar atvinnurekstrar á sviði þjónustu eru margskonar og eflaust er misjöfn þörf aðhalds og eftirlits eftir því um hvaða grein er að ræða. Lágmarksskilyrði, sem gilda um atvinnurekstur á sviði þjónustu, virðast eiga fyllilega rétt á sér og ættu að verða til bóta.

Atvinnurekstur á sviði þjónustu, er margvíslegur, svo sem áður segir, en nokkur dæmi um slíka starfsemi má þó nefna: Efnalaugar, þvottahús, bón- og þvottastöðvar fyrir bifreiðar, hjólbarðaverkstæði, smurstöðvar, ryðvarnarverkstæði, teppalagningu, ýmis konar húsaviðgerðir, sem ekki fellur undir iðnað, heilsuræktarstofur, gleraugnagerð, verkfæra- og vélaleiga, hreingerningar o. fl.

Þessi sundurleitu dæmi ættu að veita hugmynd um fjölbreytileika þess vettvangs, sem hér um ræðir og jafnframt sýna fram á, að hér er um atvinnugreinar að ræða, sem a. m. k. talsvert margar skipta hinn almenna neytanda miklu máli. Sé litið á þennan vettvang í heild er vandséð, að góð ræksla hans skipti almenna neytendur minna máli en góð ræksla ýmissa þeirra atvinnugreina, sem lögbundnar eru.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að engan atvinnurekstur á sviði þjónustu, sem skiptir verulegu máli fyrir neytendur í landinu og ekki er háður sérstökum lögum, verði heimilt að reka nema uppfyllt séu skilyrði þau, er greinir í frumvarpinu og reglugerðum settum skv. því, ef það verður að lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir almennum lágmarksskilyrðum, sem aðilar verða að uppfylla til þess að geta öðlast rétt til að reka atvinnu á sviði þjónustu. Skilyrði þau, sem frumvarpið sjálft kveður á um, eru alger lágmarksskilyrði, sem ætti að þykja sjálfsagt, að hver sá aðili, sem einhvern atvinnurekstur stundar, uppfyllti. Í frumvarpinu er að auki heimild til þess að setja reglugerðir, þar sem sett yrðu frekari skilyrði, ef þörf þætti vera á því svo og kveðið á um önnur atriði, svo sem ábyrgð og skilaskyldu aðila.

B. Athugasemdir og skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna og er lögunum ætlað að ná til atvinnurekstrar á sviði þjónustu. Sú takmörkun er gerð, að sú þjónustustarfsemi, sem

háð er sérstökum lögum, fellur ekki undir þetta frumvarp. Rétt þykir að takmarka gildissvið við þær greinar þjónustustarfsemi, sem hafa verulega þýðingu fyrir neytendur í landinu.

Um 2. gr.

Í þessari grein frumvarpsins felst stefnuyfirlýsing um þau meginmarkmið, sem ætlað er að ná með setningu laganna.

Í fyrri tölulið greinarinnar er tilgangur laganna sagður að tryggja, eftir því sem tök eru á, að neytendur í landinu eigi völ á sem bestri þjónustu, en þjónustustarfsemi ýmiss konar nú á tímum er orðin það umfangsmikil, að neytendur skiptir það miklu, að þessi mál séu í sem bestu horfi. Skv. síðari tölulið greinarinnar er það markmið laganna, að þeir sem stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu, geti uppfyllt þær skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinunum og samfélaginu. Margvíslegar kröfur eru gerðar í nútímaþjóðfélagi á hendur atvinnurekstri á sviði þjónustu. Um skyldur atvinnurekstrar á sviði þjónustu gagnvart viðskiptavinunum verður einkum fjallað í reglugerðum, sem settar kunna að verða um einstakar greinar þjónustustarfsemi, þar sem tæpast er unnt að setja fram almennar reglur um þau efni vegna þess, hve þjónustugreinar margar hverjar eru ólíkar og þörfin misjöfn fyrir aðhald og eftirlit.

Um 3. gr.

Grein þessi fjallar um þau skilyrði, sem einstaklingur verður að uppfylla til þess að hafa rétt til að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu. Skilyrðin í 1. og 2. tl. greinarinnar, þ. e. a. s. heimilisfesti á Íslandi, fjárræði og fjárforræði, sýnast ekki þarfnast sérstaks rökstuðnings. Þess má þó geta, að í l. 41/1968 um verslunaratvinnu er íslenskt ríkisfang gert að skilyrði til þess að geta fengið verslunarleyfi, en hins vegar er íslenskt ríkisfang ekki skilyrði fyrir því að geta öðlast iðjuleyfi eða leyfi til veitingasölu og gististaðahalds. Nefndin telur of strangt, að íslenskt ríkisfang verði gert að almennu skilyrði og leggur því til, að heimilisfesti á Íslandi verði látin nægja í þessum efnum, þó þannig, að viðkomandi verður að hafa verið heimilisfastur á Íslandi síðasta árið, áður en hann hefur atvinnurekstur á sviði þjónustu. Er þetta hliðstætt því sem gildir um iðju og veitingasölu og gististaðahald.

Erlendir menn verða að fá leyfi félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi) til þess að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki á Íslandi sbr. 6. gr. l. 39/1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Samkvæmt sömu lagagrein þurfa erlendir menn ekki á leyfi félagsmálaráðherra að halda, þegar starfinn er framkvæmdar samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Þótt frumvarp þetta yrði að lögum, myndu erlendir menn samt sem áður þurfa leyfi félagsmálaráðherra til starfrækslu atvinnurekstrar á sviði þjónustu á Íslandi, nema þar sem ákveðið hefur verið í reglugerðum á grundvelli 7. gr. frumvarps þessa, að réttur til að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu, skuli háður leyfum.

3. tl. þessarar greinar gerir ráð fyrir því, að frekari skilyrði til þess að geta öðlast leyfi til starfrækslu þjónustustarfsemi í atvinnuskyni, kunni að verða sett. Má í því efni benda á 7. gr. frumvarps þessa, þar sem ráðherra er veitt heimild til þess að setja reglugerðir um atvinnurekstur á sviði þjónustu, þegar nauðsyn ber til vegna tillits til neytenda í landinu.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skilyrði, sem félög eða stofnanir þurfa að fullnægja til þess að geta öðlast rétt til að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu.

Verði sett ákvæði í reglugerðum um einstakar greinar þjónustustarfsemi sbr. 7. gr. frumvarpsins, t. d. um þekkingu, væri e. t. v. of strangt að beita þvílíkum skilyrðum um alla þá, sem nefndir eru í 4. gr. þessa frumvarps og yrði þá í reglugerðunum sjálfum unnt að kveða á um, hverjir þurfi að fullnægja slíkum skilyrðum, en þvílík skilyrði í reglugerðunum yrðu nánast efnisatriði 3. tl. 3. gr. frumvarpsins.

Það skilyrði, að hlutafé skuli að meiru en helmingi vera eign manna, búsettra á Íslandi, þegar hlutafélag vill stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu, á sér hliðstæður í l. 41/1968 um verslunaratvinnu og l. 79/1971 um iðju og iðnað, svo að dæmi séu nefnd. Nokkuð er á reiki, hvaða skilyrði eru sett í þessum efnum í íslenskri atvinnulöggjöf. Hlutafélagalögin sjálf hafa ekki að geyma almenna reglu um hámarkshlutafjáreign erlendra aðila í íslenskum hlutafélögum. Í hinum ýmsu sérlögum um einstakar atvinnugreinar eru hins vegar víða gerðar kröfur til hlutafélaga í þessa átt, að því er varðar rétt þeirra til að stunda viðkomandi atvinnugrein, svo sem áður greinir um verslunaratvinnu og iðju. Sum sérlög um atvinnustarfsemi hafa þó engin ákvæði um hámarkshlutafjáreign erlendra aðila í íslenskum hlutafélögum.

Um 5. gr.

Undanþáguheimildir þessar eru hliðstæðar undanþáguheimildum í l. 41/1968 um verslunaratvinnu og l. 79/1971 um iðju og iðnað, sem settar voru vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Rétt þykir, að ráðherra hafi heimild til að veita undanþágur frá þessum ákvæðum, þó með þeirri takmörkun, að sérstaklega verður að standa á til þess, að unnt sé að heimila undanþágu.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir valdi ráðherra til handa að setja sérstakar reglugerðir um einstakar tegundir atvinnurekstrar á sviði þjónustu, þegar nauðsyn ber til vegna tillits til neytenda í landinu. Nauðsyn kann að bera til að veita sumum þjónustugreinum meira aðhald en öðrum og er því rétt, að ráðherra hafi vald til þess að kveða á um slíkt í reglugerðum um hverja tegund þjónustustarfsemi fyrir sig. Kemur til álita í þessu sambandi að setja frekari skilyrði fyrir því að geta öðlast rétt til að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu, sbr. athugasemdir við 3. tl. 3. gr. frumvarps þessa, svo og að setja ákvæði til verndar viðskiptamönnum viðkomandi þjónustugreinar, m. a. um ábyrgð og skilaskyldu o. fl.

Gert er ráð fyrir því, að í sumum tilvikum kunni nauðsyn að bera til þess að binda rétt til þess að stunda atvinnurekstur á sviði þjónustu við sérstök leyfi og er gert ráð fyrir slíkri heimild til leyfisbindingar í reglugerðum í þessari grein frumvarpsins. Eins og orðalag greinarinnar ber með sér, yrði einungis í undantekningartilfellum um leyfisbindingu að ræða.

Grein þessi er höfuðatriði frumvarpsins, þar sem meginmarkmið þess er að afla ráðherra heimildar til þess að setja reglugerðir um einstakar greinar atvinnurekstrar á sviði þjónustu, þegar nauðsyn ber til vegna tillits til neytenda í landinu. Þar sem þjónustugreinar þær, sem hér um ræðir, eru svo margvíslegar og þörfin misjöfn fyrir aðild og eftirlit svo og breytingar tíðar á þessu sviði, er nauðsynlegt að skipa málum þessum í einstökum atriðum með reglugerðum.

Um 8. gr., 9. gr. og 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 768. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og mælir meiri hl. nefndarinnar með afgreiðslu þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Jörð, sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð, og þó að hús séu fallin eða rifin, telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og byggðaráðs, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.
2. Við 2. gr.
   a. 3. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Nú byggir hann eigi jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar næst eftir að frestur rann út, og skal þá sveitarstjórn ráðstafa jörðinni til ábúðar 5 ár í senn, sbr. þó 1. málsl. þessarar greinar.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, að mati byggðaráðs, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, er áfátt er, innan tveggja missera eða byggi jörðina frá næstu fardögum, en sæti ella ráðstöfunum sveitarstjórnar á jörðinni skv. 1. málsgr.
3. Við 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ekkja leiguliða heldur ábúðarrétti hans.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Landsskuld, sem aðilar kunna að semja um, er heimilt að miða við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda, sem jörðinni fylgja, og greiðist í peningum eftir verðlagsgrundvelli þeirra afurða, sem við er miðað ár hvert, eða söluverði, sé um að ræða afurðir, sem verðlagsgrundvöllur nær ekki til.
   Eigi sér stað verulegar breytingar á tekjum af hlunnindum, er samningsaðilum heimilt að krefjast endurskoðunar samnings, að því er tekjur af þeim varðar, annað hvert ár. Náist ekki samkomulag, skal mat úttektarmanna ráða.
5. Við 12. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Nú leggur landsdrottinn að ósk leiguliða fram fé til umbóta á jörð sinni, og skal þá landsskuld hækka, þannig að af framlagningu greiðist sömu vextir og af lánum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins á hverjum tíma.
   b. Í stað „viðkomandi héraðs“ í síðustu málsgr. komi: og byggðaráði.
6. Við 13. gr. Í stað „Búnaðarbanka Íslands“ komi: landbúnaðarins.
7. Við 15. gr. Í stað „eða jarðarræktarfulltrúa“ í síðustu málsgr. komi: eða jarðræktarráðunaut og byggðaráði og taldar eru við hæfi jarðarinnar að dómi úttektarmanna.
8. Við 16. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Fjárhæð þá, er landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, ber honum að greiða að 2/5 hlutum innan þriggja mánaða, frá því að úttekt fór fram, og afganginn með jöfnum árlegum afborgunum á næstu átta árum, nema um annað semjist. Landsdrottni ber að greiða sömu vexti af skuldum vegna kaupa á mannvirkjum leiguliða og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum hverju sinni.
9. Við 20. gr. Í stað orðanna „og veði í jörðinni“ í 1. málsgr. komi: Taka skal veð í jörðinni.
10. Við 28. gr. Í stað 1. málsl. komi:
    Leiguliði skal greiða skatta og skyldur, önnur en fasteignaskatta, sem lög ákveða og tengd eru notum hans af jörðinni, landsdrottni að kostnaðarlausu. Skylt er þó leiguliða, að annast greiðslu fasteignaskatts til sveitarsjóðs, gegn endurgreiðslu.
11. Við 30. gr. Við 1. málsgr. bætist: enda liggi fyrir skriflegt álit úttektarmanna og byggðaráðs, er staðfesti vanefndir leiguliða.

12. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
Erfðaleiguábúanda er skylt að greiða árlega iðgjöld af brunabótavirðingu húsa og fasteignagjöld af ábúðarjörð sinni, án endurgjalds frá lánsdrottni. Kostnað við virðingu á eignum greiðir hver eigandi af sínum hluta.
13. Við 37. gr. 9. töluliður orðist svo:
Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfarandi um ráðstöfun jarðarinnar, skal henni ráðstafað að tillögu byggðaráðs, sem áður hefur leitað umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.
Eðvarð Sigurðsson.
Hannibal Valdimarsson.
Pálmi Jónsson, með fyrirvara
Eyj. Kon. Jónsson, með fyrirvara
Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 769. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til laga um landgræðslustörf skólafólks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1974.

Ragnar Arnalds, form.
Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.
Steingr. Hermannsson.
Jón Árm. Héðinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Auður Auðuns.
Ásgeir Bjarnason.

Ed. 770. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þessari

BREYTINGU:

Við 5. mgr. 4. gr. Í stað „fyrir Hæstarétti“ komi: fyrir dóm.

Fjarverandi afgreiðslu voru Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.
Ásgeir Bjarnason.
Halldór Blöndal.
Bjarni Guðbjörnsson.
Oddur Ólafsson.

Ed. 771. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu voru Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason. Halldór Blöndal.
Bjarni Guðbjörnsson. Oddur Ólafsson.

Ed. 772. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 13. apríl 1973, um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason. Halldór Blöndal.
Bjarni Guðbjörnsson. Oddur Ólafsson.

Nd. 773. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til laga um innflutning og eldi sauðnauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum. Mælir hún með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 6. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: sem samþykktir eru af landbúnaðarráðherra, Náttúruverndarráði og yfirdýralækni.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Eðvarð Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.
Hannibal Valdimarsson. Pálmi Jónsson. Benedikt Gröndal.
Ey. Kon. Jónsson.

Nd. **774. Nefndarálit** [28. mál]

um frv. til **ábúðarlaga.**

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er náskylt frv. til jarðlaga og verður hvorugt skilið til hlítar án hins. Sem heild gera þau nokkrar umdeildar breytingar á yfirstjórn landbúnaðarmála, en fela þó í sér strangari ákvæði en nú gilda um jarðasölu, svo og nokkur fleiri ákvæði, sem eru til bóta.

Það hefur lengi verið ljóst, að eign og yfirráð lands eru grundvallaratriði hverrar þjóðfélagsskipunar. Má lesa á síðum sögunnar, að eign lands og arður af því hafa í öllum löndum verið undirstaða auðs og sérréttinda, þegar fáir hafa notið ávaxta af striti fjöldans. Þess vegna hefur það verið megineinkenni á þjóðfélagsumbótum vinstrisinnaðra manna um allan heim síðustu mannsaldra, að þeir hafa á einn eða annan hátt tekið landið af þeim forréttindastéttum, sem áttu það, og fengið í hendur bændum, sem búa á því og yrkja það.

Hér á landi hefur jarðaeign lengi verið mælikvarði á auð manna. Enda þótt mjög hafi stefnt í jafnréttisátt á þessu sviði, hefur sú þróun á síðustu árum snúist við. Efnamenn seilast nú í vaxandi mæli til eignarhalds á jörðum og hlunnindum og verður furðu mikið ágengt. Vaxandi landþrengsli á jörðinni og nýtt mat á gildi náttúrunnar hafa gert jarðakaup að öruggari og arðvænlegri fjárfestingu en nokkru sinni fyrr. Það skiptir þessa eigendur litlu, hvort búið er á jörðum þeirra eða ekki, og þessi þróun hefur, þrátt fyrir hækkandi jarðaverð, skapað íslenskum landbúnaði alvarlega hættu.

Frumvörpin til jarðalaga og um ábúð á jörðum gera ekki ráð fyrir teljandi kerfisbreytingu hvað eign og yfirráð lands snertir. Enn er gert ráð fyrir víðtæku kerfi fjarstaddra landeigenda, sem leigja jarðir sínar efnalitlum bændum eða leggja þær í eyði. Miðaldahugsunarháttur kemur ljóslega fram í því, að á tímum vinstri stjórnar á ofanverðri tuttugustu öld á enn að lögfesta á Íslandi hugtökin „landsdrottinn“ og „leiguliði“ með öllu því, sem í þessum orðum felst.

Alþýðuflokkurinn hefur flutt tillögur um þjóðareign landsins með þeirri veigamiklu undantekningu, að bændur, sem búa á jörð og yrkja hana, skuli eiga hana. Landið á ekki að vera gróðafjárfesting eða braskvara. Það land, sem bændur nytja ekki og eiga, á sem fyrst að komast í eigu sveitarfélaga eða ríkis.

Í samræmi við þessar hugmyndir hefði undirritaður kosið, að frumvarp til ábúðarlaga væri í megindráttum á þá leið, að jarðeigendur, sem ekki búa á landi sínu, skuli bjóða það til sölu þeim, sem vilja sitja það og búa á því. Fáist ekki slíkir kaupendur, skuli sveitarfélögum eða ríki skylt að kaupa jarðirnar samkvæmt mati. Óski bændur á sveitarfélaga- eða ríkisjörðum að eignast land sitt, skal þeim gefinn kostur á því, með erfðaábúð, ef þeir vilja, og með sanngjörnum kjörum.

Með tilliti til þessa flytur minni hluti landbn. eftirfarandi tillögu um

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Neðri deild samþykkir að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti semja nýtt frv., er byggist á eftirfarandi meginatriðum:

1) Landeigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, skuli ekki leigja þær, heldur selja, ef hæfir kaupendur fást, sem vilja búa á þeim og nýta þær. Finnist slíkir kaupendur ekki, skulu sveitarfélög eða ríki kaupa jarðirnar.
2) Sveitarfélög eða ríki skuli leigja lönd sín hæfum umsækjendum, sem síðar skuli eiga kost á að kaupa jarðirnar, en megi þó ekki endurselja öðrum en nýjum **ábúendum, ella endurkaupi sveitarfélög eða ríki þær.**

3) Gerðar verði nauðsynlegar fjárhagslegar ráðstafanir til þess, að sveitarfélög og ríki geti tekist á hendur víðtæk jarðakaup.
4) Hugtök og orð eins og „landsdrottinn“ og „leiguliði“ verði ekki notuð í íslenskri löggjöf í framtíðinni.

Alþingi, 21. mars 1974.

Benedikt Gröndal.

Fylgiskjal.

Lífsreynsla leiguliðans.

Landbn. sendi frv. til umsagnar mörgum aðilum, þar á meðal öllum sveitarfélögum landsins. Meðal þeirra, sem svöruðu, var bóndi, sem hafði haft náin kynni af kerfinu. Hann gerði fyrst allmargar athugasemdir við einstök atriði frv., en sagði svo að lokum:

„Þetta eru sundurlausir þankar, og bið ég velvirðingar á því. En mér eru sum þessi mál óþægilega kunn. Ég bjó sem leiguliði á einstaklingseignum frá 1933 til 1968, er ég varð að hætta búskap vegna heilsubrests.

Fyrri jörðin var eyðijörð, húsalaus með öllu, og lítið tún. Byggði þar upp, — að vísu af vanefnum — og ræktaði 10 ha. tún. Fór þaðan 1951. Húsin töldust ekki til frambúðar, og reif ég þau. Fyrir túnið fékk ég ekki neitt.

Þá fluttist ég á aðra jörð og keypti húsin þar af fráfaranda, því að þau voru ekki til frambúðar og því ekki skylda jarðareiganda að kaupa þau. Þarna ræktaði ég 24 ha. tún og gerði miklar girðingar. Þegar ég fór þaðan, varð ég að rífa öll hús og flytja burt af sömu ástæðum og áður, en ræktun og girðingar fóru að mestu leyti í endurgreiðslu styrkja og fyrningar, og fór ég þaðan svo til allslaus.

Svona nokkuð á að heyra fortíðinni til.“

Nd. 775. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.

Benedikt Gröndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form.	Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.	Pálmi Jónsson.

Ed. 776. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til laga um ávana- og fíkniefni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, leitað um það umsagnar og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ásgeir Bjarnason, Eggert G. Þorsteinsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 24. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form. Oddur Ólafsson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson.
Halldór Blöndal.

Ed. 777. Lög [303. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Ed., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 637.

Ed. 778. Frumvarp til laga [61. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 576 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að landlæknir er formaður hennar, en einn nefndarmaður skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands og annar af tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal einnig tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni. Tannlæknir á rétt til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefndinni, að hann hafi lokið sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er skv. fyrrnefndum reglum.

8. gr. hljóðar svo:
Tannlæknum er heimilt að hafa sérhæft starfsfólk, enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Enn fremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni, sem lokið hefur tíu missira námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands, aðstoða sig við tannlæknisstörf, að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til og tannlæknadeild Háskóla Íslands mælir með.
Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks starfsfólks tannlækna.

9. gr. hljóðar svo:
Sérhæft starfsfólk skv. 8. gr. hefur ekki heimild til að taka að sér, án tilvísunar tannlæknis, sjálfstæð verkefni á sviði tannlækninga. Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðum starfsstéttum við tannlækningar er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir.

Sþ. 779. Fyrirspurnir. [332. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um notkun heimildar í tekjustofnalögum um álag á útsvör.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

Hvernig hyggst félagsmálaráðherra bregðast við umsóknum einstakra sveitarfélaga um heimild til álags á útsvör skv. ákvæðum tekjustofnalaga?

II. Til dómsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um réttarstöðu tjónaþola.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, er samþykkt var á Alþingi 3. apríl 1973, um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla?

Nd. 780. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kannað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 23. apríl 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.	Jónas Jónsson.
	Pétur Pétursson.	

Nd. 781. Breytingartillaga [292. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr. a-lið. Á eftir orðunum „sem býr við olíuupphitun“ komi: Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings.

Nd. 782. Breytingartillaga [292. mál]

við brtt. á þskj. 781 (Áhrif oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.)

Frá Geirþrúði H. Bernhöft.

Á eftir orðunum „samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar“ komi: og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur.

Ed. 783. Breytingartillaga [308. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá Jóni Árnasyni, Steingrími Hermannssyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Starfslið telst ekki til ríkisstarfsmanna, en kjör skulu ákveðin með hliðsjón af launakjörum ríkisstarfsmanna og hliðstæðra stofnana.

Ed. 784. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson.

Alþingi, 22. apríl 1974.

Steingrímur Hermannsson, varaform., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Halldór Kristjánsson.
Oddur Ólafsson.	Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 785. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. 2. efnismálsgr. orðist svo:

   Á hvert íbúðarhús má veita í eitt skipti allt að kr. 120 000.00, þó aldrei yfir 10% af sannanlegum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúss. Á framlög þessi

skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971, eins og hún er ákveðin samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga frá 16. maí 1972. Til að veita slík framlög fær Stofnlánadeild greiðslu úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Aftan við frv. bætist ný grein, (verður 3. gr.) sem orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Benedikt Gröndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. apríl 1974.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Hannibal Valdimarsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 786. Lög [261. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970 um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 621.

Ed. 787. Frumvarp til laga [333. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Hlutverk, tegundir og yfirstjórn almenningsbókasafna.

1. gr.

Almenningsbókasöfn skulu vera upplýsinga- og þjónustustofnanir, er veiti almenningi sem frjálsust afnot af bókum og öðrum menningargögnum um sem fjölþættust efni í því skyni að efla almenna menntun og veita skilyrði til heilbrigðrar tómstundaiðju.

2. gr.

Almenningsbókasöfn, sem lög þessi taka til, eru:

1. miðbókasöfn,
2. bæjar- og héraðsbókasöfn og hreppsbókasöfn,
3. bókasöfn fyrir vistmenn og starfslið sjúkrahúsa, heilsuhæla, dvalarheimila og fangahúsa.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn almenningsbókasafna.

Til ráðgjafar um stjórn bókasafnsmála skal vera einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af hálfu Bókavarðafélags Íslands til 4 ára í senn.

Í menntamálaráðuneytinu skal starfa fulltrúi, er hafi lokið háskólaprófi í bókasafnsfræðum og hlotið starfsreynslu sem bókavörður. Hann skal vera til aðstoðar við stjórn bókasafnsmála.

Miðbókasöfn.

4. gr.

Í umdæmi hverra landshlutasamtaka sveitarfélaga skal vera eitt miðbókasafn, en á Norðurlandi þó tvö. Miðbókasöfnum skal komið á fót þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og þegar landshlutasamtök sveitarfélaga hafa til þess bolmagn. Landshlutasamtök gera tillögu til ráðuneytisins um, hvar slík söfn skuli vera.

5. gr.

Miðbókasafn er aðalbókasafn í umdæminu. Bækur og önnur útlánsgögn miðbókasafns skal að hluta hafa til tímabundinna nota í öðrum söfnum umdæmisins til að bæta safnkost þeirra, og skal miðbókasafn stuðla að dreifingu þess efnis, m. a. með bókasafnsbifreiðum. Miðbókasafn skal annast lán milli safna, veita öðrum söfnum upplýsingaþjónustu og miðla þeim starfsþekkingu, eiga þátt í mótun og eflingu annarra safna og frumkvæði að æskilegri nýskipan í safnrekstri.

6. gr.

Stjórn miðbókasafns skal skipuð 3 eða 5 mönnum, kjörnum til 4 ára af landshlutasamtökum sveitarfélaga, er hlut eiga að máli. Stjórnin kýs sér formann. Hún hefur eftirlit með starfsemi safnsins og gerir tillögur til ráðuneytisins um ráðningu þeirra bókavarða, sem ríkissjóður launar. Eigi síðar en í marsmánuði ár hvert skal stjórn miðbókasafns senda stjórn hlutaðeigandi landshlutasamtaka og ráðuneytinu reikninga og skýrslu um starfsemi og hag safnsins á liðnu ári.

7. gr.

Fjárframlag ríkissjóðs til húsbygginga miðbókasafna skal vera 75% byggingakostnaðar gegn 25% framlagi frá hlutaðeigandi landshlutasamtökum. Í Reykjavík greiðir ríkissjóður ⅓ stofnkostnaðar. Um undirbúning safnbygginga og framkvæmd þeirra fer eftir lagaákvæðum um skólabyggingar eftir því sem við getur átt.

Sama kostnaðarhlutfall gildir, er um ræðir tækjakaup til miðbókasafns, þ. á m. bókasafnsbifreið.

8. gr.

Ríkissjóður veitir til miðbókasafna sem svarar launum yfirbókavarðar og tveggja annarra bókavarða í landshluta, þar sem eru innan við tíu þúsund íbúar, en síðan sem svarar launum eins bókavarðar fyrir hver tíu þúsund íbúa eða brot af þeirri tölu, sem við bætist.

Í Reykjavík greiðir ríkissjóður laun eins og við stærsta miðbókasafn utan Reykjavíkur samkvæmt lögum þessum.

Annar kostnaður við miðbókasafn greiðist af hlutaðeigandi landshlutasamtökum og skal framlag til kaupa á bókum og öðrum útlánsgögnum eigi nema lægri fjárhæð en launagreiðslur ríkissjóðs.

9. gr.

Við miðbókasafn skal vera forstöðumaður (yfirbókavörður), er lokið hafi prófi frá Háskóla Íslands í bókasafnsfræðum eða hlotið hliðstæða menntun annars staðar. Við önnur bókasöfn, er lög þessi taka til, skulu þeir sem lokið hafa prófi í bókasafnsfræðum, hafa forgangsrétt til starfa. Í bókavarðarstöður sem ríkissjóður launar við miðbókasöfn, ræður menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi safnstjórnar. Í önnur störf við miðbókasöfn ræður hlutaðeigandi safnstjórn.

Um kjör starfsmanna almenningsbókasafna fer eftir þeim ákvæðum, er á hverjum tíma gilda um kjör starfsmanna ríkis og bæja.

Bæjar-, héraðs- og hreppsbókasöfn.

10. gr.

Ákveða skal í reglugerð samkvæmt tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga, að fenginni umsögn Bókavarðafélags Íslands, hvar vera skuli bæjar-, héraðs- eða hreppsbókasöfn. Skal miða við, að sem flestir geti á sem auðveldastan hátt notið þjónustu safnanna og þeirra safngagna, sem til útlána eru. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til bókalána í skip. Kanna ber, hvar unnt kynni að veita aukna þjónustu með bókasafnsbifreiðum.

11. gr.

Bæjar- og héraðsbókasöfn skulu starfrækja útibú eða útlánastöðvar í bókasafnshverfum, þegar ástæða þykir til að dómi bókasafnsstjórnar.

12. gr.

Mið- og bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum víðtæka menningarstarfsemi. Þau skulu hafa lestrarsal fyrir fullorðna, starfsaðstöðu fyrir fræðimenn, barnabókasafn með lesstofu, sjálfstætt eða í samvinnu við skóla. Einnig skulu þau starfrækja hljómlistar- og segulbandsdeild, ef þess er kostur. Þau skulu leitast við að veita einstaklingum gagnlegar upplýsingar um menn og málefni, eftir því sem um er beðið og ástæður leyfa.

Héraðsbókasöfn skulu leitast við að hafa með höndum álíka starfsemi og mið- og bæjarbókasöfn, eftir því sem starfskraftar og kringumstæður leyfa.

13. gr.

Sveitarfélög skulu sjá söfnunum fyrir fullnægjandi húsnæði. Þau njóta til bókhlöðubygginga og húsabóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur ⅓ hluta byggingarkostnaðar miðað við ákveðin lágmarksskilyrði um húsnæði og útbúnað.

14. gr.

Stjórnir sveitarfélaga, þar sem bæjar- og/eða héraðsbókasöfn starfa, skulu að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum kjósa bókasafnsstjórnir fyrir kjörtímabilið.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker ráðuneytið úr.

15. gr.

Fjárframlög hreppa eða kaupstaða, þar sem bæjar- og/eða héraðsbókasöfn eru, skulu árlega vera eigi lægri en hér segir:

Í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa	kr.	200.000
Í sveitarfélögum með 500 til 1500 íbúa	—	300.000
Í sveitarfélögum með 1500 til 3000 íbúa	—	600.000
Í sveitarfélögum með 3000 til 5000 íbúa	—	1.600.000
Í sveitarfélögum með 5000 til 8000 íbúa	—	2.000.000
Í sveitarfélögum með yfir 8000 íbúa	—	3.000.000
Í Reykjavík (til Borgarbókasafns)	—	40.000.000

16. gr.

Framlög úr ríkissjóði til bæjar- og/eða héraðsbókasafna skulu árlega vera eigi lægri en hér segir: Til bókasafna í sveitarfélögum með 500 íbúum eða færri greiðist helmingur af lágmarksframlagi sveitarfélags. Til bókasafna í sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúum greiðist þriðjungur af lágmarksframlagi hrepps- (hreppa) eða bæjarsjóðs og sýslusjóðs. Til Borgarbókasafns Reykjavíkur greiðist fjórðungur af lágmarksframlagi borgarsjóðs.

Framlög úr ríkissjóði skal endurskoða árlega og færa til samræmis við laun, bókaverð og annan rekstrarkostnað safnanna, eftir mati Hagstofu Íslands, enda hafi framlög sveitarsjóða hækkað til samræmis við gildandi verðlag.

17. gr.

Við héraðsbókasafn, sem starfar í sveitarfélagi með 500 íbúum eða færri, skal vera bókavörður, og svari starf hans a. m. k. til ¼ hluta bókavarðarstöðu.

Við bæjar- og/eða héraðsbókasöfn, sem starfar í sveitarfélagi með 501—1500 íbúum, skal vera bókavörður, og svari starf hans a. m. k. til hálfrar bókavarðarstöðu.

Við bæjar- og/eða héraðsbókasöfn, sem starfar í sveitarfélagi með fleiri en 1500 íbúum, skal vera a. m. k. einn bókavörður í fullu starfi.

18. gr.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann var 1. desember næsta ár á undan.

Framlög ríkisins skulu greidd með tveim jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok aprílmánaðar og hin síðari fyrir lok októbermánaðar. Áður skulu hafa borist vottorð safnstjórnar um, að heimaaðilar hafi staðið skil á lögboðnum framlögum sínum.

19. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera hreppsbókasafn.

Hreppsbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn, lestrarfélögum eða öðrum félagssamtökum.

Heimilt er tveimur eða fleiri hreppum eða lestrarfélögum að sameinast um rekstur bókasafns, og skulu fjárframlög þá vera sem um eitt sveitarfélag væri að ræða. Eins geta hreppsnefndir í samráði við ráðuneytið ákveðið að fela héraðsbókasafni að gegna hlutverki hreppsbókasafns eða reka útlánastöð í hreppnum. Framlög hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs renna þá til héraðsbókasafns.

20. gr.

Fjárframlög hreppa, lestrarfélaga eða annara félagssamtaka, sem hreppsbókasöfn reka, skulu árlega vera eigi lægri en hér segir:

Í hreppsfélögum með 100 íbúum eða færri	kr.	25.000
Í hreppsfélögum með 101 til 250 íbúum	—	50.000
Í hreppsfélögum með 251 til 500 íbúum	—	100.000
Í hreppsfélögum með 501 til 1000 íbúum	—	200.000
Í hreppsfélögum með 1001 til 2000 íbúum	—	400.000
Í hreppsfélögum með yfir 2000 íbúum	—	600.000

21. gr.

Framlög ríkissjóðs til hreppsbókasafna skulu árlega vera eigi lægri en hér segir: Til bókasafna í hreppum með 500 íbúum eða færri greiðist helmingur af lágmarksheimaframlagi. Til bókasafna í hreppum með fleiri en 500 íbúum greiðist þriðjungur af lágmarksheimaframlagi.

22. gr.

Við hreppsbókasafn í sveitarfélagi með 1000—2000 íbúum skal vera launaður bókavörður, og svari starf hans til a. m. k. hálfrar bókavarðarstöðu. Við hreppsbókasafn í sveitarfélagi með fleiri en 2000 íbúum skal vera a. m. k. einn launaður bókavörður í fullu starfi.

23. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur hreppsbókasafns, skal um fjárframlög félagssamtaka til bókasafnsins farið eftir reglum 20. og 21. gr. Nái ekki framlag félags eða félaga því lágmarki, sem 20. gr. kveður á um, skal greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

24. gr.

Stjórn hreppsbókasafns, sem rekið er af félagssamtökum, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á aðalfundi félagsins. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að hreppsbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir samkomulagi þeirra.

25. gr.

Skylt er hlutaðeigandi hreppum að sjá hreppsbókasöfnum fyrir fullnægjandi húsnæði. Þau njóta til bókhlöðubygginga og húsabóta styrks úr ríkissjóði, og gilda um það sömu reglur og segir í 16. gr. um bæjar- og héraðsbókasöfn.

26. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 21. gr., að reka hreppsbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn skylt að taka safnið í sína vörslu og reka það samkvæmt lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði ráðuneytisins.

27. gr.

Stjórn hreppsbókasafns starfar undir stjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar safnsins endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum.

Hún skal ráða safninu bókavörð.

28. gr.

Í fjölmennum sveitarfélögum skal að því stefnt að í hreppsbókasöfnum sé lestrarsalur með handbókum og fræðibókum um sem fjölbreytilegust efni, svo sem atvinnulíf, tækni, náttúruvísindi, o. fl. Þar skal og vera lesstofa fyrir börn, annað hvort sér eða í samvinnu við skóla.

29. gr.

Í marsmánuði ár hvert skal stjórn hreppsbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn og ráðuneyti skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári. Ríkisframlag greiðist söfnunum að fengnum þessum skýrslum.

30. gr.

Almenningsbókasöfn skulu hafa með sér samstarf um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir.

31. gr.

Samvinnu skal komið á milli almenningsbókasafna og skólabókasafna, þar sem henta þykir og við verður komið, til þess að nýta sem best fjármagn, bókakost, húsnæði og starfslið. Skulu skólanefndir og bókasafnsstjórar beita sér og annast framkvæmd slíkrar samvinnu.

Bókasöfn í sjúkrahúsum og hælum.

32. gr.

Sjúkrahús, heilsuhæli, dvalarheimili og fangahús skulu hafa bókasöfn fyrir vistmenn og starfslið. Kostnaður við húsnæði, bækur og önnur safngögn og bókavarðarstörf greiðir stofnun sú, sem safnið þjónar. Bókasafnið er undir stjórn stofnunarinnar og forstjóra hennar og skal lögð áhersla á góðan og fjölbreytilegan kost innlendra og erlendra bóka.

Heimilt er að fela almenningsbókasafni þessa þjónustu.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um þessi söfn, húsakost og rekstur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stofnunar og Bókavarðafélags Íslands.

Rithöfundarsjóður Íslands.

33. gr.

Greiðsla til íslenskra rithöfunda fyrir bækur þeirra í almenningsbókasöfnum skal goldin árlega úr sjóði, er nefnist Rithöfundasjóður Íslands.

Árlegt framlag ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera:

a) úr ríkissjóði: fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og hreppsbókasafna,
b) úr bæjar- og sveitarsjóðum: fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árleg lágmarksframlög þessara sjóða til safna samkvæmt a-lið, sbr. 15. og 20. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um stjórn sjóðsins, úthlutun úr honum og starfsemi í samráði við samtök rithöfunda.

34. gr.

Þar til gagnkvæmar höfundagreiðslur vegna afnota í bókasöfnum innan Norðurlanda verða lögteknar, er heimilt, ef sérstök fjárveiting er til þess veitt í fjárlögum, að veita rithöfundum styrki árlega til dvalar í öðru norrænu landi.

Almenn ákvæði.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um almenningsbókasöfn, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands. Skal þar m. a. kveða á um gerð og stærð húsnæðis, skráningarreglur safna og viðurlög við skemmdum eða eyðileggingu útlánsgagna.

Heimilt er og að fengnum tillögum sömu aðila að setja starfsmönnum og bókasafnsstjórnum erindisbréf.

Ákvæði til bráðabirgða.

36. gr.

Embættisskilyrði laganna taka ekki til þeirra, sem nú gegna föstum störfum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 18. september 1970 skipaði þáv. menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um almenningsbókasöfn. Nefndinni var einnig falið að athuga um möguleika á framkvæmd hugmyndar um kaup á vissum fjölda eintaka íslenskra bóka til handa almenningsbókasöfnum. Í nefndinni áttu sæti Stefán Júlíusson, bókafulltrúi, formaður, Eiríkur Hreinn Finnbogason, borgarbókavörður, skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hilmar Jónsson, bókavörður, tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, Matthías Johannessen, rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Örn Marinósson, deildarstjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu. Nefndin lauk störfum

í lok aprílmánaðar 1971 og sendi menntamálaráðuneytinu frumvarp til nýrra laga um almenningsbókasöfn.

Lög um almenningsbókasöfn voru sett árið 1955 og endurskoðuð árið 1963. Breytingar þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar frá 1970 eru fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis, þótt fleiri séu þær, þ. á m. að komið sé á fót embætti bókasafnsstjóra ríkisins og bókasafnsdeild í menntamálaráðuneytinu, sem þessi nýi embættismaður á að veita forstöðu samkv. frumvarpinu. Einnig voru þar ákvæði, sem skylduðu bókasöfn í byggðarlögum með 500 íbúa og fleiri til að kaupa árlega eitt eða fleiri eintök af „öllum helstu bókum, sem frumsamdar eru á íslensku". Skyldi veita aukalega tvær millj. kr. í fjárlögum árlega vegna þessarar kvaðar og úthlutað af sérstakri nefnd til þeirra safna, sem verst eru sett fjárhagslega.

Menntamálaráðuneytið sendi Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélagi Íslands frumvarp nefndarinnar til umsagnar. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi sína umsögn 8. febrúar 1972 og Bókavarðafélag Íslands 11. febrúar 1972. Báðir hafa þessir aðilar sitthvað við frumvarpið að athuga og m. a. segir í bréfi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að stjórn sambandsins telji mikils vert, að lög, sem snerta samskipti ríkis og sveitarfélaga séu sem auðveldust í framkvæmd, en stjórnin telji, að nokkuð skorti á slíkt í frumvarpinu, ákvæði þess séu óþarflega margbrotin og falli ekki að öllu leyti vel að stjórnkerfi landsins, og síðan eru rakin nokkur dæmi um þetta, svo sem bókasafnshverfi samkv. 3. gr. frumvarpsins séu mörg hver óháð öllum öðrum stjórnsýsluumdæmum landsins og engan veginn fast mótaðar reglur um stjórn þeirra. Þá er talað um óljós hlutverkaskipti milli bæjarbókasafna og héraðsbókasafna og reglur um fjárframlög ríkis og sveitarfélaga virðast nokkuð handahófskenndar. Einnig er talið ástæðulaust að kveða svo náið á um bókavarðastöður og ætla bókavörðum fríðindi umfram aðra starfsmenn sveitarfélaga. Einnig telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ástæðulaust að blanda sveitarfélögum í hagsmunamál rithöfunda eins og t. d. með ákvæðum um framlög til ákveðinna bókakaupa og í tiltekna sjóði. Segir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að eðlilegra virðist að ríkið leysi þau mál, og yrðu framlög til bókasafna lækkuð sem því nemur, og virðist tilhögun, sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu leiða til óþarfa skriffinnsku. Þá segir ennfremur, að ástæða virðist til að haga fjárframlögum ríkisins til bókasafnsbygginga með svipuðum hætti og sé um framlög ríkisins til skólabygginga. En í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bæir og sýslur sjái söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, en fái sem nemur ⅓ byggingarkostnaðar úr ríkissjóði. Þá telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga óeðlilegt að fastskorða svo mjög fjárframlög sveitarfélaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ennfremur er bent á, að nauðsynlegt sé að kanna, hvernig tengslum skólabókasafna og héraðsbókasafna verði best fyrir komið. Að lokum leggur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til, að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar með hliðsjón af framangreindum ábendingum.

Stjórn Bókavarðafélags Íslands hefur einnig sitthvað við frumvarpið að athuga og telur, að misráðið hafi verið að fela nefnd þeirri, er samdi frumvarpið, að fjalla einnig um þann vanda íslenskra rithöfunda og útgefenda, sem bókakaupatillaga rithöfundaþings haustið 1969 var sprottin af. Sé afar óaðgengilegt fyrir almenningsbókasöfn í landinu að vandi íslenskra rithöfunda og útgefenda sé leystur á þann hátt, að á söfnin sé lögð þröng bókakaupakvöð með auknum fjárframlögum, er söfnin sjálf teldu e. t. v. betur varið öðruvísi. Telur stjórn Bókavarðafélagsins grundvallaratriði að bókaval sé í höndum safnanna sjálfra og miðað við þarfir þeirra á hverjum stað. Sé það meginviðmiðun í rekstri góðs bókasafns, að það skuli sinna þörfum notenda og engra annarra og megi minna á, að þau söfn, sem vel séu rekin, veigri sér meira að segja við því að taka við bókagjöfum, ef þær eiga ekki erindi við safnnotendur.

Stjórn Bókavarðafélagsins telur veigamesta atriði frumvarpsins miðað við gildandi lög, að frumvarpið gerir ráð fyrir verulegri aukningu fjárframlags frá ríki

og sveitarfélögum til almenningsbókasafna. Heyrist þess oft getið, að það sem einkum standi almenningsbókasöfnum fyrir þrifum hér á landi sé fjárskortur. Þetta sé rétt eins langt og það nái en þó varla sannleikurinn allur. Einnig þurfi að gefa gaum að því, hvernig aukinni fjárveitingu verði varið af sem mestri kunnáttu, svo að hún megi koma að sem bestum notum og verða til að auka verulega þjónustu safnanna. Telur stjórn Bókavarðarfélagsins, að þurft hefði að hyggja sérstaklega að þessu við endurskoðun laganna, og til þess að tryggja gagnsemi aukinna fjárveitinga telur stjórnin, að tvenns þurfi einkum að gæta:

1. Að söfnin verði betur tengd í samvirkt kerfi, þar sem stærri söfnin, miðbókasöfnin, hefðu mun ríkari þjónustuskyldu við hin smærri en nú er, og fælist þetta bæði í miðlun á starfsþekkingu, upplýsingaþjónustu og láni á farandsöfnum til tímabundinna nota.
2. Að til miðbókasafna geti ráðist bókaverðir með staðgóða kunnáttu til safnstarfa. Þeir gætu öðrum fremur stuðlað að því, að söfnin yrðu ekki rykfallnar bókageymslur, heldur lifandi þjónustustofnanir.

Telur stjórn Bókavarðafélagsins, að fyrrgreindar ábendingar gætu gefið tilefni til þess, að gerðar yrðu meiri háttar breytingar á frumvarpinu, en telur beina tillögugerð í þá átt ekki vera í sínum verkahring að sinni, þótt hún sé fús til viðræðna um það, ef til komi.

Að framansögðu mátti ráða, að hvorki Bókavarðafélag Íslands né Samband íslenskra sveitarfélaga var ánægt með frumvarpið, þótt þessir aðilar hefðu átt fulltrúa í frumvarpsnefndinni, og var því eigi talið rétt að leggja frumvarpið fyrir Alþingi í óbreyttu formi. Enn bættist það við, að æskilegt þótti að sjá, hvaða ákvæði Alþingi kynni að samþykkja um skólabókasöfn í frumvarpi til laga um grunnskóla, sem legið hefur fyrir Alþingi að undanförnu, en í X. kafla þess frumvarps er fjallað um bókasöfn og lesstofur fyrir nemendur og kennara og einnig heimildarákvæði um sameiningu almenningsbókasafna og skólabókasafna, ef forráðamenn beggja safna telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir. Í áðurnefndu frumvarpi um almenningsbókasöfn var hinsvegar ekki fjallað um skólabókasöfn, sem ekki er heldur nauðsynlegt, ef ákvæði grunnskólafrumvarps, er að þessu lúta, hljóta samþykki. Verði það hinsvegar ekki, er óhjákvæmilegt að fjalla um þau efni, annað hvort í frumvarpi um almenningsbókasöfn eða í sérstöku frumvarpi. Taldi ráðuneytið því hyggilegt að bíða með frumvarp um almenningsbókasöfn þar til skýrar lægi fyrir um skólabókasöfnin, sem er afar þýðingarmikið mál, eins og gerð er grein fyrir í umsögn um 75. gr. grunnskólafrumvarps, og eru opnaðar leiðir til samvinnu milli almennra bókasafna og skólabókasafna.

Þar sem menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur nú afgreitt grunnskólafrumvarpið til efri deildar og engar breytingartillögur komið fram við ákvæðin um skólabókasöfn og vonir standa til að grunnskólafrumvarpið hljóti afgreiðslu á þessu þingi, er eðlilegt, að frumvarp til laga um almenningsbókasöfn verði nú lagt fyrir þingið til kynningar og athugunar

Ráðuneytið hefur því látið endurskoða frumvarpið m. a. í ljósi þeirra athugasemda, sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélag Íslands hafa gert, samkvæmt því sem áður segir, og hafa þeir unnið að endurskoðuninni Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Ólafur Pálmason, bókavörður, formaður Bókavarðafélags Íslands, og Páll Líndal, borgarlögmaður, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. En Páll Líndal var erlendis þegar lokið var við frumvarpið og hefur því ekki átt þátt í endanlegri gerð þess.

Hið nýja frumvarp felur í sér margháttaðar breytingar hvort sem miðað er við gildandi lög um almenningsbókasöfn eða frumvarp það, sem nefndin frá 1970 samdi. Eru meginbreytingarnar þessar:

1. Gert er ráð fyrir svonefndum miðbókasöfnum, einu í hverju umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, nema tveimur á Norðurlandi. Söfnum þessum er ætlað að vera aðalbókasöfn hverju á sínu svæði, og veita öðrum bókasöfnum í umdæminu margvíslega aðstoð með lánum bóka og annarra safngagna, upplýsingaþjónustu og leiðbeiningastarfi í safnrekstri. Gert er ráð fyrir, að við þessi söfn starfi sérfræðingar í bókasafnsfræðum, laun þeirra séu greidd úr ríkissjóði og 75% byggingakostnaðar miðbókasafna greiðist einnig úr ríkissjóði. Miðar þetta að því að efla mjög nokkur aðalbókasöfn um landið, sem geti orðið hinum smærri söfnum stoð og stytta.
2. Samkvæmt frumvarpinu fer menntamálaráðuneytið með yfirstjórn almenningsbókasafna eins og er samkvæmt gildandi lögum, en því til ráðgjafar um stjórn bókasafnsmála skulu vera tveir ráðunautar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands, til fjögurra ára í senn. Í frumvarpi nefndarinnar frá 1970 var gert ráð fyrir embætti bókasafnsstjóra, sérstakri bókasafnsdeild í menntamálaráðuneytinu, en skipan þessara mála er nú þannig, að starf bókafulltrúa var fyrir nokkrum árum sameinað ráðuneytinu. Starfar hann í þeirri deild, sem fjallar um safnamál, þ. á m. málefni bókasafna, og verður ekki séð að nauðsyn beri til eða æskilegt sé að efna til annarrar og umfangsmeiri og kostnaðarsamari stjórnar þessara mála. Hinsvegar leggur ráðuneytið áherslu á aukið samstarf um þessi mál við Samband íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélag Íslands og gerir hið nýja frumvarp ráð fyrir samstarfsaðilum frá þeim eins og að framan segir. Er þetta gert með hliðsjón af því, að samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd skólakostnaðarlaga og samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið, samkv. lögum um menntaskóla, hafa gefið góða raun.
3. Í gildandi lögum um almenningsbókasöfn er landinu nákvæmlega skipt í bókasafnshverfi, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að slíkt verði gert í reglugerð og farið um skiptinguna að tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga, en leitað áður umsagnar Bókavarðafélags Íslands.
4. Söfnunum er ákveðið rekstrarfé, bæði úr sveitarsjóðum og ríkissjóði, eftir ákveðnum reglum um íbúafjölda sveitarfélaga. Er áætlað, að rekstrarfé til bæjar- og héraðsbókasafna samkvæmt frumvarpinu myndi nema frá sveitarsjóðum 64 millj. króna á ári og frá ríkissjóði 20.389.000,00 kr. eða samtals 84.389.000,00 kr. Fjárframlög ríkisins til rekstrar almenningsbókasafna eru í fjárlögum ársins 1974 kr. 6.700.000,00. Þess skal getið, að í gildandi lögum og fyrri gerð frumvarpsins er gert ráð fyrir framlagi frá sýslusjóðum, en í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir neinu framlagi frá þeim, þar sem sýslusjóðir hafa ekki yfir miklum fjármunum að ráða.

Samkvæmt þessu frumvarpi myndu fjárframlög til hreppabókasafna, að því er rekstur varðar, nema 16 millj. kr. úr sveitarsjóðum og rúmlega 7 millj. krónum úr ríkissjóði, eða samtals 23.066.000,00 kr.

Þess ber að geta, að samkvæmt frumvarpinu er hér um lágmarksfjárframlög að ræða, sem gætu orðið meiri eftir því sem Alþingi og sveitarstjórnir ákvæðu, en samtals yrðu þetta lágmarksfjárframlag til almenningsbókasafna, fyrir utan miðbókasöfn, yfir 100 millj. kr. á ári.

Til viðbótar þessu koma svo framlög ríkis og landshlutasamtaka til miðbókasafna og byggingar eða stofnkostnaðarframlög til safnanna allra.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 75% byggingakostnaður miðbókasafns, en greiði þriðjung byggingakostnaðar annarra almenningsbókasafna og sömuleiðis taki ríkissjóður þátt í kostnaði við kaup bókasafnsbifreiða.

Eins og sést af þessu, er hér um mikilvægar breytingar að ræða frá gildandi lögum um almenningsbókasöfn og frá frumvarpi því, sem samið var af nefndinni, sem skipuð var 1970.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er áhersla á upplýsinga- og þjónustuhlutverk almenningsbókasafna í því skyni að veita mönnum aðstöðu til að afla sér almennrar menntunar og heilbrigðrar tómstundaiðju.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint, hvaða bókasöfn teljist almenningsbókasöfn.

Um 3. gr.

Menntamálaráðuneytið ráðgast um stjórn bókasafnsmála við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands, er verði tilnefndir til 4 ára í senn. Þá er gert ráð fyrir að í ráðuneytinu starfi háskólamenntaður fulltrúi í bókasafnsfræðum með starfsreynslu sem bókavörður, er verði til aðstoðar við stjórn bókasafnsmála.

Um 4. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir einu miðbókasafni í hverju umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, nema tveimur á Norðurlandi. Reykjavík hefur aðra og betri aðstöðu í safnamálum en aðrir hlutar landsins, vegna hinna stóru ríkissafna, sem þar eru þegar, Landsbókasafns og Háskólabókasafns. En æskilegt er, að Borgarbókasafn verði miðbókasafn og er stofnkostnaðarþátttaka ríkissjóðs ⅓ skv. frv.

Um 5.—9. gr.

Hér er fjallað um miðbókasöfn, en ákvæðin um þau eru nýmæli. Lögð er áhersla á, að þessi söfn verði aðalsöfn í umdæminu að því er tekur til almenningsbókasafna og fær um vegna stærðar, sérfróðra starfsmanna og fjárhagsaðstöðu, að veita öðrum söfnum í umdæminu ýmis konar þjónustu og eiga frumkvæði að æskilegri nýskipan í safnrekstri á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 75% af byggingakostnaði miðbókasafna á móti 25% frá landshlutasamtökum sveitarfélaga og að ríkissjóður greiði laun tiltekins fjölda bókavarða. Einnig er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 75% af stofnkostnaði við tækjakaup miðbókasafna, þ. á m. bókabifreiða, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bókabifreiðir geti orðið að verulegum notum í safnrekstrinum.

Um Reykjavík eru sérákvæði vegna þess að þar eru fyrir stærstu ríkissöfn landsins. Er stofnkostnaðarþátttaka ríkissjóðs miðuð við þriðjung og launagreiðslur takmarkaðar við það sem verða myndi við stærsta miðbókasafn utan Reykjavíkur.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er landinu skipt í bókasafnshverfi, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hverfaskiptingin verði ákveðin í reglugerð samkvæmt tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga, en áður hafði verið leitað umsagnar Bókavarðafélags Íslands. Þá er sérstaklega tekið fram, að gera skuli ráðstafanir til bókalána í skip og kanna hvar unnt sé að veita meiri og betri þjónustu með því að taka í notkun bókasafnsbifreiðir.

Um 11. gr.

Hér er útlánastöðvar í bókasafnshverfum, ef henta þykir. Yrði þetta athugað í sambandi við hugsanlega þjónustu með bókasafnsbifreiðum.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er ákvæði um, að almenningsbókasöfn skuli fá til afnota húsnæði, sem fullnægja eðlilegum þörfum starfseminnar, og hafi heimaaðilar forgöngu um bygg-

ingu, kaup eða leigu, en ráðuneytið setji reglur um hvaða kröfur beri að gera til slíks húsnæðis, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands. Hér er einnig gert ráð fyrir, að stofnkostnaður almenningsbókasafna, byggingakostnaður, bókabifreið og tækjabúnaður greiðist að ⅓ úr ríkissjóði en ⅔ af heimaaðilum, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni, og að farið skuli um undirbúning og framkvæmd safnbygginga eftir ákvæðum laga um skólabyggingar eftir því sem við getur átt.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15.—16. gr.

Hér er fjallað um fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna og hreppsbókasafna. Er hér um verulega hækkun að ræða frá gildandi ákvæðum, eins og segir í hinni almennu greinargerð hér að framan. Er gert ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessari grein verði árlega færðar til samræmis við laun starfsmanna, verð bóka og annars kostnaðar við safnreksturinn eftir mati Hagstofu Íslands.

Um 17.—31. gr.

Í þessum greinum er ekki um neinar stórvægilegar breytingar að ræða, er þarfnist skýringa.

Um 32. gr.

Hér eru ákvæði um bókasöfn í sjúkrahúsum og hælum og gert ráð fyrir, að þau söfn séu undir stjórn hlutaðeigandi stofnunar og kostnaður við þau teljist með rektri stofnunarinnar, en að nánari ákvæði um þau verði sett í reglugerð, að fengnum tillögum Bókavarðafélags Íslands.

Um 33. gr.

Ákvæðin um Rithöfundasjóð Íslands eru hér styttri en í gildandi lögum, en haldið sama greiðsluhlutfalli til sjóðsins. Ráðuneytinu er ætlað að setja nánari ákvæði í reglugerð samkvæmt þessari grein, m. a. um greiðslur til þýðenda.

Um 34. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 35. gr.

Hér er ákvæði um gildistöku laganna og ráðuneytinu veitt heimild til þess að setja nánari ákvæði í reglugerð, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands. Meðal annars er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði kveðið á um gerð og stærð húsnæðis, skráningarreglur safna, viðurlög við skemmdum eða eyðileggingu safngagna, og einnig er gert ráð fyrir erindisbréfum fyrir starfsmenn safnanna.

Um 36. gr.

Með bráðabirgðaákvæðinu er tryggður réttur þeirra, sem eru í föstu starfi, þótt þeir fullnægi ekki ákvæði 3. gr.

Sþ.

um utanríkismál.

788. Skýrsla

Frá utanríkisráðherra.

Inngangur.

Í samræmi við málefnasamning núverandi ríkisstjórnar gaf ég Alþingi skýrslu um utanríkismál í nóvember 1971, maí 1972 og apríl 1973. Mun ég nú enn á ný rekja í stórum dráttum þróun alþjóðamála og gera grein fyrir ýmsu athyglisverðu í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir, bæði tvíhliða og marghliða samskiptum.

Þróun alþjóðamála.

Það, sem hæst ber, þegar litið er á þróunina á alþjóðavettvangi, er minnkandi spenna í samskiptum þjóða, þ. á m. Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, en á hinn bóginn hið ótrygga ástand í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs, þar sem styrjöld braust enn einu sinni út á milli Araba og Ísraelsmanna á síðastliðnu hausti.

Viðleitni til að draga úr spennu kemur m. a. fram í ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og viðræðunum um niðurskurð herafla á miðsvæði álfunnar.

Annar áfangi ráðstefnunnar stendur nú yfir í Genf, en hún hófst sem kunnugt er formlega með stuttum fundi utanríkisráðherra þátttökuríkja í Helsingfors í júlí 1973, og var það fyrsti áfangi ráðstefnunnar. Á ráðherrafundinum voru staðfestar lokasamþykktir undirbúningsfundanna, sem haldnir voru í Helsingfors og staðið höfðu í sex mánuði. Þessar lokasamþykktir undirbúningsfundanna eru grundvöllur viðræðnanna í öðrum áfanga ráðstefnunnar, en þær viðræður hófust í september 1973. Samkvæmt ákvörðun ráðherrafundarins í fyrra á síðan að halda þriðja áfanga ráðstefnunnar til að gera endanlegar samþykktir. Verður sá fundur haldinn í Helsingfors í júlímánuði n. k. ef núverandi tímaáætlanir standast.

Verður nú vikið að þeim málaflokkum eða dagskráratriðum, sem um samdist á undirbúningsfundunum og ræddir hafa verið í Genf frá því á síðastliðnu hausti í þremur aðalnefndum og tólf undirnefndum.

Fyrsta dagskráratriðið er öryggismál Evrópu, en þar er einkum fjallað um yfirlýsingu varðandi grundvallarreglur í samskiptum ríkja, svo og aðgerðir, er snerta hernaðarleg málefni og aukið geta traust í sambúð ríkjanna.

Annað dagskráratriðið snertir samvinnu í efnahagsmálum, vísinda- og tæknimálum, umhverfismálum o. fl.

Þriðja dagskráratriðið er um samvinnu að því er varðar mannleg samskipti, upplýsingastarfsemi og vísinda- og menntamál.

Fjórða dagskráratriðið er eftirmál ráðstefnunnar, þ. e. aðgerðir, er miða að því, að samþykktirnar séu framkvæmdar.

Þar sem lokahríðin í þessum umræðum í Genf, sem fara fram á trúnaðargrundvelli, er enn framundan, er að sjálfsögðu engan veginn tímabært að vega þær eða meta. Allt fram yfir síðustu áramót voru langdregnar umræður um málsmeðferð, en í febrúar hófst ráðstefnan handa um samningu texta lokasamþykkta. Enn sem komið er, hefur verki þessu miðað hægt áfram. Augljóst má vera, að samningar, sem snerta viðurkenningu landamæra, grundvöll mannlegra samskipta og upplýsingaskipti í Evrópu, hljóta að vera erfiðir. Á hinn bóginn ber minna á milli í efnahags- og viðskiptamálum, enda e. t. v. ekki mikils nýs að vænta á þeim sviðum. Jafnhliða samningum um þessi atriði, eða með tilliti til niðurstaðna þeirra, verður síðan að ákveða framtíðarfyrirkomulag marghliða viðræðna og samninga allra ríkja Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada. Ekki fer hjá því, að þróun annarra samninga milli austurs og vesturs, svo og ástandið í heimsmálunum almennt, hafi áhrif á niðurstöður öryggisráðstefnunnar, en það er einlæg von íslensku ríkisstjórnarinnar, að þessi ráðstefna leiði til árangurs, er stuðli að aukinni samvinnu og öryggi í Evrópu.

Samningaviðræður milli austurs og vesturs um gagnkvæman og jafnan samdrátt herafla (MBFR) stóðu frá því í lok október 1973 og fram undir jól í Vínarborg, en héldu síðan áfram um miðjan janúar s. l. Eins og kunnugt er, var ákveðið á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja í Reykjavík í júní 1968 að reyna að koma viðræðum um þetta mikilvæga efni af stað, en samningar um niðurskurð herafla í Mið-Evrópu eru mjög viðkvæmir og vandasamir og hljóta eðli málsins samkvæmt að taka langan tíma. Að undanförnu hefur verið skipst á skoðunum í Vínarborg, og hafa málin skýrst nokkuð. Er slíkt til tvímælalauss gagns, en ekki er unnt að segja, að raunveruleg samningagerð sé enn þá hafin. Ber að vona, að samkomulag geti náðst um fyrsta áfanga niðurskurðar heraflans sem fyrst.

Þíðan í samskiptum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á sinn þátt í því, að ástæða er til þess að vonast eftir umtalsverðum árangri af ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og viðræðunum um niðurskurð herafla á miðsvæði álfunnar. Gagnkvæmar heimsóknir leiðtoga þessara ríkja hafa leitt til aukins skilnings. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna er nýkominn frá Sovétríkjunum eftir umfangsmiklar viðræður, og vonandi leiða þær til frekari samningagerðar á milli landanna.

Mörg önnur vestræn ríki eru og að gera tvíhliða samninga við Sovétríkin um samstarf og samskipti á ýmsum sviðum. Verður þróun þessi að teljast hin ákjósanlegasta, enda tengir hún ríki með ólík þjóðfélags- og efnahagskerfi og skuldbindur þau, en slíkt dregur úr líkum á viðsjám þeirra í milli. Nefna má í þessu sambandi, að vestræn ríki, þ. á m. Ísland, hafa á síðustu tímum skipst á sendiherrum við alþýðulýðveldið Þýskaland.

Á sama tíma og samstarfið milli stórveldanna eflist, hefur borið á því, að samvinnan innan hóps Atlantshafsbandalagsríkjanna og Efnahagsbandalags Evrópu verði stirðari. Ríkin innan efnahagsbandalagsins hafa tekið upp þá stefnu að hafa samráð sín í milli og tilkynna síðan ákvarðanir sínar þeim bandamönnum, sem standa utan þess. Mest hefur verið rætt opinberlega um áhrif þessarar stefnu á sambúðina við Bandaríkin, en þetta bitnar vissulega á okkur hinum. Það verður að teljast eðlilegt, að Bandaríkin og þau ríki, sem standa utan efnahagsbandalagsins, óski þess, að höfð séu raunveruleg samráð við þau um mikilvæg atriði, í stað þess að þeim séu birtar óbifanlegar samþykktir, sem e. t. v. eru byggðar á lægsta samnefnara vegna skiptra skoðana með ríkjum efnahagsbandalagsins. Nauðsynlegt er að gera gangskör að því að bæta þetta ástand, enda hefði vart verið fært að þróa svo ört samvinnu og sameiningu, sem m. a. birtist í mynd Efnahagsbandalags Evrópu, ef ekki hefði komið til samstillt átak á sviði öryggismála, en þar gegna Bandaríkin lykilhlutverki.

Sé augunum beint á fjarlægar slóðir, má einnig þar greina merki þíðu í samskiptum ýmissa ríkja. Ekki þarf að tíunda hér hin bættu samskipti Bandaríkjanna og Kína. Kína hefur og aukið samskipti sín við mörg önnur ríki, þ. á m. Ísland, og hafa löndin nú skipst á sendiherrum. Lofar sú þróun góðu. Vona ber, að blikur þær, sem eru á lofti með Kínverjum og Sovétmönnum, fái farsælan endi.

Snemma á þessu ári bar það til tíðinda, að Pakistan viðurkenndi alþýðulýðveldið Bangladesh, og var þar með lagður grundvöllur að eðlilegum og vinsamlegum samskiptum ríkjanna. Bangladesh hefur ekki enn fengið aðild að samtökum Sameinuðu þjóðanna sem slíkum, þótt það hafi gerst aðili að ýmsum sérstofnunum þeirra, en nú aukast mjög líkurnar á því, að ekki verði beitt neitunarvaldi gegn aðildarumsókn ríkisins í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Sendiherra Bangladesh mun afhenda trúnaðarbréf sitt á Íslandi í júní n. k.

Enn eru það ánægjuleg tíðindi, að á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í lok nóvember s.l. var samþykktur án mótatkvæða samkomulagstexti varðandi Kóreumálið. Þar var látin í ljós ánægja yfir því, að Norður- og Suður-Kórea hefðu gefið út sameiginlega yfirlýsingu 4. júlí 1972, þar sem gert væri ráð fyrir þremur grundvallarreglum um endursameiningu Kóreu: 1) að endursameiningu landsins skyldi komið á af Kóreumönnum einum saman, án þess að stuðst væri við utanaðkomandi öfl eða íhlutun þeirra; 2) að endursameiningu landsins skyldi komið í kring á friðsamlegan hátt, án þess að gripið væri til valdbeitingar gegn gagnaðila; og 3)

að stefnt skyldi að mikilli þjóðareiningu. Þingið hvatti Suður- og Norður-Kóreu til að halda áfram viðræðum sín í milli og auka margs kyns samskipti og samvinnu í sameiningaranda í því skyni að hraða friðsamlegri endursameiningu landsins. Þá ákvað þingið að leysa Kóreunefnd S. Þ. upp. Það segir sig sjálft, að viðræður Suður- og Norður-Kóreu kunna að taka alllangan tíma, enda eru málin viðkvæm og ekki alls kostar auðleyst. Geta má þess hér, að Ísland viðurkenndi alþýðulýðveldið Kóreu í maí 1973, og í júlí á sama ári var ákveðið að taka upp stjórnmálasamband. Afhenti sendiherra frá alþýðulýðveldinu forseta Íslands trúnaðarbréf sitt nýlega. Einnig kom í heimsókn til Íslands í þessum mánuði sendinefnd frá alþýðulýðveldinu og ræddi ýmis mál við ráðherra og embættismenn. Ísland hefur sem kunnugt er haft stjórnmálasamband við Suður-Kóreu um alllangt skeið.

Mér hefur orðið tíðrætt um ýmis merki þíðu í samskiptum ríkja, fyrst og fremst í okkar heimshluta, en hinu má ekki gleyma, að sjaldnast er alls staðar friður samtímis í heiminum. Einn mesti ófriðarbletturinn um alllangt skeið hefur verið í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs, og var að sjálfsögðu hörmulegt, að enn á ný skyldi brjótast út styrjöld þar á síðastliðnu hausti. Sýnir þetta á nýjan leik, hversu nauðsynlegt er að ná einhverri heildarlausn á málefnum landanna. Hitt er út af fyrir sig mjög ánægjulegt, að Sameinuðu þjóðirnar gátu stuðlað að vopnahléi og sent friðargæslusveitir til ófriðarsvæðanna. Hefur starfið auðveldað aðskilnað herja Egypta og Ísraelsmanna á svæðinu við Súezskurð, sem verður brátt opnaður á ný. Er gott til þess að vita, að viðkomandi þjóðir telja slíkan aðskilnað einungis fyrsta skrefið í friðarátt. Auðvitað má ekki gleyma mjög mikilsverðu framlagi Bandaríkjamanna í sambandi við þróun mála á þessum slóðum, svo og framtaki annarra. Vonandi stíga Sýrlendingar og Ísraelsmenn bráðlega fyrsta skrefið í friðarátt, en loft er lævi blandið á landamærum ríkjanna. Þá ber að vona, að starfið í Genf, þar sem leitast er við að ná varanlegri heildarlausn, beri góðan ávöxt. Styrjaldarátökin hafa haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir ótal ríki vegna olíubanns og verðhækkana. Er unnt að taka undir það, að friðsamleg viðleitni Sameinuðu þjóðanna á þessum svæðum sé í sjálfu sér ódýr lausn miðað við styrjaldarátök. Í því sambandi má minnast þess, að Norðurlöndin leggja hér drjúgan skerf af mörkum hlutfallslega. Þau taka sem önnur ríki þátt í kostnaði af dvöl friðargæslusveitanna. Má til fróðleiks geta þess, að hlutdeild Íslands í framlagi til sveitanna fyrir sex mánaða tímabil, frá 25. október 1973 til 24. apríl 1974, er um fimm sinnum meiri en hlutdeild Sýrlands, svo að dæmi séu nefnd, og er þá ekki miðað við höfðatölu. Í sambandi við skiptingu kostnaðar af dvöl sveitanna var brugðið út af hinni hefðbundnu kostnaðarskiptingu varðandi fjárútgjöld Sameinuðu þjóðanna, þannig að stórveldin bera hlutfallslega mest, en þróunarlöndin hlutfallslega minnst. Þau Norðurlandanna, sem eiga liðsmenn í gæslusveitunum, Finnland og Svíþjóð, bera vissan aukakostnað fram yfir hið ákveðna fjárframlag skv. ofangreindum mælikvarða.

Sé litið til annarra fjarlægra slóða, verður það að teljast neikvætt, að vopnahlésbrot skuli tíðkast í svo ríkum mæli sem raun ber vitni í Víetnam. Hefur þó ófriður staðið þar nógu lengi fyrir. Hér má geta þess, að ríkisstjórnir Íslands og alþýðulýðveldisins Víetnams ákváðu að taka upp stjórnmálasamband frá 5. ágúst 1973 að telja.

Enn er ekkert lát á bardögum í Kambódíu, og er ástandið þar mjög alvarlegt. Baráttan hefur á vissan hátt borist inn á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, þar sem deilt er um það, hvaða stjórn skuli á vettvangi samtakanna fara með umboð fyrir fólkið í Khmer-lýðveldinu, stjórn Lon Nols eða útlagastjórn Sihanouks prins. Mjótt var á mununum við atkvæðagreiðslu á síðasta þingi, og er ljóst, að fitjað verður upp á sömu spurningu á næsta þingi. Mismunandi staðhæfingar komu fram um yfirráð stríðandi aðila yfir landsvæði og íbúum.

Sameinuðu þjóðirnar.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kurt Waldheim, kom í opinbera heimsókn til Íslands á s. l. ári og dvaldist hér 11.—12. maí. Ræddi hann við íslenska

ráðamenn um málefni Sameinuðu þjóðanna og ýmis önnur mál. Kvað hann stuðning Íslands við málstað Sameinuðu þjóðanna vera sér hvatning í viðleitni sinni til að gera Sameinuðu þjóðirnar að virkara afli til framdráttar friði og öryggi.

Allsherjarþing S. Þ., hið 28. í röðinni, hófst í New York 18. september 1973 og lauk 18. desember.

Sótti ég þingið í byrjun þess og flutti þar ræðu í almennum umræðum 1. október Að þessu sinni fjallaði ræðan að verulegu leyti um landhelgismálið, en jafnframt ýmis önnur mál, sem ofarlega voru á baugi hjá S.Þ., svo sem nýlendumál, Kóreumálið, málefni þýsku ríkjanna og auðlindamál.

Að vanda sóttu fulltrúar þingflokkanna allsherjarþingið og tóku þátt í þingstörfum ásamt fulltrúum fastanefndarinnar í New York og starfsmenn úr utanríkisráðuneytinu. Eru þingstörfin umfangsmikil, meðan á þinginu stendur, þar sem iðulega eru samtímis almennur þingfundur og fundir í sjö aðalnefndum þingsins. Var sendinefnd Íslands alls skipuð átján manns, en flestir fulltrúanna voru aðeins hluta af þingtímanum.

Þátttaka Íslands í S.Þ., þar sem 135 ríki eiga nú sæti, eftir að bæði þýsku ríkin og Bahamaeyjar fengu inngöngu í upphafi síðasta þings, var með margvíslegum hætti að vanda, og var verkefni fastanefndar Íslands m. a. fólgið í því að kynna sjónarmið Íslands í landhelgismálinu innan samtakanna og vinna hugmyndum og tillögum um víða fiskveiði- og auðlindalögsögu aukið fylgi á alþjóðavettvangi. Náðist þar umtalsverður árangur, sem kom m. a. fram í því, að samþykktar fengust ályktanir um óskipt yfirráð strandríkisins yfir landgrunnsfiskimiðum á fundi auðlindanefndar S.Þ. í Nýju Dehlí í febrúar 1973 og á fundi efnahags- og félagsmálaráðs S.Þ. í New York í maí s. á. Á síðasta allsherjarþingi var mál þetta einnig flutt af íslensku sendinefndinni og samþykkt þar ný auðlindatillaga, sem gengur mun lengra til móts við hagsmuni strandríkja sem Íslands en auðlindatillaga sú, sem 27. allsherjarþingið samþykkti, og ítrekar réttindi ríkja yfir fiskistofnum landgrunnshafsins. Tillögu þessa, sem allmörg önnur ríki fluttu með Íslandi, samþykkti allsherjarþingið 17. desember með 108 atkvæðum gegn 1, atkvæði Bretlands, en 16 ríki sátu hjá. Finnland og Svíþjóð greiddu nú atkvæði með, en höfðu setið hjá árið áður, og ber að þakka þennan stuðning frændþjóða okkar. Fyrrgreindar samþykktir Sameinuðu þjóðanna hafa reynst okkur verulegur styrkur í sókn landhelgismálsins á alþjóðavettvangi, enda felst í þeim ótvíræður stuðningur við þau grundvallarsjónarmið, sem liggja að baki útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar. Er einkum mikilsvert að geta bent á nær einróma samþykktar ályktanir allsherjarþings S.Þ. máli sínu til stuðnings, en þær hafa verið mikilsverð vísbending um það, hvernig straumarnir liggja á alþjóðavettvangi í hafréttarmálum og hve stór hópur ríkja er hliðhollur víðtækum rétti strandríkisins yfir auðlindum hafs og hafsbotns. Það er svo hlutverk hafréttarráðstefnu S.Þ. að skilgreina þennan rétt nánar og festa í alþjóðasamningi.

Þá hefur fastanefndin hjá S.Þ. einnig verið virkur þátttakandi í starfsemi S.Þ. á sviði umhverfismála, en Ísland var kjörið í Umhverfisráð S.Þ. haustið 1972 til tveggja ára. Á síðasta allsherjarþingi var að frumkvæði Íslands borin fram tillaga um verndun hafsins og auðlinda þess og þá sér í lagi verndun fiskistofna úthafanna, sem ýmsir hverjir eru í hættu, svo sem kunnugt er. Ályktunartillaga þessi var samþykkt af allsherjarþinginu 13. desember með 118 atkvæðum gegn engu, en 9 ríki sátu hjá. Með ályktuninni eru hinni nýju Umhverfisstofnun S.Þ. og Matvæla- og landbúnaðarstofnun S.Þ. falin ákveðin verkefni varðandi verndun hinna lifandi auðlinda hafsins. Fylgdi fastafulltrúi Íslands hjá S.Þ. ályktuninni eftir á öðrum fundi Umhverfisráðs S.Þ., sem haldinn var í Nairóbí í Kenýa daganna 11.—22. mars s. l. og benti í því sambandi á mikilvægi hafsins sem matvælaforðabúrs í heimi hungurs og vannæringar. Á fundi þessum var lögð rík áhersla á verndun hafsins og lifandi auðlinda þess, og mun Umhverfisstofnun S.Þ. beita sér fyrir því á virkan hátt, að þeim málum verði nægur gaumur gefinn á hafréttarráðstefnu S.Þ. Hér má taka fram, að Ísland er í hópi þeirra sjö ríkja, sem gerst hafa aðilar að Oslóarsamn-

ingnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sem gerður var 15. febrúar 1972, en gekk í gildi 7. apríl s. l. Þá varð Ísland fyrst ríkja til þess 24. maí 1973 að staðfesta Lundúnasamninginn um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það, en samningurinn var gerður 29. desember 1972. Með framtaki sínu hafa Íslendingar sýnt, að þeir láta sig umhverfismál á viðum vettvangi nokkru varða, starfa að málefnum, sem eru til hagsbóta fyrir allar þjóðir, en ekki einungis þá sjálfa.

Ísland hefur óskað eftir endurkjöri í auðlindanefnd S.Þ. frá 1. janúar 1975 til tveggja ára, en sá vettvangur verður æ mikilvægari nú, á tímum þverrandi auðlinda lands og sjávar.

Svo sem kunnugt er, hafa Íslendingar látið í ljós áhuga á að veita hinum nýstofnaða Háskóla S.Þ. aðstöðu á Íslandi fyrir vísinda- og rannsóknastofnun í haf- og fiskifræðum, ef hagstæð niðurstaða yrði varðandi fjármögnun skólans. Málinu hefur lítt þokað áleiðis, en ýmsar þjóðir, þ. á m. Danir, hafa boðið skólanum slíka aðstöðu. Nú er upplýst, að samvinna háskólans og vísindastofnana í aðildarlöndum S.Þ. getur farið fram með ýmsum hætti, og þarf slík samvinna ekki að hafa mikil útgjöld í för með sér. Má færa að því sterk rök, að samvinna íslenskra vísindamanna við Háskóla S.Þ. mundi tvímælalaust verða til eflingar íslenskri vísindamennt, og væri vissulega æskilegt, að skriður kæmist á mál þetta nú á næstunni.

Sem fyrr eru kynþáttamisréttis- og nýlendumál mjög ofarlega á baugi innan Sameinuðu þjóðanna. Á 28. allsherjarþinginu voru bornar fram margar tillögur til hagsbóta þeim, sem við áþján búa í Suður-Afríku, Rhódesíu, portúgölskum nýlendum og víðar. Norðurlöndin höfðu yfirleitt viðtæka samstöðu um mál þessi á þinginu, en þó gengu Íslendingar þar feti framar í stuðningi við sjálfstæðiskröfur og hagsmunamál íbúa ýmissa landa og svæða, og má segja, að sú afstaða hafi verið í fullu samræmi við okkar eigin sögu. Er rökstudd ástæða til að ætla, að hin Norðurlöndin muni nálgast Ísland varðandi atkvæðagreiðslur innan tíðar. Að sjálfsögðu hefur Ísland ekki og mun ekki greiða atkvæði með ályktunartextum, sem fela í sér heimild til valdbeitingar andstætt sjálfum sáttmála S.Þ., enda væri óeðlilegt að skilja t. d. hvatningu til ríkja um að veita kúguðum mönnum „allan þann siðferðilega og efnislega styrk, sem unnt væri“ í texta ályktunar þeirrar friðarstofnunar, sem S.Þ. eru, sem svo, að í ályktun fælist heimild til valdbeitingar, er væri í ósamræmi við sáttmálann.

Benda má á, að 25 ára afmælis mannréttindayfirlýsingar S.Þ. var minnst um heim allan 10. desember 1973, þ. á m. við hátíðlega athöfn á allsherjarþinginu, og hófst þá jafnframt „áratugur baráttu gegn kynþáttahatri og kynþáttamisrétti“. Þann dag samþykkti Alþingi breytingu á almennum hegningarlögum og lýsti refsiverðar sérstaklega tilgreindar athafnir, sem snerta kynþáttamisrétti o. fl., og var þetta gert til þess að fullnægja skyldum samkvæmt aðild Íslands að samningi S.Þ. um afnám alls kynþáttamisréttis. Lögin voru birt 31. desember 1973.

Í þessu sambandi má og nefna, að á síðasta allsherjarþingi var samþykkt ályktun, þar sem fagnað var sjálfstæðisyfirlýsingu portúgölsku nýlendunnar Guinea-Bissau. Á ráðherrafundi Norðurlanda, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 4.—5. apríl s. l. var ekki talið tímabært, að Norðurlöndin viðurkenndu sjálfstæði Guinea-Bissau vegna óvissu um raunveruleg yfirráð landssvæða.

Á síðasta allsherjarþingi var Ísland meðflutningsaðili að ályktunartillögum um aðstoð vegna náttúruhamfara, málefni æskufólks, málefni aldraðra og Oslóarráðstefnuna varðandi stuðning við fórnarlömb nýlendustefnu og kynþáttaaðskilnaðar í suðurhluta Afríku, en Norðurlöndin öll lögðu fram fé til þeirrar ráðstefnu. Ísland leggur og nokkurt fé fram til Namibíusjóðs og Suður-Afríkusjóðs S.Þ. Þá má nefna að Ísland studdi ályktun um endurheimt listaverka, sem flutt hafa verið úr löndum á ólöglegan hátt, fyrst og fremst fyrrverandi nýlendum, og var minnst á fordæmi Dana í því sambandi.

Ánægjulegt var, að á síðasta allsherjarþingi var samþykkt án mótatkvæða ályktun varðandi einn þátt hryðjuverka á alþjóðavettvangi, og fylgdi henni alþjóðasamningur um varnir gegn afbrotum gagnvart þeim, sem njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum, svo og refsingar fyrir slík brot. Norðurlöndin hyggja um þessar mundir á undirritun samningsins. Einnig eru aðildarskjöl Íslands að Haagsamningnum um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og Montrealsamningnum að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna afhent til vörslu 29. júní 1973, en 16. mars 1970 hafði aðildarskjal Íslands að Tokyósamningnum um refsiverða hegðun og tilgreinda aðra hegðun í loftförum verið afhent til vörslu.

Hinn 9. apríl s. l. hófst í New York sjötta aukaallsherjarþing S.Þ. um hráefna- og þróunarmál. Búast má við, að þinghald þetta standi um þrjár vikur og þróunarlöndin leggi þar fram drög að yfirlýsingu um grundvallarreglur í þessum málum, svo og starfsáætlun. Vonandi verður þinghald þetta árangursríkt, því að mörg þróunarlandanna standa frammi fyrir gífurlegum fjárhagsvanda sökum verðhækkana á olíu og ýmsum mikilvægum hráefnum. Á þinginu er ekki eingöngu fjallað um málefni, sem snerta þróunarlöndin ein, heldur og ýmis þau mál, sem snerta t. d. Ísland sérstaklega. Á ég hér við náttúruauðlindamálefni og matvælaframleiðslu, en mjög brýnt er orðið, að viðhlítandi lausn finnist á matvælaskortinum í veröldinni. Hafa Sameinuðu þjóðirnar í hyggju að halda sérstaka matvælaráðstefnu í Rómaborg í nóvember á þessu ári. Matvælamálin eru auðvitað tengd mannfjöldamálunum. Um mitt ár 1972 var talið, að í heiminum væri 3.782 milljónir manna, og fjölgar mannkyninu um 2% á ári. Nú stendur yfir mannfjöldaár S.Þ., og hefst af því tilefni mannfjöldaráðstefna S.Þ. í Búkarest 19. ágúst n. k. Geta má þess hér, að Ísland leggur árlega fram nokkurt fé til matvælaáætlunar S.Þ. og mannfjöldasjóðs S.Þ.

Baráttan við hungur, sjúkdóma og fáfræði er eitt af meginhlutverkum Sameinuðu þjóðanna, og þar hefur Grettistökum verið lyft, þótt annað þyki stundum frásagnarverðara. Við Íslendingar höfum lagt okkar litla lóð á vogarskálina, bæði með almennum fjárframlögum til samtakanna, sérstofnana þeirra og undirstofnana og með sérstökum framlögum í þarfir þróunarlandanna. Af um 323 milljón króna framlagi til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 1974 renna um 73 milljónir til alþjóðastofnana. Undir framlög til þróunarmálefna koma rúmlega 21 milljón krónu framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, sem veitir þróunarlöndunum lán til langs tíma með hagkvæmum kjörum, um 5 milljónir til Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin, sem nánar verður vikið að síðar, og um 6 milljónir til Þróunarstofnunar S.Þ., sem veitir fyrst og fremst þróunarlöndum sérfræðiaðstoð og námsstyrki til að stuðla að framförum á ýmsum sviðum. Við Íslendingar höfum um nokkurra ára skeið hlotið mikilsverða tækniaðstoð frá Þróunarstofnun S.Þ., og mun aðstoðin á tímabilinu 1972 til 1976 nema samtals 1 milljón Bandaríkjadala eða að meðaltali um 17 milljónum íslenskra króna á ári. Okkar eigið framlag til þessarar tækniaðstoðar hér á landi nemur um 90 milljónum króna á sama tímabili. Þótt staða Íslands varðandi framlög til þróunarmála sé hagstæð í heild, sést þó af þessu, að Ísland er þiggjandi á vettvangi Þróunarstofnunar S.Þ., og æskilegt, að lögð sé fram árlega til stofnunarinnar upphæð, sem er a. m. k. jafnhá andvirði veittrar tækniaðstoðar. Er það raunar skylda okkar, þar sem við erum í hópi ríkari þjóða heims.

Áður en ég læt útrætt um starf Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á liðnu ári, vil ég leggja áherslu á það, hversu mikilvægur sá vettvangur er til þess að hafa áhrif á alþjóðamál og afskipti af þeim, ekki síst fyrir fámennar þjóðir sem okkur Íslendinga. Þess vegna má færa að því rök, að okkur beri að auka starfsemi okkar innan Sameinuðu þjóðanna eftir föngum og gerast þar virkari og um leið áhrifameiri aðili en tök hafa verið á hingað til. Það fé, sem til þess sé varið, muni skila góðum arði. Iðnþróunarráð S.Þ. gæti komið til greina sem æskilegur vettvangur, svo að einstakt dæmi sé nefnt.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Fyrsti þáttur hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna fór fram í New York dagana 3.—14. desember 1973. Verkefnið var að ganga frá skipulagningu ráðstefnunnar og fundarsköpum. Ákveðið var að skipa stjórnunarnefnd (General Committee), er í eiga sæti forseti ráðstefnunnar (Ambassador Amerashinge), 31 varaforseti, stjórnir undirnefnda og formaður „Drafting Committee". Ísland hlaut þar eitt af varaforsetaembættunum. Undirnefndir verða hinar sömu og verið hafa í undirbúningsnefndinni, þ. e. fyrsta nefnd, er fjallar um alþjóðahafsbotnssvæðið, þriðja nefnd um mengun og vísindalegar rannsóknir og önnur nefnd um önnur mál þ. á m. víðáttu lögsögu strandríkisins og fiskveiðar á úthafinu. Formaður fyrstu nefndar er Paul Engo (Cameroon), annarrar nefndar Ambassador Andres Aguilar (Venezúela) og þriðju nefndar Ambassador Alexander Yankov (Búlgaría). Formaður Drafting Committee er Ambassador J. A. Beesley (Kanada).

Fyrir ráðstefnunni lá uppkast skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að þingsköpum, en ekki vannst tími til að taka endanlega ákvörðun um þau vegna ýmissa breytingartillagna, sem fram komu. Ekki vannst heldur tími til að ganga frá orðalagi þeirrar meginreglu, sem síðasta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti, að ekki skyldi koma til atkvæðagreiðslu, fyrr en búið væri að þrautreyna alla möguleika til samkomulags um hina ýmsu málaflokka. Niðurstaðan varð sú, að um öll þessi atriði skyldi fara fram atkvæðagreiðsla eigi síðar en 27. júní í Caracas, ef ekki hefði náðst samkomulag áður. Er þá búist við að samþykkt verði, að atkvæðagreiðsla í nefndum skuli byggjast á einföldum meirihluta, en á allsherjarfundum á ⅔ atkvæða. Jafnframt er ráðgert, að fresta megi atkvæðagreiðslu í stuttan tíma. Virðist því mega treysta því, að deilur um fundarsköpin komi ekki í veg fyrir efnismeðferð, þegar til Caracas kemur.

Annar þáttur ráðstefnunnar fer fram í Caracas í Venezúela daganna 20. júní — 29. ágúst 1974. Skulu nú rakin aðalatriði mála, eins og þau liggja fyrir af hálfu undirbúningsnefndar ráðstefnunnar, sem lokið hefur þriggja ára starfi sínu, svo sem nánar er lýst í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 1973. Skýrslan er í sex bindum og hefur að geyma þær tillögur, sem nú liggja fyrir í hinum ýmsu málaflokkum. Eintök af henni eru í bókasafni Alþingis og utanríkismálanefndar. Tekið skal fram, að ekki er ráðgert, að til atkvæðagreiðslu komi í Caracas, heldur verði þar reynt að fækka valkostum svo sem mest má verða og undirbúa þannig þriðja þátt ráðstefnunnar, sem miðuð er við, að haldinn verði í Vínarborg á árinu 1975. Störfin í Caracas munu því nærri eingöngu fara fram í undirnefndum og starfshópum. Verkefni ráðstefnunnar eru í 25 málaflokkum, sem greinast í undirflokka, þannig að um 70 atriði er að ræða. Málaflokkarnir eru þessir:

1. Hið alþjóðlega hafsbotnssvæði.
2. Landhelgi.
3. Viðbótarbelti.
4. Siglingar um sund.
5. Landgrunn.
6. Efnahagslögsaga strandríkisins.
7. Forgangsréttindi strandríkja til auðlinda utan landhelgi.
8. Úthafið.
9. Landlukt ríki.
10. Réttindi landgrunnsluktra ríkja og ríkja, sem hafa þröngt afmarkað landgrunn eða stutta strandlengju.
11. Réttindi ríkja, sem hafa víðáttumikil landgrunn.
12. Verndun umhverfisins.
13. Vísindalegar rannsóknir.
14. Tækniþróun og hagnýting hennar.
15. Svæðafyrirkomulag.
16. Eyjaklasaríki.

17. Hafsvæði, sem eru að meira eða minna leyti innilokuð.
18. Tilbúnar eyjar og mannvirki.
19. Eyjar.
20. Skaðabótaábyrgð vegna umhverfismála.
21. Lausn deilumála.
22. Friðsamleg notkun hafsvæða, friðlýst svæði.
23. Fornmenjar á alþjóðahafsbotnssvæðum.
24. Fjarskiptamál á úthafssvæðinu.
25. Aukin þátttaka ríkja í alþjóðasamningum varðandi réttarreglur á hafinu.

Höfuðátökin munu verða milli þeirra ríkja, sem vilja þrönga lögsögu strandríkja, og hinna, sem vilja hafa lögsöguna sem víðtækasta. Þar sem tvo þriðju atkvæða mun þurfa til samkomulags, er fyrirsjáanlegt, að heildarlausn muni því aðeins fást, að þessir andstæðu hópar geti komið sér saman um málamiðlanir á ýmsum sviðum. Af Íslands hálfu hefur sú stefna verið studd, að landhelgi verði 12 mílur, að efnahagslögsaga verði allt að 200 mílum, að siglingafrelsi ríki innan efnahagslögsögunnar, að alþjóðahafsbotnssvæðið lúti sterkri stjórn og að samvinna verði um verndun fiskistofna á hafinu utan lögsögu strandríkja. Þessi meginstefna á vaxandi fylgi að fagna, en inn í myndina blandast ýmsar kröfur, sem fjalla verður um og koma til móts við, eftir því sem unnt er. Er þar m. a. um að ræða umferð um sund, sem hingað til hafa verið opin fyrir alþjóðasiglingum, en mundu verða innan landhelgi, ef hún verður 12 mílur (meira en 100 sund). Einnig koma þar til kröfur ýmissa strandríkja um yfirráð yfir hafsbotni utan 200 mílna, sem mótmælt er af þeim ríkjum, sem vilja, að alþjóðahafsbotnssvæðið verði sem stærst, þ. á m. landluktu ríkjunum, sem eru um 30 talsins. Þessi ríki gera einnig kröfu til aðgangs að auðlindum strandríkja innan 200 mílna efnahagslögsögu. Ljóst er, að ekki er hægt að tryggja ⅔ atkvæða fyrir ofangreindri meginstefnu, nema fundin sé lausn á þessum atriðum. Af Íslands hálfu hefur verið höfð víðtæk samvinna við þrengri hóp strandríkja til að miðla málum, aðallega með það fyrir augum, að siglingafrelsi verði virt, að millivegur verði farinn varðandi yfirráð strandríkja á hafsbotni utan 200 mílna og að landluktu ríkin í Afríku fái aðgang að efnahagslögsögu Afríkuríkjanna með vissum skilyrðum, þannig að ekki þurfi til þess að koma, að slíkar reglur séu settar í öðrum heimshlutum.

Skal nú gefið yfirlit yfir stöðu mála í hinum ýmsu undirnefndum, en þar er um þann grundvöll að ræða, sem lagður verður fyrir Caracas fundinn.

Fyrsta undirnefnd — Alþjóðahafsbotnssvæðið.

Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 2749 (XXV) frá 17. desember 1970 var samþykkt stefnuyfirlýsing í 15 greinum varðandi hið alþjóðlega hafsbotnssvæði. Er þar ákveðið, að hið alþjóðlega hafsbotnssvæði utan lögsögu hinna einstöku ríkja skuli talið „sameiginleg arfleið mannkynsins“, og að auðlindir svæðisins skuli hagnýttar í þágu mannkynsins — sérstaklega þróunarlandanna. Síðan hefur mikil vinna verið lögð í að gera frumdrög að reglum á þessu sviði. Fyrsta nefnd undirbúningsnefndar hafréttarráðstefnunnar skipaði sérstaka vinnunefnd 33 ríkja til að semja valkosti í þessu máli, og liggja þeir nú fyrir, að verulegu leyti, þannig að ráðstefnan getur rætt málin nánar á þeim grundvelli, sem þar er lagður. Hins vegar er óljóst, að við mat á valkostum skiptir miklu, hvar mörk hins alþjóðlega svæðis eru dregin, þ. e. hversu langt yfirráðaréttur strandríkjanna skuli ná, en það er atriði, sem önnur undirnefnd fjallar um, svo og allsherjarfundur ráðstefnunnar. Aðalátökin snúast um valdsvið yfirstjórnar svæðisins og með hverjum hætti ákvarðanir skuli teknar. Meiri hlutinn, þ. á m. þróunarlöndin, styðja sterkt stjórnunarfyrirkomulag, en minni hlutinn, þ. á m. iðnþróuðu ríkin, eru andvíg því og leggja til, að yfirstjórnin skuli aðeins gefa út rannsókna- og vinnsluleyfi og hafa í höndum samræmingu á aðgerðum. Sams konar sjónarmið liggja til grundvallar ágreiningi um það, hvort aðalvöldin skuli vera í höndum þings stofnunarinnar eða

ráðs hennar. Meiri hlutinn leggur þar áherslu á völd þingsins, en minni hlutinn vill, að ráðið hafi þar víðtæk völd. Iðnþróuðu ríkin miða við, að þau búi yfir mestum möguleikum til að hagnýta auðlindir svæðisins til þess að ná mestum árangri „í þágu mannkynsins“. Verði að vera trygging fyrir því, að meiri hlutinn geti ekki svipt þau nauðsynlegri vernd fyrir því, að aðstaða þeirra verði viðunandi.

Af Íslands hálfu hefur verið fylgst með öllu þessu starfi og lögð áhersla á að meta, hvernig straumar liggja með hliðsjón af öðrum verkefnum ráðstefnunnar, án þess að endanleg afstaða væri tekin. Að meginstefnu hefur þó það sjónarmið verið stutt af Íslands hálfu, að rétt sé að yfirstjórn svæðisins hafi víðtæk völd og að við afmörkun svæðisins verði að hafa í huga að taka sanngjarnt tillit til þess, að um verulegar auðlindir verði þar að ræða. Aðalátökin á því sviði eru um landgrunnshallann utan 200 mílna frá ströndum. Endanlega afstöðu verður að taka í þessu efni, þegar ljóst er, hvar möguleikar eru fyrir hendi á heildarlausn á öllum verkefnum ráðstefnunnar.

Önnur undirnefnd.

Önnur undirnefnd fjallar um öll verkefni ráðstefnunnar önnur en alþjóðahafsbotnssvæðið, mengun og vísindalegar rannsóknir, þ. á m. víðáttu lögsögu strandríkisins og fiskveiðar á úthafinu. Hefur nefndin fjallað um mikinn fjölda tillagna og reynt eftir megni að setja fram valkosti, en þar sem engin atkvæðagreiðsla hefur farið fram, hefur ekki enn tekist að fækka þeim valkostum til muna. Hins vegar hefur þróunin gengið í þá átt, að miða beri við eftirfarandi grundvallaratriði:

(1) **12 mílna landhelgi.**

Yfirgnæfandi líkur eru nú fyrir því, að samkomulag geti náðst um þetta atriði, en forsenda fyrir því er, að einnig náist samkomulag um umferð um sjávarsund. Af hálfu stórveldanna og margra annarra er það algjört skilyrði, og er þá ekki aðeins átt við sams konar umferðarrétt og gildir í landhelgi („innocent passage“), heldur „free transit“. Reglurnar um „innocent passage“ hafa og af ýmsum ríkjum verið túlkaðar þannig, að strandríkið gæti sett margs konar hömlur á skipaferðir. Hér er því um höfuðatriði að ræða, sem finna verður lausn á. Einnig hefur komið upp vandamál varðandi eyjaklasaríki, t. d. Filippseyjar og Indónesíu, sem einnig verður að leysa. Og síðast en ekki síst ber þess að gæta, að fjölmörg ríki geta því aðeins fallist á að takmarka landhelgina við 12 mílur, að samkomulag náist um efnahagslögsögu strandríkisins þar fyrir utan.

(2) **Efnahagslögsagan.**

Undanfarin ár hefur vaxandi fylgi fyrir því, að yfirráð strandríkis yfir auðlindum undan ströndum skuli ekki takmarkast við hafsbotninn (t. d. utan 12 mílna marka), heldur einnig ná til hafsins allt að 200 mílum frá ströndum. Hins vegar hefur reynst erfitt að ná samstöðu í þessu efni, sumpart vegna þess, að sum ríki vilja halda þeim yfirráðum, sem þau hafa samkvæmt alþjóðarétti yfir hafsbotni svo langt sem hægt er að hagnýta auðlindir þar (og þá einnig utan 200 mílna marka), og sumpart vegna þess, að ýmis ríki, sem styðja 200 mílna efnahagslögsögu yfir bæði botni og hafi, krefjast réttinda innan efnahagslögsögu annarra ríkja. Ljóst er, að í tillögum Afríkuríkja tókst að ná samstöðu í þessu efni, einmitt með því að viðurkenndar voru slíkar kröfur landluktra ríkja í Afríku, sem eru 14 talsins. Tókst þannig að varðveita einingu Afríkuríkja út á við. Um skeið var talið, að Afríkuríkin gætu gert sérstakt samkomulag sín á milli um þessa tilhögun, án þess að sérstakt ákvæði þyrfti að vera um það í lokaskjali ráðstefnunnar. En nú er uppi sterk hreyfing meðal landluktra og landgrunnsluktra ríkja einnig í öðrum heimshlutum, sem gengur í sömu átt. Telja þessi ríki nú, að með náinni samvinnu sín á milli og við ríki í Vestur- og Austur-Evrópu, sem vilja þrönga lögsögu strandríkis yfir hafinu, geti þau ráðið yfir meira en ⅓ atkvæða á ráðstefnunni og þannig komið í veg fyrir heildarlausn, sem ekki tryggir aðstöðu þeirra. Ljóst er, að þetta

atriði ásamt umferð um sund getur haft úrslitaþýðingu á ráðstefnunni. Af Íslands hálfu hefur mikil vinna verið lögð í samstarf við ýmis önnur ríki til að finna lausn á þessu vandamáli, og verður því starfi haldið áfram. Er þá miðað við, að á Caracas fundinum verði hægt að leggja fram sameiginlega tillögu fjölmargra ríkja (þar á meðal Íslands), sem geti skapað grundvöll til viðræðna um einhvers konar málamiðlun til samkomulags um heildarlausn. Hefur þessum hugmyndum verið komið á framfæri við fund þróunarríkjanna, sem hófst í Nairóbí hinn 25. mars s. l.

Má hér nefna tillögu **Kenýa** frá 7. ágúst 1972 um 200 mílna efnahagslögsögu, tillögu **Kolombíu, Mexíkó og Venezúela** frá 2. apríl 1973 um efnahagslögsögu allt að 200 mílum og yfirráð yfir landgrunninu og landgrunnshallanum þar fyrir utan, tillögu **Íslands** frá 5. apríl 1973 um allt að 200 mílna lögsögu yfir auðlindum, tillögu **Uruguay** frá 3. júlí 1973 um 200 mílna landhelgi, tillögu **Brasilíu** frá 13. júlí 1973 um 200 mílna landhelgi, tillögu **Ekvador, Panama og Perú** frá 13. júlí 1973 um fullveldi strandríkisins allt að 200 mílum, tillögu **Möltu** frá 13. júlí 1973 um yfirráðarétt ríkja yfir 200 mílna svæði frá ströndum, tillögu **Kína** frá 16. júlí 1973 um efnahagslögsögu allt að 200 mílum, tillögu **Ástralíu og Noregs** frá 16. júlí 1973 um efnahagslögsögu allt að 200 mílum og yfirráð yfir landgrunnsbotninum þar fyrir utan, tillögu **Argentínu** frá 16. júlí 1973 um 12 mílna landhelgi og 200 mílna auðlindalögsögu og yfirráð yfir hafsbotni þar fyrir utan, tillögu **Kanada, Indlands, Kenýa, Madagaskar, Senegel og Sri Lanka** um yfirráðarétt strandríkisins yfir fiskveiðum innan ótiltekinnar fjarlægðar, sem þó mun vera miðuð við 200 mílur, tillögu **Alsír, Cameroon, Ghana, Ivory Coast, Kenýa, Líberíu, Madagaskar, Máritíus, Senegal, Sierra Leone, Somalía, Súdan, Túnis og Tanzaníu** um 200 mílna efnahagslögsögu og tillögu **Pakistan** frá 10. ágúst 1973 um efnahagslögsögu allt að 200 mílum. Þess ber þó að gæta, að í ýmsum af þessum tillögum, svo og tillögu **Jamaica,** tillögu **Hollands,** tillögu **Zaire,** tillögu **Úganda** og **Zambíu,** og tillögu **Afghanistan, Austurríkis, Belgíu, Bolivíu, Nepal** og **Singapore,** er gert ráð fyrir réttindum annarra ríkja innan efnahagslögsögunnar, annaðhvort beinlínis eða miðað við, að um slík réttindi sé samið í tvíhliða eða marghliða samningum. Einnig verður að hafa í huga, að frá ýmsum öðrum ríkjum, t. d. **Sovétríkjunum** og **Japan,** liggja fyrir tillögur um mun þrengri lögsögu. Er þá miðað að meginstefnu til við 12 mílur, en gert ráð fyrir sérréttindum vegna þróunarríkanna. Í tillögu **Bandaríkjanna** er miðað við yfirráð strandríkisins yfir fiskstofnum, sem ekki eru „highly migratory" (t. d. ganga milli landa).

Stuðningur við hugsanlega málamiðlun á heildarlausn er miklu víðtækari en fjöldi flutningsaðila hinna einstöku tillagna gefur til kynna. Verkefnið er nú að halda þessu samræmingarstarfi áfram með það fyrir augum, að heildartillaga, studd af sem flestum ríkjum, verði lögð fram á fundinum í Caracas. Samningaviðræður um það efni hafa farið fram um langt skeið, en mikið starf er enn framundan.

(4) **Verndun fiskistofna.**

Almennt samkomulag er um, að setja beri reglur um skyldu allra ríkja til að vernda fiskistofna. Er þar bæði um að ræða skyldu strandríkja til að setja slíkar reglur á sínu yfirráðasvæði og skyldur allra ríkja á hafsvæðum utan lögsögu strandríkja. Koma þar til alþjóðlegar reglur um verndun, sem öllum ber að virða. Nátengt þessu vandamáli er hámark aflahluta hvers ríkis á hinum ýmsu svæðum miðað við heildarþol hinna ýmsu fiskstofna. Sendinefnd Íslands hefur enn ekki gert tillögur í þessu efni, en lagt höfuðáherslu á auðlindalögsögu strandríkisins. Jafnframt mun nefndin styðja skynsamleg verndarsjónarmið í heildarlausn og taka afstöðu til tillagna þeirra, sem fyrir liggja og fram kunna að koma í því ljósi.

(5) Loks eru ýmsar tillögur uppi um lausn deilumála, en ekki er hægt að fjalla endanlega um það atriði, fyrr en ljóst er orðið, hvaða deiluatriði er þar um að ræða, en það er hins vegar undir því komið, hvaða möguleikar á heildarlausn liggja fyrir. Af Íslands hálfu er þar aðalatriðið að tryggja víðtæka lögsögu strandríkisins, án þess að þar komi úrskurður annarra til.

Þriðja undirnefnd.

Þriðja undirnefndin fjallar um mengun og vísindalegar rannsóknir, og hafa sérstakir starfshópar unnið að frumdrögum að valkostum. Helstu atriðin eru þessi:

(1) **Mengun.**

Markmiðið er að setja reglur um að koma í veg fyrir mengun og koma þannig í framkvæmd þeim meginreglum, sem samþykktar voru á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi. Hins vegar er ekki ætlunin að gera nýja samninga í stað þeirra, sem þegar hafa verið gerðir (t. d. Osló og Lundúnasamninga um losun eiturefna í sjó). Aðalátökin eru um það, að hve miklu leyti strandríki geti sjálft sett mengunarreglur, sem gangi lengra en alþjóðasamningar gera, og að hve miklu leyti framkvæmd settra reglna verði í höndum strandríkjanna. Siglingaþjóðirnar óttast mjög, að illframkvæmanlegt sé, að hvert einstakt ríki setji sérstakar reglur á þessu sviði, þannig að skip þeirra verði að lúta mismunandi reglukerfi á hinum ýmsu svæðum. Einnig kemur þar inn óttinn við, að ýmsar reglur til að hefta siglingar verði settar undir yfirskyni mengunarhættu, t. d. að skip verði að lúta sérstökum ákvæðum um gerð, stærð o. s. frv. Gert er ráð fyrir, að á fundinum í Caracas muni valkostir skýrast.

(2) **Vísindalegar rannsóknir.**

Aðalatriðið er hér, að hve miklu leyti vísindalegar rannsóknir innan lögsögu strandríkisins, þ. á m. efnahagslögsögunnar, skuli háðar samþykki strandríkisins. Samkomulag er um, að auðvelda beri vísindalegar rannsóknir sem slíkar („pure research"), en málið vandast, þegar líklegt þykir, að rannsóknirnar standi í sambandi við atvinnuvegi heimalands rannsóknaskipsins. Unnið er að því að gera frumdrög að reglugerð, er tryggi annars vegar hagsmuni strandríkisins af því að fylgjast með þeim rannsóknum, sem hafa gagnkvæma þýðingu, en koma í veg fyrir þær, sem að einhverju leyti eru ósamrýmanlegar hagsmunum þess.

Verkefni Caracas fundarins verður að reyna að ná heildarlausn, og er þess því ekki að vænta, að sú lausn fáist nema í einu lagi. Eru því framundan langvarandi samningaviðræður í undirnefndum án atkvæðagreiðslu, enda ljóst, að þótt ef til vill væri hægt að fá samþykkta ýmsa liði með ⅔ atkvæða, er takmarkað gagn af því, ef slíkar reglur verða ekki virtar af þeim, sem ætlað er að binda með þeim. Enda hefur sú skoðun mjög mikið fylgi, að þrautreyna beri alla möguleika til samkomulags, til þess að um raunverulega heildarlausn geti orðið að ræða. Hitt er jafnljóst, að náist ekki heildarsamkomulag á hafréttarráðstefnunni, mundi það hafa höfuðþýðingu fyrir Ísland að hafa fengið skjalfestan stuðning sem flestra ríkja við víðtæka lögsögu strandríkisins. Mun sendinefnd Íslands á ráðstefnunni jafnan hafa það atriði í huga, enda mundi það til þess fallið að styrkja grundvöll fyrir einhliða aðgerðir, ef ráðstefnan leiðir ekki til heildarniðurstöðu eða fer út um þúfur.

Landhelgismálið.

Alþingi hefur staðfest samninga um heimildir til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands við Belgíu, Noreg, Færeyjar og Bretland. Samningaviðræður við ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands standa enn yfir. Þjóðverjar hafa nú aðeins 48 togara af eldri gerð, en 39 stór frystiskip, og hafa þeir óskað eftir að fá að nota 17 hinna síðarnefndu hér með vissum takmörkunum varðandi veiðarfæri, úthaldsdaga og vinnslu. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki viljað fallast á, að slík skip stundi veiðar innan fiskveiðimarkanna. Viðræðum mun haldið áfram.

Norræn samvinna.

Sem fyrr hefur verið reynt að styrkja og efla samvinnu Norðurlanda á vettvangi Norðurlandaráðs, ráðherranefndar Norðurlanda, ráðherrafundum, þ. á m. utanríkisráðherrafundum, svo og með ýmsum öðum hætti.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda, sem haldinn var í Kaupmannahöfn 4.—5. apríl s. l., var gefin út sameiginleg yfirlýsing um afstöðu Norðurlanda til ýmissa alþjóðamála, sem eru nú ofarlega á baugi. Var m. a. ályktað, að Norðurlöndin skyldu hafa nána samvinnu sín í milli á hafréttarráðstefnu S.Þ. í Caracas í Venezúela.

Sé litið á einstaka samninga, sem snerta samskipti Norðurlanda, má nefna samning Íslands og Noregs um veiðar norskra fiskiskipa innan fiskveiðimarkanna við Ísland frá 10. júlí 1973. Af hálfu Íslands var fullgildingarskjal að samningi milli Norðurlandanna um skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs um réttarstöðu hennar, afhent til vörslu 10. desember 1973. Skrifstofa ráðherranefndarinnar hefur sem kunnugt er aðsetur í Osló, en skrifstofa stjórnarnefndarinnar í Stokkhólmi. Samningur milli Norðurlandanna um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, sem ætlað er að styrkja og auka nýtingu á norrænum auðlindum á sviði tækni- og iðnþróunar með því að efla og auka samstarf samningsaðilanna, svo og með því að styðja fjárhagslega framkvæmdir, sem hafa þýðingu fyrir tvö eða fleiri Norðurlandanna, og alþjóðlegar framkvæmdir, sem hafa þýðingu fyrir Norðurlöndin í heild, hefur nú nýlega verið fullgiltur af hálfu allra Norðurlanda, en samningurinn var gerður 20. febrúar 1973. Hinn 31. júlí 1973 gekk í gildi samningur milli Íslands og Finnlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Hefur Ísland þá gert slíka samninga við öll hin Norðurlöndin, auk þess sem Norðurlöndin í heild hafa gert með sér samning um aðstoð í skattamálum.

Hinn 1. júlí 1973 varð Ísland aðili að viðbótarbókun við samkomulag frá 18. júlí 1968 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um stjórn sameiginlegra norrænna aðstoðarverkefna í þróunarlöndunum, ásamt viðbót frá 3. desember 1971. Hóf Ísland þar með þátttöku í kostnaði og stjórn nokkurra norrænna verkefna, sem nú er unnið að í þróunarlöndunum. Að svo stöddu er hér um að ræða samvinnumálaverkefni í Kenýa og Tanzaníu, og hefur Ísland gerst aðili að Norðurlandasamkomulagi við þessi lönd þar að lútandi, en einnig er um að ræða landbúnaðarverkefni í Tanzaníu. Stofnunin Aðstoð Íslands við þróunarlöndin sér um framkvæmdaatriði. Fimm Íslendingar voru um síðustu áramót ráðnir til aðstoðarstarfa að samvinnumálum í Kenýa, en tveir í Tanzaníu. Taka má fram í þessu sambandi, að ríkisstjórnir Íslands og Kenýa hafa ákveðið að taka upp stjórnmálasamband. Þess skal einnig getið, að stofnunin Aðstoð Íslands við þróunarlöndin hefur lagt nokkurt fé af mörkum til að greiða uppbót á kaup íslenskra skipstjóra, sem dvalist hafa á Indlandi til að kenna veiðar á bátum, smíðuðum á Íslandi.

Áður hefur verið minnst á myndarlegt framlag Norðurlandabúa í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, en aðstoð hefur enn verið að berast til landsins þaðan og frá öðrum, t. d. ríkisstjórnum Ísraels og Ítalíu og Framkvæmdasjóði Evrópuráðsins, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Evrópuráðið.

Umræður um framtíðarhlutverk Evrópuráðsins, sem mjög voru í brennidepli eftir stækkun Efnahagsbandalags Evrópu á síðari hluta ársins 1972, héldu áfram á s. l. ári. Virðist niðurstaða þeirra einkum vera sú, að Evrópuráðið muni um ófyrirsjáanlega framtíð hafa mjög gagnlegu hlutverki að gegna sem vettvangur frjálsra skoðanaskipta í Evrópu. Að því er varðar slík skoðanaskipti á stjórnmálasviðinu, þá fara þau auðvitað aðallega fram á ráðgjafaþingi Evrópuráðsins, sem kemur saman til fundar í Strasbourg þrisvar á ári. En á vegum Evrópuráðsins starfar einnig, svo sem kunnugt er, allmikill fjöldi sérnefnda, sem í eiga sæti embættismenn eða sérfræðingar frá aðildarríkjum ráðsins. Er þar unnið að marg-

háttaðri samræmingu og samstarfi milli ríkanna á sviði félagsmála, menningar- og menntamála, heilbrigðis- og tryggingamála o. s. frv. Árangur af þessu samstarfi kemur m. a. fram í allmiklum fjölda Evrópusamþykkta, sem misjafnlega mörg aðildarríki hafa undirritað og staðfest. Starf mannréttindanefndar og mannréttindadómstóls Evrópu er löngu kunnugt og nýtur viðurkenningar.

Á s. l. ári þáði ég boð um að flytja erindi um landhelgismálið á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, hinn 17. maí, og var því vel tekið. Fiskveiðimál hafa alloft komið til umræðu á ráðgjafarþinginu, og þar með landhelgismál Íslendinga. Hefur þá tækifærið jafnan verið notað til þess að koma á framfæri málstað Íslands í þessu máli. Nú síðast á fundi þingsins í janúarmánuði kom mál þetta til umræðu, og lýstu þá nokkrir meðlimir ráðgjafarþingsins, þ. á m. þingmenn úr báðum stærstu flokkum Bretlands, ánægju sinni yfir því, að tekist hefði að ná samkomulagi til bráðabirgða í fiskveiðideilu Íslendinga og Breta.

Nú eiga sautján ríki Evrópu fulla aðild að Evrópuráðinu, þar af átta lönd, sem eru ekki innan vébanda efnahagsbandalagsins (Austurríki, Ísland, Kýpur, Malta, Noregur, Sviss, Svíþjóð og Tyrkland) og telja sig ekki, að svo komnu máli, geta gerst aðilar að því. Fyrir þessi lönd er Evrópuráðið sérlega góður vettvangur til frjálsra skoðanaskipta, bæði innbyrðis og við hin löndin níu. Þannig hefur Evrópuráðið merkilegu hlutverki að gegna sem tengiliður milli þessara átta landa annars vegar og aðildarríkja efnahagsbandalagsins hins vegar. Auk hinna reglulegu funda ráðgjafarþingsins þrisvar á ári heldur það ásamt þingi efnahagsbandalagsins einn sameiginlegan fund á ári hverju.

Snemma í næsta mánuði verður Evrópuráðið 25 ára, og verður þess atburðar minnst á ýmsan hátt í aðildarríkjum þess.

Viðskiptamál.

Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu gekk í gildi fyrir rúmu ári, 1. apríl 1973. Síðan hafa verndartollar á vörum frá efnahagsbandalagslöndum verið lækkaðir tvisvar, fyrst um 30% við gildistöku samningsins og síðan 1. janúar 1974 um 10% frá grunntollum. Þannig njóta þessi lönd nú sömu tollfríðinda og EFTA-löndin. Um leið hefur þess verið gætt að auka ekki tollamismuninn milli EBE- og EFTA-landa annars vegar og annarra landa hins vegar frá því, sem hann var fyrir síðustu áramót.

Samkvæmt samningum við efnahagsbandalagið hafa tollar á íslenskum iðnaðarvörum, sem fluttar eru út til bandalagslanda, nú þegar lækkað tvívegis samtals um 40%. Þessar lækkanir, og áframhaldandi tollfrelsi fyrir iðnaðarvörur í Bretlandi og Danmörku, sem samningurinn við bandalagið tryggði, auðveldar sölu þessara vara á þessa markaði. En fyrir útflutninginn í heild hefur samningurinn ekki enn þá haft verulega þýðingu, af því að umsamin fríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir hafa ekki enn þá komið til framkvæmda, þar eð enn þá hefur ekki náðst samkomulag við sambandslýðveldið Þýskaland í fiskveiðideilunni. Þjóðverjar hafa því lagst gegn því, að við hljótum þessi fríðindi, sem skipta sjávarútveg okkar talsverðu máli. Þess vegna hafa tollar á sjávarafurðum í gömlu efnahagsbandalagslöndunum ekki enn þá lækkað, eins og vonir stóðu til, og af sömu ástæðu hafa nýir tollar verið lagðir á freðfisksölu, frysta rækju og niðursuðuvörur í Bretlandi og Danmörku 1. janúar s. l. Nú standa vonir til, að samkomulag muni takast við Þjóðverja og tollalækkanir á íslenskum sjávarafurðum taki gildi skömmu síðar. Þá fyrst verður hægt að tala um verulegt gildi samningsins við efnahagsbandalagið fyrir íslenskan útflutning.

Með þeim árangri, sem náðst hefur á undanförnum árum í samningum við EFTA og á vegum GATT, og þegar samningurinn við efnahagsbandalagið hefur að öllu leyti komið til framkvæmda, verður svo komið, að tollar á útflutningsvörum okkar í helstu markaðslöndum okkar eru ekki lengur neitt vandamál. Samt teljum við fulla ástæðu til að halda áfram þáttöku í því alþjóðasamstarfi innan GATT, sem stefnir að tollalækkunum og afnámi annarra viðskiptahamla. Á ráðherrafundi GATTs

í Tókýó í september 1973 hófust nýjar samningaviðræður um þessi viðskiptamál, og er ætlunin, að þeim ljúki á árinu 1975. Við tökum þátt í þessum viðræðum, enda er það mikið hagsmunamál fyrir okkur, sem erum svo háðir utanríkisviðskiptum, að alþjóðleg viðskipti séu sem frjálsust.

Öryggismál.

Um störf Atlantshafsbandalagsins, sem varð 25 ára 4. apríl s. l., mun ég ekki fjölyrða að þessu sinni. Starfsemi bandalagsins miðar að því að tryggja sameiginlegar varnir Atlantshafssvæðisins, og þar fara fram gagnleg skoðanaskipti á sviði stjórnmála, varðandi samskipti austurs og vesturs, niðurskurð herafla í Evrópu og ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Í varnarmálum hefur það síðast gerst, að ríkisstjórnin samþykkti á fundi 13. mars s. l. svohljóðandi drög að umræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna:

1. Varnarlið það, sem nú er á Íslandi skal hverfa af landi brott í áföngum. Skal brottflutningnum hagað þannig, að fyrir árslok 1974 verði fjórðungur liðsins farinn, helmingur fyrir mitt ár 1975, þrír fjórðu fyrir árslok 1975 og síðasti hlutinn fyrir mitt ár 1976.
2. Til fullnægingar skuldbindingum Íslands við NATO leggur íslenska ríkisstjórnin til að eftirfarandi háttur verði á hafður:
   a. Flugvélar á vegum NATO hafi lendingarleyfi á Keflavíkurflugvelli þegar þurfa þykir vegna eftirlitsflugs yfir Norðurhöfum. Þó skal eigi vera hér föst bækistöð flugvéla. Um nánari ákvæði verði fjallað í samningnum.
   b. Vegna slíkra lendinga hafi NATO heimild til að hafa á Keflavíkurflugvelli hóp tæknimanna, er ekki séu hermenn til þess að sjá um eftirlit áðurgreindra flugvéla. Um tölu þessara eftirlitsmanna fer eftir nánara samkomulagi, þó þannig að aðeins verði um takmarkaða starfsemi að ræða.
   c. Eftir brottför varnarliðsins taka Íslendingar við löggæslu á flugvellinum. Skulu Íslendingar áður þjálfaðir í þeim sérstöku gæslustörfum, sem þörf er á.
   d. Íslendingar skulu leggja til þann mannafla er þarf til að veita þeim aðilum, sem samkvæmt framansögðu hafa dvöl á Keflavíkurflugvelli, nauðsynlega þjónustu.
   e. Íslendingar taka við rekstri radarstöðvanna á Suðurnesjum og í Hornafirði þegar þjálfaður íslenskur mannafli er til taks.
   f. Farþegaflug skal vera algjörlega aðskilið frá þeirri starfsemi, er samkvæmt framansögðu verður haldið uppi á Keflavíkurflugvelli til fullnægingar skuldbindingar Íslands við NATO.

Dagana 8. og 9. apríl átti ég viðræðufundi í Washington við fulltrúa Bandaríkjastjórnar og lagði þar fram þessar tillögur. Niðurstaða þeirra funda varð sú, að Bandaríkjamenn tóku tillögurnar til athugunar og yfirvegunar, og er svar þeirra væntanlegt á næstunni.

Það er mín skoðun, að við eigum að reyna samningaleiðina í þessu máli til þrautar, áður en það spor verður stigið að segja varnarsamningnum frá 1951 upp, og er enn unnið að athugun þessa máls bæði í Washington og hér heima.

Áður en til endanlegrar ákvörðunar kemur, verður málið lagt fyrir Alþingi, svo sem margsinnis hefur áður verið fram tekið.

Ég hef látið utanríkismálanefnd Alþingis fylgjast með þessu máli stig af stigi og gefið nefndinni skýrslu um þá viðræðufundi, sem fram hafa farið.

Endurskipulagning utanríkisþjónustunnar.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er sem kunnugt er tekið fram, að utanríkisþjónustan skuli endurskipulögð og staðsetning sendiráða endurskoðuð. Fól

ég Pétri Eggerz sendiherra 11. júlí 1973 að láta mér í té greinargerð og tillögur þar að lútandi, en auk þess óskaði ég eftir því, að sendiherrar Íslands erlendis létu mér í té greinargerð með tillögum, er þeir kynnu að vilja gera viðvíkjandi framangreindri endurskipulagningu.

Athuganir þessar og tillögur liggja nú fyrir, og verða þær teknar til athugunar við fyrsta tækifæri.

Samstarfið við utanríkismálanefnd.

Samstarfið við utanríkismálanefnd Alþingis hefur verið mér ánægjuefni á þeim tíma, sem liðinn er frá síðustu skýrslugerð minni til þingsins. Vil ég þakka það. Fundarhöld hafa verið alltíð, þar eð í ýmsu hefur verið að snúast. Hef ég sótt fundina eftir megni og leitast við að skýra gang utanríkismála og afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirra.

Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 1974.

Einar Ágústsson, utanríkisráðherra.

Ed. 789. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna, Auður Auðuns og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en aðrir nefndarmenn, þ. e. Ásgeir Bjarnason, Jón Árm. Héðinsson, Páll Þorsteinsson, Ragnar Arnalds og Steingrímur Hermannsson, leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með tilteknum breytingum, sem þeir gera tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. apríl 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Steingr. Hermannsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 790. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni, Páli Þorsteinssyni, Jón Árm. Héðinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. 9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til að rækja áfram það fræðslustarf, sem þeir hafa hingað til annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu úr ríkissjóði ásamt 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf, og skal framlag ríkissjóðs að hámarki miðað við kostnað í skólum ríkisins á sama fræðslustigi.

Stofnkostnaður kennslu- og heimavistarhúsnæðis, sem byggt verður í þágu þágu þessara skóla eftir gildistöku laganna, skal greiddur úr ríkissjóði að 80 hundraðshlutum.

Nefndar fjárveitingar eru háðar því skilyrði, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé hafi verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, ef það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

2. 10. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Einn fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu skipar ráðherra án tilnefningar, en aðra samkvæmt tilnefningu eignaraðila.

Nefndin kýs sér formann og varaformann.

Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann og fer með fjárreiður skólans.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Skólastjóri og skólaráð stjórna daglegu starfi sérskóla samkvæmt 7. og 9. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum: skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

Nd. 791. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frv. verði samþykkt, en hver og einn áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum eða flytja þær.

Alþingi, 29. apríl 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., með fyrirvara.	Ólafur G. Einarsson, frsm.	Stefán Valgeirsson.
Ágúst Þorvaldsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 792. Tillaga til þingsályktunar [334. mál]

um þyrlukaup.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir kaupum á þyrlum, sem staðsettar yrðu á Austurlandi og Vestfjörðum. Þyrlurnar yrðu keyptar í sam-

ráði við Slysavarnafélag Íslands, slysavarnadeildirnar á Austurlandi og Vestfjörðum og Landhelgisgæsluna, enda fyrst og fremst ætlaðar til nota í þágu þessara aðila.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þýðingu öflugra slysavarna jafnt á sjó og landi. Ekki síður er það staðreynd, að Landhelgisgæslan þarf yfir að ráða sem bestum og fjölbreyttustum tækjakosti til sinna margþættu verkefna. Þyrlukaup, eins og hér eru lögð til, mundu þjóna báðum aðilum mætavel og öryggi þessara landshluta hvað slysavarnir varðar yrði í hvívetna betur tryggt. Slík þyrlukaup hafa enda verið baráttumál áhugafólks í þessum fjórðungum um áraraðir. Allt mælir með því, að þessu verði hrundið í framkvæmd hið fyrsta. Því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 793. Þingsályktun [116. mál]

um „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 140.

Sþ. 794. Þingsályktun [120. mál]

um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 146.

Sþ. 795. Þingsályktun [121. mál]

um Z í ritmáli.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 148.

Nd. 796. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að það nái fram að ganga. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 29. apríl 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Matthías Á. Mathiesen.	Ásberg Sigurðsson.

Karvel Pálmason.

Nd. 797. Breytingartillögur [187. mál]

við frv. til laga um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað 1. málsliðar 1. mgr. komi:
      Starfsmenn stjórnmálaflokkanna, sem óska að gerast sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, skulu greiða í sjóðinn iðgjöld af launum, sem miðuð skulu við tiltekna launaflokka ríkisstarfsmanna eftir samkomulagi starfsmanna og launagreiðenda, að tilskildu samþykki fjármálaráðherra. Iðgjöld starfsmanna skulu vera þau sömu og ríkisstarfsmanna í sömu launaflokkum.
   b. 3. mgr. hljóði svo:
      Undir ákvæði laganna falla þeir, sem störfuðu hjá stjórnmálaflokkunum árið 1971 eða hefja starf eftir það og uppfylla skilyrði a-liðar 3. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, um ráðningartíma og aðalstarf. Um kaup þeirra á réttindum fyrir liðinn starfstíma skal fara skv. ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963.
   c. 4. mgr. falli niður.
2. Í stað 2.—7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Starfsmenn stjórnmálaflokkanna, sem gerast sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skv. lögum þessum, skulu njóta allra sömu réttinda og aðrir sjóðfélagar njóta skv. lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963.

Sþ. 798. Þingsályktun [130. mál]

um athugun og tillögur til úrbóta á vanda þeirra aðila, sem stunda veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan mestu þéttbýlissvæða landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 163.

Sþ. 799. Þingsályktun [150. mál]

um bætt skipulag tónlistarnáms.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 203.

Sþ. 800. Þingsályktun [179. mál]

um rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 310.

Sþ. **801. Þingsályktun** [182. mál]

um kostnaðaráætlanir við stjórnarframvörp.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 329.

Sþ. **802. Þingsályktun** [258. mál]

um stuðning við búsetu á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 447.

Ed. **803. Lög** [262. mál]

um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um umferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 744.

Ed. **804. Frumvarp til laga** [272. mál]

um breyting á lögum nr. 73, 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 546 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
20. gr. orðist svo:
Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið.

Forseti skipar ríkissaksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Ríkissaksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, fulltrúar ríkissaksóknara, svo og saksóknarar, sbr. 5. mgr. þessarar greinar. Allir skulu þeir hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara í störfum sínum.

Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar vararíkissaksóknara. Vararíkissaksóknari fer með vald ríkissaksóknara í fjarveru eða forföllum ríkissaksóknara eftir nánari ákvörðun hans.

Ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir dómi auk annarra embættisstarfa, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að við embætti ríkissaksóknara skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

Saksóknarar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar saksóknara.

Annað starfslið til aðstoðar ríkissaksóknara, þ. á m. fulltrúa með lögfræðiprófi, skipar dómsmálaráðherra með samþykki ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

Ed. 805. Lög [85. mál]

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 92.

Ed. 806. Frumvarp til laga [292. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 606 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

b) Til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

Nd. 807. Breytingartillögur [28. mál]

við brtt. á þskj. 768 (Ábúðarlög).

Frá Pálma Jónssyni og Eyjólfi K. Jónssyni.

1. Við 1. brtt. Í stað „byggðaráðs“ komi: Landnáms ríkisins.
2. Við 2. brtt. Orðin „að mati byggðaráðs“ í b-lið falli burt.
3. Við 5. brtt. B-liður falli burt.
4. Við 7. brtt. Orðin „og byggðaráði“ falli burt.
5. Við 11. brtt. Orðin „og byggðaráðs“ falli burt.
6. Við 13. brtt. Í stað „byggðaráðs“ komi: Landnáms ríkisins.

Nd. 808. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Pálma Jónssyni og Eyjólfi K. Jónssyni.

1. Við 1. gr. 3. málsgr. Orðin „eða staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins“ falli burt.
2. Við 2. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Landnám ríkisins getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð, ef hún er svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að sveitarstjórn og landnámsnefnd telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalativnnu.
   b. Í stað „byggðaráðs“ í 4. málsgr. komi: Landnáms ríkisins.

3. Við 3. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda sýslumanni, er varðveitir það með öðrum embættisskjölum.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „verða ekki taldar búhæfar að mati byggðaráðs“ komi: eru undanþegnar byggingarskyldu, sbr. 2. málsgr. 2. gr.
5. Við 24. gr. 2. málsl. 3. málsgr. orðist svo: Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé býlið lífvænlegt til búrekstrar, þó að þau hlunnindi séu undan tekin.

Nd. 809. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 1972.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta felur það eitt í sér að fela Búnaðarfélagi Íslands að greiða framlög til byggingar og endurnýjunar gróðurhúsa, sem til þessa hefur verið meðal verkefna Landnáms ríkisins. Frv. er flutt með þá fyrirætlun í huga að leggja Landnám ríkisins niður. Nú er hins vegar komið í ljós, að frá þeim áformum hefur verið fallið, svo að þær orsakir knýja ekki lengur á afgreiðslu þessa máls.

Eigi Landnám ríkisins að starfa áfram, virðist óhyggilegt að rýja það verkefnum, sem vel hefur gefist að séu í þess höndum. Það mundi og flækja meðferð þessara mála að flytja gróðurhúsaframlögin til annarra aðila, vegna þess að samþykki landnámsstjórnar þarf fyrir stofnun nýrra garðyrkjubýla og viðurkenningu hennar á mörgum eldri garðyrkjubýlum, svo að þau eigi rétt á að fá framlög þessi greidd. Auk þess þyrfti að koma til tvöfalt úttektarkerfi, verði framlögin færð til Búnaðarfélags Íslands.

Rétt er að benda á, að við, sem stöndum að þessu nefndaráliti, flytjum brtt. við frv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., 253. mál Nd., þar sem lagt er til, að framlög þessi verði greidd með vísitöluákvæðum með sama hætti og gert yrði, væru þau flutt til Búnaðarfélags Íslands.

Með vísun til þess, er að framan segir, teljum við undirritaðir, að frv. þetta sé óþarft, og leggjum til, að það verði fellt.

Alþingi, 26. apríl 1974.

Pálmi Jónsson, frsm. Eyjólfur K. Jónsson.

Nd. 810. Breytingartillaga [253. mál]

við brtt. á þskj. 785 (Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl.).

Frá Pálma Jónssyni, Benedikt Gröndal og Eyjólfi K. Jónssyni.

2. brtt. orðist svo:

3. gr. frv. orðist svo:
Við 61. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Á framlög samkvæmt 1. og 3. tölulið skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971, eins og hún er ákveðin samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga, nr. 79 frá 16. maí 1972.

Nd. **811. Nefndarálit** [46. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta hefur nú hlotið afgreiðslu efri deildar með óverulegum breytingum. Landbúnaðarnefnd þeirrar deildar sendi frv. til umsagnar ýmsum aðilum. Voru það Samband ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, búnaðarsamböndin, skipulagsstjórn ríkisins og landnámsstjóri. Áður hafði verið fjallað um frv. af Búnaðarþingi og aðalfundi Stéttarsambands bænda. Umsagnir bárust frá flestum þeirra aðila, sem að framan greinir. Kemur þar fram margháttuð gagnrýni, sem ýmist beinist að frv. í heild eða einstökum þáttum þess. Er í sumum umsögnum lagt til, að frv. verði vísað frá eða afgreiðslu þess frestað á þessu þingi, svo að meira tóm gefist til athugunar á þeim ákvæðum, er mestum ágreiningi valda. Umsögn af því tagi hafa m. a. undirritað menn, eftir að hafa kynnt sér málið til hlítar, sem áður höfðu mælt með samþykkt frumvarpsins á þingum bændasamtakanna. Nokkur búnaðarsambandanna mæla með, að frv. verði samþykkt, en einnig þar er að finna sterkar ábendingar um ýmis atriði, er betur megi fara.

Hér verður ekki að því horfið að rekja umsagnir þeirra aðila, sem hafa tjáð sig um frumvarpið. Það er enda gert allítarlega í nál. minni hl. landbúnaðarnefndar Ed. á þskj. 437. Hins vegar verða umsagnir þessar allar prentaðar hér með sem fylgiskjöl vegna þess, hve þær hafa inni að halda margvíslegar ábendingar og réttmæta gagnrýni.

Í 1. gr. þessa frv. er greint frá höfuðtilgangi þess. Allir geta orðið sammála um, að hann sé góðra gjalda verður. Hitt greinir menn á um, hvort tilganginum verði náð með því kerfi, sem frv. byggir upp, ef að lögum verður, og ekki síður, hvort leiðirnar að þessu marki séu viðunandi fyrir þá, sem við eiga að búa.

Við, sem stöndum að þessu nál., teljum mjög orka tvímælis, hvort við stöndum nokkru nær þessu höfuðmarkmiði frumvarpsins, þ. e. að tryggja eðlilega og hagkvæma notkun lands utan þéttbýlis, þótt frv. verði samþykkt. Enn fremur er það skoðun okkar, að leiðirnar, sem frv. gerir ráð fyrir, að farnar séu að þessu marki, séu ekki viðunandi.

Með byggðaráðunum eru settar á laggir nýjar stofnanir í þjóðfélaginu, stofnanir, sem eiga að hafa afskipti af hvers konar meðferð lands og jarðefna og enn fremur allri mannvirkjagerð og eigendaskiptum á fasteignum í strjálbýli. Flest verkefni byggðaráðs eru þegar í höndum annarra aðila í þjóðfélaginu og að meginefni eðlileg sveitarstjórnarmálefni, sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar fólksins, sveitarstjórnirnar, ættu að hafa í sínum höndum. Byggðaráðin eru því óþarfar stofnanir.

Frv. gerir ráð fyrir því að takmarka mjög réttindi bændastéttarinnar umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins hvað snertir ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum og söluverð fasteigna. Bændur skulu sæta þeim kostum að geta ekki selt jarðir sínar á frjálsum markaði eins og aðrir fasteignaeigendur í landinu, heldur hlíta leyfakerfi og matsverði. Þeir skulu búa við „ráðstjórn“, en aðrir við frjálsræði. Slíka mismunun þegnanna teljum við í minni hl. landbúnaðarnefndar ekki unnt að samþykkja. Réttara væri og haldbetra að ganga þannig frá og framfylgja ákvæðum um ábúð jarða, að eigendum þeirra væri skylt að halda jörðum í ábúð með hæfilegum leigukjörum og nauðsynlegu frjálsræði ábúanda til framkvæmda.

Frumvarpið er samið með það takmark fyrir augum að leggja Landnám ríkisins niður og að fela landbúnaðarráðuneytinu og byggðaráðunum bróðurpartinn af verkefnum þess. Er hér um að ræða m. a. skráningu jarða og ábúenda og ýmiss konar skipulagsleg atriði í sveitum, eða með öðrum orðum aðgerðir til að hafa áhrif á hagkvæma þróun byggðar í sveitum.

Nú hefur það hins vegar gerst, að meiri hl. landbúnaðarnefndar hefur lagt fram brtt., sem fela það í sér, að Landnámið skuli starfa áfram. Það virðist þó aðeins vera að nafninu til, því að verkefnum Landnámsins er eftir sem áður reiknað með að ráðstafa til annarra aðila. Standa m. a. í þessu frv. óhreyfðir þeir gildu þættir úr verkefnum Landnámsins, sem að framan er getið um.

Af samþykkt þessa frv. mundi því leiða þá kostulegu flækju í landbúnaðarlöggjöfinni, að Landnámi ríkisins, landnámsnefndum og sveitarstjórnum annars vegar og landbúnaðarráðuneytinu, byggðaráðum, Búnaðarfélagi Íslands og sveitarstjórnum hins vegar yrði falið að fjalla um sömu viðfangsefnin eftir tvennum lagabálkum.

Við, sem skipum minni hl. n., erum eindregið því fylgjandi, að Landnám ríkisins haldi áfram starfsemi sinni. En við teljum, að frv. sé með þessum hætti orðinn slíkur óskapnaður, að alls ekki sé fært að samþykkja það í því formi, sem meiri hl. n. leggur til.

Þrátt fyrir þá miklu annmarka frumvarpsins, sem að framan er lýst, eru nokkur ákvæði þess með þeim hætti, að vinningur væri að fá inn í löggjöf. Með tilliti til slíkra ákvæða, sem nánar verða tilgreind í framsögu, og þess vanda, sem við er að etja í sambandi við það, að landbúnaðarlandið hverfi í vaxandi mæli úr höndum þeirra aðila, sem landbúnað stunda, telur minni hl. landbúnaðarnefndar rétt, að mál þetta verði tekið til endurskoðunar. Slíka endurskoðun er ekki unnt að framkvæma á þeim tíma, sem eftir lifir þessa Alþingis. Eðlilegt sýnist, að sú endurskoðun verði unnin í samstarfi við bændasamtökin, Samband ísl. sveitarfélaga, Landnám ríkisins og skipulagsstjórn ríkisins.

Með vísun til þess, er að framan greinir, leggur minni hl. landbúnaðarnefndar til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1974.

Pálmi Jónsson, frsm. Eyjólfur K. Jónsson.

Fylgiskjal I.

LANDNÁM RÍKISINS.

Reykjavík, 15. janúar 1974.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent landnámsstjóra til umsagnar frv. til jarðalaga, 46. mál, 1973, sbr. bréf nefndarinnar, dags. 26. nóv. s.l.

Ég vænti þess, að umsögn sú, er hér fer á eftir, hafi ekki tafið störf nefndarinnar, þótt hún sé nokkru síðbúnari en nefndin gerði ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

Árni Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

UMSÖGN:

1. Sú stefna, er fram kemur í frv. til jarðalaga, um að sameina í einu frv. lög um afmarkaða þætti í landbúnaðarlöggjöf okkar, tel ég nokkuð vafasama í þeim tilvikum, er hér um ræðir. Má í því sambandi benda á lögin um jarðeignasjóð. Mér fyndist eðlilegra að fela t. d. Búnaðarbankanum gæslu þess sjóðs eða að efla Veðdeild Búnaðarbankans til að annast þau viðfangsefni, sem fram koma í 33. gr.

2. Núverandi fyrirkomulag í skipulagsmálum í dreifbýli var mótað í lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og hefur sú stefnumótun verið smátt og smátt að taka á sig fastara form. Má í því sambandi nefna, að jarða- og ábúendaskráning er óðum að komast í rétt horf og þegar orðinn grundvöllur að skráningu í lífeyrissjóð bænda, auk þess til viðmiðunar við lánveitingar úr Stofnlánadeild landbúnaðarins.

   Landbúnaðaráætlanir eru komnar af stað og línur að skýrast, hvernig verði unnið að þeim málum. Má í því sambandi benda á Inn-Djúpsáætlun, sem væntanlega kemst á framkvæmdastig á þessu ári.

   Þá hefur verið byrjað lítillega á landamerkingum, sem er einn liður í samstarfi við Landmælingar Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Fasteignamat ríkisins um landamerkingar, grunnkortagerð, gróðurgreiningu og skráningu lands, en þetta starf er grundvöllur, sem þarf að vinna, áður en eiginlegt skipulagsstarf getur hafist á einstökum jörðum og skráning fasteigna (land) kemst í raunhæft horf.

   Ég álít því, að það muni ekki flýta fyrir þróun eða framkvæmd þessara verkefna að flytja þau inn í landbúnaðarráðuneytið og leggja niður landnámsstjórn og Landnám ríkisins.
3. Jarðalagafrv. gerir ráð fyrir, að framkvæmd þess verði m. a. í höndum um það bil 20 byggðaráða með um 60 mönnum, sem skipaðir eru af landbúnaðarráðherra. Jafnframt tekur landbúnaðarráðuneytið að sér veigamikla framkvæmdaþætti, s. s. skipulag jarðeignasjóðs og jarðaskráningu, en jafnframt er Búnaðarfélagi Íslands falin aðild að flestum ákvörðunum, er jarðalögin varða. Ég álít, að sú skipulagning, sem gert er ráð fyrir í I. og II. kafla frumvarpsins, sé mjög þunglamaleg og að það muni taka langan tíma að gera hana virka. Þess vegna er það skoðun mín, að núverandi fyrirkomulag sé bæði einfaldara og virkara. Samstarf Landnáms ríkisins um flest þau mál, er varða I. og II. kafla, við sveitarstjórnir, byggingafulltrúa, Byggingastofnun landbúnaðarins og landnámsnefndir er einfalt, beint og ódýrt.
4. Ég viðurkenni, að eðlilegt sé að endurskoða þau lög, sem frv. til jarðalaga snýst um. Enn fremur tel ég, að sumar breytingar, er fram koma í frv., séu til samræmis við breyttar aðstæður og reynslu á framkvæmd laganna frá síðustu gerð þeirra. Endurskoðun þessi ætti að fara fram á viðkomandi lögum í stað þess, sem gert er nú í frv. til jarðalaga. Þá finnst mér mjög vafasamt að viðhalda lagabálk um ættaróðul, þar sem reynslan sýnir, að nær enginn áhugi er fyrir þeim ákvæðum í jarðeignamálum, er ættaróðalslögin fjalla um.
5. Ég tel, að það skipti mestu máli í sambandi við búsetu á þeim jörðum, sem sveitarstjórnir og viðkomandi stjórnvöld vilja halda í ábúð, nú landnámsstjórn, að einfalda ákvæði ábúðarlaga og gera þau ákveðnari og á þann hátt að auðvelda sveitarstjórnum að tryggja fasta búsetu á jörðum og byggja þær hæfum bændum, hver sem er eigandi jarðar eða jarðahluta. Ég álít, að þetta skipti meira máli heldur en hver á bújörðina. Ef jarðeigendum yrði ljóst, að ekki væri hægt að kaupa eða eiga jörð án þess að leigja hana með eðlilegum kjörum og með eðlilegu frjálsræði ábúanda um framkvæmdir, þá held ég, að ásókn í jarðir minnkaði og jarðaverð kæmi til með að verða eðlilegt. Þar á ég ekki við kyrrstöðu í verði í krónum, heldur að verð á jörðum og mannvirkjum sé jafnan í samræmi við verðþróun peningamála.
6. Með hliðsjón af þeim atriðum, er fram koma í töluliðum 1—5, legg ég til, að frv. til jarðalaga verði vísað frá í þeirri mynd, sem það er, en jafnframt verði gerð endurskoðun á þeim lögum, er það nær til, ásamt ábúðarlögum, og að því er varðar Landnám ríkisins, þá starfi það áfram á grundvelli laga nr. 45/1971 sem sérstök ríkisstofnun.

Fylgiskjal II.

SKIPULAGSSTJÓRN RÍKISINS

Reykjavík, 21. 11. 1973.

Athugasemdir skipulagsstjórnar ríkisins við frumvarp til jarðalaga.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur fjallað um frumvarp til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar sem frumvarpið snertir á ýmsan hátt verksvið hennar, telur hún rétt að koma á framfæri eftirtöldum ábendingum:

Skipulagsstjórn ríkisins telur, að stefna beri að því, að landið verði allt skipulagsskylt og þar með verði felld niður sú aðgreining, sem nú er í lögum milli þeirra staða, sem skipulagsskyldir eru og annarra. Jafnhliða því þyrfti sjálfsagt að breyta stjórn skipulagsmála og starfssviði Skipulags ríkisins. Á þessu stigi þykir ekki ástæða til að ræða það frekar, en að sjálfsögðu er skipulagsstjórnin reiðubúin til viðræðna um það, ef óskað verður.

Af þessum ástæðum telur skipulagsstjórnin ekki ráðlegt í nýrri löggjöf að viðhalda og jafnvel auka aðgreiningu, sem nú er í lögum, milli skipulagsskyldra staða og annarra, eins og I. kafli frumvarpsins virðist gera ráð fyrir.

Á það skal bent, að nú þegar eru ýmis sveitarfélög, bæði hrein strjálbýlissveitarfélög og sveitarfélög, sem eru að langmestu leyti strjálbýl, að eigin ósk orðin skipulagsskyld. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. virðist svo sem skipulagsskylda ýmissa sveitarfélaga, skv. skipulagslögum, nr. 19/1964, félli niður, ef hún yrði samþykkt óbreytt.

Svo virðist sem úrskurðarvald landbúnaðarráðherra um, hvað sé „þéttbýlissvæði", skv. 2. mgr. 4. gr. geti rekist á 4. mgr. 4. gr. skipulagslaga, en skv. þeirri grein úrskurðar félagsmálaráðherra um skipulagsskyldu. Að auki er vandséð, hvernig þéttbýlissvæði verða skilgreind. Slíkur vandi gæti t. d. risið í einhverju eftirtalinna sveitarfélaga, sem nú eru skipulagsskyld: Árskógshreppur, Biskupstungnahreppur, Djúpárhreppur, Glæsibæjarhreppur, Hafnahreppur, Rangárvallahreppur, Neshreppur utan Ennis, Hofshreppur, Hrafnagilshreppur, Hrunamannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Hafnarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Y-Torfustaðahreppur, Laugardalshreppur, Miklaholtshreppur, Mýrahreppur, Nesjahreppur, Reykdælahreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Seyluhreppur, Skeiðahreppur, Skorradalshreppur, Skútustaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ölfushreppur, Öngulstaðahreppur.

Skipulagsstjórn virðist sem byggðaráðum, sem stofna á skv. lögum, séu fengin í hendur verkefni, sem þau hafi varla skilyrði til að leysa, t. d. „að gera tillögur um skipulagsmál í sveit", sbr. upphaf 13. gr.

Nú er það vitað, að gerð skipulags er bæði flókið og kostnaðarsamt verkefni og til þarf að koma atbeini ýmissa sérhæfðra aðila, ef vel á að vera. Er vandséð, hvernig ráðið verður fram úr þessu, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 21. gr. frv. Að vísu segir í 2. tl. 6. gr., að byggðaráð skuli „eiga samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsyfirvöld um skipulag dreifbýlis". Að sjálfsögðu þarf til að koma náin samvinna við sveitarstjórn, sem í hlut á, en þær sveitarstjórnir, sem frv. tekur til, geta tæplega veitt þá aðstoð, sem nauðsynleg er við sjálft skipulagsstarfið. Ekki verður séð, hvaða „skipulagsyfirvöld" átt er við. Helst mætti ætla, að átt væri við skipulagsstjórnina, en þá kemur á móti, að verksvið skipulagsstjórnar er algerlega bundið við þá staði, sem skipulagsskyldir eru, skv. skipulagslögum.

Í frumvarpinu er t. d. í 3. tl. 6. gr. og 13. gr. talað um gerð tillagna um úthlutun lands til ákveðinna þarfa og skipulagsmál að öðru leyti, en ekki verður séð, hvernig fari um meðferð þeirra tillagna, t. d. hver taki við tillögum, hvort þær skuli lagðar fram opinberlega, staðfestar og þá af hverjum o. s. frv.

Ekki eru í lögunum veittar neinar leiðbeiningar um efni skipulags, sem frumvarpið fjallar um, sambærilegar ákvæðum 13. gr. skipulagslaga, sbr. og reglugerð nr. 217/1966, um gerð skipulagsáætlana.

Í 5. tl. 6. gr. virðist sem byggðaráðum sé ætlað að hafa með höndum byggingareftirlit að vissu marki, en slíkt er fengið öðrum aðilum, skv. lögum nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir.

Rétt þykir að vekja athygli á, að ákvæði 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins virðast óeðlileg, þegar um er að ræða nauðsynlega útfærslu byggðar eða framkvæmd skipulags, og varla samrýmast ákvæðum 26.—28. gr. skipulagslaga eða a. m. k. vera óþarflega þung í vöfum.

Skipulagsstjórn virðist sitthvað í frumvarpinu horfa til bóta, en telur hins vegar rétt, eins og áður segir, að benda á framangreind atriði til íhugunar í sambandi við meðferð málsins á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Zóphónías Pálsson

Til
Landbúnaðarnefndar
efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 24. jan. 1974.

Umsögn um frumvarp til jarðalaga.

Með bréfi, dags. 26. nóvember s. l., sendi landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis ofangreint frumvarp til umsagnar sambandsins. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að láta Alþingi í té svofellda umsögn um frumvarpið:

Í athugasemdum við frv. er þess getið, að nefndin, sem samdi frv., hafi meðal margra annarra átt viðræður við framkvæmdastjóra sambandsins. Rétt er, að framkvæmdastjórinn var einu sinni kvaddur til viðræðu á fund nefndarinnar og spurður persónulegs álits á ákvæðum frv. — Framkvæmdastjórinn tjáði sig ekki efnislega um önnur atriði frv. en ákvæðin um byggðaráð, umdæmi þeirra og skipan, sem hann taldi í ósamræmi við stefnumörkun sambandsins. Ábendingar framkvæmdastjórans um þetta voru ekki teknar til greina.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur því engan þátt átt í samningu þessa frv.

Frv. fjallar um efni, sem mjög varðar sveitarfélög í dreifbýli. Því vekur það sérstaka athygli, hvað sveitarfélögunum er haldið utangarðs skv. ákvæðum frv., sbr. sérstaklega nýmælin í II. kafla frv., jafnvel svo, að vald er tekið af sveitarstjórnum, sem þær hafa að gildandi lögum. Jafnframt er það áberandi, hve Búnaðarfélagi Íslands er með frv. fengið mikið vald á ýmsum sviðum.

Í athugasemdum við 1. gr. frv. er þess réttilega getið, að eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar hafi farið stórvaxandi á undanförnum árum og að verð jarða sé orðið svo hátt, að sjaldnast sé viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær og reynist oft fullerfitt fyrir sveitarfélög, þótt þau eigi forkaupsrétt. Afleiðingin hafi orðið sú, að á mörgum vildisjörðum hafi föst búseta lagst niður vegna jarðakaupa aðila, sem ekki hyggi á búskap.

Undir þessi orð getur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekið. Margar sveitarstjórnir í dreifbýli hafa haft áhyggjur af þessari þróun mála, sem leitt hefur

til þess, að byrðar þeirra, sem eftir eru í sveitunum, hafa farið tiltölulega vaxandi. Ýmsar sveitarstjórnir hafa haft hug á að neyta forkaupsréttar til jarðakaupa til að tryggja búsetu og búskap á jörðum, en framkvæmdir hafa strandað á skorti á lánsfé til jarðakaupa. Hafa því forkaupsréttarákvæði gildandi laga oft orðið gagnslaus í reynd.

Um I. kafla.

Lögin eiga að gilda um jarðir, jarðarhluta, lóðir, landspildur o. fl. utan skipulagðra þéttbýlissvæða, en í 4. gr. eru skipulögð þéttbýlissvæði skilgreind þannig, að það séu svæði, þar sem 100 íbúar eða fleiri hafi fasta búsetu.

Virðist í frv. miðað við ákvæði 4. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, en skv. því eru þéttbýlisstaðir með 100 íbúa og fleiri skipulagsskyldir, en rétt er að benda á það í þessu sambandi, að skv. sömu gr. skipulagslaga getur ráðherra úrskurðað, að skipulagslög nái til annarra staða, og nú þegar hafa um 100 sveitarfélög í dreifbýli verið úrskurðuð skipulagsskyld að eigin ósk og lúta þar með ákvæðum skipulagslaga.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að fulltrúaráð sambandsins hefur ályktað, að stefnt verði að því, að öll sveitarfélög landsins verði skipulagsskyld.

Þá er og rétt að vekja athygli á því, að skv. 4. gr. skipulagslaga getur ráðherra látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi, en með slíku skipulagi væru teknar meginákvarðanir um landnotkun og landnýtingu.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa sum komið fram með athyglisverðar tillögur um skipulagsskrifstofur í landshlutunum, sem tækju að sér verkefni, sem skipulagsstjóri og skipulagsstjórn hafa nú með höndum, auk áætlanagerðar í landshlutanum. Ef slíkar tillögur yrðu samþykktar og framkvæmdar, mundu þær hafa í för með sér valddreifingu, og verkefni þessara stofnana mundu að verulegu leyti varða landnýtingu.

Um II. kafla.

Helstu nýmæli frv. eru í þessum kafla, 5.—22. gr., um byggðaráð og verkefni þeirra.

Gert er ráð fyrir 3 manna byggðaráði í hverri sýslu. Þó er heimilt að láta starfssvæði byggðaráðs vera hið sama og búnaðarsambands.

Stjórn sambandsins telur, að umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga yrðu heppileg umdæmi byggðaráða, ef stofnuð yrðu. Þá yrðu byggðaráðin 6 í stað allt að 23.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra skipi byggðaráðsmenn, einn skv. tilnefningu sýslunefndar, annan skv. tilnefningu hlutaðeigandi búnaðarsambands og þann þriðja án tilnefningar.

Meginverkefni byggðaráða eru í eðli sínu sveitarstjórnarmálefni, og væri því eðlilegt, að sveitarstjórnir og/eða samtök þeirra, þ. e. lýðræðislega kjörnir fulltrúar allra íbúa viðkomandi byggðarlaga, stæðu að baki ákvörðunum og meðferð þessara mála. Stjórn sambandsins leggur því til, að byggðaráð verði skipuð sveitarstjórnarmönnum, en ekki fulltrúum hagsmunasamtaka tiltekinnar atvinnugreinar.

Þá telur stjórn sambandsins eðlilegt, að yfirstjórn þessara mála verði í félagsmálaráðuneytinu, sem fer með málefni sveitarfélaganna.

Í 6. gr. frv. eru tilgreind verkefni byggðaráða. Skv. 4. tl. 6. gr. er byggðaráðum ætlað að fylgjast með töku hvers konar jarðefna. Að vísu er byggðaráðunum ekki ætlað annað hlutverk í þessu sambandi en að „fylgjast með“, en rétt er að benda á, að skv. lögum nr. 25/1972, um breytingu á 31. gr. skipulagslaga, getur sveitarstjórn bannað efnistöku, grjótnám og brottflutning jarðefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið erfiðleikum við framkvæmd skipulags.

Skv. 5. tl. 6. gr. er byggðaráðum ætlað að gæta þess, að mannvirki verði ekki reist án heimildar réttra yfirvalda. Skipulags- og byggingaryfirvöld og sveitar-

stjórnir hafa þetta vald með höndum að gildandi lögum. Sýnist því með öllu óþarft að vera að íþyngja byggðaráðum með þessu verkefni.

Meginverkefni byggðaráða er, eins og að framan greinir, að fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna, og ber skv. 7. gr. að afla samþykkis byggðaráðs til aðildaskipta að réttindum yfir fasteign.

Skv. 10. gr. skal ekki veita leyfi til ráðstöfunar fasteigna, ef um óeðlilega ráðstöfun er að ræða miðað við almennar viðskiptavenjur, ef ætla má, að ráðstöfunin sé gerð til að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða til að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.

Þær synjunarástæður, sem tilgreindar eru í 10. gr., eru mjög óljósar. Hvergi er getið um „óeðlilega hátt verð" jarðar sem synjunarástæðu, þótt í athugasemdum við greinina segi, að tilgangur hennar sé að hafa hamlandi áhrif á óeðlilega verðhækkun lands og kaupskap með land.

Neiti byggðaráð að samþykkja áformaða sölu fasteignar og staðfesti ráðuneytið þá ákvörðun, getur seljandi krafist þess, að ríkissjóður kaupi eignina. Náist ekki samkomulag um verð, skal mat dómkvaddra matsmanna ráða, sbr. 10. gr.

Ekki er ljóst af orðun 10. gr., um hvers konar mat þar er að ræða, og engar skýringar fylgja um efni þeirrar greinar, þ. e. eftir hvaða reglum hinir dómkvöddu matsmenn eiga að meta eignina, en ætla verður, sbr. t. d. 3. mgr. 12. gr., að í greininni sé átt við eignarnámsmat. Samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms ber að meta eignir til gangverðs, þ. e. þess verðs, sem sannanlega er hægt að fá fyrir þær, jafnvel þótt „óeðlilega hátt" teljist. Sýnist því hæpið að ganga að því sem gefnu, að verð eignar lækki í slíku mati, enda bendir reynsla síðustu ára af eignarnámsnotkun ekki til þess.

Í niðurlagi athugasemda við 1. gr. frv. segir: „Reynslan sýnir nú þegar, að brýn þörf er að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á, hvar og hvernig landi er ráðstafað. Lögum þessum er m. a. ætlað að veita byggðarlögunum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðarkaupa, skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna utan skipulagðra þéttbýlissvæða og hafa áhrif á verð þeirra."

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að ákvæði II. kafla frumvarpsins skapi möguleika til að fylgjast með ráðstöfunum jarðeigna og möguleika til að hafa áhrif á, hvar og hvernig landi er ráðstafað, en jafnframt verður að ætla, að það sé hæpið, að ákvæði frv., ef að lögum verður, geti haft teljandi áhrif til lækkunar jarðarverði.

Í 13.—16. gr. frv. er fjallað um ýmis atriði varðandi landnýtingu, þar sem áskilið er samþykki Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs til þar til greindra ráðstafana. Allt eru það ráðstafanir, sem varða viðkomandi sveitarfélög miklu, og væri því eðlilegt, að fyrsti umsagnaraðili um slík mál væri viðkomandi sveitarstjórn. En fram hjá sveitarfélögunum er alls staðar gengið, eins og þau væru ekki til. Í sumum tilvikum eru þau svipt valdi, sem þau hafa að gildandi lögum, sbr. ákvæði 14. gr. um landskipti.

Skv. 2. mgr. 13. gr. þarf samþykki Búnaðarfélags Íslands, byggðaráðs og ráðherra til að taka landbúnaðarland til annarra nota. Í aths. segir, að þetta ákvæði gildi ekki, ef um ráðstöfun á grundvelli skipulags sé að ræða. Gera verður þá skýlausu kröfu, að samþykki sveitarstjórnar sé fyrir því að taka landbúnaðarland til annarra nota.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forkaupsrétt. Að meginefni eru ákvæði þessa kafla samhljóða gildandi lagaákvæðum. Stjórn sambandsins telur þó þær breytingar og þau nýmæli, sem þar er að finna, til bóta frá sjónarmiði sveitarfélaganna.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ríkisjarðir. (Orðalagið „jarðir í opinberri eigu" í fyrirsögn kaflans gæti valdið misskilningi). Stjórnin telur mjög til bóta, að lög-

fest verði almenn heimild til að selja ríksjarðir þeim sveitarfélögum, sem jarðir eru í. Telur stjórnin, að æskilegt væri, að lögfest væri skylda ríkissjóðs til að selja viðkomandi sveitarfélögum ríkisjarðir, ef þau óskuðu að kaupa þær og þyrftu á þeim að halda og að sá kaupréttur sveitarfélaga næði einnig til þéttbýlissveitarfélaga.

Stjórnin teldi eðlilegast, að söluverð ríkisjarða til sveitarfélaga yrði miðað við fasteignamatsverð, enda er að því stefnt, að fasteignamatsverð verði sem næst gangverð fasteigna á hverjum tíma, sbr. frv. til laga um skráningu og mat fasteigna, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Þá telur stjórnin eðlilegt, þegar ríkið selur sveitarfélögum jarðir, að greiðsluskilmálar (vextir og afborganatími) verði í samræmi við lánskjör skv. lögum nr. 41/1963, um aðstoð ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna.

Í 31. gr. frv. er fjallað um ríkisjarðir, sem líklegar eru til að verða nýttar sem fólkvangur, sumarbústaðalönd eða til annarra útilífsnota „að dómi Búnaðarfélags Íslands, byggðaráðs og náttúruverndarnefndar". Stjórnin telur sjálfsagt, að fyrst og fremst verði leitað álits **viðkomandi** sveitarstjórnar í þessu sambandi, sem fer með skipulagsmál sveitarfélagsins.

Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla um Jarðasjóð eru að mestu í samræmi við gildandi ákvæði um Jarðeignasjóð ríkisins. Stjórnin er í meginatriðum samþykk ákvæðum kaflans. Sérstaklega telur hún mikilvæg ákvæðin um lánveitingar sjóðsins til sveitarfélaga, sbr. 32. gr., 2. mgr. og 35. gr.

Að því er varðar ákvæði 3. mgr. 32. gr. um umsagnaraðila um erindi til Jarðasjóðs, álítur stjórnin, að sjálfsagt sé að leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórna varðandi erindi frá einkaaðilum. Sama má segja um ákvæði 34. gr., að eðlilegt virðist að leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar ekki síður en byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands. Svipað má einnig segja um ákvæði 2. mgr. 37. gr.

Varðandi ákvörðun verðs á jörðum, sem Jarðasjóður kaupir og selur skv. 36. gr. 1. mgr. og 37. gr. 4. mgr., sbr. 39. gr., virðist eðlilegast og umsvifaminnst, að það sé fasteignamatsverð, sbr. áður sagt.

Um VI. kafla.

Í athugasemdum frv. er þess getið, að mjög fáar jarðir hafi verið gerðar að ættaróðulum. Sýnist því þessi lengsti kafli frv. með öllu óþarfur.

Með tilliti til framangreindra athugasemda leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til, að frv. til jarðalaga verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.

Þetta tilkynnist háttv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

FJÓRÐUNGSSAMBAND NORÐLENDINGA

Akureyri, 3. des. 1973.

Landbúnaðarnefnd
efri deildar
Alþingis.

Rétt þykir að kunngera nefndinni ályktun síðasta Fjórðungsþings, sem haldið var á Húsavík dagana 21., 22. og 23. október s. l., um skipulag og landnýtingu.

„1. Fjórðungsþingið telur eðlilegt, að hverju sýslufélagi og kaupstað sé falið að gera tillögur til landshlutasamtakanna um heildarnýtingu lands í héraðinu og landshlutasamtökin taki þessar tillögur til samræmingar og endurskoðunar.

Á þessum grundvelli verði gerðar áætlanir um skipulagða landnýtingu og landgræðslu vegna þéttbýlisstaða og einstakra byggðarlaga. Landnýtingar- og landgræðslunefnd geri landshlutasamtökum kleift, a. m. k. á fyrsta stigi, að aðstoða sýslufélögin við gerð þessara frumáætlana.

2. Fjórðungsþingið leggur til, að lögfest verði skipulagsskylda allra sveitarfélaga. Í því sambandi verði skipulagslögin endurskoðuð. Komið verði upp skipulagsskrifstofum á vegum landshlutasamtakanna, sem geti sinnt þörfum sveitarfélaganna á aukinni skipulagsþjónustu og starfi í nánum tengslum við þau. Jafnframt verði starf byggingarfulltrúa, sem víða hafa of stór svæði, tengt þessu og þeim gert kleift að veita vaxandi þjónustu.

3. Fjórðungsþingið bendir á, að í sambandi við þessar skipulagsskrifstofur mætti tengja áætlanagerð um heildarnýtingu lands til allrar mannvirkjagerðar og annarrar land- og gróðurnýtingar.

4. Fjórðungsþingið telur nauðsynlegt að byggja sem mest á reynslu, þekkingu og vilja heimamanna um landnýtingu framtíðarinnar, en til þess að það geti orðið raunhæft, sé nauðsynlegt, að við skipulagsskrifstofur landshlutasamtakanna starfi sérfræðingur á sviði landgræðslu, gróður- og náttúruverndar, skógræktar og fiskræktar í nánum tengslum við félagasamtök og opinberar stofnanir. Eðlilegt verður að teljast, að Byggðasjóður veiti landshlutasamtökunum starfsstyrk til þessarar skipulögðu vinnubragða við alhliða áætlanagerð í nánu samstarfi við heimamenn.“

Enn fremur gerði þingið eftirfarandi ályktun um stefnumörkun í landnýtingarmálum:

„Fjórðungsþingi Norðlendinga er ljóst, að á síðari árum hefur víða skapast nýtt og margfalt hærra verðmætamat á landinu en áður þekktist, vegna vaxandi umsvifa þéttbýlisins, sem kallar á síaukið landrými til hvers kyns mannvirkjagerðar, auk þess sem æ fleiri vilja nú njóta hinnar óspilltu náttúru sveitanna á einn eða annan hátt. Þingið telur, að hamla beri gegn þessari þróun til þess að koma í veg fyrir það, að landbúnaðurinn standi höllum fæti í samkeppni við nýja landnýtingaraðila.

Fjórðungsþingið leggur á það áherslu, að við mótun landnýtingarstefnu hverju sinni verði þess gætt að miða alla landnýtingu við það að viðhlda framleiðslugetu landsins um langan aldur. Á þessum grundvelli leggur Fjórðungsþingið til, að gerð verði skipulagsbundin áætlun um landnotkun til langs tíma, sem byggist á nákvæmri úttekt núverandi landnytja og á markvíslegum rannsóknum.“

Varðandi umferð um landið gerði Fjórðungsþingið eftirfarandi ályktun:

„Fjórðungsþing Norðlendinga telur brýna nauðsyn á því að skipuleggja sérstök útivistarsvæði fyrir almenning. Enn fremur leggur þingið til, að sumarbú-

staðir verði að jafnaði byggðir í hverfum, sem verði staðsett samkvæmt skipulagi viðkomandi sveitarfélags. Fjórðungsþinginu er ljóst, að nauðsyn getur krafist þess að takmarka umferð á vissum svæðum, sem eru frá náttúrunnar hendi viðkvæm fyrir átroðningi. Jafnframt er bent á, að réttmætt geti verið að takmarka aðgang að friðlýstum svæðum.“

Stefnuákvörðun um skipulag og landnýtingu er miðuð við svör við eftirtöldum fyrirspurnum frá landnýtingar- og landgræðslunefnd til landshlutasamtakanna:

1) Geta menn fundið leiðir til þess að gera í stórum dráttum á einhverjum viðunandi grundvelli áætlun um heildarnýtingu lands í landshlutanum, í víðtækari merkingu þeirra orða, áætlun, sem yrði a. m. k. leiðbeinandi um höfuðstefnu í þessum málum?
2) Gæti slík áætlun, þótt óbindandi væri og í stórum dráttum dregin, ekki orðið að miklu liði við að koma betri skipan á margt, sem þessi mál snertir?
3) Hvaða lagabætur telja samtökin að athuguðu máli þurfi að koma til, svo betri tökum en áður verði náð í þeim viðfangsefnum, sem hér er um að tefla?
4) Hvernig telja menn, að farsælast mundi að skipuleggja framkvæmd þessara mála framvegis, og þá sérstaklega, hvaða framkvæmdaaðilar ættu að hafa þau með höndum?

Ljóst er af ályktunum Fjórðungsþingsins, að sú meginstefna ræður, að sveitarfélögin sjálf, í samvinnu á héraðsgrundvelli og innan landshlutasamtakanna, taki að sér alla forustu í landnýtingar- og skipulagsmálum.

Enda þótt frumvarp það til jarðalaga, sem liggur fyrir, hafi ekki verið lagt fyrir landbúnaðarnefnd Fjórðungssambandsins og Fjórðungsþing, er ljóst, að stefnumótun þingsins er gagnstæð framkvæmdameðferð í jarðalagafrumvarpinu.

Það eru vægast sagt ekki vammlaus vinnubrögð hjá nefnd þeirri, sem bjó frumvarpið í hendur Alþingis, að hafa ekki formlega samráð við samtök sveitarfélaganna í einstökum landshlutum og við sýslunefndirnar. Í sumar var ekki höfð hirða á því að senda frumvarpið til athugunar hjá ýmsum aðilum á milli þinga. Því verður að vara við öllum einstefnuakstri í meðferð þessara mála, sem getur stefnt árangri af samstarfi um þessi mál í tvísýnu. Nú liggur brýnast við að endurskoða skipulagslög og fella inn í þau ákvæði um skipulagsskyldu allra sveitarfélaga og skipulagsdeildir í einstökum landshlutum, efla þannig vald sveitarstjórna og samtaka þeirra um meðferð skipulags- og landnýtingarmála. Ljóst er, að frumvarp til jarðalaga stefnir í öfuga átt við stefnu síðasta Fjórðungsþings, að því er varðar skipulagið og landnýtinguna. Hins vegar eru í frumvarpinu gagnleg ákvæði til varnar því, að lönd og jarðir bænda séu teknar úr ábúð til annarlegra nota.

Ef vikið er að einstökum atriðum frumvarpsins, skal m. a. bent á helstu galla þess.

Í fyrsta kaflanum er gert ráð fyrir tvöföldu kerfi í skipulagningu lands, og er gengið út frá því, að landssvæði utan skipulagðra þéttbýlissvæða, skuli lúta sérstakri skipulagsstjórn. Þetta er röng stefna, sem getur leitt af sér misskilning og vaxandi óeiningu á milli sveitarfélaga í nábýli innan sama héraðs. Með þessum hætti er stofnað til vaxandi vandkvæða á milli þéttbýlisstaða og sveita innan sama héraðs. Slík þróun er gagnstæð stefnu Fjórðungssambandsins, þar sem samhljóða var samþykkt á síðasta Fjórðungsþingi að leggja til, að öll sveitarfélög verði skipulagsskyld. Um ákvæði 3. greinar er það að segja, að eðlilegt er að skráning jarða og lendna verði á vegum skipulagsskrifstofu og byggingarfulltrúa eða þá fasteignamatsmanna. Eðlilegt er, að í hverju héraði verði sérstök skrá yfir lóðir, lendur og jarðir, sem unnin væri af heimamönnum. Ella verður slík skrá annars aldrei í sæmilegu lagi.

Sé vikið að öðrum kafla kemur í ljós, að fitjað er upp á nýrri stofnun, sem nefnist byggðaráð, og eitt þeirra skal vera í hverri sýslu. Megingallinn á þessum nýju ráðum er sá, að þau eru ekki tengd sveitarfélögum, og í fljótu bragði virðist þessi nýja skipan færa valdið frá sveitarfélögum til búnaðarsamtaka og landbún-

aðarráðherra. Eðlilegt er, að ráð, sem á að fylgjast með ábúð jarða, skiptingu og sameiningu þeirra, enn fremur ráðstöfun jarðnæðis, verði tilnefnd af heimaaðilum. Ef slík ráð eiga á annað borð rétt á sér, væri ekki skynsamlegra að nefna þessi ráð réttnefni, sem er jarðanefnd?

Ákvæði 13. gr. eru mjög varhugaverð, þar sem beinlínis er gert ráð fyrir, að byggðaráðin geri tillögur um skipulagsmál í sveitum í samráði við Búnaðarfélag Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd. Það furðulega er, að skipulagstillögur ráðsins eru ekki viðkomandi sveitarstjórnum. Hins vegar skuli fjarlæg stofnun í málefnum bænda vera hér landsforsjá á kostnað sveitarfélaganna. Enn fremur eru náttúruverndarnefndir hafnar yfir réttkjörnar sveitarstjórnir. Það er vandfundin skýring á þessari viðleitni önnur en sú, að skipulagsmálin í sveitum skuli færð frá sveitarfélögunum til búnaðarsamtaka og náttúruverndarnefnda. Þetta er meiri skerðing á umsýslu sveitarfélaganna í sveitum landsins en að verði þoluð. Sú grundvallarregla er viðurkennd, að sveitarfélögin skuli annast heimamál sín og stefna að vaxandi valddreifingu í þjóðfélaginu, sem stefnir að því að efla valdsvið sveitarstjórna og landshlutasamtaka, svo og til að viðhalda héraðsbundnu samstarfi sveitarfélaga. Frumvarpið um jarðalög stefnir í gagnstæða átt og því í raun og veru stefnt að valdskerðingu sveitarfélaganna, t. d. í skipulags- og landnýtingarmálum. Meginstefna sveitarfélaganna, ýmist einstakra sveitarfélaga eða fleiri þeirra í samstarfi, er að draga til sín skipulags- og landnýtingarmál sem einkum tilvalið verkefni til vaxandi heimastjórnar.

Með ákvæðum 14., 15. og 16. gr. er verið að sniðganga sveitarstjórnirnar og færa valdið til Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðanna, auðvitað á kostnað heimaaðila, eins og sveitarstjórna. Samkvæmt 21. gr. er ætlast til, að byggðaráð verði ný stofnun með sérstöku skrifstofuhaldi. Öllum er ljóst, að þetta er fráleitt, á meðan ekki hefur verið komið upp í héruðunum aðstöðu fyrir héraðsbyggingarfulltrúa til að vinna eftirlitsstörf sín svo og að skipulagsmálum. Ef þessi jarðaráð eiga nokkurn rétt, ættu þau að vera ráðgefandi fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöld sveitarfélaga og héraðasvæða.

Hér verður ekki vikið frekar að ýmsum öðrum atriðum frumvarpsins og að augljósum göllum þess. Hins vegar er ítrekað, að ekki sé hyggilegt að afgreiða jarðalagafrumvarpið sérstaklega, nema skipulagslögin verði endurskoðuð jafnhliða, þannig að samræmi verði milli þessara laga, í þeim tilgangi að tryggja heimaaðilum hér umráð eigin mála, jafnframt í stað stefnu frumvarpsins, að landið til sveita haldist utan skipulagsskyldu, þá verði lögfest almenn skipulagsskylda sveitarfélaga.

F. h. Fjórðungssambands Norðlendinga

Áskell Einarsson.

Fylgiskjal V.

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Í SUÐURLANDSKJÖRDÆMI

Selfossi, 15. jan. 1974.

Til landbúnaðarnefndar
efri deildar Alþingis.

Umsögn um frv. til jarðalaga.

Samtökin hafa móttekið bréf nefndarinnar frá 26. nóvember s. l.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og þá einkum þær hliðar þess, er snúa að sveitarstjórnarmálum.

Stjórnin vill með þessari umsögn sinni benda á það, sem henni þykir betur mega fara í frv., og leggur áherslu á það, að ekki verði reynt að lögfesta það í núverandi mynd.

1. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að frv. taki til lands utan skipulagsskyldra þéttbýlisstaða. Rétt er að benda á, að fjölmörg sveitarfélög hafa orðið skipulagsskyld, þótt eigi séu þau þéttbýli skv. skipulagslögum, nr. 19/1964.
2. Í 3. gr. (sbr. greinarg. frumvarpsins) er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðuneytið sjái um, að haldin verði skrá af einum aðila yfir allar jarðir, svo og að gerðir verði uppdrættir með landamerkjum af sveitum landsins.

   Í þessu sambandi skal á það bent, að í frv. til laga um skráningu og mat fasteigna er gert ráð fyrir, að sérstök stofnun taki til starfa, „Fasteignaskrá“, og að hún hafi þessi störf m. a. með höndum og svo að sú stofnun heyri undir annað ráðuneyti eða fjármálaráðuneytið.
3. Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra skeri úr ágreiningi um það, hvað teljast skuli þéttbýlissvæði, en í skipulagslögum er gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra skeri úr í þessum efnum.
4. 5. gr. frv. fjallar um byggðaráð, þar er gert ráð fyrir, að sýslunefndir, búnaðarsambönd og ráðherra tilnefni byggðaráð. Á það skal bent, að mikið hefur verið rætt og ritað um ofvöxt ríkiskerfisins. Hér er ætlunin að stofna nýtt kerfi með ráðum, sem gætu orðið alls 24 með 3 aðal- og 3 varamönnum eða samtals 144 mönnum. Með þessu er jafnframt gengið á rétt hinna einstöku sveitarfélaga, sem til þessa hafa farið með þau verkefni, sem byggðaráðinu eru m. a. áætluð.

   Þá skal á það bent, að sýslunefndir eru af flestum taldar í mjög lausum tengslum við sveitarstjórnirnar í landinu, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Til þess að bæta úr því, sem ekki hefur tekist með starfi sýslunefnda, voru stofnuð landshlutasamtök sveitarfélaga í öllum kjördæmum landsins. Löggjafinn hefur viðurkennt tilvist þeirra og rétt með fjölmörgu móti.

   Varðandi landshlutasamtökin skal minnt á lögin um tekjustofna sveitarfélaga, lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins og frv. til laga um grunnskóla, og loks skal minnt á áðurnefnt lagafrv. um skráningu og mat fasteigna, 18. gr. Það er þess vegna tillaga stjórnarinnar, að fundin verði önnur leið í samráði við sveitarfélögin og samtök þeirra um það, hvernig ná megi því, sem að er stefnt í II. kafla frv.
5. Í 6. gr. er gert ráð fyrir í 1. tölulið, að ráðin vinni sama verk og Fasteignaskrá ríkisins er ætlað í áðurnefndu frv., nema hvað ráðunum er ætlað til viðbótar að leyfa og banna eigendaskipti. Í tl. 2—6 er gert ráð fyrir að ráðin gangi inn í verkefni Landnáms ríkisins, einstakra sveitarfélaga, Skipulagsstjórnar ríkisins, náttúruverndarnefnda og Náttúruverndarráðs.

   Hér virðist stjórninni of mikið í lagt.
6. Í 7.—11. gr. er gert ráð fyrir því, að bændur og aðrir jarðeigendur þurfi leyfi til að ráðstafa eða breyta notkun á jörðum sínum, og svo hvernig ráðin og aðrar opinberar stofnanir geti farið að því að þrengja eignar- og umráðarétt bænda yfir eignum sínum svo og takmarka verðlagsþróun þessara eigna umfram eignir annarra þjóðfélagsþegna.

   Stjórn Samtakanna hefur fjallað ítarlega um þessi atriði. Hún mótmælir þessum ákvæðum, en hún treystir sér ekki til þess að láta í té nægilega rökstudd andmæli við þessum ákvæðum í frv., fyrr en fengnir hafa verið lögfróðir aðilar, t. d. dómarar í Hæstarétti eða lagaprófessorar, til þess að fjalla um, hvernig eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar samrýmist þessum ákvæðum. Leggur stjórnin því til, að háttvirt landbúnaðarnefnd leiti eftir slíkri umsögn.
7. 13. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að byggðaráðin verði enn einn aðili, sem fari með skipulagsmál í landinu.

Stjórnin telur frekar þörf á að samræma og efla stjórn þessara aðila að skipulagsmálum í landinu í heild, áður en gengið er að því að setja upp nýtt kerfi á vegum ríkisins.

Með þessu vill þó stjórnin alls ekki hafa á móti virkari aðild Búnaðarfélags Íslands á skipulagsmál í sveitum landsins. Má benda á, að t. d. gæti þótt eðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands öðlaðist rétt til að tilnefna fulltrúa í skipulagsstjórn ríkisins.

8. Að lokum skal svo vikið að því, sem sagt er í 1. gr. frv., „að tilgangur laganna sé að tryggja, að nýting lands ... og að eignarráð á landi og búseta á jörðum séu í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga ...“.

Skv. frv. er þó hvorki gert ráð fyrir, að sveitarfélögum né samtökum þeirra sé ætlað neitt hlutverk til áhrifa á þróun mála innan sinna umdæmamarka.

Þá skal á það minnt, að í I. og II. kafla frv. eða 1.–22. gr., sem innihalda í raun mjög mikilvægar breytingar á núverandi skipan sveitarstjórnarmála, þá koma orðin sveitarfélag og sveitarstjórn einungis þrisvar fyrir samtals.

Það fer m. ö. o. ekki mikið fyrir hlut sveitarfélaga í frv., en við nánari lestur þá kemur í ljós, að ætlunin er að færa valdsvið sveitarfélaga og eignar- og umráðarétt bænda í ríkum mæli yfir í hendur ríkisvaldsins.

Ölvir Karlsson,
formaður.

Sigfinnur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VI.

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Í REYKJANESUMDÆMI

Garðahreppi, 20. jan. 1974.

Til landbúnaðarnefndar
efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Umsögn um frv. til jarðalaga.

Samtökin hafa móttekið bréf nefndarinnar frá 26. nóv. s. l.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og þá einkum þær hliðar þess, er snúa að sveitarstjórnarmálum.

Stjórnin vill með þessari umsögn sinni benda á það, sem henni þykir betur mega fara í frumvarpinu, og leggur áherslu á það, að ekki verði reynt að lögfesta það í núverandi mynd.

I. KAFLI

4. gr. virðist fremur óljós.

II. KAFLI

5. gr.: Byggðaráð virðist vera óþörf stofnun, og er helst að sjá, að höfundar þessa frumvarps hafi ekki heyrt landshlutasamtaka sveitarfélaga getið. Ekkert er auðveldara en að hafa innan þeirra starfandi „landbúnaðarnefnd“, er gegndi því hlutverki, er byggðaráðum virðist ætlað í frumvarpi þessu. Tölu nefndarmanna í „landbúnaðarnefnd“ mætti hafa mismunandi eftir t. d. fjölda núverandi sýslufélaga í hverjum landshlutasamtökum (í Reykjanesumdæmi t. d. 2+1 skipaður). Rétt þykir að benda á þessu til stuðnings, að sýslur og sýslunefndir eru mjög veikar og óvirkar stjórnunareiningar, sem líklegar eru til að hverfa innan fárra ára. Því er lagt til, að orðið „byggðaráð“ hverfi með öllu úr þessu frumvarpi.

6. gr.: Virðist vera sniðin eftir stefnu landshlutasamtaka sveitarfélaga, sbr. byggðaáætlanir, atvinnuáætlanir og almenna áætlanagerð.

10. gr.: Á eftir orðunum „gert kröfu til þess, að ríkissjóður“ í 2. mgr. komi: „eða viðkomandi sveitarfélag“, sem o. s. frv.

11. gr.: Ítrekaðar eru tillögur Sambands ísl. sveitarfélaga um það, að landshlutasamtök sveitarfélaga taki að sér skráningu fasteigna hver í sínu umdæmi.

13. gr.: Vitnað er í gerð landshluta- og byggðaáætlana (sbr. Djúpáætlun, gerða af Fjórðungssambandi Vestfirðinga), sem eru eitt af aðalhlutverkum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

14. gr.: Æskilegt væri, að landshlutasamtök sveitarfélaga í þeim landshlutum, þar sem sérstaklega er um nýbýlastofnanir að ræða, hafi aðgang að ráðunautum og/eða hagfræðimenntuðum aðilum, er sagt geta fyrir um arðsemi og lágmarksstærð væntanlegra nýbýla.

22. gr.: Kostnaður greiðist af hálfu af landshlutasamtökum og ríkissjóði.

III. KAFLI

25. gr.: Við greinina bætist: „Jafnhliða skal landbúnaðarnefnd landshlutasamtaka viðkomandi landshluta tilkynnt um boð forkaupsréttar“.

27. gr.: Samþ. með breytingartillögu Ragnars Arnalds.

IV. KAFLI

29. gr.: Á eftir 1. mgr. komi: „Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins lætur landbúnaðarnefnd landshlutasamtaka í té skrá yfir jarðir ríkisins í landshlutanum (sbr. 3. gr.)“.

30. gr.: Í 2. mgr. á eftir orðunum „í samræmi við skipulagsákvæði“ komi: „og með samþykki viðkomandi landshlutasamtaka“.

31. gr.: Í 3. lið greinarinnar komi í stað „sýslunefndar“: „landbúnaðarnefndar landshlutasamtaka“.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi,
Axel Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VII.

Stykkishólmi, 8. jan. 1974.

Á fundi í stjórn Búnaðarsambands Snæfellinga var gerð eftirfarandi bókun:

„Stjórn Búnaðarsambandsins mælir eindregið með því, að frumvarp til jarðalaga verði lögfest á Alþingi í vetur með þeim fyrirvara, að hert verði nokkuð á ákvæðum eignarnámsheimildar sveitarfélaga og ríkisins á landi, sem er ekki nýtt til búrekstrar. Þá telur stjórn sambandsins, að lengja eigi frest um neytingu forkaupsréttar, sbr. 24. gr., úr 5 sólarhringum í 10 sólarhringa. Einnig verði hækkað framlag í jarðasjóð úr 12 milljónum í 20 millj. Æskilegt væri, að skipuð yrði sérstök stjórn fyrir sjóðinn.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f. h. Búnaðarsambands Snæfellinga,
Leifur Kr. Jóhannsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar,
Alþingi,
Reykjavík.

Fylgiskjal VIII.

Lækjamóti, 18. jan. 1974.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Hef meðtekið bréf yðar, þar sem Búnaðarsambandi V.-Húnvetninga er sent til umsagnar frumvarp til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Vil ég hér með senda umsögn f. h. búnaðarsambandsins, en vegna þess, hvað frumvarpið er viðamikið, hefur ekki unnist tími til þess að kynna það nægjanlega á stjórnarfundi.

Ég hef borið frumvarpið lauslega saman við eldri gerðir þess. Breytingar eru fremur smávægilegar og víða til bóta að mínum dómi. En eftirtaldar athugasemdir vildi ég gera:

1. Orðið byggðaráð tel ég óviðfelldið í þessu sambandi. Það er bein þýðing úr norsku, sem ég held að eigi ekkert erindi í íslenskt mál. Orðið „sveit" hefur fyrir mörgum öldum unnið sér þann þegnrétt í íslensku máli, sem orðið „bygd" hefur í Noregi. Ég held, að orðið jarðeignanefnd eða ráð væri betra og mundi ná því hugtaki, sem þarf að ná.
2. Í niðurlagi 7. gr. eru ný ákvæði í frumvarpinu varðandi lögerfðir. Nú er það svo, að það er reynsla bæði hér og annars staðar, að erfðir eru ein algengasta ástæða til þess, að jarðir komast í óheppileg eignaryfirráð, ýmist á þann hátt, að margir eignaraðilar verða að sömu jörð eða jörðin fellur í hendur aðila, sem ekki hugsa um búrekstur, vilja jafnvel vera með öllu lausir við hann. Þess vegna efast ég um, að þetta niðurlagsákvæði eigi erindi inn í lögin, og í raun og veru kemur það í bága við ákvæði 28. gr. um sama efni. Hins vegar á ákvæði um búskipti vegna skilnaðar vafalaust rétt á sér í lögunum.
3. Í tillögum búnaðarþings var gert ráð fyrir, að jarðeignasjóður hefði sérstaka stjórn. Ég tel, að jarðeignasjóður fari með svo þýðingarmikið hlutverk, að það sé nauðsynlegt og einnig eðlilegt, að hann hafi sérstaka stjórn.
4. Í 33. gr. er bætt við 8. tölulið. Ég vil benda á, að það verður að teljast eðlilegt, að gerð sé samsvarandi breyting á 38. gr.

Ég vil að endingu leggja áherslu á afgreiðslu þessa frumvarps. Öllum ætti nú orðið að vera ljós nauðsyn þess að koma betri skipan á þau málefni, sem þetta frumvarp fjallar um.

Virðingarfyllst,

Sigurður J. Lárusson.

Fylgiskjal IX.

BÚNAÐARSAMBAND SKAGFIRÐINGA

Sunnudaginn 9. des. 1973 og fimmtudaginn 10. janúar kom stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga saman til fundar að Varmahlíð til þess að ræða og taka afstöðu til frumvarps til jarðalaga, en Ásgeir Bjarnason alþm. hafði sent Búnaðarsambandi Skagfirðinga það til umsagnar f. h. landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Eftirfarandi ályktun var gerð:

Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga lýsir yfir eindregnum stuðningi við efni og tilgang frumvarpsins og leggur til, að það verði lögfest á Alþingi því, er nú situr, með eftirfarandi breytingum:

1. Við 13. gr. Síðasta setning greinarinnar orðist svo:

„Að öðrum kosti þarf samþykki ráðherra, enda hafi áður verið leitað álits sveitarstjórnar og samþykkis byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands."

2. Við 31. gr. Eftirfarandi falli niður úr greininni:
„Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.“
3. Við 32. gr.
a) 1. málsgrein orðist svo:
„Mynda skal og starfrækja sjóð, er nefnist Jarðasjóður ríkisins.“
b) Við greinina bætist:
„Landbúnaðarráðherra skipar Jarðasjóði stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn. Formann sjóðsstjórnar skipar ráðherra án tilnefningar, en meðstjórnendur annan eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og hinn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda. Varamenn skal skipa á sama hátt. Stjórn sjóðsins ákveður um kaup og sölu jarða, lánveitingar úr sjóðnum og annað, sem stjórn sjóðsins viðkemur. Um starfsemi sjóðsins fer eftir reglugerð, sem ráðherra setur.“
4. Við 36. gr.
Í stað kr. 12 000 000.00 komi kr. 15 000 000.00. Við greinina bætist:
„Framlag þetta miðast við verðlag ársins 1973, en hækki síðan, í sama hlutfalli og ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta gerir hverju sinni.“
5. Við 38. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
„Byggðaráði, sveitarstjórn og Búnaðarfélagi Íslands“ o. s. frv.
6. Við 40. gr.
Á eftir orðunum „öðrum en fasteignaskatti“ komi: „og fjallskilum“.

Til frekari skýringar skal eftirfarandi tekið fram:

1. Áríðandi er, að sveitarstjórnir séu jafnan hafðar með í ráðum og leitað umsagnar þeirra varðandi mörg þau mál, er byggðaráð kemur til með að fjalla um, þannig að sem víðtækust samstaða skapist heima fyrir um þær ákvarðanir, sem teknar kunna að verða og snerta hin einstöku sveitarfélög.
2. Fráleitt er að heimila að undanskilja hlunnindi, s. s. námuréttindi, rétt til efnistöku vatns og hitaréttindi umfram heimilisþörf, þegar um sölu á ríkisjörðum er að ræða. Þetta ákvæði 31. gr., eins og það er nú í frumvarpinu, er algjör mótsögn við tilgang og anda frumvarpsins. Engin frambærileg rök eru til fyrir þessu ákvæði og því rökrétt að fella það niður úr frumvarpinu.
3. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, að Jarðasjóður hafi sérstaka stjórn, en starfi á vegum Jarðadeildar. Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga telur miklu eðlilegra, að sjóðurinn starfi undir sérstakri stjórn, og tekur því upp tillögu Búnaðarþings 1973 þar að lútandi.
4. Vegna hinna sífelldu verðhækkana á öllum sviðum verður að gera ráð fyrir verulegu árlegu fjármagni til Jarðasjóðs svo að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þetta framlag verður einnig að fylgja verðlagsbreytingum. Því er lagt til, að það hækki í hlutfalli við ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta hverju sinni.
5. Eðlilegt þykir, að Jarðasjóður greiði kostnað við fjallskil vegna eyðijarða í eigu sjóðsins, m. a. vegna þess, að hluti tekjustofna fjallskilasjóða er stundum reiknaður af landverði jarða.
6. Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga telur að VI. kafli frumvarpsins hafi lítinn tilgang, þar sem jörð er yfirleitt ekki gerð að ættaróðali, nema menn séu skyldaðir til þess vegna kaupa á ríkisjörðum. Þá má benda á, að lög þessi skapa í mörgum tilfellum misrétti milli barna óðalseigenda.

Gunnar Oddsson. Marinó Sigurðsson. Jónas Haraldsson.
Bjarni Halldórsson. Har. Hermannsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal X.

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR

Akureyri, 11. jan. 1974.

Alþingi,
Reykjavík.

Á fundi hjá stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar þann 10. jan. 1974 var tekið fyrir og rætt frumvarp til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Um þetta var bókað eftirfarandi:

„Í umræðum um málið kom fram, að stjórnin var sammála um það, að kaflinn um óðalsjarðir þyrfti breytinga við. Einnig taldi stjórnin óeðlilegt að skylda þá, er kaupa jarðir af ríkinu, til þess að gera þær að óðalsjörðum. Þá taldi stjórnin einnig æskilegt, að bændum yrði auðveldað að leysa jarðir úr óðalsböndum, ef þeir óskuðu þess. Ævari Hjartarsyni var falið að senda álitsgerð um málið á grundvelli þeirra umræðna, er fram höfðu farið á fundinum."

Þannig bókað í gjörðabók Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Eins og fram kemur hér að framan, voru einna mestar athugasemdir gerðar við kaflann um óðalsjarðir. Í því sambandi vil ég benda á eftirfarandi greinar, sem ástæða þótti til að breyta.

55. gr. Þar sé fallið frá kvöð, sem er á frjálsri sölu. Sé fallið frá óðalsrétti af öllum aðilum, teljist eðlilegt, að jörðin fari í frjálsa sölu án takmarkana á söluverði að öðru leyti en sem heyrir undir byggðaráð.

57. gr. Teljast verður nægjanlegt að hafa a- og b-lið þessarar greinar ásamt systkinum óðalsréttarhafa.

Greinin, eins og hún er, telur til of margra óðalsréttarhafa, eins og hún hljóðar nú.

47. gr. Sú grein í heild orkar mjög tvímælis. Verndun búsetu fyrrverandi óðalsbónda á jörðinni með sýslumannsúrskurði verður að teljast hæpið sambúðarform. Mætti að skaðlausu sleppa þessari grein.

Mjög var til umræðu, hvort allur kaflinn um óðalsjarðir væri ekki óþarfur og bæri að fella niður, þá þannig, að þær jarðir, sem hafa hann nú, gætu haldið sínum rétti, en ákvæði til að losa þær undan þessum ákvæðum yrðu gerð auðveldari. Byggðaráð ætti að vera nægjanlegt aðhald með þessum sölum eins og öðru, sem því er falið.

Um sölu ríkisjarða.

31. gr. Ekki verður séð nauðsyn þess, sé um sölur á ríkisjörðum að ræða til einstaklinga, að gera þurfi þær að ættaróðulum. Fella mætti út lið 2 í þessari grein.

Auk þessara atriða, sem talin hafa verið upp hér að framan, eru nokkuð skiptar skoðanir um byggðaráð og það, hversu valdamikil stofnun það er, þegar um ráðstöfun eigna er að ræða. Töldu sumir, að þar væri gengið um of á rétt einstaklingsins til að ráðstafa eignum sínum að vild.

Aðrir töldu aðhald nauðsynlegt í þessu sambandi. Út frá því verður ekki séð, að hægt sé að gera nokkrar athugasemdir um þann kafla laganna.

Virðingarfyllst,
F. h. Búnaðarsambands Eyjafjarðar,

Ævarr Hjartarson.

Fylgiskjal XI.

BÚNAÐARSAMBAND SUÐUR-ÞINGEYINGA

Árnesi, 20. jan. 1974.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis.

Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga hefur tekið til meðferðar frumvarp það til jarðalaga, er henni var sent til umsagnar.

Stjórnin hefur orðið sammála um að styðja þá meginstefnu, er í frumvarpinu felst, að torvelda með löggjöf óæskilegt jarðabrask í hagnaðarskyni, án þess að frelsi bænda til eðlilegs raunverðs á fasteignum þeirra verði skert óeðlilega með löggjöf umfram eignir annarra þjóðfélagsborgara í landinu.

Af þessu tilefni leggur stjórn sambandsins áherslu á, að öll eignarskerðingarákvæði frumvarpsins verði endurskoðuð enn frekar með hliðsjón af gildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar, svo tryggt sé, að endanleg afgreiðsla frumvarpsins verði í fullu samræmi við hana.

Þá telur stjórnin hæpin þau ákvæði frumvarpsins að leggja Landnám ríkisins niður að svo komnu máli, þar sem það hefur á jákvæðan hátt stuðlað að raunhæfu viðnámi gegn byggðaeyðingu í sveitum landsins og auk þess sinnt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu og rekstri fóðurvinnslu úr íslensku grasi, sem ber að efla sem mest á næstu árum.

Stjórn búnaðarsambandsins telur valdsvið byggðaráðs í frumvarpinu svo mikið og margþætt, að mjög þurfi til þessarar löggjafar að vanda.

Við teljum því rétt að fresta afgreiðslu jarðalagafrumvarpsins á yfirstandandi Alþingi til þess að tryggja sem besta samstöðu um meginstefnu þess, bæði frá búnaðarsamböndum, búnaðarfélögum og sýslunefndum.

Það skiptir að okkar dómi minna máli, hvort löggjöf þessi verði afgreidd árinu fyrr eða síðar, nái frumvarpið fram að ganga með einhuga stuðningi bænda í landinu, sem er forsenda fyrir því, að löggjöfin nái tilgangi sínum.

Af þessu tilefni sendir stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga engar tillögur til breytinga á frumvarpinu að svo komnu máli.

Virðingarfyllst,
Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga,

Hermóður Guðmundsson. Baldvin Baldursson. Teitur Björnsson.

Fylgiskjal XII.

Vorsabæ, 10. jan. 1974.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent mér frumvarp til jarðalaga (lagt fram á 94. löggjafarþingi 1973) og óskað umsagnar um frumvarpið.

Ég hef yfirfarið frumvarpið og fagna því, að svo virðist sem tilgangur þess, ef að lögum verður, sé fyrst og fremst að tryggja sem öruggasta búsetu á bændabýlum, þar sem lífvænleg aðstaða er til búrekstrar, svo og að bæta úr ýmsum ágöllum, er torveldað hafa kynslóðaskiptin að undanförnu.

Mér er og ljóst, að frumvarp þetta nær yfir yfirgripsmikinn þátt í ísl. þjóðlífi og verður varla fullmótað í einum áfanga né þannig afgreitt frá Alþingi, að ekki megi betur gera að ýmissa áliti, — enda þótt þar um fjalli menn, sem vilja gera sitt besta í þessu efni.

Ekki hefur gefist tækifæri að gera „allsherjar könnun“ á efni frumvarpsins meðal sunnl. bænda, á vegum B.S.Sl. Hins vegar hef ég leitast við að kynna efni þess ýmsum bændum hér í héraðinu og leitað álits þeirra á efni frumvarpsins. Það, sem bændur leggja áherslu á að fram komi við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi, er m. a. þetta:

1. Jarðasjóður verði það öflugur fjárhagslega, að hann geti sem best skilað því hlutverki, sem honum er ætlað, sbr. 33. gr.
2. Tryggt verði sem best samstarf milli byggðaráðs og sveitarstjórna, í sambandi við eigendaskipti fasteigna, sbr. 6. gr.
3. Tryggt verði, að söluverð jarða til búrekstrar verði ekki hærra hverju sinni, miðað við verðlag búvara og búrekstraraðstöðu, en það, að kynslóðaskiptin geti farið fram með farsælum hætti, svo áframhaldandi búskapur verði sem víðast tryggður í ísl. sveitum.
4. Jafnan verði höfð hliðsjón af fasteignamati við matsgjörðir bújarða.
5. Komið verði í veg fyrir, að fjársterkir aðilar, sem ekki eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og ekki hafa búskap í huga, geti haldið góðum bújörðum án ábúðar árum saman.
6. Þær bújarðir, sem gerðar verða að óðalsjörðum (sbr. VI. kafla frumvarpsins), verði afhentar óðalserfingja, með gögnum og gæðum, á sem bestum kjörum, enda sé óðalserfingja skylt að halda við húsum, ræktun og öðrum mannvirkjum á jörðinni.

Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands hefur ekki fjallað um efni frumvarpsins sameiginlega.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það persónulega álit mitt, að mikils er um vert, að vel takist til með afgreiðslu frumvarpsins til jarðalaga á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Stefán Jasonarson.

Fylgiskjal XIII.

Ályktun stjórnar Landeigendafélags Austur-Húnavatnssýslu, um frumvarp til jarðalaga.

Stjórn Landeigendafélags Austur-Húnavatnssýslu hefur haft til athugunar frumvarp til jarðalaga, er liggur fyrir Alþingi því, er nú situr. Telur stjórnin ýmis ákvæði þess í veigamiklum atriðum svo gölluð eða orka svo tvímælis, að ekki sé við unandi að óbreyttu. Segja má, að eignar- og umráðaréttur landeigenda sé svo stórlega skertur, að stappi næst því að þeir séu sviptir sjálfsforræði til að ráðstafa jörðum sínum til sölu á frjálsan hátt, næstum hvernig sem á stendur, og verða að sæta mati á þeim við sölu, sem þýðir í flestum tilfellum miklu lægra verð en fáanlegt væri fyrir þær á frjálsum markaði.

Til að benda á nokkur atriði lítur stjórnin svo á, að byggðaráði sé ætlað allt of mikið og óeðlilega mikið vald til hvers konar afskipta og íhlutunar í sambandi við kaup og sölu jarðeigna, og álítur, að í stað byggðaráðs væri eðlilegra, að sýslunefnd og búnaðarsamband kysu sinn manninn hvort til 4 ára í senn til að vera sveitarstjórnum og öðrum forkaupsréttarhöfum til aðstoðar og ráðgjafar, ef með þyrfti. Þess vegna vill stjórnin fella niður öll ákvæði um íhlutun Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðherra í frumvarpi þessu, nema um ríkisjarðir sé að ræða. Álítur stjórnin, að allt það vald, sem þessum aðilum er ætlað í frumvarpinu, eigi að vera í höndum heimaaðila, þ. e. sveitarstjórna, með aðstoð búnaðarsambands og sýslunefndar. Ekki meira vald til opinberra aðila í Reykjavík.

Það virðist ganga sem rauður þráður í gegnum frumvarpið, að náist ekki samkomulag um söluverð jarðar, þá skuli mat dómkvaddra manna ráða. Meðan sams konar ákvæði um sölu fasteigna í kaupstöðum er ekki áformað eða í lög leitt, getur stjórnin ekki fallist á þetta og mótmælir því, enda vafasamt, að slík skerðing á eignarrétti stæðist samkvæmt stjórnarskrá, — friðhelgi eignarréttarins.

Eftir atvikum getur stjórnin fallist á kaflann um Jarðasjóð ríkisins, nema 39. grein. Þar er bersýnilega verið að draga allt vald úr höndum bænda til embættismanna utan bændastéttarinnar, og vísast til þess, sem áður er fram tekið, að það verði í höndum heimamanna. Þá virðist sjóðnum ætlað of lítið fjármagn til að valda hlutverki sínu.

Um óðalsjarðir.

Vafasamt er, að þessi kafli eigi nokkurn rétt á sér, að minnsta kosti í því formi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Víst má telja, að fáir bændur verði fúsir að binda jarðir sínar í þær viðjar að verða að afhenda þær, jafnvel til fjarskyldra ættingja, fyrir hálft fasteignamat, eða jafnvel ekki neitt, ef á þeim hvíla skuldir.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að lögin um ættjarðir falli úr gildi, og er það vel.

Blönduósi, 8. febr. 1974.

Konráð Eggertsson. Sigurður Þorbjarnarson. Pétur Hafsteinsson.
Erlendur Eysteinsson. Björn Jónsson.

Fylgiskjal XIV.

LANDEIGENDAFÉLAG MOSFELLSSVEITAR

18. mars 1974.

Til landbúnaðarnefnda
efri deildar og neðri deildar Alþingis
Reykjavík.

Á stjórnarfundi í Landeigendafélagi Mosfellssveitar 8. mars s. l. var m. a. tekið til umræðu frumvarp það til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Var þar einróma samþykkt að senda Alþingi bréf, þar sem ítrekuð séu fyrri mótmæli aðalfundar félagsins 13. október s. l., er Alþingi hefur þegar verið sent.

Jafnframt samþykkti fundurinn að lýsa yfir stuðningi við nefndarálit minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar, sem nú liggur fyrir.

Telur stjórn Landeigendafélags Mosfellssveitar, að frumvarpið sé meingallað, og hvetur til þess, að því verði vísað frá til frekari athugana.

Virðingarfyllst,

Grímur S. Norðdahl,
formaður.

Nd. **812. Lög** [249. mál]

um breytingu á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969 og lög nr. 37 16. apríl 1971.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 432.

Nd. **813. Lög** [267. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 510.

Nd. **814. Lög** [255. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Afgr. frá Nd. 29. apríl 1974.)

Samhljóða þskj. 573.

Ed. **815. Frumvarp til laga** [335. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—74.)

1. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan eins og hálfs mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

Við gerð sérkjarasamninga 1974 skal heimilt eftir ósk aðila að fresta málsskoti til Kjaradóms til 15. maí 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. júlí 1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérsamningar fjármálaráðherra við einstök aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna standa nú yfir. Samkvæmt gildandi lögum eiga ágreiningsatriði að ganga til Kjaradóms 1. maí n.k.

Eins og viðræður standa, eru líkur til þess, að lengri tími til viðræðna auki svigrúm til samningsgerðar. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir, að heimilt sé, ef fjármálaráðherra eða einstakt aðildarfélag heildarsamtaka óskar þess, að fresta málsskoti til Kjaradóms um hálfan mánuð. 2. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir slíkri heimild.

Í 7. gr. laga nr. 46 1973 er sú villa, að í 4. málslið 2. málsgr. 17. gr. féllu brott orðin „eins og".

Hugmynd nefndar þeirrar, sem samdi frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var sú, að við endurskoðun þá, er 7. gr. laganna gerir ráð fyrir á samningstímabili, gengi ágreiningur til Kjaradóms, ef deila væri eigi leyst innan eins og hálfs mánaðar frá kröfugerð.

Rétt þykir að leiðrétta þessa villu, og felur 1. gr. frumvarpsins í sér þá leiðréttingu.

Ed. 816. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Eggert G. Þorsteinsson var fjarverandi.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr., frsm.	Steingr. Hermannsson.
Páll Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.

Ed. 817. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Eggert G. Þorsteinsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Geir Hallgrímsson.	

Ed. 818. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess með eftirgreindri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir orðunum „m. a. hámark lána og skiptingu á landsvæði“ komi: að höfðu samráði við húsnæðismálastjórn.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Steingr. Hermannsson, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.	Auður Auðuns, með fyrirvara.

Ed. 819. Nefndarálit [308. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Eggert G. Þorsteinsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Geir Hallgrímsson.	

Ed. 820. Nefndarálit [309. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Eggert G. Þorsteinsson og Ragnar Arnalds voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Geir Hallgrímsson.	

Ed. 821. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta frumvarp til meðferðar og sent til umsagnar ýmissa aðila, sem hafa verið meðmæltir málinu, en jafnframt hefur komið fram það sjónarmið, að sum ákvæði frumvarpsins þurfi nánari athugunar við. Tveir nefndarmenn, Auður Auðuns og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, telja rétt að samþykkja frumvarpið, en geta eftir atvikum fallist á það meirihlutasjónarmið, sem fram kemur í því, að nefndin leggur til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Páll Þorsteinsson.	Steingr. Hermannsson.

Ed. 822. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. ítarlega, leitað umsagna og átt viðræður við aðila.
Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 3. gr.

a. Fyrir „kr. 30 þúsund“ kemur: 37 500 kr.
b. Fyrir „kr. 64 þúsund“ kemur: 80 000 kr.
c. Aftan við greinina bætist: Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Helgi F. Seljan, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Auður Auðuns, með fyrirvara.	Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson, með fyrirvara.

Ed. 823. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsögn húsnæðismálastjórnar. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt. Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Björn Fr. Björnsson, form.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Steingr. Hermannsson.

Sþ. 824. Breytingartillaga [322. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—77.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Ásberg Sigurðssyni, Steingrími Hermannssyni, Hannibal Valdimarssyni, Karvel Pálmasyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Við II, 2.4. Til fjallvega o. fl.
Á eftir tölulið 3 (Reiðvegir) komi nýr liður, svo hljóðandi:
4. Þjóðhátíðarvegur í Vatnsfirði 1974 ..... 2.0 millj. kr.

Nd. 825. Lög [335. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 815.

Sþ. 826. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um rétt fráskilinna til makalífeyris.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að í laga- eða reglugerðargreinar lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um rétt til makalífeyris, verði bætt neðangreindu ákvæði, sé slíkt ekki þegar fyrir hendi:

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðsfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti seinna hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði.

Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanns, að sá hluti launa, sem notaður er til kaupa á lífeyrisréttindum, sé sameign hjóna og þess vegna sé það eðlilegt og sjálfsagt, að maki fái sinn hlut, er til greiðslu lífeyris kemur, enda þó hjónabandi hafi verið slitið fyrir dauða maka.

Þetta ákvæði er nú þegar í lögum og reglum margra lífeyrissjóða.

Mjög æskilegt er, að samræmi sé varðandi þetta ákvæði.

Nd. **827. Frumvarp til laga** [337. mál]

um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—1974.)

1. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 30. apríl 1974, sbr. þó 5. og 6. gr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 30. apríl 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka til verðs hvers konar þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

2. gr.

Niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði skulu ekki vera lægri en þær voru í marsmánuði 1974, og auk þess í samræmi við 9. gr.

3. gr.

Fjárveiting úr ríkissjóði til greiðslu fjölskyldubóta, sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, skal miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni skuli vera 15 þúsund krónur.

4. gr.

Ekki skal greiða hærri verðlagsuppbót á laun en svarar til þeirrar kaupgreiðsluvísitölu, sem tók gildi 1. mars 1974 skv. kjarasamningum.

Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að greiða skuli hærri verðlagsuppbót en segir í 1. mgr. á grunnlaun, sem lægri eru en 36 þús. kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. desember 1973 = 100. Slík verðlagsuppbót yrði ákveðin sem föst krónutala, en ekki sem hlutfall af launum.

Kauplagsnefnd skal ekki reikna út nýja kaupgreiðsluvísitölu á meðan ákvæði þessarar greinar eru í gildi.

5. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sbr. lög nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., skulu haldast eins og þau voru ákveðin frá og með 1. mars 1974. Sexmannanefnd, sbr. 5. gr. laga nr. 101/1966, eða þriggja manna nefnd, sbr. 6. gr. sömu laga, skal ekki leyfa neina hækkun á söluverði landbúnaðarvöru nema vegna sannanlegrar verðhækkunar aðfanga og vegna þeirra breytinga á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sem um var samið haustið 1973, að yrðu í áföngum frá 1. september 1973 til 1. júní 1975. Leyfi til verðhækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Almennt fiskverð skal ekki hækka frá því, sem gildir á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1974, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, nema Verð-

lagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess, sbr. lög nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964, telji slíka hækkun óhjákvæmilega til þess að tryggja rekstrargrundvöll þorskveiðibáta. Fiskverðshækkun tekur þó ekki gildi fyrr en ríkisstjórnin hefur staðfest hana,

7. gr.

Á tímabilinu frá 30. apríl til 30. nóvember 1974 er vinnuveitendum og launagreiðendum óheimilt að greiða hærri laun en svarar til 20% grunnlaunahækkunar frá 31. desember 1973. Ákvæði í kjarasamningum eða kjaradómum um frekari hækkun skulu ekki koma til framkvæmda á greindu tímabili.

Ákvæði 1. mgr. taka einnig til ákvæðisvinnulauna, en ekki til grunnlauna, sem lægri eru en 36 þúsund krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. desember 1973 = 100.

Við ákvörðun grunnlaunahækkana skal tekið tillit til hvers konar taxtatilfærslna, flutninga milli launaflokka og allra hlunninda, sem meta má til launa. Undanskildar skulu þó vera samningsbundnar starfsaldurs- eða starfsreynsluhækkanir.

Kjarasamningar, sem gerðir hafa verið eftir 31. desember 1973 og gerðir verða til 30. nóvember 1974, skulu sendir félagsmálaráðuneytinu til skráningar. Kjarasamningar, sem gerðir hafa verið fyrir 30. apríl 1974, skulu sendir félagsmálaráðuneytinu eigi síðar en 7. maí 1974.

Verði ágreiningur um það, hvað telja skuli grunnlaun eða grunnlaunahækkun samkvæmt þessari grein, skal leita úrskurðar þriggja manna dómnefndar. Alþýðusamband Íslands skal nefna einn mann í nefndina og Vinnuveitaendasamband Íslands annan. Hæstiréttur nefnir oddamann. Neiti annar hvor aðili að nefna mann í nefndina, skal félagsmálaráðherra nefna mann í hans stað. Úrskurður dómnefndarinnar er endanlegur. Komi fram þrjú atkvæði í dómnefndinni ræður atkvæði oddamanns.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1974 nr. 110/1973, er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar úr ríkissjóði samkvæmt þeim um 1500 milljónir króna. Lækkun þessi getur náð til fjárlagaliða, sem jafnframt eru bundnir í öðrum lögum en fjárlögum. Lækkun á fjárveitingum samkvæmt þessari grein er háð samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.

9. gr.

Veita skal fé úr ríkissjóði sem nemur lækkun útgjalda skv. 8. gr. til þess í fyrsta lagi að standa straum af útgjöldum vegna ákvæða 2. og 3. gr. og í öðru lagi til niðurgreiðslu vöruverðs eða bótagreiðslna almannatrygginga eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

10. gr.

Þeir menn, sem greiða skulu tekjuskatt samkv. lögum nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973 og lög nr. 10/1974, og höfðu skattgjaldstekjur á árinu 1973 yfir 400 þús. kr. og voru ekki orðnir 66 ára hinn 1. janúar 1974, skulu á árinu 1974 leggja fram sem skyldusparnað 4% af því, sem umfram er, inn á sérstaka innstæðureikninga hjá ríkissjóði. Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann á sama hátt og tekjuskattur. Eigi skal innheimta skyldusparnað, er nemur lægri fjárhæð hjá gjaldanda en 2.500 krónur.

Fé þetta skal endurkræft, ef eigandi þess óskar, með jöfnum árlegum greiðslum ásamt vöxtum á árunum 1976 til 1978, hinn 15. desember ár hvert. Heimilt er, að fé standi á innstæðureikningum skv. 1. málsgr. allt til 15. desember 1989.

Heimilt er að endurgreiða skyldusparnað fyrr en segir í 2. mgr. þessarar greinar, þegar eigandi reiknings verður 70 ára, og einnig ef meiri háttar röskun verður á högum hans að dómi fjármálaráðuneytisins. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal kveða nánar á í reglugerð.

11. gr.

Af innstæðum samkvæmt 10. gr. skal ríkissjóður reikna vexti 5% á ári frá 15. desember 1974 til 15. desember næst á undan endurgreiðslu.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðar samkv. 10. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1974 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

Skyldusparnaður skv. 10. gr. nýtur skattfrelsis á sama hátt og annar skyldusparnaður.

12. gr.

Skyldusparnaður samkvæmt 10. gr. skal varðveittur í ríkissjóði. Ríkissjóði er heimilt að semja við banka um að annast reikningshald og afgreiðslu fyrir skyldusparnað.

Óheimilt er að veðsetja skyldusparnaðarinnstæðu, og hún er enn fremur undanþegin kyrrsetningu, lögtaki og aðför.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skuldbinda fjármálastofnanir þær, sem tilgreindar eru í 2. mgr., til þess að verja allt að 15% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1974 til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs Íslands eða ríkissjóðs.

Stofnanir þær, sem framangreind kvöð um skuldabréfakaup nær til, eru eftirfarandi:

a) Viðskiptabankar og sparisjóðir.
b) Lífeyrissjóðir, er viðurkenndir hafa verið af fjármálaráðuneytinu.
c) Atvinnuleysistryggingasjóður.
d) Tryggingafélög, er annast líftryggingar.

Skuldabréf þau, sem Framkvæmdasjóður Íslands og ríkissjóður gefa út í samræmi við ákvæði þessarar greinar til stofnana þeirra, er greindar eru í a- og c-lið, skulu endurgreiðast með jöfnum afborgunum á allt að 15 árum, og skulu þau vera með hæstu vöxtum, er leyfilegt er að taka af 1. flokks fasteignaveðlánum skv. vaxtaákvörðun Seðlabankans á hverjum tíma. Skuldabréf gefin út til stofnana þeirra, sem greindar eru í b- og d-lið skulu vera til jafnlangs tíma og bera 5% vexti auk fullrar verðtryggingar í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

14. gr.

Ráðstöfunarfé fjármálastofnana, sbr. 1. málsgr. 13. gr., skal skilgreint svo sem hér segir:

a) Hjá innlánsstofnunum skal miða við heildaraukningu innlána, og skal um alla framkvæmd miða, svo sem við getur átt, við sömu reglur og gilda um innlánsbindingu til Seðlabankans.
b) Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er inngreiddar afborganir og vextir að viðbættum iðgjaldatekjum, en að frádregnum greiddum lífeyri, endurgreiddum innstæðum sjóðfélaga og rekstrarkostnaði.
c) Ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs er iðgjaldatekjur að viðbættum vaxtatekjum og greiddum afborgunum af útistandandi lánum, en að frádregnum greiddum bótum, greiddum lífeyri og rekstrarkostnaði.
d) Hjá tryggingafélögum skal miða við aukningu líftryggingarsjóðs sbr. 27. gr. laga nr. 26/1973.

15. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þeirra skuldabréfakaupa, sem um ræðir í 13. og 14. gr. þ. á m. um fresti til að skila skýrslum um ráðstöfunarfé og til að inna verðbréfakaup, sbr. 13. gr., af hendi. Getur hann ákveðið dagsektir, ef viðkomandi stofnanir veita ekki þær upplýsingar, sem taldar eru nauðsynlegar til ákvörðunar á kvöð um skuldabréfakaup. Einnig getur hann ákveðið sérstaka dráttarvexti, ef ekki er staðið við skuldbindingar um verðbréfakaup.

16. gr.

Nú hefur lífeyrissjóður ekki gert um það samning við ríkisstjórnina að kaupa sérstök, verðtryggð skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins eða Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1974, skal hann þá skuldbundinn til þess að kaupa skuldabréf Framkvæmdasjóðs Íslands eða ríkissjóðs skv. ákvæðum 13. gr. fyrir þá fjárhæð, sem á vantar, að heildarverðbréfakaup af þeim skv. ákvæðum 13. gr. nemi 35% af ráðstöfunarfé ársins. Gilda þá um slík verðbréfakaup ákvæði 13.—15. gr. Hafi lífeyrissjóður hins vegar gert um það samkomulag við ríkisstjórnina að kaupa verðtryggð skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins eða Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir meir en 20% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1974, skal þá skylda hans til verðbréfakaupa skv. 13.—15. gr. lækka samsvarandi.

17. gr.

Ríkisstjórnin skal að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins setja meginreglur um vexti, verðtryggingarákvæði og önnur lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera nánari tillögur um vexti, verðtryggingu og önnur lánskjör innan ramma meginreglna þeirra, er settar verða skv. 1. málsgrein. Að fengnum þessum tillögum skal ríkisstjórnin ákveða lánskjörin og kemur sú ákvörðun í stað reglna þeirra, er nú gilda um þetta, jafnvel þótt þær séu ákveðnar með lögum.

Útlánsvextir og lánskjör lífeyrissjóða skulu ákveðin af stjórnum sjóðanna í samráði við Seðlabankann og skal skylt að hafa lánskjör þeirra hliðstæð þeim, er ákveðin verða fyrir fjárfestingarlánasjóði skv. þessari grein, ef um verðtryggð lán er að ræða. Séu lán lífeyrissjóða óverðtryggð skulu vextir af þeim aldrei lægri en af sambærilegum lánum innlánsstofnana.

18. gr.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur um þau efni, sem um er fjallað í lögunum, skal sæta refsingu samkvæmt 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessa varða sektum allt að kr. 1 000 000.00, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru.

Heimilt er, auk refsingar, að svipta hinn seka atvinnuréttindum samkvæmt reglum 68. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 31/1961. Hafi fyrirsvarsmönnum lögaðila verið dæmd refsing samkvæmt lögum þessum er heimilt að svipta lögaðilann slíkum atvinnuréttindum.

Heimilt er að gera ólögmætan ágóða upptækan samkvæmt 69. gr. laga nr. 19/1940.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1.—7. gr. gilda til 30. nóvember 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að veita viðnám gegn verðbólgu og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum, jafnt í atvinnu innanlands sem í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir.

Á undanförnum misserum hefur verðbólga sett svip sinn á efnahagsþróunina hér á landi sem í öðrum nálægum löndum. Síðustu mánuði hefur verðbólgan hérlendis magnast, og nú blasir við, að hún færist enn í aukana í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Þessi þróun teflir atvinnuöryggi og skipulegri viðleitni til efnahagslegra framfara í landinu í tvísýnu auk þess sem miklum verðbólgusveiflum getur fylgt félagslegt ranglæti.

Við þessum vanda verður að snúast án tafar. Frumvarp þetta má skoða sem fyrsta áfanga áætlunar til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Megintilgangur þess er að lögfesta þegar í stað þær efnahagsráðstafanir, sem telja má forsendu þess, að föstum tökum verði náð á efnahagsmálum þjóðarinnar á næstu misserum. Það svigrúm, sem með þessum ráðstöfunum fengist, yrði notað til undirbúnings og framkvæmda frekari ráðstafana, bæði til þess að fást við sérstök vandamál líðandi stundar, sem frekari athuganar og úrræða kunna að krefjast og eins til þess að koma á almennum umbótum í hagkerfinu, sem ætlað væri að auðvelda stjórn efnahagsmála í landinu til frambúðar.

Vandinn, sem við er að fást, er bæði aðkallandi og margslunginn. Til þess að gera grein fyrir nauðsyn þeirra ráðstafana, sem tillögur frumvarpsins fela í sér og þeirra ráðstafana annarra á sviði peninga- og lánamála, sem Seðlabankinn með samþykki ríkisstjórnarinnar mun beita sér fyrir á næstunni — og frá því verður skýrt hér síðar, — fylgir hér á eftir yfirlit yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum, sem hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og Seðlabanki Íslands hafa samið fyrir ríkisstjórnina:

„EFNAHAGSHORFUR 1974

Inngangur.

Þegar við upphaf þessa árs átti þjóðarbúið við alvarlegan tvíþættan vanda að etja: öra verðbólgu og vaxandi viðskiptahalla. Óvænt stórhækkun útflutningsverðlags og miklar lántökur erlendis á árinu 1973 hafði forðað um sinn frá halla á greiðslujöfnuði við útlönd. Hækkun útflutningsverðlags sjávarafurða gaf nokkurt svigrúm til að freista þess að draga úr verðbólgu innanlands með gengishækkun, en þegar á árið leið ást viðskiptakjarabatinn upp vegna víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, mikillar eftirspurnar og peningaþenslu innanlands og vaxandi verðhækkunar innflutnings. Í árslok 1973 dundi síðan yfir stórkostleg hækkun olíuverðs á heimsmarkaði. Þótt útflutningsverðlag á mikilvægum vörutegundum færi hækkandi alveg fram undir árslok 1973, var ljóst, að þær markaðsaðstæður, sem valdið höfðu hinni gevsilegu hækkun matvælaverðs á heimsmarkaði á árinu 1973, voru að breytast, og að framundan gæti verið stöðnun eða lækkun verðs bæði á frystum fiski og fiskmjöli. Samtímis var ljóst, að staða og vaxtarskilyrði nýrra greina útflutningsiðnaðar var afar erfið við rekstrarskilyrðin um síðastliðin áramót.

Eftirspurnarástandið innanlands og afkoma heimamarkaðsgreina var þannig í árslok að jafnvel án grunnkaupshækkunar var víst, að verðhækkanir á fyrri hluta árs 1974 yrðu verulegar. Komu þar í senn til örar kostnaðarhækkanir innanlands vegna víxlhækkunar kaupgjalds og verðlags á árinu 1973 og miklar erlendar verðhækkanir.

Við þessar aðstæður virtist sérstaklega mikilvægt, að þess yrði freistað að draga úr innlendri eftirspurn með öllum tiltækum ráðum, og að farið yrði með fyllstu gát við kaupgjaldsákvarðanir þær, sem stóðu fyrir dyrum.

Í lok fyrsta ársfjórðungs 1974 er nú séð, að þau umskipti í hagsveiflunni, sem framundan virtust í árslok 1973, verða miklu sneggri og hastarlegri en þá var búist við. Í fyrsta lagi er komin fram lækkun á verðlagi frystra fiskafurða í Bandaríkjunum og á fiskmjöli, í öðru lagi virðist nú líklegast, að hið geysiháa olíuverðlag haldist fram eftir árinu, í þriðja lagi fer almennt innflutningsverðlag hækkandi, og síðast en ekki síst fela hinir nýju kjarasamningar í sér launahækkanir langt umfram það, sem atvinnuvegirnir geta staðið undir að óbreyttu verðlagi á afurðum þeirra. Með þessum samningum er stefnt í alvarlegan halla í viðskiptum okkar við útlönd. Að gerðum þessum samningum, og að óbreyttum framkvæmda- og útlánaáformum, fara þjóðarútgjöldin að öllu óbreyttu langt fram úr því, sem þjóðartekjur og eðlilegur innflutningur fjármagns leyfir. Við blasir háskaleg verðbólguþróun, sem stefnir atvinnuöryggi, lánstrausti þjóðarinnar erlendis, og hagvexti í framtíðinni í hættu.

Launa- og verðlagsþróun.

Niðurstaða rammasamnings ASÍ og vinnuveitenda fyrir verkafólk, iðnaðar- og verslunarfólk var metin sem nálægt 20% meðalhækkun grunnkauptaxta, og eru þá metin áhrif taxtatilfærslna, sérstakrar láglaunahækkunar o. s. frv. Síðan hækka grunnlaunin um 3% 1. des. 1974 og enn um 3% 1. júní 1975. Þannig var hækkun grunnlauna skv. rammasamningnum alls 28% á næstu 15 mánuðum. Auk þess var samið um óbreytt kerfi vísitölubóta, að öðru leyti en því, að verðhækkun áfengis og tóbaks hefur ekki áhrif í kaupgreiðsluvísitölunni, og að fallist var á, að hækkun söluskatts til mótvægis lækkun tekjuskatts, skv. sérstöku samkomulagi við ríkisstjórnina, skyldi ekki valda hækkun verðlagsuppbótar á laun.

Kaupgreiðsluvísitalan hækkaði um 6,18% 1. mars s. l. og þar með höfðu laun hækkað frá áramótum um 27—28%. Samtímis kom svo fram hækkun búvöruverðs um 18%, að verulegu leyti vegna hækkunar launaliðar verðlagsgrundvallar búvöru um 27%. Hér er um stórfelldar hækkanir að ræða, en þó eru ekki öll kurl til grafar komin, því í sérsamningum einstakra starfsstétta, sem gengið hefur verið frá á síðustu vikum (og ekki er enn að öllu lokið), hafa verið ákveðnar launahækkanir, t. d. hjá ýmsum hópum iðnaðarmanna, sem fara langt fram úr þessum tölum. Talið er, að meðalhækkun grunnlauna iðnaðarmanna sé 25—30%, og þar með 33—38% að meðaltalinni hækkun K-vísitölu frá 1. mars s. l.

Hér er um svo mikla hækkun að ræða, að ný og kröpp verðbólgualda hlýtur að rísa í kjölfarið, auk þess sem kauphækkun einstakra hópa launþega umfram ákvæði rammasamningsins magnar óhjákvæmilega togstreitu og launakapphlaup stétta á milli á næstu mánuðum og misserum. Þessar horfur væru einar sér nógu ískyggilegar, þótt allt léki í lyndi í ytri skilyrðum þjóðarbúsins, en nú virðast hinsvegar horfur á, að sú mikla hækkun útflutningsverðlags, sem að verulegu leyti má telja aflvaka þeirrar efnahagsþenslu innanlands á síðustu mánuðum, sem er undanfari þessarar sprengihækkunar launa, sé nú að taka enda og snúast í lækkun.

Hagstofan hefur gert lauslega áætlun um hækkun verðlags fram til 1. maí n.k. og þar með um væntanlega hækkun K-vísitölunnar frá 1. júní n.k. Niðurstaðan er rúmlega 17% hækkun framfærsluvísitölu en rúmlega 13% hækkun K-vísitölu. Munurinn stafar frá áhrifum hækkunar söluskatts (1,9%), hækkun tóbaksverð (0,2%) og búvörufrádrætti (1,9%), sem ekki skulu bætt í kaupgreiðsluvísitölu. Í töflunni hér á eftir eru raktar nokkrar tölur um hækkun verðlags og launa og jafnframt sett fram hugmynd um líklega þróun á næstu mánuðum að óbreyttu kerfi verðlagsuppbótar á laun.

Áætlanir og spár um hækkun launa og verðlags.

	Launa-taxtar	Kaup-greiðslu-vísitala	Fram-færslu-kostnaður	Kaup-máttur[1])	Nýja K-vísi-talan 1. des. 1973 = 100
	(1)	(2)	(3)	(1) / (3)	(5)
1. Ársmeðaltal 1972 frá 1971	27,5	7,7	10,4	15,5	
2. Ársmeðaltal 1973 frá 1972	23,3	14,9	22,1	1,0[2])	
3. Áramót 1973/74 frá ársmeðalt. 73	15,6	14,8	11,6	3,6	100,0
4. 1. apríl 1974 frá áramótum 1973/74	28,5	6,2	18,4	8,5	106,2
5. 1. júní 1974 frá áramótum 1973/74	45,6	20,3	24,3	17,1	120,3
6. 1. sept. 1974 frá áramótum 1973/74	56,7	29,5	36,3	15,0	129,5
7. Ársmeðaltal 1974 frá 1973	60,0	34,2	42,4	12,4	117,0[3])

Hugmyndin, sem hér er sett fram um verðlagsþróunina á síðari hluta ársins, er ýmsum fyrirvörum háð. Í fyrsta lagi er hér gert ráð fyrir því, að hækkun innflutningsverðlags á árinu verði um 24% að meðaltali frá árinu 1973, þar af um 15% vegna olíuverðhækkunar, sem þegar er komin fram í innflutningsverði okkar, en ekki að öllu leyti í söluverði innanlands. Í öðru lagi er hér byggt á reynslu liðinna ára af samhengi verðbreytinga innanlands, launabreytinga og innflutningsverðlags, sem ekki er víst að standist, þegar verðbólguþróunin er orðin jafn ör og nú er raunin. Í þriðja lagi eru allir reikningar af þessu tagi á því reistir, að peningakerfið láti undan verðbólguþrýstingnum — eða beri hann uppi — með nægilegu útstreymi fjár. Sé þessu ekki til að dreifa hlyti að koma til rekstrarstöðvunar. Í fjórða lagi er í þessu dæmi ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum verðhækkandi aðgerðum til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum, þrátt fyrir það, að víst er að með fyrirsjáanlegum hækkunum er sú forsenda naumast raunhæf og verðbólguvandinn því þeim mun meiri.

Sú aukning heildarkaupmáttar, sem að er stefnt með grunnlaunahækkunum þeim, sem ákveðnar hafa verið á hinum almenna vinnumarkaði á undanförnum vikum, ásamt gildandi vísitöluákvæðum, hlýtur að teljast óraunhæf með öllu, og fær ekki staðist til frambúðar. Forsenda varanlegra kjarabóta er stöðug aukning þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Verðbólguþrónin, sem framundan er, teflir þessum forsendum batnandi lífskjara í tvísýnu.

Afkoma atvinnuvega.

Að afstöðnum fiskverðs- og verðjöfnunarákvörðunum um síðastliðin áramót var áætlað, að hreinn hagnaður fiskfrystingar fyrir beina skatta næmi 250—300 m. kr. á ársgrundvelli, eða rúmlega 2% af tekjum. Í þessari áætlun var miðað við, að meðalhækkun launakostnaðar fiskiðnaðarins á fyrstu 5 mánuðum ársins yrði um 10% frá áramótum. Aðrar kostnaðarbreytingar voru áætlaðar í hátt við þetta. Meðalverð mikilvægustu afurðanna í tekjuhliðinni, freðfiskafurða og heilfrysts fisks, var áætlað 69½[1]) Bandaríkjacent hvert pund (cif). Launakostnaðurinn í dag er a. m. k. 19% hærri en reiknað var með um áramót og eftir 1. júní 35% hærri. Hins vegar hefur

1) Kaupmáttartölur þá daga ársins 1974, sem ný kaupgreiðsluvísitala tekur gildi, sýna meiri kaupmáttaraukningu en verður að meðaltali á árinu, þar sem stöðug hækkun verðlags milli vísitöludagsetninga rýrir kaupmáttinn. Sem dæmi má nefna, að á tímabilinu júní—ágúst er kaupmáttur að meðaltali 3—4% minni en tölur um stöðuna 1. júní gefa til kynna.

2) Vegna launaskriðs og aukinnar yfirvinnu jókst kaupmáttur atvinnutekna launaþega mun meira en kaupmáttur kauptaxta á árinu 1973 eða um 6—7%.

3) Áætluð meðalkaupgreiðsluvísitala 1974.

meðalverð afurðanna, sem nefndar voru hér að framan, lækkað í 65[2]) cent hvert pund, eða um 6—7%, miðað við hugmyndir um verð í marslok. Enn ríkir þó veruleg óvissa um markaðshorfur. Hins vegar bendir fátt til annars en, að þessi lækkun sé óumflýjanleg. Þessi lækkun ásamt líklegri hækkun farmgjalda veldur um 620 m. kr. tekjumissi hjá frystingunni á heilu ári. Samkvæmt gildandi reglum tekur Verðjöfnunarsjóðurinn á sig um helming þessarar lækkunar, en það sem eftir stendur er meira en nóg til að eyða öllum hagnaði í fyrri áætlun, þótt ekki kæmi fleira til. Á móti þessu má telja nokkur jákvæð atriði, t. d. heldur hærra verð á frystri loðnu en reiknað var með, en miklu meira máli skiptir, að ef fiskmjölsverð hefur lækkað frá áramótum úr 10 Bandaríkjadölum hver eggjahvítueining, í nálægt 8 Bandaríkjadali (og þarf raunar mikla bjartsýni til slíks mats), þarf að reikna með lækkun tekna frystingar af seldum úrgangi til mjölvinnslu um nálægt 300 m. kr. á heilu ári.[3]) Launahækkun — eingöngu til dagsins í dag — nemur beinlínis um 550 m. kr. á ári fyrir frystinguna og aðrar kostnaðarhækkanir eru varla undir 300 m. kr. Þannig blasir við stórfelldur hallarekstur frystiiðnaðarins. Við rekstrarskilyrðin í apríl—maí 1974 gæti tapið numið 1.100—1.200 m. kr. á ársgrundvelli, eða 10—11% af heildartekjum. Sé reiknað með kaupgreiðsluvísitöluhækkun fram til 1. sept. (sbr. töflu hér að framan) og kostnaðaráhrifum hennar til viðbótar, stefnir tapið að óbreyttu gengi í tvöfalt hærri tölur, eða 20—22% af heildartekjum. Sé verðjöfnunarbótunum bætt við, fara þessar taphlutfallstölur að nálgast 25%, en í því sambandi má nefna, að afskriftir nema nálega 3% af tekjum í þessari áætlun.

Staða saltfisk- og skreiðarframleiðslu virðist mun betri um þessar mundir en frystingarinnar. Saltfiskverðlag hefur haldið áfram að hækka alveg fram til þessa, og er nú talið um 21% hærra en það var í lok ársins 1973. Þetta veldur því að við rekstrarskilyrðin í apríl—maí 1974 má telja, að afkoma saltfisk- og skreiðarfyrirtækja sé nokkru betri en reiknað var með um áramótin og jafnframt renni 250—300 m.kr. í saltfiskdeild Verðjöfnunarsjóðs. Hækkanir, sem fram undan eru fram til sept. n. k. valda hins vegar fyrirsjáanlega töpum einnig í þessari grein og eins þótt greiðsla í Verðjöfnunarsjóð af því geysiháa verði, sem nú ríkir, minnkaði verulega. Staða fiskmjöls- og loðnuvinnslu var mjög góð við upphaf ársins. Var reiknað með, að hreinn hagnaður fyrir skatta gæti numið um 10% af tekjum, hefði hið háa fiskmjölsverð haldist. Nú virðist hins vegar lækkun framundan á fiskmjöli, sem að nokkru hefur komið fram í lækkun á verði loðnu til bræðslu. Með þeim kostnaðarhækkunum, sem orðnar eru og bjartsýnu mati á núverandi markaðsástandi (fiskmjölsverð $ 8,00 pr. eggjahvítueiningu[3]) og lýsi $ 450—500 pr. tonn), má telja, að hagur þessara greina gæti verið þokkalegur. Eg hvort tveggja er, að þær kostnaðarhækkanir, sem framundan eru, munu koma þessum greinum í tap jafnvel þótt markaðsverðið, sem að ofan var nefnt, héldist, og eins að verulegar líkur eru til, að fiskmjölsverð og lýsisverð verði til langframa fremur lægra en hærra en þetta verð.

Í þessum athugasemdum um stöðu fiskvinnslunnar hefur verið reiknað með óbreyttu fiskverði. Hin mikla hækkun launa landverkafólks, bæði sú, sem orðin er, og sú, sem við blasir, hlýtur að kalla fram ákveðnar kröfur um fiskverðshækkun, bæði frá sjómönnum og útvegsmönnum. Auk þess er óleystur vandi olíukostnaðarhækkunar á síðari hluta ársins, ef olíuverðið í heiminum helst óbreytt.

Afkoma þorskveiðibátaflotans var talin standa í járnum við vetrarvertíðarskilyrði eins og þau voru áætluð um áramót. (En þá var reiknað með, að olíuverði til útgerðarinnar yrði haldið óbreyttu frá haustinu 1973). Að loðnuveiðunum meðtöld-

---

1) Hér var t. d. spáð 84 c. verði pr. pund af þorskblokk.
2) Hér er nú t. d. spáð 75 c. verði fyrir pund af þorskblokk.
3) Þessar hugmyndir voru upphaflega settar fram um miðjan mars. Nú í aprílok eru markaðshorfur fyrir fiskmjöl taldar mun lakari en hér var tekið sem dæmi, jafnvel þannig að um væri að ræða 10—15% frekari lækkun mjölverðs, sem hlyti að fela í sér frekari tekjumissi fyrir frystihúsin.

um var hins vegar um verulegan hagnað að ræða í heild og mjög góða stöðu hjá loðnuflotanum. Við rekstrarskilyrðin í apríl—maí 1974, án þess að reiknað sé með hugsanlegum kostnaðaráhrifum kjarasamninga sjómanna, sem enn er ólokið, má ætla, að 300—400 m. kr. skorti á hallalausan rekstur þorskveiðibátaflotans að óbreyttu fiskverði.

Á síðari hluta árs blasa við frekari kostnaðarhækkanir, m. a. hækkun kaupgreiðsluvísitölu 1. júní og 1. september n.k., og gætu hallatölur þorskveiðanna þá stefnt í um 700 m. kr. á ársgrundvelli við haustskilyrðin 1974. Til viðbótar þessu gæti komið gífurleg olíukostnaðarhækkun, ef olíuverð í heiminum lækkar ekki, því ráðstafanir þær, sem gerðar voru um áramót til þess að greiða niður olíu, standa aðeins til júníloka (og raunar kann loðnugjaldið að reynast ónógt til þess að standa undir þeim kostnaði). Sú hækkun olíuverðs, sem fyrirsjáanleg er á næstunni gæti valdið a. m. k. 500 m. kr. kostnaðarauka hjá þorskveiðibátaflotanum á ársgrundvelli. Afkoma loðnuflotans var talin mjög góð um síðustu áramót, og var hagnaður áætlaður um 700 m. kr. Þessi tala gæti hins vegar rýrnað verulega m. v. haustskilyrði 1974 án tillits til olíuverðhækkana.

Rekstur togaranna stóð mjög höllum fæti þegar við síðustu áramót og sýnilegt er, að rekstrarstaða þeirra mun versna mjög eftir því sem á árið líður. Gæti rekstrarhalli togaraflotans numið allt að 1.000 m. kr. á ársgrundvelli m. v. rekstrarskilyrði í september n.k.

Sjávarútvegurinn stendur þannig frammi fyrir stórkostlegum rekstrarerfiðleikum, sem skapa þarf svigrúm til að leysa.

Áætlunir um rekstur almenns iðnaðar, verslunar og þjónustustarfsemi í árslok bentu til þess, eins og nefnt var hér framar, að launahækkunum þeirra yrði án efa að mestu velt út í verðlagið á heimamarkaði. Samkeppnisstaða þeirra greina, sem eiga í samkeppni utan að, setur þó mörk fyrir möguleika til verðhækkunar og þar með fer að koma að því, að þær greinar, sem ekki njóta fjarlægðarverndar (eða annarrar verndar), lenda í rekstrarerfiðleikum. Verulegar verðhækkanir erlendis að undanförnu hafa þó dregið úr þessu aðhaldi, en á næstu mánuðum hljóta áhrif launasamninganna að segja til sín einnig að þessu leyti, þótt til þessa hafi hér fyrst og fremst verið um verðbólguvanda að ræða. Útflutningsframleiðsla fyrirtækja í prjóna- og fataiðnaði og skinnaiðnaði átti örðugt uppdráttar á árinu 1973 og stóð mjög höllum fæti í árslok. Þótt unnt verði að ná 10—15% hækkun á útflutningsverði á prjóna- og ullarvörum, eins og horfur eru taldar á, hrekkur það skammt á móti innlendum kostnaðarhækkunum.

Rekstrargrundvöllur útflutningsiðnaðar er því í þann veginn að bresta, og þar með verður þungt undir fæti til þróunar nýrra iðngreina.

Þjóðhagshorfur. — Greiðslujöfnuður.

Atburðarás síðustu vikna og mánaða á sviði efnahagsmála hefur verið svo ör og breytingar verðlags og launa svo tíðar og miklar, að torvelt er að setja fram nákvæmt mat á þjóðhagshorfum ársins. Sama gildir að miklu leyti um það mat á afkomuhorfum atvinnuvega, sem fram komu hér að framan.

Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar tölurnar eru skoðaðar. Hitt er svo jafnvíst, hvað sem nákvæmni talnanna líður, að efnahagsveðramótin framundan eru svo skörp og vandamálin, sem þeim fylgja, svo alvarleg, að varla er of fast að orði kveðið, þótt ástandið framundan sé nefnt: hættuástand.

Við upphaf ársins var reiknað með því, að aukning þjóðarframleiðslu á árinu gæti orðið 4—5% að magni. Vegna versnandi viðskiptakjara var reiknað með minni aukningu þjóðartekna en þjóðarframleiðslu, eða 3—4% aukningu. Þessi hugmynd um aukningu þjóðarframleiðslu virðist geta staðist, takist að tryggja ótruflaðan rekstur atvinnuveganna, hins vegar er fremur við því að búast, að rýrnun viðskiptakjaranna verði meiri en fyrr var spáð og aukning raunverulegra þjóðartekna sem

því nemur minni. Þannig er nú búist við, að aukning þjóðartekna verði ekki nema tæplega 2% milli áranna 1973 og 1974. Þjóðarútgjöldunum er hins vegar að öllu óbreyttu stefnt langt yfir þetta mark. Aukning einkaneyslu stefnir í 10% á árinu. Fjárfestingaráform bæði hins opinbera og einkaaðila eru mjög hátt stillt. Fjármunamyndun önnur en innflutningur skipa og flugvéla og stórvirkjunarframkvæmdir stefnir að óbreyttum áætlunum í 8% aukningu. Samneysluútgjöldin stefna í 5—6% magnaukningu. Í heild er, að því er virðist, stefnt að magnaukningu þjóðarútgjalda um nálægt 8% og að meiri aukningu innlendrar fjárfestingarstarfsemi en þessu nemur. (Reyndar fela kaupgjaldsákvarðanir og ýmis útgjaldaáform í sér tilraun til enn meiri magnaukningar en þessu nemur, en í ofangreindum spám hefur hins vegar þegar verið gert ráð fyrir því, að verðbólgan eyði að hluta slíkum áformum). Samfara slíkri útgjaldaaukningu og hlutfallslegri hækkun alls verðlags innanlands miðað við innflutningsverðlag (að óbreyttu gengi) hlýtur að verða mikil aukning innflutnings, þótt jafnan sé örðugt að spá af nákvæmni í hvaða mæli munurinn milli fyrirfram áforma um útgjöld umfram framleiðslugetu verður jafnaður af viðskiptahalla annars vegar og verðhækkunum heima fyrir hins vegar. Á þeim forsendum, sem að framan er lýst, væri við 15% magnaukningu almenns vöruinnflutnings að búast. Meðalverðhækkun innflutningsvöruverðs er spáð sem 24%, þannig að verðmætaaukning vöruinnflutnings á árinu yrði tæp 43%. Í heild er spáð 28—29% verðmætaaukningu innflutnings vöru og þjónustu, þar af magnaukning um 10% en verðhækkun rúm 16%.

Á árinu er hins vegar ekki við því að búast, að aukning vöruútflutnings verði meiri en 20—21%, þar af 17—18% verðhækkun, og er þá reiknað með um 20% hækkun á sjávarvöruverði frá ársmeðaltali 1973. Í heild er spáð tæplega 16% aukningu verðmætis útflutnings vöru og þjónustu, þar af 14% verðhækkun. Í áætlunum þessum um verðmæti útflutnings gætir að hluta hins háa sjávarvöruverðlags í upphafi ársins, séu þessi áhrif skilin frá gæti aukning útflutningsverðmætis lækkað um 2% þ. e. í 14% frá fyrra ári, eða helmingi lægri hlutfallstölu en innflutningsaukningu. Hér blasir því við alvarlegur halli. Viðskiptahallinn á árinu 1974 stefnir því í 7.800—8.300 m. kr., sem bera má saman við viðskiptahalla 2.600 m. kr. árið 1973 og spá við upphaf ársins 1974 um 4.500—5.500 m. kr. halla á þessu ári. Í spánni við upphaf ársins, sem út af fyrir sig lýsti alvarlegri þróun, var í senn reiknað með miklu hóflegri kjarasamningum en raun varð á og hagstæðari viðskiptakjörum (lægra olíuverði; hærra fiskverði). Á grundvelli þekktra áforma um lántökur erlendis er búist við, að ný erlend lán umfram endurgreiðslur eldri lána muni nema um 5.500 m. kr. á árinu 1974. Að óbreyttri lántökustefnu væri því útlit fyrir um 3.000 m. kr. rýrnun gjaldeyrisstöðunnar á árinu. Gjaldeyrisstaðan í ársbyrjun var 6.242 m. kr., reiknuð á skráðu markaðsgengi um áramótin. Þannig horfir því í helmingun hennar á árinu. Reynslan það, sem af er þessu ári, gefur ekki ástæðu til bjartsýni, því á fyrstu þremur mánuðum ársins hefur gjaldeyrisstaðan versnað um 2.300 m. kr. Að hluta til á þessi lækkun sér sérstakar árstíðabundnar eða aðrar eðlilegar skýringar, en vafalaust virðist, að 1 000—1 500 m. kr. rýrnun standi eftir, þegar gert hefur verið ráð fyrir þessum atriðum, enda hefur innflutningur og gjaldeyrissala verið geysilega mikill á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Allt ber þetta að sama brunni: þjóðarútgjöldin stefna langt fram úr framleiðslugetu á þessu ári. Þetta misræmi kemur víða fram í hagkerfinu og í ýmsum myndum. Fjárhagsstaða ríkissjóðs er engan veginn nógu traust og hætt er við verulegum halla á ríkisrekstrinum. Rekstrarhalli og fjárvöntun kemur fram hjá mörgum opinberum fyrirtækjum og verðhækkunartilefni hrannast upp í rekstri þeirra, sem vafalaust er ekki að fullu tekið tillit til í vísitöluspám hér að framan. Mikil fjárvöntun er hjá fjárfestingarlánasjóðunum að óbreyttum útlánaáformum. Geysimikil aukning hefur verið í útlánum bankanna á fyrstu mánuðum þessa árs, þrátt fyrir það að lausafjárstaða þeirra hefur farið ört versnandi. Vaxandi verðbólga og peningaþensla hefur þannig haldist í hendur.

Þróun peningamála.

Samfara ört vaxandi hækkun tekna og verðlags undanfarna mánuði hefur orðið áframhaldandi peningaþensla og mjög mikil útlánaaukning bankanna. Útlánaþensla bankanna hefur átt sér stað, þrátt fyrir rýrnun gjaldeyrisstöðunnar um 2300 millj. fyrstu þrjá mánuði ársins. Hefur þessi þróun leitt það af sér, að lausafjárstaða bankanna hefur versnað um nær 1300 millj. kr. á sama tímabili.

Útlánaaukning bankanna er þannig virkur þáttur í þeirri verðbólguþróun, sem ríkt hefur síðustu mánuði, og hefur þrýstingurinn á bankakerfið stóraukist vegna vaxandi vanrúar almennings á framtíðarverðgildi peninganna.

Seðlabankinn hefur að undanförnu unnið að því í samráði við viðskiptabankana að undirbúa samninga um útlánahámörk á árinu 1974 í því skyni að hemja peningaþensluna. Er í þeim samningum stefnt að því, að útlánaaukning á árinu verði nálægt 20% og verði lögð áhersla á að láta rekstrarlán til atvinnuveganna ganga fyrir öðrum lánsfjárþörfum. Hins vegar er ljóst, að bönkunum getur reynst mjög erfitt að ná þessu markmiði, ef hlutfallið á milli verðbólgu og vaxta helst svipað og verið hefur síðustu mánuði. Við slíkar aðstæður hlýtur eftirspurn eftir lánsfé að vera næsta taumlaus, þar sem allir kappkosta að fjárfesta sem mest og forða peningalegum verðmætum úr eldi verðbólgunnar. Hefur Seðlabankinn því fyrir nokkru gert ákveðnar tillögur um verulega vaxtahækkun, er hann telur nauðsynlega til þess að hamla gegn óhóflegri útlánaþenslu og til að vernda hag sparifjáreigenda.

Þótt aukið aðhald í útlánum bankanna skipti miklu máli, er ekki síður mikilvægt, að unnt verði á árinu að koma í veg fyrir útstreymi fjár úr Seðlabankanum vegna greiðsluhalla ríkissjóðs. Horfur í þessu efni eru þær, að útlit er fyrir 1500 til 2000 millj. kr. halla á ríkisbúskapnum að öllu óbreyttu. Sömuleiðis er mikilvægt að staða fjárfestingarlánasjóða gagnvart Seðlabankanum haldist sem næst óbreytt frá fyrra ári. Þá er mikilvægt, að komið verði í veg fyrir greiðsluhalla hjá Viðlagasjóði og hinum tveimur nýstofnuðu sjóðum, sem ætlað er að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar hér innanlands, annar fyrir fiskiflotann og hinn fyrir húshitun.

Fjáröflunarvandamálin.

Hinn mikli þjóðhagslegi halli, sem í er stefnt á þessu ári, kemur m. a. fram í skorti á fé til fjármögnunar á opinberum framkvæmdum og útlánum fjárfestingarlánasjóða. Útgjalda- og útlánafyrirætlanir þessara aðila eru að vísu ekki í öllum greinum fastmótaðar enn sem komið er, en eins og þær nú standa virðist vera um að ræða fjárvöntun, er nemi nálægt 2000 millj. kr. Hefur þá þegar verið reiknað með ítrustu notkun innlendra fjáröflunarleiða og meiri erlendum lántökum en skynsamlegar geta talist við núverandi aðstæður. Verður nú gerð stuttlega grein fyrir einstökum þáttum þessa vanda.

Fjárþörf til opinberra framkvæmda.

Þótt í fjárlagafrumvarpi væri gert ráð fyrir mikilli fjáröflun innanlands og erlendis til opinberra framkvæmda, vantaði tæpar 500 millj. kr. til þess, að þar væri séð fyrir fé til þeirra framkvæmda, sem fjárlög heimiluðu. Er hér einkum um að ræða aukningu raforkuframkvæmda, er ráð var fyrir gert á 6. gr. fjárlaga. Síðan hafa bæst við fleiri þarfir, svo sem 400 millj. kr. fjáröflun til vegaframkvæmda og nálægt 200 millj. kr. fjárþörf vegna hitaveituframkvæmda ýmissa sveitarfélaga, sem fyrirhugaðar eru á þessu ári. Alls er því hér um að ræða nálægt 1100 millj. kr. fjárþörf, sem enn hefur ekki verið séð fyrir.

Fjárfestingarlánasjóðir.

Samkvæmt áætlun Framkvæmdastofnunar um útlán fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna er stefnt að því, að þau nemi 4300 millj. kr. á árinu 1974, sem er

um 44% hækkun frá fyrra ári. Þegar tekið hefur verið tillit til eiginfjármögnunar sjóðanna, reglubundinnar lánsfjáröflunar innanlands og 200 millj. kr. láns, sem ætlunin er að taka hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, er fjárvöntun Framkvæmdasjóðs vegna þessarar útlánaáætlunar um 1700 millj. kr. á árinu. Samsvarandi áætlun, sem gerð hefur verið um fjáröflun og útlán Byggingarsjóðs ríkisins, sýnir 2600 millj. kr. útlán á árinu, sem er um 75% hækkun frá fyrra ári.

Óleyst fjárvöntun Byggingarsjóðs ríkisins er talin um 800 millj. kr. Samtals er því óleyst fjárvöntun Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1974 2500 millj. kr. Í því skyni að leysa hluta þessarar fjárþarfar hefur ríkisstjórnin leitað eftir samningum við lífeyrissjóði um það, að þeir leggðu fram um 20% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1974 til þess að kaupa verðtryggð skuldabréf Byggingarsjóðs og Framkvæmdasjóðs. Standa vonir til þess, að þessi fjáröflun geti numið allt að 800 millj. kr. á árinu. Einnig hefur komið til álita að afla allt að 800 millj. kr. til viðbótar með erlendri lántöku fyrir Framkvæmdasjóð, en það er sama fjárhæð og hann tók að láni erlendis á sl. ári og endurlánaði fjárfestingarlánasjóðum. Verði úr þessu hvoru tveggja, þ. e. a. s. skuldabréfakaupum lífeyrissjóða og viðbótarlántöku erlendis, stendur þó enn eftir 900 millj. kr. óleyst fjárþörf fjárfestingarlánasjóða á árinu 1974.

Innlend fjáröflun.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið, er samanlögð fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og útlána fjárfestingarlánasjóða á árinu 1974 2000—2800 millj. kr., eftir því hvort reiknað er með erlendu láni til Framkvæmdasjóðs eða ekki. Hefur þá þegar verið gert ráð fyrir því, að aflað verði mjög mikils innlends lánsfjár til þessara þarfa, þar á meðal með útgáfu spariskírteina, happdrættisskuldabréfa og lántökum frá viðskiptabönkum og lífeyrissjóðum. Verður að teljast vonlaust, að unnt sé að afla meira fjár innanlands í þessu skyni með frjálsum samningum og verðbréfasölu á opnum markaði. Frekari fjáröflun innanlands yrði því að eiga sér stað annaðhvort með beinni skattheimtu eða með því að skylda lánastofnanir til frekari verðbréfakaupa. Er því augljóst, að það verður að leysa verulegan hluta þessa vanda með niðurskurði útgjalda- og útlánafyrirætlana.

Erlendar lántökur.

Samkvæmt síðustu áætlunum, sem gerðar hafa verið um erlendar lántökur á árinu 1974, en þær eru að langmestu leyti byggðar á upplýsingum um lántökur, sem þegar eru ákveðnar, er búist við því, að ný lán til langs tíma á árinu verði 8300 millj. kr., ef áður nefnd 800 millj. kr. lántaka Framkvæmdasjóðs á sér stað á árinu. Endurgreiðslur langra lána eru áætlaðar 2800 millj., svo að heildarskuldir við útlönd munu aukast um 5500 millj. kr. miðað við gengi um sl. áramót. Hér er um að ræða mestu skuldaaukningu, sem átt hefur sér stað á einu ári til þessa, og munu skuldir þjóðarbúsins til langs tíma vaxa á árinu um nálægt 27%. Er hér um mjög varhugaverða þróun að ræða, sérstaklega þegar litið er til vaxandi óvissu um þróun útflutningstekna og versnandi ástands á fjármagnsmörkuðum erlendis. Er hætt við því, að áframhaldandi skuldasöfnun erlendis í svo ríkum mæli samfara versnandi greiðslustöðu út á við, veiki lánstraust Íslands erlendis, og gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir hagvöxt í framtíðinni.

Fjárhagur ríkissjóðs 1974.

Í fjárlögum ársins 1974 voru tekjur og gjöld miðuð við kauplag og verðlag í desember sl., nema að áætlað var fyrir beinum launaútgjöldum vegna kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar má nú gera ráð fyrir, að launaútgjöld ríkissjóðs verði ekki minna en 500 m. kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Er þá tekið tillit til niðurstöðu kjarasamninga BSRB og Kjaradóms í máli BHM

auk afar lauslegrar hugmyndar um hækkun vegna breyttrar skipunar í launaflokka, sem enn hefur ekki verið samið um. Í þessari áætlun er miðað við, að kaupgreiðsluvísitala 1. mars s. l. (106,18 stig) haldist óbreytt út árið. Í kjölfar almennra launahækkana samkvæmt rammasamningi ASÍ og vinnuveitenda í lok febrúar fylgdi hækkun bóta almannatrygginga, annarra en fjölskyldubóta, frá 1. apríl sl., og er útgjaldaauki ríkissjóðs vegna þessa áætlaður um 750 m. kr. á árinu. Í fjárlögum var í reynd gert ráð fyrir lækkun niðurgreiðslna og fjölskyldubóta frá því, sem var í lok ársins 1973, en nú hefur verið horfið frá þessari lækkun, enda mundi hún enn auka á verðþenslu. Þetta þýðir hins vegar nær 800 m. kr. útgjaldaauka frá fjárlögum. Einnig er nú búist við, að uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir verði um 200 m. kr. umfram fjárlög, m. a. vegna hækkunar á verði búvöru innanlands, sem orðið hefur síðan fjárlög voru samin. Ýmis önnur útgjöld munu einnig hækka frá fjárlögum, m. a. vegna hækkunar söluskatts skv. lögum um skattkerfisbreytingu.

Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur þannig áætlað, að miðað við óbreytt verðlag og kauplag eins og það er í mars 1974 muni útgjöld ríkissjóðs í heild hækka um allt að 2.800 m. kr. frá fjárlögum, og er þá hækkun útgjalda vegna samsvarandi hækkunar markaðra tekjustofna ekki meðtalin. Við þetta þarf að bæta þeim hluta afsláttar frá tekjuskatti samkvæmt lögum um skattkerfisbreytingu, sem rennur til greiðslu gjalda til sveitarsjóða, til námsaðstoðar ríkisins eða beint til einstaklinga. Er þessi upphæð áætluð um 550 m. kr. Útgjöld umfram fjárlög eru þannig áætluð allt að 3.300—3.400 m. kr., og er þá ekki gert ráð fyrir frekari hækkun kaupgreiðsluvísitölu á árinu.

Breyttar verðlags- og kauplagsforsendur frá fjárlagaáætlun hafa einnig áhrif á tekjur ríkissjóðs á árinu auk þess sem veruleg breyting varð á tekjuöflun ríkissjóðs með lögum nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu, er tekjuskattur einstaklinga var lækkaður að mun og söluskattur í ríkissjóð hækkaður um 4 prósentustig. Nú er áætlað, að innheimtur tekjuskattur á árinu verði nær 1.800 m. kr. minni á fjárlögum (álagður skattur 2.300 m. kr. minni), en þá er jafnframt miðað við nokkru hærri tekjur einstaklinga á árinu 1973 en gert var í fjárlagaáætlun, eða um 30% meðalhækkun tekna milli áranna 1972 og 1973 í stað 25—26% áður. Tekjur af söluskatti eru nú áætlaðar 2.700 m. kr. umfram fjárlög, bæði vegna meiri veltu á árinu en fjárlagaáætlun gerði ráð fyrir og einnig vegna hækkunar söluskatts í marslok. Áætlað er, að hækkun söluskattsins úr 11 í 15% skili þar af 2.000 m. kr. í innheimtum skatti. Einnig má nefna, að tóbaksverð var hækkað um rúmlega 10% um svipað leyti.

Í heild mætti búast við nær 1.300 m. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs — án hækkunar markaðra tekna, aðallega launaskatts — á árinu 1974 frá fjárlagaáætlun, ef miðað er við, að kauplag og verðlag í mars haldist óbreytt út árið.

Þessar lauslegu áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1974 fela því í sér nálægt 2.000 m. kr. greiðsluhalla á árinu án nokkurra frekari aðgerða. Jafnvel þótt núverandi umframútgjöldum til niðurgreiðslna og fjölskyldubóta verði mætt með niðurskurði annarra ríkisútgjalda, stendur engu að síður eftir um 1.200 m. kr. halli. Þótt ekki liggi enn fyrir heildartölur um innheimtar ríkistekjur á fyrstu þremur mánuðum ársins, bendir ýmislegt til þess, að innheimta óbeinna skatta, aðallega tolla og söluskatts, hafi orðið mun meiri en vænta mátti og því verði innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu í reynd nokkru meiri en framangreind áætlun bendir til. Þrátt fyrir þetta má tvímælalaust telja greiðsluafkomu ríkissjóðs í tæpasta lagi, ef ekki kemur til frekari lækkun ríkisútgjalda umfram þá lækkun, sem nauðsynleg er til að mæta útgjöldum til niðurgreiðslna og fjölskyldubóta.

Fyllsta ástæða er því til aðhalds í ríkisfjármálum á árinu og nauðsynlegt að stefna að frekari lækkun útgjalda en þarf til að standa straum af núverandi niðurgreiðslum vöruverðs og fjölskyldubótum.

Það skal tekið fram, að í ofangreindum tölum um ríkisfjármál hefur fjáröflun með sérstökum gjöldum á söluskattstofn, til Viðlagasjóðs og til þess að draga úr

olíuverðhækkun, verið haldið utan við hinn eiginlega ríkisfjárhag. Ástæða er til að leggja áherslu á, að þessa sjóði má ekki reka með greiðsluhalla á árinu.“

Efnahagsvandinn, sem við er að fást — og lýst hefur verið í greinargerðinni hér að framan — er svo mikill og margþættur, að hann verður ekki leystur nema með róttækum, alhliða ráðstöfunum, sem margar hverjar þola ekki bið. Frumvarp þetta er flutt til þess að koma þeim á. Nánari grein verður gerð fyrir tillögum þessum í framsögu og þar með, hver áhrif er ætlast til, að þær hafi, og hvernig þær gætu tengst næstu áföngum í jafnvægisáætlun fyrir þjóðarbúskapinn. Auk þess er gerð grein fyrir einstökum atriðum aðgerðanna hér á eftir.

Það skal fram tekið, að stjórnarflokkarnir hafa óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er hvers konar verðhækkun seldrar vöru og þjónustu óheimil á tímabilinu 30. apríl—30. nóvember 1974, nema að fengnu samþykki hlutaðeigandi verðlagsyfirvalda; þó er þeim óheimilt að leyfa aðrar verðhækkanir en þær, sem þau telja óhjákvæmilegar. Allar verðhækkanir skulu jafnframt háðar staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Ákvæði þessi ná til allra verðákvarðana einkaaðila og opinberra aðila nema til ákvörðunar búvöruverðs, sem um er fjallað í 5. gr. þessa frumvarps, og til fiskverðsákvörðunar, sem um er fjallað í 6. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að um heimildir til verðhækkana, skv. þessari grein, verði fjallað af sömu yfirvöldum og nú fara með verðlagsákvarðanir, hvert á sínu sviði. Hér er einkum um að ræða Verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, en ennfremur aðrar stofnanir, sem verðákvarðanir hafa með höndum. Auk þess eru ýmsar verðákvarðanir í höndum einstakra ráðuneyta eða samþykkt þeirra áskilið, svo sem ákvörðun orkuverðs og verðs á sementi, áburði o. fl.

Rétt þykir og, að skýr lagaheimild sé til þess að lækka verð, ef ríkisstjórnin sér til þess gilda ástæðu eða telur á því brýna þörf.

Um 2. gr.

Í fjárlögum ársins 1974 var gert ráð fyrir, að útgjöld ríkissjóðs til niðurgreiðslna vöruverðs næmu 1.498 millj. kr. Samkvæmt ákvæðum 2. greinar skulu niðurgreiðslur haldast á sama stigi og nú er, en það hefur í för með sér um 600 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð frá fjárlagatölum. Ekki þykir rétt að valda hækkun framfærslukostnaðar með lækkun niðurgreiðslna niður í þá fjárhæð, sem reiknað var með í fjárlögum. Slík hækkun ylli hækkun vísitölu framfærslukostnaðar um 4½—5 stig (2 stig í kaupgreiðsluvísitölu), sem kæmi harðast niður á hinum tekjulægri.

Þá er og gert ráð fyrir mögulegri aukningu niðurgreiðslna skv. 9. gr.

Um 3. gr.

Í fjárlögum ársins 1974 var fjárveiting úr ríkissjóði til greiðslu fjölskyldubóta 856 millj. kr., en ríkissjóður greiðir, sem kunnugt er, að fullu útgjöld vegna fjölskyldubóta. Fjárveiting þessi svarar til þess, að árlegar fjölskyldubætur með hverju barni væru kr. 12 þúsund. Með 3. gr. þessa frumvarps er lagt til, að fjárveiting þessi verði aukin um 209 millj. kr., sem svarar til þess, að árlegar fjölskyldubætur með hverju barni verði kr. 15 þúsund. Með þessu er staðfest sú hæð fjölskyldubóta, sem í reynd hefur verið í gildi frá því haustið 1973. Lækkun fjölskyldubóta í samræmi við fjárlög hefði haft í för með sér hækkun vísitölu framfærslukostnaðar

um tæpt 1% (1 K-stig, nýtt), sem telja verður óráðlegt við ríkjandi verðlagsaðstæður, einkum þar sem þessi breyting hefði íþyngt barnafjölskyldum sérstaklega. Athygli skal vakin á því, að greinin er orðuð þannig, að samrýmst geti þeim breytingum, sem ráðgerðar eru á almannatryggingalögunum í stjórnarfrv. um þetta efni, sem nú liggur fyrir Alþingi (Ed. 291. mál á 94. löggjafarþingi), sbr. sérstaklega 4. gr. þess frv., sem ráðgerir takmörkun á greiðslu fjölskyldubóta með fyrsta barni fjölskyldu við ákveðna hæð tekna, og að þeim fjármunum, sem þannig sparast, verði varið til annarra tryggingabóta.

Um 4. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að stöðva sjálfkrafa víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds. Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan virðist nú fyrirsjáanleg hækkun kaupgreiðsluvísitölu um 13,3% hinn 1. júní n.k. og skv. mjög lauslegri hugmynd enn um 7,6% hækkun hinn 1. september n.k., verði ekkert að gert. Sú hækkun kaupgjalds og sá þrýstingur til hækkunar verðlags almennt, sem þessu fylgir í kjölfar stórfelldra grunnkaupshækkana, stefnir samkeppnisstöðu atvinnuveganna og viðskiptastöðu þjóðarinnar út á við í óefni.

Verði komið í veg fyrir hækkun K-vísitölu 1. júní og 1. september n.k. er þar með komið í veg fyrir þá verðhækkun, sem af henni gæti hlotist. Launþegar njóta þess með tvennum hætti: Í fyrsta lagi beinlínis og varanlega með því, að hér er komið í veg fyrir þá hækkun búvöruverðs, sem af þessari hækkun hefði sjálfkrafa leitt, skv. gildandi reglum, og ekki skal bætt skv. ákvæðum kjarasamninga. Þessi hækkun búvöruverðs hefði orðið nálægt 7% 1. júní og 4% 1. september. Í öðru lagi er það launþegum jafnan í hag, að komið sé í veg fyrir verðhækkanir — burtséð frá almennum röksemdum um þann skaða, sem verðbólga kann að valda — þar eð þeir þurfa jafnan að bíða eftir verðlagsbótum vegna verðhækkana, sem verða milli vísitöludaga. Þegar verðbólgan er ör, eru þessi tafatöp umtalsverð. Með því viðnámi gegn verðhækkun, sem felst í 1., 2., 3., 5. og 6. gr. þessa frumvarps auk ákvæða þessarar greinar, má telja að geti falist, að komið sé í veg fyrir tap vegna tafar á verðlagsbótum, sem nemi a. m. k. 4—5% að meðaltali á gildistíma ákvæða þessa frumvarps. Þessi tvö atriði launþegum í hag eru því saman ígildi 5—6%, sem kemur á móti þeirri skerðingu verðlagsuppbótar á laun, sem felst í ákvæðum þessarar greinar.

Við þetta mat er stuðst við áætlun þá um verðþróun á næstu mánuðum, sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan. Rök má að því leiða, að gildi viðnáms gegn verðbólgu fyrir launþega sé fremur meira en þetta en minna, vegna þess að óheftri verðþróun hefði án efa reynst nauðsynlegt að grípa til verulega verðhækkandi ráðstafana til stuðnings atvinnuvegunum, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í spánni hér að framan um óhefta verðlagsþróun á næstu mánuðum.

Rétt þykir að heimila ríkisstjórninni að ákveða — að teknu tilliti til allra aðstæðna — að greiða skuli takmarkaða verðlagsuppbót á laun hinna lægst launuðu.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru ákvæði um ákvörðun launa bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru og almennt um ákvörðun söluverðs landbúnaðarvöru. Vegna sérstöðu þessara ákvarðana þykir rétt að fjalla um þær í sérstakri grein.

Haustið 1973 var samið um breytingar á verðlagsgrundvelli í áföngum, einkum á stofnkostnaðarliðum hans. Af þessum breytingum, sem skoða má sem ígildi „grunnkaupshækkana“, standa eftir hækkanir 1. júní og 1. september n.k., sem ætla má að gætu valdið hækkun framfærslukostnaðar um 0,5 K-stig (nýrra). Með tilliti til eðlis þessa samkomulags þykir rétt að heimila verðlagsyfirvöldum landbúnaðarvara að taka tillit til þess við verðákvarðanir á næstu mánuðum. Að öðru leyti er verðákvörðunum á búvöru settar sömu skorður og öðrum verðákvörðunum

skv. 1. gr., og þær háðar staðfestingu ríkisstjórnarinnar. Þegar er ljóst, að framundan eru verulegar og óhjákvæmilegar hækkanir á aðföngum búrekstrar, einkum áburði. Að mati Hagstofunnar virðist útlit fyrir hækkun af þessu tagi, sem valdið gæti 9% verðhækkun á búvöru (1,7 K-stig) þegar í júníbyrjun.

Um 6. gr.

Ákvæði 1., 4. og 5. gr. frv. eru til þess ætluð að hamla gegn og helst stöðva um sinn hækkun alls vöruverðs og endurgjalds fyrir veitta þjónustu, þ. m. t. vinnu. Rétt þykir að setja ákvörðun almenns fiskverðs undir sams konar ákvæði, ekki síst með tilliti til þess, að fiskverðið ræður tekjum fjölmennrar starfsstéttar. Þessi tímabundnu ákvæði um sérstakt aðhald við fiskverðsákvörðun vorið 1974 fela í sér sams konar takmörkun á ákvörðunarvaldi Verðlagsráðs sjávarútvegsins og settar væru öðrum verðlagsyfirvöldum með 1. og 5. gr. frv. Orðalagið „(óhjákvæmileg hækkun) til þess að tryggja rekstrargrundvöll þorskveiðibáta“ felur í sér beina tilvitnun til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, dags. 8. janúar, sem sjávarútvegsráðherra lagði fram til þess að greiða fyrir fiskverðsákvörðun um sl. áramót.

Um 7. gr.

Með kjarasamningum þeim, sem undirritaðir voru 26. febrúar sl., var ákveðin hækkun grunnkauptaxta nokkurra fjölmennustu aðildarfélaga ASÍ, sem að meðaltali var metin nálægt 20% í fyrsta áfanga samningsins. Síðan skyldi grunnkaup almennt hækka um 3% 1. desember 1974 og enn um 3% 1. júní 1975. Með þessari miklu hækkun grunnkaups er boginn spenntur afar hátt, og þeim mun fremur sem með ýmsum sérsamningum — einkum þeim, sem gerðir hafa verið eftir undirritun rammasamningsins 26. febr. sl. — hafa verið ákveðnar launahækkanir, sem í fyrsta áfanga fara verulega fram úr 20% hækkun, ef allar tilfærslur og hlunnindi, sem meta má til launa eru talin með. Að hluta eiga þessar hækkanir umfram ákvæði rammasamningsins sér sérstakar skýringar í eftirspurnaraðstæðum á vinnumarkaðinum, en að drjúgum hluta hljóta þær að teljast einkenni launakapphlaups stétta í milli, þar sem þær stéttir, sem eftirkaupin hafa gert, neyta aðstöðu sinnar. Þessi þróun í launamálum magnar togstreitu stétta í milli og launakapphlaup, sem hlýtur að auka á þann alvarlega verðbólguvanda, sem við er að etja. Af þessari ástæðu, þykir rétt að setja í þetta frv. sérstök ákvæði, sem fela í sér frestun á gildistöku allra grunnlaunahækkana umfram 20% í fyrsta áfanga kjarasamninga fram yfir 30. nóvember 1974. Þó eru undanþegin laun undir 36 þúsund krónum á mánuði (að meðtalinni grunnlaunahækkun, sem ákveðið hefur verið að taka skuli gildi á árinu 1974). Með grunnlaunum er þá átt við laun eins og þau eru ákveðin miðað við kaupgreiðsluvísitölu 1. desember 1973 = 100. Þessi undanþága er í samræmi við þá launajöfnunarstefnu, sem í upphafi var mörkuð fyrir samningsgerðina af hálfu ASÍ. Ennfremur eru hér undanþegnar eðlilegar starfsaldurs-, starfsreynslu eða starfsþjálfunarhækkanir launa einstakra starfsmanna, sbr. ákvæði samninga.

Framkvæmd ákvæða þessarar greinar er eðli málsins samkvæmt afar vandasöm vegna þess, hve flókin og breytileg kaupgjaldsákvæði hinna ýmsu kjarasamninga og kjaradóma eru. Af þessari ástæðu þykir rétt að leggja til, að skipuð verði sérstök dómnefnd til þess að skera úr ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af túlkun á ákvæðum þessarar greinar.

Ákvæði greinar þessarar skulu yfirleitt túlkuð þannig, að þau eigi við hvern einstakan kauptaxta í kaupgjaldsskrám einstakra samninga. Dómnefndin gæti þó vikið frá þessu, ef sérstakar ástæður þættu til þess.

Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða greinarinnar og tryggja öruggt yfirlit um alla gerða kjarasamninga, er ennfremur lagt til að áskilja formlega skráningu þeirra hjá félagsmálaráðuneytinu.

Um 8. og 9. gr.

Til þess m. a. að afla fjár til útgjalda umfram fjárveitingar fjárlaga, sem hljótast af ákvæðum 2. og 3. gr., er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilaður niðurskurður fjárveitinga um 1.500 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að fjárhæð þeirri, sem þannig sparast ríkissjóði, verði fyrst og fremst varið til dýrtíðarráðstafana. Rétt þykir, að lækkun fjárveitinga skv. þessari grein fái þinglega meðferð með þeim hætti, að fjárveitinganefnd samþykki skiptingu hennar á fjárlagaliði.

Um 10. gr.

Með skyldusparnaði þeim, sem ákvæði eru um í 10.—12. gr., er stefnt að því að draga úr ofþenslu í efnahagslífinu um leið og aflað er innlends fjármagns til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum ríkisins. Líklegt er, að mestum hluta þessa fjár mundi ella vera varið til einkaneyslu eða fjárfestingar, en hjá ríkissjóði kemur fé þetta í stað erlends lánsfjár.

Þetta er í fyrsta sinn sem almennum skyldusparnaði er beitt hér á landi. Erlendis hefur hins vegar alloft verið gripið til hans við svipaðar aðstæður og hér ríkja nú, og áður hefur verið gerð grein fyrir. Horfur eru á, að mjög dragi úr innlendum sparnaði á þessu ári, ef ekki verður að gert, en skyldusparnaður er að sjálfsögðu aðeins einn þátturinn í að snúa við þeirri þróun.

Við samningu ákvæða um skyldusparnað hefur m. a. verið höfð hliðsjón af nýlegu dönsku frumvarpi um skyldusparnað og nýafstaðinni skattkerfisbreytingu hér á landi, sbr. lög nr. 10/1974. Hér er þó stefnt að miklu einfaldara kerfi en í danska frumvarpinu og jafnframt er gert ráð fyrir, að skyldusparnaðarfé verði verðtryggt, sem þar er ekki gert.

Samkvæmt þessari grein skulu allir þeir, sem tekjuskattskyldir eru á árinu 1974 og höfðu skattgjaldstekjur, þ. e. skattskyldar tekjur að frádregnum lögleyfðum frádrætti og persónufrádrætti, umfram 400 þús. kr. á árinu 1973, leggja fram sem skyldusparnað á árinu 1974 4% af skattgjaldstekjum umfram 400 þús. kr. Undanþegnir eru þó þeir, sem voru orðnir 66 ára um s. l. áramót. Með þessu er tryggt, að þeir, sem eiga rétt á ellilífeyri á árinu 1974, leggi ekki fram skyldusparnað. Um útreikning og greiðslu skyldusparnaðar skal fara eftir sömu reglum og gilda um tekjuskatt einstaklinga.

Í gildandi lögum er persónufrádráttur ákveðinn 335 þús. kr. fyrir hjón, 238 þús. kr. fyrir einhleyping og 50 þús. kr. fyrir hvert barn. Þetta felur í sér, að skyldusparnaður er ekki greiddur af lægri tekjum en hér segir, og er þá annars vegar miðað við nettótekjur en hins vegar áætlaðar brúttótekjur á viðkomandi tekjubili:

	Nettótekjur	Brúttótekjur
Einhleypingur, barnlaus	638.000	675.000
Barnlaus hjón	755.000	845.000
Hjón með 2 börn	855.000	970.000
Einstætt foreldri með 1 barn	795.000	840.000

Gera má ráð fyrir, að af nálægt 51.000 tekjuskattsgreiðendum, 66 ára og yngri, á árinu 1974 muni nær 14.000 eða rúmlega fjórðungur leggja fram einhvern skyldusparnað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þar af eru rúmlega 11.000 hjón og 2.500—3.000 einhleypingar. Þessi hópur greiðir þannig á árinu 1974 44% samanlagt í skatt og skyldusparnað af skattgjaldstekjum umfram 400 þús. kr., en það er sama jaðarhlutfall og gilti fyrir skattkerfisbreytinguna með lögum nr. 10/1974. Skyldusparnaðurinn sem er eign hvers, sem hann reiðir af hendi, nýtur hins vegar góðrar ávöxtunar.

Áætlað er, að skyldusparnaður samkvæmt þessari grein geti numið alls um 100—120 millj. kr. á árinu, en það er um 2½% af áætlaðri heildarupphæð tekjuskatts einstaklinga í ár.

Stefnt er að því að framkvæmd skyldusparnaðar verði sem einföldust og kostnaðarminnst með því að innheimta hann samhliða tekjuskatti. Gert er ráð fyrir, að sams konar reglur gildi um innheimtu skyldusparnaðar og tekjuskatts eftir því sem við getur átt.

Gert er ráð fyrir, að skyldusparnaðarfé ásamt vöxtum og verðbótum verði bundið í tvö ár, en verði síðan endurgreitt, ef óskað er, með jöfnum árlegum greiðslum ásamt vöxtum og verðbótum á næstu þremur árum. Annars er gert ráð fyrir, að fé geti staðið inni enn í fimm ár með vöxtum og verðtryggingu.

Talið er rétt að heimila endurgreiðslu á skyldusparnaði fyrr en gert er ráð fyrir í 2. mgr., þegar eigandi verður 70 ára, enda hafa þá margir hætt störfum. Jafnframt getur orðið brýn þörf á endurgreiðslu við meiri háttar breytingu á högum, svo sem við gjaldþrot og nauðasamninga, við verulega örorku eða sjúkdóm eða annað það, sem veldur verulegum, varanlegum og óviðráðanlegum tekjumissi eða útgjöldum. Einnig verður að telja rétt, að skyldusparnaður losni við andlát eiganda. Tæmandi ákvæði verði sett um þessi atriði í reglugerð.

Um 11. gr.

Til þess að einfalda vinnu við útreikning og greiðslu á vöxtum og verðbótum er miðað við að reikna vexti í heilum árum frá 15. desember 1974 og verðbætur einnig einu sinni á ári miðað við 1. nóvember 1974. Vextir verða hinir sömu og nú eru á spariskírteinum. Almennt er stefnt að því að skyldusparnaður þessi sé hliðstæð eign við annan skyldusparnað, eftir því sem við getur átt.

Um 12. gr.

Talið er hagkvæmara fyrir ríkissjóð og hentugra fyrir eigendur skyldusparnaðar, að samið verði við banka um að annast reikningshald og afgreiðslu fyrir skyldusparnað að lokinni innheimtu, en að það fari fram á vegum ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að eigandi skyldusparnaðar fái skilagrein um innstæðu sína, vexti og verðbætur um hver áramót.

Ákvæðin í seinni málsgrein 12. gr. eru sett til þess að tryggja að skyldusparnaður verði raunverulega bundinn allan þann tíma, sem ákveðið er.

Um 13. gr.

Tilgangur þessarar greinar er sá, að tryggt verði, að fjármálastofnanir, er taka við sparifé eða safna sjóðum með hliðstæðum hætti, taki þátt í því að fjármagna útlánastarfsemi lánasjóða atvinnuveganna og nauðsynlegar opinberar framkvæmdir í þeirra þágu. Undanfarin ár hefur Framkvæmdasjóður samið um það, að viðskiptabankarnir keyptu af honum árlega skuldabréf fyrir 10% af innstæðuaukningu. Í grein þessari er lagt til, að slík verðbréfakaup verði lögboðin allt að 15% af ráðstöfunarfé skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og nái þessi kvöð ekki aðeins til viðskiptabankanna, heldur einnig til sparisjóða, lífeyrissjóða, líftryggingarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Áætlað er, að verðbréfakaup skv. þessari grein umfram það, er viðskiptabankarnir kaupa í samræmi við fyrri samninga, geti numið 1100—1200 millj. kr., þar af 450—500 millj. kr. frá innlánsstofnunum, nálægt 600 millj. kr. frá lífeyrissjóðum og 50—100 millj. kr. frá tryggingafélögum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Gera má ráð fyrir því, að nokkur hluti þessara verðbréfakaupa komi ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári, þar sem veita þarf fresti bæði til skýrslugjafar og greiðslu. Er talið hæfilegt að áætla, að 800—900 millj. kr. í viðbótarverðbréfakaupum muni eiga sér stað á árinu vegna ákvæða þessarar greinar.

Um 14. gr.

Í grein þessari er kveðið nánar á um það, hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé þeirra stofnana, er tilgreindar eru í 13. gr. Þarfnast greinin ekki frekari skýringar.

Um 15. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd verðbréfakaupa skv. 13. gr. Sérstaklega er tekið fram í greininni, að hann skuli ákveða tímafresti til skila á skýrslum og til framkvæmda á verðbréfakaupum. Einnig getur hann ákveðið viðurlög, ef fram yfir þessi tímamörk er farið. Meðal annarra framkvæmdaatriða, sem ákveða þarf, er, hvaða ráðuneyti eða stofnanir innan ríkiskerfisins skuli annast eftirlit með og framkvæmd verðbréfakaupanna af hálfu ríkisins.

Um 16. gr.

Ríkisstjórnin hefur að undanförnu gert um það samkomulag við mikinn þorra lífeyrissjóða, að þeir keyptu verðtryggð skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir 20% af ráðstöfundarfé þeirra á árinu 1974. Í grein þessari eru tekin af öll tvímæli um það, að verðbréfakaup skv. 13. gr. skuli vera umfram þau 20%, sem þegar hefur verið um samið. Jafnframt þykir rétt að tryggja það, að allir lífeyrissjóðir leggi hér hlutfallslega jafnt að mörkum. Hefur greinin því að geyma ákvæði þess efnis, að þeir sjóðir, er ekki verja 20% af ráðstöfunarfé sínu til verðbréfakaupa skv. samkomulagi við ríkisstjórnina skuli skyldir til þess að inna samsvarandi verðbréfakaup af hendi í samræmi við ákvæði 13.—15. gr. Hins vegar skuli þeir lífeyrissjóðir, er hafa samið um það við ríkisstjórnina að kaupa skuldabréf umfram 20% af ráðstöfunarfé, njóta samsvarandi lækkunar á skyldu sinni til verðbréfakaupa.

Um 17. gr.

Útlánakjör fjárfestingarlánasjóða eru nú orðin mjög óraunhæf miðað við ríkjandi fjármagnskostnað og hina öru verðbólguþróun. Auk þess eru útlánakjör sjóðanna mjög mismunandi, og leiðir af því verulegt misrétti milli lántakenda. Tilgangur greinar þessarar er að gera ríkisstjórninni kleift að taka öll útlánakjör fjárfestingarlánasjóðanna til heildarendurskoðunar með það fyrir augum að færa þau til samræmis við fjármagnskostnað sjóðanna sjálfra, en þeir þurfa að afla sér lánsfjár ýmist með háum vöxtum eða með verðtryggingu. Virðist eðlilegast, að stefnt verði að því að útlán allra fjárfestingarlánasjóðanna verði verðtryggð, skv. sérstökum reglum, sem settar verði.

Tekið er fram í greininni að breyta megi lánakjörum sjóða, jafnvel þótt þau séu bundin í lögum. Þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem greinin nær til, eru þessir: Byggðasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna. Ferðamálasjóður, Fiskimálasjóður, Fiskveiðasjóður, Framkvæmdasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður, Iðnrekstrarsjóður, Lánasjóður sveitarfélaga. Stofnlánadeild landbúnaðarins, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja. Veðdeild Búnaðarbankans, Veðdeild Iðnaðarbankans, Veðdeild Landsbankans.

Nokkur brögð hafa verið að því til þessa, að útlánakjör lífeyrissjóða hafa verið mismunandi eftir fjárhagsstöðu sjóðanna. Einkum hefur þó verið tilhneiging til þess, að þeir sjóðir, er njóti verðtryggingar á lífeyrisgreiðslum, láni út með lægri kjörum en aðrir. Af þessu skapast misræmi í kjörum á þeim lánum, er félagar í lífeyrissjóðum njóta, og þykir rétt að koma í veg fyrir það í framtíðinni með ákvæðum þessarar greinar. Er ákvæðum síðustu málsgreinar þessarar greinar ætlað að bæta úr þessu.

Samræming í útlánakjörum allra lífeyrissjóða ásamt þeirri verðtryggingu mikils hluta af útlánum lífeyrissjóðanna, er 13. og 15. gr. gera mögulega, munu draga mjög úr því misræmi, sem nú ríkir milli félaga í hinum svokölluðu verðtryggðu lífeyrissjóðum og félögum þeirra sjóða, er ekki njóta verðtryggingar á lífeyri.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þar sem hér er um tímabundnar aðgerðir að ræða þykir rétt, að 1.—7. gr. falli úr gildi 1. desember 1974. Lögfylgjur ákvæða annarra greina ná lengra fram í tímann, og er gildistími þeirra því ekki takmarkaður.

Ed. 828. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til laga um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við verðákvörðun á almennu fiskverði um s. l. áramót urðu miklar umræður um, hvernig mæta skyldi hækkun á olíukostnaði til báta og togara. Vitað var, að rekstur þeirra fiskiskipa, er stunda bolfiskveiðar, var erfiður og afkoma hinna nýju togara var erfið, og í viðræðum forustumanna fyrir togaraútgerð við sjávarútvegsráðuneytið kom fram, að eina vonin til þess að bæta úr þessum vandræðum væri bundin í þeirri hugmynd að hirða mikið á annað hundrað milljónir af loðnuflotanum. Sjávarútvegsráðherra taldi hagnaðinn af loðnuveiðunum svo mikinn, að með einhverju móti yrði að koma í veg fyrir, að hann rynni óskiptur til þeirra, er sköpuðu verðmætið. Engin úrræði voru til fyrir togarana á því heimili, og handhægast var að hremma hluta af þessum ímyndaða stórgróða og bjarga þar með hinum nýja togaraflota, eftir mikil fundahöld og vísbendingu um það, að ef ekki yrði fallist á fyrirhugað skattgjald, mundi því meira tekið af loðnuverðmætinu og sett inn í Verðjöfnunarsjóðinn. Formælendur togaranna og minni bátanna áttu því ekki um neitt annað að velja en að samþykkja og standa að skattlagningunni innan sinna samtaka og fara með því inn á algerlega nýjar brautir til aðstoðar vissum þætti öflunar við fiskveiðar. Í áratugi hefur sú regla gilt, að skattlagningin er almenn, og greiða allir sitt pund, hver eftir aflamagni. Enginn hefur mótmælt þessu. Það hefði ekki heldur verið gert nú, þótt langmest hefði komið frá loðnuflotanum, ef þeirri grundvallarreglu hefði verið fylgt, að hver sá, er njóta skyldi úthlutunar af skattgjaldinu, tæki fyrir fram á sig kvöðina og greiddi þá í samræmi við aflamagn, svo sem gert er í öllum tilfellum hjá fiskiskipaflotanum við myndun annarra sjóða. Á þetta var ekki fallist af hendi ráðherra og hið nýja skattform knúið í gegn með hótunum um aðra ráðstöfun hliðstæðrar upphæðar, ef aðilarnir kæmu sér ekki saman. Þetta hafði sín áhrif, og á sérstökum fundi innan samtaka fiskiskipaflotans var skattgjaldið samþykkt með nokkrum meiri hluta. Togaramenn lögðu þar með þá kvöð á allt aðra aðila að greiða til þeirra nokkuð yfir 100 milljónir króna, á sama tíma og ríkisstjórnin hafði alls engin úrræði til lausnar vanda þeirra.

Það er skoðun undirritaðs, að hér sé um að ræða brot á venjulegum skatthеimtureglum og einnig gangi þessi skattheimta gegn grundvallarhugmyndum stjórnarskrárinnar um, að skattheimta skuli vera í almenningsþágu og innheimt almennt, en ekki af ákveðnum hópi manna, eins og hér er gert, eða af 1200—1300 mönnum.

Fyrir fram var reiknað með miklum afla og uppgripahagnaði loðnubátanna og áhafna þeirra. Það er rétt, að heildaraflinn í tonnum talið varð meiri en áður, eða alls 462 832 tonn og með þátttöku 136 skipa. Meðaltal á skip er því 3 402 tonn. Nánari skipting aflans á skipin er þannig:

33	skip	eru	með	minni	afla	en	1000 tonn.
24	skip	eru	með	afla	frá	1000—2000	tonn
19	—	—	—	—	—	2000—3000	—
22	—	—	—	—	—	3000—5000	—
20	—	—	—	—	—	5000—6000	—
18	—	—	—	—	—	6000 og meira.	

Mjög athyglisvert við þessa aflaskiptingu er, að 76 skip (56%) eru með minni afla en nemur meðaltalinu. Þessi skip eru með rekstur, sem hvergi nærri skilar góðri útkomu fyrir þau né áhöfnina. Mörg þau aflaminni, eða 57 skip, sem eru með minna magn en 2000 tonn, afla brúttó ekki fyrir framlögðum kostnaði við veiðarnar, og sjá menn af því, hversu fráleitt er að leggja fyrir fram sérskatt á þessi skip, sem skal renna til hjálpar allt öðrum aðila. Á vertíðinni 1973 varð aflinn 441 000 tonn með þátttöku 92 skipa, er fengu að meðaltali þá 4800 tonn, eða 1400 tonnum meira á skip. Þrátt fyrir stórhækkað verð nú mun afkoma fjölda skipa vera miklum mun lakari nú en á s. l. ári. Það, sem gerir flesta ruglaða og setur allt á annan endann í ofsjónum um mikinn hagnað úr loðnuveiðunum, er afli um 20 efstu skipanna, sem er vissulega mikill og skilar miklu til viðkomandi aðila og einnig í þjóðarbúið. Það er gömul saga og ný, að mið er tekið af toppnum, og umræður snúast síðan um, hvað mikið hann gefur í aðra hönd, en heidinni eru ekki gerð nein viðhlítandi skil. Vegna þessarar skynvillu verður raunin sú, að sífellt basl er við sjávarsíðuna og raunsæ heildarlausn fæst ekki fram fyrir atvinnugreinina sem heild. Hjá nágrannaþjóðum okkar eru miklir aflamenn heiðraðir með viðurkenningu á dugnaði sínum, en hér þykir hlýða að hundelta þá og öfunda af tekjum þeirra. Þessir menn eru þó að mati undirritaðs í slíkum sérflokki, að vert væri að móta skattalöggjöf þeim til hvatningar við veiðar, en ekki að hrekja þá í land vegna ofsköttunar. Það ætti öllum að vera ljóst, að lítt stoðar að hafa nýjar og góðar fleytur með duglausa skipstjóra og stjórnendur um borð.

Það er athyglisvert við þessa skattheimtu, að enginn þorir að viðurkenna sig sem hugmyndafræðing að henni, og ber ráðherrann það af sér, en hins vegar segja forsvarsmenn þiggjenda, að það an sé hún samt komin. Ráðherra sagði í umræðum um málið, að hann væri í hópi þeirra manna, er varlega vildu fara í þessu efni. En hví þá ekki að vinna að heildarlausn og koma með tillögur, sem duga mega lengur en í 5—6 mánuði og eru ekki byggðar á vægast sagt hæpinni forsendu? Að slíkum tillögum viljum við í Alþýðuflokknum standa og finna með því lausn á rekstrarvandræðum togaraflotans. Það má ekki koma til þess, að þessi þýðingarmiklu skip stöðvist vegna úrræðaleysis sjávarútvegsráðherrans í dag.

Nú er komið í ljós, að þessi mikli ímyndaði hagnaður af loðnuveiðunum ætlar að reynast minni en gert var ráð fyrir. Seinustu sölur á loðnumjöli á $ 6.50 pr. eggjahvítueiningu cif. í stað $ 9.00—10.30, gefur til kynna, að verðlækkun sé hugsanleg, er kunni að nema 300—500 milljónum á loðnumjölinu. Í hinu margumræddu samkomulagi togaramanna við ráðherrann um s. l. áramót var gengið út frá því, að afkomugrundvelli togaranna yrði ekki raskað seinni hluta ársins, miðað við fyrri hlutann. Nú verður ekki lengur unnt að njóta peninga frá loðnunni, og verða þá góð ráð dýr hjá ráðherranum. Það er staðreynd, að sú hugmynd er uppi hjá ríkisstjórninni að festa allt fiskverð til áramóta, þrátt fyrir kauphækkun milli 20% og 40% á vinnuafli fyrir þessi skip og þjónustu, sem hefur hækkað ekki minna. Einnig hefur olían hækkað. Hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að tryggja togurunum áfram sömu skilyrði til rekstrar og voru á þessari vertíð, er ekki ljóst enn þá. Forsvarsmenn togaranna hafa marg sagt opinberlega, að það sé aðeins spurning um stuttan tíma, hvenær þeir verði að stöðva skipin, ef ekki kemur til aðstoð í einni eða annarri mynd. Í gær var mynduð sérstök nefnd á vegum þeirra með fulltrúum frá öllum landshlutum til þess að ræða vandann við sjávarútvegsráðherra og knýja fram lausn sem fyrst.

Ráðherrann skipaði 5. des. s. l. fjóra menn til þess að kanna rekstur skuttogaranna á árinu 1973. Þessi nefnd skilaði frá sér áliti um miðjan mars s. l., en ekkert hefur gerst í málinu. Það kemur fram, svo að ekki verður um villst, að verulegir örðugleikar eru fram undan hjá togurunum og tilgangslaust að hopa undan miklu lengur. Sumt af því, sem nefndin leggur til, er nothæft til úrbóta, annað alls ekki.

Grundvallaratriði er, eins og undirritaður margtók fram við umræðu um frv., að koma sér niður á lausn, sem varir lengur en 5—6 mánuði og tryggir með því, að togararnir geti starfað eðlilega. Sú lausn verður ekki bundin við það, að 1200—1300 menn séu sérskattlagðir, heldur verður þjóðin öll að sameinast um að tryggja togurunum sómasamlegan rekstur. Mikilvægi þeirra eru ekki bundin við vissa staða eða viss frystihús. Þeir skapa allri þjóðinni betri lífskjör. Í ljósi þessara staðreynda leggur undirritaður til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Það fjármagn, sem inn hefur komið í gegnum skattinn vegna útgáfu brbl., verði sem hluti af heildarlausn fyrir allan fiskiskipaflota landsmanna og þar með verði rekstur bátanna sem togaranna tryggður sómasamlegur út árið 1974.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 829. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Málið er komið frá efri deild og var þar afgreitt með nokkrum minni háttar breytingum.

Nefndin ræddi málið á tveimur fundum, og þótt skoðanir kæmu fram um æskilegar breytingar, t. d. í þá átt að búa ferðamálasjóði traustari fjárhagsgrundvöll, varð nefndin sammála um að stofna afgreiðslu málsins á þessu þingi ekki í hættu með breytingum, heldur leggja höfuðáherslu á afgreiðslu þess og mæla með samþykkt þess óbreytts, eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Björn Pálsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.	Stefán Valgeirsson.
	Pétur Pétursson.	

Ed. 830. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo:

Þeir, sem lögskráðir eru á íslensk skip og eiga ekki aðild að lífeyrissjóði samkvæmt 1. eða 2. mgr., eiga rétt á að vera teknir í tölu sjóðfélaga, óski þeir eftir því.

Benóný Arnórsson og Geir Hallgrímsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 2. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson.
Jón Árm. Héðinsson. Halldór Blöndal.

Ed. 831. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til laga um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt. Minni hlutinn, JÁH, skilar séráliti.

Alþingi, 30. apríl 1974.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm. Helgi F. Seljan, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Oddur Ólafsson. Jón Árnason. Steingr. Hermannsson.

Ed. 832. Breytingartillaga [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá Oddi Ólafssyni.

Aftan við 2. málsgr. 8. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Í stað orðanna „Ef hlutaðeigandi ... lágmarksbóta“ í niðurlagi 50. gr. laganna komi: Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% lágmarksbóta, enda votti stjórnendur viðkomandi stofnunar um þörf hans.

Ed. 833. Nefndarálit [310. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.
Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Geir Hallgrímsson og Benóný Arnórsson.

Alþingi, 2. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Blöndal.
Jón Árm. Héðinsson. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 834. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt þetta frumvarp og leggur til, að það verði samþykkt.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Geir Hallgrímsson.

Alþingi, 2. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form., með fyrirvara.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Jón Árm. Héðinsson.	Benóný Arnórsson.

Nd. 835. Breytingartillögur [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. gr. Greinin hljóði svo:

   21. gr. orðist svo:

   Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði 4 dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

   Hreppsfélag getur ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs upphæð, sem nemur andvirði allt að þriggja dagvinnustunda til viðbótar þeirri upphæð, sem getur í 1. mgr., og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.
2. Við 10. gr. Í stað „20 af hundraði“ komi: 25 af hundraði.
3. Við 11. gr. Á eftir orðunum „að fjölsóttum ferðamannastöðum“ komi: og skipbrotsmannaskýlum.
4. Á eftir 14. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

   Á árinu 1974 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 15. maí og í stað 1. mars komi 1. júní.

Nd. 836. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á tveimur fundum. Vegamálastjóri mætti á fundi hjá nefndinni, og voru einstakar greinar frumvarpsins ræddar allítarlega. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum,

sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Hannibal Valdimarsson og Stefán Valgeirsson voru eigi viðstaddir.

Alþingi, 26. apríl 1974.

Björn Pálsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.
Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.	Pétur Pétursson.	

Nd. 837. Breytingartillögur [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Friðjóni Þórðarsyni og Sverri Hermannssyni.

1. Framan við 2. gr. bætist:
   Við 2. málsl. síðustu málsgr. 12. gr. bætist orðin eða opinberum skólum.
2. Framan við 3. gr. bætist:
   Úr b-lið 19. gr. falli niður orðin „opinberum skólum“.

Sþ. 838. Breytingartillaga [299. mál]

við till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa.

Frá Steingrími Hermannssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Upphaf 2. liðar orðist svo:
Samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum, m. a. tenging þeirra býla á landinu, sem enn njóta ekki raforku frá samveitum, svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku.

Ed. 839. Frumvarp til laga [174. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 277 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:
Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til að rækja áfram það fræðslustarf, sem þeir hafa hingað til annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.
Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu úr ríkissjóði ásamt 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf, og skal framlag ríkissjóðs að hámarki miðað við kostnað í skólum ríkisins á sama fræðslustigi.
Stofnkostnaður kennslu- og heimavistarhúsnæðis, sem byggt verður í þágu þessara skóla eftir gildistöku laganna, skal greiddur úr ríkissjóði að 80 hundraðshlutum.
Nefndar fjárveitingar eru háðar því skilyrði, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé hafi verið veitt í fjár-

lögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, er það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Einn fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu skipar ráðherra án tilnefningar, en aðra samkvæmt tilnefningu eignaraðila.

Nefndin kýs sér formann og varaformann.

Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann og fer með fjárreiður skólans.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið. Skólastjóri og skólaráð stjórna daglega starfi sérskóla samkv. 7. og 9. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum: skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

Ed. 840. Lög [177. mál]

um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 293.

Ed. 841. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Geir Hallgrímsson, undirritar nefndarálitið með fyrirvara. Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.
Benóný Arnórsson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 842. Frumvarp til laga [277. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignarmatsverði, nema þeir hafni kaupum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 843. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Þó að frv. þetta verði samþykkt, er ekki sýnileg nein breyting á stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsaðstöðu eða starfsháttum, nema að því leyti, að með 1. gr. (111. gr.) er sérhverju sveitarfélagi skylt að eiga aðild að samtökunum, sem er að áliti minni hlutans vafasamt, enda kemur fram í umsögn hv. félagsmálaráðuneytis, að hugsanlegt sé, að þetta ákvæði stangist á við stjórnarskrá, 76. gr., um rétt sveitarfélaga til að ráða málefnum sínum.

Frumvarpið er allt laust í reipum, og með samþykkt þess óbreytts gæti verið mikill munur á ýmsum mikilvægum þáttum hjá hinum ýmsu landshlutasamtökum. M. a. má nefna eftirfarandi:

Heimilt er, en ekki skylt, að sýslufélög eigi aðild að samtökunum, og með því gæti sýslumaður Skaftfellinga verið fulltrúi í samtökum Austurlands og Suðurlands. Samræmi um þetta efni væri eðlilegra að dæmi minni hl. nefndarinnar og þá fremur á þann veg, að sýslufélögin kæmu þarna hvergi nærri.

Að mati minni hl. n. ættu alls staðar að vera jafnmargir í stjórn samtakanna, t. d. 7, en ekki 5—11 eins og gert er ráð fyrir.

Minni hl. finnst einnig, að til aðalfunda ætti að kjósa með sama hætti alls staðar og tekjur samtakanna séu ákveðnar alls staðar með sama hætti.

Nú stendur yfir á vegum félmrn. endurskoðun á núgildandi sveitarstjórnarlögum, þar sem einnig er sérstaklega fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Minni hluti nefndarinnar getur ekki séð, að neitt réttlæti það, að þessu losaralega og fljótfærnislega frumvarpi sé ýtt í gegnum þingið, að því er virðist að óþörfu.

Alþingi, 2. maí 1974.

Garðar Sigurðsson.

Nd. 844. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pétur Pétursson.

Alþingi, 3. maí 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Jónas Jónsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 845. Nefndarálit [275. mál]

um breyt. á lögum nr. 52 13. apríl 1973, um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pétur Pétursson.

Alþingi, 3. maí 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Jónas Jónsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 846. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til laga um ávana- og fíkniefni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pétur Pétursson.

Alþingi, 3. maí 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Stefán Valgeirsson.	Jónas Jónsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 847. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Ed.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pétur Pétursson.

Alþingi, 3. maí 1974.

Svava Jakobsdóttir, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.	Jónas Jónsson.

Nd. 848. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 12. gr. 6. mgr. Í stað orðanna „getur lagt fyrir saksóknara“ komi: getur lagt til við saksóknara.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. maí 1974.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Jón Skaftason, fundaskr.	Jónas Jónsson.
Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.	Pétur Pétursson.
	Ellert B. Schram.	

Nd. 849. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Jóni Skaftasyni, Ágúst Þorvaldssyni, Gils Guðmundssyni, Stefáni Gunnlaugssyni, Birgi Kjaran, Benedikt Gröndal og Matthías Á. Mathiesen.

Við 12. gr. Greinin falli niður.

Ed. 850. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá Auði Auðuns.

9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um styrk úr ríkissjóði til nefndra skóla, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu og 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf. Skal framlag ríkissjóðs að hámarki miðað við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80%, og gildir hið sama um heimavist, þar sem hennar er þörf. Hætti skólar þessir að starfa, skal styrkur sá, er þeir hafa hlotið úr ríkissjóði vegna stofnkostnaðar, vera endurkræfur.

Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Nd. 851. Frumvarp til laga [338. mál]

um breyting á lögum nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15 júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sama rétt hafa hjón, þegar tekjur konunnar eru eftirlaun eða einhverjar eftirtalinna bóta almannatrygginga: örorkustyrkur, örorkulífeyrir eða ellilífeyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973.

Greinargerð.

Sú lagaregla, sem nú gildir um skattlagningu hjóna, heimilar 50% frádrátt frá atvinnutekjum giftrar konu, þegar hjón eru skattlögð sameiginlega. Kona, sem missir vinnugetu sína vegna örorku eða aldurs og fær þess vegna tryggingabætur eða eftirlaun, nýtur hins vegar ekki þessa frádráttar vegna þeirra bóta.

Þetta þarf að leiðrétta, og því er þetta frumvarp flutt.

Flutningsmanni er ljóst, að gagngerra breytinga er þörf á reglum um skattlagningu hjóna í samræmi við tillögur þær, sem fólust í frumvarpinu, sem sjálfstæðismenn fluttu í vetur til breytinga á skattalögum. Þær tillögur fólu í sér algjöra sérsköttun hjóna, þar sem byggt væri á helmingaskiptum á tekjum hjóna.

Meðan slík kerfisbreyting hefur ekki verið samþykkt, er nauðsynlegt að leitast við að sníða af það ranglæti, sem augljósast er í gildandi reglum um þetta efni.

Það er sanngirnismál, að skattalög bitni ekki með meiri þunga á þeim, sem ekki geta unnið, en hinum, sem til þess hafa heilsu og krafta.

Ed. 852. Breytingartillaga [308. mál]

við brtt. á þskj. 785 (Sölustofnun lagmetisiðnaðarins).

Frá Ragnari Arnalds.

2. málsl. 2. mgr. orðist svo:

Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

Ed. 853. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum 67/1971, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 603 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

19. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Ef aðrar tekjur elli-eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginganna fara ekki fram úr 37 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 80 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 37 500 kr. á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Ed. 854. Frumvarp til laga [308. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí).

1. gr.

Í stað síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

2. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkv. lögum nr. 68/1967 með breytingum nr. 19 1968 og nr. 42 1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/

1973, um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld, sbr. lög nr. 19/1973, innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 855. Frumvarp til laga [168. mál]

um lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí).

Samhljóða þskj. 266 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip. Þó skulu yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðum, er þau eru aðilar að, tryggðir í þeim sjóðum. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitningamenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Þá skulu sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Enn fremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf, er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Þeir, sem lögskráðir eru á íslensk skip og eiga ekki aðild að lífeyrissjóði samkvæmt 1. eða 2. mgr., eiga rétt á að vera teknir í tölu sjóðfélaga, óski þeir eftir því. Enn fremur er henni heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Sömuleiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar, og skylt er að tryggja slíka menn áfram hjá sjóðnum, meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómanna-

fræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem út hefur fallið af þessum sökum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

10. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum, sbr. 2.—4. málsgr., og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsgr. 2. gr. tekur til, skulu reiknast af launum eftir því, sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma.

Stjórn sjóðsins ákveður, hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga, annarra en þeirra, sem nefndir eru í 2. og 3. málsgr., skulu reiknuð af heildarlaunum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.. Ef kauptryggingartímabil eru tilgreind í kjarasamningi, skulu skil til sjóðsins eiga sér stað innan 30 daga frá lokun hvers slíks tímabils. Heimilt er sjóðstjórn að innheimta frá gjalddaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því, er þau féllu í gjalddaga.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðstjórnar. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Iðgjöld þeirra, sem veitt er heimild til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr., skulu greidd mánaðarlega eftir á, nema sjóðstjórn ákveði annað. Telst gjalddagi 1. næsta mánaðar, og gilda ákvæði 5. málsgr. um vexti, ef vanskil verða. Nú hafa slík iðgjöld ekki borist í 6 mánuði, og telst þá hlutaðeigandi sjóðfélagi vera hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

12. gr. hljóðar svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr. og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en ⅘ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku 25 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur, og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris, þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Sé ellilífeyrir tekinn fyrr en frá 65 ára aldri, lækkar upphæð hans um 0.3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsgr., og gert var við fyrri úrskurð.

14. gr. hljóðar svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur

eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Enn fremur skal ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldur sjóðfélaga og ekkju hans, ef tryggingayfirlæknir telur ekkjuna vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða ekkli, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, allt að þeim lífeyri, sem ekkja ætti rétt á samkvæmt 2. málsgr., ef eins stæði á, enda hafi ekkillinn skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi teljist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 12 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en $\frac{4}{5}$ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 13. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 13. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

23. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélagar í starfi í árslok 1973 skulu eiga þess kost, að lífeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1974.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1973, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau eru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsgr.

Lífeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk, fyrir árslok 1974, að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lífeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lífeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

24. gr. hljóðar svo:

Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkv. lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, skal frá 1. janúar 1985, er greiðslur samkv. þeim lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þessum sjóði. Sama gildir, ef hlutaðeigandi sjómaður á ekki aðild að neinum líf-

eyrissjóði, en hefði verið gjaldskyldur til þessa sjóðs, svo framarlega sem ákvæði laga þessara hefðu verið í gildi á þeim tíma, er hann lét af starfi.

25. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1974. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsgr. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1974. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsgr. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Sþ. 856. Skýrsla

um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1973.

Frá forsætisráðherra.

STARFSEMI HAGRANNSÓKNADEILDAR 1973

Inngangur.

Starfsemi deildarinnar á árinu 1973 var með líku sniði og undanfarin ár. Helstu verkefnin voru sem fyrr, að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og -áætlanir, vinna að hagrannsóknum, veita almenna upplýsingaþjónustu á sviði efnahagsmála og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum. Eins og gefur að skilja fléttast þessir þættir starfsins saman á ýmsa vegu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum helstu viðfangsefnum deildarinnar á árinu 1973, en fyrst verður greint frá starfsliði hennar.

Við áramót 1973—74 voru fastráðnir starfsmenn 14, þar af við skýrslugerð og hagrannsóknir 10, en við reikni- og skrifstofuþjónustu 4. Tala fastráðinna starfsmanna breyttist ekki á árinu 1973, þótt ráð væri fyrir því gert í fjárhagsáætlun ársins að fjölga sérfræðingastöðum um tvær. Í stað fjölgunar fastráðinna manna kom að verulegu leyti aukin vinna lausráðinna starfsmanna, bæði viðskipta- og hagfræðinga og viðskipta- og hagfræðinema í námshléum. Vinna þessara lausráðnu manna nam á árinu alls um 37 mannmánuðum, sem bera má saman við 18 mannmánuði árið 1972. Auk þess var um að ræða nokkra lausavinnu aðra við reikniaðstoð.

Þjóðarbúskapurinn.

Á árinu 1972 hóf hagrannsóknadeild útgáfu almennra yfirlitsskýrslna um efnahagsmál með heitinu „Þjóðarbúskapurinn". Á því ári komu út tvær skýrslur með þessu heiti, sú fyrri í júní, fjölrituð, en hin síðari í október, prentuð. Á árinu 1973 komu út tvær prentaðar skýrslur í þessari röð og mun ítarlegri en áður. Fyrri skýrslan kom út í júlí og gaf yfirlit yfir hagþróun ársins 1972 og horfur líðandi árs, auk þess sem hún hafði að geyma efnahagsannál ársins 1972 og fyrri árshelmings 1973. Hin síðari kom út í desember og fjallaði um framvindu efnahagsmála 1973 og horfur á næsta ári. Með útkomu þessara skýrslna má telja, að festa sé komin í útgáfu „þjóðarbúskapsins" en regluleg, opinber birting yfirlitsskýrslna af þessu tagi er nauðsynleg undirstaða skoðanamyndunar og ákvarðanatöku um efnahagsmál.

Auk þessara tveggja yfirlitsskýrslna samdi deildin á árinu ársskýrslu Íslands til OECD: Iceland — General Economic Review 1973. Skýrslu þessari, sem kom út í marslok, var jafnframt dreift til annarra alþjóðastofnana á sviði efnahagsmála, til sendiráða Íslands erlendis og til erlendra sendiráða á Íslandi og víðar, svo sem tíðkast hefur undanfarin ár. Yfirlitsskýrslur þessar á ensku, sem í má finna í senn yfirlit yfir nýliðna tíð — áður en endanlegar tölur liggja fyrir — og mat á horfunum fyrir næstu framtíð auk nýjustu endanlegra þjóðhagstalna, hafa um árabil verið helsta opinbera kynning íslenskra efnahagsmála í heild á erlendum vettvangi.

Í „Þjóðarbúskaparskýrslunum" og ársskýrslunni til OECD voru settar fram þjóðhagsspár fyrir árið 1973 og loks frumdrög þjóðhagsspár fyrir árið 1974 í desemberskýrslunni. Reyndar má segja, að þessar spár til eins árs í senn séu í stöðugri endurskoðun, einkum í sambandi við gerð vinnuskýrslna til ríkisstjórnarinnar og eins vegna viðræðna við og skýrslugjafar til alþjóðastofnana, þótt þær birtist ekki opinberlega nema tvisvar til þrisvar á ári.

Undirstaða þjóðhagsspánna er að sjálfsögðu vinna deildarinnar á sviði þjóðhagsreikninga og hagskýrslna, en jafnframt tölfræðilegar athuganir á samhengi helstu þjóðhagsstærða.

Þjóðhagsreikningagerð var með líkum hætti og verið hefur. Í deildinni voru samdar heildarskýrslur um þjóðarútgjöld (einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndun og birgðabreytingar). Á þessum grunni og á grunni skýrslna um utanríkisviðskipti voru settar fram tölur um þjóðarframleiðslu og tekjur. Þessar tölur eru studdar margvíslegum athugunum öðrum. Á árinu var unnið að tölfræðilegum athugunum á vixlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Þá var unnið að tölfræðilegum athugunum á þróun íslenskra þjóðhagsstærða frá 1945 til 1973, með það fyrir augum, að á niðurstöðum þessara athugana megi reisa líkön af samhengi þeirra til nota við gerð þjóðhagsspáa og áætlana, bæði til langs og skamms tíma. Ætlunin er, að fyrstu niðurstöður þessara athugana, ásamt samfelldu þjóðhagsreikningaefni fyrir tímabilið 1945—1973, birtist á árinu 1974 sem fyrsta rit í sérstakri röð um þjóðhagsreikninga. Þjóðhagsreikningatölur frá deildinni birtust á árinu 1973 í skýrslum OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna, í Norrænu tölfræðihandbókinni og víðar. Innanlands birtust þjóðhagsreikningatölur deildarinnar (um þjóðarframleiðslu, þjóðartekjur, þjóðarútgjöld og þjóðarauð) í ýmsum ritum auk eigin rita, í Fjármálatíðindum, ársskýrslu Seðlabankans, Hagtölum iðnaðarins og víðar.

Atvinnuvegaskýrslur.

Eitt meginviðfangsefni deildarinnar eru athuganir á þróun framleiðslu og rekstrarafkomu atvinnuveganna. Á árinu 1973 var unnið að því að bæta gerð atvinnuvegaskýrslna deildarinnar. Þessi endurskoðun tók í senn til vinnuaðferða við úrtöku og úrvinnslu frumgagna og til birtingar skýrslnanna.

Á árinu 1973 samdi deildin sem fyrr yfirlit yfir rekstur fiskiðnaðarins og einstakra greina hans úr ársreikningum og skattframtölum nær allra frystihúsa og fiskmjölsverksmiðja á landinu og úr mjög stóru úrtaki úr öðrum greinum fiskiðnaðar. Gott samstarf var við fyrirtækin sjálf og útflytjendur sjávarafurða og

samtök fiskframleiðenda við þessa athugun. Þá var samið heildaryfirlit yfir rekstur fiskiskipaflotans eftir útgerðargreinum í samvinnu við Fiskifélag Íslands og Reikningastofu sjávarútvegsins og á grundvelli gagna frá þessum aðilum og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Niðurstöður þessara athugana fyrir árið 1971, ásamt áætluðum spám um árin 1972 og 1973, birtust í sérstakri skýrslu um „Sjávarútveg 1969—1973" í júní 1973 (Atvinnuvegaskýrslur ASÍ Nr. 3). Áætlanir um stöðu sjávarútvegsgreina eru raunar í stöðugri endurskoðun. Haustið 1973 lágu fyrir niðurstöður athugana á reikningum ársins 1972 og nýjar áætlanir um árið 1973 á þeim grundvelli. Þetta starf stendur í nánum tengslum við þjónustu deildarinnar við Verðlagsráð sjávarútvegsins, en hefur einnig annað gildi, t. d. vegna ákvarðana Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, gengisákvarðana og til upplýsinga fyrir aðila vinnumarkaðarins.

Þá voru samdar í deildinni, á grundvelli gagna frá Hagstofu, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Búnaðarfélaginu, yfirlitsskýrslur um bústofn og framleiðslumagn og verðmæti landbúnaðarafurða.

Í maí 1973 kom út, í röð atvinnuvegaskýrslna deildarinnar, yfirlitsskýrsla um afkomu og framleiðslu iðnaðarins árin 1968—1971 (Iðnaður 1968—1971, AS Nr. 2). Í þessu riti birtust niðurstöður úrtaksathugana deildarinnar á rekstrarstærðum og efnahag iðnaðar auk endurskoðunar talna um framleiðslu og framleiðniþróun iðnaðar á síðustu árum. Auk reikningstalna fram til 1971 voru settar fram lauslegar áætlanir um rekstrarafkomu iðnaðarins 1972. Á árinu var öll úrvinnsla úr rekstrar- og efnahagsreikningum iðnfyrirtækja skipulögð til vélvinnslu og mun það framvegis flýta gerð heildarskýrslna. Á árinu 1973 var einnig lokið við fyrstu yfirlitsskýrslu um rekstur verslunar í heild árin 1971 og 1972. Niðurstöðurnar birtust í sérstakir skýrslu (Verslun 1971, AS Nr. 4) í desember 1973. Endanleg útskrift niðurstaðna úr verslunarathugunum fór fram í rafreikni Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands; þar með hafa bæði iðnaðar- og verslunarskýrslur verið bundnar í fastara form en áður, og er nú unnið að því að færa þetta kerfi til fleiri greina. Markmiðið er að lýsa árlega með lágmarkstöf rekstri og efnahag allra atvinnugreina með sama hætti og ná þannig í senn heildarmynd og greina sundurliðun framleiðslustarfseminnar í landinu. Þegar þessu marki hefur verið náð liggur næst fyrir að tengja þessi yfirlit einstakra greina saman í aðfanga- og afurðatölum (input-output tables), sem gætu verið mikilvægt tæki til hagrannsókna. Þessi áfangi er þó enn nokkuð langt undan, en hins vegar þarf að hafa hann í huga þegar grunnur er lagður að reglulegri skýrslugerð um atvinnuvegina til fjölbreyttra nota við rannsóknir og áætlanagerð.

Auk yfirlita yfir hag atvinnuvega á liðnum árum voru á árinu samdar ýmsar lauslegar áætlanir um afkomu á árinu 1973 og horfurnar framundan. Niðurstöður slíkra athugana á stöðu sjávarútvegs, iðnaðar og verslunar voru m. a. afhentar aðilum vinnumarkaðarins til nota við kjarasamningaviðræður haustið 1973. Haustið 1973 var ennfremur gerð sérstök athugun á stöðu þeirra greina iðnaðar (annars en fiskiðnaðar), sem selja hluta af framleiðslu sinni til útlanda.

Að því er stefnt, að bæta aðferðirnar við gerð afkomuáætlana einstakra atvinnugreina, en það verkefni hlýtur þó að þróast á löngum tíma, vegna þess hve fjölbreyttar og flóknar allar aðstæður eru, t. d. í iðnaðinum, en hins vegar er rannsóknarmannaflinn takmarkaður og ýmsar grundvallarupplýsingar torfengnar. Á árinu voru teknar upp viðræður við samtök iðnaðarins um samvinnu við athuganir á stöðu og viðskiptakjörum iðnaðar.

Tekjur — atvinna.

Tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1974 var unnin af deildinni, auk þess sem fylgst var með innheimtu ríkistekna á árinu 1973 og tekjuáætlun fjárlaga þess árs endurskoðuð. Einnig lét deildin sveitarfélögum í té ýmsar tölulegar upplýsingar til notkunar við gerð fjárhagsáætlana. Þá veitti deildin aðstoð við athugun á tekjuþörf

og tekjuöflun safnaða þjóðkirkjunnar í samráði við nefnd á vegum þjóðkirkjunnar, er gera skyldi tillögur um þetta mál.

Í nóvember sl. skilaði nefnd um tekjuöflun ríkisins skýrslu til fjármálaráðherra um úttekt og endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Deildin annaðist ýmis verkefni fyrir nefndina, aðallega talnaúrvinnslu til notkunar við skýrslugerðina, og í samvinnu við Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans var gert reiknilíkan af skattlagningu einstaklinga. Notkun þessa reiknilíkans auðveldar mjög mat á áhrifum breyttrar skattlagningar einstaklinga, hvort sem er á heildarupphæðir álagðra skatta eða á skattbyrði einstaklinga eftir tekjuhæð og fjölskylduaðstæðum. Var þetta reiknilíkan m. a. notað til þess að meta ýmis dæmi um tilflutning á skattheimtu ríkisins úr beinum sköttum yfir í óbeina skatta með lækkun tekjuskatts og hækkun söluskatts, en slík dæmi voru lögð til grundvallar í viðræðum ríkisstjórnarinnar við launþegasamtökin um breytingar á skattkerfinu í tengslum við nýja kjarasamninga.

Að öðrum verkefnum á sviði atvinnu- og tekjumálefna má nefna reglubundnar athuganir á tekjum einstaklinga og félaga, aðallega með úrvinnslu úr skattframtölum. Eru þessar athuganir liður í undirbúningi að heildaruppgjöri þjóðartekna frá tekjuhlið og þáttaskiptingu þjóðartekna, sem áfram er unnið að. Á árinu 1973 var hafinn undirbúningur að því að fylgjast reglulega með eftirspurn eftir vinnuafli, eins og hún birtist í auglýsingum eftir vinnuafli í blöðum og útvarpi. Með þessu fengist ný vísbending um ástandið á vinnumarkaðinum, einkum þegar atvinna er mikil og atvinnuleysisskráning því lítt marktæk um almennt atvinnuástand.

Á árinu veitti deildin umsögn um gjaldskrárbreytingar Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, eins og kveðið er á um í lögum þessara fyrirtækja. Auk þess fékk deildin mörg önnur gjaldskrármál til umsagnar frá hinum ýmsu ráðuneytum. Flest erindi bárust frá Iðnaðarráðuneytinu, aðallega um gjaldskrárbreytingar hitaveitna og rafveitna og voru gjaldskrárbreytingar Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur veigamest þessara mála, og bárust fleiri en eitt erindi vegna beggja þessara fyrirtækja á árinu. Til annarra ráðuneyta voru m. a. afgreiddar umsagnir um skipaflutningagjöld, iðgjöld af bifreiðatryggingum, gjaldskrá Pósts og síma og Ríkisútvarpsins, auk umsagna um áburðarverð og sementsverð. Í heild voru afgreidd yfir 20 slík erinda á árinu. Þá var unnin að beiðni viðskiptaráðuneytisins sérstök athugun á rekstrarreikningum og vinnusölu fyrirtækja í viðgerðarstarfsemi. Deildin tók saman bæði fyrir félagsmálaráðuneytið og sáttasemjara ríkisins yfirlit á dönsku um þróun launamála og atvinnu.

Deildin lét aðilum vinnumarkaðarins í té ýmsa upplýsingaþjónustu á árinu. Sumarið 1973 var samin fyrir fastanefnd ASÍ og vinnumarkaðarins yfirlitsskýrsla um vísitölubindingu kaupgjalds til undirbúnings samningaviðræðum aðila. Þá var kjaramálaráðstefnu ASÍ lagt til ýmislegt efni, og eins samninganefndum og sáttasemjara eftir að samningaviðræður og sáttaumleitanir hófust, m. a. á sviði skattamála eins og þegar hefur verið nefnt.

Önnur verkefni.

Árið 1973 var viðburðarríkt á sviði efnahagsmála. Ráðuneytisstörf og upplýsingaþjónusta fyrir ríkisstjórnina voru því rúmfrek í verkahring deildarinnar á árinu. Deildin tók þátt í undirbúningsvinnu vegna frumvarps til laga um neyðarráðstafanir vegna eldgoss í Heimaey. Í deildinni voru teknar saman yfirlitsgreinar á íslensku og ensku um efnahagslegt mikilvægi Vestmannaeyja og efnahagsáhrif jarðeldanna. Deildin aðstoðaði Viðlagasjóð við gerð kostnaðar- og greiðsluáætlana. Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í viðræðum við sendinefndir Alþjóðabankans, sem hingað komu vegna lánveitinga vegna hafnarframkvæmda á Íslandi, sérstaklega til þess að draga úr áhrifum Vestmannaeyjagossins, og lagði þeim til margvíslegar upplýsingar.

Mikil óvissa og umrót var í gengismálum heimsins á árinu. Vegna þessa og eins af innlendum ástæðum voru tíðar breytingar á gengi krónunnar á árinu og raunar tekin upp sveigjanleg gengisskráning. Deildin tók þátt í undirbúningi gengisákvarðana á árinu og lagði bankastjórn Seðlabankans og ríkisstjórninni til ýmislegt efni vegna þessa, svo og vegna þeirra efnahagsráðstafana, sem voru samfara gengishækkuninni í apríllok 1973, auk margháttaðrar upplýsingaþjónustu fyrir ríkisstjórnina í heild og einstök ráðuneyti.

Lögum samkvæmt er forstöðumaður deildarinnar eða fulltrúi hans oddamaður yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Starfsmenn deildarinnar gegndu oddamannsstarfi við 10 verðákvarðanir á árinu.

Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins.
VERÐÁKVARÐANIR MEÐ GILDISTÍMA ÁRIÐ 1973.

Fiskideild.

Yfirnefnd um almennt fiskverð frá 1. janúar til 31. maí hélt 13 fundi á tímabilinu frá 1. desember 1972 til 4. janúar 1973. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um rækju frá 1. janúar til 31. maí 1973 hélt 3 fundi dagana 13. til 19. janúar. Verð var ákveðið af oddamanni og fulltrúum seljenda gegn atkvæðum fulltrúa kaupenda. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um hörpudisk frá 1. mars til 31. október 1973 hélt 2 fundi dagana 1. og 9. mars. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum. Uppsagnarákvæði var á gildistímanum miðað við 1. september. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um rækju frá 1. júní til 31. október 1973 hélt 3 fundi dagana 29. maí til 4. júní. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um verð á hörpudiski frá 1. september 1973 hélt 3 fundi dagana 4. til 10. september. Samkomulag varð um óbreytt verð til 31. október. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um lágmarksverð á rækju frá 1. nóvember 1973 hélt 3 fundi dagana 5. til 13. nóvember. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum, frá 1. nóvember til 31. maí 1974, með uppsagnarákvæði miðað við 1. febrúar 1974. Oddamaður var Jón Sigurðsson. (Verðinu var ekki sagt upp.)

Fiskúrgangsdeild.

Yfirnefnd um verð á fiskúrgangi frá 1. janúar til 31. maí 1973 hélt 4 fundi dagana 23. til 28. desember. Verðið var ákveðið af oddamanni og fulltrúum seljenda gegn atkvæðum fulltrúa kaupenda. Oddamaður var Ólafur Davíðsson.

Yfirnefnd um verð á fiskúrgangi frá 1. júní til 30. september 1973 hélt 3 fundi dagana 19. til 22. maí. Verðið var ákveðið af oddamanni og fulltrúum kaupenda gegn atkvæðum fulltrúa seljenda. Oddamaður var Ólafur Davíðsson.

Yfirnefnd um verð á fiskúrgangi frá 1. október til 31. desember 1973 hélt 6 fundi dagana 17. september til 4. október. Verðið var ákveðið með úrskurði oddamanns. Oddamaður var Ólafur Davíðsson.

Síldardeildir.

Yfirnefnd um verð á loðnu í bræðslu á loðnuvertíð 1973 hélt 9 fundi dagana 16. janúar til 6. febrúar. Verðið var ákveðið endanlega með 5 samhljóða atkvæðum. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Deilin veitti auk þess Verðlagsráði, sjávarútvegsráðuneytinu, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Tryggingasjóði fiskiskipa og aðilum innan sjávarútvegsins margs konar upplýsingar á árinu.

Auk umsagna um verðákvarðanir, sem frá er greint hér framar, fjallaði deildin að beiðni iðnaðarráðuneytisins um frumáætlanir um tvö fyrirhuguð iðnfyrirtæki. Deildin skilaði í júní 1973 umsögn um „Áætlun um stofnun og rekstur þangþurrkunarstöðvar á Reykhólum við Breiðafjörð", sem samin var á vegum undirbúningsfélags Þörungavinnslu h.f. Þá vann deildin á árinu að athugun á hagkvæmni og arðsemi fyrirhugaðrar saltvinnslu á Reykjanesi á grundvelli skýrslna Rannsóknaráðs ríkisins og íslenskra og bandarískra verkfræðifyrirtækja um þetta efni. Greinargerð um þetta efni var lokið í ársbyrjun 1974.

Á árinu samdi deildin skýrslu fyrir og átti viðræður við fulltrúa eftirtalinna alþjóðastofnana: Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, OECD, GATT, EFTA, auk þess sem utanríkisráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu voru lagðar til upplýsingar um efnahagsmál á erlendum málum til dreifingar hér á landi og erlendis. Hagskýrsluefni sendi deildin eins og áður sagði Sameinuðu þjóðunum og Norrænu tölfræðihandbókinni.

Rit hagrannsóknadeildar gefin út á árinu 1973.

Í föstum ritröðum hagrannsóknadeildar hafa eftirfarandi skýrslur verið birtar:

I. Þjóðarbúskapurinn.

1. Iceland — General Economic Review 1973. Tvö hefti. Mars 1973.
2. Þjóðarbúskapurinn. Yfirlit 1972 og horfur 1973. Júlí 1973.
3. Þjóðarbúskapurinn. Framvindan 1973 og horfur 1974. Desember 1973.

II. Atvinnuvegaskýrslur.

4. AS nr. 1. (endurútgáfa). Sjávarútvegur 1969—1972. Apríl 1972.
5. AS nr. 2. Iðnaður 1968—1971. Maí 1973.
6. AS nr. 3. Sjávarútvegur 1969—1973. Júní 1973.
7. AS nr. 4. Verslun 1971. Desember 1973.

Á árinu 1974 er ætlunin að hefja útgáfu tveggja annarra fastra ritraða undir heitunum „Þjóðhagsreikningar" og „Hagrannsóknir".

Helstu fjölrit hagrannsóknadeildar árið 1973.

1. A short note on the economic consequences of the volcanic eruption in Vestmannaeyjar, Iceland 5/2 73.
2. Jón Sigurðsson: Um hagfræði og hagfræðinga. Júlí 1973.
3. Jón Sigurðsson: Vísitölubinding kaupgjalds. 14/7 73.
4. Lausleg þýðing á Memo No. 4 (Tillögur sænska vinnuveitendasambandsins (SAF) frá árinu 1967 um nýja samningaaðferð) og Memo No. 5 („Launaákvörðunarstofnun ríkisins" — gagnrýni á tillögur SAF um nýja samningaaðferð) úr bókinni On Incomes Policy, Stockholm 1969. Ágúst 1973.
5. Jón Sigurðsson: Några anmärkninger om Islands ekonomi i dag. 18/9 1973.
6. Jón Sigurðsson: Athuganir á afkomu heildverslunar 1971 og 1972. 2/11 73.
7. Rekstraryfirlit og -áætlanir helstu sjávarútvegsgreina, iðnaðar og verslunar 1971— 1973. 20/11 73.
8. Economic Developments 1972—1973. Nóvember 1973.
9. Statistical Material for IMF-Article XIV.
   Consultation Discussions 1973. Desember 1973.

Starfsemi áætlanadeildar 1973.

Inngangur.

Árið 1973 var annað árið í starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Svo sem frá er greint í ársskýrslu 1972, fór starfið í áætlanadeild fremur seint af stað, að mestu

leyti ekki fyrr en frá miðju ári. Starfsliði og verkefnum var upp frá því fjölgað smám saman, og stóð svo allt fram undir árslok 1973, en þá mátti áætlanadeild heita nokkurn veginn fullskipuð starfsliði miðað við þær kröfur, sem til hennar eru gerðar.

Þótt ætlast megi til, að á öðru starfsári komist starfsemi af þessu tagi til nokkurs þroska, hefur þetta tímabil óhjákvæmilega mótast mjög af gangsetningu nýrra verka, viðleitni til að móta starfsaðferðir, sem lítil reynsla er fyrir, og þjálfun starfsmanna við viðfangsefni, sem flestum eru nýlunda. Eðlilegt er, að undirbúningur og samning vel grundaðra áætlana um margþætt og flókin viðfangsefni taki um 2—3 ár, einkum á upphafsskeiði, þegar um lítt þróaðan gagnagrundvöll er að ræða. Við önnur og lakari almenn efnahagsskilyrði hefði sjálfsagt verið valinn sá kostur að hraða gerð áætlana og töku ákvarðana á grundvelli ófullkominna athugana. Sú varð og raunin við kaup hins mikla skuttogaraflota, sem myndar uppistöðu fjölþættra aðgerða til að treysta og efla afkomugrundvöll byggðarlaga um allt land. Að öðru leyti hefur almennt góðæri veitt svigrúm til vandaðri undisbúnings áætlana.

Ekki er þó svo að skilja, að gildi og gagnsemi áætlanagerðar byggist eingöngu á framkvæmd fullsaminna áætlana. Framþróun og framvinda atvinnulífsins er stöðugt að gerast og ákvarðanir verður að taka jafnt og þétt, en ekki unnt að láta þær bíða lengi eftir niðurstöðum alhliða áætlanagerðar. Er því reynt að hafa athuganir á vegum áætlanagerðar til hliðsjónar við töku hinna einstöku ákvarðana, þótt þær séu ekki fullbúnar. Áætlun og framkvæmd haldast þannig að nokkru í hendur. Hefur þetta komið hvað skýrast fram í starfinu að hraðfrystihúsaáætlun, en einnig við gerð byggðaáætlana.

Að sumu leyti myndar hið hagstæða árferði, sem ríkt hefur, ekki ákjósanlegt andrúmsloft fyrir áætlanagerð. Mjög margir möguleikar eru opnir og fyrirgreiðsla þeirra vegna gengur greiðlega gegnum kerfið, án þess að fyrirfram mótuð áætlun komi til eða eftir henni sé spurt. Þetta eru þó ekki fullgildar ástæður fyrir, að áætlanagerð sé ekki nauðsynleg, sé rétt á haldið. Mörgum frjóöngum atvinnulífsins, sem skotið er í góðæri, er hvað hættast, ef að kreppir. Þörf samræmingar og skynsamlegrar uppbyggingar er í reynd hin sama, þótt góðæri ríki. Síðast en ekki síst þarf að hafa uppi viðbúnað við hugsanlegum slakari atvinnuskilyrðum síðar, bæði í þeim landshlutum, sem veikari aðstöðu hafa, og þeim atvinnugreinum, sem horfa mót harðnandi samkeppnisskilyrðum.

Áætlanagerð er nátengd ákvarðaratöku og á sinn tilverurétt undir þeim tengslum. Þessu fylgja vandamál í rekstri stofnunar, sem sameinar margháttaða áætlanagerð á einni hendi, þótt ákvörðunaraðilar séu að sumu leyti aðrir og stundum margir og dreifðir. Er sá vandi einkum tvíþættur, annars vegar hvort skipulegt samband sé milli áætlanagerðar og ákvarðanatöku og hvernig því sé háttað, og hins vegar á hvers hendi áætlunargerðin sé og hvernig hagað sé samstarfi aðila, ef hún er ekki á sömu hendi og ákvarðanatakan. Ljósast er sambandið milli áætlana og ákvarðana, þegar skylt er, að áætlanir liggi fyrir, áður en málefni er tekið til ákvörðunar, svo sem er um árleg fjárlög og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Eru mál þá meðhöndluð í áætlunarsamhengi, hvort sem tök eru á að vanda meira eða minna til áætlunargerðarinnar. Skipuleg kvöð af þessu tagi virkar hvetjandi til að fá fram tímanleg skil áætlana og stuðlar að raunhæfu mati á gildi úrlausnarefna. Þótt að sínu leyti sé eðlilegt að leggja meira upp úr vönduðum undirbúningi langtímaáætlana og alhliða byggðaáætlana, mun þróun þeirrar áætlanagerðar til lengdar mjög háð því, að takist að efla skipulegt samband hennar við töku ákvarðana með þeim hætti, að skylt verði að leggja fram áætlun sem undanfara veigamestu ákvarðananna.

Hin hlið þessa máls er aðildin að áætlanagerð annars vegar og ákvarðanatöku hins vegar. Aðildin er að jafnaði skipt, þannig að aðilar ákvarðana og framkvæmda eru ýmist atvinnufyrirtæki, stofnlánasjóður o. þ. h., þegar um atvinnuvegaáætlanir

er að ræða, eða fjárveitingarvaldið ásamt ýmsum stjórnvaldsstofnunum og opinberum rekstrar- og framkvæmdaaðilum, þegar við opinberar framkvæmdaáætlanir er að fást. Framkvæmdastofnunin er ákvörðunaraðili eigin áætlana aðeins að því, er tekur til stjórnar á Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði, en áhrif þeirra í lánakerfinu er raunar mjög víðtæk.

Gerð áætlana fyrir aðra ákvörðunaraðila útheimtir jöfnum höndum skýrar skipulagsreglur og nærfærni og tillitsemi í samstarfi. Er engan veginn ætíð greiður samgangur milli aðila né ljóst, hvernig hlutverkum sé skipt. Afstaðan milli áætlunarstofnunar og ákvörðunaraðila getur í meginatriðum verið tvenns konar, annars vegar að áætlanir séu samdar sem þjónustustarfsemi við ákvörðunaraðila, hins vegar að þær séu samdar til samræmingar hinna mörgu og dreifðu ákvarðana í þjónustu við heildstæða yfirstjórn af hálfu ríkisvaldsins. Fyrra viðhorfið er æskilegt sem skilyrði góðs samstarfs við ákvörðunaraðila, hið síðara er óhjákvæmilegt skilyrði samræmdrar heildarstjórnar. Á hvort er lögð meiri áhersla, fer mjög eftir styrk miðstjórnarvalds og þeim meginreglum, sem það setur, en leggja ber áherslu á, að taka þarf fullt tillit til beggja viðhorfanna. Ennfremur eru nauðsynleg mun meiri tengsl langtíma áætlanagerðar og skammtíma hagstjórnar.

Af ýmsum ástæðum eru oft nokkur áhöld um, hvort ráðuneytin óska að hafa sjálf með höndum áætlanagerð um sína málaflokka eða fela hana Framkvæmdastofnuninni. Gildir einu, hvor hátturinn er á hafður, sé þess gætt, að stofnunin hafi aðstöðu til að fylgjast með starfinu og vera með í verki að mótun starfsaðferða og matssjónarmiða. Með því móti ætti með tímanum að reynast unnt að þróa heildstæða áætlanagerð. Áætlanagerð er raunar svo viðamikið og tímafrekt verksvið, að mikil bein og virk þátttaka ráðuneyta og sérgreinastofnana er ófrávíkjanlegt skilyrði þess, að langt megi komast á þeirri braut. Samstilling starfsins í mörgum stofnunum er óneitanlega vandasöm, og þyrfti sem fyrst að huga nánar að lausn þess skipulagslega vanda, er það færir að höndum. Því fylgja á hinn bóginn hinir miklu kostir fjölbreytilegs framlags sérþekkingar og frumkvæðis, sem ómissandi mega teljast fyrir tengsl áætlanagerð við vettvang lífs og starfs.

Þessum almennu inngangshugleiðingum er ætlað að varpa nokkru ljósi á almennar aðstæður og umhverfi áætlanagerðar við núgildandi skipan. Verður nú gerð grein fyrir einstökum greinum starfsins.

Atvinnuvegaáætlanir.

Atvinnuvegaáætlanir hafa annars vegar því hlutverki að gegna að móta áform á vettvangi einstakra atvinnuvega, einkum þeirra sem grundvallarþýðingu hafa, og leggja drög að stuðningi við þá þróun, að því marki sem æskilegt er metið. Þetta má teljast frumstig atvinnuvegaáætlana, stig sem ekki verður hlaupið yfir, en er þó þröngum takmörkunum háð og leiðir tæpast til fullgildra niðurstaðna. Hins vegar og á þróaðra stigi þessarar greinar áætlanagerðar er leitast við að meta hlutverk og þróunarhorfur hverrar atvinnugreinar með heildaryfirsýn yfir innbyrðis samhengi þeirra og samband þeirra við þróun tekna og verðmætaráðstöfunar í þjóðarbúinu.

Atvinnuvegaáætlanir Framkvæmdastofnunarinnar hafa enn sem komið er verið af fyrra taginu. Verkefnavalið hefur tekið mið af grundvallarþýðingu atvinnuvega fyrir þróun þjóðarbúsins, sem á rót sína í útflutningshlutverki þeirra eða sjálfstæðum auðlindagrundvelli. Jafnframt hefur verið höfð hliðsjón af mikilvægi atvinnuframkvæmdanna fyrir byggðaþróun.

Hraðfrystihúsaáætlun: Þessi áætlunargerð var hafin á árinu 1972, en nú er henni að ljúka. Fyrra stig áætlunarstarfsins fólst í söfnun heimilda um áform frystihúsafyrirtækjanna sjálfra ásamt öflun og frumúrvinnslu gagna frá ýmsum aðilum varðandi uppbyggingarþörf frystiiðnaðarins. Í janúar 1973 var lögð fram yfirlitsskýrsla: „Áform hraðfrystihúsanna um framkvæmdir og fjármögnun“. Tók

þá við síðara stigið, hin eiginlega áætlunargerð. Fyrst var ársáfangi 1973 tekinn til meðferðar. Í samvinnu við helstu viðskiptabanka hraðfrystihúsanna, Landsbankann og Útvegsbankann, var saminn listi yfir forgangsframkvæmdir ársins 1973 í þessari grein, og hann lagður fyrir stjórnir Framkvæmdastofnunarinnar og Fiskveiðasjóðs. Með samþykki stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar 18. apríl var ársáfangi 1973 á framangreindum grundvelli samþykktur samhljóða og sendur ríkisstjórninni til staðfestingar.

Þótt framangreind skýrsla um framkvæmdaáformin hafi upphaflega átt að marka lok fyrra stigsins, varð svo ekki í reynd. Áform frystihúsanna voru enn í mótun, hönnun og tæknilegum undirbúningi var víða skammt komið, og rekstrarlegar og fjárhagslegar áætlanir víða með öllu ógerðar. Endurskoðun og nýmótun áforma af hálfu fyrirtækja og hönnuða á þeirra vegum hefur að miklu leyti farið saman við athugun og gagnrýni af hendi áætlanadeildar. Hefur svo staðið fram um síðustu áramót og í einstaka tilvikum fram til þessa. En við þessa meðferð hefur þorri áformanna tekið á sig fast form, og falla þau sem slík inn í hina endanlegu áætlun.

Þau matsviðhorf, sem lögð hafa verið til grundvallar við áætlunargerðina, eru einkum þau, að skilyrði verði til þess að nýta mannvirkin til nokkurrar hlítar, a. m. k. á aðalvertíð, að fullnægt sé hinum nýju kröfum um hollustuhætti, og að framkvæmdirnar hafi í för með sér hagræðingu og bættan rekstur. Til þess að tryggja, svo sem föng eru á, að þessara markmiða verði gætt, hafa sérfróðir menn um fiskiðnað verið fengnir til tímabundinna starfa við stofnunina, en um þátt hollustuhátta í framkvæmdunum var haft samráð við umsagnarnefnd um lánveitingar Fiskveiðasjóðs í því skyni, skipaða af sjávarútvegsráðuneytinu. Til stuðnings við mat á afkastagetu í samanburði við aflahorfur var staðall um stærðir rýma og afköst véla og tækja saminn í samráði við tæknideildir sölusamtaka frystiiðnaðarins, en þeim staðli var að sjálfsögðu beitt af sveigjanlegu tilliti til staðbundinna aðstæðna. Með þessu móti hefur í mörgum tilvikum tekist að fá fram mun betri samsvörun afkastagetu við aflahorfur en annars hefði orðið, þótt engan veginn hafi allt áunnist, sem að var stefnt. Ekki voru tök á að leggja mat á væntanlega rekstrarafkomu í hverju tilviki, þótt æskilegt hafi verið, en í samvinnu við hagdeildir viðskiptabankanna var reynt að meta forsendur fjármögnunar, svo sem tök voru á.

Undir lok ársins 1973 var aðstaða orðin til þess að taka áformin til endanlegs mats og fullgildrar áætlunar. Var tekin saman yfirlitsskýrsla, dags. 14. des., og lögð fyrir stjórn stofnunarinnar og aðra hlutaðeigandi aðila. Var áætlanadeild falið að semja á þessum grundvelli og með þeim breytingum, sem enn voru nauðsynlegar, áætlun um framkvæmdir hraðfrystihúsanna 1974, 1975 og 1976 og síðar, eftir því sem viðurkennd áform endast. Skal áætlunin vera stefnumarkandi um fjármögnun framkvæmdanna af hálfu opinberra aðila, og er m. a. stefnt að hæfilegri skiptingu í ársáfanga.

Svo sem áætlunin er nú lögð fyrir, skiptast heildarframkvæmdir svo í ársáfanga, og er þá miðað við varlega áætlað verðlag fyrri hluta ársins 1974.

Þegar framkvæmt:	**Millj. kr.**
1971 (og fyrr)	945,0
1972	955,4
1973	1.301,8
Alls þegar framkv.	3.202,2
Áætlað:	
1974	1.338,1
1975	1.010,9
1976 (og síðar)	479,7
Alls áætlað	2.828,7
Heildaráætlun:	6.030,9

Áætlunin er í fáeinum atriðum enn háð nokkrum fyrirvara, t. d. að því er varðar vissa útgerðarstaði, þar sem aðilar hneigjast til óhóflegrar aukningar afkastagetu í heild miðað við aflahrotur, eða þar sem áform aðila eru ekki fullmótuð, þrátt fyrir langan undirbúningstíma. Er raunar ætíð svo, að ný þörf getur komið í ljós á ýmsum tímum utan þess, sem valinn hefur verið til áætlunargerðar.

Fiskiskipaáætlun: Frá því að skýrsla var gefin um skuttogarakaupin í júní 1972, hefur þessari áætlunargerð miðað hægt. Undirbúningsstarf hefur farið fram með gagnasöfnun og töflugerð. Í október s. l. voru samdar tillögur um starfstilhögun og efnismeðferð við þessa áætlunargerð, þ. á m. um aðild hlutaðeigandi stofnana og samtaka að henni, um setningu væntanlegra markmiða með áætluninni, sérfræðilega ráðgjöf o. s. frv. Var þessi skipulagslegi rammi áætlunarinnar samþykktur af stjórn stofnunarinnar á fundi 6. nóvember. Er ætlunin að taka aftur til við gerð fiskiskipaáætlunar, þegar að lokinni hraðfrystihúsaáætlun.

Nokkuð ber á efasemdum um, að vert sé að semja fiskiskipaáætlun, þegar svo mikið hefur þegar verið keypt af nýjum fiskiskipum. Gagnvart því má halda fram, að þörfin sé þeim mun brýnni sem nær dregur, að taka verði úrslitaafstöðu til stærðar hverrar greinar fiskiskipaflotans. Ennfremur er óhjákvæmilegt, að einhver skipakaup verða allajafna á döfinni, þannig að áætlunargerð um hagkvæma þróun flotans þarf að vera samfellt í gangi með hæfilegu millibili.

Meðan undirbúningur að áætluninni hefur staðið, hafa komið upp viðamikil ákvörðunaratriði skipakaupa og ríkisábyrgðar og annarrar fyrirgreiðslu þeirra vegna. Hefði verið mjög æskilegt, og raunar bráðnauðsynlegt, að staðgott mat á gildi tiltekinna skipagerða hefði þá legið fyrir. Hins vegar hefur þessi tilvik borið svo brátt að, að tæpast hefur verið svigrúm til annars en flausturslegra athugana. Undirstrikar sú reynsla þörfina fyrir áætlunargerð og skipulegt mat umsókna um veigamikil skipakaup.

Markviss uppbygging fiskiskipastóls er flókið mál, þar sem mörg sérþekkingarsvið kom til greina, sem og hagsmunagæsla ýmissa aðila. Skilyrði eru síbreytileg, og því nauðsynlegt að hafa sem fyrst veður af nýjungum og breyttri þróunarstefnu. Ennfremur mun stefnumarkandi gildi fiskiskipaáætlunar mjög háð því, að allir helstu stjórnunar- og hagsmunaaðilar sjávarútvegsins eigi þar hlut að máli.

Landbúnaðaráætlun: Í fyrsta áfanga landbúnaðaráætlunar hefur aðaláhersla verið lögð á að meta sennilega þróun eftirspurnar landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Í ársskýrslu 1972 var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þessa mats. Gerð var ítarleg grein fyrir þeirri athugun í heild með skýrslu sem birt var í september 1973: „Landbúnaðaráætlun, 1. skýrsla: Innlend eftirspurn landbúnaðarvara — Spá um neyslu 1973—1977." Verða hér ekki endurteknar þær niðurstöður, er áður hafa fram komið.

Í niðurstöðukafla tilvitnaðrar skýrslu segir svo um framhaldsverkefni á vettvangi landbúnaðaráætlunar:

„Hér er um að ræða meginhluta markaðsþátta þeirrar landbúnaðaráætlunar, sem að er stefnt, en á þá hlið þarf einnig að kanna ardsemi útflutings- og úrvinnslumöguleika einstakra greina og hagkvæmast val þeirrar umframframleiðslu, sem óhjákvæmilegt reynist að flytja út, og ekki síður möguleika á aukinni fóðurframleiðslu á vegum landbúnaðarins. Markaðsþátturinn eða vaxtasvigrúmið í heild er þá til samanburðar við áform bænda og vinnslustöðva skoðuð sem heild, og við grundvallarþætti þeirra áforma: hneigð fólks til að stunda búskap, endurnýjunarþörf fjármuna, hagræðingarþörf og óskir um framleiðsluauka til að ná auknum tekjum. Til allra þeirra þátta þarf að taka samstillt tillit við gerð landbúnaðaráætlunar með hliðsjón af því gildi, sem þjóðfélagið gefur hagrænum og félagslegum viðhorfum."

Í framhaldi af þessu hefur allmikið verið unnið að athugunum á framkvæmdaáformum bænda í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, héraðabúnaðarsamböndin og

ráðunauta þeirra, svo og að athugunum á fjármunastofni landbúnaðarins, aldurssamsetningu hans og endurnýjunarþörf. Ennfremur hafa verið gerðar athuganir á samhengingu milli afurðasemi búfjár og kjarnfóðurnotkunar annars vegar, og hins vegar milli kjarnfóðurnotkunar og verðs þess að tiltölu við afurðaverð. En sem kunnugt er, hefur kjarnfóðurnotkunin lykilþýðingu við breytilega stjórn framleiðslunnar og keppir um leið við nýtingu innlendra framleiðsluafla. Um athuganir á eftirspurn búvara og afurðasemi bústofns hefur einkum verið haft samstarf við Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Landbúnaðaráætlunin stendur nú að ýmsu leyti á vegamótum. Áætlanadeild ræður sem stendur ekki yfir sérstökum starfskrafti til þessarar áætlunargerðar. Landbúnaðarráðuneytið hefur sýnt áhuga á að taka upp áætlunarstarf og e. t. v. að þróa þar miðstöð áætlanagerðar fyrir landbúnaðinn, og helstu stofnanir landbúnaðarins hafa tjáð sig um hug á þátttöku í því starfi. Hefur ráðuneytið ákveðið að mynda starfshóp hlutaðeigandi stofnana um áætlunina og skipta verkum skipulega milli þeirra eftir verksviði hvers og eins. Næstu stig áætlunargerðarinnar hljóta í vaxandi mæli að verða stefnumarkandi. Varðar því miklu, að fullt samráð verði haft við hlutaðeigandi stofnanir og samtök, áður en áætluninni verði ráðið til lykta af þar til bærum stjórnvöldum.

Iðnþróunaráætlun: Svo sem greint var frá í ársskýrslu 1972, tók iðnaðarráðuneytið upp sérstakt starf að samningu iðnþróunaráætlunar, og unnu sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum (UNIDO) það verk með aðstoð innlendra aðila, þ. á m. Framkvæmdastofnunarinnar. Áætlunardrög UNIDO-sérfræðinganna voru lögð fram í febrúar 1973, og var þá óskað umsagnar Framkvæmdastofnunarinnar. Samdi áætlanadeild þá umsögn að höfðu samráði við hagrannsóknadeild. Lögð var áhersla á rækilegri könnun á horfum einstakra iðnaðargreina, m. a. í sambandi við skilmála EFTA-aðildar, og áætlunargerð um þróun framleiðslu og fjárfestingar á þeim grundvelli.

Iðnaðarráðuneytið fól í fyrstu sérstökum starfshóp að semja álit um framkvæmd iðnþróunaráætlunar. Að fengnu áliti hópsins skipaði ráðuneytið í ágústbyrjun sérstaka nefnd „til að skipuleggja og koma í framkvæmd áformum, sem miða að markvissri iðnþróun á Íslandi". Var forstöðumaður áætlanadeildar m. a. skipaður í nefndina, og þar með komið á tengslum milli þess starfs, sem fram fer hjá nefndinni og í áætlanadeild. Var nánar fjallað um þetta samstarf í viðræðum og bréfaskiptum og gert ráð fyrir, að Framkvæmdastofnunin annaðist ýmsa þætti hagrænnar greiningar og áætlunargerðar, þ. á m. um mannafla, þróun framleiðslu og rekstrarafkomu og fjárfestingarþörf. Með hliðsjón af því var ráðinn til deildarinnar hagfræðingur, er fékk þetta sérstaka verkefni. Er verkið nú í fullum gangi, og er lokið fyrstu yfirferð athugunar á þróun og horfum allmargra iðnaðargreina.

Opinberar framkvæmdaáætlanir.

Áætlanir um opinberar framkvæmdir getur áætlanadeild gert fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir, eftir því sem um semst. Verksvið þetta hefur einkum verið tengt hinni árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, um fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og opinberra framkvæmda af lánsfé utan fjárlaga. Jafnframt hefur það tækfæri verið notað til þess að gera almenna grein fyrir horfum og áformum um fjárfestingu og fjármögnun hennar. Hefur skýrsla fjármálaráðherra þessa efnis verið samin af áætlanadeild síðustu árin. Var hin síðasta þeirra, þ. e. skýrsla um áætlun ársins 1973, lögð fram á Alþingi 6. apríl 1973.

Þegar hafinn var undirbúningur framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1974, ákvað fjármálaráðherra, að áætlun opinberra framkvæmda skyldi felld inn í fjárlög, en fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða yrði þá til sérstakrar meðferðar. Var áætlanadeild falið að vinna með fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að undirbúningi lánsfjár-

framkvæmda, svo sem verið hefur. Þegar á leið, átti málsmeðferðin þó að mestu samleið með fjárlagaafgreiðslu, sem deildin á ekki hlut að.

Þótt það sé mikill kostur að fá áætlun opinberra framkvæmda flýtt með þessum hætti, fylgir því sá annmarki, að ákvörðun hennar verður viðskila við aðrar meginákvarðanir um lánsfjármögnun, þ. á m. með skuldabréfaútgáfu og töku erlendra lána, og að farið er á mis við þá heildstæðu yfirsýn til stefnumótunar, sem falist hefur í skýrslu fjármálaráðherra. Þótt skýrslur hagrannsóknadeildar fylli að nokkru upp í þessa eyðu, mun vera ástæða til að huga nánar að mótun heildstæðrar stefnu í fjárfestingarmálum og nánari útfærslu hennar í einstökum greinum framkvæmda.

Önnur hlið þessa máls er þörfin fyrir langtímaáætlanir opinberra framkvæmda, er séu samstíga fyrir allar greinar opinbera geirans, svo að fram komi heildaráætlun. Um alllangt árabil hefur verið ætlunin að stefna að þessu marki. Hefur nokkuð verið um það rætt, að áætlanadeild snúi sér meir að slíkum langtímaáætlunum, nú er dregið hefur verið úr skyldum hennar við árlegar áætlanir á þessu sviði. Um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin, en nokkurri hendingu er háð, um hve mikil verkefni af þessu tagi semst við einstök ráðuneyti, sbr. 9. grein laga um Framkvæmdastofnunina.

Af einstökum greinum opinberra framkvæmda á áætlanadeild mesta aðild að samgönguáætlunum, sem með samvinnu um tekjuáætlanir og athuganir einstakra framkvæmda, auk samgönguáætlana landshluta, sem getið verður hér á eftir. Með tilliti til þessa hlutverks var Framkvæmdastofnuninni falið í nóvember s.l. af samgönguráðuneytinu að annast aðild að norrænni samstarfsnefnd um hagrænar rannsóknir á sviði samgöngumála, og heyrir sú aðild undir áætlanadeild.

Byggðaáætlanir.

Í ársskýrslu 1972 var gerð rækileg grein fyrir byggðamálunum og gerð og markmiðum byggðaáætlana frá almennu viðhorfi. Er ekki ástæða til að taka þessi almennu atriði upp aftur, né heldur að breyta um nokkuð, sem þar var sagt.

Rétt er þó til inngangs þessarar greinargerðar að rifja upp, að byggðaáætlanir geta ýmist verið almennar byggðaþróunaráætlanir með áherslu á atvinnugrundvöll og almenna þjónustu- og félagsaðstöðu, eða sérgreindar byggðaáætlanir til skipulegs mats og ráðstöfunar fjármagnsins innan sérgreinar eins og t. d. samgönguframkvæmda. Upp á síðkastið hafa landshlutasamtök eflst verulega og hafa þau beitt sér fyrir áætlanagerð og öðrum skipulegum vinnubrögðum á vegum allra landshlutanna. Gerð byggða- og landshlutaáætlana er þar með orðin almenn starfsaðferð fremur en sérstök aðstoð við mjög illa settar byggðir. Þessi starfsaðferð felur í sér skipulega, almenna könnun á skilyrðum, ástandi og horfum byggðarlaga og á sérstökum möguleikum til að efla byggðarþróun.

Til þess að greiða fyrir starfi áætlunardeildar, landshlutasamtaka og fleiri aðila að byggðaáætlunum, sem gætu orðið sambærilegar að gildi og innihaldi, voru í mars 1973 samdar „Leiðbeiningar um undirbúning og gerð almennra byggðaþróunaráætlana þ. e. atvinnu- og félagsmálaáætlana". Fjalla þær um aðild, starfsaðferðir og efnisskipan byggðaáætlana og hafa verið hafðar til hliðsjónar við gerð þeirra áætlana, sem nú er unnið að, en þær eru eftirfarandi.

Norðurland vestra og Strandir: Almenn áætlunargerð fyrir þennan landshluta hófst fyrir alvöru í janúar 1973. Árið áður höfðu verið unnin tillögudrög að sérstakri atvinnumálaáætlun fyrir Skagaströnd. Voru þau drög fjölrituð sem handrit í janúar 1973, og renna þau saman við áætlunargerð þessa sem heild. Fundir voru haldnir með heimamönnum í október 1972 og janúar 1973, en síðari hluta maí var farin kynnisferð um svæðið og um leið hafin nánari gagnaöflun frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu. Hefur Fjórðungssamband Norðlendinga átt mikinn hlut að innköllun og úrvinnslu þeirra heimilda, sem og að öðrum athugunum á

þeim vettvangi. Tekið hefur verið úrtak úr skattframtölum einstaklinga til að kanna myndun og uppruna tekna. Dregin hafa verið saman gögn um náttúrufar og auðlindir og gerð kort og línurit o. þ. h. til yfirlits. Er nú komið að lokum þess stigs, sem einkennist af gagnasöfnun og frumúrvinnslu gagna, og munu þá umræður og tillögugerð um aðgerðir í málefnum byggðarlagsins taka við.

Nokkuð sérstakur þáttur þessa áætlunarverks — hliðstæður Skagastrandaráætlun — er athugun á skilyrðum rækjuvinnslu og byggðaþróunar í Árneshreppi á Ströndum. Með bréfi oddvita hreppsins 1. nóv. 1973 var óskað sérstaklega eftir athugun þessari, og var hún gerð næstu mánuðina sem hluti þessarar áætlunar. Er nú til umræðu milli hreppsfélagsins og Framkvæmdastofnunarinnar, hvaða aðgerðir muni vænlegar til að tryggja þessa útvarðarstöð byggðar á Ströndum. Fjórðungssamband Vestfirðinga á hlut að áætlunargerðinni, að því er varðar Strandir.

Norður-Þingeyjarsýsla: Starf að sérstakri byggðaþróunaráætlun fyrir sýsluna var hafið vorið 1973. Vegna annríkis við önnur störf í áætlanadeild var verkfræðistofu Guðmundar Óskarssonar falið verkefni þetta. Voru farnar kynnisferðir til samráðs við heimamenn og í samvinnu við Fjórðungssamband Norðlendinga í maí, júlí og desember. Hefur verið gerð úttekt á þörf fyrir ýmiss konar framleiðslu- og þjónustufyrirtæki. Er nú unnið að samningu skýrslu til undirbúnings umræðum um aðgerðir.

Austurland: Starf að atvinnu- og byggðaþróunaráætlun Austurlands hófst í mars 1973. Var samið sérstaklega við Hagvang hf. um vinnslu þessa verkefnis. Áður hafði verið samin sérstök samgönguáætlun Austurlands, þ. e. um vegaframkvæmdir og er hún til framkvæmdar árin 1971—1975. Fundur með heimaaðilum til undirbúnings áætlunargerðinni var haldinn á Egilsstöðum 8. júní í samvinnu við Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Kynnisför var farin um landshlutann í júní—júlí, og voru þá lögð drög að ýmislegri gagnaöflun. Ritaðir hafa verið skýrslukaflar um mannfjölda, mannafla, fólksflutninga, tekjumyndun, svæðiskjarna o. fl. Er stefnt að því að koma áætlunargerðinni á umræðustig með vorinu.

Vestfirðir og Vesturland: Auk ofangreindra áætlunarverkefna er starf nýlega hafið við byggðaþróunaráætlun fyrir Vestfirði og er í þann veginn að hefjast fyrir Vesturland. Enn hafa ekki verið haldnir sérstakir samráðsfundir með heimamönnum né farnar kynnisferðir til gagnaöflunar, en áætlunarmálin hafa verið rædd á fjórðungsþingum þessara landshluta. Á fjórðungsþingi Vestfirðinga 7. sept. 1973 flutti forstöðumaður áætlanadeildar framsöguerindi um atvinnu- og byggðaþróunaráætlun fyrir Vestfirði og gerði grein fyrir helstu úrlausnarefnum, sem taka þyrfti til meðferðar.

Samgönguáætlun Norðurlands: Áætlunargerð þessi var þegar hafin, þegar Framkvæmdastofnunin hóf störf, en hefur af ýmsum ástæðum dregist mjög á langinn, m. a. vegna vanbúnaðar hlutaðeigandi stofnana á að ljúka verkáætlunum og samanburði valkosta, en ekki síður vegna forgangs fyrstu ársáfanganna. Framkvæmd áætlunarinnar hófst með 100 m. kr. til vegaframkvæmda 1972, en árið 1973 gengu 150 m. kr. til vegaframkvæmda, 24 m. kr. til flugframkvæmda og 18 m. kr. til hafnaframkvæmda, eða alls 192 m. kr. 1973. Á tillögu til þingsályktunar um vegáætlun 1974—77 hafa verið færðar 184,3 m. kr. á árið 1974, 262,1 m. kr. á árið 1975 og 210 m. kr. á hvort áranna 1976 og 1977.

Þar sem samgöngukerfi Norðurlands felur í sér tiltölulega mikinn hluta af verkefnamagni landsins í heild, hefur verið reynt að styðjast við yfirlit um landið allt við tillögugerðina. Um síðustu áramót var tekin saman yfirlitsskýrsla um verkefni samgönguáætlunar Norðurlands. Er hún til athugunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum, þegar þetta er ritað.

Önnur verkefni.

Sum verksvið áætlanadeildar snerta fleiri ofangreindra áætlana jöfnum höndum. Ennfremur eru deildinni eftir atvikum falin sérstök verkefni. Verður nokkurra helstu verkefna, sem ekki falla undir ákveðnar áætlunargreinar, getið hér.

Mannfjöldi, mannafli, tekjur o. fl.: Stöðugt er unnið að úrvinnslu heimilda og áætlanagerð um þessi atriði, bæði að því er varðar landsheild og einstaka landshluta. Með því að setja skipulega fram ýmsar aðgengilegar hagstærðir landshlutanna er veitt þjónusta við hvers konar áætlanagerð í þeirra þágu innan og utan stofnunarinnar. Almenn mannfjölda- og mannaflaáætlun til langs tíma, með skiptingu á atvinnugreinar og landshluta, er nú á lokastigi.

Endurreisnaráætlun Vestmannaeyja: Í samræmi við 44. gr. reglugerðar um Viðlagasjóð (nr. 62, 27. mars 1973) fór stjórn sjóðsins þess á leit við Framkvæmdastofnunina hinn 6. júní að hún annaðist áætlunargerð um endurreisn mannvirkja og byggðar í Vestmannaeyjum. Var áætlanadeild falið þetta verkefni, og hófst starf að því rétt eftir að gosi var lýst lokið hinn 23. júní, en þá voru 5 mánuðir liðnir frá upphafi þess. Þetta verkefni fól í sér að fá gerða hvers konar verklega hönnun og áætlunargerð um standsetningu og endurreisn mannvirkja, opinberra og atvinnulegra. Hefur hinum ýmsu þáttum verið komið til framkvæmdar jafnharðan, og eftir því sem stjórn Viðlagasjóðs, bæjarstjórn Vestmannaeyja eða aðrir aðilar hafa nánar ákveðið. Sem hluti þessa verkefnis var gerð sérstök könnun á búsetuáformum Vestmannaeyinga og aðstæðum þeirra í landi sem og í Eyjum. Meðal athugunarefna hafa og verið hugsanleg nýting gosgjallsins og uppgræðsla gjallflákanna á Heimaey.

Úthlutun leiguíbúðalána og íbúðaáætlun: Með lögum nr. 58 frá 30. apríl 1973 var Húsnæðismálastofnun ríkisins heimilað „að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði.“ Skilyrði er, að hlutaðeigandi sveitarfélög hafi ekki byggt íbúðir á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, þ. e. með sérstökum kjörum fyrir láglaunafólk, og er sett hámark þessarar aðstoðar við 1.000 íbúðir á 5 árum. Húsnæðismálastjórn æskti aðstoðar áætlanadeildar við samningu áætlunar um úthlutun þessara lána. Hefur verið unnið að því í náinni samvinnu við Húsnæðismálastofnun að móta úthlutunarreglur með hliðsjón af aðstöðu sveitarfélaga til að nýta aðstoð af þessu tagi.

Verkefni þetta er þó aðeins byrjunin á almennri áætlun um íbúðaþörf og dreifingu hennar um landið, sem Framkvæmdastofnunin áformar að semja á næstunni í samvinnu við Húsnæðismálastofnunina.

Tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna: Snemma árs 1972 æskti utanríkisráðuneytið þess, að Framkvæmdastofnunin annaðist áætlunargerð um nýtingu væntanlegrar tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) á 5 ára tímabilinu 1972—1976, og skyldi höfð hliðsjón af viðmiðunartölu UNDP 1 milljón Bandaríkjadala yfir þessi 5 ár. Eftir innköllun hugmynda skilaði áætlanadeild frumtillögum í október 1972, og endurskoðun þeirra í mars 1973 að lokinni athugun í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti. Fulltrúar UNDP komu hingað til viðræðna og gengu frá tillögum sínum í lok ágúst 1973, og voru þær staðfestar af UNDP í janúar s.l. Aðstoðaráætlunin tekur til margra grundvallaratriða í nýtingu auðlinda, atvinnuvegum og opinberri þjónustu.

Nýjungar í atvinnulífinu: Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar er heimilt skv. 24. gr. laga um stofnunina að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Var auglýst eftir umsóknum og bárust umsóknir frá 25 aðilum varðandi 50 hugmyndir. Var áætlanadeild falið að semja skýrslu um umsóknirnar, er skilað var í febrúar 1973. Voru þær síðan sendar til umsagnar ýmissa rannsóknarstofnana, en afgreiðsla styrkja og önnur samskipti við umsækjendur er á vegum lánadeildar.

Starfslið: Síðari hluta ársins 1972 voru 8 sérfræðingar að starfi í áætlanadeild (7½ starf) og 2 ritarar, en fækkaði um einn sérfræðing fyrir lok ársins. Á miðju ári 1973 urðu þær breytingar, að ráðinn var arkitekt, sérmenntaður í skipulagi og áætlanagerð, en hagfræðingur í hálfu starfi sagði því lausu. Í nóvember var ráðinn hagfræðingur og viðskiptafræðingur, og annar viðskiptafræðingur um áramót. Um síðustu áramót höfðu þannig verið ráðnir 10 sérfræðingar og 2 ritarar, eða alls 12 starfsmenn. Sumarvinna og önnur lausavinna stúdenta og kandidata var óvenju mikil, eða svarað alls um 1½ starfsári.

Starfsemi lánadeildar.

Eins og greint var frá í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar fyrir árið 1972 eru Framkvæmdasjóður Íslands og Byggðasjóður starfræktir innan lánadeildar. Lánadeild tekur við umsóknum um lán úr sjóðunum, annast athugun þeirra og úrvinnslu og sér um afgreiðslu þeirra lána, sem samþykkt eru af stjórn stofnunarinnar.

Lánadeild sér um bókhald sjóðanna, innheimtu og önnur samskipti við lántakendur eftir því, sem þörf er á, og ýmiss konar skýrslugerð um lánamál. Lánadeild annast ennfremur bókhalds- og gjaldkerastörf fyrir stofnunina sjálfa.

Náin samvinna er milli lánadeildar og fjárfestingarlánasjóðanna um gerð áætlana um fjáröflun og lánveitingar sjóðanna eins og greint hefir verið frá í kaflanum um Framkvæmdasjóð og starfsemi fjárfestingarlánasjóða.

Jafnframt er haft samráð við sjóðina um athugun einstakra lánsumsókna, þegar þörf er á, en algengt er, að fleiri en einn fjárfestingarlánasjóður taki þátt í fjármögnun þeirra framkvæmda, sem um ræðir.

Þá eru einnig náin samskipti við Atvinnuleysistryggingasjóð, sem í sumum tilvikum tekur þátt í sameiginlegri lausn fjárhagsvanda fyrirtækja ásamt Byggðasjóði. Einnig er haft samráð við viðskiptabankana um einstök lánamál, sem til athugunar eru. Þá er og þess að geta, að náin samskipti eru við bankana um kaup þeira á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Sama máli gegnir um samskipti við lífeyrissjóðina um kaup þeirra á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs. Eins og að framan er lýst, er meginstarfsemi lánadeildar fólgin í umsjá og rekstri Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs og samskiptum við fjölmarga aðila um lánamál.

Einnig lætur deildin í té ýmsa þjónustu fyrir Framkvæmdastofnunina í heild. Fastráðið starfsfólk við deildnia í árslok 1973 var alls 10, þar af 6 karlar og 4 konur.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir starfsemi Framkvæmdasjóðs á árinu 1973 og þar á eftir fyrir starfsemi Byggðasjóðs 1973.

Rekstur Framkvæmdasjóðs.

Lánveitingar: Á árinu 1973 veitti Framkvæmdasjóður ný lán að fjárhæð alls 1.812.4 m. kr., sem skiptast þannig:

	Millj. kr.
Byggðasjóður	325,0
Ferðamálasjóður og lán til hótela	29,0
Fiskveiðasjóður Íslands	930,0
Lánasjóður sveitarfélaga	105,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	300,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga	10,0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	45,0
Verslunarlánasjóður	10,0
Ríkissjóður v/Kísiliðjunnar h.f.	20,0
Árni Þormóðsson, Neskaupstað	1,8
Bátanaust h.f., Reykjavík	2,0
Bæjarsjóður Ísafjarðar	7,0

	Millj. kr.
Dagur Kristmundss. og Sigurður Þórarinss., Egilsst.	1,7
Einar Jónsson, Hafnarfirði	1,0
Fiskiðja Suðurnesja h.f.	1,0
Gunnar Guðmundsson h.f., Reykjavík	2,5
Hreppssjóður Suðureyrarhrepps	1,8
Pálmi Jónsson og Ragnar Björnsson, Sauðárkróki	1,8
Rekan h.f., Keflavík	1,5
Slippstöðin h.f., Akureyri	10,0
Sædýrasafnið, Hafnarfirði	3,8
Tungulax h.f., Ölfushreppi	2,5
Samtals	1.812,4

Lántökur: Á árinu 1973 tók Framkvæmdasjóður lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 800 m. kr. Lán þetta er í Evrópureikningseiningum og er það hluti þess erlenda láns, sem ríkissjóður tók á árinu með skuldabréfaútgáfu á fjármagnsmörkuðum í Evrópu. Lánið endurgreiðist á árunum 1974—1988.

Þá tók Framkvæmdasjóður annað lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 150 m. kr., en fé þetta er hluti að andvirði spariskírteinaútgáfu ríkissjóðs á árinu 1973. Lánið endurgreiðist ríkissjóði á 14 árum með 5¼% vöxtum og eru árlegar greiðslur afborgana og vaxta tengdar vísitölu byggingarkostnaðar, en hún var 853 stig þegar lántakan fór fram.

Framkvæmdasjóður tók á árinu lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 160 m. kr. Lán það endurgreiðist á 10 árum.

Á árinu 1973 voru á ný gerðir samningar milli Framkvæmdasjóðs viðskiptabankanna þess efnis, að bankarnir lánuðu Framkvæmdasjóði 10% af aukningu innlána bankanna á árinu 1973. Lán samkvæmt þessu samkomulagi að viðbættum eftirstöðvum frá fyrra ári námu 480 m. kr., en ógreitt til Framkvæmdasjóðs í árslok 1973 var 237 m. kr. Lán þessi endurgreiðast á 15 árum.

Á árinu 1973 var leitað til lífeyrissjóðanna í landinu um að þeir keyptu skuldabréf af Framkvæmdasjóði. Slík skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna námu alls 168 m. kr. á árinu. Lán þessi endurgreiðast lífeyrissjóðunum á 15 árum með 5% vöxtum og eru greiðslur afborgana og vaxta bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Reikningar Framkvæmdasjóðs: Eins og fram kemur af rekstrarreikningi námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1973 60,0 m. kr., en hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 23,6 m. kr. Samtals námu því hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 83,6 millj. kr. samanborið við 68,1 millj. kr. árið áður.

Eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu í árslok 1973 1.069,3 m. kr. og höfðu þá hækkað á árinu um 77,4 m. kr.

Rekstur Byggðasjóðs.

Lánveitingar: Á árinu 1972, sem var fyrsta starfsár Byggðasjóðs, námu samþykkt lán og styrkir sjóðsins 480 m. kr. Árið 1973 voru samþykkt ný lán og styrkir að fjárhæð 357 m. kr. og hefir þá verið ráðstafað á þessum tveim árum 837 m. kr. í lán og styrki. Hér er átt við samþykktar lánveitingar og styrki, en útborgun fjárins dregst tíðum af ýmsum eðlilegum orsökum eins og á sér stað þegar lánsloforð er veitt til skipasmíða, en lán þau greiðist út seint á smíðatíma skipanna.

Ógreidd lánsloforð Byggðasjóðs námu í árslok 1972 273 m. kr., en í árslok 1973 196 m. kr. Útborgað lánsfé Byggðasjóðs 1973 nam 500 m. kr.

Á árinu 1973 voru samþykkt 339 lán og styrkir að fjárhæð 357,3 m. kr. og skiptist fjárhæðin þannig eftir framkvæmdum:

		Millj. kr.
1. Nýsmíði fiskiskipa (5%)		
Bátar	24,4	
Skuttogarar	6,9	31,3
2. Nýsmíði fiskiskipa (10%)		
Bátar	21,2	
Skuttogarar		21,2
3. Kaup á notuðum fiskiskipum		
Bátar	19,7	
Skuttogarar	41,7	61,4
4. Endurbætur fiskiskipa		9,8
5. Fiskiskip/sérstök fyrirgreiðsla		
Bátar	2,0	
Skuttogarar	7,0	9,0
6. Fiskvinnsla		71,9
7. Niðursuða		4,0
8. Fiskimjölsverksmiðjur		3,4
9. Framleiðsluiðnaður		48,3
10. Þjónustuiðnaður		23,9
11. Sveitarfélög		41,5
12. Vaxtarstyrkir vegna raflínulána sveitabýla		0,7
13. Annað		30,9
	Samtals	357,3

Skýrsla, sem jafnframt sýnir skiptingu framangreindra lánsloforða og styrkja eftir landshlutum, er birt síðar í þessari ársskýrslu. Þar er einnig að finna sundurliðaða skrá með nöfnum þeirra aðila, sem fengið hafa loforð um lán eða styrki úr Byggðasjóði á árinu 1973.

Lántökur: Á árinu 1973 tók Byggðasjóður þrjú lán hjá Framkvæmdasjóði, að fjárhæð samtals 325 m. kr. Af lánum þessum voru 175 m. kr. í erlendri mynt með 9½% vöxtum, 62 m. kr. af innlendu fé með 6¼% vöxtum og vísitölutryggingu og loks 88 m. kr. af innlendu fé með 12½% vöxtum.

Reikningar Byggðasjóðs: Á árinu 1973 námu hreinar tekjur Byggðasjóðs 26,0 m. kr. Eiginfjárreikningar Byggðasjóðs að meðtöldum Mótvirðissjóði námu í árslok 1973 690,1 m. kr. og höfðu þá vaxið um 162,8 m. kr. á árinu. Hin mikla aukning eiginfjár sjóðsins stafar fyrst og fremst af framlagi ríkissjóðs, er nemur 100 m. kr. árlega í 10 ár. Framleiðslugjald af áli nam 74,1 m. kr., sem er meir en tvöföld fjárhæð gjaldsins árið 1972, en þá nam það 36,4 m. kr. Veittir styrkir námu 9,4 m. kr. Af lánum var afskrifað 22,2 m. kr. og af gengistapi 7,0 m. kr.

Framkvæmdasjóður og starfsemi fjárfestingarlánasjóða.

Eins og segir í lögum um Framkvæmdastofnunina er hlutverk Framkvæmdasjóðs að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, en þessu hlutverki skal sjóðurinn gegna einkum með því að veita fé til fjárfestingarlánasjóðanna. Samskipti Framkvæmdasjóðs við fjárfestingarlánasjóðina eru því mjög náin og hafa farið vaxandi, en þau varða fyrst og fremst gerð áætlana um fjármögnun og lánveitingar sjóðanna og lánveitingar Framkvæmdasjóðs til þeirra.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða uxu mjög mikið á árinu 1973 og námu það ár 1.742 m. kr., en 1.110 m. kr. árið 1972 og 377 m. kr. árið 1971.

Heilarlánveitingar og styrkir þessara sjóða námu 2.984 m. kr. árið 1973, en árið 1972 námu þær 2.498 m. kr. og 1.662 m. kr. árið 1971. Ljóst er, að lánveitingar sjóðanna fara enn vaxandi á árinu 1974.

Þessar auknu lánveitingar stafa bæði af hækkuðum kostnaði við framkvæmdir samfara mikilli fjárfestingu atvinnuveganna og þá einkum sjávarútvegsins vegna hinna miklu skipakaupa og uppbyggingar hraðfrystihúsanna.

Eins og getið var um í síðustu ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar hefir eigið ráðstöfunarfé fjárfestingarlánasjóðanna ekki vaxið að sama skapi og útlán sjóðanna hafa aukist. Í apríl mánuði 1973 voru samþykkt lög á Alþingi um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóð, þar sem þessum fjárfestingarlánasjóðum voru ákveðnir auknir tekjustofnar. Þessi lagasetning bætir að vísu fjárhagsstöðu þessara sjóða all verulega. Hins vegar er þess að geta, að útlánavextir fjárfestingarlánasjóðanna sumra hverra eru í engu samræmi við almenna vexti. Samkvæmt ákvörðun Seðlabankans 30. apríl 1973 er heimilt að taka 12½% vexti af nýjum afborgunarlánum, og eru það raunar þeir vextir, sem fjárfestingarlánasjóðirnir þurfa að greiða af innlendu lánsfé til langs tíma, sé það ekki verðtryggt. Þessi mikli vaxtamunur er sjóðunum að sjálfsögðu mjög óhagstæður og skerðir eiginfjármyndun þeirra stórlega auk þess sem þessir mjög lágu útlánavextir sjóðanna örfa eftirspurn eftir lánsfé úr sjóðunum og gerir fjármögnunarvanda þeirra miklu meiri en ella.

Af þessu leiðir, að brýna nauðsyn ber til að endurskoða útlánakjör fjárfestingarlánasjóðanna og samræma þau milli sjóðanna innbyrðis og mjög kæmi til greina að taka jafnframt upp samræmda verðtryggingu lánanna í einhverjum mæli hjá fjárfestingarlánasjóðunum almennt.

Fjármál sjóðanna komast ekki í viðunandi horf fyrr en mál þessi eru tekin föstum tökum og nauðsynlegum breytingum komið á.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir lánveitingum og fjármögnun þeirra fjárfestingarlánasjóða, sem Framkvæmdasjóður lánar til.

Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Lánveitingar Stofnlánadeildarinnar hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár og á sama tíma hafa lán Framkvæmdasjóðs til deildarinnar vaxið mjög verulega eins og eftirfarandi tölur sýna (m. kr.).

	1971	1972	1973
Lánveitingar	255	371	509
Lán frá Framkvæmdasjóði	130	200	300

Eigið ráðstöfunarfé Stofnlánadeildarinnar árið 1973 var um 84 m. kr., aukning bráðabirgðalána var 138 m. kr., tekin löng lán hjá Lífeyrissjóði bænda, og aukning skyldusparnaðarfjár 82 m. kr. og lán frá Framkvæmdasjóði 300 m. kr. Alls gerir þetta 604 m. kr. Veitt lán deildarinnar námu 509 m. kr. á árinu en bankainnstæður í árslok 1973 voru 95 m. kr.

Bein framlög án endurgjalds, sem Stofnlánadeildin fékk árið 1973, námu 149 m. kr. og höfðu þá hækkað um 55 m. kr. frá árinu áður, og valda þar mestu breytingar þær, sem gerðar voru á tekjustofnun deildarinnar með lagabreytingum í apríl 1973.

Þrátt fyrir hin auknu framlög til deildarinnar varð eigið ráðstöfunarfé hennar einungis 84 m. kr. árið 1973 eins og fyrr greinir. Á árinu 1974 er áætlað að framlög til Stofnlánadeildarinnar muni nema um 255 m. kr. Eigið ráðstöfunarfé deildarinnar er áætlað 112 m. kr. þegar greitt hefir verið bráðabirgðalán 150 m. kr. frá árinu 1973.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Lánveitingar Veðdeildarinnar og lán frá Framkvæmdasjóði undanfarin þrjú ár hafa verið þessi (m. kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	15	51	48
Lán frá Framkvæmdasjóði	10	35	45

Eigið ráðstöfunarfé Veðdeildarinnar 1973 var neikvætt um 6 m. kr. Endurgreitt var bráðabirgðalán hjá Búnaðarbankanum 6 m. kr., tekið lán hjá Lífeyrissjóði bænda 25 m. kr. og hjá Framkvæmdasjóði 45 m. kr. Deildin hafði því til ráðstöfunar alls 58 m. kr. Lánveitingar ársins námu 48 m. kr. og bankainnstæða í árslok var 10 m. kr.

Bein framlög án endurgjalds til deildarinnar námu 8 m. kr. árið 1973, en eigið ráðstöfunarfé deildarinnar var þrátt fyrir það neikvætt um 6 m. kr.

Áætlað er að eigið ráðstöfunarfé deildarinnar 1974 verði neikvætt um 5 m. kr.

Fiskveiðasjóður Íslands:

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs og lántökur hafa numið sem hér segir árin 1971—1973 (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	866	1 253	1 434
Lán frá Framkvæmdasjóði	96	595	930
Lán frá öðrum aðilum	282	280	—

Eigið ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs á árinu 1973 var um 531 m.kr. Bráðabirgðalán sjóðsins jukust um 13 m.kr., og lán frá Framkvæmdasjóði námu 930 m.kr. Alls gerir þetta 1 474 m.kr. Lánveitingar sjóðsins á árinu námu 1 434 m.kr. og innstæða í banka var um 40 m.kr. í árslok.

Af eigin ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs 1973, 531 m.kr., voru bein framlög án endurgjalds 149 m.kr.

Með breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð, sem gerð var í apríl 1973 eru aukin framlög til sjóðsins um 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða að viðbættu 1% mótframlagi ríkissjóðs. Einungis 28 m.kr. greiddust til sjóðsins af gjaldi þessu á árinu 1973, en árið 1974 kemur gjald þetta hins vegar inn að fullu fyrir allt árið og er áætlað að það nemi alls 378 m.kr. á árinu.

Eigið ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1974 er áætlað 753 m.kr., en var sem áður sagði 531 m.kr. árið 1973. Hefir því fjárhagsstaða sjóðsins styrkst mjög verulega við setningu hinna nýju laga um sjóðinn, enda fara stórum vaxandi kröfur þær, sem gerðar eru til sjóðsins um lánveitingar til skipakaupa og byggingar hraðfrystihúsa.

Á árinu 1973 tók Fiskveiðasjóður erlent lán að fjárhæð 945 m.kr. til að greiða að fullu lán í japönskum yenum vegna skuttogarakaupa. Samsvarandi lánveitingar Fiskveiðasjóðs til kaupenda togaranna eru hér ekki meðtaldar til að réttur samanburður milli ára haldist, enda var hér um að ræða sérstök lánsviðskipti, sem einungis byggðust á stöðu ákveðinna gjaldmiðla.

Iðnlánasjóður:

Lánveitingar Iðnlánasjóðs og lán frá Framkvæmdasjóði og Iðnþróunarsjóði árin 1971—1973 hafa numið sem hér segir (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	131	176	238
Lán frá Framkvæmdasjóði	12	40	—
Lán frá Iðnþróunarsjóði	24	—	50

Eigið ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs á árinu 1973 nam 225 m.kr. Greidd voru bráðabirgðalán að fjárhæð 7 m.kr. Tekið var lán 50 m.kr. hjá Iðnþróunarsjóði, og hafði sjóðurinn því alls til ráðstöfunar 268 m.kr. Lánveitingar sjóðsins voru á árinu 238 m.kr. og innstæða í bönkum í árslok 30 m.kr.

Í aprílmánuði 1973 voru samþykktar á Alþingi lagabreytingar um Iðnlánasjóð þar sem tekjur sjóðsins eru auknar verulega. Iðnlánasjóðsgjaldið var hækkað um 25% úr 0.4% í 0.5% og árlegt framlag ríkissjóðs hækkað úr 15 m.kr. í 50 m.kr.

Bein framlög til sjóðsins án endurgjalds á árinu 1973 námu 126 m.kr.

Lánasjóður sveitarfélaga:

Lánveitingar Lánasjóðs sveitarfélaga og lán frá Framkvæmdasjóði árin 1971—1973 voru sem hér segir (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	73	141	169
Lán frá Framkvæmdasjóði	40	100	105

Eigið ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga 1973 var 63 m.kr. Sjóðurinn tók bráðabirgðalán hjá Bjargráðasjóði 15 m.kr. Lántaka sjóðsins hjá Framkvæmdasjóði nam 105 m.kr. Alls hafði sjóðurinn því til ráðstöfunar 183 m.kr. Lánveitingar á árinu námu 169 m.kr. og innstæða í banka var 14 m.kr. í árslok.

Ferðamálasjóður:

Lánveitingar Ferðamálasjóðs og lán frá Framkvæmdasjóði hafa verið þessi árin 1971—1973 (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	18	29	19
Lán frá Framkvæmdasjóði	12	25	17

Eigið ráðstöfunarfé Ferðamálasjóðs árið 1973 nam 8 m.kr. Lántaka hjá Framkvæmdasjóði var 17 m.kr. Sjóðurinn hafði því alls 25 m.kr. til útlána. Veitt lán á árinu voru 19 m.kr. og innstæða í banka 6 m.kr.

Verslunarlánasjóður:

Lánveitingar Verslunarlánasjóðs og lántökur hans árin 1971—1973 hafa verið þannig (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	40	44	51
Lán frá Framkvæmdasjóði	15	10	10
Aðrar lántökur	20	28	30

Eigið ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1973 var 11 m.kr. Sjóðurinn tók lán hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna 30 m.kr. og hjá Framkvæmdasjóði 10 m.kr. Alls hafði sjóðurinn því til lánveitinga 51 m.kr. á árinu og var sú fjárhæð öll notuð til lánveitinga á árinu.

Stofnlánadeild samvinnufélaga:

Lánveitingar Stofnlánadeildarinnar og lán frá Framkvæmdasjóði árin 1972—1973 voru þannig (m.kr.):

	1972	1973
Lánveitingar	8	16
Lán frá Framkvæmdasjóði	10	10

Eigið ráðstöfunarfé deildarinnar nam árið 1973 13 m.kr. en innstæða í banka í árslok var 7 m.kr.

Byggðasjóður:

Lánveitingar Byggðasjóðs (Atvinnujöfnunarsjóðs og Atvinnumálanefndar ríkisins) og lán frá Framkvæmdasjóði og Iðnþróunarsjóði árin 1971—1973 hafa verið sem hér segir (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar	234	394	500
Lán frá Framkvæmdasjóði	62	100	325
Lán frá Iðnþróunarsjóði	—	50	—

Eigið ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á árinu 1973 nam 331 m.kr. Lántökur voru 325 m.kr. Til ráðstöfunar var því alls 656 m.kr. Útborguð lán námu 500 m.kr. og innstæða í banka í árslok 156 m.kr.

Hér að framan hefur einungis verið fjallað um þá fjárfestingarlánasjóði, sem Framkvæmdasjóður hefir veitt lán til. Ef gera á sér grein fyrir fjárfestingarlánasjóðakerfinu í heild er hins vegar nauðsynlegt að telja með nokkra þýðingarmikla sjóði, sem ekki hafa verið nefndir hér að framan, en þeir eru: Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild Landsbanka Íslands, Byggingarsjóður verkamanna, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Iðnþróunarsjóður, Iðnrekstrarsjóður og Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Útlán allra þessara fjárfestingarlánasjóða hafa numið samtals 4 930 m.kr. á árinu og er það 805 m.kr. eða um 20% hærri lánveitingar en árið 1972.

Lánveitingar fjárfestingarlánasjóða 1970—1973 (Í millj. kr.):

	1970	1971	1972	1973
Stofnlánadeild landbúnaðarins	141	255	371	509
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	15	15	51	48
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	9	7	29	54
Fiskveiðasjóður	529	866	1 253	1 434
Verslunarlánasjóður	33	40	44	51
Iðnlánasjóður	169	131	176	238
Iðnþróunarsjóður:				
Bein útlán	31	222	191	253
Lán til annarra sjóða	(50)	(24)	(50)	(50)
Veðd. L. Í. og Bygg.sj. ríkisins	681	972	1 087	1 471
Byggingarsjóður verkamanna	20	13	53	75
Byggðasjóður	269	234	393	500
Framkvæmdasjóður Íslands:				
Bein útlán	80	70	294	72
Lán til annarra sjóða	(398)	(377)	(1 110)	(1 742)
Lánasjóður sveitarfélaga	60	73	141	169
Ferðamálasjóður	5	18	29	19
Stofnlánadeild samvinnufélaga	—	—	8	16
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands	—	—	5	13
Iðnrekstrarsjóður	—	—	—	8
Samtals	2 042	2 916	4 125	4 930

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna í árslok 1973 námu 20 517 m.kr. og var það 4 638 m.kr. eða um 30% hærri fjárhæð en í árslok 1972. Í niðurstöðutölum hvers árs eru ekki meðtalin lán á milli sjóða, en af lánum Framkvæmdasjóðs eru 4 534 m.kr., eða nálægt 73% af útlánum sjóðsins, lán til annarra sjóða í árslok 1973. Hér fer á eftir tafla er sýnir útlán hvers einstaks fjárfestingalánasjóðs eins og þau eru í lok hvers árs 1970 til 1973.

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóða í árslok 1970—1973: (Í millj. króna):

	1970	1971	1972	1973
Stofnlánadeild landbúnaðarins	1 208	1 384	1 690	2 065
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	274	284	372	417
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	25	30	34	49
Fiskveiðasjóður	2 315	2 880	3 983	6 107
Verslunarlánasjóður	66	100	134	172
Iðnlánasjóður	551	609	681	815
Iðnþróunarsjóður:				
Lán til fjárfestingarlánasjóða	(50)	(69)	(124)	(156)
Bein útlán	31	248	449	494
Veðd. L. Í. og Bygg.sj. ríkisins	3 184	3 990	4 925	6 149
Byggingarsjóður verkamanna	344	353	405	477
Byggðasjóður	686	835	1 221	1 501
Framkvæmdasjóður:				
Lán til fjárfestingarlánasj.	(1 673)	(1 940)	(3 430)	(4 534)
Bein útlán	1 827	1 747	1 559	1 679
Lánasjóður sveitarfélaga	138	196	323	442
Ferðamálasjóður	49	66	90	104
Stofnlánadeild samvinnufélaga	—	—	8	23
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands	—	—	5	19
Iðnrekstrarsjóður	—	—	—	4
Samtals	10 698	12 722	15 879	20 517

Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða 1970—1973. (Í millj. króna.):

Uppruni fjármagns:

	1970	1971	1972	1973
Innborgað af veittum lánum:	1 648	1 692	2 273	3 266
Afborganir af veittum lánum	797	866	1 145	1 655
Vaxtatekjur og vísitöluálag	851	826	1 128	1 611
Bein framlög án endurgjalds:	884	967	938	1 833
Skatttekjur og ríkisframlög	559	752	918	1 400
Framlög sveitarfélaga	24	31	15	132
Önnur framlög	301	184	5	301
Lántökur:	1 277	1 633	3 592	4 730
Frá ríkinu	—	—	360	197
— Seðlabankanum	3	32	390	317
— innlánastofnunum	352	314	269	480
— lífeyrissjóðum	70	90	191	355
— Atvinnul.tryggingasjóði	104	174	166	173
— Framkvæmdasjóði	398	377	1 116	1 742
Innkominn skyldusparnaður	250	337	422	612
Önnur innlend lán	100	27	61	54
Erlendar lántökur	—	282	617	800
Samtals	3 809	4 292	6 803	9 829

Ráðstöfun fjármagns:

	1970	1971	1972	1973
Lánveitingar:	2 490	3 317	5 285	6 722
Bein útlán	2 042	2 916	4 125	4 930
Til annarra sjóða	448	401	1 160	1 792
Afborganir af teknum lánum	493	618	943	1 191
Greiddir vextir og vísitöluálag	542	479	645	1 052
Annað nettó	194	15	194	166
Aukning á sjóði og bankainnist.	90	÷ 137	÷ 264	698
Samtals	3 809	4 292	6 803	9 829

Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða sýnir annars vegar uppruna þess fjár, sem sjóðirnir fá til ráðstöfunar, en það skiptist í þrjá megin þætti, þ. e. innborganir af veittum lánum, bein framlög til sjóðanna og lántökur.

Hins vegar sýnir yfirlitið ráðstöfun þessa fjár til lánveitinga, greiðslna af teknum lánum og annarra nettó útborgana.

Hér á undan er birt samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóðanna árin 1970—1973, en greiðsluyfirlit hvers fjárfestingarlánasjóðs fyrir árið 1973 birtast í töflu aftar í þessari ársskýrslu.

Greiðsluyfirlit þessi eru að mestu leyti byggð á þeim mánaðarlegu yfirlitum, sem hagfræðideild Seðlabankans tekur saman og birtist um fjármagnsstreymi fjárfestingarlánasjóða.

Nd. 857. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 391.

Ed. 858. Lög [292. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 606.

Ed. 859. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur sent frv. ýmsum aðilum til umsagnar og fengið á fund til sín formann nefndar þeirrar, er samdi frv., og skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Umsagnir og erindi bárust frá Kvennfélagasambandi Íslands, Heimilisiðnaðarfélaginu, Félagi ísl. vefnaðarkennara, Félagi hússtjórnarkennara við unglinga- og gagnfræðastigið og Kennarafélaginu „Hússtjórn.“

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Steingr. Hermannsson.	Hildur Einarsdóttir.	Ásgeir Bjarnason.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Ed. 860. Breytingartillögur [256. mál]

við frv. til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. 5. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

2. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandidatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

3. 18. gr. orðist svo:

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til: a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur til tiltekins náms

eða námsferða skv. 3. málsgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

Ed. 861. Nefndarálit [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á allmörgum fundum og reynt að hraða afgreiðslu þess, þar sem þingi fer senn að ljúka.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þess með ákveðnum breytingum, sem nefndin flytur sameiginlega á sérstöku þingskjali og nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja eða flytja aðrar breytingartillögur.

Tveir nefndarmanna, Auður Auðuns og Hildur Einarsdóttir, óskuðu eftir að taka fram eftirfarandi við afgreiðslu frumvarpsins úr nefndinni:

Við meðferð málsins í Nd. sem og við 1. umr. um frv. í þessari þd. hefur komið skýrt fram það grundvallarsjónarmið sjálfstæðismanna í skólamálum, að sveitarfélögin og samtök þeirra eigi að annast fræðslumálin á skyldunámsstigi að öðru leyti en því, er varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit. Sveitarfélögin standi þá undir stofnkostnaði og rekstri grunnskóla, en ríkissjóður greiði kennaralaun.

Þetta er þó ekki framkvæmanlegt nema að undangenginni breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem og að landshlutasamtök sveitarfélaga verði viðurkennd að lögum.

Ekkert bólar enn á tillögum um breytta verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þar með breytingu á tekjustofnum, sem boðaðar voru af stjórnvöldum í upphafi þessa þings, og engar líkur á, að frv., er lögfestir landshlutasamtök, hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Það er því ljóst, að sú grundvallarbreyting, sem felst í sjónarmiðum sjálfstæðismanna, næst ekki fram að svo stöddu. Við munum því mæla með frv., en áskiljum okkur hins vegar rétt til að flytja brtt. við einstakar greinar þess.

Sex nefndarmanna: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Ásgeir Bjarnason, Auður Auðuns og Hildur Einarsdóttir flytja á sérstöku þingskjali breytingartillögu, sem felur í sér, að skólaskylda nemenda verði frá 7 til 15 ára aldurs en fræðsluskylda ríkis og sveitarfélaga verði frá 7 til 16 ára aldurs.

Alþingi, 7. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Hermannsson.
Auður Auðuns.	Hildur Einarsdóttir.	Ásgeir Bjarnason.
	Jón. Árm. Héðinsson.	

Ed. **862. Breytingartillögur** [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 8. gr. Orðin „hluta úr skólaári“ falli niður.
2. Við 10. gr.
   a. Á eftir „Keflavíkurkaupstað“ í 2. tölul. komi: Grindavíkurkaupstað, Seltjarnarneskaupstað.
   b. Á eftir „Ísafjarðarkaupstað“ í 4. tölul. komi: Bolungarvíkurkaupstað.
   c. Á eftir „Ólafsfjarðarkaupstað“ í 6. tölul. komi: Dalvíkurkaupstað.
   d. Á eftir „Neskaupstað“ í 7. tölul. komi: Eskifjarðarkaupstað.
3. Við 17. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo:
   Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa.
4. Við 19. gr. 2. mgr. Niður falli úr gr. „(skólanefnd)“.
5. Við 20. gr.
   a. Í stað orðanna „stjórn skólans“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: daglega stjórn skólans.
   b. Upphaf 3. mgr. orðist svo:
      Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð o. s. frv.
6. Við 23. gr. Upphaf 1. málsgr. hljóði svo:
   Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð.
7. Við 24. gr. Í stað orðanna „enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd uppdrætti“ í 1. málsl. 6. mgr. komi: enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins.
8. Við 26. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd, hvaða o. s. frv.
9. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis, miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins.
10. Við 29. gr. Upphaf 3. mgr. orðist svo:
    Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins o. s. frv.
11. Við 31. gr. 1. mgr. Niður falli „til 5 ára í senn“.
12. Við 34. gr.
    a. Upphaf 1. mgr. orðist svo: Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta o. s. frv.
    b. 2. málsl. 1. mgr. falli niður.
13. Við 36. gr. Í stað „28“ í 2. mgr. komi: 20.
14. Við 37. gr. 5. mgr. orðist svo: Við heimavistarskóla geta fóstrur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun sótt um skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.
15. Við 44. gr. 2. málsl. 1. mgr. falli niður.
16. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
    Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

17. Við 48. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem sækja þessa bekki skólans.
    b. Í stað tölunnar „15“ í 2. mgr. komi: 12.
18. Við 51. gr. Niður falli í e-lið „sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám“.
19. Við 54. gr. 6. mgr. orðist svo:
    Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og sálfræðiþjónustu, sbr. 67. gr.
20. Við 57. gr.
    a. 1. mgr. hljóði svo:
    Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.
    b. Í stað „einkunnir“ í 2. mgr. komi: vitnisburði.
21. Við 65. gr. Á eftir orðunum „heimild til að starfrækja tilraunaskóla“ bætist: eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs.
22. Við 67. gr. Í stað „ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda“ í g-lið komi: ráðgjafarþjónustuna.
23. Við 74. gr. Aftan við gr. bætist ný mgr.:
    Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.
24. Við 76. gr. 5. mgr. Í stað orðanna „samkvæmt hámarki 44. gr.“ komi: 32.2 kennslustundir (40 mín.).
25. Við 85. gr. C-liður falli niður.

Ed. 863. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni, Jón Árm. Héðinssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Auði Auðuns og Hildi Einarsdóttur.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Fyrirsögnin verði: Markmið grunnskólans.
2. Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „á nefndum aldri“ komi: á aldrinum 7 til 15 ára.
3. Við 49. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, í samræmi við ákvæði 1. gr. um fræðsluskyldu og skólaskyldu, sbr. og 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.
    b. Í stað orðsins „skyldunámi“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: grunnskólanámi.
    c. 4. mgr. orðist svo:
    Nemandi, sem óskar að ljúka grunnskólanámi eftir að hafa horfið frá námi að loknum 8. bekk, á rétt á að fá þátttöku sína í atvinnulífinu metna til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

Ed. 864. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni.

Við 18. gr. 6. málsgr. orðist svo:
Í kaupstöðum með 10 000 íbúa eða fleiri getur viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn ákveðið, að kaupstaðnum skuli skipt í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisnefnd, skipuð 5 mönnum, er fer með hlutverk skólanefndar undir stjórn fræðsluráðs. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.

Ed. 865. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um skólakerfi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.
Sex nefndarmenn flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali þess efnis, að skólaskylda nemenda verði frá 7 til 15 ára aldurs, en fræðsluskylda ríkis og sveitarfélaga verði frá 7 til 16 ára aldurs.

Alþingi, 7. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Hermannsson.
Auður Auðuns.	Hildur Einarsdóttir.	Ásgeir Bjarnason.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Ed. 866. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til laga um skólakerfi.

Frá Ragnari Arnalds, Auði Auðuns, Steingrími Hermannssyni, Hildi Einarsdóttur, Jóni Árm. Héðinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Úr 3. gr. falli niður „og er þeim skylt að sækja hann“.

Nd. 867. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til laga um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og rætt það á einum fundi. Málið er komið frá efri deild, og voru þar gerðar á því tvær smávægilegar breytingar.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Gylfi Þ. Gíslason og Garðar Sigurðsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm. Stefán Valgeirsson. Ágúst Þorvaldsson.
Ólafur G. Einarsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 868. Nefndarálit [324. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1974.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Stefán Gunnlaugsson, fundaskr. Björn Pálsson.
Guðl. Gíslason. Jón Skaftason. Karvel Pálmason.
Pétur Sigurðsson.

Ed. 869. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar lög nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, voru sett, voru með þeirri löggjöf sameinaðar þrjár stofnanir: Efnahagsstofnunin, Framkvæmdasjóður Íslands og Atvinnujöfnunarsjóður, sem fékk nafnið Byggðasjóður.

Ein af meginröksemdum fyrir setningu laga nr. 93/1971 var einmitt þessi sameining framangreindra stofnana, það hagræði, sem af sameiningunni leiddi, og þó einkum þau stórbættu vinnubrögð, sem sameiningin gæti haft í för með sér, þar sem sérfræðingar á sviði hagrannsókna, áætlanagerðar og fjármagnsráðstafana gætu nú unnið sameiginlega innan einnar stofnunar undir einni stjórn að þessum verkefnum, í stað þess að vera sambandslitlir hver í sínu horni.

Sá stutti tími, sem liðinn er síðan Framkvæmdastofnun var komið á fót, hefur að flestra dómi sannað réttmæti þess, að löggjöf um hana var sett á þann veg, sem gert var. Hins vegar hefur ekkert að höndum borið, sem bendir til þess, að æskilegt væri að kljúfa stofnunina í tvennt, hvað þá að þar væri um brýna nauðsyn að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu telja undirritaðir ekki tímabært, að sú breyting verði gerð á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem í frv. felst, og leggja því til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. maí 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Benóný Árnason.

Ed. **870. Nefndarálit** [3. mál]

um frv. til laga um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1974.

Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.	Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. **871. Þingsályktun** [25. mál]

um byggingu skips til Vestmannaeyjaferða.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 26.

Sþ. **872. Þingsályktun** [236. mál]

um framkvæmd iðnþróunaráætlunar.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 400.

Ed. **873. Lög** [67. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 516 (sbr. 70).

Ed. **874. Lög** [190. mál]

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 337.

Nd. **875. Lög** [168. mál]

um lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 855 (sbr. 266).

Sþ. **876. Tillaga til þingsályktunar** [339. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. **877. Lög** [228. mál]

um gatnagerðargjöld.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 756.

Ed. **878. Breytingartillaga** [132. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfaro, Walter Antonio, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 17. des. 1962.
2. Argunova, Alexandra Gavrilevna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 12. des. 1938.
3. Azevedo, Magnús, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 18. ágúst 1967.
4. Bauer, Evamarie Ilse, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Þýskalandi 2. nóv. 1938.
5. Baur, Anna, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 5. mars 1932.
6. Bellersen, Edmund Friedrich, rafmagnstæknifræðingur í Reykjavík, f. í Þýskalandi 2. febr. 1942.
7. Blöndal, Dagný, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 13. sept. 1972.
8. Brauner, Renald, nemandi í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 27. apríl 1958.
9. Buhl, Erna Frieda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 7. nóv. 1924.
10. Busk, Eyjólfur Þór, tannlæknir á Seltjarnarnesi, f. á Íslandi 6. ágúst 1937.
11. Catlin, Katheryn Roberta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 2. ágúst 1923.
12. Chadwick, Andrés Þór, barn á Keisbakka í Dalasýslu, f. á Íslandi 14. júní 1964.
13. Chadwick, Ruth Carol, barn á Keisbakka í Dalasýslu, f. á Íslandi 2. febr. 1967.
14. Clark, Robert Jón, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. júlí 1943.
15. Drake, Hellen Linda, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 29. júní 1960.
16. Drake, Oddný Inga, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 1. mars 1963.
17. Drake, Unnur Milly, barn í Reykjavík, f. í Englandi 16. sept. 1961.
18. Döllefeld, Karin Berta Marie, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 26. okt. 1944.
19. Friðrik Örn Jónsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 18. febr. 1970.
20. Funagalli, Agnete Mathilde, húsmóðir í Hafnarfirði, f. á Íslandi 18. maí 1942.
21. Gillespie, Jerry Lee, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. jan. 1969.
22. Helga Jónsdóttir, verkakona í Keflavík, f. á Íslandi 14. maí 1947.
23. Ipsen, Werner, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 25. nóv. 1938.
24. Izaguirre, Enrique Llorens, verkamaður á Akranesi, f. á Spáni 25. júní 1937.
25. Karólína Rafnsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Englandi 7. sept. 1969.
26. Knudsen, Hilmar Martin Riis, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 5. okt. 1941.

27. Kristensen, Kristen Andresen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 23. sept. 1936.
28. Lassen, Magna, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 16. sept. 1946.
29. Lawrence, Raymond Thorgeir, bújurtafræðingur á Sauðárkróki, f. í Englandi 23. sept. 1946.
30. Little, Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 31. júlí 1935.
31. Lorenzen, Rita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 8. des. 1942.
32. Lundgreen, Carl Edvard Houmann, trésmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 24. mars 1913.
33. Lundgreen, Jenny Kristine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 31. des. 1917.
34. Madsen, Ebba Agnete, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 9. ágúst 1937.
35. Njarðvík, Hildur, barn á Seltjarnarnesi, f. í Kóreu 15. nóv. 1969.
36. Olesen, Anna Maria, barn á Selfossi, f. á Íslandi 19. nóv. 1964.
37. Olesen, Ása, barn á Selfossi, f. á Íslandi 11. febr. 1963.
38. Paulsen, Waltraud Anna Maria Meta, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Þýskalandi 8. febr. 1935.
39. Petersen, Boye, iðnaðarmaður í Keflavík, f. í Danmörku 15. okt. 1945.
40. Reed, Brian Thor, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóv. 1960.
41. Reed, Elaine Ruth, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. júní 1963.
42. Reed, Gregory Allan, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 9. febr. 1962.
43. Reed, Sigurður Kenneth, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 30. des. 1958.
44. Róbert Hannesson, nemandi í Kópavogi, f. á Íslandi 3. júní 1963.
45. Shabakaeva, Dina Yakubovna, húsmóðir á Ísafirði, f. í Sovétríkjunum 16. ágúst 1944. Fær réttinn 9. júlí 1974.
46. Súsanna Rafnsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Englandi 31. okt. 1966.
47. Svanhildur Helgadóttir, barn í Reykjavík, f. í Kóreu 5. jan. 1971.
48. Teske, Gerda Irene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 2. júní 1923.
49. Thinat, Bärbel Gisela, nuddkona í Keflavík, f. í Þýskalandi 11. mars 1938.
50. Weitendorf, Edda Valeska, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 19. ágúst 1963.
51. Wilson, Dennis, sjómaður í Neskaupstað, f. í Englandi 25. apríl 1950.
52. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. í Austurríki 17. nóv. 1932.
53. Þóra Vésteinsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kóreu 7. apríl 1970.

Ed. 879. Frumvarp til laga [9. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 676 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

10. gr. hljóðar svo:

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurumdæmi, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. Reykjanesumdæmi, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.
3. Vesturlandsumdæmi, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

4. Vestfjarðaumdæmi, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. Norðurlandsumdæmi vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6. Norðurlandsumdæmi eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsvíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Suðurlandsumdæmi, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

11. gr. hljóðar svo:

Fræðsluráð skal skipað sjö mönnum, og skulu fimm kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann og varaformann.

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

17. gr. hljóðar svo:

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum), sbr. 18. grein.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setur skólafulltrúa erindisbréf. Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf, er kveður nánar á um störf þeirra.

18. gr. hljóðar svo:

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a) Í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri, fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn, skal sveitarfélagið, þar sem skólinn er, kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.

c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.

d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau, sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga, skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði atkvæði þá jöfn skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Flestir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Í kaupstöðum með 10 000 íbúa eða fleiri getur viðkomandi bæjar- eða borgarstjórn ákveðið, að kaupstaðnum skuli skipt í hverfi í samráði við fræðsluráð. Í hverju hverfi skal vera hverfisnefnd, skipuð 5 mönnum, er fer með hlutverk skólanefndar undir stjórn fræðsluráðs. Hverfisnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af bæjar- eða borgarstjórn. Verkefni hverfisnefnda skulu vera hin sömu og þau verkefni skólanefnda, sem talin eru í 19. gr. Um starfshætti hverfisnefnda, boðun funda, kosningu og fjölda kennarafulltrúa og rétt skólastjóra til setu á hverfisnefndafundum gilda að öllu leyti sömu ákvæði og um skólanefndir.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

19. gr. hljóðar svo:

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar að því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

Nú telur sveitarstjórn, að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum, og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið

bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

20. gr. hljóðar svo:

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða, skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

23. gr. hljóðar svo:

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytisins, áður en framkvæmdir hefjast.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið.

a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft, sem ástæða þykir til;
b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

24. gr. hljóðar svo:

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félög með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a) íbúafjölda,
b) útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
c) þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d) kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a) og b) við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það, eftir því sem um semst, kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

26. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd, hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Menntamálaráðuneytið skal, þegar ástæða þykir til, efna til almennrar samkeppni um uppdrætti að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.

27. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis, miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins.

29. gr. hljóðar svo:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

31. gr. hljóðar svo:

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðaneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu yfirkenn-

ara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðað við stærð skóla.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

Yfirkennari er ríkisstarfsmaður, og tekur hann laun samkvæmt launakerfi þeirra.

34. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskóla samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mötuneyti.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. málsgr.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

36. gr. hljóðar svo:

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um 1/6, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um 1/6 af fullri kennsluskyldu.

Til þess að öðlast þennan rétt þarf 20 ára kennsluferil.

37. gr. hljóðar svo:

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum, eftir því sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun og réttindi kennara.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

Við heimavistarskóla geta fóstrur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun sótt um skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.

44. gr. hljóðar svo:

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a) í 1. bekk, 880 mínútur;
b) í 2. bekk, 960 mínútur;
c) í 3. bekk, 1080 mínútur;
d) í 4. bekk, 1280 mínútur;
e) í 5. bekk, 1360 mínútur;
f) í 6. bekk, 1400 mínútur;
g) í 7. bekk, 1440—1480 mínútur;
h) í 8. bekk, 1440—1480 mínútur;
i) í 9. bekk, 1440—1480 mínútur;

Í 1.—6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt, að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundarhlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

45. gr. hljóðar svo:

Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

48. gr. hljóðar svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem sækja þessa bekki skólans.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

51. gr. hljóðar svo:

Kennslu samkvæmt 50. gr. skulu njóta:

a) börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
c) börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
d) börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn.

54. gr. hljóðar svo:

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu.

Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

Nú ber viðleitni kennara skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og sálfræðiþjónustu, sbr. 67. gr.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

57. gr. hljóðar svo:

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemanda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

65. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. lögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrir fram.

67. gr. hljóðar svo:

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er:

a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;
b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;
c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;
d) að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);
e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;
f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;
g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

73. gr. hljóðar svo:

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958 með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

74. gr. hljóðar svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.

76. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum, er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi, sem ákveðið hefur verið skv. 16. gr.

Fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda, er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis, og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

Hámarksfjölda kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

Séu nemendur samtímis í grunnskóla:

a) allt að 20, verði kennslustundir á hvern nemanda 3,
b) 21—100, verði kennslustundir 20, og að auki 2 á hvern nemanda,
c) 101—350, verði kennslustundir 60, og að auki 1.6 á hvern nemanda,
d) fleiri en 350, verði kennslustundir 130, og að auki 1.4 á hvern nemanda.

Sé meðaltal kennslutíma í bekkjardeildum grunnskóla annað en meðaltal kennslutíma, 32.2 kennslustundir (40. mín.), breytist hámark kennslustundafjölda, sbr. a-d-lið hér að framan, í réttu hlutfalli við það frávik.

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma, sem ákveðinn er í 44. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

Sé víxlkennsla (skiptikennsla) bekkja viðhöfð um tiltekinn tíma í skólahverfi og árlegur námstími af þeim sökum skertur, má vikulegur kennslutími þeirra nemenda vera allt að 15% lengri en ákvæði 44. gr. mæla fyrir um.

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 3.—9. bekk, sem reiknað er með hér að framan, eykst kennslu-

stundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

Auk þess sem talið er hér að framan, greiðir ríkissjóður að fullu kennslustundir vegna sundkennslu, viðurkenndrar sjúkrakennslu og forfallakennslu.

Verði kennslu samkvæmt námsskrá, svo og nauðsynlegri hjálparkennslu, eigi komið fyrir innan þeirra marka, sem tilgreind eru hér að framan, sakir óhentugrar stærðar aldursárganga eða af öðrum gildum ástæðum, skal bæta við stundafjöldinn því, sem til þarf. Slík viðbót er hverju sinni háð samþykki fræðslustjóra, sem í hlut á, og menntamálaráðuneytisins.

Fullnoti grunnskóli ekki hámark kennslustunda þeirra, er honum ber samkvæmt lögum þessum, getur skólastjóri varið allt að 75% mismunarins, þó mest 1% af hámarki kennslustundafjölda skólans, til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans.

Sé rekið útibú frá skóla, sbr. 4. gr., skulu því og aðalskóla, hvoru í sínu lagi, ætlaðar kennslustundir.

Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 77. greinar, eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

85. gr. hljóðar svo:

Af launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu skal eftirfarandi greiðast úr ríkissjóði:

a) Föst laun fræðslustjóra.
b) Árlegt framlag, er að hámarki miðist við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur komi 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.
c) Helmingur kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sem stofnað er til með samþykki menntamálaráðuneytisins.
d) Helmingur húsaleigu, án ljóss og hita, fyrir starfsemi fræðsluskrifstofu, sem samþykkt hefur verið af menntamálaráðuneytinu.
e) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu felst m. a. sá hluti, er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirlit með þeim. Kostnaður við fræðsluskrifstofu greiðist af báðum aðilum mánaðarlega, samkvæmt áætlun, sem gera skal árlega.

Að öðru leyti en að framan greinir tekur ríkissjóður ekki þátt í launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu.

Ed. 880. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Steingrími Hermannssyni, Ragnari Arnalds og Ásgeiri Bjarnasyni.

Á eftir 88. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.

Nd. 881. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til laga um landgræðslustörf skólafólks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Benedikt Gröndal voru fjarstaddir.

Alþingi, 8. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm. Svava Jakobsdóttir, fundaskr. Ellert B. Schram.

Eysteinn Jónsson. Ingi Tryggvason.

Nd. 882. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Tveir nefndarmanna, Eyjólfur Konráð Jónsson og Benedikt Gröndal, voru fjarverandi.

Alþingi, 8. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Svava Jakobsdóttir, fundaskr. Ellert B. Schram, frsm.

Eysteinn Jónsson. Ingi Tryggvason.

Nd. 883. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Benedikt Gröndal voru fjarverandi.

Alþingi, 8. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Svava Jakobsdóttir, fundaskr. Ellert B. Schram, frsm.

Eysteinn Jónsson. Ingi Tryggvason.

Nd. 884. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna, Eyjólfur Konráð Jónsson og Benedikt Gröndal, voru fjarverandi.

Alþingi, 8. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm. Svava Jakobsdóttir, fundaskr. Ingi Tryggvason.

Eysteinn Jónsson. Ellert B. Schram.

Ed. 885. Lög [324. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 740.

Sþ. 886. Nefndarálit [5. mál]

um till. til þál. um aukinn stuðning við varanlega gatnagerð í þéttbýli og rykbindingu þjóðvega.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur stutt tillöguna og leggur til, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form., frsm. Ragnar Arnalds, fundaskr. Steingr. Hermannsson.

Ingólfur Jónsson. Pétur Pétursson. Björn Pálsson.

Nd. 887. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til l. um launasjóð rithöfunda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Benedikt Gröndal og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi, 8. maí 1974.

Hannibal Valdimarsson, form. Svava Jakobsdóttir, fundaskr., frsm. Ingi Tryggvason.
Eysteinn Jónsson. Ellert B. Schram.

Nd. 888. Nefndarálit [310. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Matthías Á. Mathiesen. Ásberg Sigurðsson. Þórarinn Þórarinsson.
Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 889. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.

3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, verði nú veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenskan ríkisborgararétt, hefur, að því er best verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 7. maí 1974.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. — Geir Gunnarsson, fundaskr. — Ásgeir Bjarnason.
Oddur Ólafsson. — Halldór Blöndal. — Bjarni Guðbjörnsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 890. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá meirihl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1974.

Jón Skaftason, form., frsm. — Bjarnfríður Leósdóttir. — Ingi Tryggvason.
Stefán Gunnlaugsson. — Bjarni Guðnason.

Ed. 891. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1974.

Ásgeir Bjarnason, form. — Helgi Seljan, fundaskr. — Steinþór Gestsson, frsm. — Páll Þorsteinsson.
Jón Árm. Héðinsson. — Björn Fr. Björnsson. — Jón Árnason.

Ed. **892. Lög** [3. mál]

um Þjóðhagsstofnun og breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 647 (sbr. 644).

Ed. **893. Lög** [8. mál]

um skólakerfi.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 675 (sbr. 8).

Nd. **894. Nefndarálit** [308. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts eins og það er á þskj. 854.

Alþingi, 8. maí 1974.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm. | Pétur Pétursson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson. | Jónas Jónsson. | Lárus Jónsson.
Vlhjálmur Hjálmarsson.

Nd. **895. Nefndarálit** [309. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 8. maí 1974.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm. | Pétur Pétursson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson.
Þórarinn Þórarinsson. | Jónas Jónsson. | Vilhjálmur Hjálmarsson.
Lárus Jónsson.

Ed. 896. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Við 2. mgr. 22. gr. bætist: nema þegar rædd eru málefni einstakra nemenda.
2. Við 36. gr. Í stað „20“ í 2. mgr. komi: 15.
3. Við 45. gr. bætist ný mgr.:
   Þó er heimilt að ákveða, að jólaleyfi barna á aldrinum 7—10 ára skuli vera til og með 7. jan.

Nd. 897. Lög [272. mál]

um breyting á lögum nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 804 (sbr. 546).

Ed. 898. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálaráðherra.

Við 18. gr. 6. málsgr. orðist svo:
Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

Ed. 899. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Auði Auðuns.

1. Varatillaga við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er sveitarstjórn, að fenginni umsögn fræðsluráðs, að ákveða, að skyldunám skuli ná til 7—15 ára barna og unglinga, enda samþykki menntamálaráðuneytið þá ákvörðun.
2. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem hlutaðeigandi fræðsluráð ákveður.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs“ komi: fræðsluráði með samþykki menntamálaráðuneytisins.
4. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.
5. Við 12. gr. 4. tölul. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ komi: hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

6. Við 13. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Landshlutasamtök sveitarfélaga setja eða skipa fræðslustjóra.
   b) Við 2. mgr. Í stað orðanna „Menntamálaráðuneytið auglýsir“ komi: Landshlutasamtök sveitarfélaga auglýsa.

   Varatillaga

   1. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra samkvæmt tillögu hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.
7. Við 14. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Hann veitir forstöðu fræðsluskrifstofu umdæmisins.
8. Við 15. gr.
   a) Í stað 1. og 2. mgr. komi ný mgr., svohljóðandi:
      Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en fræðsluráð ræður starfsfólk hennar að fengnum tillögum fræðslustjóra.
   b) Í 3. mgr., er verði 2. mgr., falli niður orðin „enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til“.
9. Við 16. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Landshlutasamtök sveitarfélaga gera í samráði við menntamálaráðuneytið áætlun um skiptingu hvers umdæmis í skólahverfi og leggja tillögur sínar þar um fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hóflegs tíma, kveður ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum um tillögurnar. Náist ekki samkomulag, sker menntamálaráðuneytið úr.
10. Við 24. gr. 6. mgr. Í stað orðanna „enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins“ komi: enda hamli notkun slíks húsnæðis ekki skólastarfi að dómi skólanefndar og menntamálaráðuneytisins.
11. Við 65. gr., 1. mgr. Niður falli orðið „opinberum“ í 1. málslið.
12. Við 71. gr. 2. mgr. orðist svo:
    Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf í samráði við fræðsluráð.

Nd. 900. Lög [274. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 553.

Nd. 901. Frumvarp til laga [9. mál]

um grunnskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 676 og 879 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

18. gr. hljóðar eins og hún er á þskj. 676 (ekki eins og hún er á þskj. 879).

22. gr. hljóðar svo:

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétt, nema þegar rædd eru málefni einstakra nemenda.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að ályktа á ný um það ákvæði.

Nd. 902. Lög [275. mál]

um breyting á lögum nr. 52 13. apríl 1973, um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 554.

Nd. 903. Lög [286. mál]

um ávana- og fíkniefni.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 588.

Nd. 904. Lög [250. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 753.

Nd. **905. Lög** [251. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 754.

Nd. **906. Lög** [200. mál]

um landgræðslustörf skólafólks.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 350.

Nd. **907. Lög** [310. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 685.

Nd. **908. Lög** [291. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 853 (sbr. 603).

Nd. **909. Breytingartillögur** [9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Pálma Jónssyni, Ellert B. Schram, Eyjólfi K. Jónssyni og Lárusi Jónssyni.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Fyrirsögnin verði: Markmið grunnskólans.
2. Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „á nefndum aldri“ komi: á aldrinum 7 til 15 ára.
3. Við 49. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, í samræmi við ákvæði 1. gr. um fræðsluskyldu og skólaskyldu, sbr. og 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.
   b. Í stað orðsins „skyldunámi“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: grunnskólanámi.
   c. 4. mgr. orðist svo:
      Nemandi, sem óskar að ljúka grunnskólanámi eftir að hafa horfið frá námi að loknum 8. bekk, á rétt á að fá þátttöku sína í atvinnulífinu metna til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

Nd. **910. Lög** [309. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 684.

Nd. **911. Lög** [308. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 854.

Ed. **912. Lög** [277. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 842.

Nd. **913. Nefndarálit** [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1974.

Björn Pálsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Friðjón Þórðarson.	Sverrir Hermannsson.

Nd. **914. Lög** [9. mál]

um grunnskóla.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 901 (sbr. 676 og 879).

Nd. **915. Lög** [296. mál]

um breyting á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 617.

Sþ.

916. Nefndaskipun.

(94. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*
   Ágúst Þorvaldsson,
   Jón Árnason,
   Ingvar Gíslason, varaformaður,
   Matthías Bjarnason,[1])
   Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskrifari,
   Geir Gunnarsson, formaður,
   Steinþór Gestsson,
   Karvel Pálmason,[2])
   Jón Árm. Héðinsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:
   1. Fjárlög 1974 (1, n. 214 (meiri hl.), n. 218 (1. minni hl.), n. 219 (2. minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Geir Gunnarsson.
      Frsm. 1. minni hl.: Matthías Bjarnason.
      Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
   2. Fjáraukalög 1971 (398).
      Nefndarálit kom ekki.

B. Þingsályktunartillögur:
   1. Útbreiðsla sjónvarps (13).
      Nefndarálit kom ekki.
   2. Sjónvarp á sveitabæi (19).
      Nefndarálit kom ekki.
   3. Bygging skips til Vestmannaeyjaferða (26, n. 652).
      Frsm.: Ágúst Þorvaldsson.
   4. Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands (31, n. 651).
      Frsm.: Ingvar Gíslason.
   5. Bygging sögualdarbæjar (62).
      Nefndarálit kom ekki.
   6. Farþegaskip milli Íslands, Færeyja, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur (74).
      Nefndarálit kom ekki.
   7. „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ (140, n. 642).
      Frsm.: Geir Gunnarsson.
   8. Raforkumál (116).
      Nefndarálit kom ekki.
   9. Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta (146, n. 649).
      Frsm.: Ásberg Sigurðsson.
   10. Nýting raforku til húsahitunar (151, n. 653).
       Frsm.: Jón Árnason.

---

1) Í forföllum hans, frá 11. febr. til 9. maí, tók sæti hans í nefndinni Ásberg Sigurðsson.
2) Í fjarveru hans, frá 11. febr. til 5. mars, tók sæti hans í nefndinni Halldór S. Magnússon.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga-, utanríkismála- og atvinnumálanefnd.

11. Veitinga- og gistihúsarekstur að vetrarlagi utan þéttbýlissvæða (163, n. 641).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
12. Áætlunargerð um verndun gróðurs í Árnessýslu (168).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Leit að nýjum karfamiðum (268).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Kostnaðaráætlanir við stjórnarfrumvörp (329, n. 643).
    Frsm.: Geir Gunnarsson.
15. Smíði eða kaup strandferðaskips (363).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Kaup á jarðbor (383).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Búseta á Hólsfjöllum og á Efra-Fjalli (447, n. 640).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
18. Græðsla Sauðlauksdalssanda (594).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Vegáætlun fyrir árin 1974—77 (737).
    Nefndarálit kom ekki.

2. *Utanríkismálanefnd:*

Aðalmenn:	*Varamenn:*
Eysteinn Jónsson, varaformaður,	Jón Skaftason,
Jóhann Hafstein,	Geir Hallgrímsson,
Þórarinn Þórarinsson, formaður,	Steingrímur Hermannsson,
Matthías Á. Mathiesen,	Friðjón Þórðarson,
Gils Guðmundsson, fundaskrifari,	Magnús Kjartansson,
Magnús T. Ólafsson,	Hannibal Valdimarsson,
Gylfi Þ. Gíslason.	Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Samningar við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja um veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands (99, n. 111).
   Frsm.: Gils Guðmundsson.
2. Bráðabirgðasamkomulag við Bretland um veiðar breskra togara (100, n. 109 (minni hl.), n. 110 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eysteinn Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Geir Hallgrímsson.
3. Öryggismál Íslands (6).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Útfærsla fiskveiðilandhelgi í 200 sjómílur (12).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna (131).
   Nefndarálit kom ekki.

3. *Atvinnumálanefnd:*

Steingrímur Hermannsson, varaformaður,
Ingólfur Jónsson,
Björn Pálsson,
Pétur Sigurðsson,
Ragnar Arnalds, fundaskrifari,
Hannibal Valdimarsson, formaður,
Pétur Pétursson. [1])

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 22. okt. til 25. nóv., tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Varanleg gatnagerð í þéttbýli (5, n. 886).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
2. Fiskeldi í sjó (37).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík (152).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Sjóvinnubúðir fyrir unglinga í Flatey á Skjálfanda (347).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Verkleg kennsla í sjómennsku (380).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Varaforði sáðkorns til nota í kalárum (381).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Framkvæmd iðnþróunaráætlunar (400, n. 742).
   Frsm.: Pétur Pétursson.
8. Hagnýting vindorku með vindrafstöðvum (413).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Könnun á olíukaupum (313).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða (660).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Skipulag vísindarannsókna (686).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Farkennsla í meðferð fiskleitar- og siglingatækja (717).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Bygging rannsóknarskips (718).
    Nefndarálit kom ekki.

4. *Allsherjarnefnd:*

Björn Fr. Björnsson, formaður,
Lárus Jónsson,[1])
Jón Skaftason,
Ragnhildur Helgadóttir,
Jónas Árnason, fundaskrifari,[2])
Bjarni Guðnason, varaformaður,
Stefán Gunnlaugsson.[3])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sjóminjasafn (4, n. 340).
   Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
2. Vinna framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf (18, n. 355).
   Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
3. Afnám vínveitinga á vegum ríkisins (36).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Notagildi einfasa og þriggja fasa rafmagns (43, n. 534).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
5. Olíukaup (54).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 28. nóv. til 21. des., tók sæti hans í nefndinni Jón G. Sólnes.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 28. nóv. til 21. des., tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Þorsteinsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. til 24. mars, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

6. Lækkun tekjuskatts á einstaklingum (32).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Undirbúningur að næstu stórvirkjun (49, n. 574).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
8. Staðarval stóriðju á Norðurlandi (69, n. 575).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
9. Bætt póst- og símaþjónusta (81, n. 529).
   Frsm.: Jónas Árnason.
10. Hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði (83).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Landmælingastjórn ríkisins (88).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Breyting á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum (113, n. 472).
    Frsm.: Bragi Sigurjónsson.
13. Húsnæðismál (132).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Samgönguáætlun fyrir Norðurland (44).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Bættar vetrarsamgöngur (50, n. 475).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
16. Þjónusta hjá héraðsdómstólum við neytendur (121).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Eignarráð á landinu (57).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Brottnám mannvirkja frá styrjaldarárunum (70).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Stytting vinnutíma skólanemenda (82).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Fjárreiður stjórnmálaflokka (42).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Kaup á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði (191).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Z í ritmáli (148, n. 527).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
23. Verðlækkun á húsnæði (184).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Atvinnumál aldraðra (208).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Húsnæðislán á landsbyggðinni (216).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Jöfnun símgjalda (234, n. 533).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
27. Framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar (237, n. 535).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
28. Virkjun í Skjálfandafljóti við Aldeyjarfoss og Íshólsvatn (238).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Virkjun Svartár í Skagafirði (335).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Virkjun Fljótaár í Skagafirði (336).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Nýting jarðhita (150).
    Nefndarálit kom ekki.

32. Byggingarsvæði fyrir Alþingi, ríkisstjórn og stjórnarstofnanir (201).
    Nefndarálit kom ekki.
33. Rafvæðing dreifbýlisins (245).
    Nefndarálit kom ekki.
34. Heyrnarskemmdir af völdum hávaða í samkomuhúsum (332).
    Nefndarálit kom ekki.
35. Rannsókn á gerð nýrrar hafnar á suðurströndinni (310, n. 725).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
36. Tónlistarnám (203, n. 688).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
37. Tekjustofnar sýslufélaga (358).
    Nefndarálit kom ekki.
38. Viðlagasjóðshús (359).
    Nefndarálit kom ekki.
39. Beislun orku og orkusala á Austurlandi (367).
    Nefndarálit kom ekki.
40. Starfsréttindi kennara (382).
    Nefndarálit kom ekki.
41. Boð til Alexanders Solzhenitsyn um búsetu á Íslandi (385).
    Nefndarálit kom ekki.
42. Vararaforkustöðvar á Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Kópaskeri (395).
    Nefndarálit kom ekki.
43. Stórvirkjun á Norðurlandi vestra (386).
    Nefndarálit kom ekki.
44. Ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum (387).
    Nefndarálit kom ekki.
45. Íþróttahús Menntaskólans við Hamrahlíð (443, n. 689).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
46. Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála (585).
    Nefndarálit kom ekki.
47. Nýting innlendra orkugjafa (624).
    Nefndarálit kom ekki.
48. Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi (721).
    Nefndarálit kom ekki.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Ágúst Þorvaldsson, formaður,
Gunnar Gíslason,
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskrifari,
Sverrir Hermannsson,
Jónas Árnason, varaformaður,
Björn Jónsson,
Eggert G. Þorsteinsson.

6. *Kjörbréfanefnd:*

Björn Fr. Björnsson, formaður,
Matthías Á. Mathiesen,
Jón Skaftason,
Pálmi Jónsson,
Björn Jónsson, varaformaður,
Ragnar Arnalds, fundaskrifari,
Pétur Pétursson.

Fastanefndir Sþ.: Kjörbréfanefnd. — *Ed.:* Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Heimis Hannessonar, 4. (vara)þm. Norðurl. e., Guðmundar Þorsteinssonar, 5. (vara)þm. Vesturl. og Hildar Einarsdóttur, 5. (vara)þm. Vestf., og lét uppi munnleg álit um þau.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
   Bjarni Guðbjörnsson, varaformaður, [1])
   Geir Hallgrímsson,
   Páll Þorsteinsson, fundaskrifari,
   Ragnar Arnalds, formaður,
   Magnús Jónsson, [2])
   Björn Jónsson, [3])
   Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Veðdeild Landsbankans (40, n. 182).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
2. Innheimta ýmissa gjalda með viðauka (41, n. 138).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
3. Gengisskráning (60).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum (102, n. 187).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
5. Verslunarbanki Íslands (39, n. 149).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
6. Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og hafnarframkvæmda (179, n. 195).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
7. Mat fasteigna (205, n. 648).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
8. Tollskrá o. fl. (206, n. 272 (meiri hl.), n. 289 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ragnar Arnalds.
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
9. Launaskattur (207, n. 261).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
10. Ríkisreikningurinn 1971 (397, n. 436).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
11. Olíubirgðastöð á Norðurlandi (372).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Gjaldmiðill Íslands (406, n. 531).
    Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
13. Skattaleg meðferð verðbréfa o. fl. (423, n. 448).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
14. Lántökuheimildir erlendis (444, n. 485).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.

---

1) Í fjarveru hans, frá 28. mars til 22. apríl, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 15. okt. til 11. nóv., tók sæti hans í nefndinni Halldór Blöndal, og einnig í forföllum hans frá 21. jan. til þingloka.
3) Í forföllum hans, frá 28. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Benóný Arnórsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og viðskipta- og samgöngunefndir.

15. Skattkerfisbreyting (499 (sbr. 497), n. 505 (1. minni hl.), n. 507 (2. minni hl.), n. 508 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. 1. minni hl.: Halldór Blöndal.
    Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
16. Happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg (516, n. 834).
    Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
17. Lántökuheimild fyrir ríkissjóð (596, n. 618).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
18. Lífeyrissjóður sjómanna (619 (sbr. 266), n. 830).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
19. Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins (647 (sbr. 644), n. 869 (1. minni hl.), n. 870 (2. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. 2. minni hl.: Bjarni Guðbjörnsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
20. Lífeyrissjóður bænda (685, n. 833).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
21. Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða (806, n. 841).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Seðlabanki Íslands (223).
Frsm.: Ragnar Arnalds.

2. *Samgöngunefnd:*

Ásgeir Bjarnason, [1])
Jón Árnason,
Páll Þorsteinsson, formaður,
Helgi F. Seljan, varaformaður, [2])
Steinþór Gestsson,
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskrifari, [3])
Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sameining Flugfélags Íslands og Loftleiða (46, n. 189).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
2. Skipulag ferðamála (136, n. 450).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
3. Vegalög (135).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Vegalög (393).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Loftferðir (617, n. 733).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.

Í samvinnu við samgöngunefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 284 (frsm.: Björn Pálsson).

---

1) Í fjarveru hans, frá 13. febr. til 11. mars, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.
2) Í fjarveru hans, frá 21. jan. til 17. febr., tók sæti hans í nefndinni Stefán Jónsson.
3) Í fjarveru hans, frá 28. mars til 22. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Ásgeir Bjarnason, formaður, [1])
Steinþór Gestsson,
Páll Þorsteinsson, varaformaður,
Helgi F. Seljan, fundaskrifari, [2])
Jón Árnason,
Björn Fr. Björnsson,
Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Jarðalög (48, n. 410 (meiri hl.), n. 437 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Steinþór Gestsson.
2. Lax- og silungsveiði (94).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Dýralæknar (460, n. 586).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
4. Mat á sláturafurðum (461, n. 587).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
5. Sala kirkjujarðarinnar Stóru-Borgar (842, n. 891).
   Frsm.: Steinþór Gestsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Bjarni Guðbjörnsson, formaður, [3])
Jón Árnason,
Steingrímur Hermannsson, varaformaður, [4])
Geir Gunnarsson,
Oddur Ólafsson, [5])
Helgi F. Seljan, fundaskrifari,
Jón Árm. Héðinsson. [6])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (11, n. 142).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
2. Löndun á loðnu til bræðslu (75, n. 211).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
3. Verðlagsráð sjávarútvegsins (97, n. 143).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
4. Tollskrá o. fl. (183).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni (257 (sbr. 253), n. 271).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 13. febr. til 11. mars, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.
2) Í fjarveru hans, frá 21. jan. til 17. febr., tók sæti hans í nefndinni Stefán Jónsson.
3) Í fjarveru hans, frá 28. mars til 22. apríl, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 14. febr. til 6. mars, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
5) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. nóv. til 18. des., tók sæti hans í nefndinni Axel Jónsson.
6) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. til 25. nóv., tók sæti hans í nefndinni Karl Steinar Guðnason.

6. Vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs (357).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Útflutningsgjald af loðnuafurðum (337, n. 828 (minni hl.), n. 831 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Guðbjörnsson.
8. Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni (414, n. 467).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
9. Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins (92, n. 784).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
10. Ríkismat sjávarafurða (625).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Fiskveiðasjóður Íslands (672).
    Nefndarálit kom ekki.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Steingrímur Hermannsson, formaður,
Geir Hallgrímsson,
Björn Fr. Björnsson,
Ragnar Arnalds, varaformaður,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskrifari, [1])
Eggert G. Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Verkfræðingar (16, n. 692).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
2. Þörungavinnsla við Breiðafjörð (119, n. 231).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
3. Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall (292, n. 503).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
4. Landsvirkjun (432, n. 504).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
5. Undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju (293, n. 817).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
6. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins (683, n. 819).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
7. Iðnlánasjóður (684, n. 820).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.

6. *Félagsmálanefnd:*

Björn Fr. Björnsson, formaður,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Steingrímur Hermannsson, varaformaður, [2])
Helgi F. Seljan, fundaskrifari,
Auður Auðuns,
Páll Þorsteinsson,
Eggert G. Þorsteinsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 28. mars til 22. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 14. febr. til 6. mars, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.

Fastanefndir Ed.: Félagsmálanefnd.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs (2, n. 156).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
2. Starfskjör launþega (76, n. 147).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
3. Lögheimili (77, n. 226).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga (196, n. 251).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
5. Kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi (197, n. 567).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
6. Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot (232, n. 376).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
7. Skipulagslög (273, n. 361).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
8. Kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi (322, n. 568).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
9. Félagsmálaskóli alþýðu (305, n. 556).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
10. Húsnæðismálastofnun ríkisins (222, n. 821).
    Frsm.: Auður Auðuns.
11. Gatnagerðargjöld (392, n. 723).
    Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
12. Húsnæðismálastofnun ríkisins (405, n. 823).
    Frsm.: Auður Auðuns.
13. Framkvæmdastofnun ríkisins (362, n. 818).
    Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
14. Orlof (462, n. 501).
    Frsm.: Auður Auðuns.
15. Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa (510, n. 609).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
16. Kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi (502, n. 608).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
17. Heimilishjálp í viðlögum (522, n. 605).
    Frsm.: Helgi F. Seljan.
18. Kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni (592, n. 665).
    Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
19. Erfðafjárskattur (555).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Húsnæðismálastofnun ríkisins (598, n. 664).
    Frsm.: Helgi F. Seljan.
21. Húsnæðismálastofnun ríkisins (580, n. 816).
    Frsm.: Helgi F. Seljan.
22. Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni (629, n. 666).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og trygginga- og menntamálanefndir.

7. *Heilbrigðis- og tryggingganefnd:*

Ásgeir Bjarnason, [1])
Auður Auðuns,
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskrifari, [2])
Helgi F. Seljan, formaður,
Oddur Ólafsson, [3])
Geir Gunnarsson, varaformaður,
Eggert G. Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Hjúkrunarlög (64, n. 169).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
2. Lyfjaframleiðsla (103, n. 220 (meiri hl.), n. 246 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Helgi F. Seljan.
   Frsm. minni hl.: Auður Auðuns.
3. Læknalög (154, n. 186).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
4. Almannatryggingar (209).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga (404, n. 477).
   Frsm.: Oddur Ólafsson.
6. Tannlækningar (576, n. 757).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
7. Almannatryggingar (603, n. 822).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
8. Atvinnuleysistryggingar (637, n. 731).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
9. Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka (748).
   Nefndarálit kom ekki.

8. *Menntamálanefnd:*

Steingrímur Hermannsson, varaformaður, [4])
Auður Auðuns,
Páll Þorsteinsson, fundaskrifari,
Ragnar Arnalds, formaður,
Þorv. Garðar Kristjánsson, [5])
Ásgeir Bjarnason, [6])
Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Námslán og námsstyrkir (178).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Námslán og námsstyrkir (267).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 13. febr. til 11. mars, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.
2) Í fjarveru hans, frá 28. mars til 22. apríl, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. nóv. til 18. des., tók sæti hans í nefndinni Axel Jónsson.
4) Á meðan hann dvaldist erlendis, frá 14. febr. til 6. mars, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
5) Á meðan hann dvaldist erlendis, frá 3. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Hildur Einarsdóttir.
6) Í fjarveru hans, frá 13. febr. til 11. mars, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.

3. Hótel- og veitingaskóli Íslands (276, n. 694).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
4. Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi (277, n. 789).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
5. Landgræðslustörf skólafólks (350, n. 769).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
6. Vélstjóranám (438, n. 696).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
7. Fiskvinnsluskóli (439, n. 695).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
8. Hússtjórnarkennaraskóli Íslands (445, n. 859).
   Frsm.: Auður Auðuns.
9. Heimilisfræðaskóli (446, n. 726).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
10. Skylduskil til safna (597).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Kvikmyndasjóður (566).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Verndun Mývatns og Laxár (634 (sbr. 275), n. 693).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
13. Skemmtanaskattur (615).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Skólakerfi (675, n. 865).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
15. Grunnskóli (724 (sbr. 676), n. 861).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Veiting prestakalla (200, n. 523).
Frsm.: Ragnar Arnalds.

9. *Allsherjarnefnd:*

Björn Fr. Björnsson, formaður,
Magnús Jónsson,[1])
Bjarni Guðbjörnsson,[2])
Geir Gunnarsson, fundaskrifari,
Oddur Ólafsson,[3])
Ásgeir Bjarnason, varaformaður,[4])
Eggert G. Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Skipti á dánarbúum og félagsbúum (28, n. 106).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
2. Tilkynningar aðsetursskipta (35, n. 58).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 15. okt. til 11. nóv., og í forföllum hans, frá 21. jan. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Halldór Blöndal.
2) Í fjarveru hans, frá 28. mars til 22. apríl, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. nóv. til 18. des., tók sæti hans í nefndinni Axel Jónsson.
4) Í fjarveru hans, frá 13. febr. til 11. mars, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhags- og viðskiptanefnd.

3. Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs (72, n. 107).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
4. Almenn hegningarlög (79, n. 108).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
5. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (115, n. 125).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
6. Veiting ríkisborgararéttar (166, n. 889).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
7. Norðurlandasamningur um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (248, n. 269).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
8. Kosningar til Alþingis (353, n. 430).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
9. Umferðarlög (364, n. 488).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
10. Nafnskírteini (391, n. 650).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
11. Meðferð opinberra mála (546, n. 770).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
12. Almenn hegningarlög (553, n. 771).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
13. Dómari í ávana- og fíkniefnamálum (554, n. 772).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
14. Ávana- og fíkniefni (588, n. 776).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
15. Opinberar fjársafnanir (732).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Málflytjendur (745 (sbr. 338)).
    Nefndarálit kom ekki.

C.

Í neðri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
   Þórarinn Þórarinsson,
   Matthías Á. Mathiesen,
   Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður,
   Matthías Bjarnason,[1])
   Gils Guðmundsson, fundaskrifari,
   Karvel Pálmason, varaformaður,[2])
   Gylfi Þ. Gíslason.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Tollskrá (7).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurlandsvegar (23).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Verslunarbanki Íslands (39, n. 133).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1) Í veikindaforföllum hans, frá 11. febr. til 9. maí, tók sæti hans í nefndinni Ásberg Sigurðsson.
2) Í fjarveru hans, frá 11. febr. til 5. mars, tók sæti hans í nefndinni Halldór S. Magnússon.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og viðskiptanefnd.

4. Hagrannsóknastofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins (3, n. 453 (1. minni hl.), n. 454 (2. minni hl.), n. 595 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
   Frsm. 2. minni hl.: Karvel Pálmason.
   Frsm. 3. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
5. Niðurfærsla verðlags o. fl. (59, n. 696 (meiri hl.), n. 763 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
   Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
6. Lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 (129, n. 159).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
7. Seðlabanki Íslands (84).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Landsbanki Íslands (85).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Útvegsbanki Íslands (86).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Búnaðarbanki Íslands (87).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Eftirlit með einokun, hringamyndun og samkeppnishömlum (122).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Innheimta ýmissa gjalda með viðauka (41, n. 241).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
13. Veðdeild Landsbankans (40, n. 242).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
14. Launaskattur (207, n. 240).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
15. Seðlabanki Íslands (223, n. 262).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
16. Sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á fiskiskipum og ferjuskipi (198, n. 351).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
17. Tollskrá o. fl. (303 (sbr. 206 og 302), n. 316 (meiri hl.), n. 317 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
    Frsm. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
18. Lífeyrissjóður sjómanna (266, n. 581).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
19. Tekjuskattur og eignarskattur (171).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins (339).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna (334, n. 796).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
22. Neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey (408, n. 418).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
23. Gjald til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana (412, n. 419).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
24. Verðtrygging fjárskuldbindinga (360).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Skattkerfisbreyting (449, n. 476 (1. minni hl.), n. 478 (2. minni hl.), n. 480 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Þórarinn Þórarinsson.

